Hæstaréttardómar 1993 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1993

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur 27, 69, 333, 383, 537, 572
Aðild 42, 603
Aðildarhæfi 401, 490
Akstur án ökuréttinda 330, 655
Ábyrgð 76
Ákæruvald lögreglustjóra 12, 300
Áminning 435
Áskorunarmál 223, 251, 255, 325, 431
Ávana- og fíkniefni 147, 637
Bankar 259
Barnaverndarráð 226
Bifreiðar:
Einkamál .....
Opinber mál 174, 179, 196, 330, 355, 396, 655
Brot gegn 196. gr. alm. hgl. 27
Búskipti 311
Börn 127, 226, 578
Dómarar 433
Dómari 56, 346, 629
Dráttur á rekstri máls 147
Eignarleiga 23
Eignaspjöll 301
Eignaupptaka 462
Endurgreiðsla 618
Endurupptaka 130
Endurupptaka í héraði 1
Farbann 127, 279, 447
Fasteignakaup 132, 170, 469
Fasteignasala 572
Fasteignir 455
Félagsdómur 8
Fésekt 301
Fjárdráttur 493, 502, 509
Fjárskipti 404
Fjársvik 509
Flýtimeðferð 603
Forgangskrafa 65

Bls.
Forkaupsréttur 108
Forsjá 127
Fávísun:
a) frá héraðsdómi 12, 16, 223, 300, 308, 350, 431, 560, 603
b) frá Hæstarétti 130, 285, 439, 440, 441, 445
Frávísunarkröfu hafnað 8
Frávísunarkröfu hrundið 295
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 272
Frelsissvipting 578
Frestur 50, 285, 439, 440, 441
Fyrning 85, 509
Gagnaöflun frá þriðja manni 445
Gagnsök 16
Galli 132, 170, 185, 623
Gjaldtaka 268
Gjaldþrot 416
Gjaldþrotaskipti 35, 65, 130
Gæsluvarðhald 447, 483
2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 5, 162
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 63, 287, 289
B-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 282, 394
A- og b-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 164, 167
Hafnir 320
Handtaka 357
Heimvísun 116, 118, 121, 124, 355, 371, 401
Heimæðargjald 268
Hitaveita 268
Hjón 373
Hraðakstur 330
Húsaleiga 442
Húsaleigusamningur 52, 72
Hæfi sækjanda 69
Innsetningargerð 23, 333
Ítrekun 196
Jarðalög 108
Kaupsamningur 42
Kvaðir 644
Kynferðisbrot 198
Kærumál:
Aðfinnslur 69, 333
Ákæruvald lögreglustjóra 12
Áminning 435
Börn 127
Dómarar 433

bls.

Dómari *56, 346, 629*
Eignarleiga *23*
Endurupptaka *130*
Endurupptaka í héraði *1*
Farbann *127, 279, 447*
Félagsdómur *8*
Forkaupskrafa *65*
Forsjá *127*
Frávísun:
a) frá héraðsdómi *12, 16, 350*
b) frá Hæstarétti *130, 445*
Frávísunarkröfu hafnað *8*
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi *272*
Frestur *50*
Gagnaöflun frá þriðja manni *445*
Gagnsök *16*
Gjaldþrotaskipti *65, 130*
Gæsluvarðhald *447 483*
2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... *5, 162*
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... *63, 287, 289*
B-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... *282, 394*
A- og b-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... *164, 167*
Húsaleiga *442*
Húsaleigusamningur *52*
Hæfi sækjanda *69*
Innsetningargerð *23, 333*
Lögmannsþóknun *450*
Málflutningsmaður *435*
Málskostnaðartrygging *204*
Nauðungaruppboð *339*
Sératkvæði *5, 8, 162, 339*
Sjálfræðissvipting *276 485*
Skjöl *634*
Skuldabréf *634*
Skuldaröð *65*
Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands *435*
Útburðargerð *442, 629*
Útburður *52*
Úthlutun uppboðsandvirðis *339*
Útivist í héraði *130*
Vanhæfi *56, 433, 629*
Vanhæfi hafnað *346*
Launaskattur 85
Lausafjárkaup 326, 389, 623

Bls.
Líkamsárás ... 97, 295, 301
Lyfsala ... 603
Læknaráð ... 537
Lögmannsþóknun ... 450
Lögreglumenn ... 357
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 147, 355
Mál fellt niður ... 20
Málamyndagerningur ... 373, 416
Málflutningsmaður ... 435
Málskostnaðartrygging ... 204
Meðdómendur ... 401
Nauðasamningar ... 85
Nauðgun ... 198
Nauðungaruppboð ... 339
Nytjastuldur ... 198
Ómaksbætur ... 20, 21, 22, 161
Ómerking ... 116, 118, 121, 124, 223, 300, 308, 355, 371, 401, 431
Óvígð sambúð ... 311, 404
Refsiákvörðun ... 248
Reynslulausn ... 655
Riftun ... 35, 132, 618
Sameignarfélag ... 490
Samningar ... 455, 553
Sératkvæði 5, 8, 76, 132, 152, 162, 207, 259, 320, 339, 404, 416, 537, 553, 578, 644
Sifskaparbrot ... 578
Sjálfræðissvipting ... 276, 485
Sjómenn ... 365
Sjóveð ... 365
Skaðabætur, skaðabótamál ... 97, 493, 537, 560, 644
Skattar ... 259
Skilasvik ... 509
Skilorð ... 147, 192, 248, 301
Skipti ... 373
Skjalafals ... 140, 192, 251, 255, 641
Skjöl ... 643
Skriflega flutt mál ... 300, 325, 371
Skuldabréf ... 251, 255, 634
Skuldamál ... 618
Skuldaröð ... 65
Skyldusparnaður ... 509
Staðgreiðsla opinberra gjalda ... 509
Staðgreiðsla skatta ... 493
Stefnubirting ... 490

Bls.
Stjórnsýsla 108, 603
Sveitastjórnarlög 76
Sýkna 560
Sýning til greiðslu 291
Sölugjald 259
Sölulaun 572
Söluskattur 493, 502, 509
Sönnun 396, 469
Tékkabrot 560
Tékkar 509
Tilkynning greiðslufalls 291
Tilraun til manndráps 152, 207
Tolllagabrot 192, 462
Tómlæti 185
Umferðarlög 196
Umgengnisréttur 226
Umsýsluviðskipti 185
Uppsögn 72
Upptaka 147
Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 435
Útburðargerð 442, 629
Útburður 52
Úthlutun uppboðsandvirðis 339
Útivist í héraði 130
Útivistardómar 20, 21, 22, 161, 393
Vanhæfi 56, 433, 603, 629
Vanhæfi hafnað 346
Veðskuldabréf 644
Veikindaforföll 383
Verksamningar 326, 455
Vextir 553
Vinnulaun 383
Vinnusamningur 365
Vítur 147
Víxlar, víxilmál 291, 325
Vörugjald 320
Þinglýsingar 644
Þingsókn 490
Þjófnaður 92, 198, 248, 641
Ærumeiðingar 565
Ölvunarakstur 174, 179, 196, 330, 396
Örorka 537
45. gr. laga nr. 75/1973 431
4. mgr. 220. gr. alm. hgl. 207

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIV. árgangur. 1. hefti. 1993

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 450/1992. **Guðni Þórðarson og Flugferðir-Sólarflug**

gegn

Sigurði G. Guðjónssyni hrl. fyrir hönd Mayflower Hotel.

Kærumál. Endurupptaka í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1992 samkvæmt heimild í q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og endurupptaka málsins í héraði leyfð. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að sóknaraðilar greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði hefur fjárhæð dómkröfu samkvæmt umræddri áskorunarstefnu misritast, en það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Guðni Þórðarson og Flugferðir-Sólarflug, greiði óskipt varnaraðila, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Mayflower Hotel, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

I.

Beiðni um endurupptöku málsins barst Héraðsdómi Reykjavíkur 20. október 1992. Beiðandi endurupptöku er stefndi, Guðni Þórðarson, kt. 240523-4939, Garðastræti 39, Reykjavík, bæði persónulega og f. h. einkafyrirtækis síns, Flugferða-Sólarflugs.

Stefnandi málsins er Sigurður G. Guðjónsson hrl., kt. 081151-3189, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, f. h. Mayflower Hotel, 2628 Trebovir Road, Earls Court, London.

Eftir að beiðni um endurupptöku málsins barst Héraðsdómi Reykjavíkur, þótti sýnt af þeim gögnum, sem lágu fyrir, að skilyrði til endurupptöku málsins samkvæmt 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála væri ekki fullnægt. Með bréfi til lögmanns stefnda 30. október 1992 var beiðni um endurupptöku synjað með vísan til 2. mgr. 138. gr. sömu laga. Samkvæmt heimild í sama ákvæði krafðist lögmaðurinn úrskurðar um synjunina.

Lögmenn aðila voru boðaðir til þinghalds 1. þ. m. Af hálfu stefnanda komu þá fram mótmæli við beiðni um endurupptöku, en fallist var á, að stefndi þyrfti ekki að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Ágreiningurinn var síðan endanlega tekinn til úrskurðar fyrr í dag.

II.

Af hálfu stefnda er talið, að beiðni um endurupptöku hafi komið nægjanlega snemma fram, þar sem hann hafi ekki getað séð af aðfararbeiðni, sem fylgdi boðun um fjárnám 9. september 1992, hver var grundvöllur aðfararbeiðninnar, enda hafi hin áritaða áskorunarstefna ekki fylgt boðuninni. Því er einnig haldið fram, að það hafi verið vilji löggjafans að túlka ákvæði 137. gr. laga nr. 19/1991 rúmt endurupptökubeiðanda í vil, enda eigi stefndi ekki annarra kosta völ til að fá leiðréttingu mála sinna.

Stefndi reisir beiðni sína á c-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 og telur, að ef lagðir hefðu verið fram í málinu „voucherar" með reikningnum, hefði hann verið sýknaður, þar sem á þeim komi fram, að við-

skiptavinur stefnanda hafi verið Flugferðir hf. Nafn fyrirtækisins hafi einnig verið ritað á ensku á „voucherunum" Airtour Iceland Ltd. Lögmaðurinn telur „vouchera" vera grundvallargögn í viðskiptum ferðaskrifstofa annars vegar og hótela og bílaleigna hins vegar og að ekkert fyrirtæki láti í té slíka þjónustu fyrir reikning ferðaskrifstofu nema gegn framvísun „voucher", út gefnum af hlutaðeigandi ferðaskrifstofu. Önnur gögn hafi mun minna gildi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með boðun sýslumannsins í Reykjavík til Guðna Þórðarsonar 9. september 1992 um fjárnám hafi fylgt aðfararbeiðni og í þeirri aðfararbeiðni hafi komið fram nafn kröfuhafa og Guðna sem skuldara auk fjárhæðar kröfunnar. Af aðfararbeiðninni hafi Guðna mátt vera ljóst, að áskorunarstefna á hendur honum vegna tiltekinnar skuldar við stefnanda hefði verið árituð um aðfararhæfi. Því hafi verið liðinn sá frestur, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991, þegar beiðni um endurupptöku barst Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þá telur lögmaðurinn, að stefnandi hafi mátt halda, að hann stæði í viðskiptum við einkafyrirtæki Guðna Þórðarsonar, Flugferðir-Sólarflug, þar sem bréf og tilkynningar hafi ávallt verið send með bréfhaus þess fyrirtækis, sem sannanlega sé í eigu stefnda, samanber tilkynningu til firmaskrár á dómskjali nr. 12. Þá hafi stefndi ekkert gert til að leiðrétta þann misskilning, sbr. dómskjöl 11 og 13.

III.

Stefnda hefur ekki tekist að sýna fram á, að skýra beri tímafresti 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 rúmt þeim til hagsbóta, sem óskar eftir endurupptöku. Þvert á móti þykir bera að skýra ákvæðið með hliðsjón af því, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, samanber áður 231. gr. laga nr. 85/1936 og 7. gr. laga nr. 19/1887, er ekki þörf sérstakrar birtingar stefnu, þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Áritunarþolum verða því málsúrslit sjaldnast kunn, fyrr en þeir eru boðaðir til fjárnáms. Ákvæðið þykir ekki heldur eiga að skýra svo þröngum skilningi, að stefndi verði að hafa fengið afrit áritaðrar stefnu í hendur.

Fyrir liggur, að stefndi var boðaður til fjárnáms hjá sýslumanninum í Reykjavík vegna kröfu, að fjárhæð 1.303.377,56 krónur, með bréfi, dagsettu 9. september 1992. Fram er komið, að boðun þessa birti stefnuvottur fyrir stefnda sjálfum 12. september 1992 kl. 10.00. Einnig liggur fyrir, að boðunarbréfinu fylgdi afrit af aðfararbeiðni, dagsettri 18. ágúst 1992, þar sem fram kom, að stefnandi var fjárnámsbeiðandi, en stefndi, Guðni Þórðarson, fjárnámsþoli, Í aðfararbeiðninni kom fram, að fjárnámið skyldi gera til tryggingar dómkröfu samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu, að fjárhæð GBP 27.822,50.

Stefndi heldur því ekki fram, að áskorunarstefna í málinu hafi ekki verið birt sér eða öðrum, sem mátti birta fyrir. Með hliðsjón af því, að í aðfararbeiðni var höfuðstóll kröfunnar og nafn fjárnámsbeiðanda tilgreint, verður að telja, að með birtingu hennar 12. september sl. hafi stefnda verið gert kunnugt, að áskorunarstefnan hefði verið árituð um aðfararhæfi gagnvart honum.

Þegar Héraðsdómi Reykjavíkur barst beiðni stefnda um endurupptöku 20. október 1992, var því liðinn mánuður og átta dagar, frá því að stefnda urðu málsúrslit í framangreindu máli kunn. Þegar af þeirri ástæðu þykja ekki vera skilyrði til að verða við beiðni um endurupptöku málsins á grundvelli 2. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Beiðni um endurupptöku framangreinds máls er synjað.

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 1/1993. **Ákæruvaldið**
gegn
Ásbirni Andrasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1992, sem barst réttinum 4. janúar 1993. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Sá atburður, sem hér um ræðir og varð í langferðabifreið við Borgarfjarðarbrú 20. desember 1992, er upplýstur að því marki, sem tök virðast vera á. Engin skýring hefur þó fengist á því, hvers vegna ákærði veitti Birni Kristjánssyni áverka umrætt sinn, svo sem hann hefur gengist við.

Hinn 29. desember 1992 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða vegna þessa atburðar. Af hálfu ákæruvalds hefur þess ekki verið krafist, að ákærði sæti geðrannsókn.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærða æðilangur. Frá árinu 1980 hefur hann hlotið 12 refsidóma, þar af 10 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá hefur hann á þessum tíma gengist undir 15 dómsáttir, langoftast vegna ölvunar. Í engu tilviki hefur verið um að ræða ofbeldisverknað, er sætt hafi ákæru samkvæmt almennum hegningarlögum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður eigi talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna, að ákærði sæti frekara gæsluvarðhaldi vegna þess verknaðar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er ósamþykkur atkvæði meiri hluta dómara og tel, að staðfesta eigi hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans. Ég er aftur á móti samþykkur atkvæði þeirra um kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1992.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að gæsluvarðhald Ásbjörns Andrasonar, kt. 041262-5089, Grettisgötu 67, Reykjavík, sem rennur út kl. 16.00 í dag, verði framlengt, þar til héraðsdómur gengur í málinu og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. janúar nk. kl. 16.00.

Af hálfu kærða er framangreindri kröfu mótmælt, en verði dómurinn við henni, fari um vistun kærða eins og hann væri afplánunarfangi.

Með ákæru, út gefinni í dag, er kærði saksóttur fyrir líkamsárás með því að hafa sunnudaginn 20. þ. m. í langferðabíl á leið frá Hvammstanga til Reykjavíkur skammt sunnan við Borgarnes stungið Björn Kristjánsson, fæddan 13. júlí 1951, með hnífi í hálsinn hægra megin með þeim afleiðingum, að bláæð skarst í sundur og ytri brún hálsvöðva særðist. Er þetta talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Kærði hefur frá 21. þ. m. sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, og rennur það, sem fyrr segir, út kl. 16.00 í dag.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð Gunnars Mýrdal, aðstoðarlæknis á Sjúkrahúsi Akraness, dagsett 22. þ. m., þar sem segir svo um áverka þá, er kærði veitti Birni Kristjánssyni: „Er 1 1/2 cm sár utanvert hæ. megin á hálsi og virðist sárið koma þarna beint yfir vena jugularis externa. Er smá-seytlblæðing úr þessu við komu. Það blæddi activt þarna úr sárinu, þegar heilsugæslulæknir í Borgarnesi kom að sjúkl. Það er lókaldeyft í kringum sárið og kemur í ljós að jugularis externa er alveg í sundur og hefur hnífsoddurinn sært lat. kantinn á musc. sternocleido mastoideus."

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði. Þá þykir rétt, að um vistun kærða fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Júlíus B. Georgsson fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald Ásbjörns Andrasonar er framlengt, þar til héraðsdómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. janúar n.k. kl. 16.00.

Um vistun kærða í gæsluvarðhaldinu fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 451/1992. **Sjúkraliðafélag Íslands**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1992, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. desember 1992, verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Ágreiningsefni máls þessa er það, hvort sá kjarafundur sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá varnaraðila, sem hófst 1. desember 1992 kl. 7.30 og stóð óslitið til 3. desember kl. 8.00, hafi brotið í bága við fyrirmæli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna varðandi kjaradeilu. Sjúkraliðar þessir starfa samkvæmt kjarasamningum, sem gerðir eru með heimild í þessum lögum, og eru þeir hluti af ráðningarsamningi þeirra. Við efnisúrlausn málsins myndi reyna á, hvort lög eða kjarasamningar heimila kjarafundi sem þann, er sjúkraliðar boðuðu til og héldu samkvæmt framanskráðu. Óumdeilt er, að Sjúkraliðafélag Íslands fór á þessum tíma með samningsumboð fyrir sjúkraliða, og hefur varnaraðili hér fyrir dómi beint málsókn að félaginu. Sóknaraðili heldur því hins vegar fram til vara, að hvorki stjórn, kjaramálanefnd, fulltrúaþing né nokkur annar aðili innan félagsins eða á vegum þess hafi tekið ákvörðun um kjarafundinn, og beri því að sýkna félagið. Á þessi atriði myndi jafnframt reyna við efnisúrlausn málsins.

Viðurkenna verður það sjónarmið varnaraðila, að honum sé það almennt mikilvægt að fá úr því leyst, hvort slíkar aðgerðir starfs-

fólks, sem að framan er lýst, séu heimilar. Fallast ber á það með Félagsdómi, að þessi ágreiningur heyri undir 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, enda fær það stoð í greinargerð með frumvarpi til laganna. Þá fellur hann einnig undir 3. tölulið sömu málsgreinar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Höfðun máls þessa fyrir Félagsdómi er tengd kjaradeilu milli málsaðila, sem nú er afstaðin. Gerir varnaraðili kröfu um viðurkenningu þess, að tiltekið fundarhald meðal sjúkraliða, sem fram fór, meðan deilan stóð yfir, og leiddi þá til stöðvunar eða truflunar á vinnu, verði metið sem ólögmæt aðgerð, er brjóti í bága við ákvæði um verkföll í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Af fram lögðum gögnum og málflutningi varnaraðila verður ekki ráðið, að þessi krafa hans varði hagsmuni, er tengdir séu kjaradeilunni sjálfri eða rétti hans á hendur sóknaraðila hennar vegna, svo sem til skaðabóta fyrir tjón af völdum hinnar umdeildu aðgerðar. Virðist fremur horft til þess, að niðurstaða í málinu, á hvorn veg sem yrði, gæti orðið til síðari eftirbreytni eða leiðbeiningar í skiptum hans og þeirra opinberra starfsmanna, sem lögin ná til. Hagsmunir af því tagi réttlæta ekki einir saman, að krafan verði borin undir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 gegn mótmælum þess samningsaðila, sem hér er við að eiga. Sú athugasemd úr greinargerð með frumvarpi til laganna, sem til er vitnað í hinum kærða úrskurði og er án beinnar stoðar í texta laganna, skiptir ekki máli í því tilliti. Þá skiptir og ekki máli, hvort varnaraðili kunni að eiga óuppgerðar sakir við einstaka félagsmenn sóknaraðila vegna aðgerðarinnar, en um það liggur ekkert fyrir. Þær sakir myndu heyra undir hina almennu dómstóla, sem þá hefðu fullt vald til að skilgreina hina umdeildu aðgerð og meta afleiðingar hennar fyrir félagsmennina og varnaraðila.

Af þessum ástæðum ber að hrinda hinum kærða úrskurði og taka til greina kröfu sóknaraðila um frávísun málsins frá Félagsdómi. Kærumálskostnaður á að falla niður.

Úrskurður Félagsdóms 15. desember 1992.

Mál þetta úrskurða Jónas Gústavsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 3. desember og þingfestri 4. desember sl

Stefnandi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands, er starfa hjá ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík og hófst með setu á kjaramálafundi 1. desember 1992 kl. 7.30 og lauk 3. desember kl 8.00, sé ólögmæt aðgerð, sem brjóti í bága við ákvæði um verkföll í 14.-21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega er þess krafist, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda.
3. Stefndi krefst málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Niðurstaða dómsins.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni í máli þessu eigi ekki undir dómsvald Félagsdóms, þar eð í 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 felist ekki, að Félagsdómur eigi dómsvald um lögmæti afstaðinna vinnustöðvana, heldur eigi hann einungis dómsvald um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 segir svo um ákvæði 2. tl. 1. mgr. 26. greinar, sem síðar varð óbreytt að lögum:

„Efnisatriði 2. tölul. 1. mgr. er í lögum nr. 29/1976, en orðalagi er breytt til að taka af hugsanleg tvímæli. Í ákvæðinu felst meðal annars, að heimilt er að höfða mál, þótt boðaðri vinnustöðvun hafi verið frestað eða að vinnustöðvun sé þegar afstaðin, enda sé mál höfðað án ástæðulausrar tafar."

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn ótvírætt, að hafna beri frávís-

unarkröfu stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 437/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Ákæruvald lögreglustjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 10. desember 1992 og Hæstarétti 11. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram meðferð málsins á grundvelli ákæru lögreglustjórans í Reykjavík 23. nóvember 1992. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Borist hefur greinargerð af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík, sem skilja verður sem kröfugerð um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur átt þess kost að koma að sjónarmiðum í kærumáli þessu, en engar athugasemdir eða kröfur hafa borist frá honum.

Við þingfestingu málsins í héraði var af hálfu ákæranda lagt fram bréf ríkissaksóknara 22. apríl 1992 um ákæruvald lögreglustjóra, og er lögreglustjórum þar með vísan til 2. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, falið ákæruvald í tilteknum málum til viðbótar þeim, sem greind eru í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991. Í c-lið I. kafla bréfs þessa er lögreglustjórum meðal annars falið ákæruvald vegna brota gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, „þegar ætla má, að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi".

Í 28. gr. laga nr. 19/1991 er kveðið á um ákæruvald lögreglustjóra og takmörk þess. Í a- og b-lið 1. mgr. er lögreglustjórum fengin saksókn vegna brota gegn umferðar- og áfengislögum, en í c-lið „gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti". Með 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991 var

gerð sú breyting á 28. gr. fyrrnefndra laga, að ríkissaksóknara var til viðbótar heimilað „að fela lögreglustjórum ákæruvald í minni háttar málum vegna brota gegn öðrum lögum en getur í 1. mgr.".

Í framangreindum c-lið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 sker refsirammi brota úr um það, hvort lögreglustjórar fara með ákæruvald vegna þeirra. Í 2. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, er einungis talað um „minni háttar mál" án nánari skilgreiningar. Þar sem þannig háttar til, er rétt, að sama viðmiðun gildi um afmörkun þessara brota og fram kemur í c-lið 1. mgr. Er það í samræmi við lögin að öðru leyti.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á 28. gr. laga nr. 19/1991 með 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, verður lögreglustjórum samkvæmt framansögðu ekki fengið ákæruvald vegna brota gegn almennum hegningarlögum, liggi þyngri viðurlög við þeim en sektir, upptaka eigna eða varðhald. Ríkissaksóknara var því eigi heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á 217. gr. almennra hegningarlaga, eins og hann gerði í áðurnefndu bréfi 22. apríl 1992. Lögreglustjórann í Reykjavík brast þannig heimild að lögum til að gefa út ákæru í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að þóknun talsmanns ákærða fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þóknun talsmanns ákærða í Hæstarétti, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 9. desember, er kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, úrskurður í málinu nr. S-186/1992: Ákæruvaldið gegn X, sem þingfest var í dag.

Málavextir.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 23. nóvember 1992, á hendur ákærða, X, nema, Reykjavík, fæddum 1976, fyrir eftirtalið:

„I. Að hafa skömmu fyrir miðnætti að kvöldi föstudagsins 13. desember 1991 á bifreiðastæði við Sílakvísl 11, Reykjavík, slegið E, fædda 1976, í höfuð með rúðubrjótshamri og sparkað í sköflung hennar, svo að hún féll í jörðina, sest klofvega ofan á hana og veitt henni „ítrekað" hnefahögg í andlitið, farið ofan af henni eftir skamma hríð, og er hún stóð á fætur, sparkað í kvið henni, svo að hún féll aftur í jörðina. Hlaut E af ofangreindu mar, bólgur og rispur í andlit og einnig mar á kvið.

II. Að hafa föstudaginn 18. september 1992 ráðist á J, fæddan 1977, í útidyrum húss við Álakvísl, Reykjavík, gripið í hár J, dregið hann þannig út úr húsinu, veitt honum hnefahögg í hnakka og andlit og sparkað í brjóst, bak og höfuð hans með þeim afleiðingum, að J hlaut mar og hrufl í andliti, snúið sér svo að P, fæddum 1978, er bar þar að, veitt honum hnefahögg í andlit og sparkað tvisvar í vinstra auga hans með hné, svo að P féll í jörðina, veitt P síðan hnefahögg á gagnauga og í hnakka. Hlaut P af ofangreindu sjóntruflanir og skerta hreyfigetu á vinstra auga og gekkst undir skurðaðgerð vegna þessa.

III. Að hafa 5. október 1992 ekið óskráðu léttu bifhjóli með farþega á hjólinu eftir göngustígum í Elliðaárdal í Reykjavík, ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu, ekið yfir gróður og valdið gróðurskemmdum og ekið svo óvarlega upp moldarbarð, að farþeginn féll af hjólinu.

Telst sakarefni í ákæruliðum I og II varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981, en sakarefni í ákærulið III við 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 42. gr., 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur P þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 230.753 kr.".

Meðal sakargagna er bréf ríkissaksóknara til lögreglustjórans í Reykjavík, dagsett 3. júlí sl., þar sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru með vísan til 28. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, send „til ákvörðunar rannsóknargögn" um sakarefnið í I. kafla ákæru, en það hafði sætt rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins. Sakarefni II. kafla ákæru sætti aftur á móti rannsókn lögreglustjóraembættisins, en ekki verður séð, að það hafi verið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Í 2. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, segir, að ríkissaksóknari höfði opinber mál önnur en hann felur öðrum saksóknurum eða lögreglustjórum samkvæmt 28. gr. laganna. Í 1. mgr. þeirrar greinar kemur fram, að lögreglustjórar höfði opinber mál einungis, ef um er að ræða brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og öðrum sérrefsilögum innan þar greindra takmarka. Í 2. mgr. greinarinnar, sbr. lög nr. 92, 1991, segir enn fremur, að ríkissaksóknari geti falið lögreglustjórum ákæru-

vald í minni háttar málum vegna brota gegn „öðrum lögum en getur í 1. mgr.“. Hefur verið talið, að þetta taki til minni háttar hegningarlagabrota.

Í málinu er ákærði m. a. saksóttur fyrir að slá stúlku í höfuðið með „rúðubrjótshamri“ og enn fremur fyrir að veitast með höggum að tveimur drengjum og sparka í höfuð þeirra, svo að annar þeirra hafi hlotið „sjóntruflanir og skerta hreyfigetu á vinstra auga“ og orðið að gangast „undir skurðaðgerð vegna þessa“. Verður að telja, að lögreglustjórann í Reykjavík hafi samkvæmt tilvitnaðri 28. gr. oml. brostið lagaheimild til þessarar málshöfðunar, og ber því að vísa málinu frá dómi, en aðilar hafa fengið færi á að tjá sig um málefni þetta.

Þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Jakobs R. Möller héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Úrskurðarorð:

Máli ákæruvaldsins gegn X er vísað frá dómi ex officio.

Verjandaþóknun til Jakobs R. Möller héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 449/1992. **Guðbrandur Jónsson og Hjörleifur Jónsson.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Gagnsök. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. desember 1992, sem barst Hæstarétti 23. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að frávísunarúrskurði héraðsdómara verði hrundið.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Guðbrandur og Hjörleifur Jónssynir, greiði óskipt varnaraðila, Landsbanka Íslands, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m. að loknum málflutningi um frávísunarkröfu gagnstefnda, höfðaði Landsbanki Íslands, Langholtsútibú, Langholtsvegi 43, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. desember 1991, gegn Guðbrandi Jónssyni, Háteigsvegi 52, Reykjavík, og Hjörleifi Magnúsi Jónssyni, Ægisíðu 105, Reykjavík.

Kröfur aðalstefnanda eru, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 38.750,40 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 5. okt. 1990 til greiðsludags, til greiðslu bankakostnaðar, 120 kr., og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla

laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól og málskostnað tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Aðalstefndu krefjast sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Með gagnstefnu, þingfestri 2. nóv. 1992, gera gagnstefnendur eftirfarandi kröfur á hendur gagnstefnda:

a.að skuldabréf nr. 5163 verði tildæmt gagnstefnendum til eignar sem að fullu uppgert,

b.að gjaldþrotameðferð Landsbankans á hendur G. J. verði dæmd ólögmætt skaðaverk,

c.að innheimta á annars manns skuld verði dæmd ólögmæt,

d.að innheimtumál Landsbankans vegna skuldabréfs nr. 5163 verði dæmd sem tilefnislaus árás og skaðaverk,

e.að öllum kröfum Landsbanka Íslands á hendur gagnstefnendum um vexti og kostnað verði hafnað með dómi.

f.að gagnstefnandi G. J. fái sér tildæmd ómakslaun, 50.000 kr., miskabætur, 150.000 kr., skaðabætur, 450.000 kr., og málskostnað, 50.000 kr., og eðlilega vexti á alla dómkröfuna að mati dómara.

Af hálfu gagnstefnda var krafist frávísunar á gagnsök í málinu.

Málavextir og málsástæður.

Aðalsök.

Mál þetta var höfðað til greiðslu eftirstöðva skuldar samkvæmt skuldabréfi nr. 5163, út gefnu 30. janúar 1989, af Guðbrandi Jónssyni til Landsbanka Íslands, að fjárhæð 140.000 kr. Bréfið skyldi endurgreiða með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta skipti 5. maí 1989. Vextir skyldu vera breytilegir og hækka og lækka í samræmi við vaxtaákvarðanir Landsbanka Íslands á hverjum tíma, upphaflega 12% ársvextir. Vexti skyldi greiða eftir á á sömu gjalddögum og afborganir, og skyldu þeir reiknast frá útborgunardegi lánsins. Við höfuðstól skuldarinnar, 38.295,40 kr., er bætt vöxtum frá 5. september 1990 til 5. okt. 1990, 455 kr.

Stefndi Hjörleifur M. Jónsson tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að vegna vanskila og árangurslausra innheimtutilrauna sé skuldin skv. ákvæðum bréfsins öll í gjalddaga fallin. Um lagarök vísar stefnandi til XVII. kafla einkamálalaga. Dráttarvaxtakröfur eru rökstuddar með vísan til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er rökstudd með vísan til laga nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert

að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, og tekið fram, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Í greinargerð aðalstefnanda er ítrekað, að málið sé rekið samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga og aðrar varnir stefndu en lúta að greiðslu skuldarinnar komist ekki að í málinu.

Aðalstefndi Guðbrandur Jónsson fer með mál þetta fyrir sjálfan sig og bróður sinn, stefnda Hjörleif.

Í greinargerð aðalstefndu í aðalsök er krafist sýknu og því haldið fram, að sönnunargögn málsins séu lögeign annars aðila en aðalstefnanda og aðalstefnandi þar með ólöglegur handhafaaðili málsins. Það verði því hvorki löglega varið né sótt af aðalstefnanda eða aðalstefndu.

Gagnsök.

Í gagnstefnu er eftirfarandi tiltekið um málsástæður og önnur atvik:

Innheimtudeild Landsbanka Íslands hafi fengið í hendur tvö mál vegna gagnstefnanda Guðbrands árið 1990. Fyrra málið, nr. 11053, hafi farið til gjaldþrotameðferðar þrátt fyrir uppgert skuldabréf. Hitt málið, nr. 5163, sem nú sé fyrir dómi, hafi einnig verið gert upp það árið með 162.764 kr., en aðeins sé skráð á bréfið 158.674,80 kr. Þegar Landsbankinn hafi hafið innheimtu á annars manns skuld í nafni, nafnnúmeri og heimilisfangi gagnstefnanda Guðbrands, hafi hann séð ástæðu til að stöðva allar greiðslur til gagnstefnda af öryggisástæðum og rannsaka málið til hlítar. Gagnstefnandi Guðbrandur hafi ritað gagnstefnda bréf og óskað eftir myndriti skuldabréfa. Það svarbréf og skuldabréf í myndriti hafi gefið gagnstefnanda tilefni til að draga í efa rétta málsmeðferð gagnstefnda í viðskiptum aðila.

Frávísunarkrafa gagnstefnda var m. a. rökstudd með vísan til 4. mgr. 118. gr. einkamálalaga og 2. mgr. 28. gr. sömu laga og tekið fram, að greinargerð hefði áður verið lögð fram af hálfu aðalstefndu.

Gagnstefnandi mótmælti frávísunarkröfu gagnstefnda m. a. með vísan til 3. mgr. 28. gr. einkamálalaga, 99. og 100. gr. sömu laga og tók fram, að ekki lægi fyrir frávísunarkrafa í greinargerð.

Niðurstaða.

Þegar atvik málsins eru virt, þykir það ekki skipta máli við úrlausn þess, að krafa gagnstefnda um frávísun gagnsakar var sett fram án skriflegrar greinargerðar.

Krafa aðalstefnanda í aðalsök er krafa um greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi. Málið er höfðað samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga, og er það í samræmi við ákvæði í bréfinu, sem málið er af risið.

Kröfur gagnstefnenda í gagnsök eru ekki í samræmi við 4. mgr. 118.

gr. einkamálalaga, en þar eru tæmandi taldar þær gagnkröfur, sem heimilt er að hafa uppi í málum samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakar til greina.

Ekki var gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi.

Föstudaginn 8. janúar 1993.

Nr. 118/1991. **Vinnuvélar hf.**

gegn

Vörubílstjórafélaginu Fáki.

Mál fellt niður. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjandi, Vinnuvélar hf., greiði stefnda, Vörubílstjórafélaginu Fáki, sem sótt hefur dómþing í máli þessu, 40.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. janúar 1993.

Nr. 374/1991. **Þórhallur Gunnlaugsson**

gegn

Hótel Ísafirði.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórhallur Gunnlaugsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Hótel Ísafirði, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. janúar 1993.

Nr. 92/1992. **Gifspússning hf.**

gegn

Guðmundi Magnússyni persónulega og f. h. einkafyrirtækis hans, Trésmiðju Guðmundar Magnússonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gifspússning hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Guðmundi Magnússyni persónulega og f. h. einkafyrirtækis hans, Trésmiðju Guðmundar Magnússonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 25.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. janúar 1993.

Nr. 113/1992. **Björn Jóhannsson**
gegn
Glitni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Jóhannsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Glitni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. janúar 1993.

Nr. 10/1993. **Lind hf.**

gegn

Jóni A. Gestssyni og

Jónu Ósk Vignisdóttur.

Kærumál. Innsetningargerð. Eignarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1992, er barst réttinum 7. janúar 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. desember 1992 um synjun þess, að sóknaraðila verði með beinni aðfaragerð fengin umráð tiltekinna lausafjármuna, er varnaraðili hefur í vörslum sínum. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að beiðni sín um innsetningu í vörslur umræddra lausafjár nái fram að ganga. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Tæki þau og áhöld, er mál þetta tekur til, voru felld undir fjármögnunarleigusamning milli málsaðila með viðauka við hann 27. september 1991. Í viðauka þessum eða öðrum samningsskjölum er því ekki lýst, hvernig sóknaraðili hafi öðlast eignarrétt yfir tækjunum, þannig að hann gæti selt þau á leigu til varnaraðila, og ekki er gerð grein fyrir þeirri breytingu á leigufjárhæð, sem um var samið með viðaukanum.

Kröfu sína í máli þessu reisir sóknaraðili á eignarrétti að umræddum munum og vanefndum varnaraðila á samningi þeirra. Varnaraðilar halda því fram, að samist hafi um uppgjör milli málsaðila við afhendingu til þriðja manns á vörubifreið, sem féll undir samninginn, og hafi þau átt að halda hinum umdeildu munum sem sinni eign. Því er ekki mótmælt, að afhending á bifreiðinni hafi

átt sér stað, og óljóst er um atvik að því, að hún er nú komin í vörslur sóknaraðila.

Fallast má á það með héraðsdómara, að á grundvelli fram lagðra gagna og skýringa sóknaraðila verði réttur hans ekki talinn svo ótvíræður, að unnt sé að fá honum vörslur umræddra muna með beinni aðfarargerð, sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. desember 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 17. nóvember sl. að loknum munnlegum **málflutningi.**

Gerðarbeiðandi er Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, en gerðarþolar Jón A. Gestsson, kt. 201160-3329, og Jóna Ósk Vignisdóttir, kt. 110558-3769, bæði til heimilis að Goðabyggð 7, Akureyri.

Krafa gerðarbeiðanda er, að gerðarþolum verði með dómsúrskurði gert **að skila eftirtöldu lausafé og gerðarbeiðandi jafnframt settur inn í vörslur** þess:

1. Loftpressa, Balma 2 T 24.
2. Loftblásari, Wegner Ns. 57835.
3. Þráðsuða, Zinser.
4. Þráðsuða, Wegner.
5. Stingsög, Black og Decker 547 E.
6. Slípurokkur, gerð P 54-11.
7. Borvél, Black og Decker.

Auk þess krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að mati dómsins.

Kröfur gerðarþola eru aðallega, að synjað verði um gerðina. Þá krefjast þau málskostnaðar. Til vara krefjast gerðarþolar þess, að þeim verði aðeins **gert að skila munum, sem tölusettir eru nr. 1, 5, 6 og 7 í aðfararbeiðni,** og að málskostnaður falli niður.

Málið var tekið fyrir 22. október sl. Hinn 17. nóvember lýstu aðilar gagnaöflun lokið, og í framhaldi af því fór fram munnlegur málflutningur.

II.

Samkvæmt greinargerðum og skjölum málsaðila eru helstu málavextir eftirfarandi:

Hinn 20. febrúar 1991 rituðu gerðarbeiðandi, Lind hf., og Friðrik Sigurðsson undir fjármögnunarleigusamning um Mercedes Benz-bifreið. Hinn 26. júlí sama ár var gerður viðauki við leigusamninginn, en með honum tóku gerðarþolar við öllum réttindum og skyldum leigutakans, Friðriks Sigurðssonar. Hinn 27. september sama ár rituðu málsaðilar enn undir viðauka við leigusamninginn. Í viðauka þessum, er gilti frá 16. júlí, eru ákvæði um breytingar á leigufjárhæð, gjalddaga og lok leigutíma. Þá er í niðurlagi hans eftirfarandi ákvæði:

„Við samninginn hefur bæst: loftpressa, Balma LT 24, loftblásari, Wegner Ns. 57835, þráðsuða, Zinser, þráðsuða, Wegner, stingsög, Black og Decker 547 E, slípurokkur, gerð P 54-11, og borvél, Black og Decker."

Í greinargerð gerðarbeiðanda er tilvitnað ákvæði viðaukans skýrt svo: „Hinn 27. september 1991 var samningnum skuldbreytt vegna vanskila, og afsöluðu þá gerðarþolar til Lindar hf. til frekari tryggingar á efndum samnings umræddu lausafé, er upp er talið í aðfararbeiðni."

Við flutning málsins áréttaði umboðsmaður gerðarbeiðanda eignarrétt gerðarþola að lausafjármununum og að þeir hefðu verið settir til tryggingar skilvísri greiðslu af hans hálfu og þannig orðið eign gerðarþola.

Hinn 30. apríl 1992 sagði gerðarbeiðandi samningi aðila upp og krafðist þess jafnframt, að Mercedes Benz-bifreiðinni yrði skilað innan þriggja sólarhringa. Gerðarbeiðandi höfðaði og áskorunarmál á hendur gerðarþolum vegna vanefnda þeirra á greiðslu leigugjalds fyrir bifreiðina og þeirra lausafjármuna, sem nú er krafist innsetningar í, samtals að fjárhæð 936.877 krónur. Var stefnan árituð um aðfararhæfi í borgardómi Reykjavíkur 9. júní sl.

Samkvæmt yfirlýsingum aðila hefur gerðarbeiðandi nú tekið við vörslum margnefndrar bifreiðar.

Um eignarheimild sína að lausafénu vísar gerðarbeiðandi til framannefnds fjármögnunarleigusamnings, sbr. og viðauka með honum. Þá vísar gerðarbeiðandi til ótvíræðra vanefndaúrræða í samningnum, þ. á m. uppsagnar- og vörslusviptingarréttar.

Gerðarþolar hafa neitað að afhenda lausafjármunina á þeirri forsendu, að þau hafi öðlast eignarrétt að þeim í tengslum við heildarsamninga þeirra við gerðarbeiðanda um skil og/eða yfirtöku þriggja aðila á Mercedes Benz-bifreiðinni. Hafa gerðarþolar lagt fram símskeyti, dagsett 28. 11 1991, um yfirtöku þriggja aðila og borið, að yfirtakan hafi verið með vitund og vilja gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þessum sjónarmiðum gerðarþola í einu og öllu.

Niðurstaða.

Gerðarbeiðandi reisir eignarrétt sinn á lausafjármununum á fjármögnunarleigusamningi og viðaukum tengdum honum, en enn fremur á því, að hann hafi öðlast eignarréttinn vegna vanefnda gerðarþola.

Að mati dómsins eru efnisákvæði í samningum aðila vegna lausafjármunanna eigi skýr. Og þrátt fyrir það að málatilbúnaður gerðarþola sé frekar óljós, þykja réttindi gerðarbeiðanda á grundvelli fram lagðra gagna og skýringa hans eigi svo ótvíræð og skýlaus, að hann geti fengið greinda lausafjármuni með beinni aðfarargerð.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu aðfarargerðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umbeðin aðfarargerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. janúar 1993.

Nr. 334/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hafliða Sæmundi Jóhannssyni
(Örn Clausen hrl.).

Brot gegn 196. gr. almennra hegningarlaga. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Fallist er á það mat héraðsdómara, að skýringar ákærða á því, hvers vegna hann klippti föt utan af B, séu fjarstæðukenndar. Einnig verður að telja tortryggilegt, að ákærði skýrði rangt frá nafni sínu, þegar vitnin H og K hittu hann í umræddu húsi síðar um nóttina. Hjá framangreindum vitnum kom fram, að B hefði verið brugðið, þegar hún vaknaði morguninn eftir. Styður það þá frásögn hennar, að fyrr hafi hún ekki komist að raun um, hvað gerst hafði. Hún hafði og þegar samband við lögreglu og lagði fram kæru. Að þessu athuguðu og þegar litið er til málsatvika í heild, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, verður sakarmat hans staðfest svo og heimfærsla til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en með hliðsjón af sakaferli hans þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og einnig ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Aðfinnsluvert er, að við frumrannsókn málsins skyldi ekki tekið blóð- og þvagsýni úr kæranda vegna frásagnar hennar um áhrif af áfengisneyslu.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Sæmundur Jóhannsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 25. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi skipaðs verjanda ákærða, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 3. apríl 1992 „á hendur Hafliða Sæmundi Jóhannssyni, Álfhólsvegi 125, kennitala 060469-4589, fyrir að hafa aðfaranótt 14. desember 1991 að Ránargötu 23 í Reykjavík, á heimili B, 18 ára, sem þar svaf ölvunarsvefni, afklætt hana, m. a. með því að klippa utan af henni nærföt hennar, og haft síðan samfarir við hana, án þess að hún gerði sér grein fyrir því vegna svefndrunga og ölvunar.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist".

Málavextir.

Laugardagsmorguninn 14. desember sl. kl. 8.50 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Ránargötu 23 þar í borg. Er lögreglan kom á staðinn, var þar stúlkan B, f. 15. 11. 1973, sem þar bjó. Skýrði hún svo frá, að hún héldi, að sér hefði verið nauðgað þá um nóttina. Hún hefði hitt Hafliða, ákærða í máli þessu, á „Gauknum", en hann hefði að beiðni sinni fylgt sér heim og hjálpað sér við að komast inn, en hún var lyklalaus. Hún kvaðst ekkert muna, eftir að hún var komin inn, en hún hefði sofnað. Er hún vaknaði, var samfella, sem hún var í, rifin, og nærbuxur sínar fann hún ekki.

Lögreglan fylgdi stúlkunni til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í skýrslu, sem þar var tekin af henni, kemur m. a. fram, að hana grunaði, að hún hefði verið notuð kynferðislega þá um nóttina, er hún svaf þungum ölvunarsvefni. Um kvöldið hefði hún drukkið nokkurt magn af áfengum bjór, og var hún að eigin sögn orðin drukkin, er hún fór á skemmtistaðinn Gauk á Stöng. Þar hefði hún orðið viðskila við systur sína, sem hún hefði verið með um kvöldið. Hún hefði hitt ákærða. Þar sem hún var þá orðin verulega undir áhrifum áfengis og treysti sér ekki til að ganga ein heim, hefði hún beðið ákærða að ganga með sér. Á leiðinni hefði hún orðið þess vör, að hún hafði ekki húslykla. Ákærði hefði opnað fyrir sér, en hann fór inn um þakglugga á húsinu. Er hún kom inn, hefði hún farið rakleiðis að sofa

í stofunni, og var hún þá í öllum fötum. Ákærði hefði þá einnig verið inni í stofu. Er hún vaknaði, var búið að draga niður um hana síðbuxur, sem voru með teygju í strengnum, samfella var slitin í sundur í klofinu, og nærbuxur, sem hún hafði verið í, voru sundur klipptar.

Stúlkan var skoðuð af kvensjúkdómalækni kl. 11 að morgni sama dag. Við smásjárskoðun fundust sæðisfrumur í sýni frá leghálsi. Einnig fundust sæðisfrumur í sýnum, sem send voru í meinafrumurannsókn. Engir ytri áverkar fundust og engir áverkar á kynfærum, en roði í inngangi legganga.

Ákærði hefur skýrt svo frá bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi hitt B á Gauki á Stöng umrætt kvöld, og hafi hún beðið sig að fylgja sér heim, sem hann gerði. Þau þekktust ekki og höfðu aldrei hist áður, en vissu deili hvort á öðru. Stúlkan hefði ekki verið með húslykla, og hefði hún beðið sig að fara inn um þakglugga og opna dyr. Er þau voru bæði komin inn í íbúðina, hefði stúlkan boðið sér bjór, sem hann þá ekki. Þau hefðu þá verið í eldhúsinu, en síðan hefðu þau farið inn í stofu. Þar hefðu þau sest á dýnu og talað saman. Þau hefðu lagst á dýnuna, en stuttu síðar hefði hún beðið sig að ná í sæng, sem hann gerði, og breiddi yfir þau. Þau hefðu kysst og hann látið vel að henni og strokið henni. Hann kvaðst hafa verið orðinn æstur, en hún ekki haft neitt á móti því, sem hann gerði, ekki spornað við því né bannað sér það. Hún hefði svo tvisvar, eftir að þau lögðust á dýnuna á stofugólfinu, beðið sig að athuga, hvort einhver væri að koma, en þau hefðu heyrt einhvern hávaða frá götunni. Hann kvaðst þá hafa farið fram og litið út, en farið svo aftur til stúlkunnar. Ákærði kvaðst hafa litið svo á, að hún væri hrædd um, að einhver kæmi heim, kærastinn hennar eða einhver annar. Í síðara skiptið, sem hann fór fram, hefði hann séð skæri á eldhússborðinu. Hann hefði tekið þau með sér og notað þau til að klippa samfelluna og nærbuxurnar utan af stúlkunni. Ákærði gaf þá skýringu, að þetta hefði átt að vera grín, spennandi og öðruvísi en venjulegar samfarir. Stúlkan hefði ekki tekið því illa, hún hefði ekkert sagt, en horft furðulega á sig. Þau hefðu síðan haft samfarir. Stúlkan hefði alveg gert sér grein fyrir því, og virtist hún að sögn ákærða njóta þess. Hún hefði alveg verið í ástandi til að sprorna við samförum, hefði hún verið þeim mótfallin. Hann kvaðst hafa vitað, að hún hafði verið að drekka áfengi, en hún hefði alls ekki virst mjög drukkin. Því til staðfestingar hefur ákærði nefnt, að hún hafi vísað sér á þakgluggann, sem hann fór inn um, og síðan veitt sér aðstoð við að komast upp á þakið. Einnig hefði hún talað skýrt og greinilega við sig. Ákærði kvaðst sjálfur hafa verið undir áhrifum áfengis. Þau hefðu bæði sofnað eftir samfarirnar. Ákærði kvaðst hafa vaknað nokkru síðar og farið fram í eldhús. Hann hefði þá heyrt, að einhver var að koma, og flýtti hann sér þá fram á tröppur. Hann hefði svo mætt systur B og annarri stúlku á ganginum. Þær

hefðu spurt, hver hann væri. Hann hefði heilsað og sagst vera Guðmundur. Hann væri að fara, en hefði komið með B.

Vitnið B hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hún hafi farið með systur sinni og vinkonu í sendiráðið umrætt kvöld, en þaðan fór hún með bróður sínum og kærustu hans á Gauk á Stöng. Þau hafi komið þangað um klukkan hálfeitt. Hún kvaðst hafa drukkið áfengi bæði á Gauki á Stöng og áður, en gat ekki tilgreint áfengismagn. Þau hefðu verið þarna líklega rúmlega klukkustund. Eftir að bróðir hennar fór og hún fann ekki systur sína og vinkonu, hitti hún ákærða. Hún kvaðst þá hafa verið orðin drukkin, og hefði sér verið óglatt. Hún hefði spurt ákærða um vini hans, sem hún þekkti, en hún ætlaði að fá þá til að fara með sig heim. Þeir hefðu ekki verið þarna, og bað vitnið þá ákærða að ganga með sér heim. Þau hefðu svo farið heim til hennar í leigubíl og hann hjálpað henni við að komast inn, eins og áður er lýst. Hún kvaðst hafa farið inn í stofu, lagst þar á dýnu, þar sem hún var vön að sofa, og steinsofnað. Hún hefði gert ráð fyrir, að ákærði færi. Um morguninn, þegar hún vaknaði, voru buxurnar ekki alveg upp um hana og búið að klippa samfelluna í sundur. Vitnið kvaðst hafa treyst því, að ákærði myndi hjálpa sér að komast heim og síðan myndi hann fara, en hún kvaðst hafa þekkt vini ákærða í mörg ár og þeir ávallt aðstoðað sig, þegar hún hefði þurft á því að halda. Það hefði ekkert komið til greina, að ákærði svæfi hjá sér, og ekkert slíkt verið þeirra í milli. Hann hefði ekkert verið að leita eftir því við sig að fá að sofa hjá sér. Þau hefðu hvorki kysst né haldist í hendur. Stúlkan mundi eftir, að ákærði ráfaði eitthvað fram, er hún lagðist á koddann, en síðan hefði hún steinsofnað. Hún kvaðst muna eftir því, að ákærði hvorki sat né lá á dýnunni hjá sér, áður en hún sofnaði. Vitnið var sérstaklega spurt að því, hverjar drykkjuvenjur hennar væru. Hún svaraði því til, að hún hefði drukkið nokkuð á tímabilinu nóvember til desember sl., en þá hefði hún ekkert drukkið í eitt og hálft ár. Hún hefði því þurft lítið áfengi til þess að verða ölvuð. Að jafnaði hefði hún sofið mjög fast eftir áfengisneyslu, líkt og hún væri alveg dauð, og væri þá ekki hægt að vekja sig. Hún lýsti því einnig, að oftast myndi hún allt vel og gleymdi því ekki, sem hún gerði, þótt hún drykki áfengi, en hún svæfi hins vegar mjög fast eftir áfengisdrykkju.

Þorsteinn Ragnarsson rannsóknarlögreglumaður hefur komið fyrir dóminn, en hann tók skýrslu af B að morgni 14. desember sl. Hann gat ekki sagt til um ástand hennar að öðru leyti en því, að vitninu fannst hún vera í ágætu ástandi. Ekki mundi hann eftir því, að hún hefði verið í neinu uppnámi, og af skýrslunni að dæma hefði hún verið skýr og greinargóð.

Vitnið X hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið með B á Gauk á Stöng umrætt kvöld um kl. 23 eða 23.30. Ekki vissi hann, hve mikið áfengi hún

drakk, en hún hefði verið undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst vita, að venjulega, þegar hún sofnaði undir áhrifum áfengis, væri alveg vonlaust að vekja hana. Það kæmi sér því ekki á óvart, þótt hið sama hefði gerst þessa nótt miðað við það ástand, sem hún var í þarna um kvöldið. Vitnið sá hana síðast um kl. 2 um nóttina og taldi, að hún væri fær um að komast ein heim, enda hefði hún búið skammt frá.

Vitnið Y hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi verið með B umrætt kvöld á Gauki á Stöng og rætt heillengi við hana. Hún hafi verið drukkin, en ekki vissi hann, hve mikið áfengi hún hefði drukkið. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið nokkuð mikið undir áhrifum áfengis, en þó ekki eins mikið og B. Einkennum á B um áfengisáhrif lýsti vitnið þannig, að hún hefði vaggað í göngulagi, en ekki verið ósjálfbjarga. Hún hefði verið fær um að halda uppi samræðum, en ekki talað mjög gáfulega. Ekki mundi vitnið eftir því, að þau hefðu talað um neitt sérstakt. Vitnið kvaðst nokkuð oft áður hafa séð B í því ástandi að vera ofurölvi, en hún eigi það til að drekka mikið. Vitnið kvaðst þekkja B nokkuð vel, en vissi ekki til, að hún myndi ekki eftir því daginn eftir, hvað hún segði eða gerði í ölvunarástandi.

Vitnið H hefur skýrt svo frá, að þær B hafi farið saman í sendiráðið, en þar hafi B drukkið áfengi. Eftir það kvaðst vitnið ekki hafa séð B. Vitnið kvaðst hafa séð, að B var undir áhrifum áfengis, en ekki verið mikið drukkin og allt í lagi með hana, er vitnið sá hana síðast í sendiráðinu. Vitnið sá hana svo næst heima, sofandi inni í stofu, en vitnið athugaði ekkert nánar um ástand hennar þá. Er vitnið sá B næsta morgun, hefði hún verið með timburmenn. Hún hefði farið beint í símann, og hefði hún þá verið „alveg í sjokki". Hún hefði verið þung og ekki sagt frá því, sem gerðist, fyrr en síðar, en hafði orð á því, að hún hefði drukkið mikið. Vitnið vissi ekki til þess, að B hætti til að gleyma því, sem gerðist, þegar hún drykki áfengi, en stundum væri ekki hægt að vekja hana, er hún sofnaði eftir áfengisdrykkju. Henni hætti þannig til að detta út af, ef hún drykki mjög mikið, en það kæmi ekki oft fyrir. Vitnið vissi um eitt dæmi þess, að B hefði orðið svo til meðvitundarlaus í slíku ástandi.

Vitnið K hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið heima hjá B ásamt nokkrum krökkum fyrri part kvöldsins, sem hér um ræðir. Þá hafi verið allt í lagi með B. Síðar hafi þau farið á skemmtistað, en vitnið sá B ekki eftir það fyrr en um nóttina, er vitnið kom heim til hennar. Hún hefði þá legið í ölvunarsvefni, en vitnið fann áfengislykt af henni. Hún hefði verið í öllum fötum, með eyrnalokka og óþvegin, en sæng verið að hálfu yfir henni. Ekki vissi vitnið, hve mikið áfengi B hafði drukkið. Hún hefði verið mjög þung, er hún vaknaði næsta dag, en stuttu síðar hefði hún farið út og án þess að tala nokkuð við vitnið.

Dr. Þorkell Jóhannesson, forstöðumaður rannsóknarstofu í lyfjafræði,

hefur komið fyrir dóminn og gefið eftirfarandi skýringar á áhrifum og einkennum, er áfengisneysla hefði í för með sér. Ölvun væri að jafnaði metin út frá tvennu, í fyrrra lagi því áfengismagni, sem mældist í blóði og/eða þvagi, og í öðru lagi út frá hegðun, framkomu og öðrum upplýsingum, sem varði neysluferlið. Hann taldi mjög alvarlegt mál, að ekki var tekið blóð- eða þvagsýni úr stúlkunni við rannsókn máls þessa, en út frá því hefði mátt reikna með allmikilli vissu, hve stúlkan kynni að hafa verið drukkin, þegar hið ætlaða brot var framið. Þegar áfengismagn í blóði fari yfir u. þ. b. 2‰ og samsvarandi magn í þvagi fari yfir u. þ. b. 3‰, megi búast við, að neytandinn sé mjög ölvaður, og geti hann eftir atvikum verið sofandi eða vakandi. Frá þessu væru frávik, svo að minna áfengismagn gæti leitt til meiri slævingar á miðtaugakerfið og öfugt. Það, sem vægi þyngst í því sambandi, væri í fyrra lagi þol manna gagnvart áfengi, en einnig þreyta eða það, hvernig neytandinn væri fyrirkallaður, og svo neysla matar, sem drægi verulega úr áfengisverkun. Næsta stig slævingar á miðtaugakerfið, sem taki við af svefni, sé svokallað dá eð áfengisdauði. Það ástand jafngilti svæfingarástandi, en þá væri hlutaðeigandi ekki fær um að svara fyrir sig eða veita sér bjargir. Mjög erfitt væri að meta, hvort aðrir gerðu sér grein fyrir því, að neytandinn væri í slíku ástandi, en sá, sem væri sjálfur drukkinn, skynjaði síður ástand hins. Þá kom einnig fram hjá vitninu, að vel gæti verið, að stúlkan hefði skynjað verknað ákærða, er hann var framinn, en haft svo óminni um það daginn eftir, en óminni væri vísbending um mikla áfengisneyslu. Líkurnar á óminni væru meiri eftir því sem meira áfengismagn hefði verið drukkið. Hins vegar væri það persónubundið, hvort einstaklingar færu í slíkt ástand, sumir gerðu það sjaldan eða aldrei þrátt fyrir mikla áfengisneyslu. Óminni þyrfti alls ekki að vera undanfari ölvunarsvefns.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í málinu og að skipuðum verjanda verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun. Talið er af hans hálfu, að ósannað sé í málinu, að ákærði hafi klippt fötin utan af stúlkunni og haft við hana samfarir án hennar vitundar og vilja. Bent er sérstaklega á, að rannsókn málsins hafi verið ófullnægjandi og engin sýnilega sönnunargögn liggi fyrir um ölvunarástand stúlkunnar.

Ekki hefur verið gerð bótakrafa í málinu.

Niðurstöður.

Sannað er með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði fór með B heim umrædda nótt, afklæddi hana með því að klippa utan af henni föt hennar og hafði við hana samfarir. Engin bein sönnunargögn liggja fyrir um það, að stúlkan hafi þá verið sofandi. Koma þá til athugunar önnur atriði, sem gætu skorið úr um það, hvort

stúlkan hafi sofið og ekki gert sér grein fyrir því, sem ákærði gerði, eins og hún sjálf heldur fram. Upplýst er, að stúlkan hafði drukkið áfengi um kvöldið. Ekki er þó vitað, hve mikið hún drakk, hvorki veit hún það sjálf né hafa aðrir, sem umgengust hana þá um kvöldið og nóttina, getað upplýst það atriði. Þar að auki voru ekki tekin blóð- og/eða þvagsýni úr henni, er hefðu getað leitt þetta atriði í ljós. Stúlkan hefur upplýst, að hún hafi verið drukkin og ekki liðið vel um það leyti, sem hún hitti ákærða. Hún hafi því þurft að fá einhvern til að fylgja sér heim. Ekkert í frásögn ákærða eða stúlkunnar bendir til, að samskipti þeirra hafi verið með þeim hætti, að leiða myndi til kynferðissambands þeirra í milli fram að þeim tíma, er stúlkan lagðist fyrir á dýnu á stofugólfinu á heimili sínu, þar sem hún var vön að sofa. Frásögn ákærða af því, að stúlkan hafi tekið þátt í kossum og leyft honum að strjúka sér, þykir ósennileg miðað við kynni þeirra og þann aðdraganda, sem þau bæði hafa lýst. Þá þykja skýringar ákærða á því, hvers vegna hann klippti fötin utan af stúlkunni, svo fjarstæðukenndar, að ekki verður trúnaður á þær lagður. Sú skýring hlýtur að vera sennileg, að hann hafi klippt föt hennar til að komast að henni, svo að hún yrði þess síður vör. Framburður stúlkunnar er í öllum meginatriðum í samræmi við annað, sem fram hefur komið í málinu og talist getur trúverðugt. Stúlkan kærði verknaðinn til lögreglu, þegar er hún fékk grunsemdir um, að hann hefði verið framinn. Þá þykir öll framkoma stúlkunnar og frásögn hennar af atvikum með þeim hætti, að allt bendi til, að hún segi satt og rétt frá. Verður með vísan til þessa að telja sannað á þann hátt, að ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi framið verknað þann, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu. Vel kann að vera, að ákærði hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hve slæmt ástand stúlkunnar var, m. a. vegna þess, að hann var sjálfur undir áhrifum áfengis. Það leiðir þó ekki til sýknu, en ber að taka tillit til við ákvörðun refsingar. Brot ákærða varðar við 195. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 2. gr. sömu laga verður dæmt eftir 196. gr. s. l., sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992, sem nú hefur tekið gildi og er breyting á þeirri lagagrein, sem ákært er fyrir.

Ákærði er sakhæfur og hefur áður sætt refsingum sem hér segir:
[Sakavottorð tilgreinir þrjá dóma fyrir auðgunarbrot og tvo dóma fyrir umferðarlagabrot. Honum var 22. apríl 1991 veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsivistar, 30 dögum.]

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa 24. apríl sl. Var þá liðinn reynslutími, sem ákveðinn var 22. apríl 1991 í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum. Kemur því ekki til álita nú að dæma um óúttekna refsingu, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsitímanum, og fellur sá hluti niður að liðnum þremur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 85.000 kr., og eru þau ákveðin án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 10. apríl sl.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Sæmundur Jóhannsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsitímanum, og fellur sá hluti refsingar niður að liðnum þremur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hdl., 85.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. janúar 1993.

Nr. 188/1990. **Ólafur Karlsson og**
Prentsmiðja Ólafs Karlssonar
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1990. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar til greina að öllu leyti. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að ósk áfrýjenda var hinn 7. janúar 1993 háð vitnamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem skýrslur gáfu áfrýjandi málsins Ólafur Karlsson og vitnið Magnús Ólafsson.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja, að Kjötmiðstöðin hf. hafi verið útgefandi hins umræddu auglýsingabæklings. Verður það meðal annars ráðið af framburði Hrafns Bachmann, fyrrum framkvæmdastjóra Kjötmiðstöðvarinnnar hf., fyrir héraðsdómi og bréfi Magnúsar Ólafssonar til lögmanns áfrýjenda. Bréfið er ódagsett, en var skrifað, eftir að stefndi hafði sett fram kröfu sína um þá endurgreiðslu, er mál þetta varðar. Í bréfinu segir meðal annars: „Ég læt fylgja bréfi þessu eintak af auglýsingabæklingi sem við gerðum fyrir Kjötmiðstöðina.“ Þeirri fullyrðingu stefnda hefur ekki verið andmælt, að Verksmiðjan Vífilfell hf. hafi skuldajafnað greiðslu sinni á móti skuldum Kjötmiðstöðvarinnar hf. við verksmiðjuna. Þá er óupplýst, hvernig hagað var greiðslum frá Búnaðarbanka Íslands og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en fyrir greiðslum frá Grattan vörulistanum hf. og Visa Ísland er gerð grein í hinum áfrýjaða dómi. Því er ósannað, að um það hafi verið samið

milli áfrýjenda og Kjötmiðstöðvarinnar hf., að auglýsendur skyldu greiða til áfrýjenda eða auglýsingastofu Magnúsar Ólafssonar.

Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Ólafur Karlsson og Prentsmiðja Ólafs Karlssonar, greiði stefnda, þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf., 75.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Hlöðver Kjartansson hdl., skiptastjóri í þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf., sem nú er til gjaldþrotameðferðar hjá skiptaráðandanum í Garðakaupstað, höfðað f. h. þrotabúsins hér fyrir þinginu með réttarstefnu, út gefinni 26. júlí 1989 og birtri s. d., á hendur Ólafi Karlssyni, kt. 280527-2469, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi, persónulega og vegna einkafirma síns, Prentsmiðju Ólafs Karlssonar, Austurströnd 10, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. að rift verði með dómi greiðslu á skuld Kjötmiðstöðvarinnar hf., kt. 460286-1909, við stefndu, sem fram fór eftir upphaf greiðslustöðvunar hjá félaginu 29. 9. 1988 með tékka, út gefnum af Vísa Íslandi 11. 10. 1988, að fjárhæð 40.000 kr., vegna skuldar, sem stofnað hafi verið til hjá stefndu fyrir greiðslustöðvun,

2. að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda 40.000 kr. með dráttarvöxtum frá 13. 10. 1988 til greiðsludags skv. 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og 4. gr. og 5. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum. Gerð er sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 10. 1989, sbr. 12. gr. nefndra laga,

3. að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum sérstökum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla nefndra vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndu krefjast þess aðallega að verða alsýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur verði verulega lækkaðar. Málskostnaðar er krafist í báðum tilvikum.

Fyrsti sáttafundur, sem haldinn var 20. febrúar sl. og lögmaður stefndu var boðaður á, var ekki sóttur af hálfu stefndu. Málinu var þá frestað til 15. mars sl., og kom þá fyrir dóminn sem vitni Hrafn Bachmann, fyrrverandi framkvæmdastjóri Kjötmiðstöðvarinnar hf. Þann dag lagði stefnandi fram sókn og krafðist síðan dómtöku málsins.

I.

Stefnandi kveður Kjötmiðstöðinni hf., kt. 460286-1909, hafa verið heimiluð greiðslustöðvun í allt að sex vikur með úrskurði skiptaréttar Garðakaupstaðar, upp kveðnum 29. september 1988, á grundvelli beiðni félagsins, dags. 26. s. m. og móttekinnar af skiptaráðanda sama dag. Félagið hafi síðan verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði sama réttar, upp kveðnum 10. nóvember 1988.

Að öðru leyti kveður stefnandi málavexti þessa:

„Stofnsamningur og samþykktir stefnanda eru dagsettar 27. desember 1985. Stofnendur félagsins voru fimm einstaklingar og hlutaféð 280.000 kr. Á aðalfundi 27. september 1987 var hlutafé aukið um 7.720.000 kr., svo að heildarhlutafé félagsins varð 8.000.000 kr. Við bættust sem hluthafar einn einstaklingur og sameignarfélagið Ávöxtun sf., eign tveggja stofnenda stefnanda. Tilgangur stefnanda var rekstur verslunar og kjötvinnsla. Rekstur var hafinn 1. janúar 1986, eftir að stefnandi hafði keypt verslun og kjötvinnslu eins stofnenda með kaupsamningi, dagsettum 31. desember 1985. Kaupverðið, 49.570.638 kr., skyldi greiða með þeim hætti, að stefnandi skyldi taka að sér skuldir samkvæmt efnahagsreikningi seljanda, pr. 31. desember 1985, samtals sömu fjárhæðar.

Skemmst er frá því að segja, að þegar fyrsta árið var tap á rekstri stefnanda. Gerður var efnahags- og rekstrarreikningur og talið fram til skatts gjaldárið 1987. Bókhaldsmál stefnanda voru í miklum ólestri, og treystist sá, er annaðist framtalsmálin, ekki til að loka reikningum fyrir tekjuárið 1987. Var því ekki talið fram til skatts árið 1988. Hins vegar var áfram tap á rekstrinum og fjárhagsstaða erfið. Hinn 22. september 1988 er samþykkt á stjórnarfundi að óska eftir greiðslustöðvun. Í beiðni um greiðslustöðvun voru skuldir stefnanda skv. þeim upplýsingum, sem lágu fyrir, taldar rúmar 400 milljónir króna. Eignir voru taldar um 310 milljónir króna, þar af „Sjóður og viðskiptakröfur“ og „Skuldunautar“ um 170 milljónir króna. Þessi fjárhæð er hins vegar fjarri lagi, og telur fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins hana alls ekki vera hærri en 20-25 milljónir króna.

Verulegur vafi er því á, hve miklar eignir þrotabúsins eru, en gróft áætlað 90-120 milljónir króna til skipta milli annarra kröfuhafa en þeirra, sem eiga kröfur utan skuldaraðar. Í búið var lýst um 450 kröfum, samtals að upphæð um 525 milljónir króna (þar af utan skuldaraðar um 57 milljónir króna), en sú fjárhæð er eigi raunhæf, þar sem í henni eru einnig fólgnar kröfur ábyrgðarmanna vegna krafna, sem aðrir lýsa einnig. Verður því ekkert um það fullyrt á þessu stigi málsins, hvert tap kröfuhafa er, en ljóst, að skuldir umfram eignir skipta hundruðum milljóna króna.

Stefnanda var heimiluð greiðslustöðvun með skiptaréttarúrskurði, upp kveðnum 29. september 1988, þar sem hann átti þá í verulegum greiðsluerfiðleikum. Hafði skiptaráðandi móttekið greiðslustöðvunarbeiðni hans 26. s. m. Eins og fram kemur á bókhaldsfylgiskjölum á dskj. nr. 3 og 4, greiddi stefnandi stefndu 13. 10. 1988 með tékka frá Vísa Íslandi 40.000 kr., og er það fært í bókhaldi sem greiðsla á viðskiptaskuld við stefndu á viðskiptareikningi nr. 21937, eins og lýst er í stefnu. Eftir upphaf greiðslustöðvunarinnar hafi stefndu þannig fengið greiðslu skuldar, sem stofnað hafði verið til fyrir upphaf greiðslustöðvunar."

Stefnandi kveður umræddan tékka frá Vísa Íslandi, að upphæð 40.000 kr., hafa verið greiðslu á auglýsingabæklingi, sem Kjötmiðstöðin hf. stóð fyrir útgáfu á. Auglýsingabæklingur þessi hafi verið gefinn út af Kjötmiðstöðinni hf., en stefndu hafi séð um að prenta bæklinginn. Samkomulag hafi orðið um milli Kjötmiðstöðvarinnar hf. og stefndu, að Örn Eiðsson, starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, skyldi safna auglýsingum í blaðið. Þeir, sem auglýstu í blaðinu, hafi verið Kjötmiðstöðin hf., Sjóvá-Almennar hf., Grattan vörulistinn hf., Vífilfell hf., Búnaðarbanki Íslands og Vísa Ísland.

Verksmiðjan Vífilfell hf. hafi t. d. skuldajafnað greiðslu sinni á móti skuldum Kjötmiðstöðvarinnar hf. við verksmiðjuna. Vísa Ísland hafi sent Kjötmiðstöðinni greiðslu, eins og áður segir. Rétt sé hins vegar hjá stefndu, að þau hafi fengið greitt upp í sinn kostnað frá Grattan vörulistanum hf. með víxlum. Skýringin á þeirri greiðslu sé sú, að forsvarsmaður Kjötmiðstöðvarinnar hf. hafi viljað hafa þann hátt á í því tilviki, og hafi það verið samþykkt af stefndu. Ástæðan til þessa fyrirkomulags hafi verið sú, að Grattan vörulistinn hf. hafi verið mjög skuldugur Kjötmiðstöðinni hf. vegna leigu á svölum í verslun Kjötmiðstöðvarinnar hf. við Garðatorg 1 í Garðakaupstað og vegna kaupa á lager.

Samkvæmt framansögðu kveður stefnandi, að Kjötmiðstöðin hf. hafi óskað eftir prentun á umræddum bæklingi og að Örn Eiðsson hafi verið starfsmaður Kjötmiðstöðvarinnar hf. við að safna auglýsingum.

Stefnandi reisir riftunarkröfu sína á ákvæði 1. mgr. 59. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og einnig sjálfstætt á ákvæði 61. gr. sömu laga, sbr. 63.

gr. laganna. Greidd hafi verið eftir frestdag skuld, sem til var á frestdegi, og því eigi við ákvæði 1. tl. 59. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda séu engin þau atvik, sem hindri riftun skv. ákvæðinu og stefndu verði að sanna, að þau hafi verið grandlaus um fram komna ósk stefnanda um greiðslustöðvun. Þá sé einnig ljóst, að sá, sem var skuldara til aðstoðar skv. 7. gr. gjaldþrotalaga, hafi ekki samþykkt greiðsluna, og þótt svo væri, hafi slíkt samþykki augljóslega verið gefið án heimildar, og verði riftun þannig ekki hindruð með vísan til 3. tl. 59. gr. gjaldþrotalaga.

Loks er enn fremur byggt sjálfstætt á því, að greiðslan hafi leitt til skerðingar á rétti sumra kröfuhafa og verið ótilhlýðileg mismunun stefndu í vil á kostnað þeirra, m. a. af því, að alls ekki hafi verið heimilt að greiða gjaldfallnar skuldir á greiðslustöðvunartíma skv. 8. gr. gjaldþrotalaga og umræddur tékki eða andvirði hans sé tvímælalaust eign stefnanda, sbr. 25. gr. laga nr. 6/1978. Í raun hafi ekki verið um ráðstöfun eigin fjármuna stefnanda að ræða, heldur þeirra, sem ganga áttu til fullnustu á kröfum lánardrottna stefnanda, og þetta því verið gróft brot á jafnræðisreglum gjaldþrotalaga. Stefnandi hafi á þessu tímamarki verið ógjaldfær. Þá hafi stefndu verið grandsöm, þótt ekki væri nema vegna þess eins, hvenær og með hverjum hætti greitt var. Því sé þess krafist, að greiðslunni verði rift á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga, ef ekki á grundvelli 59. gr. Samkvæmt því beri að dæma stefndu til að greiða stefnanda stefnukröfurnar, sbr. gr. (sic) nefndra laga.

Stefnandi kveður kröfur sínar miðast við höfuðstól umrædds tékka og dráttarvexti af honum frá móttökudegi stefndu 13. 10. 1988 til greiðsludags, og nema þær tjóni því, sem þrotabúið hefur orðið fyrir með greiðslu þessari til stefndu. Stefnandi lýsir jafnframt yfir, að yrðu dómkröfur sínar teknar til greina, myndu stefndu geta lýst upphaflegri kröfu sinni í þrotabúið, enda þótt kröfulýsingarfrestur væri út runninn.

Dráttarvaxtakrafa stefnanda styðst við lög nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Um málskostnað og vexti á hann vísar stefnandi til XII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, einkum 175. og 177. gr., svo og 21. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á nefndri 175. gr., III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Stefndu kveða rétta málavexti þá, að haft hafi verið samband við Magnús Ólafsson, son stefnda Ólafs, í ágúst 1988, en Magnús rekur auglýsingastofu. Varð að samkomulagi, að Magnús tæki að sér hönnun auglýsingabæklings, auk þess sem stefndu tækju að sér prentun. Markmið útgáfunnar hafi verið að selja auglýsingar í bæklinginn og standa þannig straum af kostnaði útgáfunnar.

Örn Eiðsson hafi komið fram fyrir hönd útgefanda, og hafi orðið að samkomulagi, að hann skyldi annast greiðslur á bæklingnum með því að innheimta auglýsingatekjur frá auglýsendum. Þó skyldi Örn taka af þeim fjármunum, sem innheimtust, þann kostnað, sem honum bæri sjálfum fyrir sinn þátt að málinu.

Kjötmiðstöðin hf. hafi ekki greitt fyrir sínar auglýsingar, og hafi stefndu orðið þess áskynja fyrir tilviljun, að Vísa Ísland hefði greitt Kjötmiðstöðinni hf. 11. október 1988 40.000 kr. Stefndu hafi þá þegar haft samband við Kjötmiðstöðina hf. og krafist þess að fá ávísun Vísa Íslands afhenta, og hafi svo verið gert. Frekari innheimtuaðgerðir hjá Kjötmiðstöðinni hafi verið árangurslausar.

Benda stefndu á, að í umræddu auglýsingablaði sé að finna fjölmargar auglýsingar frá ýmsum aðilum, og hafi hver um sig átt að greiða stefndu fyrir útgáfuna. M. a. hafi Grattan vörulistinn hf. afhent víxla fyrir sínum hluta.

Þá benda stefndu á, að þau hafi ekki sett kröfulýsingu í þrotabú stefnanda fyrir nefndum auglýsingabæklingi, sem hlyti að hafa verið raunin, hafi viðskipti milli aðila málsins verið með þeim hætti, sem lýst sé í stefnu.

Stefndu mótmæla málsástæðum stefnanda, að því er varðar mismunun kröfuhafa í þrotabú stefnanda, auk þess að stefndu hafi verið grandsöm um riftanleika greiðslunnar sem og fjárhagslegt ástand Kjötmiðstöðvarinnar hf.

Mótmæla stefndu því, að jafnræðisreglan hafi verið brotin með þeim hætti, sem lýst er í sóknarskjölum málsins, og benda á, að tjón hafi ekki skapast fyrir lánardrottna stefnanda, þar sem umræddir fjármunir hafi eigi borist úr sjóðum stefnanda, heldur þriðja aðila til greiðslu á skuld, sem óviðkomandi var stefnanda.

III.

Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefndu, verður að dæma mál þetta samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir fram komnum kröfum og skilríkjum stefnanda með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefndu.

Stefnandi hefur mótmælt þeirri málsástæðu stefndu sem rangri og ósannaðri, að tékkinn frá Vísa Íslandi hafi verið greiðsla á skuld við stefndu.

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Kjötmiðstöðvarinnar hf. hefur komið fyrir dóm og borið, að Kjötmiðstöðin hf. hafi staðið að útgáfu auglýsingabæklingsins, en að stefndu hafi aðeins séð um prentun hans.

Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefndu, verður að dæma málið á grundvelli ofangreindra mótmæla stefnanda, sem byggð eru á framburði

fyrrverandi framkvæmdastjóra Kjötmiðstöðvarinnar hf. og bókhaldsgögnum félagsins.

Samkvæmt því og með vísan til 1. mgr. 59. gr. og 63. gr. laga nr. 6/1978 verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmd til að greiða stefnanda 52.000 kr. í málskostnað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningslaunum, en ekki eru efni til að tilgreina þann þátt málskostnaðar sérstaklega, sbr. m. a. dóm Hæstaréttar frá 9. mars 1989 í máli nr. 210/1987.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er greiðslu Kjötmiðstöðvarinnar hf. frá 13. október 1988 með tékka, að upphæð 40.000 kr., út gefnum af Vísa Íslandi 11. október 1988 til stefndu Prentsmiðju Ólafs Karlssonar.

Stefndu, Ólafur Karlsson og Prentsmiðja Ólafs Karlssonar, greiði stefnanda, þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf., 40.000 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 13. október 1987 til greiðsludags og 52.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 14. janúar 1993.

Nr. 434/1989. **Halldór Ingi Dagsson**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
þrotabúi Önnu hf.
(Páll A. Pálsson hrl.).

Kaupsamningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara verulegrar lækkunar á þeim. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði skiptaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 10. júní 1991 var bú Önnu hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabú félagsins tekið við rekstri málsins samkvæmt 3. mgr. 54. gr., sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 28/1981, sbr. nú 3. mgr. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst þrotabúið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Ingi Dagsson, greiði stefnda, þrotabúi Önnu hf., 170.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 31. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Anna hf., nnr. 0308-1656, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, með stefnu, birtri 23. október 1987, gegn Halldóri Dagssyni, nnr. 3573-7847, Lyngbraut 3, Garði.

Dómkröfur stefnanda, sem hann hefur í rekstri málsins lækkað úr 967.314 kr. í 899.721 kr., eru þær, að stefndi greiði skuld, að fjárhæð 899.721 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að máli þessu verði vísað frá dómi, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og til þrautavara er krafist stórfelldrar lækkunar á stefnukröfum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Hinn 9. janúar sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda og hún tekin til úrskurðar. Var úrskurður þess efnis, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina, kveðinn upp 11. janúar sl.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 9. 5. 1983, keypti stefnandi skipið Dag, HF-1, sem er 29 tonna fiskibátur, af stefnda í máli þessu. Kaupverð var 4.000.000 kr., og meðal áhvílandi skulda, sem kaupandi tók að sér að greiða, voru sjö skuldabréf á 4. veðrétti, út gefin 1. maí 1982 af Halldóri Dagssyni, upphaflega að fjárh. samtals 709.987 kr., en að eftirstöðvum 567.990 kr. Þetta voru tvö skuldabréf, að fjárh. 150.000 kr. hvort, tvö að fjárh. 100.000 kr. hvort, tvö að fjárh. 79.052 kr. hvort og eitt að fjárh. 51.883 kr. Skuldabréfunum var þinglýst hjá sýslumanni Húnavatnssýslu 1. 7. 1982 og hafa litranúmer 533-539/82, en skipið hét þá m/b Húnavík, HU-38. Þessi skuldabréf átti að greiða með 9 afb. á 6 mán. fresti, 1. 4. og 1. 10. ár hvert, í fyrsta sinn 1. 4. 1983.

Eftirstöðvar þær, sem nefndar voru í kaupsamningi, miðuðust við, að stefndi hefði greitt upp fyrstu afborgunina ásamt vöxtum, en stefnandi tæki við að greiða 8 afborganir, í fyrsta sinn 1. 10. 1983. Vegna dráttar á greiðslu frá stefnda til eigenda skuldabréfanna pr. 1. 4. 1983 voru allar eftirstöðvar skuldar skv. bréfunum gjaldfelldar, og fór málið fyrir dómstóla, þar sem stefndi mótmælti gjaldfellingunni og hélt uppi vörnum í uppboðsrétti. Með dómi Hæstaréttar frá 17. 10. 1986 í áfrýjunarmáli stefnda gegn Steingrími Þormóðssyni hdl. var úrskurður uppboðsréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 4. jan. 1985 staðfestur, en uppboðshaldari hafði úrskurðað, að uppboð að kröfu Steingríms Þormóðssonar hdl. til lúkningar skuldabréfunum skyldi fara fram, enda væri öll skuld skv. bréfunum gjaldfallin.

Stefndi greiddi 304.034 kr. upp í skuld sína við handhafa skuldabréfanna 11. 5. 1983, en þar sem honum tókst ekki að sýna fram á, að hann hefði fengið greiðslufrest, féll allur höfuðstóll skuldabréfanna í gjalddaga með

þeim afleiðingum, að greiða þurfti verulegar fjárhæðir í dráttarvexti og innheimtukostnað. Þessar fjárhæðir voru greiddar af stefnanda og Rökkva hf., er síðar keypti bátinn af stefnanda, en allur dráttarvaxtakostnaður Rökkva hf. vegna skuldabréfanna var færður stefnanda til skuldar í uppgjöri þeirra í millum.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfu sína, og er hún þannig, eftir að tekið hefur verið tillit til tölulegra athugasemda af hálfu stefnda:

1.	Skráðar eftirstöðvar skv. kaupsamningi			kr.	567.990
2.	Höfuðstóll, sem gjaldféll	kr.	709.982		
3.	Vextir til 1. 4. 1983, sem voru ógr.	—	141.996		
4.	Dráttarv. frá 1. 4. 1983 til 1. 6. 1983	—	85.197		
5.	Inngreitt 11. 5. 1983 til Steingríms Þormóðssonar hdl.			—	304.034
6.	Drv. af 633.141 kr. frá 1. 10. 1983	—	126.628		
7.	Vextir 9. 5. 1983 af skbr., sem Konráð Júl. átti að greiða			—	44.492
8.	Drv. af 633.141 kr. 1. 10. 1983 til 1. 4. 1984 (22%)	—	139.291		
9.	Vextir 1. 10. 1983-1. 4. 1984 af skbr. 496.991 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða			—	49.699
10.	Drv. af 622.871 kr. 1. 4. 1984-1. 10. 1984 (15,25%)	—	101.087		
11.	Vextir 1. 4. 1984-1. 10. 1984 af skbr. 425.992 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða			—	42.599
12.	Drv. af 650.361 kr. 1. 10. 1984-1. 4. 1985 (18,75%)	—	121.943		
13.	Vextir 1. 10. 1984-1. 4. 1985 af skbr. 354.994 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða			—	35.499
14.	Drv. af 665.806 kr. 1. 4. 1985-1. 10. 1985 (22,25%)	—	148.142		
15.	Vextir 1. 4. 1985-1. 10. 1985 af skbr. 283.995 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða			—	28.399
16.	Drv. af 665.806 kr. 1. 10. 1985-1. 4. 1986 (21,5%)	—	143.148		
17.	Vextir 1. 10. 1985-1. 4. 1986 af skbr.				

	212.996 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		kr.	21.300
18.	Drv. af 765.400 kr. 1. 4. 1986-1. 10. 1986 (13,5%)	— 103.309		
19.	Vextir 1. 4. 1986-1. 10. 1986 af skbr. 141.998 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	14.200
20.	Drv. af 765.400 kr. 1. 10. 1986-1. 4. 1987 (13,5%)	— 103.309		
21.	Vextir 1. 10. 1986-1. 4. 1987 af skbr. 70.999 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	7.099
22.	Innheimtukostnaður Steingríms Þormóðssonar hdl.	— 78.055		
23.	Dæmdur málskostnaður í Hæstarétti	— 45.000		
24.	Uppboðskostnaður	— 35.538		
25.	Vextir skv. 11 t. kaupsamn.		—	12.622
26.	Vextir af sama 9. 5. 1983-1. 4. 1987		—	32.076
27.	Inngreiðsla frá Halldóri Dagssyni		—	8.360
28.	Vextir af sama 29. 11. 1983-1. 4. 1987		—	14.535
		kr. 2.082.625	kr.	1.182.904
	Mismunur, tjón Önnu hf. v/gjaldfellingar		—	899.721
		Kr. 2.082.625	kr.	2.082.625

Dómkröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að stefnda sé skylt að halda kaupsamning þann, sem aðilar gerðu með sér 9. maí 1983, og vitnar um það atriði til þeirrar meginreglu samningaréttar, að samninga skuli halda. Samkvæmt 10. tl. kaupsamningsins hafi stefnandi átt að taka við tilteknum eftirstöðvum nánar tiltekinna skuldabréfa. Eftirstöðvafjárhæðin sýndi, að skuldabréfin áttu að vera í skilum á kaupdegi, og tilvísunin í skuldabréfin átti að tryggja kaupanda, að hann gæti greitt skuld skv. þeim upp á fjórum árum með hóflegum vöxtum, 20% á ári. Vegna vanefnda stefnda gagnvart handhafa skuldabréfanna voru þau gjaldfelld og krafist uppboðs á veðinu, skipi því, er stefnandi hafði keypt. Stefnda beri því að endurgjalda stefnanda allan aukakostnað vegna þess.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi hafi vitað um gjaldfellingarkröfuna allt frá öndverðu og áður en hann gerði tilboð sitt og kaupsamning nokkrum dögum síðar og hann því tekið áhættuna af því, hvort gjaldfelling bréfanna næði fram að ganga eða ekki. Vegna þessa verði hann að bera sjálfur tjón sitt og kostnað. Hafi stefndi efnt kaupsamning-

inn, að því er bréfin sjö varðar, með greiðslu af þeim 9. maí 1983. Hafi stefnandi haft ærna ástæðu til þess að gera fyrirvara um bréfin strax við kaupsamningsgerðina og hafi raunar borið skylda til þess. Þá hafi stefnandi vitað strax í júní 1983 um uppboðsmálið vegna bréfanna, en hafi hvorki þá né síðar, t. d. við afsal 8. 1. 1985 og fullnaðaruppgjör sama dag gert nokkra athugasemd vegna þessa. Hafi þá verið brýn ástæða til kvörtunar, svo að stefndi gæti komið í veg fyrir tjón af dráttarvöxtum og kostnaði. Kvörtun stefnanda eftir nær fjögur ár sé allt of seint fram komin. Þá er því og haldið fram af stefnda, að síðari vanskil stefnanda með afborganir af bréfunum kunni að hafa haft áhrif á niðurstöðu gjaldfellingarmálsins fyrir dómstólum.

Kröfu sína um lækkun stefnukröfu hefur stefndi sundurliðað þannig:

a) Stefnanda ber að taka að sér að greiða vexti af skuldabréfunum, 12.622 kr. Þetta atriði er ekki tekið inn í kröfugerð stefnanda.

b) Birgir Ásgeirsson hdl. greiddi 8.360 kr. inn á kröfuna 29. 11. 1983 í þágu stefnda.

c) Stefnanda ber að lækka kröfu sína sem nemur dráttarvöxtum og vaxtavöxtum af fjárhæðum a- og b-liðar.

d) Innheimtukostnaður Steingríms Þormóðssonar hdl. er stefnda óviðkomandi. Í fyrsta lagi er ekki rétt, að skuldari greiði innheimtulaun, þegar málskostnaður er dæmdur. Í öðru lagi var stefnda ekki gefinn kostur að tjá sig um uppgjör við Steingrím.

e) Stefnandi tók ákvörðun um að áfrýja málinu án samráðs við stefnda. Málskostnað í Hæstarétti verður hann því að greiða.

f) Uppboðskostnaður er ósundurliðaður. Á meðan svo er, þarf stefnandi að bera hann sjálfur. E. t. v. kann hann að skiptast milli málsaðila.

Stefnandi hefur lækkað stefnukröfu sína til samræmis við a-, b- og c-lið í sundurliðun þessari, en haldið sig við kröfu skv. d-, e- og f-lið, og er því ekki að ræða um neinn annan tölulegan ágreining vegna útreiknings stefnanda á stefnukröfunni.

Fram kom í ræðu lögmanns stefnda, að hann bæri fyrir sig fyrningu sem málsástæðu. Var því mótmælt af hálfu lögmanns stefnanda, að hún kæmist að.

Eins og mál þetta liggur fyrir, kemur málsástæða þessi ekki til umfjöllunar.

Konráð Júlíusson hefur komið fyrir dóminn af hálfu stefnanda og gefið aðilaskýrslu. Í skýrslu hans kemur fram, að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi hefði fengið gjaldfellingarbréf frá lögmanni vegna skuldabréfa þeirra, sem getið er um í 10. lið kaupsamnings frá 9. maí 1983, en aftur á móti hafi honum verið sagt af þeim, sem voru með bátinn í sölu, að „það myndi vera allt í lagi, vegna þess að sú greiðsla, sem ég átti að inna

af hendi í útborgun á bátnum, myndi bjarga því, þannig að bréfin yrðu ekki gjaldfelld". Sjálfur hefur Konráð sagt fyrir dóminum, að sér hafi skilist, að gjaldfellingin hafi ekki verið framkvæmd, fyrr en búið var að skrifa undir samninginn um bátinn. Hefur stefnandi neitað því fyrir dóminum, að síðar hafi verið samið um það, að hann tæki að sér þessa gjaldföllnu skuld eða að ákvæði kaupsamningsins um þessi skuldabréf breyttust eitthvað.

Í vætti Sigmundar Hannessonar hdl. kemur fram, að hann starfaði um þær mundir sem fulltrúi Othars Arnar Petersen hrl., en honum hafði verið falið að ganga frá ýmsum málum Birgis heitins Ásgeirssonar lögmanns, m. a. frá afsali vegna Dags, HF-1, sem gert var í byrjun janúar 1985. Hann hafi þá gengið frá uppgjöri milli aðila, og hafi verið fullt samkomulag þar um. Hafi hann litið svo á, að hér væri um fullnaðaruppgjör að ræða, en gjaldfellingarmálið hafi hins vegar ekki borið á góma í því sambandi. Telur vitnið, að um það samkomulag hafi verið að ræða til hliðar við kaupsamninginn, að það væri algerlega mál stefnanda, Önnu hf., að greiða hin gjaldfelldu bréf og ekki yrðu neinar eftirkröfur á hendur stefnda vegna þess.

Um þetta atriði hefur stefndi sagt fyrir dóminum, að hann muni ekki eftir neinni umræðu um það milli sín og stefnanda, en hins vegar hafi hann rætt þetta við vitnið Sigmund og skilist á honum, að Konráð ætti að standa skil á því að greiða kostnað vegna gjaldfellingarinnar.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Ásgeir Halldórsson, sem var í stjórn Önnu hf., er kaupin á mb. Degi, HF-1, fóru fram. Í framburði hans kemur fram, að hann hafi mjög lítið komið nálægt samningsgerð eða öðru varðandi kaupin, vegna þess að fjármál hafi öll verið í höndum Konráðs. Hann hafi ekkert heyrt um gjaldfellingu skuldabréfa í 10. lið kaupsamningsins, er hann undirritaði, og talið, að verið væri að taka við skuldabréfunum í skilum.

Niðurstaða.

Samkv. fyrirliggjandi kaupsamningi frá 9. maí 1983 seldi Halldór Dagsson Önnu hf. mb. Dag, HF-1, og var umsamið kaupverð 4.000.000 kr., og átti Anna hf., stefnandi í máli þessu, m. a. til þess að fullnægja greiðsluskyldu sinn skv. samningnum, að taka við eftirstöðvum tiltekinna skuldabréfa, sjö að tölu, hvílandi á 4. veðrétti, að eftirstöðvum 567.990 kr., til kaupanda. Skv. efni sínu voru átta afborganir eftir af bréfum þessum, er skyldi greiða 1. 4. og 1. 10. ár hvert, í fyrsta sinn 1. 10. 1983, sé gert ráð fyrir því, að stefndi kæmi bréfunum í skil í samræmi við ákvæði kaupsamningsins.

Ekki hefur stefnda tekist að færa sönnur á, að kaupsamningurinn ætti

ekki að gilda samkvæmt orðanna hljóðan um téð skuldabréf, og reisir dómurinn niðurstöðu sína á því. Skv. dómi Hæstaréttar frá 17. október 1986 í áfrýjunarmáli stefnda gegn Steingrími Þormóðssyni hdl. (sbr. dómskj. nr. 20) var úrskurður uppboðsréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 4. janúar 1985 staðfestur, en í honum var úrskurðað, að uppboð að kröfu St. Þormóðss. hdl. til lúkningar bréfum þessum skyldi fara fram, enda væri skuldin öll eindöguð vegna vanefnda uppboðsþola. Í niðurlagi forsendna framangreinds úrskurðar segir: „Verður því hið umbeðna uppboð látin ná fram að ganga samkvæmt kröfum uppboðsbeiðanda." Meðal uppboðskrafna er krafa um innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ og alls kostnaðar við uppboðið. Í framangreindum dómi Hæstaréttar kemur fram, að úrskurður undirréttar er staðfestur með vísan til þess, að umrædd bréf hafi öll verið gjaldfelld samkvæmt ákvæðum þeirra vegna vanskila áfrýjanda, sem dæmdur er í Hæstarétti til þess að greiða 45.000 kr. í málskostnað til Steingríms Þormóðssonar hdl.

Þykir allur undangenginn málarekstur, þar sem stefndi reynir að fá hrundið gjaldfellingu téðra skuldabréfa, benda til þess, að hann hafi talið sér skylt að efna kaupsamninginn samkvæmt hljóðan sinni.

Eins og áður greinir, er ekki tölulegur ágreiningur um stefnukröfuna að öðru leyti en því, að stefndi hefur mótmælt því, að sér beri að greiða innheimtukostnað Steingríms Þormóðssonar hdl., 78.055 kr., málskostnað fyrir Hæstarétti, 45.000 kr., og uppboðskostnað, 35.538 kr. Samkvæmt því, sem hér segir að ofan um meðferð uppboðsmáls bæði fyrir Hæstarétti og undirrétti, og með vísan til kvittunar frá Steingrími Þormóðssyni hdl. (dskj. 21), sem stefnandi hefur lagt fram, lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi verið nauðugur einn kostur að inna greiðslur þessar af hendi vegna atvika, er stefndi ber ábyrgð á gagnvart honum, og stefnandi verði ekki krafinn um frekari sundurliðun á uppboðskostnaði en kvittað er fyrir, 1.000 kr. hærri kostnaði en krafist er vegna hans í stefnu. Þá er að mati dómsins talið, að á vaxtamun þeim, er til varð vegna dráttarvaxtagreiðslna, sem inna varð af hendi, og samningsvaxta samkv. skuldabréfunum og ekki er tölulega umdeildur, verði stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda. Er niðurstaða dómsins sú, að stefnda beri að bæta það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna vanefnda stefnda á 10. lið kaupsamnings aðila frá 9. maí 1983.

Þegar hefur verið fjallað um útreikning þann, sem stefnandi leggur til grundvallar dómkröfum sínum. Ekki er talið, að stefnandi hafi sýnt af sér neitt tómlæti í málinu, eins og haldið hefur verið fram af stefnda, þar sem gjaldfelling skuldabréfanna varð ekki ljós endanlega fyrr en með dómi Hæstaréttar 17. október 1986.

Að þessu athuguðu þykir rétt að taka endanlegar dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti, og skulu þær bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr., þ. m. t. söluskattur.

Ekki hafa verið gerðar neinar dómkröfur á hendur réttargæslustefndu, Margréti Sigurjónsdóttur. Ekki þykja efni til þess að taka afstöðu til kröfu réttargæslustefndu.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Dagsson, greiði stefnanda, Önnu hf., 899.721 kr. ásamt 30% ársvöxtum frá 1. 4. 1987 til 1. 6. 1987, 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 7. 1987, 30% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 8. 1987, 40,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 9. 1987, 42% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 10. 1987, 43,2% ársvöxtum frá þ. d. til þingfestingardags 11. 11. 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags og 180.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur. Fallist er á, að dráttarvexti megi leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 4. 1988.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 15. janúar 1993.

Nr. 20/1993. **Steinunn Káradóttir**

gegn

Jóhannesi Vilhjálmssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1992 þeim úrskurði héraðsdómara að fresta meðferð kröfu hans um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að úrskurða um kröfu hans um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem atvikum máls þessa er háttað, ber að fallast á það mat héraðsdómara, að rétt sé að fresta meðferð máls þessa með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Steinunn Káradóttir, greiði varnaraðila, Jóhannesi Vilhjálmssyni, 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 27. október 1992, hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. f. h. Steinunnar Káradóttur, kt. 230148-3339, og Eyjólfs Matthíassonar, kt. 010348-2939, farið þess á leit, að bú **Jóhannesar Vilhjálmssonar, kt. 060436-2909, með lögheimili að** Sléttuvegi 3, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir í þinghaldi, sem háð var 10. desember 1992. Lýsti þá Eyjólfur Matthíasson yfir því, að hann félli frá kröfum á hendur skuldara. Meðferð málsins var frestað til 11. desember 1992. Í því þinghaldi komu fram mótmæli skuldara gegn kröfu skiptabeiðanda um gjaldþrotaskipti. Var því þingfest sérstakt ágreiningsmál um mótmælin, sbr. 168. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili lagði fram greinargerð sína í þinghaldi 14. desember 1992, en varnaraðili 16. desember 1992. Málinu var þá frestað til munnlegs málflutnings til dagsins í dag..

Varnaraðili heldur því fram, að víxill sá, sem krafa sóknaraðila um gjaldþrotaskipti byggist á, hafi verið fenginn með refsiverðum hætti, þ. e., að um umboðssvik hafi verið að ræða. Fyrir liggur, að opinber rannsókn er í gangi vegna þessa. Er hér um framhaldsrannsókn að ræða, en í fyrri rannsókn málsins tókst ekki að sanna, að um refsiverðan verknað væri að ræða. Samkvæmt upplýsingum, sem dómari hefur fengið, mun framhaldsrannsókninni væntanlega ljúka hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á næstu dögum.

Sóknaraðili fékk umræddda víxilkröfu sína viðurkennda með dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1991. Komust þá ekki að varnir varðandi umboðssvik í því máli, þar sem það var rekið sem víxilmál að hætti XVII. kafla þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Er það ætlun varnaraðila að sækja um endurupptöku víxilmálsins á grundvelli þeirra gagna, sem kunna að koma fram í hinni opinberu rannsókn. Með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, þykir rétt að fresta meðferð máls þessa, þar til að séð er fyrir enda umræddrar rannsóknar, svo að leiða megi í ljós, hvort krafa sóknaraðila sé lögmætur grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Úrskurðarorð:

Meðferð máls þessa er frestað, þar til að séð er fyrir enda opinberrar rannsóknar vegna ætlaðra umboðssvika sóknaraðila gagnvart varnaraðila.

Mánudaginn 18. janúar 1993.

Nr. 18/1993. **Kornmarkaðurinn hf.**

gegn

Steinunni Jónsdóttur.

Kærumál. Útburður. Húsaleigusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1992, sem barst réttinum 11. janúar 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umbeðinn útburður úr húsnæði að Skólavörðustíg 21 A í Reykjavík fari ekki fram. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um útburð sóknaraðila úr framangreindu húsnæði og hann dæmdur til að greiða sér 107.046 krónur í málskostnað í héraði. Til vara krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öllu leyti. Þá krefst hann í báðum tilvikum kærumálskostnaðar.

Ekkert er fram komið í málinu um það, að Álfdís E. Axelsdóttir hafi ekki haft fullt umboð til þess að segja upp hinum umræddu húsaleigusamningi 9. júlí 1992. Af hálfu sóknaraðila var engum andmælum hreyft á uppsagnarfresti gegn þessari ráðstöfun Álfdísar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð um annað en málskostnað.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Kornmarkaðurinn hf., greiði varnaraðila, Steinunni Jónsdóttur, 95.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1992.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 9. þ. m.

Gerðarbeiðandi er Steinunn Jónsdóttir, kt. 200536-4609, Lindarhvammi 11, Kópavogi, en gerðarþoli Kornmarkaðurinn hf., kt. 550178-0289, Skólavörðustíg 21 A, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst úrskurðar um, að gerðarþoli ásamt öllu, sem honum heyrir til, verði borinn út úr húsnæði í kjallara og á 1. og 2. hæð að Skólavörðustíg 21A, Reykjavík, með beinni aðfarargerð. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð. Gerðarbeiðandi krefst þess enn fremur, að ekki verði fallist á kröfu gerðarþola um, að málskot hans, ef til þess komi, fresti framkvæmd úrskurðarins.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og að honum verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en verði útburðarkrafa gerðarbeiðanda tekin til greina, verði fallist á, að málskot til æðra dóms fresti aðfarargerð.

Málið var þingfest 9. nóvember sl., en tekið til úrskurðar 9. þ. m., eins og áður segir.

II.

Málavextir eru þessir: Gerðarþoli hefur leigt húsnæði gerðarbeiðanda að Skólavörðustíg 21 A, þ. e. sölubúð í suðvesturhorni hússins ásamt kjallarageymslu og tveimur herbergjum á annarri hæð, sem tengd eru sölubúðinni með stiga. Samkvæmt húsaleigusamningi, sem lagður hefur verið fram, dskj. nr. 2, var gert ráð fyrir lokum leigutíma 30. júní 1990. Aðilar eru sammála um, að leigumálinn hafi verið framlengdur. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að það hafi verið til eins árs í senn, en gerðarþoli ótímabundið.

Með bréfi, dags. 9. júlí 1991 (en aðilar eru sammála um, að ártalið hafi verið misritað fyrir 1992), segir Álfdís E. Axelsdóttir fyrir hönd Kornmarkaðarins hf. upp húsnæðinu að Skólavörðustíg 21 A frá og með 1. nóvember 1992.

Hinn 23. september 1992 gerði gerðarbeiðandi húsaleigusamning við Heilsu hf. um framangreint húsnæði, þar sem gert er ráð fyrir því, að leigutími hefjist 1. desember 1992, en leigutaka séu heimil afnot húsnæðisins, „eftir að núverandi leigutaki hefur skilað því, 1. nóvember 1992, samkv. uppsagnarbréfi, dags. 9. júlí sl., til 30. nóv. 1992 án endurgjalds. Leigusali skal hafa aðgang að húsnæðinu til nauðsynlegra endurbóta á sama tíma".

Hinn 31. október 1992 sendir gerðarbeiðandi Álfdísi E. Axelsdóttur, Sunnuhlíð við Geitháls, Suðurlandsvegi, Reykjavík, svohljóðandi skeyti: „Hér með tilkynnist yður, að ef húsnæði Kornmarkaðarins að Skólavörðu-

stíg 21 A hefur ekki verið rýmt í síðasta lagi í kvöld, 1. nóvember, verður lögð inn beiðni hjá sýslumanni um útburð í fyrramálið."

Með bréfi, dags. 3. nóvember 1992, sem móttekið var 4. s. m. í Héraðsdómi Reykjavíkur, óskaði gerðarbeiðandi eftir dómsúrskurði um heimild til útburðar.

III.

Af hálfu gerðarþola er vísað til ákv. 16. gr. laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979 um, að ótímabundinn leigumáli hafi stofnast með aðilum, enda hafi hann aldrei fengið skriflega tilkynningu frá gerðarbeiðanda um, að hann hygðist ekki framlengja leigumálann. Og þar sem Álfdís E. Axelsdóttir hafi ekki leitað eftir heimild stjórnar Kornmarkaðarins hf. til að segja upp framangreindum leigumála, væri uppsögnin ekki bindandi, þar sem í þessu falli hafi verið um óvenjulega og mikils háttar ráðstöfun að ræða fyrir félag, sem árum saman hafi haft starfsemi sína í þessu húsnæði og viðskiptavild þess byggðist að hluta til á. Hafi hún því augljóslega farið út fyrir umboð sitt sem prókúruhafi og stjórnarmaður gerðarþola með þessum gerningi sínum.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að hér séu þeir hagsmunir í húfi, að kveða eigi á um aðfararfrest, ef heimilað verði, að gerðin nái fram að ganga, bæði með vísun til ákv. 3. mgr. 91. gr. l. nr. 90/1989 og til 18. gr. l. nr. 44/1979, sbr. 73. gr. l. nr. 92/1991.

Gerðarbeiðandi telur, að uppsögn húsaleigusamningsins í nafni gerðarþola 9. júlí 1992 frá og með 1. nóvember s. á. sé bindandi fyrir gerðarþola, þar sem eðlilegt sé, að prókúruhöfum og stjórnarmönnum hlutafélaga sé falið slíkt verkefni af hálfu stjórna, enda felist það í umboði þeirra að öðru jöfnu. Hitt sé svo annað mál, hvort Álfdís E. Axelsdóttir hafi haft til þess heimild frá stjórn Kornmarkaðarins hf. í þessu tilviki, þótt það sé með ólíkindum, að svo hafi ekki verið, miðað við stöðu hennar gagnvart öðrum í félaginu, en það skipti raunar ekki máli nú, þar sem gerðarbeiðandi hafi verið grandlaus, þegar honum barst uppsögnin, og ekki hafi síðar verið reynt af hálfu félagsins að leiðrétta þann misskilning, ef um nokkurn misskilning hafi verið að ræða, fyrr en með greinargerð gerðarþola, sem lögð var fram 24. nóvember sl. Gerðarbeiðandi vísar til Hrd. 1959, 230, varðandi gildi prókúrumboðs.

Í annan stað heldur gerðarbeiðandi því fram, að verði ekki byggt á lögmæti uppsagnar samningsins, megi telja, að hann hafi fallið sjálfkrafa niður, þegar hann var ekki endurnýjaður samkvæmt eigin ákvæðum.

IV.

Telja verður, að gerðarbeiðandi hafi sannað rétt sinn til að fá gerðarþola borinn út úr húsnæði gerðarbeiðanda eftir 1. nóvember sl. með beinni að-

farargerð á þann hátt, sem lögin gera að skilyrði. Þessi réttur gerðarbeiðanda byggist á skilyrðislausri uppsögn gerðarþola á húsnæðinu, eins og hér að framan hefur verið rakið, sbr. dskj. nr. 3, en skjalið hefur ekki verið vefengt á annan hátt en þann, að sú, sem þar ritar í nafni gerðarþola, hafi ekki haft til þess heimild samkvæmt reglum um hlutafélög.

Óumdeilt er, að Álfdís E. Axelsdóttir var stjórnarmaður og prókúruhafi Kornmarkaðarins hf., þegar hún sagði upp húsnæðinu fyrir hönd félagsins. Ekkert liggur fyrir um, að umboð hennar í þessari stöðu fyrir félagið hafi þá verið skert á nokkurn hátt með opinberri yfirlýsingu í þá veru, enda verður það ekki heldur talið hluti af þeim sönnunargögnum, sem ákv. 78. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 90/1989, leggja á gerðarbeiðanda að útvega, hvort yfirlýstur fyrirsvarsmaður hlutafélags samkvæmt Hlutafélagaskrá hafi ekki allar eðlilegar heimildir sem slíkur. Þá hefur gerðarþola ekki tekist að sýna fram á, að gerðarbeiðandi hafi ekki haft ástæðu til að taka uppsögninga sem gilda, þ. e., að hann hafi ekki verið í góðri trú um heimildir Álfdísar gagnvart hlutafélaginu.

Gerðarþoli hefur ekki sýnt fram á gegn andmælum gerðarbeiðanda, að nýtt samningssamband hafi myndast milli aðila um húsnæðið, eftir að húsnæðinu var sagt lausu með bréfinu frá 9. júlí 1992.

Samkvæmt framangreindu er fallist á þá kröfu gerðarbeiðanda, að útburðargerðin nái fram að ganga, en rétt þykir, eins og atvikum er nú háttað, að fallast á þá kröfu gerðarþola, að málskot fresti framkvæmd úrskurðarins.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Steinunnar Jónsdóttur, að gerðarþoli, Kornmarkaðurinn hf., ásamt öllu, sem félaginu fylgir, verði borinn út úr húsnæði í kjallara og á 1. og 2. hæð að Skólavörðustíg 21 A, Reykjavík, með beinni aðfarargerð, er tekin til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Aðför er heimiluð fyrir málskostnaði og kostnaði af gerðinni, ef til kemur.

Kæra til Hæstaréttar frestar aðfarargerð.

Mánudaginn 18. janúar 1993.

Nr. 21/1993. **Kristján Wendel**

gegn

Gunnari Rósinkranz og Bjarna Sveinssyni persónulega og f. h. Gerpis sf.

Kærumál. Dómari. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1992, sem barst réttinum 11. janúar 1993. Hann krefst þess „í þessum þætti málsins að dómsformaðurinn víki sæti í málinu" og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta hafði verið dómtekið, þegar ljóst varð, að formann dómsins, Sigurð Tómas Magnússon, sem jafnframt er fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, Friðgeirs Björnssonar, brast að lögum sérstakt hæfi dómara í málinu vegna skyldleika dómstjóra við einn yfirmatsmanna í því, sbr. d- og f-lið 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, fór Sigurður Tómas Magnússon fyrst með málið sem settur borgardómari og í framhaldi af þeirri setningu sem fulltrúi þáverandi yfirborgardómara í Reykjavík, Friðgeirs Björnssonar. Eftir að hafa horfið til annarra starfa um skeið, tók hann aftur við málinu á liðnu hausti sem fulltrúi dómstjóra. Í gögnum málsins kemur fram, að Sigurður Tómas Magnússon dómkvaddi hinn umrædda yfirmatsmann 15. október 1991, er hann hafði málið til meðferðar hið fyrra sinni sem fulltrúi yfirborgardómara, og tók af honum skýrslu fyrir dómi 16. nóvember 1992, eftir að hann hafði tekið við málinu að nýju.

Við þessar aðstæður verður eigi talið, að skipun Sigurðar Tómasar Magnússonar til að fara með málið samkvæmt sérstakri umboðsskrá eftir 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði geti leitt til þess, að hæfi hans verði eftir það ekki dregið í efa. Í því efni breytir engu, að hann

hefur nú endurupptekið málið. Ber því að fallast á þá kröfu, að formaður dómsins víki sæti. Eftir atvikum þykir nægilegt, að nýr dómari taki við málinu í því horfi, sem það er nú.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Dómsformaður, Sigurður Tómas Magnússon, víkur sæti í máli þessu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1992.

I.

Mál þettta var tekið til úrskurðar 16. desember sl.

Aðalstefnandi er Gerpir sf., kt. 650578-0159, Hafnarstræti 20, Reykjavík.

Aðalstefndi og gagnstefnandi er Kristján Wendel, kt. 220130-4609, Hringbraut 34, Reykjavík, í úrskurðinum ávallt nefndur gagnstefnandi.

Gagnstefndu eru auk aðalstefnanda eigendur sameignarfélagsins Gerpis, þeir Gunnar Rósinkranz, kt. 210641-4249, Pósthússtræti 13, Reykjavík, og Bjarni Sveinsson, kt. 130632-3359, Deildarási 24, Reykjavík.

Kröfur gagnstefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að dómsformaður víki sæti í málinu og að gagnstefnanda verði úrskurðaður málskostnaður sérstaklega í þessum þætti málsins.

Kröfur aðalstefnanda eru þær, að kröfum gagnstefnanda verði að öllu leyti hafnað og sér verði úrskurðaður málskostnaður sérstaklega í þessum þætti málsins.

Í máli þessu er deilt um efndir á samningi, sem aðilar gerðu með sér 1. desember 1987, en þá keypti gagnstefnandi af aðalstefnanda íbúð í húsinu nr. 23 við Grundarstíg í Reykjavík, en hana skyldi afhenda tilbúna undir tréverk í nóvember 1988.

Í aðalsökinni, sem höfðuð er fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. janúar 1990, krefur aðalstefnandi aðalstefnda um greiðslu á 1.783.324 krónum auk vaxta vegna eftirstöðva kaupverðs íbúðarinnar og um útgáfu á skuldabréfi, að fjárhæð 1.027.131 króna, auk vaxta og verðbóta að frádregnum 184.000 krónum.

Í gagnsökinni, sem höfðuð er með stefnu, birtri 7. og 8. október 1992, krefur gagnstefnandi gagnstefndu um bætur eða afslátt vegna ætlaðra galla, brota á byggingarlöggjöf og annarra vanefnda, samtals 5.997.911 krónur.

II.

Meðferð málsins hófst fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með þingfestingu stefnu í aðalsök 23. janúar 1990. Gagnstefnandi hafði á þessum tíma lögmann, og skilaði hann greinargerð 22. mars s. á., og var þar krafist sýknu af kröfum stefnanda á þeim grundvelli, að íbúðin væri með margvíslegum göllum. Var málinu eftir það úthlutað til Sigríðar Ólafsdóttur borgardómara. Matsbeiðni gagnstefnanda var tekin fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur utan aðalmálsins 25. apríl sama ár, en ekki varð af dómkvaðningu. Sigríður Ólafsdóttir borgardómari tók fyrir nýja matsbeiðni gagnstefnanda 31. maí 1990 og dómkvaddi þá Ragnar Ingimarsson og Magnús Guðjónsson sem matsmenn 1. júní sama ár.

Dómsformaður, þá settur borgardómari, tók við málinu 1. september 1990. Sömu matsmenn voru dómkvaddir 12. mars 1991 til að gera viðbótarmat. Matsmenn skiluðu gagnstefnanda matsgerð 27. mars 1991. Í þinghaldi 16. maí 1991 skýrði gagnstefnandi frá því, að Arnmundur Backman hrl. færi ekki lengur með málið, og hefur rekið málið sjálfur síðan.

Að kröfu gagnstefnanda komu matsmenn fyrir dóm í matsmálinu 7. júní 1991 til skýrslugjafar og staðfestingar á matsgerð, sbr. 142. og 143. gr. þágildandi einkamálalaga nr. 85/1936. Dómsformaður hafði þá kallað þá Ríkharð Kristjánsson verkfræðing og Helga S. Gunnarsson byggingartæknifræðing til meðdómarastarfa. Dómurinn kvað upp tvo úrskurði 20. júní 1991, annan um hæfi matsmanna, reikning þeirra og fleiri atriði, en þann úrskurð kærði gagnstefnandi þegar í stað til Hæstaréttar, hinn um frestun málsins, en þann úrskurð kærði lögmaður aðalstefnanda til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm um bæði kæruatriðin 17. september 1991.

Málið var næst tekið fyrir 15. október 1991 í samræmi við dóm Hæstaréttar, og voru þá að beiðni gagnstefnanda dómkvaddir fjórir yfirmatsmenn, þeir Björn Björnsson húsasmíðameistari, Bárður Daníelsson, verkfræðingur og arkítekt, Vífill Oddsson verkfræðingur og dr. Þorsteinn Helgason prófessor. Í þessu þinghaldi var kveðinn upp úrskurður um frestun málsins, þar til yfirmatsgerð lægi fyrir, en þó ekki lengur en til 3. febrúar 1992. Úrskurðurinn var kærður, og staðfesti Hæstiréttur hann með dómi 21. nóvember sama ár.

Allan Vagn Magnússon borgardómari tók við málinu í janúar 1991.

Að beiðni gagnstefnanda dómkvaddi Kristjana Jónsdóttir borgardómari þá Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðing og Gunnar Torfason verkfræðing 28. janúar 1992 til að gera nýtt undirmat.

Yfirmatsmenn skiluðu yfirmatsgerð 6. febrúar 1992, og hinni nýju undirmatsgerð var skilað 8. mars 1992. Gagnstefnandi lagði fram gagnstefnu 22. júní 1992, en í sama þinghaldi gerði lögmaður aðalstefnanda kröfu um,

að Allan Vagn Magnússon viki sæti. Dómarinn vék sæti með úrskurði 10. júlí 1992.

Dómsformaður tók aftur við málinu í september 1992. Í fyrstu fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. september 1992 felldi gagnstefnandi niður gagnsökina og óskaði eftir fresti til að leggja fram nýja gagnstefnu. Að kröfu lögmanns stefnanda var málinu frestað til aðalmeðferðar 16. nóvember 1992.

Gagnstefnandi þingfesti nýja gagnsök á reglulegu dómþingi 13. október 1992 sem málið nr. E-8480/1992 og krafðist sameiningar þess og málsins nr. E-993/1990. Af hálfu gagnstefndu var krafist frávísunar á gagnsökinni og kröfu um sameiningu málanna hafnað. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október sl. var hluta af kröfum í gagnsök vísað frá dómi og sakirnar sameinaðar.

Er hér var komið sögu, kallaði dómsformaður Frey Jóhannesson tæknifræðing til setu í dóminum ásamt Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi, þar sem Helgi S. Gunnarsson dvaldist erlendis.

Aðalmeðferð málsins fór fram dagana 16., 17. og 18. nóvember sl., og voru þá teknar skýrslur af aðilum og alls 25 vitnum, en málið síðan flutt munnlega og það dómtekið.

Eftir aðalmeðferð málsins 18. nóvember sl. varð dómsformaður þess áskynja, að einn af fjórum yfirmatsmönnum, Björn Björnsson húsasmíðameistari, væri bróðir Friðgeirs Björnssonar, dómstjóra í Reykjavík, forstöðumanns Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar sem dómsformaður er dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur, þótti honum með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. d- og f-lið 5. gr. sömu laga, ekki varlegt að leggja dóm á málið við svo búið. Með vísan til þess og umfangs málsins var leitað eftir því hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, að dómsformaður yrði sérstaklega skipaður til að fara með málið.

Dómsformaður skýrði gagnstefnanda og lögmanni aðalstefnanda frá þessu munnlega, en gagnstefnanda nánar með bréfi 1. desember sl.

Með skipunarbréfi dómsmálaráðherra 1. desember sl. var dómsformaður skipaður dómari í málinu samkvæmt sérstakri umboðsskrá með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Að frumkvæði dómsformanns var málið endurupptekið og framangreint kynnt í réttinum. Jafnframt tilkynnti dómsformaður, að boðað yrði til aðalmeðferðar í málinu að nýju og teknar skýrslur, eftir því sem aðilum þætti þurfa, en að öðru leyti yrðu ýtarlegar skýrslur aðila og vitna, sem gefnar voru við hina fyrri aðalmeðferð 16., 17. og 18. desember 1992, lagðar til grundvallar, en síðan yrði málið flutt munnlega.

Aðilum málsins var boðið að tjá sig um framhald þess, og kom gagn-

stefnandi þá formlega fram með kröfur þær, sem hér eru til úrlausnar, en þær hafði hann áður sett fram í bréfi, dagsettu 9. þ. m.

Gagnstefnandi vísaði einkum til bréfs dómsformanns frá 1. desember sl. kröfu sinni til stuðnings. Hann taldi ekki fært að fallast á fyrirhugaða málsmeðferð og óvarlegt að láta málið fara lengra, án þess að úr hæfi dómsformanns yrði skorið.

Af hálfu aðalstefnanda var framgangsmáti málsins talinn eðlilegur og þær athugasemdir gerðar við bréf gagnaðila frá 9. þ. m., að rangt væri, að dómsformaður færi nú með málið sem fulltrúi dómstjóra, og óskað eftir, að gagnstefnandi drægi kröfu sína í bréfinu til baka, með vísan til þess. Þar sem sérstök skipun dómarans til að fara með málið lægi fyrir, gæti ekki verið um neitt vanhæfi að ræða. Við endurflutning málsins gæfist aðilum auk þess kostur á að fara ofan í öll atriði málsins. Þá var talið, að meðdómsmenn ættu að fjalla um vanhæfi dómsformanns með honum.

Því var einnig haldið fram, að dómsformaður hefði aldrei verið vanhæfur til að fara með og dæma aðalsök málsins og framhaldið ætti að vera það, að dómur yrði kveðinn upp í aðalsökinni. Ekki voru þó gerðar sérstakar kröfur af því tilefni.

III.

Svo sem áður var rakið, hefur gangur máls þessa verið óvenjulega hægur og þunglamalegur. Frá því er málinu var fyrst úthlutað, hafa tveir dómarar farið með málið auk dómsformanns, sem fyrst fór með það sem settur borgardómari í eitt ár, sem fulltrúi yfirborgardómara í fjóra mánuði og sem fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá því í september sl. þar til 1. desember 1992, að dómsformaður var skipaður dómari í málinu samkvæmt sérstakri umboðsskrá.

Gagnstefnanda hefur gengið gagnaöflun mjög hægt. Hann hefur aflað sér þriggja matsgerða, þar af einnar yfirmatsgerðar. Töluleg kröfugerð kom ekki fram af hans hálfu fyrr en í gagnstefnu, þingfestri 30. september sl.

Kveðnir hafa verið upp í málinu fjölmargir úrskurðir, og hafa þrír þeirra verið kærðir til Hæstaréttar. Dómsformaður hefur því þurft að leggja óvenjumikla vinnu í þetta yfirgripsmikla mál.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 segir, að dómari gæti að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili geti einnig krafist, að hann eða þeir víki sæti. Í 2. mgr. 6. gr. segir, að dómari kveði sjálfur upp úrskurð um kröfu aðila, að hann víki sæti, svo og, ef hann víkur sæti af sjálfsdáðum. Skýra ber ákvæðin með þeim hætti, að hinn löglærði embættisdómari, í þessu tilviki dómari samkvæmt umboðsskrá, úrskurði einn um hæfi sitt.

Krafa gagnstefnanda er reist á 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991, sbr. d-

og f-lið 5. gr. sömu laga. F-liður 5. mgr. laga nr. 91/1991 svarar til 6. tl. 36. gr. eldri einkamálalaga nr. 85/1936, en samkvæmt því ákvæði varð dómari þó aðeins vanhæfur til að fara með mál vegna tengsla við vitni, mats- eða skoðunarmann, þyrfti hann að kveða upp úrskurð um skýrslugjöf hlutaðeigandi. Í athugasemdum, sem fylgdu með frumvarpi að lögum nr. 91/1991, segir m. a. svo um f-lið 5. gr.: „Breytingarnar með ákvæðum f-liðar 5. gr. eru lagðar til í ljósi þess, að yfirleitt yrði dómari hvort eð er talinn vanhæfur vegna umræddra tengsla við fyrrgreinda menn eftir reglu 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936, og verður að telja æskilegra, að bein fyrirmæli standi þá til vanhæfis vegna þessara aðstæðna."

Tengsl dómsformanns við fyrrnefndan Björn Björnsson yfirmatsmann eru engin, og er dómsformaður því ekki vanhæfur samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, áður 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, til að fara með málið. Ofangreind rök eiga því ekki við í þessu máli.

Í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 segir, að dómarafulltrúi sé, „án sérstakrar skipunar" óhæfur til að fara með mál, sem forstöðumaður dómstóls sé vanhæfur til að fara með. Þar sem dómsformaður hefur nú fengið sérstaka skipun til að fara með málið, er afstaða hans til málsins hin sama og sjálfstætt starfandi dómara við Héraðsdóms Reykjavíkur, sem að vísu lúta vissu stjórnunarvaldi dómstjóra, en án nokkurs vafa teldust hæfir til að fara með mál þetta. Fyrri afskipti dómsformanns af málinu sem fulltrúa yfirborgardómara og fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur breyta hér engu um, þar sem vanhæfisregla f-liðar 5. gr., samanber 3. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991, byggist fyrst og fremst á hlutlægum grunni og beinlínis er gert ráð fyrir í 3 mgr. 6. gr., að dómarafulltrúi geti fengið skipun til að fara með mál, sem hann teldist annars óhæfur til að dæma vegna vanhæfis dómsformanns.

Dómsformaður þykir því nú vera hæfur til að fara með málið og dæma það ásamt meðdómsmönnum, og ber að hafna kröfu gagnstefnanda um, að hann víki sæti.

Allt að einu þarf að ákveða, hvar dómurinn á að taka upp þráðinn að nýju, og í því sambandi er nauðsynlegt að taka afstöðu til gildis þeirra dómsathafna, sem þgar hafa farið fram í málinu.

Hvað varðar dómkvaðningu Björns Björnssonar sem matsmanns í þinghaldi 15. október 1991, verður að líta til ákvæða 6. tl. 36. gr. þágildandi einkamálalaga nr. 85/1936, sem aðeins mæltu fyrir um vanhæfi vegna vensla við vitni eða matsmenn, ef úrskurða þurfti um skýrslugjöfina. Staða dómsformanns á þeim tíma sem fulltrúa þáverandi yfirborgardómara, Friðgeirs Björnssonar, leiddi því ekki sjálfkrafa til þess, að hann væri vanhæfur til að skipa Björn Björnsson yfirmatsmann, þótt vissulega hefði það getað leitt til þess, að dómsformaður yrði síðar að kalla til annan dómara, ef

úrskurða hefði þurft um skýrslugjöf matsmannsins, og ef til vill til að standa fyrir vitnaleiðslum, samanber ummæli um 36. gr. í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 85/1936. Því síður leiðir þessi háttur á dómkvaðningu til þess, að matsgerðin verði ónothæf sem sönnunargagn í málinu.

Sem fyrr er rakið, kvað dómsformaður upp úrskurð 15. október 1991 um frestun málsins, þar til yfirmatsgerð lægi fyrir, en þó ekki lengur en til 3. febrúar 1992. Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð með dómi 21. nóvember 1991, og voru ekki gerðar athugasemdir við dómkvaðninguna eða meðferð málsins fram að því.

Hvað varðar meðferð málsins frá 30. september 1992, er þess að geta, að 27. október sl. var, sem fyrr segir, kveðinn upp úrskurður, þar sem hluta af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni var vísað frá dómi. Þær kröfur, sem vísað var frá dómi, byggðust að engu leyti á yfirmatsgjörðinni, og matsmenn voru ekki kallaðir fyrir dóminn. Fram að aðalmeðferð málsins 16. nóvember sl. fjallaði dómsformaðurinn því ekki efnislega um yfirmatsgerðina eða um hæfi yfirmatsmanna, störf þeirra, reikning, skyldu til að bera vitni eða annað þeim tengt.

Þess má geta, að gagnstefnandi hafði ekkert við hæfi dómsformanns eða málsmeðferð að athuga, fyrr en dómsformaður skýrði honum frá tengslum Björns Björnssonar og dómstjórans í Reykjavík og lagaákvæðum þar að lútandi. Fram hefur komið, að krafa hans er öðru fremur sprottin af ótta við, að meðferð málsins verði ómerkt á grundvelli þessara lagaákvæða, ef til áfrýjunar héraðsdóms komi, og því vill hann fá skorið úr um hæfi dómsformannsins, áður en lengra er haldið.

Málið hefur þegar verið endurupptekið af dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, og hefur hann kallað með sér til dómstarfa sömu meðdómsmenn og áður. Þykja því engir annmarkar vera á að boða til nýrrar aðalmeðferðar og taka nýja skýrslu af yfirmatsmanninum, Birni Björnssyni, og öðrum þeim vitnum, sem þurfa þykir, og láta því næst flytja málið munnlega að nýju.

Málskostnaður er ekki dæmdur sérstaklega í þessum þætti málsins.

Úrskurð þennan kvað upp Sigurður T. Magnússon, dómari málsins samkvæmt sérstakri umboðsskrá.

Úrskurðarorð:

Kröfu aðalstefnda og gagnstefnanda, Kristjáns Wendel, að dómsformaður víki sæti, er hafnað.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Mánudaginn 18. janúar 1993.

Nr. 25/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Hickmat Moustapha Baroudi.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1993, eins og krafist var í héraði.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald er byggð á því, að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa framið verknað, sem fangelsisrefsing er lögð við samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, er rannsókn málsins á frumstigi. Hún virðist þó ekki þurfa að verða ýkja-margbrotin. Þykir því rétt að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1993.

Hickmat Moustapha Baroudi, kt. 031160-2009, með lögheimili að Næfurási 17, en dvalarstað að Grensásvegi 12, Reykjavík, er grunaður um brot gegn 194. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 40/1992, og 1. mgr. 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa farið í gær um kl. 13.20 á vinnustað X, fyrrver-

andi sambýliskonu sinnar, að ..... hér í borg, ógnað henni með hnífi og þannig þvingað hana gegn vilja hennar til að fara með sér að heimili hennar að ..... hér í borg, þar sem hann hafi haft við hana kynmök gegn vilja hennar.

Kærði hefur viðurkennt að hafa haft kynmök við X á heimili hennar í gær, en kveður þau hafa verið með hennar samþykki og reyndar að hennar undirlagi. Kærði hefur ekki viðurkennt að hafa hótað X með hnífi og þannig neytt hana til þess að fara með sér á heimili hennar.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins urðu tveir menn, er hafa vinnustað að ....., vitni að því, er kærði dró X gegn vilja hennar að bifreið sinni, er staðið hafi við austurgafl hússins.

Framburður kærða um, að þau X hafi tekið upp fyrra samband að nýju og að þau hafi haft kynmök í því skyni, að X yrði vanfær, þykir ótrúverðugur, þar sem kærði hefur borið fyrir lögreglu, að X hafi þennan sama dag tjáð sér, að hún hefði tekið upp samband við annan mann. Kvaðst kærði hafa verið í uppnámi eftir þetta. Þá kemur fram í framburði kærða fyrir lögreglu, að X hafi verið ein á vinnustað sínum, er kærða bar þar að, og þykir því sömuleiðis ótrúverðug sú frásögn kærða, að X hafi fallist á að yfirgefa vinnustaðinn til að fara með honum á heimili sitt til að ná þar í ýmsa hluti í eigu kærða. Að lokum þykir ástand X, eins og því er lýst í fram lögðu læknisvottorði, benda til þess, að hún hafi orðið fyrir áfalli.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði er grunaður um brot gegn 194. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 2. gr. l. nr. 40/1992, og getur það varðar hann tíu ára fangelsi. Sterkur grunur þykir vera um, að kærði hafi framið afbrot þau, sem hann er nú sakaður um. Ætla má einnig, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Kærði er breskur ríkisborgari, sem búið hefur hér á landi í rúm þrjú ár. Þykir því og hætta á, að kærði muni reyna að komast úr landi til að koma sér undan málsókn, verði hann látinn laus. Þá þykir gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja X fyrir árásum kærða, en samkvæmt fram lögðum rannsóknargögnum hefur kærði ofsótt hana áður. Samkvæmt framansögðu og með vísan til a-, b- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 þykir bera að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. janúar nk. kl. 16.00.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. janúar 1993 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 19. janúar 1993.

Nr. 19/1993. **Elías Kristjánsson**

gegn

þrotabúi Skúla Sigurðssonar.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1992, er barst réttinum 11. janúar 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1992 verði hrundið og krafa sín í þrotabú varnaraðila, að fjárhæð 1.779.587 krónur, viðurkennd sem forgangskrafa. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Krafa sóknaraðila í þrotabú varnaraðila varðar skil af hálfu þrotamanns á innheimtufé, er hann hafði fengið í sínar vörslur sem lögmaður. Gerir sóknaraðili tilkall til þess, að krafan njóti forgangsréttar við búskiptin samkvæmt ákvæðum 7. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sem í gildi voru, þegar búið var tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og 2. mgr. 189. gr. laga nr. 21/1991. Lögmaður sóknaraðila í máli þessu hafði haft kröfuna til innheimtu um nokkurt skeið, þegar gjaldþrotið bar að höndum. Lýsti hann kröfunni á síðasta degi innköllunarfrests með áskilnaði um nánari sundurliðun án þess að gera nokkra grein fyrir efni hennar.

Við gerð kröfuskrár samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 6/1978 lagði bústjóri réttilega til, að kröfunni yrði hafnað vegna vanreifunar. Tilkynnti hann lögmanninum þá afstöðu með bréfi í samræmi við 3. mgr. 108. gr., þar sem þess var getið, að koma mætti andmælum við henni á framfæri í síðasta lagi á fyrsta skiptafundi í búinu. Á þeim fundi gerði lögmaðurinn grein fyrir kröfunni og krafðist þess forgangsréttar, sem fyrr greinir. Skiptastjóri tók sér

frest til að skoða kröfugögnin frekar. Lýsti hann síðan þeirri afstöðu á næsta skiptafundi, að krafan yrði samþykkt sem almenn krafa, en forgangsrétti hafnað.

Kröfulýsing lögmanns sóknaraðila við innköllun í búinu var ófullnægjandi þegar af þeirri ástæðu, að af henni varð ekkert ráðið um efni kröfunnar. Á hinn bóginn liggur það fyrir, að lögmanninum var gefinn kostur á að lagfæra lýsinguna á fyrsta skiptafundi, og gerði hann það skilmerkilega. Ekki er unnt að líta svo á, að þessi tilhögun hafi farið í bága við ákvæði XVI. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þannig að óheimilt væri að taka kröfuna til greina við búskiptin. Forgangsréttur sá, sem sóknaraðili hefur krafist, er í samræmi við efni kröfunnar. Þarf hann ekki að sætta sig við, að krafan verði samþykkt, án þess að rétturinn fylgi henni. Ber þannig að viðurkenna hana sem forgangskröfu, eins og sóknaraðili fer fram á í máli þessu, en ekki er deilt um annað en stöðu kröfunnar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila, Elíasar Kristjánssonar, í þrotabú Skúla Sigurðssonar er viðurkennd sem forgangskrafa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsóms Reykjavíkur 17. desember 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Sóknaraðili er Elías Kristjánsson, kt. 250538-3759, Hraunbæ 102 B, Reykjavík, en varnaraðili þrotabú Skúla Sigurðssonar, kt. 121243-4909, Bauganesi 4, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þessar kröfur:

„1. að viðurkennd verði sú krafa sóknaraðila, að krafa hans í þb. Skúla Sigurðssonar, að fjárhæð 1.779.587 kr., njóti forgangsréttar skv. 7. tl. 84. gr. l. nr. 3/1878,

2. að þb. Skúla Sigurðssonar verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 4. mgr. 129. gr. l. nr. 91/1991."

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði þeirri kröfu sóknaraðila, að krafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa skv. 7. tl. 84. gr. eldri skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabúið og fallist verði á röðun skiptastjóra á kröfunni í skuldaröðina sem almenna kröfu skv. 85. gr. eldri skiptalaga nr. 3/1878. Jafnframt er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi sóknaraðila ásamt 24,5% virðisaukaskatti.

Málið var þingfest 28. september 1992, en tekið til úrskurðar 23. nóvember sl., eins og áður segir.

II.

Málavextir eru þessir: Bú Skúla Sigurðssonar hdl., kt. 121243-4909, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda 13. febrúar 1992. Þrotamaður hafði haft til innheimtu fyrir föður sóknaraðila, Kristján Elíasson, ákveðna veðskuld og fengið hana greidda af uppboðsandvirði eignar þeirrar, sem stóð að veði fyrir skuldinni. Þrotamaður var ekki búinn að gera skil á þessum fjármunum nema að takmörkuðu leyti, þegar hann varð gjaldþrota, en sóknaraðili hafði þá fengið kröfuna framselda frá ekkju Kristjáns eftir lát hans.

Kröfulýsingarfrestur rann út 10. maí sl. Kröfu sóknaraðila í búið var fyrst lýst með símbréfi til skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en síðan með bréfi, sem móttekið var af skipuðum bústjóra, fyrst til bráðabirgða, en síðar til frambúðar, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl., núverandi skiptastjóra, á skiptafundi 15. júní sl.

Í skrá um lýstar kröfur í búið frá 1. júní sl. var kröfu sóknaraðila hafnað vegna vanreifunar, en á skiptafundi 29. júní sl. breytti bústjóri afstöðu sinni með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið í hendur frá sóknaraðila á skiptafundinum 15. s. m., og samþykkti kröfu, samtals að fjárhæð 1.779.587 kr., sem almenna kröfu í búið, en hafnaði forgangi hennar. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari afstöðu bústjóra á skiptafundinum, og var meðferð þess ágreinings þá frestað. Á skiptafundi 30. júlí sl., sem ekki var sóttur af hálfu sóknaraðila, var síðan ákveðið með vísan til 171. gr. laga nr. 21/1991 að beina þessu ágreiningsmáli til Héraðsdóms Reykjavíkur, en bréf frá skiptastjóra í þá veru var móttekið í héraðsdómi 15. september sl.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að samkvæmt reglum, er gilt hafi í framkvæmd fyrir gildistöku laga nr. 21/1992 um gjaldþrotaskipti o. fl., þ. e. fyrir 1. júlí sl., hafi krafa um forgangsrétt getað komið fram allt til loka skipta með fullum áhrifum. Hann segir, að samkvæmt fyrri réttarskipan hafi á kröfulýsingu einungis þurft að vera tilkynning til skiptaráðanda um,

að viðkomandi ætti kröfu á hendur búinu, sem hann ætlaðist til, að yrði greidd af eignum búsins, en hvergi væri að finna fortakslaust skilyrði fyrir því í löggjöf, eins og hún var fyrir 1. júlí sl., eða öðrum réttarheimildum, að fram hefði þurft að koma fyrir lok kröfulýsingarfrests, hvort krafa væri forgangskrafa eða ekki, til að efnisleg forgangskrafa héldi stöðu sinni sem slík.

Sóknaraðili staðhæfir, að fyrir fyrsta skiptafund hafi a. m. k. verið heimilt með fullum rétti að koma fram með leiðréttingar á kröfulýsingu, bæði um fjárhæð og, eins og hér um ræði, stöðu kröfu gagnvart öðrum kröfuhöfum. Hann telur, að skiptaráðanda hafi borið að raða kröfum, sem lýst hafi verið innan innköllunarfrests, í samræmi við B-lið 8. kap. l. nr. 3/1878 án tillits til, hvernig kröfum hafi verið lýst.

Varnaraðili hafnar því algerlega, að eins og hér stóð á, hafi sóknaraðila verið heimilt að koma að áskilnaði um forgangsrétt kröfu sinnar í skuldaröð, eftir að kröfulýsingarfresti lauk. Hann heldur því fram, að venjubundin viðhorf í fræðikenningum og framkvæmd leiði til þessarar niðurstöðu sinnar. Hann vísar til 108. gr. laga nr. 6/1978, þar sem segir: „Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni“ og ásamt ákvæðum 113. gr. laga nr. 85/1936 þessu til stuðnings. Þá leiði túlkun ákvæða 111. gr. laga nr. 6/1978 til sömu niðurstöðu að mati hans.

IV.

Sóknaraðili fékk ekki á skiptafundi kröfu sína samþykkta sem forgangskröfu, eftir að honum hafði láðst að lýsa henni sem slíkri fyrir lok kröfulýsingarfrests. Ekkert hefur komið fram, sem afsakar það, að kröfunni var ekki nægilega lýst tímanlega. Með vísun til 111. gr. laga nr. 6/1978 sem og að öðru leyti til rökstuðnings varnaraðila verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila. Ekki er tekin afstaða til þeirrar kröfu varnaraðila, að kröfuupphæð sóknaraðila verði skipað í stöðu almennrar kröfu í skuldaröðinni, þar sem ekki er að sjá, að ágreiningur sé milli aðila um það efni, þegar þeim sleppir, sem er um forgang kröfu sóknaraðila.

Eftir þessi úrslit máls er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila er hafnað. Sóknaraðili, Elías Kristjánsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Skúla Sigurðssonar, 50.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 20. janúar 1993.

Nr. 23/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Hæfi sækjanda. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1993, sem barst réttinum sama dag. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, víki sæti sem sækjandi í málinu.

Rannsóknarlögreglustjóri krefst þess aðallega, að kröfu varnaraðila verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 22. desember 1992, og með bréfi sama dag fól hann rannsóknarlögreglustjóra samkvæmt heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991 að flytja málið fyrir héraðsdómi. Fallast ber á það með héraðsdómara, að rannsóknarlögreglustjóra hafi samkvæmt sama ákvæði verið heimilt að fela Jóni H. Snorrasyni, löglærðum starfsmanni sínum, að fara með málið fyrir hönd embættisins. Með skírskotun til raka héraðsdómarans að öðru leyti verður úrskurður hans staðfestur.

Í endurriti þinghalds 11. janúar 1993 kemur fram, að verjanda ákærða voru fyrst afhent gögn málsins, þá er hann mætti til þinghaldsins. Þrátt fyrir þetta var þinghaldinu fram haldið, án þess að verjanda væri gefinn kostur á að fá frest til að kynna sér gögnin, en mál þetta er umfangsmikið. Er þetta athugavert, enda ber að gæta þess vandlega, að aðilar séu sem jafnast settir fyrir dómi.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 12. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. 262/1992: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsetttu 22. desember sl., sem dóminum barst sama dag og var afhent dómaranum til meðferðar 4. þ. m., höfðar ríkissaksóknari mál fyrir dóminum á hendur ákærða, Hallgrími Viggó Marinóssyni, Dragavegi 6, Reykjavík, kt. 160744-3329, fyrir brennu með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar 1992 lagt eld að þremur stöðum á fyrstu hæð í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík. Er ákærði með þessu talinn hafa valdið eldsvoða, sem hafði í för með sér gífurlegt eignatjón á fasteigninni Borgartúni 32 og innanstokksmunum þar. Þá er ákærða einnig gefið að sök að hafa með framangreindum eldsvoða gert tilraun til vátryggingarsvika, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Með ákæruskjalinu barst bréf ríkissaksóknara, dagsett sama dag, og í niðurlagi þess kemur fram, að hann hafi falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að fara með málið.

Með bréfi rannsóknarlögreglustjóra, dagsettu 8. þ. m., tilkynnti hann dómaranum, að hann hefði með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála falið löglærðum starfsmanni sínum, Jóni H. Snorrasyni deildarstjóra, að sækja þing í málinu og flytja það.

Eftir að málið hafði verið þingfest í gær, gerði verjandi ákærða, Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður, kröfu um það, að Jón H. Snorrason deildarstjóri viki sæti sem sækjandi í málinu.

Verjandi bendir á, að ekki sé berum orðum veitt heimild til þess í áðurgreindri 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, að rannsóknarlögreglustjóri geti falið löglærðum starfsmanni sínum að flytja mál í umboði sínu. Þá bendir verjandi á, að ekki sé við hæfi, að sami maður rannsaki opinbert mál og flytji það fyrir dómi. Skorti á, að gætt sé hlutlægni við rannsókn á atriðum öllum, sem horfa til sýknu eða sektar, ef þetta sé gert, og brjóti gegn 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Enn bendir verjandi á, að jafnræði skorti á milli sín og sækjanda, sem þekki málið nákvæmlega, en það geri verjandi ekki. Segir verjandi, að málið hafi á rannsóknarstigi frekar sætt rannsókn á atriðum, sem horfðu til sektar en sýknu. Sé því óeðlilegt, að sá, er stýrði rannsókninni, sæki málið fyrir dómi.

Sækjandi mótmælir kröfu verjanda og telur ekki vera efni til þess, að hann víki sæti. Telur hann afskipti sín af rannsókn málsins ekki styrkja aðstöðu sína við meðferð þess fyrir dóminum.

Í áðurgreindri 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, segir m. a., að ríkissak-

sóknara sé heimilt að fela lögreglustjórum, þ. á m. rannsóknarlögreglustjóra, flutning mála, sem hann höfði. Í næstu setningu segir, að lögreglustjórar geti falið löglærðum starfsmönnum sínum þetta starf. Í þessari setningu er rannsóknarlögreglustjóra ekki getið.

Það er mat dómsins, að skýra beri síðari setninguna með hliðsjón af hinni fyrri og að þegar rætt er um lögreglustjóra í hinni síðari, sé einnig átt við rannsóknarlögreglustjóra.

Samkvæmt 66. gr. laga nr. 19, 1991, er rannsókn opinberra mála í höndum lögreglu, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Jafnframt er þess getið, að ríkissaksóknari geti gefið fyrirmæli í sambandi við rannsókn mála. Loks segir í lok þessarar greinar, að rannsóknari sé sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds, sem rannsókn stýri eða sinni hverju sinni.

Af framansögðu er ljóst, að ekki er greint á milli lögreglu og ákæruvalds, að því er snertir rannsókn máls, og heimilar áðurgreind 1. mgr. 29. gr. laganna lögreglustjórum, þ. á m. rannsóknarlögreglustjóra, að flytja mál fyrir héraðsdómi, og er hvergi að finna ákvæði þess efnis, að til vanhæfis þeirra geti komið, ef þeir hafi sinnt rannsókn málsins sjálfir eða starfsmenn þeirra.

Það er mat dómsins, að gætt sé fyllstu hlutlægni, enda þótt sami maður hafi haft með höndum rannsókn máls og sæki það síðar fyrir dómi, og ekki eru í lögum ákvæði, sem banna slíkt, enda er ríkissaksóknari æðsti handhafi rannsóknarvalds í opinberum málum og sækir þau jafnframt, stundum eftir að hafa sjálfur gefið fyrirmæli um rannsókn tiltekinna atriða.

Vegna gagnrýni verjanda á rannsókn málsins er þess að geta, að ákærði hafði réttargæslumann, á meðan á henni stóð, og sé verjandi óánægður með rannsóknina, hefur hann sjálfur tök á því að bæta eða láta bæta úr því við meðferð málsins, sem hann telur áfátt við hana.

Ekki verður séð, að þrengt sé að réttindum ákærða samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þótt mál hans sé sótt af manni, sem haft hafi afskipti af rannsókn málsins fyrir útgáfu ákæru. Telur dómurinn ekki skorta á jafnræði með sækjanda og verjanda, enda hefur verjandi öll tök á því að gæta hagsmuna skjólstæðings síns við meðferð málsins.

Samkvæmt framansögðu er synjað kröfu verjanda, að Jón H. Snorrason deildarstjóri víki sæti sem sækjandi í málinu.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu verjanda ákærða í máli þessu, að Jón H. Snorrason deildarstjóri víki sæti sem sækjandi í málinu.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 182/1990. **Halldór Hjálmarsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Braga Þór Jósefssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Húsaleigusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðilar málsins bjuggu í sama húsi, þegar stefndi sendi áfrýjanda bréf um slit á leigusamningi þeirra frá og með 1. mars 1989. Áfrýjandi heldur því fram, að sér hafi ekki borist uppsögnin í hendur fyrr en að kvöldi 1. febrúar 1989, en hún var dagsett 30. janúar sama ár. Áfrýjandi mátti ætla, að stefndi hefði sent hana á hinum síðarnefnda degi, en hann hreyfði þó engum athugasemdum um þetta fyrr en 4. apríl 1989. Verður því að fallast á það með héraðsdómara, að við það verði að miða, að stefndi hafi sent uppsögnina þann dag og uppsagnarfrestur byrjað að líða 1. febrúar 1989.

Hið leigða rými verður eigi talið íbúð í skilningi 2. tl. 13. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Samkvæmt lýsingu í húsaleigusamningi aðila og hinum áfrýjaða dómi fellur það hins vegar undir 1. tl. sömu greinar. Ákvæði 15. gr. laganna um fardaga eiga því ekki við, sbr. 14. gr.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Hjálmarsson, greiði stefnda, Braga Þór Jósefssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 3. maí 1989.

Stefnandi er Bragi Jósefsson, Sæviðarsundi 12, Reykjavík.

Stefndi er Halldór Hjálmarsson, Grenimel 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 15.876 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Aðilar máls þessa gerðu með sér leigusamning um húsnæði í eigu stefnda að Grenimel 9, kjallara, hér í borg, dagsettan 10. desember 1988. Í húsaleigusamningi er húsnæðið skilgreint þannig: „Herbergi með geymslu þar inn af, aðgangur að eldhúsi og bað." Leigumálinn var ótímabundinn og var upphaf hans 1. janúar 1989. Leigugjald var 15.000 krónur á mánuði. Með bréfi, dagsettu 30. janúar 1989, sagði stefnandi leigumálanum upp. Kveðst hann hafa sett tilkynningu inn um póstlúgu á hurð að íbúð stefnda að kvöldi 30. janúar 1989. Stefndi kveðst hafa fengið tilkynningu þessa að kvöldi 1. febrúar 1989. Samkvæmt húsaleigusamningi hafði stefnandi sett tryggingu, að fjárhæð 30.000 krónur, sem stefndi varðveitti. Í aprílbyrjun 1989 kom stefnandi á heimili stefnda og krafði um endurgreiðslu á tryggingarfjárhæðinni. Stefndi bar þá fyrir sig, að uppsögn stefnanda hefði borist of seint, og lyktaði skiptum þeirra þannig, að stefndi greiddi stefnanda 15.000 krónur, en hélt afganginum og bar fyrir sig, að hann hefði ekki fengið leigjanda fyrr en mánuði eftir, að stefnandi fór úr húsnæðinu, og því bæri stefnda leiga fyrir einn mánuð úr hendi stefnanda.

Stefnandi krefur í máli þessu um eftirstöðvar tryggingarfjárhæðarinnar, 15.000 krónur, auk 11% ársvaxta fyrir tímabilið frá 1. janúar til 7. mars 1989, 876 krónur.

Stefnandi ber fyrir sig, að með því að hann hafi sagt upp húsnæðinu með löglegum fyrirvara, beri stefnda að endurgreiða sér tryggingarféð, og vísar stefnandi um þetta til 3. mgr. 55. gr. laga um húsaleigusamninga.

Stefndi ber fyrir sig, að uppsögn stefnanda hafi borist sér of seint og uppsagnarfrestur ekki byrjaður að líða fyrr en 1. mars 1989.

Þá heldur hann því fram, að húsnæði það, sem stefnandi leigði af sér, hljóti að teljast íbúð, þar sem leigutaki hafi haft aðgang að eldhúsi. Vitnar hann í þessu efni m. a. til 2. mgr. 1. gr. laga um fjölbýlishús, þar sem segi, að með

íbúð samkvæmt þeim lögum sé átt við hvert það herbergi, sem eldhús fylgi. Með því að svo sé í þessu tilviki, hljóti hið leigða húsnæði að teljast íbúð, og eigi því ákvæði 2. tl. 13. gr. laga um húsaleigusamninga við um skipti aðila, þar sem uppsagnarfrestur sé minnst þrír mánuðir og miðist þar að auki við fardaga, sem séu 1. júní og 1. október ár hvert.

Þá heldur stefndi því fram, að enda þótt dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að hið leigða væri herbergi, en ekki íbúð, væri uppsögn stefnanda allt að einu með of skömmum fresti, þar sem ákvæði um fardaga eigi við, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um húsaleigusamninga.

Enn fremur heldur stefndi því fram, að er þeir stefnandi hittust á heimili stefnda í apríl sl., hafi orðið samkomulag um uppgjör.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi sagði í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi, að hann hefði fengið uppsögn stefnanda í hendur að kvöldi 1. febrúar 1989.

Stefnandi bar, að hann hefði komið tilkynningunni til stefnda að kvöldi 30. janúar 1989, en tilkynningin, sem lögð hefur verið fram í málinu, er dagsett þann dag.

Samkvæmt 14. gr. laga um húsaleigusamninga telst uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að uppsögn var send leigutaka. Telja verður, að þetta ákvæði eigi einnig við um uppsagnarfrest, er leigutaki segir upp samningi. Tilkynning stefnanda er dagsett 30. janúar 1989, og þykir mega byggja á því, að hann hafi sent hana til stefnda þann dag og frestur því byrjað að líða 1. febrúar 1989, eins og stefnandi heldur fram.

Húsnæði það, sem stefnandi leigði af stefnda, var lýst þannig í leigusamningi: „Herbergi með geymslu þar inn af, aðgangur að eldhúsi og bað", eins og að framan greinir.

Dómurinn gekk á vettvang, og kom fram við vettvangsgöngu, að hið leigða er í íbúð í kjallara hússins og að í sömu íbúð eru tvö önnur herbergi, sem stefndi leigði út hvort í sínu lagi. Þá kom fram, að í kjallara hússins eru tvær aðrar íbúðir, sem stefndi kvaðst leigja út hvora í sínu lagi.

Ekki verður á það fallist, að skilgreining í 2. mgr. 1. gr. laga um fjölbýlishús eigi við hér, þar sem hún tekur einungis til þeirra laga, og í 2. tl. 13. gr. laga um húsaleigusamninga er skilgreining á því, hvað er íbúð, en þar segir, að íbúð teljist hvert það húsnæði, þar sem fjölskylda geti haft venjulega heimilisaðstöðu. Ákvæði þetta verður að skilja þannig, að með venjulegri heimilisaðstöðu sé m. a. átt við, að menn geti að jafnaði notið einkalífs, án þess að aðrir gangi um húsnæði en fjölskyldan og gestir hennar. Ekki verður það heldur talin venjuleg heimilisaðstaða nú á tímum, að fjölskylda búi í einu herbergi. Þá bendir lýsing leiguhúsnæðisins í leigusamningi til sömu niðurstöðu. Verður samkvæmt þessu ekki fallist á það með stefnda, að hann hafi leigt stefnanda íbúð.

Stefndi hefur borið fyrir sig, að enda þótt um leigu á herbergi hafi verið að ræða, verði uppsögn stefnanda allt að einu að teljast ólögmæt, þar sem miða hefði átt við fardag næstan á eftir, 1. júní 1989.

Í 3. tl., B-lið, húsaleigusamnings aðila segir m.a.: „Samningnum skal segja upp skriflega. Uppsagnarfrestur byrjar að líða 1. dag næsta mánaðar eftir uppsögn (14. gr. laganna). Uppsagnarfrestur er einn mánuður á einstökum herbergjum.

Uppsagnarfrestur íbúða er af hálfu leigutaka ætíð 3 mánuðir, en af hálfu leigusala: eftir allt að 1 árs leigutíma 3 mánuðir, eftir 1-5 ára samfellda leigu 6 mánuðir, eftir 5 ára eða lengri samfellda leigu 12 mánuðir. Uppsögn á íbúð miðast ætíð við næsta fardag, og eru fardagar tveir á ári, 1. júní og 1. október (15. gr. laganna).“

Ákvæði þetta verður skýrt þannig, að uppsögn herbergja miðist ekki við fardaga, og er það að þessu leyti hagfelldara stefnanda en ákvæði húsaleigulaganna, enda verður að telja skýringarkost þennan í samræmi við reglu þá, sem fram kemur í 2. gr. laganna.

Samkvæmt þessu verður fallist á það með stefnanda, að hann hafi sagt upp herbergi því, er hann hafði á leigu í húsi stefnda að Grenimel 9, í samræmi við ákvæði leigusamningsins frá 10. desember 1988 og að stefnda beri að endurgreiða honum þann hluta tryggingarfjár, er stefndi hélt fyrir honum, með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Fallist er á, að stefnda beri að greiða vexti af tryggingarfjárhæð, eins og krafist er í stefnu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 65.000 krónur í málskostnað, og er þá tekið tillit til reglna um greiðslu söluskatts og virðisaukaskatts af lögmannsþóknun.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Hjálmarsson, greiði stefnanda, Braga Jósefssyni, 15.876 krónur með 24% ársvöxtum frá 7. mars 1989 til 1. apríl 1989 og með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 3. maí 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. mars 1990.

Stefndi greiði stefnanda 65.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma, er liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögu.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðarfjárhæðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1991.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 78/1990. **Höfðahreppur**
(Óskar Magnússon hdl.)
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Húnvetninga
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Ábyrgð. Sveitarstjórnarlög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febrúar sama ár. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi var varakrafa stefnda (stefnanda í héraði) tekin til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld á grundvelli einfaldrar ábyrgðar, þar eð sjálfskuldarábyrgð hans á skuldinni væri óheimil að lögum. Málinu var ekki gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Kemur varakrafa hans í héraði því ein til álita fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 getur sveitarstjórn „veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar".

Þessum áskilnaði um tryggingar var ekki fullnægt í umræddu tilviki. Voru því ekki lagaskilyrði til þess, að sveitarsjóður Höfðahrepps tækist á hendur einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf. við stefnda. Af því leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að eigi voru efni til þess, að héraðsdómari fjallaði

efnislega um þrautavarakröfur stefnanda, eftir að hann hafði tekið varakröfu hans til greina.

Eftir að málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi í héraði, dróst dómsuppsaga hátt í sex vikur. Í héraðsdómi er engin skýring gefin á þessum drætti. Ber að átelja hann.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Höfðahreppur, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kaupfélags Húnvetninga, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég er samþykk því, sem segir í atkvæði meiri hluta dómara um það, að eingöngu varakrafa stefnanda í héraði (stefnda hér fyrir dómi) komi til álita fyrir Hæstarétti. Þá er ég einnig samþykk athugasemdum meiri hluta dómara um héraðsdóminn og drátt á uppkvaðningu hans.

Eins og lýst er í héraðsdómi, samþykkti hreppsnefnd Höfðahrepps einróma á fundi sínum 8. maí 1987 að veita Mánavör hf. hreppsábyrgð fyrir skuldabréfi, að fjárhæð allt að 600.000 krónum. Sveitarstjóri hreppsins undirritaði síðan skuldabréf, að fjárhæð 700.000 krónur, sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Var því lýst yfir af hálfu aðila við málflutning hér fyrir dómi, að ekki væri ágreiningur um fjárhæð þá, sem samþykkt hreppsnefndar náði til. Stefndi tók skuldabréf þetta sem greiðslu viðskiptaskuldar Mánavarar hf. Var stefndi í góðri trú um ábyrgð hreppsins, enda var það skilyrði sett af hálfu stefnda fyrir töku skuldabréfsins, að um slíka ábyrgð væri að ræða. Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er sveitarstjórn heimilt að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Ég fellst á það, sem segir í héraðsdómi, að sveitarstjórn hafi nokkurt svigrúm til að meta gildi og form slíkra trygginga, og er samþykk þeirri niðurstöðu hans, eins og öllum atvikum var háttað, að hreppsnefnd hafi verið bundin við ábyrgðaryfirlýsingu sína.

Ég tel því samkvæmt framansögðu, að staðfesta beri héraðsdóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 14. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. september sl., hefur Kaupfélag Húnvetninga, Blönduósi, kt. 680169-6329, höfðað fyrir dóminum 29. maí 1989 með ódagsettri stefnu á hendur oddvita Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, Adolf J. Berndsen, Bankastræti 9, Skagaströnd, kt. 281234-3229, fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps og Höfðahrepps, kt. 651669-6039, og til vara á hendur Guðmundi Sigvaldasyni, Bogabraut 9, Skagaströnd, kt. 140454-4869, sveitarstjóra Höfðahrepps, persónulega, og gerir eftirtaldar dómkröfur:

Aðalkrafa stefnanda er sú, að sveitarsjóður Höfðahrepps verði dæmdur til að greiða stefnanda 734.687,75 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, og Höfðahreppur beri einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf., Skagaströnd, nnr. 8936-6666, við stefnanda í máli þessu, Kaupfélag Húnvetninga, Blönduósi, skv. skuldabréfi, sem gefið er út 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 1. ágúst 1987, sem bundið er lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður á hverjum tíma, árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987, en ákvörðun um hreppsábyrgð Höfðahrepps á skuld þessari skv. téðu skuldabréfi var tekin á hreppsnefndarfundi Höfðahrepps 8. maí 1987.

Til þrautavara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að Höfðahreppur, Austur-Húnavatnssýslu, beri húsbóndaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri ábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf., Skagaströnd, skv. skuldabréfi, útg. 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda í máli þessu, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður hverju sinni, árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987.

Til þrautaþrautavara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að varastefndi, Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Höfðahrepps, beri persónulega skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi þessa máls varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri sjálfskuldarábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf., Skagaströnd, skv. skuldabréfi, út gefnu 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 1. ágúst 1987, bundnu lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður hverju sinni,

árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987.

Ef niðurstaða þessa máls verður sú, að ein af þeim viðurkenningarkröfum stefnanda, sem fram koma í dómkröfum, verður til greina tekin, er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 734.687,75 kr. með þeim vaxtafæti, sem tilgreindur er, að frádregnum 29.166,60 kr., 7. des. 1987 og að þeir vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól, sem vextir reiknist síðan af.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri sá málskostnaður dráttarvexti frá þingfestingu málsins.

Með framlagningu dómskjals nr. 14 leiðrétti stefnandi stefnukröfur sínar þannig: ,,að sveitarsjóður Höfðahrepps greiði stefnanda 728.098,26 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Dómkröfur aðalstefnda eru, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess, að greiða ber söluskatt á þóknun fyrir lögfræðiþjónustu.

Einnig er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur varastefnda eru þær, að varastefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnandi verði dæmdur til að greiða varastefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess, að skylt er að greiða söluskatt á þóknun fyrir lögfræðiþjónustu.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu 29. maí 1989, þar sem lögð voru fram af hálfu stefnanda skjöl nr. 1-11, en af hálfu sjálfs sín og stefnda sótti varastefndi þing og lagði fram skjöl nr. 12-13. Málinu var þá frestað til málflutnings.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi, hreppsnefnd Höfðahrepps, hafi 8. maí 1987 samþykkt á hreppsnefndarfundi með öllum greiddum atkvæðum að veita Skipasmíðastöðinni Mánavör hf., Skagaströnd, hreppsábyrgð fyrir skuldabréf, að fjárhæð 600.000 kr., skv. skriflegri beiðni skipasmíðastöðvarinnar, dags. 8. maí 1987. Hinn 30. júní 1987 gefur Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri Mánavarar hf., síðan út skuldabréf f. h. Mánavarar hf., að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrstu afborgun 1. ágúst 1987, bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti samkvæmt ákvörðun Búnaðarbanka Íslands. Svohljóðandi ábyrgð er rituð á skuldabréfið: ,,Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og dráttar-

vaxta og vísitöluálags af bréfi þessu svo og öllum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða, takast eftirtaldir aðilar á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu: sveitarsjóður Höfðahrepps, nnr. 4452-2403." Ábyrgð þessi er undirrituð af Guðmundi Sigvaldasyni, sveitarstjóra Höfðahrepps.

Stefnandi lánaði síðan Mánavör hf. þá fjárhæð, er í skuldabréfinu greinir. Hinn 7.12. 1987 voru greiddar 29.166,60 kr. inn á kröfu stefnanda samkvæmt skuldabréfinu. Hinn 10. nóvember 1988 tilkynnir aðalstefndi stefnanda bréflega, að aðalstefndi telji sig ekki bundinn af sjálfskuldarábyrgðinni á nefndu skuldabréfi. Bæði aðalstefndi og varastefndi vísa til dskj. nr. 1 um málavexti.

— — —

Niðurstaða.

Af hálfu stefndu hefur ekki komið fram, að vísa beri máli þessu frá dómi í heild sinni eða einstökum kröfum.

Í stefnu segir, að aðalkrafa stefnanda sé reist á skuldabréfinu einu sér, og sé málið rekið skv. XVII. kafla 1. nr. 85, 1936, varðandi þá kröfu. Ekki varðar það frávísun, þó að aðrar kröfur séu hafðar uppi í málinu, þar sem XVII. kafli 1. nr. 85, 1936, á ekki við, þar eð kröfur í máli þessu eru af sömu rót runnar. Samkvæmt 3. mgr. 207. gr. l. nr. 85, 1936, má reka mál til greiðslu skuldar skv. skuldabréfi skv. XVII. kafla 1. nr. 85, 1936. Verður að telja, að í XVII. kafla 1. nr. 85, 1936, séu sérreglur, sem leyfi afbrigðilega meðferð tiltekinna mála og séu til hagræðingar og hagkvæmni varðandi slík mál, en eigi ekki að girða fyrir það, að hafa megi uppi í sama dómsmáli kröfur, er lúta almennri meðferð einkamála, enda hafi aðilar forræði sakar. Auk þess gilda l. nr. 85, 1936, að öðru leyti um mál skv. XVII. kafla laganna, sbr. 210. gr. s. l. Verður því að telja stefnanda heimilt að hafa þennan hátt á málatilbúnaði sínum. Í stefnu er oddvita Höfðahrepps stefnt fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps og Höfðahrepps. Samkvæmt 1. gr. l. nr. 8, 1986, eru sveitarfélög lögaðilar. Sveitarsjóður Höfðahrepps er eign Höfðahrepps, og hefur hreppurinn forræði um sveitarsjóð sinn. Það var því ekki þörf á því að stefna oddvita Höfðahrepps fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps samhliða Höfðahreppi. Þar sem engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur sveitarsjóði Höfðahrepps í máli þessu, verður ekki tekin frekari afstaða til þessa atriðis í dóminum.

Við munnlegan málflutning skýrði stefnandi kröfu sína þannig, að henni væri beint gegn Höfðahreppi. Stefnandi heldur því fram, að Höfðahreppur beri sjálfskuldarábyrgð á kröfu stefnanda vegna skuldar Mánavarar hf. við stefnanda. Stefnandi hafi því sjálfstæða kröfu á hendur Höfðahreppi samkvæmt áritun á dskj. nr. 3 um sjálfskuldarábyrgð, þar sem krafan sé fallin í gjalddaga.

Það er viðurkennd skilgreining á hugtakinu „krafa", að það sé lögvarin heimild kröfuhafa á hendur skuldara, að hann inni af hendi skuldbindingu sína. Í 4. mgr. 89. gr. laga nr. 8, 1986, segir: „Eigi má binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins." Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 8, 1986, kemur fram, að óheimilt eigi að vera að veita slíka sjálfskuldarábyrgð í því skyni að takmarka fjárhagslega umfangsmiklar ráðstafanir sveitarfélaga gegn einkafyrirtækjum. Ákvæði þetta er fortakslaust. Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið stefnanda, að Mánavör hf. teljist til stofnana sveitarfélags í skilningi l. nr. 8, 1986, þar eð stofnanir sveitarfélags eru stofnanir, sem starfræktar eru af sveitarfélagi til að inna af hendi lögbundin verkefni sveitarfélaga. Aðrar málsástæður stefnanda koma eigi til álita varðandi kröfu þessa. Samkvæmt framansögðu telst aðalkrafa stefnanda eigi lögvarin, og verður stefndi sveitarsjóður Höfðahrepps og Höfðahreppur því sýknaður af kröfu stefnanda. Aðrar málsástæður stefnanda leiði eigi til annarrar niðurstöðu.

Með varakröfu sinni krefst stefnandi viðurkenningar á einfaldri ábyrgð stefnda auk greiðslu stefnufjárhæðar. Í 5. mgr. 89. gr. l. nr. 8, 1986, segir: „Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar."

Ómótmælt er, að á fundi hreppsnefndar Höfðahrepps 8. maí 1987 samþykkti öll hreppsnefndin með fimm atkvæðum að veita Mánavör hf. hreppsábyrgð fyrir skuldabréfi, að upphæð allt að 600.000 kr. Fram hefur komið hjá aðilum, að sveitarstjóri Höfðahrepps hafði venjulega séð um framkvæmd og afgreiðslu hreppsábyrgða, sem Höfðahreppur gekk í, fyrir og á þeim tíma, sem mál þetta snýst um. Ómótmælt er því, að 8. maí 1987 hafi það verið vilji stefnda að gangast undir hreppsábyrgð á skuld Mánavarar hf. skv. skuldabréfi, að fjárhæð allt að 600.000 kr. Í framhaldi af því undirritar sveitarstjóri dskj. nr. 3, ábyrgðaryfirlýsingu f. h. Höfðahrepps. Stefndi mótmælti því í greinargerð, að bókun hreppsnefndar á hreppsnefndarfundi 8. maí 1987 megi jafna til ábyrgðaryfirlýsingar stefnda á þessari tilteknu skuld Mánavarar hf. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að bókun hreppsnefndar eigi við aðra eða aðrar skuldir Mánavarar hf. Verður því að hafna mótmælum stefnda um þetta atriði. Stefndi mótmælir því, að það, að Mánavör hf. beri fyrst og fremst ábyrgð á skuldinni, sé ekki á neinn hátt unnt að meta sem tryggingu í skilningi 5. mgr. 89. gr. Jafnframt mótmælir stefndi því, að fjárhæðir krafna haggi niðurstöðunni. Stefnandi hefur fært rök að því, að nægar tryggingar séu fyrir hreppsfélagið, vegna þess að Mánavör hf. starfi áfram í bæjarfélaginu.

Í greinargerð með lagafrumvarpi, er síðar var samþykkt sem lög nr. 8, 1986, kemur fram, að ákvæði 89. gr. laganna séu nýmæli, sem styðjist við

fyrirmyndir í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Tilefni þessara nýmæla var það, að í tíð eldri sveitarstjórnarlaga bar oft við, að töluverð ásókn væri á sveitarstjórnir um að veita ábyrgðir til kaupa á fiskiskipum og til annarra fjárfestinga í atvinnurekstri á vegum einkafyrirtækja. Var tilgangur nýmæla 4. og 5. mgr. 89. gr. l. nr. 8, 1986, sá, að þar sem sveitarstjórnir væru oft berskjaldaðar fyrir slíkri ásókn, gæti, ef illa færi, ábyrgð af þessu tagi lagt þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra um langan tíma og torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Taldi nefndin, sem vann að undirbúningi lagafrumvarpsins, að takmarka bæri heimildir í þessu efni.

Samkvæmt þessu var tilgangur með setningu 4. og 5. mgr. 89. gr. l. nr. 8, 1986, sá í fyrsta lagi að koma í veg fyrir eða takmarka, að slíkar ábyrgðir legðu þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra, og í öðru lagi, að slíkar byrðar yrðu ekki til langs tíma og gætu þannig torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Í 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8, 1986, eru verkefni sveitarfélaga m. a. talin vera atvinnumál, þar á meðal atvinnuleysisskráning, vinnumiðlun og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort. Ómótmælt er, að starfandi hjá Mánavör hf. voru að jafnaði 10%-12% vinnufærra manna á Skagaströnd, og hafði Höfðahreppur verið annar aðalhluthafa fyrirtækisins frá árinu 1983 með fulltrúa í stjórn þess.

Með hliðsjón af tilefni og tilgangi laga nr. 8, 1986, verður að líta svo á, að við veitingu einfaldrar ábyrgðar skv. 5. mgr. 89. gr. þeirra laga hafi sveitarstjórn nokkurt svigrúm til að meta gildi tryggingа skv. þeirri grein og einnig, í hvaða formi slík trygging sé, svo framarlega sem ekki séu lagðar langvarandi þungar byrðar á sveitarfélagið og íbúa þess. En það myndi væntanlega sér í lagi vera talið brjóta gegn þessari reglu, ef um ábyrgðir vegna verulegra fjárfestinga og fjárfestinga í áhætturekstri einkafyrirtækja væri að ræða og engar tryggingar væru fengnar.

Ákvæði 5. mgr. 89. gr. l. nr. 8, 1986, eru undantekningarákvæði frá meginreglu íslensks réttar um samningafrelsi, sem felur í sér frelsi manna til að gera samninga sín á milli og ákveða efni slíkra samninga. Verður með hliðsjón af framangreindu og með hliðsjón af annarri meginreglu íslensks réttar, þeirri, að samninga skuli efna, að túlka efni fyrrgreindrar lagareglu þröngt. Telja verður, að tilgangur löggjafans með setningu nefnds ákvæðis hafi ekki verið að takmarka heimild sveitarfélags til þess að ganga í einfalda ábyrgð vegna fjárskuldbindinga fyrirtækja, sem sveitarfélagið er verulegur hluthafi í og á fulltrúa í stjórn og skiptir verulegu máli fyrir atvinnulíf á viðkomandi stað, sé ekki um að ræða fjárskuldbindingu, sem sé þung byrði á sveitarfélaginu og íbúum þess um langan tíma, svo að slík ábyrgð torveldi framkvæmd meginverkefna sveitarfélagsins. Verður að telja, að umrædd ábyrgðarskuldbinding Höfðahrepps vegna skuldar Mána-

varar hf. hafi ekki verið þess eðlis, að hún væri til þess fallin, að hún torveldaði framkvæmd meginverkefna sveitarfélagsins, þ. á m. atvinnumál Höfðahrepps. Þegar framangreint er virt og að upplýst er, að stefndi hafði um árabil veitt slíkar ábyrgðir, og með tilliti til þess, að ekki hafi verið um verulega fjárfestingu til langs tíma að ræða í máli því, sem hér er til umfjöllunar, verður að líta svo á, að stefndi sé skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu þeirri, sem getur í dskj. nr. 3, skv. varakröfu stefnanda um einfalda ábyrgð, en að öðru leyti með skilmálum þeim, sem getur í dskj. nr. 3, þar á meðal um greiðslu vaxta og verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu. Ljóst er af gögnum málsins, að greiðslufall varð hjá aðalskuldara 1. ágúst 1987 og síðan greiðsluþrot í febrúar 1989, eins og sýnt er með kröfulýsingu stefnanda í þrotabú Mánavarar hf.

Telja verður, að samkvæmt 4.-5. mgr. 71. gr. laga nr. 8, 1986, hafi sveitarstjóra verið heimilt að undirrita ábyrgðaryfirlýsingu, þar sem hann skuldbindur Höfðahrepp, hafi samþykki sveitarstjórnar á gerningi legið fyrir. Verður að telja viljayfirlýsinguna sem slíka bindandi fyrir stefnda án tillits til þess, hvort um eiginlegan þriðjamannslöggerning hafi verið að ræða eða ekki við ákvörðun hreppsnefndar Höfðahrepps um ábyrgð vegna skuldar Mánavarar hf.

Er því rétt að dæma stefnda til greiðslu nefndrar ábyrgðarskuldar, en þar sem innheimtuaðgerðir hófust ekki gegn aðalskuldara fyrr en 13. 3. 1989, reiknast dráttarvextir frá þeim degi af 728.098,26 kr. samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, til greiðsludags, og skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af sameiginlegri fjárhæð á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. l. nr. 25, 1987, allt að frádregnum 41.086 kr.

Samkvæmt þessari niðurstöðu dæmist stefndi, Höfðahreppur, til að greiða málskostnað, sem ákveðst 185.654 kr. Vextir reiknast ekki á málskostnað, og er stefndi sýknaður af þeirri kröfu skv. 175. gr., 3. mgr., l. nr. 85, 1936. Ekki er krafist dóms um sérstakan söluskatt.

Um þrautavarakröfu.

Telja verður, að samband hreppsnefndar og Höfðahrepps hafi ekki verið þess eðlis í máli þessu, að reglur skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð stefnda á verkum hreppsnefndar komi til virðingar. Ekki hefur verið sýnt fram á, að um skaðabótaskylt tjón vegna saknæmrar og ólögmætrar hegðunar hreppsnefndar sé að ræða. Stefndi verður því sýknaður af þeirri kröfu.

Um þrautaþrautavarakröfu.

Telja verður, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna athafna varastefnda. Verður því varastefndi sýknaður

af kröfum stefnanda. Dæmist stefnandi til að greiða varastefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 87.813 kr., þar af 8.107,80 kr. í sérstakan söluskatt samkvæmt III. kafla laga nr. 1, 1988.

Tildæmdur málskostnaður varastefnda ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags skv. 3. mgr. 175. gr. l. 85, 1936.

Sverrir Friðriksson, fulltrúi sýslumanns Húnavatnssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Höfðahreppur, greiði stefnanda, Kaupfélagi Húnvetninga, 728.098,26 kr. ásamt vöxtum og verðbótum, sem í skuldabréfi, út gefnu 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda greinir, frá 1. 8. 1987 til 13. 3. 1989, en með 21,6% ársvöxtum frá 13. 3. 1989 til 1. 4. 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags, og skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af sameiginlegri fjárhæð á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. l. nr. 25, 1987, allt að frádregnum 41.086 kr., pr. 7. 12. 1987.

Stefndi, Höfðahreppur, greiði stefnanda 185.643 kr. í málskostnað.

Varastefndi, Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kaupfélags Húnvetninga. Stefnandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði varastefnda 87.813 kr. í málskostnað, þar af 8.107,80 kr. í sérstakan söluskatt samkvæmt III. kafla laga nr. 1, 1988.

Tildæmdur málskostnaður varastefnda ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 251/1990. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Agli Vilhjálmssyni hf.
(Agnar Gústafsson hrl.).

Launaskattur. Fyrning. Nauðasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1990. Hann gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 567.001 krónu með dráttarvöxtum sem hér segir: 4% á mánuði af 150.290 krónum frá 15. apríl 1985 til 1. júní s. á., 3,5% á mánuði frá þeim degi til 15. júní s. á., 3,5% á mánuði af 243.776 krónum frá þeim degi til 15. ágúst s. á., 3,5% á mánuði af 320.372 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., 3,75% á mánuði frá þeim degi til 15. nóvember s. á., 3,75% á mánuði af 403.395 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1986, 3,75% á mánuði af 446.855 krónum frá þeim degi til 1. mars s. á., 2,75% á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s. á., 2,25% á mánuði frá þeim degi til 15. maí s. á., 2,25% af 477.657 krónum frá þeim degi til 15. júlí s. á., 2,25% á mánuði af 486.366 krónum frá þeim degi til 15. september s. á., 2,25% á mánuði af 505.553 krónum frá þeim degi til 15. nóvember s. á., 2,25% á mánuði af 521.806 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1987, 2,25% á mánuði af 567.001 krónu frá þeim degi til 1. mars s. á., 2,5% á mánuði frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu.

Til vara krefst áfrýjandi greiðslu á 373.350 krónum með dráttarvöxtum.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefndi greiði áfrýjanda 163.606 krónur og 209.744 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Skattstofu Reykjavíkur frá 26. febrúar 1991. Þar kemur fram eftirfarandi lýsing á álagningu launaskatts gjaldárin 1986 og 1987:

„Gjaldendum bar að reikna launaskatt af launum ákveðinna tímabila tekjuársins og skila skýrslu ásamt greiðslu til tollstjórans í Reykjavík.

Eftirfarandi gjaldár bar launagreiðendum síðan að standa skil á launamiðum og launaframtali, sem lagt var til grundvallar endanlegri álagningu launaskatts með þeim leiðréttingum á stofni, er lög stóðu til. Álagning fór fram samtímis venjubundinni álagningu allra annarra gjalda álögðum af skattstjóranum í Reykjavík.

Við vélrænan samanburð álagningar og innborgana kom síðan í ljós, hvort innborganir stemmdu við endanlega uppgefin laun ásamt hlunnindum, og gat þá ýmist verið um að ræða inneign eða skuld að hluta eða öllu leyti.

Endanleg álagning launaskatts var síðan auglýst í Lögbirtingablaðinu, en gjaldendum sendur álagningarseðill launaskatts, þar sem fram kom álagning viðkomandi - ásamt greiðslustöðu við tollstjórann í Reykjavík.

Við könnun á framtalsgögnum Egils Vilhjálmssonar hf., kt. 510169-4689, gjaldárin 1986 og 1987 kom eftirfarandi í ljós:

Gjaldandi stóð hvorki skil á launaskatti á viðkomandi gjaldtímabilum áranna 1985 og 1986 né afhenti hann á þeim tíma launaskattsskýrslu án greiðslu v/greiðsluskyldu sinnar. Það er því fyrst með launaframtali, dags. 15. 2. 1986, að upplýst er af hans hálfu um greiðsluskyldu v/launagreiðslna á árinu 1985 og með launaframtali, dags 3. 4. 1987, liggur fyrir greiðsluskylda vegna greiddra launa og hlunninda á árinu 1986."

Í máli þessu er hvorki deilt um útreikning skattsins né gjaldskyldu. Stefndi heldur því hins vegar fram, að launaskattur fyrir fyrstu fjögur tímabil ársins 1985 sé fyrndur, sbr. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Verði ekki á það fallist, telur hann, að sá launaskattur

falli undir nauðasamninga stefnda, sem staðfestir voru í skiptarétti 26. maí 1986, að því er varðaði kröfur, sem gjaldfallnar voru 5. desember 1985.

Stefndi stóð ekki skil á launaskatti af launum áranna 1985 og 1986 á gjalddögum lögum samkvæmt. Vegna þessarar vanrækslu stefnda fór álagning því ekki fram fyrr en í júlí 1986 fyrir launaskattstímabilin 1985, sem hér er um deilt, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt. Launaskattur þessi er því ófyrndur, sbr. 7. gr. laga nr. 14/1905.

Áfrýjandi vissi af framangreindum ástæðum ekki um skattskyldar launagreiðslur stefnda 1985, er tilraunir hans til nauðasamninga hófust 5. desember sama ár, og launaskattskrafa á hendur honum vegna ársins 1985 hafði þá ekki stofnast. Féll hún því ekki undir ákvæði nauðasamnings þess, sem staðfestur var 26. maí 1986.

Aðalkrafa áfrýjanda verður þannig tekin til greina að fullu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Egill Vilhjálmsson hf., greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík, 567.001 krónu með dráttarvöxtum sem hér segir: 4% á mánuði af 150.290 krónum frá 15. apríl 1985 til 1. júní s. á., 3,5% á mánuði frá þeim degi til 15. júní s. á., 3,5% á mánuði af 243.776 krónum frá þeim degi til 15. ágúst s. á., 3,5% á mánuði af 320.372 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., 3,75% á mánuði frá þeim degi til 15. nóvember s. á., 3,75% á mánuði af 403.395 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1986, 3,75% á mánuði af 446.855 krónum frá þeim degi til 1. mars s. á., 2,75% á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s. á., 2,25% á mánuði frá þeim degi til 15. maí s. á., 2,25% af 477.657 krónum frá þeim degi til 15. júlí s. á., 2,25% á mánuði af 486.366 krónum frá þeim degi til 15. september s. á., 2,25% á mánuði af 505.553 krónum frá þeim degi til

15. nóvember s. á., 2,25% á mánuði af 521.806 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1987, 2,25% á mánuði af 567.001 krónu frá þeim degi til 1. mars s. á., 2,5% á mánuði frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda 240.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þriðjudaginn 20. mars sl., hefur tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19, Reykjavík, kt. 650269-7649, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. nóvember 1989, á hendur Agli Vilhjálmssyni hf., kt. 510169-4689, Smiðjuvegi 4, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér gjaldfallnar launaskattsskuldir með höfuðstól, samtals að fjárhæð 567.001 kr., og með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 163.606 kr. með dráttarvöxtum frá birtingardegi stefnu í máli þessu. Þá krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Til vara krefst stefndi, að af stefnukröfunni verði 403.395 kr. greiddar í samræmi við nauðasamninga, sem staðfestir voru í skiptarétti Reykjavíkur 26. maí 1986. Gildi það um skuldir stefnda, er gjaldfallnar voru 5. desember 1985. Eftirstöðvar stefnukröfunnar greiðist með dráttarvöxtum frá birtingardegi stefnu í máli þessu. Þá krefst stefndi, að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsástæður sínar og lagarök vera eftirgreind:

Mál þetta sé höfðað með stoð í lögum nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 5/1982 og lög nr. 3/1986 um breytingar á þeim lögum. Almennar reglur um, að greiða beri launaskatt til ríkissjóðs og hverjir séu skattskyldir, komi fram í 1. og 2. gr. framangreindra laga. Þær skuldir, sem mál þetta snúist um og stefndi hafi eigi staðið skil á, sé almennur launaskattur samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 5/1982 og lög nr. 3/1986, vegna

1. til og með 5. launaskattstímabili ársins 1985 og vegna 2. til og með 6. tímabili ársins 1986, alls tíu launaskattstímabil.

Almenni launaskatturinn sé lagður á stefnda af skattstjóra, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1982 og 8. gr. laga nr. 3/1986, hinn 21. júlí 1986 vegna allra tímabila ársins 1985 og 25. júlí 1987 vegna þeirra fimm tímabila ársins 1986, sem stefnt sé vegna.

Dráttarvextir reiknist frá gjalddögum í samræmi við 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982 og 7. gr. laga nr. 3/1986. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1965 um launaskatt sjái skattstjóri um álagningu launaskatts á skattskylda aðila, sem eigi greiði ótilkvaddir. Samkvæmt 10. gr. framangreindra laga um launaskatt annist stefnandi þessa máls innheimtu skattsins. Innheimtutilraunir stefnanda hafi ekki borið árangur, og því sé hann knúinn til þessarar málshöfðunar.

3.0.

Stefndi segir málsástæður og lagarök sín vera eftirgreind:

Stefndi telur, að launaskattur fyrir fyrstu fjögur tímabil ársins 1985 sé fyrndur, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Gjalddagi launaskatts þessa hafi verið sem hér segi:

1. tímabil 15. 4. 1985	kr.	152.290
2. tímabil 15. 6. 1985	—	9.486
3. tímabil 15. 8. 1985	—	76.596
4. tímabil 15. 11. 1985	—	83.023
	Kr.	403.395

Stefndi telur, að miða eigi upphaf fyrningarfrests ofangreinds launaskatts við þau tímamörk, þegar hann hafi fallið í gjalddaga samkvæmt ofanrituðu, en ekki, þegar skattstjóri leggi launaskattinn á 21. júlí 1986. Stefnda hafi borið að greiða launaskattinn á réttum gjalddögum, sem breytist ekki, þótt viðkomandi aðili standi ekki í skilum, enda krefjist stefnandi dráttarvaxta frá þessum gjalddögum.

Verði ekki fallist á, að ofangreind fjárhæð sé fyrnd, sé gerð sú varakrafa, að fjárhæðin falli undir nauðasamninga stefnda, sem staðfestir hafi verið í skiptarétti Reykjavíkur 26. maí 1986, að því er varði kröfur á hendur stefnda, sem gjaldfallnar hafi verið 5. desember 1985. Beri því að gera upp þennan hluta stefnukröfunnar með þeim hætti, sem í nauðasamningum greini.

Með hliðsjón af því, að stefnandi hefjist ekki handa um innheimtu launaskatts fyrr en nú, telji stefndi, að ekki beri að reikna dráttarvexti fyrr en frá birtingardegi stefnu í máli þessu.

4.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14 frá 20. október 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda er aðalreglan sú, að fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafan varð gjaldkræf. Gjalddagi kröfu er því upphaf fyrningarfrestsins. Samkvæmt 3. tl. 3. gr. sömu laga fyrnast kröfur þær, err lögtaksrétt hafa, á fjórum árum, en samkvæmt 10. gr. laga nr. 14 frá 15. mars 1965, sbr. 12. gr. laga nr. 5/1982, sbr. og 5. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981, fylgir kröfum stefnanda lögtaksréttur.

Ef krafa er ekki viðurkennd, getur kröfuhafi slitið fyrningu með málsókn eða því, sem jafngildir málsókn, áður en fyrningarfrestur er liðinn, og verður í þessu máli að miða við stefnubirtingardag, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905. Hér er um að ræða launaskatt, sem lagður hefur verið á samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1982 og 8. gr. laga nr. 3/1982. Gjalddagar skattsins eru sex á ári, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982 og 7. gr. laga nr. 3/1986. Ekki er það umdeilt í málinu, að gjalddagar launaskatts fyrir fyrstu fjögur tímabil ársins 1985 hafi verið fyrir 17. nóvember 1985, sbr. áðurgreind ákvæði laganna, fyrir meira en fjórum árum, töldum frá birtingardegi stefnu. Dráttarvaxta er og krafist frá gjalddögum.

Stefnandi telur, að fyrningarfrestur greinds launaskatts skuli ekki miðast við gjalddaga kröfunnar, heldur frá ákvörðun hans samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laganna samkvæmt framansögðu, þar sem ekki hafi verið kleift að hefja innheimtu hans fyrr. Hann telur skuldina ekki gjaldkræfa, fyrr en hún hafi verið lögð á gjaldanda af skattstjóra.

Dómurinn lítur svo á, að þótt innheimta launaskattsins geti ekki hafist fyrr en við ákvörðun skattstjóra samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laganna, breyti það ekki gjalddaga kröfunnar og skyldu til að greiða hana og vanskilavexti frá þeim tíma. Hér er um íþyngjandi lög að ræða, þar sem engin sérákvæði eru um fyrningu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að fjögur ár séu ekki nægilega rúmur tími fyrir skattyfirvöld til álagningar og innheimtu skattsins, þ. á m. til ráðstafana til að koma í veg fyrir fyrningu hans, og því beri brýna nauðsyn til að breyta þeirri meginreglu, að fyrning skuli hefjast á gjalddaga kröfu.

Tilvísun til annarra skattalaga og annarra fordæma um fyrningu endurálagðs skatts eiga hér ekki við, þar sem alltaf virðist í þeim tilvikum um að ræða, að nýr gjalddagi komi til eftir endurálagningu viðkomandi skatts, en það á ekki við um launaskatt þann, sem mál þetta fjallar um.

Með tilvísun til þessa verður að fallast á málsástæður stefnda um fyrningu í máli þessu. Þar sem launaskattskrafa stefnanda fyrstu fjögur tímabil ársins 1985 er fyrnd samkvæmt framansögðu, þarf þegar af þeirri ástæðu ekki að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnda, að krafan fyrir þessi

tímabil falli undir nauðasamninga stefnda, sem staðfestir voru í skiptarétti Reykjavíkur 26. maí 1986.

Þar sem launaskattskrafa stefnanda fyrir síðasta tímabil ársins 1985 og allt árið 1986 er óumdeild, verður að fallast á kröfur stefnanda að því marki, svo sem nánar greinir í dómsorði. Fallast verður á dráttarvaxtakröfur stefnanda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 15.000 kr. Söluskattur verður ekki dæmdur af málskostnaði, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu hans.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Egill Vilhjálmsson hf., greiði stefnanda, tollstjóranum í Reykjavík, 163.606 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum auk 15.000 króna í málskostnað].

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 161/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Arnari Má Þórissyni og
Borgari Þór Þórissyni
(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1992 að ósk ákærðu og einnig af hálfu ákæruvalds, að því er þá varðar. Ákærði X, sem sakfelldur var í héraðsdómi, hefur ekki óskað áfrýjunar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða Arnars Más verði staðfest og ákærði Borgar Þór sakfelldur, eftir því sem ákæra greinir, en refsing beggja ákærðu þyngd.

Ákærðu krefjast þess hvor um sig, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Gera ber ákærðu að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Arnar Már Þórisson og Borgar Þór Þórisson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar að hálfu hvor, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 133-135/1992: Ákæruvaldið gegn Arnari Má Þórissyni, Borgari Þór Þórissyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. janúar sl., á hendur ákærðu, Arnari Má Þórissyni, Skeljagranda 6, fæddum 23. október 1973, fæðingarnúmer 337, Borgari Þór Þórissyni, Skeljagranda 6, fæddum 23. október 1973, fæðingarnúmer 345, og X [...] „fyrir eftirgreinda stuldi, framda í félagi við Unnar Sigurð Hansen, kt. 170966-4659, aðfaranótt mánudagsins 26. ágúst:

1. Fyrir að hafa brotist inn í bifreiðaverkstæðið Bílaver, Draupnisgötu 7 L, Akureyri, rofið þar peningaskáp og stolið um 150.000 krónum í tékkum og reiðufé.

2. Reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í húsnæði Bifreiðaskoðunar Íslands við Frostagötu á Akureyri.

3. Brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði fyrirtækisins Hnakkvirkis, Draupnisgötu 7 R, Akureyri, en horfið af vettvangi eftir árangurslausa leit að fjármunum.

4. Brotist inn í bifreiðaverkstæðið Baugsbrot, Frostagötu 1 B, Akureyri, og stolið slaghamri, skrúfjárni og felgujárni.

6. Brotist inn í bensínafgreiðslu Olíufélagsins á Blönduósi og stolið 2.000 krónum úr bensínsjálfsala og um 41.000 króna úr afgreiðslukössum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og háttsemin samkvæmt liðum 2 og 3 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 26. ágúst sl. voru ákærðu í máli þessu, Arnar Már Þórisson, Borgar Þór Þórisson og X, ásamt Y staddir á Akureyri. Höfðu ákærðu til umráða bifreið, sem ákærði X ók á þá staði, sem greinir í 1.-4. lið ákæru, þar sem ákærði Arnar Már braust inn í félagi við Y á þeim stöðum, sem um ræðir í 1. og 4. lið ákæru, og höfðu ákærðu og Y á brott með sér í bifreiðinni það þýfi, sem þar um ræðir. Ákærði Arnar Már og Y reyndu í þjófnaðarskyni að brjótast inn í húsnæði Bifreiðaskoðunar Íslands við Frostagötu, og enn fremur brutust þeir í þjófnaðarskyni inn í húsnæði fyrirtækisins Hnakkvirkis við Draupnisgötu 7 R, en hurfu af vettvangi eftir árangurslausa leit að fjármunum.

Eftir ofangreind innbrot héldu ákærðu sömu nótt áleiðis til Reykjavíkur. Í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu brutust ákærðu Arnar Már og X ásamt

Y inn í húsnæði Kaupfélags Skagfirðinga og stálu þar þeim munum, sem greinir í 5. lið ákæru. Þaðan var haldið í Húnaver, og hjálpuðust allir ákærðu og Y við að sprengja upp peningaskáp úr ætluðu innbroti og þeir höfðu haft á brott með sér frá Varmahlíð. Í framhaldi af því var haldið á Blönduós. Þar brutust ákærði Arnar Már og Y inn í bensínafgreiðslu Olíufélagsins og stálu kr. 2.000 úr bensínsjálfsala og um kr. 41.000 úr afgreiðslukössum, en ákærðu X og Borgar Þór biðu úti í bifreiðinni á meðan.

Ákærðu Arnar Már og X hafa báðir skýlaust játað að hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru. Kveður ákærði X, að ákærðu og Y hafi allir tekið sameiginlega ákvörðun um að brjótast inn á þeim stöðum, sem í ákæru greinir. Hann hefur einnig skýrt svo frá, að ákærði Borgar Þór hafi fullkomlega vitað, hvað til stóð í innbrotum þeim og innbrotstilraunum, sem um ræðir í 1.- 4. og 6. lið ákæru, og að allir ákærðu hafi staðið sameiginlga að innbrotinu í 5. lið. Í því tilviki hafi ákærði Y og ákærði Arnar Már fyrst brotist þarna inn, en ákærði Borgar Þór komið inn eftir það og borið peningaskápinn út í bifreiðina með hinum. Þeir hafi jafnframt allir stolið um 20.000 kr. úr afgreiðslukössum á staðnum. Kveður ákærði, að megnið af peningunum úr innbrotunum hafi farið í að fjármagna utanlandsferð Y og ákærða Arnars Más í framhaldi af innbrotunum, en ákærði hafi sjálfur fengið í sinn hlut um 10.000 kr. og ákærði Borgar Þór sennilega svipaða fjárhæð.

Ákærði Arnar Már segir ákærða Borgar Þór hafa hjálpað til við að bera peningaskápinn út í bifreiðina og einnig aðstoðað við að brjóta hann upp við Húnaver.

Ákærði Borgar Þór kveðst muna slitrótt eftir ferðinni norður í land og til baka umrædda nótt og neitar að hafa komið nálægt þeim innbrotum, sem í ákæru greinir, heldur hafi hann setið úti í bifreið, á meðan Y og ákærði Arnar Már brutust inn. Ákærði hafi vitað, hvað til stóð, en ekki viljað taka neinn þátt í innbrotunum. Ákærði hefur játað að hafa opnað farangursgeymsluna á bifreið þeirri, er ákærðu höfðu til umráða, fyrir utan Kaupfélag Skagfirðinga í Varmahlíð umrædda nótt í þeim tilgangi að koma þar fyrir peningaskáp þeim, er stolið var úr húsnæði kaupfélagsins. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið þátt í að brjóta upp peningaskápinn við Húnaver í framhaldi af innbroti þessu. Ákærði kveðst hafa fengið hluta af þýfinu úr innbrotunum í sínar hendur og sinn hlutur numið um 5.000 - 10.000 kr.

Niðurstöður.

Með skýlausum játningum ákærðu Arnars Más og X, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa gerst

sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru. Varðar atferli þeirra í 1. og 4.-6. lið við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en í 2. og 3. lið við sömu lagagrein, sbr. 20. gr. sömu laga.

Gegn eindreginni neitun ákærða Borgars Þórs er varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um brot gegn 244. gr. samkvæmt 1., 4. og 6. lið ákæru eða tilraun til þjófnaðar, eins og greinir í 2. og 3. lið hennar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa vitað, hvað til stóð, þegar brotist var inn á þeim stöðum, sem um ræðir í ákæru, og jafnframt játað að hafa fengið um 5.000 - 10.000 kr. í sinn hlut af þýfinu úr innbrotunum. Verður samkvæmt því að telja sannað, að ákærði hafi með framangreindum hætti tekið þátt í ávinningnum af innbrotunum og stuðlað að því að halda við ólöglegum afleiðingum þeirra. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, hvað innbrotin í 1., 4. og 6. lið ákæru varðar. Með framburði ákærða svo og framburði meðákærðu X og Arnars Más verður á hinn bóginn að telja sannað, að ákærði hafi tekið fullan þátt í þjófnaðinum á peningaskáp þeim, sem um ræðir í 5. lið ákæru, og þannig orðið brotlegur við 244. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Hinn 2. maí 1989 var ákæru á hendur ákærða Arnari Má vegna þjófnaðar og skjalafals frestað skilorðsbundið tvö ár, og 15. febrúar 1990 var hann dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið þrjú ár, fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir. Þá hefur hann tvívegis sæst á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota.

Ákærði Borgar Þór hefur sætt eftirtöldum refsidómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir fimm refsidómar fyrir auðgunarbrot, skjalafals o. fl. hegningarlagabrot, upp kveðnir á árunum 1989 - 1991.]

Þá félst hann 9. febrúar 1990 á sektargreiðslu í dómi vegna nytjastuldar.

Refsing.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði Arnar Már hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 15. febrúar 1990. Ber nú að taka þann dóm upp og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir bæði málin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði. Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, var ákærði annar þeirra tveggja, sem hafði sig hvað mest í frammi við innbrot þau, sem að framan greinir. Með vísan til þess og að um skilorðsrof er að ræða og með hliðsjón af framansögðu þykir þrátt fyrir ungan aldur ákærða eigi fært að skilorðsbinda refsinguna. Til frádráttar refsingunni komi gæslu-

varðhaldsvist ákærða frá 29. ágúst til 2. september 1991, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgar Þór hefur með atferli því, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, rofið skilorð dómsins frá 12. apríl 1991. Ber á sama hátt og að ofan greinir að taka þann dóm upp og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir bæði málin, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, og tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði. Ákærði hefur margsinnis verið dæmdur skilorðbundið, en eigi látið skipast við það. Með skírskotun til þess og að um skilorðsrof er að ræða þykir skilorðsbinding eigi koma til álita þrátt fyrir ungan aldur ákærða.

— — —

Skaðabótakröfur.

Í málinu liggja frammi bótakröfur frá Kaupfélagi Skagfirðinga, Varmahlíð, og Esso-skálanum á Blönduósi. Með vísan til 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði um samaðild ber að vísa bótakröfum þessum frá sakadómi ex officio, þar sem fram er komið, að þáttur Y var klofinn frá máli þessu og honum þar af leiðandi ekki veittur kostur á því að svara hér til sakar, hvað kröfurnar snertir.

Sakarkostnaður.

Rétt þykir að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Arnar Már Þórisson sæti fangelsi fjóra mánuði, ákærði Borgar Þór Þórisson sæti fangelsi tólf mánuði, og ákærði X sæti fangelsi þrjá mánuði. Til frádráttar refsingu ákærða Arnars Más komi gæsluvarðhald hans frá 29. ágúst til 2. september 1991. Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skaðabótakröfum Esso-skálans, Blönduósi, og Kaupfélags Skagfirðinga, Varmahlíð, Skagafjarðarsýslu, er vísað frá sakadómi.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 172/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ólafi Elíasi Oddssyni
(Arnmundur Backman hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds. Krefst hann þyngingar á refsingu ákærða og hækkunar á greiðslu skaðabóta til vitnisins Lúðvíks Rúdolfs Kemp.

Ákærði krefst sýknu í málinu.

Ekki er ástæða til að hnekkja mati héraðsdómara á sönnun um atvik málsins. Ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að fallast á niðurstöðu hans um sök ákærða og refsiákvörðun.

Ákærði er skaðabótaskyldur gagnvart fyrrgreindu vitni vegna tjóns af þeim áverka, er vitnið hlaut. Eins og málið lá fyrir í héraði, hefði verið réttara að dæma efnislega um kröfu vitnisins vegna tapaðra vinnutekna. Þá er og ljóst, að taka átti til meðferðar kröfu vitnisins vegna kostnaðar af aðstoð lögmanns varðandi bótakröfu þess, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Umræddum kröfuliðum var þó vísað frá héraðsdómi, og er við það miðað af hálfu ákæruvalds, að þeir komi ekki til meðferðar hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 173. gr. sömu laga. Er rétt að láta þar við sitja, og verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um skaðabætur staðfest með þessum athugasemdum. Á dómurinn þannig að vera óraskaður.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Ólafur Elías Oddsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 152/1992: Ákæruvaldið gegn Ólafi Elíasi Oddssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. þ. m., á hendur ákærða, Ólafi Elíasi Oddssyni, Rangárseli 20 í Reykjavík, fæddum 14. janúar 1947, fæðingarnúmer 222.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 í veitingahúsinu Breiðvangi við Álfabakka í Reykjavík slegið Lúðvík Kemp, fæddan 17. mars 1944, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann marðist og bólgnaði yfir nefi og nefrót og bólgnaði á efri vör og skarst innan á neðri vör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 klukkan 2.29 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um líkamsárás á skemmtistaðnum Breiðvangi. Fóru þangað tveir lögreglumenn og hittu þar fyrir dyraverði hússins, sem vísuðu þeim á Lúðvík Rúdolf Kemp, þá að Ljárskógum 26 í Reykjavík, en hann kvaðst hafa orðið fyrir mjög óvæntri árás frá ókunnum manni, sem hefði slegið sig föstu höggi í andlitið, svo að hann væri líklega nefbrotinn.

Sá, sem sakaður var um árásina, ákærði, Ólafur Elías Oddsson, viðurkenndi ekki að hafa slegið Lúðvík og kvaðst aldrei hafa séð hann fyrr. Var ákærði með blóðslettur á fötum. Hann var ekki mikið ölvaður og skýrði vel frá.

Lúðvík var að mati lögreglunnar áberandi ölvaður og átti erfitt með að skýra mál sitt. Honum var ekið á slysadeild Borgarspítalans til meðferðar.

Vitnið Gutti Guttesen, Bjargartanga 10 í Mosfellsbæ, kvaðst hafa séð ákærða slá Lúðvík föstu höggi í andlitið, án þess að ástæða væri fyrir því.

Vitnið Lúðvík Rúdolf Kemp skýrði rannsóknardeild lögreglunnar svo frá, að það hefði setið við borð á Breiðvangi umrætt sinn ásamt fleira fólki,

þegar ákærði, sem hefði verið við borðið, hefði farið að vera með einhver læti. Hefði hann m. a. kastað öskubakka upp í loftið og ruslað af borðinu með staf, sem hann hefði verið með. Vitnið kvaðst síðan hafa reynt að róa ákærða, en hann þá slegið það fyrirvaralaust í andlitið, svo að það rotaðist.

Ákærði skýrði rannsóknardeildinni svo frá, að hann hefði verið að ganga við hækju, sem hann noti, nokkuð mikið undir áhrifum áfengis um sal Breiðvangs umrætt sinn. Hefði hann þá komið að borði, þar sem menn stöðvuðu hann og vildu fá að prófa hækjuna. Var ákærði ekki tilbúinn til þess, og varð þetta til þess, að ákærði og mennirnir fóru að munnhöggvast. Kvaðst ákærði eftir nokkurt þref hafa lamið einn manninn, þann sem hafði sig mest í frammi, með hækjunni í höfuðið, en eftir það hófust handalögmál á milli ákærða og mannsins, sem hann lamdi, og einhverra fleiri, sem voru þarna við borðið. Dyraverðir komu síðan og skökkuðu leikinn.

Vitnið Gutti Guttesen skýrði rannsóknardeildinni svo frá, að hann hefði setið við borð á Breiðvangi umrætt sinn ásamt konu sinni, systur hennar og Lúðvík Rúdolf Kemp, þegar maður með hækju hefði skyndilega komið að borðinu og sest við það, en þeir, sem sátu við það, hefðu í fyrstu ekki viljað skipta sér af því. Var maðurinn greinilega undir áhrifum áfengis. Stuttu eftir komu hans að borðinu fóru kona vitnisins og Lúðvík að dansa, og þegar þau komu aftur, var maðurinn enn við borðið. Sagði vitnið, að maðurinn hefði skyndilega kastað öskubakka upp í loft, og hefði hann endað á gólfinu og brotnað. Síðan hefði maðurinn tekið tvö glös á borðinu og kastað þeim upp í loft. Hefði annað farið í gólfið og brotnað þar, en hitt lent á öðru glasi á borðinu og skellt því um koll. Sagði vitnið, að viðstaddir hefðu verið farnir að halda, að maðurinn myndi næst taka borðið og kasta því um koll. Hefði Lúðvík því staðið upp, tekið í manninn og spurt, hvað þetta ætti að þýða. Þá hefði ekki skipt neinum togum, að maðurinn hefði slegið Lúðvík í andlitið, að vitnið taldi, tvö eða þrjú högg, hið fyrsta nokkuð þungt. Hefði Lúðvík ekki gert annað en reyna að halda manninum frá sér og verjast því að fá ekki fleiri högg. Dyraverðir hefðu síðan komið og tekið manninn.

Vitnið kvaðst hafa verið ódrukkið umrætt sinn, og hefði fólkið ekkert verið að skipta sér af hækju mannsins, sem hann hefði ekki beitt, heldur höndunum. Hann hefði hins vegar staðið þarna með hækjuna og haft í hótunum.

Eftir að fyrir lá bótakrafa frá Lúðvík Rúdolf Kemp, sem síðar verður gerð grein fyrir, mætti ákærði hjá rannsóknardeild lögreglunnar að nýju 23. apríl sl. og kvaðst ekki vísa kröfunni á bug, en hann gerði sér grein fyrir því, að hann hefði valdið áverkunum á Lúðvík, og skipti ekki máli

í því sambandi, hvort hann hefði gert það með hnefanum eða hækju. Myndi hann tala sjálfur við Lúðvík og athuga, hvort hann næði einhverjum sáttum við hann.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 11. október sl., var samþykkt, að málinu yrði lokið með dómsátt, enda féllist ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta, en brot ákærða var talið varða við sömu lagagreinar og um getur í ákæru.

Ákærða var kynnt framangreint bréf í dóminum 20. febrúar sl., og kvaðst hann þá ekki geta fallist á að ljúka málinu með umræddum hætti, og væri það vegna þess, að hann teldi sig ekki hafa ráðist á kærandann og veitt honum högg.

Málið var endursent ríkissaksóknara með bréfi dómsins 2. þ. m.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði kannast ekki við að hafa gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og kannast ekki við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 barið Lúðvík Kemp hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir.

Ákærði kveðst hafa verið á Breiðvangi umrætt sinn og nokkuð mikið undir áhrifum áfengis. Ákærði var á göngu um sal í húsinu og gekk við hækju, sem hann notar. Var ákærði að koma af salerni og á leið að borði, þar sem hann hafði setið. Gekk hann fram hjá öðru borði í salnum, og þegar hann var að fara fram hjá því, bar kærandi málsins það upp á ákærða, að hann hefði hellt úr glasi, sem var á borðinu. Ákærði neitaði því. Í framhaldi af því varð rifrildi, og lauk því svo, að kærandi málsins skellti ákærða í gólfið. Lagðist kærandinn síðan ofan á ákærða og hélt báðum höndum hans. Í þessari stellingu sá ákærði, að kærandi var með blóðnasir. Ákærði gerir sér ekki grein fyrir því, hvernig kærandinn fékk blóðnasirnar, en neitar því ekki, að það hafi getað stafað af hnjaski, sem kærandi hafi hlotið í viðskiptum þeirra. Ákærði hélt í hækju sína, á meðan þeir voru að rífast. Ákærði kannast ekki við að hafa barið kæranda með hækjunni eða að hún hafi rekist í hann, á meðan þeir voru að rífast. Ákærði gerir sér ekki grein fyrir því, hversu mikil handalögmál hafi verið á milli þeirra, á meðan þeir voru að rífast, en þau hafi ekki verið mikil, áður en ákærði féll í gólfið. Þó hafi einhver handalögmál orðið, áður en það gerðist, en þau hafi staðið stutt, þar sem ákærði hafi fallið snemma í gólfið. Ákærði telur fráleitt, að kærandi hafi hlotið blóðnasirnar af sínum völdum, og ítrekar, að hann hafi ekki lamið kæranda í andlitið.

Ákærði kannast við undirskrift sína undir skýrslur sínar hjá rannsóknardeild lögreglunnar, en segir skýrslurnar ekki rétt eftir sér hafðar. Kannast ákærði ekki við að hafa játað hjá lögreglu að hafa valdið kæranda þeim

meiðslum, sem hann varð fyrir umrætt sinn. Ákærði kveðst hafa verið að ræða málið við skýrslutakandann hjá lögreglunni, og spurði skýrslutakandinn, hvað hefði gerst. Segist ákærði hafa sagt, að hann væri ekki viss um, hvað gerst hefði, en kærandi hefði talað um það um nóttina, að ákærði hefði barið sig með hækjunni. Ákærði segir skýrslurnar, sem lögreglumaðurinn tók af sér, algjört rugl, og kveðst ákærði ekki hafa lesið skýrslurnar, áður en hann skrifaði undir þær.

Vitnið Lúðvík Rúdolf Kemp, nú að Hátúni 4 í Reykjavík, kveðst hafa setið við borð í sal á Breiðvangi umrætt sinn ásamt fleira fólki. Rétt hjá borðinu var ákærði með hækju. Var ákærði eitthvað að sveifla henni í kringum sig. Hafði eitt glas farið um koll. Af þeim sökum reyndi vitnið að róa ákærða með því að klappa á öxl hans. Ákærði hins vegar sló vitnið fyrirvaralaust tvö högg í andlitið, og rotaðist vitnið af hinu síðara. Vitnið man ekki í dag, hvar það var statt, þegar það rankaði við sér, en í framhaldi af því fór vitnið á slysadeild Borgarspítalans í bifreið. Vitnið minnir, að það hafi rankað við sér í henni, en telur mögulegt, að það hafi verið búið að ranka við sér inni á veitingastaðnum.

Vitnið man eftir lestur skýrslu sinnar hjá rannsóknardeild lögreglunnar um meðferð ákærða á öskubakkanum.

Vitnið segir, að ákærði hafi ætlað að koma til sín og ganga frá greiðslu bóta vegna málsins, en það hafi ekki gerst. Heldur vitnið fast við bótakröfu þá, sem lögð hefur verið fram í málinu af þess hálfu.

Vitnið segir, að ákærði hafi setið við eitthvert borð rétt hjá vitninu. Ekki veit vitnið, hver hafði borðið, en ákærði hafi staðið við það, þegar hann henti um glasinu á borðinu hjá vitninu. Vitnið segir, að bæði það og ákærði hafi verið standandi, þegar ákærði veitti því höggið, og var ákærði nýrisinn á fætur. Studdi hann sig við hækjuna, þegar hann veitti höggið. Ekki man vitnið, hvora höndina ákærði notaði, þegar hann sló vitnið.

Vitnið Gutti Guttesen kveðst hafa setið umrætt sinn við borð á Breiðvangi ásamt Lúðvík, konu sinni og systur hennar. Við næsta borð sat ákærði með hækju, og sá vitnið hann taka þrjú glös af borði vitnisins með áfengi og gosi og láta þau detta í gólfið. Þegar þetta var um garð gengið, tók Lúðvík í öxl ákærða og bað hann að hætta þessu, en í stað þess sá vitnið ákærða slá Lúðvík í andlitið, og sá vitnið eitt högg lenda á nefi Lúðvíks, sem fékk miklar blóðnasir. Vitnið telur, að höggin, sem ákærði veitti Lúðvík, hafi verið tvö eða þrjú. Vitnið telur a. m. k. fyrsta höggið hafa verið þungt, en ekki telur vitnið, að Lúðvík hafi rotast og ekki fallið í gólfið af höggunum. Vitnið sá ekki ákærða og Lúðvík liggja á gólfinu. Vitnið segir, að ákærði hafi verið sitjandi, þegar hann sló Lúðvík, sem einnig sat, og notaði hann líka hækjuna jafnframt hnefunum. Var ákærði risinn á fætur, þegar hann notaði hækjuna. Annað borðanna féll á hliðina

í átökunum. Höggin með hækjunni voru veitt Lúðvík í síðuna. Vitnið telur, að ákærði hafi veitt höggin með hægri hnefa.

Vitnið var ódrukkið umrætt sinn og hafði aðeins gos í glasi sínu, sem var eitt þeirra þriggja, sem féllu í gólfið. Vitnið kveðst hafa verið svili Lúðvíks Kemp.

Vitnið segir, að ákærði hafi ekki sest við borðið hjá sér og samferðafólki sínu. Það man eftir lestur skýrslu sinnar hjá rannsóknardeild lögreglunnar um meðferð ákærða á öskubakka. Það fullyrðir, að glösin hafi verið þrjú, sem ákærði lét falla í gólfið. Vitnið telur, að það hafi gleymt að geta um boðið, sem féll um koll, þegar það gaf skýrslu hjá lögreglu. Vitnið segir, að Lúðvík hafi verið sestur á stól við hliðina á ákærða, þegar hann fékk höggin. Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi notað hækjuna til barsmíða, og kveðst vitnið hafa gleymt þessu, þegar það gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Vitnið Andrea Bjarnadóttir, Bjargartanga 10 í Mosfellsbæ, kveðst hafa setið umrætt sinn við borð á Breiðvangi ásamt eiginmanni sínum, systur og Lúðvík Kemp. Við næsta borð sat ákærði, sem vitnið sá fella í gólfið glös af borðinu, sem vitnið sat við. Vitnið man ekki, hvað glösin voru mörg né hvernig maðurinn felldi þau í gólfið, og ekki man vitnið eftir fleiru á borði þeirra, sem ákærði hafði afskipti af. Vitnið segir, að Lúðvík hafi kallað til ákærða og beðið hann að hætta þessu. Sat Lúðvík þá í sæti sínu við borðið, sem vitnið var við. Næst sá vitnið ákærða reiða upp annan hnefann, en ekki man vitnið hvorn. Síðan sá vitnið ákærða slá Lúðvík eitt högg, sem lenti á nefi hans. Ekki sá vitnið ákærða slá fleiri högg. Vitnið sá, að blóð rann úr nefi Lúðvíks eftir höggið. Vitnið segir, að ákærði hafi verið risinn upp, þegar hann veitti höggið, en Lúðvík hafi setið í sæti sínu. Ekki heyrði vitnið ákærða segja neitt, áður en hann sló höggið, og það man ekki, hvort Lúðvík féll í gólfið. Ekki sá vitnið ákærða liggja ofan á Lúðvík á gólfinu, og ekki man vitnið, hvort borð féll um koll í átökunum. Þá man vitnið ekki, hvort ákærði studdi sig við hækjuna, þegar hann sló höggið.

Vitnið Kristín Sigríður Einarsdóttir, Lokastíg 28 í Reykjavík, er systir vitnisins Andreu og var ásamt henni, Gutta og Lúðvík, fyrrverandi eiginmanni sínum, sitjandi við borð á Breiðvangi umrætt sinn. Við næsta borð sat ákærði. Minnir vitnið, að hann hafi komið að borðinu, þar sem vitnið sat, og hafi hann eitthvað rætt við vitnið. Vitnið kveðst síðan hafa farið frá, og getur vitnið ekkert borið um það, hvernig þeir atburðir urðu, sem mál þetta fjallar um. Vitnið sá engan aðdraganda þess, að ákærði slægi Lúðvík í andlitið, og kveðst ekki hafa verið við borðið, þegar sá atburður á að hafa gerst. Þegar vitnið kom aftur eftir burtför sína frá borðinu, sá það, að Lúðvík var blóðugur í andliti. Vitnið sá hins vegar ekki, hvernig

það gerðist. Vitnið man ekki, hvort ákærði var blóðugur. Þá man vitnið ekki, hvað það ræddi við ákærða í þetta sinn, en segir, að engar deilur hafi verið á milli þeirra.

Vitnið Anders Stefán Fríberg, Sigtúni 45 í Reykjavík, kveðst hafa verið dyravörður á Breiðvangi umrætt sinn, og var það kvatt inn í salinn vegna óláta, sem höfðu orðið við borð í salnum. Vitnið fékk annan dyravörð með sér.

Þegar þeir dyraverðirnir komu inn í salinn, sá vitnið, að maður var að berja ákærða, sem sat á stól og hafði hækju í hendi, en ákærði var að reyna að rísa á fætur með því að styðja sig við hækjuna. Ákærða tókst að rísa á fætur, og þegar hann var kominn á fætur, sá vitnið hinn manninn reyna að berja ákærða áfram í höfuðið, en ákærði bar hækjuna fyrir sig. Sá vitnið hækjuna rekast í andlit hins mannsins, en ekki getur vitnið borið, hvar í andlitið hún fór. Vitninu og félaga þess tókst að skilja mennina að, og urðu ekki frekari átök á milli þeirra. Vitnið sá, að ákærði var mjög blóðugur í andliti svo og föt hans. Vitnið sá aðeins örlitlar blóðslettur á hinum manninum. Vitnið hafði aldrei áður séð ákærða og hefur ekki, svo að það muni, séð hann eftir þetta.

Vitnið og félagi þess fóru með báða mennina fram í eldhús og ræddu þar við þá og reyndu að þrífa þá. Báðir héldu því fram, að hinn hefði byrjað átökin, og hélt því vitnið inn í salinn að leita vitna við næsta borð. Ræddi vitnið þar við tvo karlmenn og eina konu. Héldu þau því fram, að ákærði hefði komið að borðinu, sest við það og farið að ræða við konu, sem þar sat. Fram kom, að ákærði hefði hallað sér fram á borðið og rekið olnbogann í glas með vínblöndu, sem hefði fallið í gólfið. Hefði þá komið maður að borðinu, sem setið hafði við það, og hefði hann byrjað að öskra og ásaka ákærða fyrir að halda við fyrrverandi konu sína. Jafnframt krafði hann ákærða um bætur fyrir glasið og að hann færi frá borðinu. Í framhaldi af því hefði ákærði spurt konuna, hvort hann mætti ekki sitja kyrr og ræða við hana, og hefði hún játað því. Síðan hefði maðurinn ráðist á ákærða að fyrra bragði og lamið hann í andlitið ofarlega.

Vitnið Ásgeir Einarsson, Gullteigi 29 í Reykjavík, man eftir að hafa séð ákærða á Breiðvangi og að hafa haft afskipti af málum hans þar. Vitnið man þetta þó óglöggt.

Vitnið minnir, að ákærði og annar maður hafi verið í átökum, þegar það og starfsbróðir þess, Anders, komu inn í salinn á Breiðvangi umrætt sinn, og var starfsbróðir þess byrjaður að skilja þá að, en hann varð aðeins á undan vitninu inn í salinn. Vitnið sá ekki upphaf átakanna. Vitnið þorir ekki að fullyrða, hvað mennirnir sögðu í upphafi, þegar þeir höfðu verið skildir að, en minnir, að þeir hafi hvor um sig kennt hinum um upptök átakanna.

Vitnið segir, að mennirnir báðir hafi verið færðir fram í eldhús, og þar lýsti annar mannanna yfir því, að hann vildi kæra hinn, og því var lögreglan kvödd til. Anders, félagi vitnisins, fór inn í salinn og hafði tal af fólki til að reyna að upplýsa um upphaf átakanna. Sjálft fór vitnið ekki inn í salinn þessara erinda.

Vitnið fékk þá mynd af frásögn Anders, að ákærði hefði setið við borð og rætt við konu og þá rekið sig í glas, sem fallið hefði í gólfið. Þá hefði komið maður að borðinu og reiðst þessu og barið ákærða. Vitnið segir, að það sitji í sér, að einhver afbrýðisemi hafi komið við sögu í málinu.

Ákærði segist hafa farið heim til vitnisins Lúðvíks og rætt við það um hugsanlegar bætur í málinu, og hafi verið nefndar 100.000 krónur. Þegar ákærði fór í þessa för, var hann ekkert farinn að rannsaka málið og stóð í þeirri trú, að hann hefði valdið Lúðvík þeim áverkum, sem hann átti að hafa borið eftir samskipti þeirra.

Ákærði kannast við að hafa verið að ræða við konu við umrætt borð og að glas hafi fallið í gólfið svo og öskubakki.

Vitnið Lúðvík Rúdolf segir vegna framburðar vitnisins Anders Stefáns, að það minnist þess ekki að hafa verið að berja ákærða, þegar dyraverðina bar að, og kannast ekki við að hafa viðhaft við borðið orð um afbrýðisemi né að hafa að fyrra bragði barið ákærða. Vitnið segist hafa skilið við eiginkonu sína, Kristínu Sigríði, fyrir sex árum og sé engin afbrýðisemi í sér hennar vegna.

Vitnið Gutti segir vegna framburðar dyravarðanna, að það staðfesti, að dyravörður hafði tal af því eftir átökin og spurði, hvort það vildi vera vitni í málinu. Vitnið kannast ekki við, að vitnið Lúðvík hafi átt upptök átakanna og barið ákærða. Þá man vitnið ekki til þess, að afbrýðisemi hafi borið á góma við dyraverðina, og ekki heyrði vitnið slíkt hjá vitninu Lúðvík.

Vitnið segir, að dyraverðirnir hafi, þegar þeir komu á vettvang, þurft að skilja að ákærða og vitnið Lúðvík. Ekki kannast vitnið við, að Lúðvík hafi verið að reyna að berja ákærða í höfuðið. Segir vitnið, að Lúðvík hafi aðeins verið að verja sig fyrir höggum ákærða.

Vitnið heldur því fram, að dyraverðirnir hafi viljað fá upplýsingar um upphafið hjá viðstöddum, áður en þeir leiddu ákærða og Lúðvík á brott. Ekki hafi verið leitað upplýsinga af hálfu annars dyravarðarins, eftir að þeir höfðu verið færðir á brott.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, Bakkaseli 13 í Reykjavík, tók báðar skýrslurnar af ákærða. Það kveðst vísa á bug framburði ákærða fyrir dóminum um skýrslurnar og segir, að skýrslurnar hermi báðar það eitt, sem ákærði hafi sjálfur sagt.

Vitnið kveðst ekki hafa lesið skýrslurnar fyrir ákærða, en segir það verk-

reglu sína að rétta þeim, sem skýrslur eru teknar af, þær til lestrar, áður en undirskrift fer fram. Telur vitnið víst, að ákærði hafi lesið skýrslurnar yfir.

Vitnið segist hafa í fyrra tilfellinu rétt ákærða skýrsluna til lestrar og undirskriftar, en að því búnu vék vitnið sér frá til að sækja vott til að vera viðstaddan undirskrift skýrslunnar. Í síðara skiptið var ekki vottur, þar sem aðalerindið í það skipti var að bera undir ákærða bótakröfuna.

Vitnið Hörður Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður, Rjúpufelli 28 í Reykjavík, ritaði sem vottur á fyrri skýrsluna, sem ákærði undirritaði. Segist vitnið hafa horft á ákærða skrifa undir skýrsluna, en getur ekki borið um, hvort hann las hana yfir áður eða hvort hún var lesin upp fyrir honum.

Ákærði fullyrðir, að enginn vottur hafi verið viðstaddur, þegar hann skrifaði undir skýrsluna, og kveðst ákærði halda fast við framburð sinn um tilurð skýrslnanna. Vitnið Rúnar heldur einnig fast við framburð sinn, og vill hvorugur breyta því, sem hann hefur haldið fram.

Í málinu liggur fyrir vottorð Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, dags. 12. mars 1991, um meiðsli Lúðvíks R. Kemp, og segir í upphafi þess, að hann hafi komið á deildina umrædda nótt klukkan 2.50 að eigin frumkvæði. Um skoðun á meiðslunum og álit á þeim segir síðan svo í vottorðinu:

„Við skoðun kom í ljós mar og bólga yfir nefi og nefrót. Nef beygt til vinstri. Engin blæðing, en merki um nefblæðingu á fötum og eldra blóð í andliti. Mar og bólga á milli augnabrúna, sérstaklega hægra megin. Bólga á efri vör og skurður innan á neðri vör. Engir áverkar að öðru leyti.

Rtg-myndir teknar 3/2 1991 sýna engin brot, en sjúkl. sendur til áframhaldandi meðferðar á háls-, nef- og eyrnadeild.

Álit.

Áverkarnir geta verið eftir ofbeldi frá öðrum. Bólga og mjúkvefjaáverkar í andliti, sérstaklega nefi. Áverkarnir teljast ekki alvarlegir, en nokkurn tíma tekur að ná sér alveg líkamlega. Hefur ekki verið í endurkomu á slysadeild síðan 3/2 1991."

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða við meðferð málsins, að hann sé sekur um árás þá, sem honum er gefin að sök í ákæru, er með framburði vitnanna Lúðvíks Rúdolfs, Gutta og Andreu, sem bera um árás ákærða, svo og læknisvottorðinu sannað, að ákærði er sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Þykir reikull framburður vitnanna um staðsetningu ákærða og vitnisins Lúðvíks, þegar vitnið hlaut högg ákærða, ekki breyta þessu.

Skýring ákærða á játningu í tveimur skýrslum hjá rannsóknarlögreglu er afar ótrúverðug, og verður ekki tekið mark á henni. Þá verður ekki miðað við framburð dyravarðanna tveggja um sök eða sakleysi ákærða, þar sem þeir komu báðir á vettvang eftir upphaf málsins og geta því ekki borið um, hvernig það bar að, en af framburði vitnanna þriggja er ljóst, að ákærði á að hafa veitt vitninu Lúðvík höggin í upphafi. Brot ákærða er rétt fært til refsiákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann á árunum 1963 - 1969 sjö sinnum með dómsátt á Akranesi undir að greiða sektir, sem voru sex sinnum fyrir brot á lögreglusamþykkt, áfengislögum og umferðarlögum og einu sinni fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga. Þá gekkst ákærði í nóvember 1990 undir að greiða í dóminum 7.000 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Öðrum refsingum hefu ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Skaðabætur.

Af hálfu Lúðvíks Rúdolfs Kemp hefur lögmaður sett fram bótakröfu á hendur ákærða. Er hún dagsett 10. apríl sl. og sundurliðast þannig:

„1. Útlagður lækniskostnaður	kr.	1.200
2. Hreinsun á fatnaði	—	2.100
3. Tapaðar vinnutekjur	—	48.000
4. Miskabætur	—	100.000
5. Lögmannsþóknun skv. gjaldskrá LMFÍ	—	16.146
6. Virðisaukaskattur á lögm-þóknun	—	3.956
	Samtals kr.	171.402

er beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 3. 2. 1991 til greiðsludags, en leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. 2. 1992."

Ákærði lýsti yfir, eins og áður greinir, hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, þegar honum var kynnt bótakrafan, að hann vísaði henni ekki á bug, en kvaðst ætla að tala sjálfur við vitnið Lúðvík og athuga, hvort hann næði einhverjum sáttum við það í málinu. Fékk ákærði frest til þess

til 1. júlí sl. Samkvæmt upplýsingum rannsóknardeildar lögreglunnar 30. júlí sl. hafði ákærði þá ekki haft neitt samband við vitnið Lúðvík, en það upplýsti, að ákærði og það hefðu verið búnir að koma sér saman um, að ákærði greiddi vitninu 100.000 krónur í bætur og þar með væri málinu lokið.

Við meðferð málsins mótmælir ákærði í heild bótakröfunni.

Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir það, sem honum er gefið að sök í ákæru, ber hann einnig bótaskyldu gagnvart vitninu Lúðvík Rúdolf.

Í vottorðinu um áverka vitnisins Lúðvíks Rúdolfs er þess hvergi getið né í gögnum málsins, að áverkar vitnisins hafi verið þess eðlis, að vitnið þyrfti að vera frá vinnu vegna þeirra. Þegar af þeirri ástæðu og vegna mótmæla ákærða verður þessum lið kröfunnar vísað frá dóminum. Þá verður liðunum lögmannsþóknun og virðisaukaskatti af henni vísað frá dóminum, þar sem dæmt er um kröfu þessa í opinberu máli.

Fyrir liggja gögn til styrktar 1. og 2. lið kröfunnar, sem báðir verða teknir til greina, og ákærði dæmdur til þess að greiða þá. Miskabætur til vitnisins Lúðvíks þykja hæfilega ákveðnar 40.000 krónur. Verður ákærði því dæmdur til þess að greiða vitninu Lúðvík 43.300 krónur í bætur ásamt vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks verður ákærði dæmdur samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Elías Oddsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðahaldi í tíu daga.

Ákærði greiði Lúðvík Rúdolf Kemp, Hátúni 4 í Reykjavík, 43.300 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxalaga nr. 25,1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 3. febrúar 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 355/1989. **Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps**
(Kristinn Hallgrímsson hdl.)
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
Jóhanni Johansen,
Árna Þorkelssyni,
Ólafi H. Ingimarssyni og
Erni Karlssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Forkaupsréttur. Jarðalög. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1989. Krefst hreppsnefnd þess, að allar kröfur hennar í héraði verði teknar til greina. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti.

Það athugast, að landbúnaðarráðuneytið úrskurðaði 1. desember 1988 um ágreining aðila, en að lögum ber ekki nauðsyn til, að dómur gangi um þann úrskurð, enda gat ráðuneytið ekki annað en ógilt eða staðfest ákvörðun áfrýjanda, en ekki breytt efni hennar. Þá stendur það ekki því í vegi, að efnisdómur gangi, að afla þarf samþykkis til sölu Eystra-Hóls samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, greiði stefndu, Jóhanni Johansen, Árna Þorkelssyni, Ólafi H.

Ingimarssyni og Erni Karlssyni, óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 20. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., höfðuðu Jóhann Johansen, kt. 300347-4529, Áslandi, Vestur-Húnavatnssýslu, Árni Þorkelsson, kt. 121163-2849, Birkihvammi 12, Kópavogi, Ólafur H. Ingimarsson, kt. 250361-4329, Víðigrund 55, Kópavogi, og Örn Karlsson, kt. 080460-3179, Birkihvammi 18, Kópavogi, á hendur hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, kt. 690269-1989, Rangárvallasýslu, með framlagningu stefnu í dómi 11. janúar sl.

Dómkröfur stefnenda eru þær,

1) að lýst verði ólögmæt sú ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps, sem tekin var á fundi nefndarinnar 2. október 1988, að neyta forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 og ganga inn í kaupsamning stefnenda um jörðina Eystri-Hól í Vestur-Landeyjahreppi,

2) að viðurkennt verði, að hreppsnefnd hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupin.

Jafnframt krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Einn stefnenda, Jóhann Johansen, seldi öðrum stefnendum, þ. e. þeim Árna Þorkelssyni, Ólafi H. Ingimarssyni og Erni Karlssyni, jörðina Eystri-Hól í Vestur-Landeyjahreppi með kaupsamningi, dags. 6. september 1988. Með bréfi, dags. 8. september 1988, sendu kaupendur hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps kaupsamninginn og óskuðu eftir því, að hreppurinn félli frá forkaupsrétti sínum samkvæmt IV. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum. Í bréfinu lýsa kaupendur áformum sínum með kaupunum á þann veg, að þeir telji sig alla vera hestamenn og með kaupunum séu þeir umfram allt að tryggja hrossum sínum viðurværi og sjálfum sér aðstöðu til hestahalds á breiðum grundvelli. Ætlun þeirra sé að vera með reiðhesta á jörðinni ásamt því að stunda þar hrossarækt með lítinn hóp og strangt úrval. Þá gera kaupendur grein fyrir tengslum sínum við umrætt landsvæði og taka fram, að allir vilji þeir flytja lögheimili sitt að Eystra-Hóli, nema hreppsnefnd sjái einhverja meinbugi á því. Að síðustu taka kaupendur fram, að ef eitthvað sé óljóst eða meiri upplýsinga sé þörf, séu þeir fúsir til að veita þær í síma og gefa upp símanúmer sín.

Erindi þetta var kynnt á fundi hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps 18. september 1988, en á fundi hreppsnefndar 2. október s. á. samþykkti hreppsnefnd að nýta sér forkaupsrétt sinn og ganga inn í kaupin. Fjórir hreppsnefndarmenn greiddu atkvæði með þessari ákvörðun, en einn sat hjá. Á sama fundi samþykkti hreppsnefnd að selja Sigurði Reynissyni jörðina samkvæmt fyrirliggjandi kaupsamningi.

Stefnendur fengu 4. október 1988 fréttir af ákvörðun hreppsnefndar, og fóru þeir þá á fund oddvita hreppsnefndar, Eggerts Haukdals, og fengu endurrit af bókun nefndarinnar. Í framhaldi af þessu riftu stefnendur gerðum kaupsamningi sín í milli og gerðu í hans stað samning um leigu á jörðinni. Lögmaður stefndu sendi stefnanda Jóhanni skeyti 7. október 1988 og ítrekaði, að hreppsnefnd hefði notað forkaupsrétt sinn og riftun kaupsamningsins væri ekki gild gagnvart hreppsnefnd. Jafnframt tilkynnti lögmaðurinn, að hreppsnefnd áformaði að leita til dómstóla um útgáfu afsals, yrði ekki staðið við kaupsamninginn. Stefnendur drógu riftun sína á kaupsamningnum síðan til baka með yfirlýsingu, dagsettri 16. nóvember 1988.

Á grundvelli 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum skutu þrír stefnenda, Árni, Ólafur og Örn, ákvörðun hreppsnefndar til landbúnaðarráðuneytisins með bréfi, dags. 2. nóvember 1988. Eftir að ráðuneytið hafði gert hreppsnefnd og þeim, er kærðu ákvörðunina, kost á að tjá sig, kvað ráðuneytið upp úrskurð í málinu 1. desember 1988, þar sem þeirri kröfu kærenda, að ákvörðun hreppsnefndar frá 2. október 1988 í tilefni af sölu jarðarinnar Eystri-Hóls yrði felld úr gildi, var hafnað.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps höfðaði mál fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu á hendur stefnanda Jóhanni Johansen og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út afsal fyrir jörðinni til hreppsnefndar í samræmi við fyrrgreindan kaupsamning. Málið var þingfest 23. nóvember 1988, og tók Jóhann til varna og höfðaði jafnframt mál þetta ásamt kaupendum samkvæmt upphaflegum kaupsamningi frá 6. september 1988.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Ákvæði IV. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum um forkaupsrétt sveitarfélaga komu í stað eldri laga um sama efni, þá laga nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum. Við meðferð frumvarpa til laga um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum á Alþingi allt frá setningu fyrstu laga um það efni, laga nr. 30/1905 og síðar laga nr. 40/1919, laga nr. 55/1926 og laga nr. 40/1948, kom fram, að tilgangur þessarar lagasetningar væri að veita sveitarstjórnum færi á að grípa inn í viðskipti með jarðir, þegar horfur væru á, að þær kæmust í eigu utansveitarmanna eða yrðu nýttar til annars en búskapar.

Það hefur því frá upphafi lagasetningar um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum verið tilgangur þeirra lagaákvæða að veita sveitarstjórn kost á að hafa við sölu jarða í sveitarfélaginu áhrif á, að þeim væri ráðstafað í samræmi við hagsmuni sveitarfélagsins og þeirra, sem landbúnað stunda, eins og það er nú orðað í 1. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Forkaupsréttarheimildin í 1. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, er hluti af þeim valdheimildum, sem sveitarstjórn hefur til að hlutast til um eignarhald, meðferð og nýtingu fasteigna í sveitarfélaginu, og felur í sér almenna takmörkun á eignarráðum fasteignaeigenda. Við ákvörðun um, hvort beitt skuli forkaupsrétti samkvæmt nefndri 1. mgr. 30. gr. jarðalaga, fer sveitarstjórn með opinbert vald, og við þá ákvörðun þarf sveitarstjórn ekki eingöngu að gæta ákvæða 1. gr. jarðalaga um tilgang laganna, eins og stefnda heldur fram, heldur einnig almennra reglna um málsmeðferð og ákvarðanir sveitarstjórnar sem stjórnvalds.

Af hálfu stefnenda er á því byggt, að við ákvörðun sína hafi hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps ekki gætt réttra lagasjónarmiða og brotið gegn jafnræðisreglunni, auk þess sem gallar hafi verið á málsmeðferð af hálfu hreppsnefndar. Verður nú fjallað um málsástæður stefnenda varðandi málsmeðferðina og andsvör stefndu.

Stefnendur héldu því fram við flutning málsins, að boðun hreppsnefndarfundar 2. október 1988 hefði ekki verið í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem íbúum sveitarfélagsins hefði ekki verið kunngert með auglýsingu, hvar hreppsnefnd héldi fundi. Þá hefði fundurinn ekki verið haldinn fyrir opnum dyrum í samræmi við 3. mgr. 48. gr. laganna. Af hálfu stefndu var þessari málsástæðu ekki mótmælt sem of seint fram kominni, og þykir því rétt að fjalla sérstaklega um hana.

Oddviti hreppsnefndar, Eggert Haukdal, hefur í skýrslu sinni fyrir dóminum greint frá því, að fundir hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps hafi ekki verið sérstaklega auglýstir opinberlega fyrir fram og að hið sama hafi átt við fundinn 2. október 1988, en eins og venja sé í fámennari sveitarfélögum, séu hreppsnefndarfundir haldnir annaðhvort á heimili oddvita eða í skrifstofu hreppsins í félagsheimili sveitarinnar. Hreppsbúar viti, hvar hreppsnefnd haldi fundi sína, og það fréttist fljótt í fámennri sveit, hvenær halda eigi hreppsnefndarfund, og hver og einn geti komið og fylgst með hreppsnefndarfundum, þó að aldrei hafi verið leitað eftir því.

Stefnendur hafa ekki sýnt fram á, að tilhögun fundar hreppsnefndar 2. október 1988 hafi verið andstæð 3. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1986, og ekki verður talið, að sá galli, sem var á auglýsingu fundarins, hafi haft þau áhrif á ákvörðun nefndarinnar, að ógilda beri hana af þeim sökum.

Stefnendur telja, að þar sem hreppsnefnd hafi reist ákvörðun sína á sögusögnum um áform þeirra og ekki gefið þeim af því tilefni tækifæri til að

skýra nánar fyrir nefndinni áform sín, séu slíkir gallar á undirbúningi ákvörðunarinnar, að lýsa beri hana ólögmæta. Stefnda mótmælir þessu og heldur því fram, að hreppsnefnd hafi kynnt sér alla málavexti og allar hliðar málsins, áður en hún tók ákvörðun sína.

Í fram lagðri samþykkt hreppsnefndar frá 2. október 1988 eru ekki greindar ástæður fyrir þeirri ákvörðun nefndarinnar að neyta forkaupsréttar að jörðinni Eystra-Hóli. Í bréfi, sem hreppsnefnd sendi landbúnaðarráðuneyti í tilefni kæru, sem þrír stefnenda báru fram samkvæmt heimild í 17. gr. jarðalaga vegna þeirrar ákvörðunar nefndarinnar, sem um er deilt í máli þessu, gerir nefndin grein fyrir, á hverju hún hafi reist ákvörðun sína. Þar kemur fram, að eftir að hreppsnefnd hafði borist kaupsamningur um jörðina Eyrstra-Hól, hafi farið fram athugun á því, hvaða augum nágrannar litu málið. Orðrétt segir í bréfinu:

„Voru þeir sammála um, að þeir æsktu ekki nábýlis við kaupendur, og var það e. t. v. ekki að ástæðulausu. Afstaða nágrannanna var mikilvægt atriði í ákvarðanatöku hreppsnefndarinnar, auk þess sem nefndinni var kunnugt um umgengni og búháttu á jörð í okkar sveit, sem tengist einum kaupandanum.

Þá kom það og til og var viðurkennt af kaupendum, að til stóð að fjármagna kaupin á jörðinni með því að rífa niður og selja burt eina almennilega húsið á jörðinni, skemmu. Þá átti einnig að selja burt þann litla kvóta, sem jörðinni fylgdi. Þeir lofuðu að vísu bót og betrun, en fyrri reynsla hreppsnefndar af loforðum tengdum einum kaupendanna var ekki slík, að yfirbótum þætti treystandi. Hugmyndirnar um sölu skemmunnar og kvótans bentu hins vegar sterklega til þess, að jörðina ætti þrátt fyrir fögur orð um annað einungis að nýta til beitar, og reynslan af slíkum búskap aðkomumanna er slík, að menn vilja ekki búa undir því."

Fer þessi lýsing á ástæðum hreppsnefndar saman við skýrslur hreppsnefndarmanna fyrir dómi.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið færð fram nein gögn til stuðnings því, að nágrannar jarðarinnar Eystra-Hóls hafi ekki óskað eftir nábýli við kaupendurna Árna, Ólaf og Örn. Hreppsnefndarmaðurinn Guðjón Sigurjónsson, bóndi á Grímsstöðum, næstu jörð við Eystra-Hól, sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að hann og oddviti hreppsnefndar hefðu ekki rætt um það sín í milli, að nágrannar jarðarinnar væru mótfallnir því, að þremenningarnir keyptu jörðina, og þetta atriði hefði ekki verið rætt á hreppsnefndarfundinum. Annar hreppsnefndarmaður, Haraldur Júlíusson, bóndi í Akurey, sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að oddviti hreppsnefndar hefði á fundum nefndarinnar 18. september og 2. október 1988 talað um, að margir íbúar hreppsins væru óánægðir með þá þrjá menn, sem hefðu hug á að kaupa, en aðspurður sagðist Haraldur ekki hafa orðið var við slíka

óánægju. Þá kom fram í skýrslu Bjarna Halldórssonar á Skúmsstöðum, en land þeirrar jarðar liggur að landi Eystra-Hóls, að af hálfu hreppsnefndar hefði ekki verið rætt við sig sem nágranna, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína, og sér hefði ekki verið kunnugt um neina sérstaka andstöðu við þá þremenninga, sem vildu kaupa jörðina.

Þegar framangreindar skýrslur eru virtar, verður að telja sannað, að stefnda hafi ekki aflað upplýsinga um viðhorf nágranna Eystra-Hóls, áður en nefndin tók ákvörðun sína, eins og stefnda hefur þó haldið fram í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 15. nóvember 1988.

Í áðurnefndu bréfi stefndu frá 15. nóvember 1988 kemur fram, að ákvörðun hreppsnefndar var einnig á því reist, að kaupendur hafi ætlað að rífa og selja burt skemmu á jörðinni og fullvirðisrétt jarðarinnar. Telur stefnda, að þessi áform hafi verið viðurkennd af kaupendum.

Ágreiningur er milli málsaðila um, hvort fulltrúar úr hreppsnefnd og kaupendur hafi rætt saman um áform kaupenda, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína. Telja verður með vísan til skýrslna aðila, að ekki hafi verið sýnt fram á, að slíkar viðræður hafi farið fram né að kaupendur hafi viðurkennt, að þeir hefðu uppi áform um sölu skemmunnar og fullvirðisréttarins, áður en hreppsnefnd tók ákvörðun sína. Þá verður að telja, að hin tilvitnuðu loforð um „bót og betrun" hafi verið gefin eftir hreppsnefndarfundinn 2. október 1988.

Stefnendur halda því fram, að hreppsnefnd hafi reist ákvörðun sína á sögusögnum um áform kaupenda, og verður að skilja skýrslur hreppsnefndarmanna á þann veg, að svo hafi verið að hluta. Guðjón Sigurjónsson á Grímsstöðum sagði í sinni skýrslu aðspurður um, hver hefði veitt honum upplýsingar um áform kaupenda: „Þetta voru sögusagnir, sem voru búnar að ganga í sveitinni á þessum tíma, sem samningurinn lá frammi." Jón Gunnar Karlsson á Strönd II sagði í skýrslu sinni, að hann hefði heyrt það hjá Ágústi Rúnarssyni í Vestra-Fíflholti, að kaupendur ætluðu að fjármagna kaupin með sölu á skemmunni og fullvirðisréttinum, og það hefði nánast verið hið eina, sem hann hefði heyrt um þetta. Eggert Haukdal, oddviti hreppsnefndar, var við skýrslutöku spurður að því, hvort ákvörðun nefndarinnar hefði fyrst og fremst verið byggð á sögusögnum, og svaraði hann þá: „Að hluta."

Eins og áður er fram komið, bar hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps að gæta almennra reglna við undirbúning og töku ákvörðunar sinnar, þar á meðal að afla nægjanlegra upplýsinga til að reisa ákvörðun sína á. Var til þess sérstök ástæða við þessa ákvörðun, þar sem hreppsnefnd byggði á upplýsingum, sem ekki voru komnar frá stefnendum, og ákvörðunin fól í sér beitingu valdheimildar til takmörkunar á eignarráðum fasteignareig anda. Fullnægjandi upplýsingar um áform kaupenda voru líka nauðsyn-

legar, til þess að unnt væri að leggja mat á, hvort skilyrði væru til að beita forkaupsréttarheimildinni í samræmi við hinn lögmælta tilgang hennar. Ber þá einnig að líta til þess, að á sama fundi tók nefndin ákvörðun um sölu jarðarinnar til annars aðila og að fyrir liggur, að a. m. k. hluta hreppsnefndarmanna var kunnugt um takmarkanir á ráðstöfun fullvirðisréttar jarðarinnar.

Af hálfu stefndu er fullyrt, að nægjanlegar upplýsingar hafi legið fyrir hjá hreppsnefnd, þegar hún tók ákvörðun sína. Fram er komið, að fullyrðingar stefndu um, að viðhorf nágranna hafi verið kannað og fyrir hafi legið upplýsingar um, að kaupendur ætluðu að rífa og selja burt skemmu á jörðinni og fullvirðisrétt hennar, eru ekki studdar fullnægjandi gögnum af hálfu stefndu, og verður því að telja, að ákvörðun stefndu hafi aðallega verið reist á sögusögnum um áform kaupenda, án þess að gengið væri úr skugga um sannleiksgildi þeirra.

Að virtu því, sem að framan greinir um ástæður ákvörðunar hreppsnefndar og undirbúning hennar, verður að fallast á það með stefnendum, að stefnda hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt stjórnsýslurétti og lagt viðhlítandi grundvöll að ákvörðuninni, áður en hún var tekin. Þá verður að telja, eins og hér háttar til, að hreppsnefnd hafi borið að gefa stefnendum kost á að tjá sig um efni sögusagna þeirra, sem hún reisti á ákvörðun sína, enda verður ekki fullyrt, að ákvörðunin hefði orðið sama efnis, ef svo hefði verið.

Fallast má því á það með stefnendum, að slíkir gallar hafi verið á undirbúningi ákvörðunar hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps frá 2. október 1988 um að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupsamning stefnenda, að ógilda beri hana, en skýra verður kröfugerð stefnenda um, að ákvörðunin verði lýst ólögmæt, á þann veg, að hún feli í sér kröfu um ógildingu, enda hefur málflutningur aðila verið við það miðaður.

Stefnendur gera í öðru lagi kröfu um, að stefnda hafi glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupin. Bera þeir fyrir sig, að verði aðalkrafa þeirra tekin til greina, svo sem gert hefur verið, sé frestur sá, er tiltekinn er í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum, útrunninn og óeðlilegt sé, að stefndu gefist að nýju kostur á að neyta forkaupsréttar.

Ákvörðun þeirri, sem um er deilt í máli þessu, var af hálfu þriggja stefnenda skotið til landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt heimild í 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum, og með úrskurði ráðuneytisins 1. desember 1988 var hafnað kröfu kærenda um, að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi. Við fyrirtöku málsins í dómi 2. febrúar 1989 lýsti lögmaður stefndu yfir því, að af hálfu stefndu yrði ekki höfð uppi sýknukrafa vegna aðildarskorts eða krafa um frávísun málsins. Í framhaldi þess lýsti lögmað-

ur stefnenda yfir, að í ljósi þessa sæi hann ekki ástæðu til að stefna landbúnaðarráðherra í mál þetta. Í þinghaldi 1. júní sl. tók lögmaður stefndu fram, sérstaklega spurður af dóminum, að stefnda liti svo á, að með bókun sinni í réttinum 2. febrúar 1988 hefði hreppsnefnd fallið frá því að byggja síðar á úrskurði landbúnaðarráðuneytisins gagnvart stefnendum. Telja verður með tilliti til framangreindrar yfirlýsingar stefndu og þess, að dómur í máli bindur aðeins aðila þess, geti dómurinn fjallað um kröfu þessa, enda þótt úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 1. desember 1988 sé ekki til meðferðar hér.

Ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps frá 2. október 1988 er úr gildi felld með dómi þessum, eins og að framan greinir. Frestur sá, er nefndin hafði til að taka afstöðu til erindis stefnenda samkvæmt 32. gr. jarðalaga, var úti 6. október 1988. Galli á ákvörðun hreppsnefndar, sem leiðir til þess, að hún er felld úr gildi, veitir henni ekki færi á að taka nýja ákvörðun að liðnum hinum lögmælta fresti. Þykir því mega fallast á það með stefnendum, að stefnda hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar í tilefni kaupsamnings þess, sem hreppsnefndin tók afstöðu til á fundi sínum 2. október 1988.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 170.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til sölugjalds af málflutningsþóknun.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Allan V. Magnússyni borgardómara og Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Ákvörðun hreppsnefndar Vestur-Landeyjahrepps, sem tekin var á fundi hennar 2. október 1988, að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupsamning stefnenda um jörðina Eystra-Hól í Vestur-Landeyjahreppi er úr gildi felld.

Viðurkennt er, að stefnda hafi glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar samkvæmt kaupsamningi stefnenda, dagsettum 6. september 1988.

Stefnda, hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, greiði stefnendum, Jóhanni Johansen, Árna Þorkelssyni, Ólafi H. Ingimarssyni og Erni Karlssyni, óskipt 170.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 158/1990. **Guðfinna Sigurgeirsdóttir**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands vegna
þrotabús Kolbeins Ögmundssonar
(Ólafur B. Árnason hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. mars sama ár. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, „að endurgreiðslukrafa stefnda um að skilað verði íbúð áfrýjanda að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, eða skaðabótakrafa allt að kr. 2.000.000,- verði felld niður eða lækkuð stórlega". Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að áfrýjandi greiði 2.000.000 króna með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 29. nóvember 1988. Þingað var nokkrum sinnum í málinu, og hinn 12. apríl 1989 var kveðinn upp úrskurður, þar sem frávísunarkröfu áfrýjanda var hrundið. Málið var dómtekið að loknum munnlegum flutningi 9. október 1989. Dómur var kveðinn upp 1. desember sama ár. Liðu því sjö vikur og þrír dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim

í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Vegna breytingar á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjaness, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaðar fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 349/1990. **Kolbeinsstaðahreppur**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Helgu M. Thors,
Jónu Írisi Thors,
Richard R. Thors,
dánarbúi Unnar Thors Briem,
Þórði Thors,
Páli G. Jónssyni og
Óttari Yngvasyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu verði teknar til greina, en kröfurnar eru:

„Að ógilt verði sala stefndu Helgu M. Thors með afsali dagsettu 14. september 1987 til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors á þeim fasteignum, sem afsalið tekur til og liggja í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu. Nánar tiltekið er hér um að ræða jörðina Ölviskross í Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu, og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta fasteignarinnar Haffjarðarár, sem liggur í Kolbeinsstaðahreppi, svo og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta Oddastaðavatns, sem liggur í Kolbeinsstaðahreppi, ásamt hólmum, allt ásamt sama eignarhluta í mannvirkjum og öðrum gögnum og gæðum, sem fasteignum þessum fylgir og fylgja ber að engu undanskildu.

Að viðurkenndur verði forkaupsréttur stefnanda, Kolbeinsstaðahrepps, að framangreindum fasteignum og fasteignaréttindum að

því leyti, sem þær liggja í Kolbeinsstaðahreppi, með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í afsali Helgu M. Thors til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors dagsettu 14. september 1987."

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að fallist verði á fyrri dómkröfu áfrýjanda um ógildingu á sölu umbj. míns Helgu M. Thors á þeim fasteignum, sem þar greinir.

2. Að stefndu verði aðallega sýknuð af síðari dómkröfum áfrýjanda um viðurkenningu forkaupsréttar og málskostnað, en til vara, ef viðurkenning verður veitt fyrir forkaupsrétti til handa áfrýjanda, að hann njóti þess réttar aðeins gegn greiðslu á kaupverði afsalsins frá 14. september 1987 með viðbótum sem hér segir: aðallega álagi til jafns við lánskjaravísitölu frá 14. september 1987 (1778 stig) til þess dags, er hann greiðir kaupverðið auk 6% ársvaxta sama tímabil, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988, til vara: með vöxtum jafnháum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands frá 14. september 1987 til þess dags, er hann greiðir kaupverðið, og bætist þessir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988.

3. Að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu óskipt málskostnað að skaðlausu skv. mati Hæstaréttar að viðbættum virðisaukaskatti."

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti þess.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. apríl 1988. Málið var dómtekið 2. febrúar 1990 og kveðinn upp frávísunardómur hinn 19. mars sama ár. Sá dómur var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 2. maí 1990, þar sem hinn kærði frávísunardómur var staðfestur, að því er varðaði þriðja kröfulið Kolbeinsstaðahrepps, en felldur úr gildi að öðru leyti og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Það var síðan flutt að nýju og dómtekið 6. júní 1990. Dómur var kveðinn

upp 3. ágúst sama ár. Liðu því átta vikur og tveir dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Vegna breytingar á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Vesturlands, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 350/1990. **Eyjahreppur**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Helgu M. Thors,
Jónu Írisi Thors,
Richard R. Thors,
dánarbúi Unnar Thors Briem,
Þórði Thors,
Páli G. Jónssyni og
Óttari Yngvasyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu verði teknar til greina, en kröfurnar eru:

„Að ógilt verði sala stefndu Helgu M. Thors með afsali dagsettu 14. september 1987 til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors á þeim fasteignum, sem afsalið tekur til og liggja í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu. Nánar tiltekið er hér um að ræða jörðina Höfða og Ytri-Rauðamel í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta fasteignarinnar Haffjarðarár, sem liggur í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, þ. m. t. fjórða hluta - 25 hundruðustu - í veiðihúsum á Geiteyri og við Kvörn, svo og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta Oddastaðavatns, sem liggur í Eyjahreppi, ásamt hólmum, allt ásamt sama eignarhluta í mannvirkjum og öðrum gögnum og gæðum, sem fasteignum þessum fylgir og fylgja ber að engu undanskildu.

Að viðurkenndur verði forkaupsréttur stefnanda, Eyjahrepps, að

framangreindum fasteignum og fasteignaréttindum að því leyti, sem þær liggja í Eyjahreppi, með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í afsali Helgu M. Thors til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors dagsettu 14. september 1987."

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að fallist verði á fyrri dómkröfu áfrýjanda um ógildingu á sölu umbj. míns Helgu M. Thors á þeim fasteignum, sem þar greinir.

2. Að stefndu verði aðallega sýknuð af síðari dómkröfum áfrýjanda um viðurkenningu forkaupsréttar og málskostnað, en til vara, ef viðurkenning verður veitt fyrir forkaupsrétti til handa áfrýjanda, að hann njóti þess réttar aðeins gegn greiðslu á kaupverði afsalsins frá 14. september 1987 með viðbótum sem hér segir: aðallega álagi til jafns við lánskjaravísitölu frá 14. september 1987 (1778 stig) til þess dags, er hann greiðir kaupverðið auk 6% ársvaxta sama tímabil, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988, til vara: með vöxtum jafnháum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands frá 14. september 1987 til þess dags, er hann greiðir kaupverðið, og bætist þessir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988.

3. Að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu óskipt málskostnað að skaðlausu skv. mati Hæstaréttar að viðbættum virðisaukaskatti."

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti þess.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. apríl 1988. Málið var dómtekið 2. febrúar 1990 og kveðinn upp frávísunardómur hinn 19. mars sama ár. Sá dómur var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 2. maí 1990, þar sem hinn kærði frávísunardómur var staðfestur, að því er varðaði þriðja kröfulið Eyjahrepps, en felldur úr gildi að öðru leyti og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Það var síðan flutt

að nýju og dómtekið 6. júní 1990. Dómur var kveðinn upp 3. ágúst sama ár. Liðu því átta vikur og tveir dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Vegna breytingar á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Vesturlands, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 405/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hafsteini Sveinbirni Péturssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess samkvæmt 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 163. gr. laga nr. 19/1991.

Í máli þessu er saksókn ákæruvaldsins gegn ákærða einkum byggð á skýrslu Aðalsteins Sigfússonar, félagsmálastjóra í Kópavogi, um viðtal hans við telpuna R. M. 5. febrúar 1992 og á vottorði Jóns R. Kristinssonar barnalæknis og Þóru F. Fischer kvensjúkdómalæknis um skoðun á telpunni 7. sama mánaðar. Enginn þessara þriggja aðila gaf skýrslu við lögreglurannsókn eða dómsmeðferð málsins. Ekki virðist hafa verið talið rétt að freista þess að taka frekari skýrslu af telpunni, og samkvæmt gögnum, sem fyrir Hæstarétti liggja, var um það haft samráð við móður hennar eina. Rétt var þó, eins og á stóð, að afla álits sérfræðings um skýrslutöku af telpunni. Auk þess var rétt, að skýrslur væru teknar fyrir dómi af ofangreindum aðilum, áður en dæmt yrði efnislega í málinu, sbr. og 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Annars vegar var nauðsynlegt að yfirheyra félagsmálastjórann um framkvæmd viðtalsins við telpuna og um atriði, sem máli skiptu í tengslum við það. Hins vegar þurfti, eins og hér stóð á, að fá skýrslu læknanna um nánari þýðingu þeirra upplýsinga, er fram komu í vottorði þeirra.

Vegna þeirra galla á málsmeðferð, sem hér hefur verið lýst, verður ekki hjá því komist að fella héraðsdóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. september 1992.

Árið 1992, þriðjudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 905/1992: Ákæruvaldið gegn Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, sem tekið var til dóms 8. september sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. maí 1992, á hendur ákærða, Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, Reykjavíkurvegi 16, Hafnarfirði, fæddum 22. ágúst 1969, fæðingarnúmer 388, „fyrir skírlífisbrot með því að hafa nokkrum sinnum á árunum 1989 og 1990 sýnt telpunni R. M., fæddri ....., kynferðislega áreitni með því að strjúka og setja fingur og einu sinni tannbursta inn í kynfæri telpunnar með þeim afleiðingum, að meyjarhaft telpunnar rofnaði. Brotin framdi ákærði á heimili sínu að Álfaskeiði 76, Hafnarfirði, og að Hlíðarhvammi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson, sæti fangelsi í átta mánuði. Af þeirri refsingu skal fresta 6 1/2 mánuði, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 55.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði greiði allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. janúar 1993.

Nr. 35/1993. **K**

gegn

M.

Kærumál. Börn. Forsjá. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1993, sem móttekin var í Hæstarétti 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1992 þess efnis, að sóknaraðila sé óheimilt að flytjast með börnin X og Y úr landi, meðan forsjármál vegna þeirra hefur ekki verið til lykta leitt.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og farbanninu verði aflétt. Jafnframt krefst hún kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðila.

Varnaraðili höfðaði með stefnu, birtri 16. desember 1992, mál á hendur sóknaraðila og krafðist þess, að ákvæði í skilnaðarsamningi þeirra frá 29. maí sama ár um forsjá barnanna yrði fellt úr gildi og honum fengið forræði þeirra beggja, en til vara annars þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. barnalaga nr. 20/1992 eru skilyrði þess að fá samningi um forræði barna breytt þau, að það þyki réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnanna. Sóknaraðili hyggur á breytingar á högum, dvalarstað og félagslegu umhverfi barnanna. Lagaskilyrði eru því fyrir hendi til þess, að forsjá barnanna sé tekin til skoðunar á nýjan leik. Við svo búið taka ákvæði 39. gr. barnalaga til ágreinings aðila. Ber því, eins og máli þessu er háttað, að staðfesta hinn kærða úrskurð. Samkvæmt eðli málsins ber að hraða ákvörðun um forsjá barnanna, svo sem er nokkur kostur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 23. desember, er í héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp úrskurður þessi.

Með beiðni, dagsettri 17. desember sl., móttekinni 18. s. m., hefur M [.....], Reykjavík, óskað eftir því, að dómurinn leggi bann við því, að K [...] megi flytjast úr landi með börn þeirra, X og Y, allt þar til dómur hafi fengist í máli því, sem M hefur höfðað á hendur K um, að samningsbundin forsjá barnanna verði felld úr gildi og M fengið forræði beggja barnanna.

K leggst gegn því, að krafa M nái fram að ganga, þar sem hún telji hana óþarfa.

Málsatvik eru þau helst, að M og K var veitt lögskilnaðarleyfi 29. júní sl., þar sem K var falin forsjá X og Y, en M veittur umgengnisréttur við börnin, allt samkvæmt skriflegum skilnaðarsamningi þeirra.

Með stefnu fyrir Héraðsdómi Reykjaness, út gefinni 15. desember sl. og birtri K 16. desember sl., höfðar M mál á hendur K, þar sem hann krefst þess aðallega, að ákvæði í skilnaðarsamningi þeirra um forsjá barnanna verða felld úr gildi og sér fengið forræði barnanna, en til vara, að sér verði fengið forræði annars barnsins.

Kröfu sína í máli því, sem nú hefur verið tekið til úrskurðar, reisir M á 39. gr. barnalaga nr. 20/1992.

M hafi orðið þess áskynja fyrir örfáum dögum, að fyrrum eiginkona sín, K, hygðist flytjast til Bandaríkjanna nú um áramótin og ganga þar í hjónaband við bandarískum hermann. Hann (sic) hafi ekki getað skýrt né viljað skýra frá þeim aðstæðum, sem bíða myndu hennar og barnanna þar ytra.

Hún hafi skýrt sér frá því, að hinn bandaríski maður sé væntanlegur til landsins um jólin og að ætlunin sé að fylgja honum með börnin, er hann snýr til baka eftir jól.

K hefur skýrt frá því fyrir dóminum, að fyrirhugað hafi verið, að hún flyttist til Bandaríkjanna með börnin 1. janúar nk. og settist að í Nýja Mexíkó, þar sem tilvonandi eiginmaður sinn hafi fest kaup á fasteign. Þar bíði hennar einnig starf. Þá upplýsti hún, að þau myndu ganga í hjónaband í júnímánuði 1992. Hún lýsti því hins vegar yfir, að í ljósi þess máls, sem höfðað hefði verið á hendur sér vegna forræðis barnanna myndi hún ekki fara með börnin úr landi, meðan þetta forræðismál væri ekki til lykta leitt.

Hún skýrði frá því, að tilvonandi eiginmaður sinn hefði verið búinn að festa kaup á farseðlum fyrir sig og börnin með brottför í huga 1. janúar 1993.

K byggir andstöðu sína við banni við för úr landi með börnin á því í fyrsta lagi, að hún ætli alls ekki að fara með börnin úr landi, meðan forsjármálið sé í gangi, og í öðru lagi komi það sér illa fyrir sig í forsjármálinu, ef hún færi með þau úr landi, auk þess sem hún ætti þá erfitt með að koma til Íslands.

Af hálfu M voru kröfur hans ítrekaðar fyrir dóminum.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að K hefur í hyggju að flytjast til Bandaríkjanna með börn sín og M og ganga í hjónaband. Þótt hún hafi lýst yfir því fyrir dómi, að hún hafi hætt við fyrirhugaða ferð úr landi 1. janúar 1993 og muni ekki fara með börnin úr landi, fyrr en forsjármál, sem M hefur höfðað á hendur sér, hafi verið til lykta leitt, telur dómurinn engu að síður, að taka beri kröfu M til greina skv. 39. gr. laga nr. 20/1992, enda telst forsjármál vegna barnanna ekki til lykta leitt með hliðsjón af þeirri málshöfðun M, er að framan greinir. Úrskurðast því samkvæmt kröfu M, að K sé óheimilt að flytjast brott með börnin X og Y, meðan forsjármál vegna barnanna hefur ekki verið til lykta leitt.

Við fyrirtöku máls þessa fyrir dóminum var sú krafa höfð uppi af lögmanni M, að K yrði gert að afhenda dóminum vegabréf sitt, þar sem nöfn barnanna eru skráð. Dómarinn hafnar þessari kröfu. Úrlausnarefni dómsins er að ákveða kröfuna um, hvort farbann nái fram að ganga eða ekki. Krafa um afhendingu vegabréfs varðar því framkvæmd samkvæmt úrskurðinum, sem ekki er í verkahring dómsins.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður úrskurðinn upp.

Úrskurðarorð:

K er óheimilt að flytjast með börnin X og Y úr landi, meðan forsjármál vegna barnanna hefur ekki verið til lykta leitt.

Miðvikudaginn 27. janúar 1993.

Nr. 33/1993. **Árni Sigurðsson**
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Útivist í héraði. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1992, sem barst réttinum 19. janúar 1993. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og synjað verði um töku á búi sínu til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í Héraðsdómi Vestfjarða var 18. desember 1992 tekin fyrir krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila. Var sú krafa upphaflega lögð fram 12. júlí 1990 við skiptaráðanda á Ísafirði, meðan sóknaraðili átti heimili þar í bæ, en hann er nú búsettur erlendis. Gekk úrskurður um kröfuna í skiptarétti Ísafjarðar 12. nóvember 1990 og öðru sinni 15. júní 1992, eftir að fyrri úrskurðurinn hafði verið felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 16. mars 1992. Hinum síðari úrskurði var skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 2. mgr. 191 gr. laga nr. 21/1991, eftir að lögsaga í málinu fluttist til héraðsdóms úr höndum skiptaréttarins 1. júlí 1992. Með dómi Hæstaréttar í kærumálinu 23. september 1992 var endanlega leyst úr því ágreiningsefni, hvort krafan væri gerð á réttu varnarþingi, og verður það ekki borið upp að nýju.

Sóknaraðili sótti ekki þing fyrir héraðsdóminum hinn 18. desember, og var hinn kærði úrskurður um töku bús hans til gjaldþrotaskipta kveðinn upp sama dag að honum fjarstöddum. Vegna útivistarinnar átti hann þann eina kost að æskja endurupptöku á málinu samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem hér verður að leggja til grundvallar, sbr. 3. mgr.

176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Brestur þannig heimild til kæru málsins, sbr. 4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 327/1990. **Sveinn Jónsson**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Tómasi Jónssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða sér 2.600.000 krónur með dráttarvöxtum og málskostnaði.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að til frádráttar kröfum áfrýjanda komi til skuldajafnaðar 897.787 krónur með dráttarvöxtum, og falli málskostnaður þá niður.

Samkvæmt kaupsamningi átti afhending íbúðar þeirrar við Stekkjarholt 2, Akranesi, sem mál þetta snýst um, að fara fram 1. nóvember 1988. Stefndi tók við íbúðinni nokkru fyrr og hóf þá að mála hana. Hann virðist hafa kvartað við áfrýjanda yfir göllum á íbúðinni, þegar er hann varð þeirra var. Áfrýjandi hlutaðist þá til um öflun álitsgerðar Gunnars Vals Gíslasonar byggingaverkfræðings, sem rakin er orðrétt í héraðsdómi. Með álitsgerð þessari, matsgerð dómkvaddra manna og niðurstöðu hinna sérfróðu meðdómsmanna er nægilega leitt í ljós, að burðarþoli gólfplötu eða frágangi undir hluta af gólfi fyrstu hæðar hússins er áfátt og að til þess verður rakið gólfsig og fleira, sem aflaga hefur farið í íbúðinni. Galli þessi er sérstaks eðlis og verulegur. Skiptir í því sambandi meðal annars máli, að galli sem þessi veldur oft vafa um ástand húss í heild, styrkleika og frágang. Í Stekkjarholti 2 sýnist helst til ráða að setja bita undir gólfið, þar sem sig hefur komið fram, til

að hindra, að það haldi áfram. Eftir það kemur til greina að rétta gólfið af með steinsteypu. Fleiri úrræði eru talin hugsanleg, en þeim öllum, sem getið var í málflutningi, myndi fylgja verulegt rask. Ber við mat á því, hvort gallinn sé verulegur, að hafa þetta í huga og einnig það, að það sýnist eigi myndu hafa verið til verulegs óhagræðis fyrir seljanda (áfrýjanda), þó að hann hefði samþykkt riftun. Kaupandi hafði nýlega tekið við íbúðinni og aðeins greitt 600.000 krónur af kaupverðinu, sem alls var 3.200.000 krónur.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Sveinn Jónsson, greiði stefnda, Tómasi Jónssyni, 275.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Ég er ósamþykkur meiri hluta dómara um, að gallinn á gólfi íbúðarinnar sé verulegur og að stefndi eigi rétt til riftunar kaupa þess vegna.

Ekkert er fram komið í málinu um, að áfrýjandi hafi vitað um gólfsigið í íbúðinni. Í mati hinna dómkvöddu matsmanna eru engar upplýsingar um, hve mikið sig þetta sé, og er þess hvergi getið í málinu. Ekki er heldur í ljós leitt, hvers vegna gólfið hefur sigið og hvort líkur séu á frekara sigi. Aðilum ber saman um, að sigið sé bundið við afmarkaðan stað, sem telst vera u. þ. b. 15 m^2 að flatarmáli, en íbúðin telst vera 115 m^2 að stærð. Aðilum ber einnig saman um, að viðgerð felist í því að setja stálbita undir gólfið til þess að styrkja það og að það sé tiltölulega einföld viðgerð, enda bauðst áfrýjandi til þess að annast hana stefnda að kostnaðarlausu, áður en umsaminn afhendingartími var kominn, en stefndi hafnaði þessu boði. Þegar umfang viðgerðarinnar er metið, verður ekki

talið, að um svo verulegan galla sé að ræða, að stefndi hafi mátt rifta kaupin. Ber því að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu stefnda og dæma stefnda til þess að efna greiðslur kaupsamningsins.

Varakrafa stefnda lýtur að skuldajöfnuði vegna skaðabótaskyldu áfrýjanda eða afsláttar af kaupverði. Skaðabótaskylda samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 er ekki fyrir hendi, þar sem áfrýjandi hafði hvorki beitt svikum né ábyrgst gólfið. En þegar litið er til þess, að verð íbúðarinnar var það, sem upp var sett, telst stefndi eiga rétt til afsláttar á kaupverðinu vegna hins leynda galla, enda hefur áfrýjandi ekki borið fyrir sig meginreglu 49. gr. kaupalaga í málinu. Afsláttur sá, sem stefndi á rétt til, telst hæfilega ákveðinn 200.000 krónur, þegar litið er til þess, að viðgerð á sökkli og grunni hússins telst sameiginleg fyrir eigendur þess. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda eftirstöðvar kaupverðsins að frádregnum afslætti, þ. e. 2.400.000 krónur, með dráttarvöxtum eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akraness 20. júní 1990.

Mál þetta var fyrst dómtekið 12. janúar 1990 eftir munnlegan málflutning og árangurslausa sáttatilraun.

Eigi varð þó af því, að dómur yrði upp kveðinn í málinu innan tilskilins frests, vegna veikinda formanns dómsins. Málið var því endurupptekið og flutt að nýju 29. maí 1990 og dómtekið sama dag.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, út gefinni 24. júní 1989, af Tómasi Jónssyni, Garðabraut 8, Akranesi, gegn Sveini Jónssyni, Lyngbarði 5, Hafnarfirði.

Í aðalsök eru dómkröfur aðallega þær, að viðurkennd verði með dómi riftun á kaupsamningi, dags. 5. 8. 1988, um húseignina nr. 2. við Stekkjarholt, Akranesi, íbúð á neðri hæð ásamt tilheyrandi eignarhluta í kjallara og hlutdeild í tilheyrandi erfðafestulóð, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda 600.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur aðalstefnda í aðalsök eru þær, að kröfu aðalstefnanda um viðurkenningu á riftun á kaupsamningi aðila, dags. 5. 8. 1988, um neðri hæð fasteignarinnar nr. 2 við Stekkjarholt á Akranesi verði með öllu hafnað og að aðalstefndi verði algjörlega sýknaður af öðrum kröfum aðalstefnanda.

Aðalstefndi gerir að lokum þá kröfu, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða aðalstefnda málskostnað að fullu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Tekið verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að virðisaukaskatt ber að greiða af honum. Einnig er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt 3. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Með gagnstefnu, sem lögð var fram á dómþingi bæjarþings 20. 9. 1989, höfðaði aðalstefndi, Sveinn Jónsson, Lyngbarði 5, Hafnarfirði, gagnsakarmál gegn aðalstefnanda, Tómasi Jónssyni, Garðabraut 8, Akranesi, til þess að fá hann dæmdan til greiðslu 2.600.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Gagnstefnandi skuldbindur sig til að gefa gagnstefnda afsal fyrir íbúðinni á neðri hæð hússins nr. 2 við Stekkjarholt, Akranesi, samtímis því, er gagnstefndi hefur fullnægt öllum skuldbindingum sínum skv. kaupsamningi aðila.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum málskostnaðarreikningi. Einnig er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu, þ. m. t. vaxtavexti skv. 12. gr. laganna.

Þá var þess krafist í gagnstefnu, að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Dómkröfur gagnstefnda, Tómasar Jónssonar, í gagnsök eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda í máli þessu. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Til vara krefst gagnstefndi þess, að til skuldajafnaðar við kröfur gagnstefnanda komi 897.315 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum. Enn fremur er krafa gerð um málskostnað].

II.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 5. 8. 1988, keypti stefnandi máls þessa af stefnda íbúð á neðri hæð í húsinu nr. 2 við Stekkjarholt á Akranesi ásamt sér þvottahúsi og geymslum í kjallara og tilheyrandi lóðarréttindum.

Kaupverð íbúðarinnar var 3.200.000 kr. og skyldi greiða þannig:

Við undirritun kaupsamnings	kr.	600.000
Hinn 15. 12. 1988	"	650.000
" 15. 3. 1989	"	650.000
" 15. 6. "	"	650.000
" 15. 8. "	"	650.000
	Kr.	3.200.000

Stefnandi greiddi við undirskrift kaupsamnings 600.000 kr. Íbúðin var afhent 1. 11. 1988 samkvæmt kaupsamningi. Þegar eftir að stefnandi hafði tekið við íbúðinni, taldi hann sig hafa orðið varan við galla á henni. Taldi hann gallana lýsa sér í því, að gólf í svefnherbergi væri mikið sigið, raki væri í hornum við útvegg í tveimur svefnherbergjum og anddyri og járn á þaki ónýtt.

Stefnandi fékk Bjarna Vésteinsson byggingafræðing til að skoða íbúðina, og var niðurstaða hans sú, að kostnaður vegna styrkingar á gólfplötu og lagfæringar á gólfi, hurðum og skápum á hæðinni næmi 698.369 kr.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 7. 11. 1988, til stefnda lýsti hann framangreindum meintum göllum á íbúðinni, sem hann taldi leynda, og krafðist riftunar kaupanna vegna stórfelldra ætlaðra galla.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 29. 11. 1988, til lögmanns stefnanda hafnaði stefndi algerlega riftunarkröfu stefnanda og lýsti yfir því, að hann myndi krefjast efnda á kaupsamningnum. Í bréfi stefnda kemur fram, að hann hafi fengið Gunnar Gíslason byggingaverkfræðing til þess að segja fyrir um, hverra úrbóta væri þörf, og fyrir lægi skýrsla hans, dags. 25. 10. 1988, og hefur hún verið lögð fram í dóminum. Lýsti stefndi yfir því í bréfinu, að hann væri reiðubúinn að kosta þær lagfæringar, sem Gunnar legði til. En í því fælist þó ekki viðurkenning á ábyrgð sinni eða bótaskyldu. Þessu boði mun stefnandi hafa hafnað munnlega.

Í dóminum hefur verið lögð fram yfirlýsing stefnda, Sveins Jónssonar, þar sem hann lýsir yfir, að hann sé reiðubúinn til að bæta galla, sem virðist hafa verið á gólfi í barnaherbergi og gangi þar fyrir framan. Viðgerð fari fram eins fljótt og við verði komið og helst strax.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 22. 12. 1988, til lögmanns stefnanda ítrekar stefndi, að hann hafni riftunarkröfum. Jafnframt skorar hann á stefnanda að greiða fyrir 31. 12. 1988 650.000 kr., sem greiða átti samkvæmt kaupsamningnum 15. 12. 1988. Einnig ítrekar stefndi boð stefnda um úrbætur vegna gólfsigsins, en tekur fram, að boðið falli niður, ef nauðsynlegt reynist að innheimta kaupverðið með málsókn eða stefnandi haldi riftunarkröfu sinni til streitu.

Það, sem næst gerist í málinu, er, að með matsbeiðni stefnanda, dags 4. 1. 1989, til bæjarfógetans á Akranesi lýsir hann ætluðum göllum á íbúðinni að Stekkjarholti 2 og óskar eftir, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta gallana, sem nánar er lýst í beiðninni. Dómkvaðning fór fram í bæjarþingi Akraness 30. janúar 1989, voru kvaddir til starfans þeir Ólafur Jóhannesson Bachmann húsasmíðameistari og Kristján Hannibalsson múrarameistari, Akranesi. Var mat þeirra dags. 25. mars 1989. Verður gögnum þessum nánar lýst síðar. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 3. 4. 1989, til lögmanns stefnda sendi hann matsgerð hinna dómkvöddu mats-

manna og lýsti yfir, að stefnandi héldi fast við riftun kaupanna og hann neyddist til að fá ritun staðfesta með dómi, féllist stefndi ekki á hana.

Með stefnu, út gefinni 24. 6. 1989, höfðaði stefnandi síðan mál þetta, og stefndi höfðaði gagnsakarmál með gagnstefnu, eins og að framan er lýst.

— — —

V.

Aðalkrafa.

Það verður að telja upplýst í máli þessu, að gólf íbúðarinnar á neðri hæð að Stekkjarholti 2, Akranesi, hafi verið sigið, er kaupin fóru fram. Aðila greinir á um orsakir að gólfsiginu og einnig að nokkru um úrræði til lagfæringar. Í málinu liggur fyrir skoðunargerð og álit tveggja sérfróðra manna um gólfsigið, er gerð var að beiðni aðila, sjálfstætt og sitt í hvoru lagi, eins og lýst hefur verið í dóminum. Baðir komast að þeirri niðurstöðu, að gólfsig hafi verið. Hið sama kemur fram í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Aðalstefndi heldur því fram, að hann hafi eigi orðið var við gólfsigið, þó að hann hafi búið í íbúðinni í fimm ár. Var þess því eigi að vænta, að aðalstefnandi gerði sér grein fyrir gólfsiginu við venjulega skoðun.

Aðalstefnandi er skipasmiður að atvinnu, og þó að hann hafi unnið við húsbyggingar, verður eigi talið, að hann sé sérfróður á því sviði. Það er því álit dómsins, að hér hafi verið um leyndan galla að ræða í skilningi laga. En gegn neitun aðalstefnda er eigi sannað, að hann hafi beitt svikum við sölu íbúðarinnar við samningsgerð, og verður riftunarkrafa aðalstefnanda því eigi reist á þeirri vanefndaheimild.

Aðalstefndi hefur haldið því fram í máli þessu, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé óljóst sundurliðuð og ófullkomin og sé því ófullnægjandi sem sönnunargagn í málinu. En eigi verður á það fallist. Dómurinn lítur svo á, að æskilegra hefði verið að athuga járnabindingu gólfsins og undirstöður og þar með fá nákvæmari lýsingu til úrbóta og kostnað við þær. En endanlegri gerð matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, hefur eigi verið hrundið með yfirmati. Og niðurstaða matsgerðar er í mörgum atriðum, að því er varðar gólfsigið, samhljóða fyrrnefndum sérfræðiálitum, er fyrr var lýst. Verður því á matsgerðinni byggt í máli þessu.

Aðilum málsins var kunnugt um, að húsið Stekkjarholt 2 var um 30 ára gamalt. En að mati dómsins gat aðalstefnandi ekki vænst þess þrátt fyrir aldur þess, að gólf íbúðarinnar væri sigið. Galli vegna aldurs hússins gæti átt við tréverk íbúðarinnar, hurðir og skápa, að öðru leyti en því, er stafaði af gólfsiginu. Einnig ber á það að líta, að járn á þaki virðist jafngamalt húsinu og hafði ekki verið málað í 15 ár. Upplýst er, að aðalstefndi vissi

um slæmt ástand þaksins, þó að honum hafi eigi verið ljóst, að það væri ónýtt. En eigi gat hann þess við aðalstefnanda, áður en kaup fóru fram. Aðalstefnandi skoðaði ekki þak hússins, áður en kaup fóru fram, þó að ljóst mætti vera við skoðun ástand þaksins. Gætti hann því eigi skoðunarskyldu sinnar samkvæmt meginreglu 47. gr. laga nr. 39/1922. Telja verður því, að ástand þaksins veiti aðalstefnanda eigi vanefndaheimild eitt sér, er leiði til riftunar kaupsamnings.

Þó að það sé álit dómsins, að eigi sé með matsgerðinni og öðrum gögnum málsins örugglega upplýst um orsök gólfsigsins og þar með eigi fjárhæð viðgerðarkostnaðar, er það mat dómsins, að hinn leyndi galli á gólfi og kostnaður við úrbætur sé svo verulegur, að hann veiti aðalstefnanda, kaupanda íbúðarinnar, heimild til riftunar kaupsamnings. Eðlilegra þykir, eins og atvikum er háttað í málinu, að seljandi íbúðarinnar, aðalstefndi í máli þessu, beri tjónið, sem er og í samræmi við grunnrök þau, sem liggja til grundvallar 1. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1992.

Niðurstaða málsins verður því sú, að staðfesta ber riftun aðalstefnanda frá 7. 11. 1988 á kaupsamningi aðila, dags. 5. 8. 1988. Aðalstefndi hefur haldið því fram, að aðalstefnandi hafi rýrt verulega verðgildi hinnar seldu eignar, eftir að kaup fóru fram, með því að breyta henni og mála, og eigi hann því eigi kröfu til að fá endurgreidda alla þá fjárhæð, sem hann hefur innt af hendi. Aðalstefndi hefur eigi lagt fram þessu til stuðnings nein gögn, og er þessari kröfu því vísað frá þessum dómi vegna vanreifunar. Ber því að dæma aðalstefnda til að endurgreiða aðalstefnanda 600.000 kr., sem hann hefur greitt upp í kaupverðið, með þeim vöxtum, er krafist er í stefnu.

Þar sem aðalkrafa aðalstefnanda er tekin til greina í máli þessu, eru eigi efni til að fjalla frekar um gagnsök í málinu. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður aðalstefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr., með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu. Einnig greiði aðalstefndi aðalstefnanda virðisaukaskatt af þóknunarliðum lögfræðiþjónustu.

Dómsorð:

Riftun aðalstefnanda í máli þessu með bréfi, dags. 7. 11. 1988, á kaupsamningi hans og aðalstefnda, dags. 5. 8. 1988, um húseignina nr. 2 við Stekkjarholt, Akranesi, íbúð á neðri hæð ásamt tilheyrandi eignarhluta í kjallara og hlutdeild í tilheyrandi erfðafestulóð, er staðfest.

Aðalstefndi, Sveinn Jónsson, greiði aðalstefnanda, Tómasi Jónssyni, 600.000 kr. með 56,4% ársvöxtum frá 5/8 1988 til 1/9 1988, 49,2% ársv. f. þ. d. til 1/10 1988, 33,6% ársv. f. þ. d. til 1/11 1988, 27,6% ársv. f. þ. d. til 1/12 1988, 24,0% ársv. f. þ. d. til 1/1 1989,

21,6% ársv. f. þ. d. til 1/3 1989, 24,0% ársv. f. þ. d. til 1/4 1989, 33,6% ársv. f. þ. d. til 1/5 1989, 38,4% ársv. f. þ. d. til 1/6 1989, 42,0% ársv. f. þ. d. til birtingardags í máli þessu, en dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 5/8 1989.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 180.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu málsins.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 24,5% virðisaukaskatt af þóknunarliðum lögfræðiþjónustu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 303/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Friðrikssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Ákærði og Haukur Sveinbjarnarson, kærandi í máli þessu, gerðu með sér samning 19. ágúst 1987 um kaup hins síðarnefnda á hlutabréfum í Bátagerðinni Samtaki. Samkvæmt 1. tl. samningsins skyldi kaupverðið meðal annars greitt með tveimur skuldabréfum, að fjárhæð 500.000 krónur hvort, og varðar mál þetta annað þeirra. Samningsaðila greinir á um það, hvort ákærði hafi mátt ráðstafa skuldabréfunum að vild sinni þegar eftir samningsgerðina, en samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra tæplega ári síðar átti ákærði að afhenda Hauki bréfin á móti tveimur bátsskrokkum, er fyrirtæki hans smíðaði fyrir ákærða. Haukur Sveinbjarnarson hefur haldið því fram, að þessi skuldabréf hafi einungis átt að vera til tryggingar því, að hann léti ákærða í té tvær bátskeljar samkvæmt upphaflegu samkomulagi þeirra.

Framangreindur samningur ber ekki annað með sér en að skuldabréfin tvö hafi átt að vera hluti greiðslu Hauks Sveinbjarnarsonar fyrir hlutabréfin. Af honum verður ekki ráðið, að umráð ákærða yfir bréfunum hafi sætt nokkrum takmörkunum. Ákærði fyllti út það bréf, er mál þetta varðar, í samræmi við staðlað form þess sjálfs um lánskjaravísitölu og vexti, áður en hann afhenti það Búnaðarbanka Íslands, þó með þeirri breytingu, að vextir skyldu fara eftir vaxtaákvörðun þess banka í stað Seðlabanka Íslands. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nokkrar breytingar á bréfinu leiði til óhagstæðari kjara fyrir skuldara þess en Haukur Sveinbjarnarson

mátti gera ráð fyrir, er hann afhenti ákærða bréfið undirritað og án skriflegs fyrirvara.

Ákæruvaldinu hefur eigi tekist að sanna, að ákærði hafi farið með umrætt skuldabréf í andstöðu við samning þeirra Hauks Sveinbjarnarsonar í því skyni að blekkja með því í lögskiptum. Allur vafi í þessu efni verður metinn ákærða í hag, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eins og ákært er í máli þessu, ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 18. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 293/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Friðrikssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. febrúar sl., á hendur ákærða, ,,Jóni Friðrikssyni, Skipholti 7, Reykjavík, fæddum 12. desember 1944, fæðingarnúmer 314, fyrir skjalafals með því að hafa 10. mars 1988 afhent Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka í Reykjavík, að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á erlendum ábyrgðum ákærða skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., með gjalddaga 20. ágúst 1989, út gefið af Hauki Sveinbjarnarsyni fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, og áritað af honum sem sjálfskuldarábyrgðaraðila, sem ákærði hafði án heimildar Hauks og í blekkingarskyni breytt að efni til þannig, að hann bætti inn á það grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%, dagsetti það 1. október 1987 og breytti kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, ef þeirra verður krafist".

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1991, kærði Haukur Sveinbjarnarson persónulega og f. h. Samtaks hf. „fölsun og innheimtu á skuldabréfi ....". Í kærubréfinu segir m. a., að ákærði í máli þessu, Jón Friðriksson, hafi á árinu 1987 gengið út úr fyrirtæki kæranda og ákærða, Samtaki hf., og kærandi og fjölskylda hans keypt hlutafjáreign hans. Hafi ákærði fengið afhent að handveði skuldabréf og átt að skila því aftur, enda hafi það verið trygging fyrir uppgjöri, sem fram hafi farið. Það hafi hann hins vegar ekki getað, þegar eftir því hafi verið gengið.

Í málinu liggur fyrir afrit af ofangreindu skuldabréfi, og samkvæmt því viðurkennir Bátagerðin Samtak hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, að skulda Landsbanka Íslands 500.000 kr. Er um staðlað skuldabréfaform að ræða og lánið samkvæmt því bundið lánskjaravísitölu með ótilgreindri grunnvísitölu. Ber að endurgreiða lánið með eingreiðslu 20. ágúst 1987. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, „vaxta, dráttarvaxta og vísitöluálags af bréfinu svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða", tekst kærandi í málinu á hendur sjálfskuldarábyrgð og gefur það út pr. pr. Bátagerðin Samtak hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði. Bréfið er ódagsett og óvottað.

Þá liggur fyrir í málinu ljósrit af samningi milli kæranda og ákærða, dagsettum 19. ágúst 1987, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Haukur Sveinbjarnarson og Jón Friðriksson, gerum með okkur eftirfarandi samning um hlutabréf í Bátagerðinni Samtaki. Jón Friðriksson afsalar sér öllum hlutabréfum fyrir sína hönd, Ögmundar Friðrikssonar og Friðriks A. Jónssonar hf. gegn því, að Haukur fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks afhendi:

1. 2 skuldabréf, 500.000 kr., afsal 20/8 1988, og 500.000 kr., afsal 20/8 1989.
2. Bifreið, X 4166.
3. Bátskel, Huginn sam. no. 6.
4. Húsaleiga til Gellis sf. fyrir Skútahraun 3, verð: greidd með sam. no. 5. (Hanna, RE 149).
5. Fyrirvari um endurskoðun er gerður vegna hótunar um málsókn vegna móta Víkings.

Með þessum samningi er samningi aðila í Bátagerðinni Samtaki slitið, og á hvorugur aðilinn, eftir að samningur hefur verið uppfylltur samkvæmt ofanverðu, kröfu á hinn."

Hinn 10. mars 1988 afhenti ákærði Búnaðarbanka Íslands ofangreint

skuldabréf að handveði. Hafði bréfinu þá verið breytt sem hér segir: Kröfuhafi var orðinn Búnaðarbanki Íslands í stað Landsbanka Íslands. Bætt hafði verið inn í bréfið grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%. Þá hafði bréfið verið dagsett 1. október 1987. Enn fremur hafði ákærði auk kæranda tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu bréfsins, bæði persónulega og f. h. Gellis sf., Skipholti 7, Reykjavík.

Vitundarvottur að réttri dagsetningu skuldabréfsins, undirskrift og fjárræði útgefanda er orðinn Kjartan Páll Einarsson, nafnnúmer 5600-2343.

Með stefnu, út gefinni 22. maí 1990 og þingfestri í bæjarþingi Reykjavíkur 14. júní s. á., höfðaði Búnaðarbanki Íslands mál til innheimtu skuldabréfsins á hendur kæranda og syni hans f. h. Bátagerðarinnar Samtaks hf., en fallið var að svo stöddu frá kröfum á hendur ákærða og Gelli sf. Hefur verið tekið til varna af hálfu stefndu og því haldið fram, að skuldabréfið sé falsað.

Bú ákærða og Gellis sf. var tekið til gjaldþrotaskipta 24. október 1989 og ákærði úrskurðaður gjaldþrota 16. mars 1990. Lauk skiptum 7. september s. á., og námu lýstar kröfur samtals 42.223.070 kr., en engar eignir fundust í búinu. Engar kröfur voru lagðar fram við gjaldþrotameðferðina af hálfu kæranda eða Bátagerðarinnar Samtaks sf.

Ákærði kveður rétt vera, að hann hafi 10. mars 1988 afhent Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka í Reykjavík, að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á erlendum ábyrgðum ákærða og/eða Gellis sf. skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., með gjalddaga 20. ágúst 1989, út gefið af Hauki Sveinbjarnarsyni f. h. Bátagerðarinnar Samtaks hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, og áritað af honum sem sjálfskuldarábyrgðaraðila. Viðurkennir ákærði að hafa látið bæta inn á bréfið, eftir að nefndur Haukur Sveinbjarnarson undirritaði það fyrir hönd Bátagerðarinar Samtaks hf. sem útgefandi og ritaði nafn sitt sem sjálfskuldarábyrgðaraðili undir það, grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5% og að hafa látið dagsetja það 1. október 1987 og breyta kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Ákærði kveðst hafa gert munnlegt samkomulag við kæranda, Hauk Sveinbjarnarson, í tilefni samnings þeirra frá 19. ágúst 1987, að Haukur smíðaði tvo bátsskrokka fyrir ákærða gegn því, að ákærði afhenti honum tvö skuldabréf, bæði að fjárhæð 500.000 kr. Hafi annað þeirra verið það bréf, sem mál þetta er sprottið af. Hafi þetta gerst, eftir að ákærði afhenti Búnaðarbankanum skuldabréfið, en þá hafi verið búið að færa ofangreindar breytingar inn á bréfið. Kveðst ákærði telja, að hann hafi þá gert Hauki grein fyrir því, að skuldabréfið væri í Búnaðarbankanum og að ákærði myndi ná því þaðan og afhenda Hauki, þegar hann væri búinn að smíða bátsskrokkana. Hafi Haukur staðið við sinn hluta af samkomulaginu,

þ. e. smíði bátsskrokkanna, og ákærði fengið þá í hendur, en ákærði ekki getað afhent honum skuldabréfið, þar sem það var í bankanum og ákærði orðinn gjaldþrota.

Ákærði kveður skuldabréfið í upphafi hafa verið greiðslu eða tilvísun á greiðslu frá Hauki til ákærða. Því hafi verið um fullkomið skuldabréf að ræða og það verið ákærða til ráðstöfunar að eigin geðþótta. Ákærði hafi ætlað að standa við ofangreint munnlegt samkomulag þeirra Hauks og ekki verið orðinn gjaldþrota, er það var gert, en vegna eftirfarandi gjaldþrots síns ekki tekist að ná því út úr bankanum, eftir að Haukur hafði afhent ákærða bátsskrokkana.

Vitnið Haukur Sveinbjarnarson framkvæmdastjóri, Haukanesi 16, Garðabæ, kveður, að í ágúst 1987 hafi vitnið og ákærði ákveðið, að vitnið keypti hlut ákærða í Bátagerðinni Samtaki hf. Hafi einn liður í kaupum vitnisins af félaginu verið, að ákærði hafi viljað fá tvær bátskeljar upp í kaupverðið. Svo hafi þá staðið á, að fyrirtækið hafi ekki getað afhent ákærða bátskeljarnar strax, eins og hann fór fram á. Því hafi í samningi vitnisins og ákærða frá 19. ágúst 1987, sem ákærði hafi vélritað á skrifstofu sinni hjá Gelli sf. að vitninu viðstöddu, verið sett inn í 1. lið hans, að vitnið myndi afhenda ákærða tvö skuldabréf, hvort tveggja að fjárhæð 500.000 kr., og hafi þau átt að vera til tryggingar afhendingu bátskeljanna. Hafi þessi skuldabréf verið útbúin að kröfu ákærða. Hafi heildarkostnaður við smíði bátskeljanna verið 731.176 kr., þ. e. bæði bátarnir og efnisúttekt, og auk þess hafi vitnið orðið fyrir öðrum kostnaði. Hafi ákærði samþykkt, að þessi fjárhæð ásamt öðrum kostnaði jafngilti 1.000.000 kr., þ. e. nafnverði skuldabréfanna, og ákærði hafi þar með verið búinn að fá að fullu greiddan 1. lið samningsins.

Vitnið kveður, að tæplega ári seinna hafi vitnið og ákærði gert með sér samkomulag símleiðis um, að í stað bátskeljanna myndi Bátagerðin Samtak hf. smíða aðra tegund báta fyrir ákærða, þar sem ákærði hefði þá ekki haft áhuga á bátskeljunum. Hafi bátsskrokkarnir verið afhentir ákærða, og hafi það getað verið í ágúst 1988. Kveðst vitnið áður hafa gengið eftir fyrrnefndum skuldabréfum við ákærða og hann sagt, að það væri ekkert mál, og myndi hann afhenda vitninu þau. Þegar vitnið hafi gegnið oftar eftir bréfunum, hafi ákærði sagt, að hann gæti ekki nálgast þau.

Vitnið mótmælir því harðlega, að þær breytingar og viðbætur, sem gerðar voru, eftir að það ritaði nafn sitt á það (sic), bæði fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks hf. sem útgefanda og persónulega sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, hafi verið gerðar með samþykki sínu.

Við dómsmeðferð málsins fór fram samprófun milli ákærða og vitnisins um það, sem á milli þeirra ber, en hún bar eigi árangur, þar sem bæði ákærði og vitnið héldu fast við fyrri framburð sinn.

Vitnið Kjartan Páll Einarsson útibússtjóri, Sjávarflöt 1, Stykkishólmi, kveðst hafa verið deildarstjóri ábyrgðardeildar erlendra viðskipta í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands frá 1983 til 1. júní 1991. Kannast vitnið við að hafa tekið við skuldabréfi því, sem ákært er út af, úr höndum ákærða 10. mars 1988 sem tryggingu fyrir ábyrgðum, sem bankinn tókst á hendur erlendis fyrir hönd ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa tekið skuldabréfið gilt, nema sá aðili, sem lagði það fram til tryggingar erlendum viðskiptum sínum, þ. e. Gellir sf. og ákærði, ábyrgðust það. Hafi ákærði undirritað skuldabréfið, fyrst fyrir hönd Gellis sf. og síðan sjálfur, í báðum tilvikum sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Hafi vitnið vottað skuldabréfið og einungis verið að votta undirskrift ákærða, en er vitnið hafi tekið við bréfinu, hafi verið búið að rita á það nafn útgefanda og sjálfskuldarábyrgðarmanns. Hafi bréfið verið eins úr garði gert og skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, er vitnið tók við úr hendi ákærða að handveði. Hafi ekkert verið hreyft við efni bréfsins af hálfu bankans, hvorki fyrir né eftir afhendingu þess, og ákærði engan fyrirvara gert við afhendingu þess til bankans, enda komi ekkert slíkt fram í handveðsyfirlýsingu hans.

Niðurstaða.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, liggur fyrir í máli þessu samningur ákærða og Hauks Sveinbjarnarsonar frá 19. ágúst 1987 um hlutabréfakaup hins síðarnefnda í Bátagerðinni Samtaki hf. af ákærða. Samkvæmt 1. lið samnings þessa skyldi Haukur afhenda ákærða tvö skuldabréf, bæði að fjárhæð 500.000 kr., annað með gjalddaga 20. ágúst 1988 og hitt réttu ári síðar. Er mál það, sem hér er til umfjöllunar, risið af síðara skuldabréfinu.

Ákærða og Hauki ber ekki saman um tilurð nefndra skuldabréfa. Heldur Haukur því eindregið fram, að þau hafi átt að vera til tryggingar afhendingu tveggja bátsskrokka til ákærða og að ákærði hafi átt að láta þau sér í té að afhendingu lokinni. Ákærði kannast við, að þeir Haukur hafi gert samkomulag um, að Haukur smíðaði bátsskrokkana fyrir ákærða og að ákærði afhenti honum umrædd skuldabréf við afhendingu þeirra. Jafnframt viðurkennir ákærði, að Haukur hafi staðið við smíði bátsskrokkanna, en ákærði þá ekki getað afhent skuldabréfin og bréf það, sem mál þetta fjallar um, verið í Búnaðarbanka Íslands að handveði. Á hinn bóginn staðhæfir ákærði, að skuldabréfið hafi verið sér til ráðstöfunar að vild, eftir að Haukur afhenti sér það, og ákærði af þeim sökum getað ráðstafað því eins og honum sýndist.

Ákærði afhenti Búnaðarbanka Íslands nefnt skuldabréf að handveði 10. mars 1988. Hefur ákærði viðurkennt að hafa látið breyta nefndu skuldabréfi, sem Haukur hafði gefið út fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks

hf. og ábyrgst persónulega sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, eftir að Haukur hafði afhent sér það og áður en hann afhenti það Búnaðarbankanum, með þeim hætti að bæta inn á það grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%, dagsetja bréfið 1. október 1987 og breyta kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Gegn eindregnum mótmælum Hauks Sveinbjarnarsonar þykir ósannað, að ákærði hafi haft nokkra heimild til að breyta nefndu skuldabréfi, eins og hann hefur viðurkennt að hafa látið gera. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa átt að afhenda skuldabréfið að smíði umræddra bátsskrokka lokinni, en ráðstafað því engu að síður 10. mars 1988 í eigin þágu til Búnaðarbanka Íslands og án nokkurs samráðs við Hauk. Þykir samkvæmt framansögðu sannað, að hann hafi framvísað skuldabréfinu greint sinn í blekkingarskyni í nefndum banka og með því gerst sekur um skjalafals, svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 71, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, sæti fangelsi fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 211/1992. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Daniel Allan Pollock
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Skilorð. Dráttur á rekstri máls. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Upptaka. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Þá er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms um upptöku.

I.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, gekkst ákærði undir dómsátt á árinu 1981 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt upplýsingum í málinu frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík viðurkenndi ákærði þá kaup á tveimur grömmum af hassi til eigin neyslu. Þá gekkst ákærði á árinu 1984 undir dómsátt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði hefur ekki gerst sekur um önnur brot, svo að kunnugt sé.

Með fram lögðum gögnum hefur verið upplýst, að ákærði fluttist til Bandaríkjanna í byrjun árs 1989 og fór þar í átta vikna vímuefnameðferð. Þá gefa málskjöl til kynna, að hann hafi frá þessum tíma starfað hjá byggingafyrirtækjum þar í landi og jafnframt stundað tækninám að einhverju marki. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði verjandi ákærða grein fyrir því, að ákærði væri enn samvistum við konu sína og tvö ung börn, hefði góða atvinnu og hefði hætt allri fíkniefnaneyslu þegar á árinu 1989. Fær það stoð í gögnum málsins.

II.

Rekstur máls þessa hefur dregist úr hömlu. Ákærði varð uppvís að brotum sínum í nóvember 1988. Málið var fullrannsakað af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík 20. janúar 1989 og var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar þann dag. Ríkissaksóknari gaf ekki út ákæru í málinu fyrr en tveimur árum og rúmlega þremur mánuðum síðar, hinn 2. maí 1991. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að þessi dráttur réttlættist ekki af dvöl ákærða í Bandaríkjunum á þessum tíma.

Eftir að málið hafði legið hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um tæplega níu mánaða skeið, var ákæra birt ákærða 31. janúar 1992. Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að ákærði hafi ótilkvaddur og fljótlega eftir komu til Íslands frá Bandaríkjunum í árslok 1991 átt frumkvæði að því, að máli þessu yrði lokið.

Sá dráttur, sem varð á rekstri málsins samkvæmt framansögðu hjá embætti ríkissaksóknara og hefur ekki verið skýrður, er vítaverður. Hann brýtur í bága við 1. mgr. 138. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um sama efni, og er í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

III.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða. Þá er fallist á, að refsing ákærða sé hæfilega ákveðin fangelsi í 16 mánuði, en brot hans var mikils háttar. Þegar virtir eru persónulegir hagir ákærða, sakaferill hans og hinn óhæfilegi dráttur á rekstri málsins, þykir hins vegar rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að fresta fullnustu refsingar og láta hana falla niður að liðnum fjórum árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 16. til 22. nóvember 1988.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku verða staðfest. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Daniel Allan Pollock, sæti fangelsi í 16 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum fjórum árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 16. til 22. nóvember 1988.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku eiga að vera óröskuð.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. mars 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 101/1992: Ákæruvaldið gegn Daníel Allan Pollock.

Málið, sem dómtekið var 3. mars sl., er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 2. maí 1991, á hendur Daníel Allan Pollock, Skólabraut 39, Seltjarnarnesi, kt. 240958-7759, „fyrir að hafa í síðari hluta október og 10. nóvember 1988 keypt fíkniefni af óþekktum manni í Reykjavík, í fyrra skiptið 75 g af kókaíni og í hið síðara 143 g af amfetamíni, og ætlað efnin til endursölu í ágóðaskyni, en við húsleit á heimili ákærða 14. nóvember 1988 fann lögreglan 50 g af kókaíninu og allt amfetamínið".

Telst þetta í ákæruskjali varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1874, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, og auglýsingu nr. 84, 1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingr, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærði er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði, dagsetttu 13. janúar 1992, sætt refsingum sem hér segir:

1981 25/3 Fíkniefnadómur. Sátt: 700 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.

1984 12/1 Kjósars., Hafnarfjörður. Sátt: 4.800 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 4. mán frá 3. 9. 1983.

Málsatvik.

Hinn 14. nóvember 1988 gerði ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík húsleit á heimili ákærða, Daníels Allans Pollock, að Skólabraut 39, Seltjarnarnesi. Við leit í bílskúr, er fylgir íbúðinni, fundust 50 g af ætluðu kókaíni, falin bak við salerni, og 143 g af ætluðu amfetamíni, falin í niðurfalli í gólfi.

Ákærði var handtekinn í framhaldi af ofangreindu og færður á lögreglustöð.

Ofangreind haldlögð fíkniefni voru af lögreglu sérgreind á efnaskrá nr. 2214 og þar skráð svo:

A: Hvítt efni, ætlað kókaín ..... 50 g.

B. Gulleitt efni, ætlað amfetamín ..... 143 g.

Tekið var fram á nefndri efnaskrá, að liður A hefði gefið jákvæða svörun sem kókaín og liður B sem amfetamín.

— — —

Niðurstöður.

Ákærði, Daníel Allan Pollock, hefur við allan rekstur málsins haldið fast við þá skýringu, að kókaínið hafi eingöngu verið ætlað til eigin nota og komist í sínar vörslur gegn gjaldfresti, enn fremur, að hann hafi ráðgert að fjármagna þessi kókaínkaup með sölu amfetamínsins, er að ofan greinir. Þótt þessi framburður þyki ekki trúverðugur, liggur ekkert fyrir í máli þessu, sem hnekkir honum. Verður því að leggja til grundvallar þann framburð ákærða hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að hann hafi ætlað framangreint kókaín til eigin nota.

Með vísan til þess þykir með skýlausri játningu ákærða nægilega sannað, að ákærði hafi í síðari hluta október og 10. nóvember 1988 keypt fíkniefni af óþekktum manni í Reykjavík, í fyrra skiptið 75 g af kókaíni og í hið síðara 143 g af amfetamíni, og ætlað kókaínið til eigin nota, en amfetamínið til endursölu í ágóðaskyni, en við húsleit á heimili ákærða 14. nóvember 1988 fann lögreglan 50 g af kókaíninu og allt amfetamínið.

Brot ákærða þykja í ákæruskjali réttilega til refsiákvæða heimfærð og því varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna

nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, og auglýsingu nr. 84/1986.

Ákærði hefur samkvæmt því unnið til refsingar.

Við refsimat verður virt ákærða í hag, að hann upplýsti málið greiðlega og ótilkvaddur og fljótlega eftir komu hingað til lands frá Bandaríkjunum átti frumkvæði að því, að máli þessu yrði lokið. Einnig verður það virt ákærða í hag, að hann fór í vímuefnameðferð, eftir að fyrrgreint átti sér stað.

Að öllu fyrrgreindu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, verður framangreind gæsluvarðhaldsvist ákærða í samtals átta daga dregin með fullri dagatölu frá ofangreindri fangelsisrefsingu.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar og þar af 23.008 kr. að meðtöldum 12% söluskatti til skipaðs réttargæslumanns síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., og 56.025 kr. að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti í málsvarnarlaun til Sigurðar Guðmundssonar hdl., skipaðs verjanda síns.

Þá ber, sem í ákæruskjali er krafist, og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, að dæma ákærða til upptöku á ofangreindum 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni, sérgreindu á efnaskrá nr. 2214.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Allan Pollock, kt. 240958-7759, sæti fangelsi í 16 mánuði að frádregnu átta daga gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar og þar af 23.008 kr. í réttargæsluþóknun til Kristjáns Stefánssonar hrl. og 56.025 kr. í málsvarnarlaun til Sigurðar Guðmundssonar hdl.

Upptæk til eyðingar skulu 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni, sérgreind á efnaskrá nr. 2214.

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 188/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Árnasyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Tilraun til manndráps. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. mars 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingu.

Eins og lýst er í héraðsdómi, fór ákærði heim til sín gagngert til að sækja hníf í þeim tilgangi að beita honum á þá pilta, sem höfðu verið að áreita hann. Ákærði stakk síðan einn piltanna þremur djúpum stungum. Þótt ekki verði litið svo á, að fyrir ákærða hafi vakað að svipta einhvern piltanna lífi, þá hlaut honum að vera ljóst, að hnífstungurnar gætu leitt til dauða. Ber því að staðfesta heimfærslu héraðsdómara á brotinu undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms svo og ákvörðun hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði

Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara.

Gegn neitun ákærða er ósannað, að hann hafi haft í hyggju að svipta Helga Karl Gunnarsson lífi. Varhugavert er að ætla, að ákærði hafi hlotið að sjá fyrir, að stungusár þau, er hann veitti Helga Karli, gætu leitt til bana, enda taldi Björn Ívar Karlsson yfirlæknir „mjög ólíklegt ... að þau ... hefðu leitt til dauða, ef ekkert hefði verið að gert". Hefur ákærði því gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Var um þetta fjallað við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga tel ég, að staðfesta eigi niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara um áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. febrúar 1992.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að undangengnum munnlegum málflutningi 24. f. m., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. nóvember 1991, á hendur Einari Árnasyni, verbúð Ísfélags Vestmannaeyja, Strandvegi 28, Vestmannaeyjum. Í ákærunni eru ákæruatriði og dómkröfur tilgreind með eftirgreindum hætti:

„....fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt laugardags 20. apríl 1991 veist að Helga Karli Gunnarssyni, kt. 210474-382, við mót Strandvegar og Bárustígs í Vestmannaeyjum og stungið hann þremur djúpum hnífstungum í vinstra gagnauga, vinstra læri við mjöðm og í brjósthol undir hægra viðbeini, og gekk sú stunga í hægra lunga, sem féll saman.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940".

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

II.

Málsatvik.

Ákærði hefur við meðferð málsins afdráttarlaust viðurkennt brot sitt. Hann kvaðst viðurkenna að hafa aðfaranótt sunnudagsins 20. apríl sl. stungið piltinn Helga Karl þremur hnífstungum. Ákærði, sem var mjög

ölvaður, er atburðurinn gerðist, mundi lítið eftir því, hver aðdragandi að verknaðinum var. Hann kvaðst þó telja, að háttseminni væri rétt lýst í ákæru, og mundi eftir, að hann hefði sætt áreitni Helga Karls og tveggja félaga hans. Ekki mundi hann, hvort þeir hefðu látið einungis orð nægja í því sambandi eða líkamleg áreitni með hrindingum og öðru slíku einnig komið til. Taldi hann þó líklegt, að svo hefði verið í þetta sinn, enda hefði hann orðið fyrir slíku frá þessum piltum fyrir tilgreindan atburð. Ekki kvaðst ákærði vera sáttur við að vera sakaður um tilraun til manndráps, því að aldrei hefði verið tilætlun sín að særa einhvern þessara þriggja pilta til ólífis og aðgerðir sínar miðað að því að fá piltana til að láta af áreitninni. Ákærði, sem staðfesti, að hann hefði notað þann hníf, sem lögreglan lagði síðar hald á, kvaðst ekki hafa sótt hnífinn upp í verbúðarherbergi sitt, fyrr en tilraunir sínar til að fá aðstoð lögreglu hefðu brugðist. Ákærði gerði ekki athugasemdir við fram lögð sakargögn og staðfesti, að skýrslur, sem teknar höfðu verið af sér við lögregluranns6kn málsins, væru réttar. Að öðru leyti eru málsatvik eins og hér greinir.

Lögreglan í Vestmannaeyjum fékk tilkynningu um atburðinn rétt um eittleytið aðfaranótt laugardagsins 20. apríl sl. Skammt frá vettvangi hittu lögreglumennirnir tæplega 17 ára ungling, vitnið Helga Karl Gunnarsson, sem kvað ákærða hafa stungið sig oftar en einu sinni. Þegar í stað var farið með Helga Karl á sjúkrahúsið, en ákærði var farinn af vettvangi, en handsamaður nokkru síðar. Samkvæmt vottorði frá þeim lækni, er tók á móti Helga Karli, var hann við komu á sjúkrahúsið kl. 1.30 alblóðugur í framan, blóð var á bringu og skyrta hans öll blóðug, auk þess sem blæddi úr sári á vinstra gagnauga, en yfir það sár var búið að setja umbúðir af starfsmönnum veitingahúss skammt frá vettvangi.

Samkvæmt rannsóknargögnum eru tildrög málsins að öðru leyti þau, að síðari hluta dags föstudaginn 19. apríl 1991 hóf ákærði að drekka áfengi á herbergi sínu. Gögn málsins virðast benda til þess, að ákærði hafi einsamall á skömmum tíma drukkið töluvert magn af áfengi, og síðar um kvöldið hélt hann áfram drykkju á ölstofu, sem er í næsta nágrenni við verbúðina, sem hann bjó í. Ákærði hefur sjálfur sagst hafa verið á rölti og þá gjarnan komið við á herbergi sínu til að bæta á sig áfengi. Ákærða sem og vitnum ber saman um, að hann hafi verið mikið ölvaður, er hann, eftir að hafa yfirgefið ölstofuna, átti leið um göngugötuna Bárustíg, en þar var einmitt þetta kvöld mikil umferð, og voru unglingar einkum þar á ferð.

Upplýst er, að ákærði leitaði ásjár á skrifstofu Alþýðuflokksins, Bárustíg 1, sem er austanvert á gatnamótum Bárustígs og Strandvegar, og telur vitnið Magnús Kristleifsson, að það hafi verið um tíuleytið um kvöldið. Ákærði bað tvisvar um að fá að hringja í lögreglu, þar sem hann hefði

ekki frið fyrir krakkahópi, sem veittist að sér og hefði upp meiðandi ummæli í sinn garð. Ekki var ákærði tekinn alvarlega og komið með góðu út úr húsinu. Piltar frá Hafnarfirði, sem hittu ákærða við suðurenda göngugötunnar, sennilega laust fyrir klukkan ellefu, sögðu Helga Karl hafa að fyrra bragði hreytt ókvæðisorðum í ákærða, sögðu hann hafa sagt við ákærða: „Hundskastu í burt, hommadjöfull. Helvítis fíflið þitt, hundskastu burt." Skömmu síðar kom ákærði á skrifstofu Alþýðubandalagsins, Bárustíg 11, og dvaldist þar um hálfa klukkustund. Virtist ákærði þá rólegur, en skrafhreifinn.

Skömmu eftir þetta, laust fyrir miðnætti, urðu vitnin Guðmundur Jensson og Magnús Kristleifson vör við, að hópur af krökkum gerði aðsúg að ákærða, og hafði Helgi Karl sig þó mest í frammi. Orðin „hommatittur", „hommadjöfull", drullupumpa", „láttu ríða þér í rassgatið" voru látin dynja á ákærða. Ekki er upplýst, hvenær ákærði vopnaðist hnífi, en hann telur, að um þetta leyti hafi hann farið upp á herbergi til sín og náð þar í hnífinn, en verið áður búinn að fara á skrifstofu Alþýðubandalagsins, Bárustíg 11, og nú í þeim erindagerðum að fá að hringja til lögreglu og kæra unglingana, og hafði vitnið Guðmundur Jensson heyrt, að ákærði hafði svarað Helga Karli, að hann ætlaði að kæra hann vegna hinna meiðandi ummæla. Ekki er upplýst í málinu, hvort ákærði hefur nokkru sinni náð að hringja í lögreglu, því að hvort tveggja er, að engin vitni voru að hringingunni og dagbók lögreglu greinir ekki frá því. Að sögn vitnisins Þórðar Ólafs Rúnarssonar mun það hafa verið laust eftir klukkan hálfeitt um nóttina, að vitnin Þórður Ólafur, Kristmann Einarsson og Helgi Karl hittu ákærða við veitingastaðinn Bjössabar, sem er við göngugötuna.

Vitnunum Þóri og Kristmanni ber saman um, að Helgi Karl hafi ekki verið í sem bestu skapi og látið reiði sína óspart bitna á ákærða. Vitnin Þórður og Kristmann segja ákærða hafa reynt að forðast þá og farið því yfir götuna, en Helgi Karl hlaupið á eftir honum og slegið í hann og sparkað. Hjá Þóri og Kristmanni kemur einnig fram, að Þórður og Helgi Karl hafi nú orðið samferða norður eftir Bárustíg, en Kristmanni eitthvað dvalist. Kristmann hefur verið heldur fámáll um viðskipti sín við ákærða, en hefur þó upplýst, að hann og ákærði hafi verið staddir við Blómaverslun Ingibjargar Johnsen á gatnamótum Bárustígs og Strandvegar. Kveðst Kristmann ekki hafa beðið um annað en eld hjá ákærða, en ákærði þá sýnt greinileg hræðsluviðbrögð, hörfað eitt til tvö skref aftur á bak og borið fyrir sig vinstri hönd, eins og hann vildi banda frá sér, en síðan skyndilega sveiflað hægri hendi og lagt til sín með hnífi, en hann náð að víkja sér undan. Kristmann stökk nú út á götuna, en kallaði um leið til félaga sinna, sem komnir voru fyrir hornið á móts við vesturenda Drífandahússins, að ákærði væri með hníf. Þótt nokkuð sé óljóst, hvað næst gerist, má af framburði

Þórðar ráða, að ákærði og Helgi Karl hafi nálgast hvor annan og ákærði lagt með hnífnum til Helga Karls. Þykir mega leggja framburð Helga Karls til grundvallar um næstu atburðarás, þar sem segir: „Ég man síðan, að annar hvor Þórður eða Kristmann kallaði, að Einar væri með hníf, og þá sneri ég mér við með vinstri hönd á lofti, en í því fann ég, hvar hnífurinn stakkst í vinstra gagnauga mitt. Þá sneri ég mér að Einari, og skipti þá engum togum, að hann stakk mig í hægra brjósthol með þeim afleiðingum, að lungað skaddaðist, og síðan stakk hann mig í vinstra læri að aftanverðu.“

Eftir þetta fór ákærði af vettvangi og upp á herbergi til sín, en það var í Ísfélagshúsinu við norðausturenda gatnamóta Strandvegar og Bárustígs, og var hann þar handtekinn skömmu síðar. Vitnið Kristján Ingi, sem kom á vettvang, rétt eftir að ákærði hafði stungið Helga Karl, sagði, að hann hefði verið blóðugur og haltraður og haldið um lærið. Upplýst er í málinu, að Helgi Karl hafði gengið nokkur hundruð metra frá vettvangi, er lögreglu bar að.

Ákærði hefur borið, að hann hafi ekki ætlað að særa Helga Karl og félaga hans til ólífis, en hins vegar veita þeim slíka ráðningu, að þeir létu af áreitni. Ekki mundi ákærði eftir að hafa gert tilraun til að stinga Kristmann, áður en til þess atviks kom, er hér er til umfjöllunar, en gerði engar athugasemdir við það, sem vitni báru um það. Hann kvaðst hafa ætlað að beita hnífnum á Helga Karl og félaga hans tvo, enda hefðu það verið þeir þrír, sem mest hefðu haft sig í frammi við að stríða sér, og kvaðst ekki að því leytinu geta gert upp á milli þeirra.

Við aðalrannsókn málsins hér fyrir dómi voru teknar vitnaskýrslur af ellefu vitnum, sem greindu frá aðdraganda málsins, en til frásagnar um, hvað gerðist á örlagastundu, eru ekki aðrir en ákærði og Helgi Karl og félagar hans tveir. Sakargögn benda til þess, að félagar Helga Karls, vitnin Þórður Ólafur Rúnarsson og Kristmann Einarsson, hafi ekki verið í aðstöðu til að sjá að öllu leyti árás ákærða á Helga Karl, en ákærði hefur á engan hátt gert athugasemdir við lýsingu vitnisins Helga Karls á því, þegar hann lagði til hans.

Lýsing málsatvika hér að framan styðst við fram lögð sakargögn sem og framburð vitnanna: Manúsar Kristleifssonar, kt. 271257-2369, Vestmannaeyjum, Hrannars Freys Arasonar, kt. 110776-4469, Hafnarfirði, Gauta Þórs Gíslasonar, kt. 151076-5139, Hafnarfirði, Guðmundar Jenssonar, kt. 080250-3129, Vestmannaeyjum, Jóhönnu Njálsdóttur, kt. 270453-7979, Vestmannaeyjum, Jóhönnu Ingu Jónsdóttur, kt. 030372-5579, Vestmannaeyjum, Róberts Marshall, kt. 310571-4079, Vestmannaeyjum, Þórðar Ólafs Rúnarssonar, kt. 170575-5719, Vestmannaeyjum, Kristmanns Einarssonar, kt. 280475-5489, Vestmannaeyjum, Helga Karls Gunnars-

sonar, kt. 210474-3829, Vestmannaeyjum, en einnig framburð ákærða sjálfs. Þá hafa samstarfsmenn ákærða hjá Ísfélagi Vestmannaeyja vitnað um góð kynni sín af ákærða, og Geir Jón Þórisson lögreglufulltrúi, er annaðist lögreglurannsókn málsins, kvað ákærða hafa verið mjög samvinnuþýðan við rannsóknina.

Björn Karlsson, yfirlæknir á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, gaf vottorð um líkamlegt ástand Helga Karls við komu á sjúkrahúsið, og kom þar fram lýsing á því, hve djúpt hnífstungurnar gengu, hvaða ráðstafanir reyndust nauðsynlegar og hvernig Helga Karli reiddi af eftir áverkana. Í vottorðinu segir m.a.:

„Sjúklingur var lagður inn á Sjúkrahús Vestmannaeyja um kl. 3.00 20. 4. 1991. Þá hafði hann fengið læknismeðferð á Heilsugæslustöð Vestmannaeyja. Meðferðin fólst í því, að stungusár á gagnauga vinstra megin, undir viðbeini hægra megin og á rasskinn, rétt við trochanter, höfðu verið hreinsuð, skoluð og saumuð. Sjúklingur hafði fengið tetanus toxoid (stífkrampamóteitur) og sýkladrepandi lyf á heilsugæslustöð. Eftir því sem næst verður komist, var sárið við gagnauga um 1 cm á dýpt, sárið, sem gekk inn í brjósthol, hefur verið a. m. k. 2 1/2 - 3 cm á dýpt. Sárið við rasskinn var að dýpt a. m. k. 3 cm. Röntgenmynd sýndi samfall á lunga hægra megin, u. þ. b. 10 í 15%.

Ástand sjúklings við komu á sjúkrahúsið var, að hann var rólegur. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis, en samvinnuþýður. Blóðþrýstingur var 125/75, púls 90/mín., og hann var ekki móður. Önnur lífsmörk eðlileg. Vegna loftbrjóstsins hægra megin þurfti sjúklingur að undirgangast aðgerð, og var hún framkvæmt 20. 4. 1991 af undirrituðum. Í staðdeyfingu var sett inn slanga í brjóstholið hægra megin og það tengt við þar til gert sog til að upphefja loftbrjóstið. Röntgenmyndir teknar skömmu eftir, að þessi aðgerð var framkvæmd, sýndu, að lungað hafði þanist að fullu út aftur.

Sjúklingur var síðan með þetta sog stöðugt þar til 24. 4., að lokað var fyrir sogið. Lungað féll ekki saman, og daginn eftir var slangan úr brjóstholinu fjarlægð og sárinu lokað, en það var á síðu hægra megin milli 5. og 6. rifs.

Sjúklingur útskrifaðist síðan af sjúkrahúsinu 26. 4., og voru einu kvartanir hans þá um lítils háttar eymsli í síðu hægra megin, þar sem brjóstholsslangan hafði verið, og í rasskinn vinstra megin.

Ég sá sjúkling síðast á stofu 3. 5., og hafði þá nýverið verið tekin röntgenmynd af lungum, sem sýndi, að lungu voru bæði vel út þanin. Saumar voru fjarlægðir úr öllum sárum, og voru þau vel gróin. Einu kvartanir sjúklings voru um lítils háttar eymsli í rasskinn vinstra megin, en enginn dofi, og smáeymsli yfir sárinu, þar sem setja þurfti brjósthols- „drainið".

Sjúkl. hafði því náð sér vel eftir áverkana, og var hann talinn vinnufær frá og með 6. maí 1991."

Björn Ívar Karlsson yfirlæknir kom fyrir dóminn og staðfesti vottorðið. Vitnið kvað ólíklegt, að sár þau, sem Helgi Karl hlaut, hefðu leitt til dauða, ef ekkert hefði verið að gert.

Í þágu rannsóknar málsins gerði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigðisrannsókn á ákærða.

— — —

Hannes Pétursson geðlæknir kemst í skýrslu sinni að eftirfarandi niðurstöðu:

„Að mínu áliti er Einar Árnason ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflun, og enn fremur hefur hann ofnotað áfengi um alllangt tímabil. Framangreindar persónuleikatruflanir hafa m. a. komið fram í erfiðleikum í mannlegum samskiptum, tilhneigingu til að einangra sig frá fólki og almennum skorti á félagslegri hæfni ásamt framangreindri misnotkun áfengis."

Telur læknirinn síðan, að verknaðinn megi eflaust einnig skýra með erfiðum uppeldisskilyrðum og óhagstæðum umhverfisþáttum, en segir síðan:

„Minnistruflanir þær, er Einar lýsir, að því er varðar atburðarás og aðdraganda umrædds verknaðar, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega skömmum tíma."

Síðan víkur læknirinn að því, að persónuleikatruflanirnar séu í raun ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi, en telur, að ákærða sé brýnt að hætta allri neyslu áfengis samfara því, að hann hamli gegn félagslegri einangrun sinni og hvíli sig á verbúðalífi.

Í lok niðurstöðukaflans víkur geðlæknirinn aftur að hugsanlegum ástæðum fyrir verknaði ákærða og segir:

„Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Einari er nú gert að sök að vera valdur að, þá vega að líkindum þyngst erfið staða hans félagslega, einangrun samfara mikilli áfengisneyslu og sérkennilegri skapgerð. Þótt líklegt megi teljast, að dómgreind Einars hafi verið sljóvguð vegna mikilla vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað, verður þó að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Einars Árnasonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur."

Með játningu ákærða, sem studd er framburði vitna, læknisvottorði og öðrum fram lögðum sakargögnum, er sannað, að ákærði, Einar Árnason, hefur aðfaranótt laugardags 20. apríl 1991, veist að Helga Karli Gunnarssyni, kt. 210474-3829, við mót Strandvegar og Bárustígs í Vestmannaeyjum og stungið hann þremur djúpum hnífstungum, í vinstra gagnauga, vinstra læri við mjöðm og í brjósthol undir hægra viðbeini, og gekk sú stunga

í hægra lunga, sem féll saman. Í ákæruskjali ríkissaksóknara er háttsemi ákærða lýst eins og að framan greinir, og er sú lýsing rétt, enda í fullu samræmi við brot ákærða og læknisvottorð Björns Karlssonar yfirlæknis.

Málið var flutt með hliðsjón af því, að brotið gæti hugsanlega varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Sem rökstuðning fyrir því, að brotið væri rétt heimfært í ákæru, var af hálfu ákæruvalds á það bent, að hnífur væri hættulegt vopn. Alls ekki væri um það að ræða, að það væri skilyrði fyrir beitingu 211. gr., að sá, sem fyrir brotinu yrði, hlyti lífshættulegt sár, verknaðurinn „in concreto", það er, eins og hann lægi hér fyrir, skipti öllu máli. Þannig hafi ákærði beitt hættulegu eggvopni og veitt með því þrjár stungur, þar sem tilviljun ein hefði ráðið, hvar lentu á þeim, sem særðist. Árásin hafi þannig verið lífshættuleg og því þess eðlis, að heimfæra ætti verknaðinn undir 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Af hálfu ákærða var hins vegar á það bent, að brotið gæti átt undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þótt ákærði hefði notað hníf, því að það eitt og sér hefði alls ekki þau áhrif, að heimfæra ætti brotið undir 211. gr. almennra hegingarlaga. Þá var einnig á það bent, að vilji ákærða hefði alls ekki staðið til þess að særa Helga Karl til ólífis og Helgi Karl ekki særst lífshættulega.

Brot ákærða telst varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og gert er í ákæru. Í því sambandi ber á það að líta, að ákærði lagði til Helga Karls með flugbeittum hnífi og stakk hann ekki einungis einni stungu, heldur þremur djúpum stungum. Ljóst er einnig, að tilviljun ein réð því, hvar hnífslagið lenti í hvert sinn. Verknaður ákærða var, eins og hér stóð á, lífshættulegur og er, eins og að framan greinir, réttilega heimfærður undir 211. gr. almennra hegningarlga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, þar sem um tilraunaverknað var að ræða, sem leiddi ekki til dauða þess, sem fyrir brotinu varð.

III.

Refsiákvörðun.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis telst ákærði vera sakhæfur, en ákærði, Einar Árnason, er fæddur 30. maí 1947 og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 21/12 1966 til 28/8 1982 átta sinnum með dómsáttum undirgengist sektarrefsingu fyrir ölvun á almannafæri. Hinn 12. mars 1970 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir nytjastuld og ölvunarakstur. Að öðru leyti hefur ákærði ekki sætt refsingu.

Þótt ákærði hafi ekki ætlað sér að særa Helga Karl til ólífis, mátti hann gera sér ljóst, að slíkar afleiðingar gátu af verknaði hans hlotist, enda atferli

hans stórhættulegt. Þegar ákærða verður ákvörðuð refsing, ber hins vegar að hafa í huga, að rík refsilækkunarsjónarmið eru í máli þessu. Af málsatvikum er þannig ljóst, að unglingur sá, sem hnífslagið lenti á, hafði margsinnis um kvöldið að ástæðulausu veist að ákærða og svívirt hann hroðalega. Ekki er að sjá, að það fulltíða fólk, sem fyrr um kvöldið ofbauð hegðun unglinganna gagnvart ákærða, hafi veitt ákærða vörn, er mest gekk á. Ákærða verður ekki virt það til málsbóta, að dómgreind hans var skert sökum þess, hve ölvaður hann var, en hins vegar má fullyrða, að ákærði, sem margoft hafði orðið fyrir viðlíka áreitni, var bæði eðlilega yfir sig reiður og í mikilli geðshræringu, er hann greip til hnífsins, og verður að sjálfsögðu að hafa þau atriði í huga, er ákærða verður ákvörðuð refsing.

Við ákvörðun refsingar ber því að hafa hliðsjón af 4. tl. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og því, að hér var um tilraunaverknað, en ekki fullframið brot að ræða. Refsing ákærða, Einars Árnasonar, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Þótt málsatvik séu, eins og að framan er rakið, mjög sérstæð og hreinskilnisleg játning og góð hegðun ákærða komi einnig til, þykir ekki vera alveg nægileg ástæða til að fresta fullnustu refsingarinnar að hluta samkvæmt heimildarákvæði 57. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101, 1976, og verður því öll refsingin óskilorðsbundin. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá kl. 19.00 21. apríl 1991 til kl. 16.00 6. maí 1991, samtals 15 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal framangreindur gæsluvarðhaldstími koma dæmdri refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 120.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds flutti málið Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 120.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði. Frá dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. apríl 1992 til 6. maí s. á., samtals 15 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 120.000 krónur.

Mánudaginn 1. febrúar 1993.

Nr. 296/1990. **Sanitas hf.**
gegn
þrotabúi G.G.S. hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sanitas hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, þrotabúi G.G.S. hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 48/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Hickmat Moustapha Baroudi.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1993, sem barst réttinum 1. febrúar sama ár. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 27. janúar 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða, sem er breskur ríkisborgari, fyrir að hafa veist að fyrrum sambýliskonu sinni á vinnustað hennar með hníf í hendi og neytt hana með sér í bifreið að heimili hennar og þröngvað henni þar til holdlegs samræðis. Ákærði hefur neitað þessum sakargiftum.

Samkvæmt upplýsingum frá Interpol í London hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað, svo að kunnugt sé, og nafn hans er ekki á sakaskrá hér á landi. Ekki liggur fyrir, að ákærði hafi í hyggju að fara af landi brott, en tiltæk eru úrræði til þess að varna slíku, á meðan máli hans er ráðið til lykta fyrir dómstólum.

Ákærði er borinn sökum um að hafa framið „afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi", sbr. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður þó ekki talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna, að ákærði sæti frekara gæsluvarðhaldi vegna þess verknaðar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Sératkvæði

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara, en felli mig ekki við skýringu þeirra á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ég tel þó, að ákvæðið leiði ekki til þess í þessu máli, að ákærði eigi að sæta frekara gæsluvarðhaldi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 27. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari, sem gaf út ákæru í dag á hendur ákærða, Hickmat Moustapha Baroudi, gæslufanga, breskum ríkisborgara, til heimilis að Grensásvegi 12, Reykjavík, fæddum 3. nóvember 1960, í Ghana, fæðingarnúmer 200, fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og jafnframt fyrir brot gegn 226. gr., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærða, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 13. janúar sl., sem rennur út í dag kl. 16.00, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur gengur í máli hans í héraði, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00, á grundvelli a-, b- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði hefur mótmælt fram kominni kröfu, m. a. með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði er ákærður fyrir brot gegn 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og við 226., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 skal ákærði sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 24. febrúar 1993 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 49/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
James Brian Grayson.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, a- og b-liður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. janúar 1993, sem barst réttinum 1. febrúar sama ár. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur, til þrautavara, að hann verði látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991, en til ýtrustu vara, að hann verði látinn laus gegn tryggingu samkvæmt 109. gr. sömu laga.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Málavextir eru raktir í úrskurðinum. Kærandi, Erna Eyjólfsdóttir, fór með dætur sínar báðar frá New York til Íslands 2. maí 1992. Voru þá í gildi bráðabirgðaúrskurðir dómstóla í Flórida, sem bönnuðu för dætranna úr lögsagnarumdæmum dómstólanna, en yfir stóðu málaferli varðandi forræði dætranna. Feðrum dætranna var síðan dæmt forræðið, eftir að Erna var farin með þær til Íslands, og var ekki mætt af hennar hálfu, þegar forræðismálin voru tekin til frekari dóms. Dómar þessir liggja fyrir í málinu, og bera þeir þess merki, að ekki var mætt nema af hálfu feðranna. Dómum þessum verður ekki framfylgt á Íslandi. Hér á landi hefur móðirin umsjá dætranna, meðan rétt íslensk yfirvöld gera ekki á því aðra skipan. Varnaraðili á því ekki önnur úrræði, vilji hann heimta forræði og umsjá dóttur sinnar og Ernu, Anne Nicole, en að höfða forræðismál fyrir íslenskum dómstóli. Reynir þá á gildi hins bandarísku dóms um forræði yfir dótturinni. Varnaraðili er grunaður um að hafa ætlað að nema dóttur sína á brott í andstöðu við vilja móður hennar og án þess að ætla að hlíta lögsögu íslenskra yfirvalda varðandi forræði og umsjá barnsins. Telur sóknaraðili,

að hegðun hans geti varðað við ákvæði 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er því nauðsynlegt að tryggja návist varnaraðila og koma í veg fyrir, að hann hafi samband við hugsanleg vitni og aðra aðila, sem gætu verið við málið riðnir. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili var handtekinn um kl. 7.00 að morgni 27. janúar. Hann var leiddur fyrir dómara kl. 11.45 að morgni 28. janúar. Rétt hefði verið að gera það fyrr, sbr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en efni eru þó ekki til, að þetta atriði eitt sér leiði til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að James Brian Grayson, fæddum 15. apríl 1959, til heimilis í Bandaríkjunum, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði er grunaður um brot gegn 193. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá feðra sinna.

Ríkissaksóknari hefur í dag gefið út ákæru á hendur kærða vegna grunar um brot gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði er undir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðar hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut meint athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda varðandi forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði

kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann héldi aftur til ættlands síns. Kærði hefur viðurkennt að hafa leitað til fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggismálum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landi með dóttur sína. Allt þetta þykir gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákæruvaldsins um, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Úrskurðarorð:

Kærði, James Brian Grayson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út í dag, allt þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 50/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Donald Feeney.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, a- og b-liður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. janúar 1993, sem barst réttinum 1. febrúar sama ár. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Málavextir eru raktir í úrskurðinum. Kærandi, Erna Eyjólfsdóttir, fór með dætur sínar báðar frá New York til Íslands 2. maí 1992. Voru þá í gildi bráðabirgðaúrskurðir dómstóla í Flórida, sem bönnuðu för dætranna úr lögsagnarumdæmum dómstólanna, en yfir stóðu málaferli varðandi forræði dætranna. Feðrum dætranna var síðan dæmt forræðið, eftir að Erna var farin með þær til Íslands, og var ekki mætt af hennar hálfu, þegar forræðismálin voru tekin til frekari dóms. Dómar þessir liggja fyrir í málinu, og bera þeir þess merki, að ekki var mætt nema af hálfu feðranna. Dómum þessum verður ekki framfylgt á Íslandi. Hér á landi hefur móðirin umsjá dætranna, meðan rétt íslensk yfirvöld gera ekki á því aðra skipan.

Varnaraðili viðurkennir, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki, sem meðal annars vinni að því að aðstoða bandarískra foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Hann og fyrirtæki hans eru grunuð um að hafa veitt James Brian Grayson og Frederick Pittmann aðstoð við að ná umsjá dætra þeirra og Ernu Eyjólfsdóttur frá henni án atbeina réttra íslenskra yfirvalda og beitt blekkingum í því skyni. Telur sóknaraðili ætluð brot hans geta varðað við ákvæði 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er því nauðsyn að tryggja

návist varnaraðila og koma í veg fyrir, að hann hafi samband við vitni eða aðra aðila, sem gætu verið við málið riðnir. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili var handtekinn um kl. 7.00 að morgni 27. janúar. Hann var leiddur fyrir dómara kl. 14.15 28. janúar. Rétt hefði verið að gera það fyrr, sbr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en efni eru þó ekki til, að þetta atriði eitt sér leiði til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að Donald Michael Feeney, fæddum 21. október 1953 í New York, til heimilis í Bandaríkjunum, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til dómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði, Donald Michael Feeney, er grunaður um brot gegn 193. gr. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá feðra sinna.

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur kærða vena grunar um brot gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði er undir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðar hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut meint athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda varðandi forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann héldi aftir til ættlands síns. Kærði hefur viðurkennt, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggis-

málum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landi ásamt öðru fólki. Þá hefur komið fram, að kærði hefur hlotið sérstaka þjálfun í sérsveitum Bandaríkjahers og hefur starfað sem hermaður og lögreglumaður á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum. Allt þetta þykir gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákæruvaldsins um, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Úrskurðarorð:

Kærði, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til dómur hefur verið kveðinn upp í máli hans, en þó eigi lengur en til 3. mars 1993 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 478/1989. **Guðmunda Sigurðardóttir**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Þórarni Sæmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1989. Hún krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 198.113 krónur ásamt vöxtum frá 1. janúar 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi fékk hina umræddu íbúð í fjölbýlishúsinu að Fellsmúla 17 í Reykjavík afhenta á öndverðu ári 1985. Síðar á því ári og hinu næsta fóru fram athuganir á steypuskemmdum í húsinu og umræður um málið í húsfélaginu, þar sem ákveðið var 8. ágúst 1986 að ráðast í viðamiklar sprunguviðgerðir á árinu 1987 á grundvelli fyrirliggjandi tilboða. Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi gert stefnda grein fyrir þessari framvindu, en uppgjör á íbúðarkaupunum milli aðila fór fram 17. janúar 1986. Það var fyrst með bréfi 25. mars 1988, að áfrýjandi bar fram kröfu sína um bætur. Því verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að umkvartanir áfrýjanda hafi komið of seint fram, en ekki verður talið, að stefndi hafi beitt áfrýjanda svikum í viðskiptum þeirra. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmunda Sigurðardóttir, greiði stefnda,

Þórarni Sæmundssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. október sl., er höfðað með framlagningu skjala í dóm 22. nóvember 1988.

Stefnandi er Guðmunda Sigurðardóttir, Kirkjubóli, Nauteyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

Stefndi er Þórarinn Sæmundsson, Álfheimum 42, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 179.000 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er sú krafa gerð, verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með kaupsamningi, dags. 4. desember 1984, hafi hún keypt þriggja herbergja íbúð af stefnda á þriðju hæð í húsinu nr. 17 við Fellsmúla hér í borg auk hlutdeildar í sameign, leigulóðarréttindum o. fl. Kaupverð hafi verið 2.200.000 krónur. Stefnandi kveður fjölbýlishús það, sem íbúðin er í, hafa litið vel út, enda hafi verið skammt síðan húsið var málað að utan. Íbúðin var afhent 20. mars 1985. Þegar stefndi hafði rýmt íbúðina, hafi komið í ljós rakapollar í stofuvegg, sem ekki hafi sést við skoðun, þar sem innanstokksmunir hafi hulið skemmdirnar. Stefndi bætti skemmdir þessar. Þegar kom fram á sumarið 1985, hafi farið að koma í ljós sprungur á útveggjum, svölum og víðar. Við nánari skoðun af hæfum mönnum hafi komið í ljós, að húsið hafi verið samþykkt að fara í nauðsynlegar lekaviðgerðir þá um haustið og halda urnar. Á aðalfundi húsfélaganna í fjölbýlishúsinu 4. september 1986 hafi verið samþykkt að fara í nauðsynlgar lekaviðgerðir þá um haustið og halda áfram að vori með frekari viðgerðir. Ráðist var í viðgerðir á árinu 1987. Kostnaður við viðgerðir hafi verið 2.065.984 krónur, og kostnað við málun hússins að utan ætlar stefnandi vera 1.250.000 krónur miðað við 1. október 1988. Eignarhluti stefnanda er 5,34% í fjölbýlishúsinu nr. 17-19 við Fellsmúla og kostnaðarhluti hennar því 179.000 krónur, sem er stefnukrafa máls þessa.

Stefnandi kveður sig hafa verið leynda þeim miklu göllum, sem hún

telur hafa verið á húsinu, þegar kaupin gerðust, ekki sé getið um þá í kaupsamningi og að verðið sé miðað við ógallað hús. Af verksamningi frá 13. júní 1982 megi sjá, að húsið hafi allt verið tiltölulega nýmálað, þegar stefnandi skoðaði eignina, og gallarnir því ekki sést við þá skoðun. Vegna þessa beri stefnda skylda til að bæta stefnanda þann kostnað, sem hún hafi orðið fyrir vegna þessa.

Stefnandi ber fyrir sig skoðunargerð Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 15. júlí 1985, þar sem segi, að líklegt sé, að um samverkandi frost- og alkalískemmdir sé að ræða í húsinu. Stefndi hljóti að hafa vitað um þetta, þar sem gert hafi verið við sprungur, þegar húsið var málað.

Stefnandi vísar til almennu skaðabótareglunnar svo og grundvallarreglu 42. gr. laga nr. 39/1922.

Stefndi kveður stefnanda hafa skoðað íbúðina a. m. k. þrisvar, áður en hún keypti hana, bæði að degi til og að kvöldi. Hún hafi fengið íbúðina afhenta í febrúarbyrjun 1985, þó nokkru fyrr en gert var ráð fyrir í kaupsamningi.

Þá hafi húsið Fellsmúli 17-19 verið málað ríflega tveimur árum áður en kaup voru gerð, og hafi mátt sjá í gegnum málningu hússins sprunguviðgerðir, er gerðar hafi verið samtímis máluninni. Eftir að stefndi hafði afhent íbúðina, fór hann til útlanda og dvaldist þar til ársins 1988.

Stefndi heldur fram, að svo sem fram komi af gögnum málsins, einkum skoðunargerð Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, yfirlýsingu Harðar Sveinssonar frá 27. október 1987 og fundargerðum húsfélagsins, hafi stefnanda verið ljóst eða mátt vera ljóst, að til viðgerða á steypu hlyti að koma. Stefnandi hafi tekið við eignaryfirlýsingu, dagsettri 27. nóvember 1986, athugasemdalaust, en þá höfðu verið teknar ákvarðanir um viðgerðir, sem reyndar voru ekki gerðar fyrr en á árinu 1987. Allan þennan tíma hafði stefnandi ekki samband við stefnda né krafði hann um bætur eða gerði honum grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum. Þá hafi stefndi greitt stefnanda 15.000 krónur vegna galla á eigninni 14. apríl 1987, án þess að fram kæmu athugasemdir vegna galla þess, er hún beri fyrir sig nú, og það hafi ekki verið fyrr en með bréfi, dagsettu 25. mars 1988, að stefnandi hafi krafið stefnda um greiðslu viðgerðarkostnaðar, réttum þremur árum eftir afhendingu íbúðarinnar.

Stefndi telur stefnanda hafa vanrækt skoðunarskyldu sína, sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922. Stefnandi hafi séð eða mátt sjá, að sprungur voru utan á húsinu og hinir ætluðu gallar hússins hafi ekki átt að leynast neinum. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi beitt svikum við sölu íbúðarinnar, enda hafi hann dvalist langdvölum erlendis og því ekki vitað af framkvæmdum vorið 1982 fyrr en eftir á. Einnig telur stefndi, að það sé tómlæti af hálfu stefnanda, að hún lét stefnda ekki vita um, hversu komið væri, né krafði

um greiðslu fyrr en með bréfi sínu 25. mars 1988, og ber fyrir sig ákvæði 52. gr. l. nr. 39/1922.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum auk þeirra, er hér að framan eru rakin, að sér hafi ekki gefist kostur á að fylgjast með viðgerðum og ekki verið krafinn um greiðslu fyrr en 25. mars 1988, og beri því að lækka kröfur hennar verulega.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í gögnum málsins, að þegar í ágústmánuði 1985 var farið að ræða það innan húsfélagsins, að gera þyrfti við húsið Fellsmúla 17-19 að utan, og á húsfundi 8. ágúst 1986 voru tilboð í sprunguviðgerðir kynnt.

Þá kemur fram í málinu, að stefndi greiddi stefnanda 15.000 krónur vegna rakaskemmda á vegg 14. apríl 1987, án þess að stefnandi hefði þá uppi nokkrar kvartanir vegna annarra galla.

Ósannað er gegn mótmælum stefnda, að hann hafi fengið kvörtun vegna galla þeirra, er stefnandi vill bera fyrir sig, fyrr en með bréfi, dagsettu 25. mars 1988. Þá þykir ekki verða fallist á það með stefnanda, að stefndi hafi beitt hana svikum. Með vísan til grundvallarreglu 52. gr. 1. nr. 39/1922, sem hér á við með lögjöfnun, þykja kvartanir stefnanda of seint fram komnar, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. sölugjald.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Sæmundsson, skal sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundu Sigurðardóttur. Stefnandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 304/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Lindu Maríu Bellere
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992 að ósk ákærðu. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á dómi héraðsdóms.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Vitnið Ólafur Baldursson mætti hvítri Skodabifreið um kl. 5.00 að morgni 26. maí 1991, þar sem henni var ekið suður Ánanaust á öfugum vegarhelmingi. Hann fylgdi Skodabifreiðinni eftir suður Ánanaust, austur Hringbraut og inn á Framnesveg og sá henni ekið inn Lágholtsveg. Fullyrti Ólafur, að bifreiðinni hefði verið ekið af dökkhærðri, konu og hefði hún verið ein í bifreiðinni.

Lögreglumenn komu síðan auga á hvíta Skodabifreið ákærðu, þar sem hún stóð í porti Lýsis hf. Ökuljós hennar loguðu, útblástursrör var heitt og bifreiðin ólæst. Ákærða kom þarna gangandi að með kveikjulásslykil bifreiðarinnar í hendi. Framburður hennar hjá lögreglu var á reiki um, hver hefði ekið bifreiðinni. Að þessu athuguðu ber að fallast á sönnunarmat héraðsdóms og staðfesta hann með tilvísun til raka hans að öðru leyti, en brot ákærðu er ítrekað brot á ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttinda telst frá birtingu dóms Hæstaréttar.

Ákærða, Linda María Bellere, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinsssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 26. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 249/1992: Ákæruvaldið gegn Lindu Maríu Bellere, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 13. nóvember sl., á hendur ákærðu, Lindu Maríu Bellere, Hringbraut 119, Reykjavík, fæddri 6. nóvember 1963, fæðingarnúmer 344, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. maí 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni HM-241 um götur í Reykjavík að Lágholtsvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Sunnudaginn 26. maí 1991 kl. 5.08 barst lögreglu tilkynning frá stjórnstöð um, að tilkynnt hefði verið um ölvaðan ökumann. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kvað tilkynnandi, Ólafur Baldursson, kt. 180452-3119, að bifreiðinni HM-241, af gerðinni Skoda, hvítri að lit, hefði verið ekið eftir Framnesvegi í átt að Hringbraut. Tilkynnandi hefði lýst ökumanni svo, að hann væri kona með mikið dökkt hár, klædd í hvítan bol eða peysu.

Er lögreglan kom að Hringbraut við Framnesveg, bárust boð frá stjórnstöð um, að tilkynnandi hefði séð, hvar bifreiðinni var ekið inn Lágholtsveg og verið stöðvuð þar.

Er lögreglan kom að, var framangreind bifreið kyrrstæð í porti Lýsis hf. við Lágholtsveg. Voru ökuljós bifreiðarinnar tendruð, útblástursrör heitt og bifreið ólæst, en mannlaus. Áfengisþefur var í bifreiðinni.

Er lögreglan hóf að grennslast fyrir um ökumann, kom ákærða í máli þessu að bifreiðinni. Var hún með kveikjulásslykla bifreiðarinnar og kvaðst aðspurð leita eftir húslyklum sínum og handveski. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir ákærðu, að hún hafi hlaupið niður í miðbæ um klukkustund

áður og hlaupið til baka aftur. Er hún var innt eftir, hver hefði ekið bifreiðinni, hefði hún tjáð lögreglu, að bróðir sinn, Anthony Lee Bellere, hefði ekið henni, og væru þau nýkomin heim.

Í skýrslu lögreglu er ákærðu lýst svo, að hún hafi virst mjög drukkin, af henni hafi lagt megnan áfengisþef, göngulag verið óstöðugt, framburður ruglingslegur og hún verið þvoglumælt. Hafi hún ýmist sagst hafa komið hlaupandi úr miðbænum eða að Anthony hafi ekið sér heim á bifreiðinni.

Ákærða kvað tvö börn sín vera ein heima. Var farið að heimili ákærðu, en enginn svaraði né heyrðist hljóð úr íbúðinni.

Ákærða var því næst færð á lögreglustöðina til skýrslutöku fyrir varðstjóra. Í skýrslu varðstjóra kl. 5.55, sem ákærða ritaði ekki undir, er greint, að ákærða hafi kannast við að hafa neytt áfengis, en neitað að hafa ekið. Í umsögn um ákærðu er greint, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti hennar, jafnvægi hennar verið óstöðugt, málfar óskýrt og framburður ruglingslegur. Ákærðu var á lögreglustöðinni tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 6.10. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar mældist alkóhólmagn í blóði ákærðu greint sinn vera 2,35‰. Þá var í þágu rannsóknar málsins tekin ljósmynd af ákærðu, þar sem hún var án skilríkja. Var ákærða síðan vistuð í fangageymslu lögreglu.

Framburðarskýrsla var tekin af ákærðu sama dag kl. 11.30. Skýrslutöku lauk kl. 12.00. Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði farið ein að heiman um kl. 4.00 um nóttina á bifreið sinni, HM-241, niður í miðbæ og lagt henni í Hafnarstræti. Hefði hún drukkið eitt glas af áfengisblöndu fyrir akstur. Ákærða kvaðst hafa hitt einhverja vini og kunningja, er gáfu henni áfengi til neyslu, og hefði hún fundið til áhrifa þess, er hún ók til baka heim til sín. Ósatt væri, að hún hefði hlaupið niður í bæ og til baka. Hið rétta væri, að hún hefði ekið bifreiðinni. Aðspurð kvaðst ákærða hafa fundið til áfengisáhrifa við nefndan akstur. Þá sagði ákærða, að hún hefði farið af heimili sínu og skilið börn sín ein eftir þessa stuttu stund.

Ákærða var svipt ökuréttindum til bráðabirgða 25. júní sl.

Ákærða neitaði að undirrita birtinguna. Hinn 9. júlí sl. var ákærðu boðið að ljúka málinu með dómsátt, en því boði hafnaði ákærða. Sama dag var bráðabirgðasvipting ökuréttinda ákærðu felld úr gildi.

Tekin var önnur framburðarskýrsla af ákærðu hjá lögreglu 21. október sl. Dró þá ákærða fyrri framburð sinn til baka og neitaði eindregið að hafa ekið bifreiðinni greinda nótt. Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði verið farþegi í bifreiðinni úr miðbænum að Lágholtsvegi greint sinn. Bifreiðin hefði verið í miðborginni um kvöldið og fram á nótt. Ákærða kvaðst ekki hafa viljað aka og beðið bróður sinn, Anthony, að aka, sem hann neitaði. Ákærða kvaðst hafa beðið marga að aka bifreiðinni, og að endingu hefði einhver strákur ekið bifreiðinni að heimili hennar. Ákærða kvaðst ekki geta

lýst útliti ökumannsins. Hefði hún legið í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni heim. Ökumaðurinn hefði farið, eftir að akstri lauk. Ákærða kvað sér ekki vera kunnugt um, hvað varð um bíllyklana. Hún hefði farið inn í húsið og síðan út til að athuga með húslyklana og þá mætt lögreglu.

— — —

Niðurstöður.

Óumdeilt er í málinu, að bifreið ákærðu, HM-241, var aðfaranótt 26. maí 1991 ekið um götur í Reykjavík að Lágholtsvegi.

Kom lögreglan að bifreiðinni mannlausri á greindum stað, eftir að hún hafði fengið þær upplýsingar frá stjórnstöð, að ölvaður ökumaður, kona með mikið dökkt hár, klædd hvítum bol eða peysu, hefði ekið greindri bifreið eftir Framnesvegi í átt að Hringbraut og sést aka inn Lágholtsveg. Ákærða kom að bifreiðinni stuttu síðar með kveikjulásslykla bifreiðarinnar í höndum. Ákærða játaði að hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn, en neitaði eindregið í síðari skýrslu fyrir lögreglu og fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni og bar, að karlmaður hefði ekið sér heim úr miðbænum þessa nótt. Ákærða kvaðst ekki kunna nein deili á ökumanni og gat ekki lýst honum. Sagði ákærða, að hún myndi ekki, hvernig ökumaðurinn leit út, en hann hlyti að vera ungur maður. Ákærða gaf þá skýringu á breyttum framburði, að hún hefði verið þvinguð af lögreglu til að játa þennan verknað.

Vitnið Ólafur Baldursson hefur borið, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið dökkhærð kona, og hafi hún verið ein í bifreiðinni. Vitnið, er kvaðst hafa séð ökumann í svip, kvaðst ekki geta sagt til um, hvort útlit ökumanns kæmi heim og saman við útlit ákærðu, eins og það kemur fram á ljósmynd af ákærðu, sem er meðal rannsóknargagna málsins.

Skýring ákærðu á breyttum framburði þykir ekki trúverðug. Hefur rannsókn málsins ekki leitt í ljós, að viðhafðar hafi verið ólögmætar rannsóknaraðferðir hjá lögreglu. Ákærða hefur orðið margsaga um, hvort bifreiðinni var ekið greint sinn, hver ók henni, og var framburður ákærðu reikull um fleiri atriði við rannsókn þessa máls.

Ljóst er, að ákærða var undir áhrifum áfengis, er hún játaði að hafa ekið bifreiðinni, og þykir það rýra sönnunargildi þeirrar skýrslu. Hins vegar hefur ákærða ekki að mati dómsins gefið viðhlítandi skýringu á breyttum framburði. Ákærða hefur ekki gefið neinar upplýsingar um þann, er hún sagði hafa ekið bifreiðinni greint sinn. Þá fær framburður ákærðu um, að Anthony Lee Bellere hafi séð, þá er henni var ekið heim, ekki stoð í framburði vitnisins. Ákærða játaði fyrir lögreglu að hafa ekið bifreiðinni, eftir að hún hefði neytt áfengis, og voru tveir vottar viðstaddir þessa játningu.

Með framburði vitnisins Ólafs Baldurssonar og með vísan til játningar ákærðu, sem stoð fær í öðrum gögnum málsins, svo og með niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir sannað gegn síðari neitun ákærðu, að hún hafi ekið greindri bifreið aðfaranótt 26. maí 1991 undir áhrifum áfengis, eins og rakið er í ákæruskjali.

Í vörn ákærðu er því haldið fram, að rannsóknaraðilar hafi farið offari við rannsókn þessa máls, og m. a. var að því vikið, að myndataka af ákærðu hjá lögreglustjóranum í Reykjavík væri í andstöðu við reglur um meðferð opinberra mála. Með vísan til 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 1. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 151, 1979, um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu var heimilt að taka ljósmynd af ákærðu í þágu rannsóknar máls þessa. Er ekki ljóst í málinu, hvort ákærða hafi neitað myndatökunni. Tekin var mynd af ákærðu í líkamsstærð, á hlýrabol. Að mati dómsins hefði verið nægjanlegt að taka andlitsmynd af ákærðu.

Ákærða hefur sætt refsingum sem hér seggir:

[Ákærða hefur fjórum sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal tvisvar fyrir ölvunarakstur (1981 og 1987).]

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Vararefsing ákveðst varðhald í 20 daga.

Eftir kröfu og samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökuréttindum. Þykir hæfilegt að svipta ákærðu ökuréttindum í þrjú ár frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar komi 15 dagar, er ákæra sætti sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Linda María Bellere, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í þrjú ár frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar komi 15 dagar, er ákærða sætti sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 308/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Grétari Haffjörð Jónatanssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, hvernig komið var að ákærða með bifreiðina í gangi og að drifhjól hennar hafi snúist. Fallast ber því á þá niðurstöðu dómsins, að sannað sé með framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur nokkrum sinnum áður orðið uppvís að broti á umferðarlögum, síðast með sektardómi sakadóms Vestmannaeyja 30. mars 1984. Hafa dómar þessir ekki áhrif á viðurlög í þessu máli. Þykir því mega staðfesta sektarákvörðun héraðsdóms, en samkvæmt 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga verður ákærði sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu héraðsdóms að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um sekt, vararefsingu og sakarkostnað.

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, skal sviptur ökuleyfi sínu í eitt ár frá birtingu héraðsdóms í máli þessu.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 19. maí 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. mars 1991, á hendur Grétari Haffjörð Jónatanssyni, Hilmisgötu 5, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjali gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum með eftirgreindum hætti:

„.... fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 12. mars 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-18553 um götur í Reykjavík og áleiðis til Þorlákshafnar og svo óvarlega austur Suðurlandsveg skammt ofan við Geithála, að bifreiðin hafnaði þar utan vegar og festist, og fyrir að reyna að aka bifreiðinni, þar sem hún stóð föst. Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Tekið var til varna af hálfu ákærða og gerðar þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda greidd úr ríkissjóði.

Mánudaginn 12. mars 1990 kom vegfarandi á lögreglustöðina í Árbæ og tilkynnti, að bifreið á austurleið væri utan vegar rétt austan við Geithála. Í frumskýrslu lögreglu segir, að vegfarandinn hafi talið ökumanninn vera ölvaðan. Tveir lögreglumenn, vitnin Rúnar Oddgeirsson og Sveinn Guðni Guðnason, voru sendir á staðinn og komu að ákærða sofandi í ökumannssæti bifreiðarinnar. Bifreiðin var í gangi, en sat föst í snjó. Ákærði var færður á lögreglustöð vegna grunar um ölvun við akstur. Í þágu rannsóknar málsins var læknir fenginn til að draga blóð úr ákærða, og samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóðsýninu vera 1,80‰, en í þvagsýni, er ákærði lét einnig í té í þessu sambandi, reyndist magnið vera 2,62‰.

Við meðferð málsins hefur ákærði neitað sakargiftum. Hann kvaðst hafa verið á austurleið í bifreið sinni og ferðinni heitið í Þorlákshöfn, en talið rétt að vera tímanlega vegna snjóþyngsla. Ekki kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekið nokkuð greitt og misst bifreiðina út af vegin-

um rétt ofan við Geitháls. Þótt hann hafi nú reynt að ná bifreiðinni aftur upp á veginn, hafi það verið árangurslaust og bifreiðin setið algjörlega föst. Skömmu síðar kvaðst ákærði hafa stöðvað vegfaranda og beðið ökumanninn að hjálpa sér við að losa bifreiðina. Þegar þetta hafi verið, hafi hann verið búinn að taka upp bjórdós og drukkið bjór, um leið og hann gæddi sér á samloku. Þótt hann sjálfur ýtti á bifreiðina og vegfarandinn settist undir stýri, hefði þeim ekki tekist að losa bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa beðið manninn að leita aðstoðar Árbæjarlögreglunnar, en sjálfur sest undir stýri, og þar sem kalt hafi verið í veðri, hafi bifreiðin verið í gangi og miðstöðin á. Tvo eða þrjá Löwenbräu-bjóra hafi hann drukkið og borðað samlokur, meðan hann beið aðstoðar lögreglu, en þegar hann hafi verið búinn með bjórinn, hafi hann hent bjórdósunum ásamt öðru rusli, en síðan hallað sér aftur í sætinu og sofnað, en vaknað við það, að lögreglan kom á staðinn. Hann tók fram, að þótt hann hefði haft bifreiðina í hlutlausum gír, hefði gírstöngin verið komin í þá stöðu, sem notuð sé við áframakstur (drive), en bifreiðin sé sjálfskipt. Hann kvað lögreglumennina hafa beðið sig að koma með sér á lögreglustöðina og gefið þá skýringu, að þeir teldu sig ölvaðan við akstur. Ákærði kveðst strax hafa neitað því að hafa ekið ölvaður, en þeir talið annað. Sér hafi brugðið mjög, þegar lögreglumennirnir hafi borið á sig ölvunarakstur, og gripið þá til þess að segja bróður sinn hafa ekið, en fljótlega breytt þeim framburði við frekari lögregluranns ókn. Ákærði sagðist telja, að hann hefði skrifað undir varðstjóraskýrslu að óathuguðu máli, en þar kemur fram viðurkenning hans á því að hafa reynt að ná bílnum upp á veginn aftur, eftir að hann hefði verið búinn að neyta bjórsins.

Vitnið Sveinn Guðni Guðnason lýsti aðkomu lögreglumannanna að bifreið ákærða, en hún hefði verið með þeim hætti, að bifreið ákærða hefði verið utan vegar í gír og drifhjól hennar snúist. Ákærði hefði sofið ölvunarsvefni fram á stýri bifreiðarinnar. Vitnið kvað þá hafa vakið ákærða, og hefði hann verið greinilega ölvaður. Vitnið varð ekki vart við bjórdósir í bifreiðinni og kvað ekki sérstaklega hafa verið leitað eftir þeim. Vitnið sagði, að bifreiðin hefði verið í gangi, er þeir lögreglumennirnir komu að henni, en það gat alls ekki fullyrt, hvort bifreiðin var í áfram- eða afturábakgír. Vitnið staðfesti framburð, sem það hafði gefið við lögregluranns ókn, að ákærði hefði í fyrstu bent á annan sem ökumann, en síðan fallið frá þeim framburði, en sagst hafa drukkið bjór, eftir að bifreiðin var komin út af veginum.

Vitnið Rúnar Oddgeirsson kvað eins og vitnið Sveinn Guðni greinilegt, að ákærði hefði verið ölvaður. Vitnið sagði, að snjóað hefði klukkustund, áður en það kom á vettvang, og taldi vitnið með hliðsjón af því og greinilegum hjólförum í snjónum, að bifreiðinni hefði verið ekið út af veginum eftir

það. Vitnið minntist þess ekki að hafa leitað eftir bjórdósum í bifreiðinni, en vitnið sá spor ákærða við bifreiðina, en ekki annarra. Það kvaðst hafa kannað vettvang sérstaklega, þar sem ákærði hefði borið því við, að annar hefði ekið en hann sjálfur. Vitnið kvaðst vera öruggt um, að bifreiðin hefði verið í afturábakgír, er það og Sveinn Guðni komu á staðinn, því að það kvaðst muna að hafa tekið bifreiðina úr gír, en er að var komið, kvað vitnið, að afturhjólin hefðu snúist í sífellu.

Vitnið Björn Sigurðsson, sem tekið hafði varðstjóraskýrslu af ákærða við komu ákærða á lögreglustöð, studdi þá ákvörðun sína með því, að því hefði fundist ákærði vel viðræðuhæfur, þótt hann væri áberandi ölvaður. Í þessu sambandi fullyrti vitnið, að ákærði hefði gert sér grein fyrir því, hvar hann var staddur og um hvað væri verið að fjalla.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að þegar komið var að ákærða, var bifreiðin í gangi og drifhjól hennar snerust, hvort tveggja fyrir tilverknað ákærða, en ákærði svaf fram á stýri bifreiðarinnar, sem sat föst í skafli utan vegar. Í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar sem og með stoð í framburði lögreglumannanna, er á vettvang fóru, er sannað, að ákærði hefur þá verið undir áhrifum áfengis. Með þessu atferli sínu, verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en sú lagagrein bannar þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, að stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki. Það að gangsetja bifreiðina og gera drifkraft hennar virkan er að mati dómarans akstur í skilningi umferðarlaga. Ekki leysir það ákærða undan sök í þessu sambandi, þótt hann af gáleysi hafi rekið sig í girstöngina.

Það, hversu ákærði var staðfestulaus í framburði við frumrannsókn málsins, eykur ekki á trúverðugleik framburðar hans við frekari rannsókn þess. Fullyrðing ákærða um samskipti sín við tilkynnanda er ekki trúverðug, og það ber vissulega vott um mikið dómgreindarleysi hjá ákærða að bíða eftir lögreglu með bifreiðina í gangi, súpandi á áfengu öli. Ljóst er hins vegar, að ekki leysir það ákærða undan sök, þótt hann kunni að hafa neytt áfengis við aksturinn, enda ber þá að líta svo á, að hið aukna áfengismagn, sem við það myndaðist, eftir að akstri lauk, hafi verið í blóðinu við aksturinn, sbr. 4. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið nokkuð greitt austur Suðurlandsveg, og hann viðurkennir að hafa fyrri hluta sunnudags 11. mars 1991, daginn fyrir umgetinn akstur, fundið til áfengisáhrifa, en ekki neytt áfengis eftir það.

Þótt ákærði neiti hér afdráttarlaust sök, þykir verða í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og framburð vitnanna Sveins Guðna Guðnasonar og Rúnars Oddgeirssonar og með skírskotun til fram lagðra sakar-

gagna að telja nægilega sannað, að ákærði hafi aðfaranótt mánudagsins 12. mars 1990 ekið bifreiðinni R-18553 undir áhrifum áfengis um götur í Reykjavík og áleiðis til Þorlákshafnar, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. mars 1991, en þar er í samræmi við framanritað hegðun ákærða réttilega lýst og hún færð til réttra refsilagaákvæða.

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, er sakhæfur, en hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal 24. mars 1983 fyrir ölvunarakstur, og undirgekkst hann þá jafnframt fjögurra mánaða ökuleyfismissi. Hann var 1984 dæmdur í sekt og ævilanga ökuleyfissviptingu fyrir ölvunarakstur. Ökuleyfi var veitt að nýju 7. júlí 1987.]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 48.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greiddd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Að kröfu ákæruvalds ber að svipta ákærða ökuleyfi. Eins og fram kemur á sakavottorði, var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi sakadóms Vestmannaeyja 30. mars 1984, en veitt heimild til ökuleyfis að nýju 7. júlí 1987. Er ákærði framdi brot það, sem um getur í dóminum, voru í gildi umferðarlög nr. 40/1968, og gerðist ákærði brotlegur við 25. gr. laganna, sem svarar efnislega til 45. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

Brot ákærða nú verður því, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, talið ítrekað brot gegn 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og ber því í samræmi við 101. og 1. ml. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja, og frestar það ekki verkun hans að þessu leyti, þótt dóminum verði áfrýjað, sbr. 104. gr. laga nr. 50/1987.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar hdl., en þau eru hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, greiði 48.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar hdl., 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 190/1989. **Triton hf.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Óskari Árnasyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Umsýsluviðskipti. Galli. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1989. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í bréfi áfrýjanda til stefnda 17. september 1986, sem rakið er orðrétt í héraðsdómi, staðfesti áfrýjandi, að hann hefði „tekið til sölumeðferðar" fyrir stefnda tilgreint magn af rækju. Í bréfinu, sem er eina skjalið, sem á milli málsaðila fór í upphafi þessara viðskipta, er kaupanda ekki getið, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að áfrýjandi hefði á þessum tíma átt vísan kaupanda að rækjunni. Þá kom það og fram, að áfrýjandi hefði ekki kunngjört stefnda, hver kaupandi rækjunnar var, fyrr en í bréfi 8. janúar 1987, en frá því greinir í héraðsdómi. Á vörureikningi frá áfrýjanda til kaupanda rækjunnar, Glyngöre Feinkost í Þýskalandi, 24. september 1986, er stefnda ekki getið. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að líta svo á, að viðskipti þau, sem mál þetta fjallar um, hafi verið umsýsluviðskipti. Er það og ekki vefengt af hálfu áfrýjanda.

II.

Í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur greindi forstjóri áfrýjanda frá því, að svo hefði verið um samið milli áfrýjanda og

Glyngöre Feinkost, að fyrirtækið greiddi andvirði rækjunnar með víxli við móttöku hennar í Þýskalandi. Verður ekki annað séð en réttar efndir hafi orðið á þessu af hálfu kaupanda, en að sögn forstjórans var víxillinn afhentur þýskum banka til varðveislu í þágu áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda var aldrei eftir því gengið, að víxillinn yrði greiddur. Kvað forstjórinn það hafa farist fyrir af tillitssemi við kaupandann vegna galla, sem komið hefðu í ljós á rækjunni.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að honum hafi borist vitneskja um kvartanir kaupanda um galla á rækjunni fyrr en í fyrrnefndu bréfi 8. janúar 1987. Þá var liðinn einn og hálfur mánuður, frá því að áfrýjanda bar að standa stefnda skil á kaupverðinu.

III.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að þær meginreglur, er fram koma í ákvæðum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sem skírskotað er til í héraðsdómi, eigi við um viðskipti aðila. Með hliðsjón af því ber einnig að fallast á rök og ályktanir héraðsdómara, er lúta að því, að lagaskilyrði hafi skort fyrir því, eins og atvikum var háttað, að kaupandi rækjunnar gæti borið fyrir sig galla á henni og byggt á þeim riftunarkröfu, svo að bindandi væri fyrir stefnda.

IV.

Samkvæmt þessu var áfrýjanda skylt að standa stefnda skil á umsömdu söluverði rækjunnar. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, en hvorki er deilt um kröfufjárhæðina sem slíka né vexti af henni samkvæmt héraðsdómi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Triton hf., greiði stefnda, Óskari Árnasyni, 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., höfðaði Óskar Árnason, Norðurgötu 11, Sandgerði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. júní 1988, gegn Triton hf., Hafnarstræti 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér DEM 136.091,11 eða jafngildi þeirra í íslenskum krónum skv. gengi á greiðsludegi með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Hinn 17. sept. 1986 gerðu stefnandi, sem er fiskverkandi, og stefndi, sem er útflutningsfyrirtæki, sem aðallega flytur út rækju, með sér samning um kaup og sölu á 70.445 dósum af niðursoðinni rækju í hlaupi, sbr. dskj. 3, en það er yfirlýsing frá stefnda, svohljóðandi:

„Við staðfestum að hafa tekið til sölumeðferðar:
niðursoðna rækju í hlaupi,
200 g nettó, án öskju og ytri kassa,
magn: 70.375 + 70 = 70.445 dósir,
verð: DM 2,00 pr. dós, CIF Flensborg,
útskipun: 24.9.1986,
greiðsla: 60 dg. frá útskipun."

Áður en varan var flutt út, fór fram rannsókn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á vörunni, dags. 23. september 1986, sbr. vottorð rannsóknastofnunarinnar á dskj. 4, en þar er svofelld athugasemd gerð við ástand vörunnar: „Drained wt less than labelled wt in the lot. Colour and smell defective in part of the lot." Stefndi greiddi flutningskostnað vörunnar til Flensborgar, iðgjald vátryggingar vörunnar til Harrislee og útflutningsgjöld vörunnar.

Varan var ekki greidd á gjalddaga. Með bréfi, dags. 8. janúar 1987, tilkynnti stefndi stefnanda, að í ljós hefðu komið gallar á vörunni og þess vegna hefði kaupandi neitað að ganga frá greiðslu. Bréfi þessu fylgdi skýrsla þýskrar rannsóknastofu, Institut Nehring, dags. 21. nóv. 1986.

Í skýrslu þessari kemur fram, að 5. nóv. 1986 hafi stofnuninni borist 7 „krónískar" niðursuðudósir. Dósirnar hafi allar verið ákaflega óhreinar að utanverðu. Í öllum tilvikum sé bolur dósanna mjög dældaður. Tvær dósanna hafi verið auðkenndar með handskrifuðu „gut", en hinar auð-

kenndar með „schlecht". Skýrslu þessari lýkur með svohljóðandi samantekt í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Skemmdirnar á þeim fimm dósunum, sem oss bárust með merkingunni „schlecht", má rekja til gerlamengunar vegna bilunar (óþéttleika) við riflínuna. Vér gerum ráð fyrir, að þessi bilun eigi rætur að rekja til meðferðar pakkninganna. Að ógleymdum dældunum á bol dósanna er enn fremur áberandi, að lyklarnir virðast dældaðir inn falsmegin (saummegin). Hugsanlegt er, að röng stöflun eða önnur áraun við stöflun hafi leitt til sérstaklega mikils álags, sem lýsti sér síðan í riflínusliti (broti)."

2. apríl 1987 var gerð rannsókn hjá Institut für Lebensmittelkonservierung. Í skýrslu þeirrar stofnunar kemur fram, að rannsökuð hafi verið tvö sýni. Við annað sýnið voru engar athugasemdir gerðar, en hitt sýndi frávik frá eðlilegum þéttleika og bragði. Í lok skýrslunnar segir, að dæma verði alla vörusendinguna ósöluhæfa, þar sem hætta sé á, að dósir með gölluðu innihaldi komist í hendur neytenda.

Með bréfi, dags. 12. maí 1987, tilkynnti stefndi, að hinn erlendi kaupandi hefði hafnað vörunni og neitað að borga kaupverð vörunnar. Í bréfi þessu tilkynnti stefndi, að stefnanda yrði gerður reikningur fyrir þeim kostnaði, sem stefndi hefði orðið fyrir, auk glataðra umboðslauna. Með bréfi, dags. 16. júní 1987, var ítrekað, að hinn erlendi kaupandi hefði hafnað vörunni, og jafnframt lagður fram reikningur, að fjárhæð kr. 443.233, vegna kostnaðar, sem stefndi og hinn erlendi kaupandi töldu sig hafa haft af umræddri vörusendingu. Með bréfi stefnanda, dags. 6. júlí 1987, var þessum kröfum hafnað og krafa um greiðslu kaupverðs ítrekuð. Varan var endursend til Íslands, en stefnandi neitaði viðtöku hennar. Með bréfi, dags. 1. apríl 1988, óskaði stefndi eftir því við Eimskipafélag Íslands hf., að varan yrði eyðilögð.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi beri ábyrgð á greiðslu kaupverðs vörunnar, sbr. dskj. 3, en þar er staðfest, að stefndi hafi tekið umrædda vöru til sölumeðferðar og greiðsla kaupverðs fari fram 60 dögum frá útskipun. Hvort sem litið sé svo á, að með aðilum málsins hafi komist á bindandi samningur um kaup og sölu umræddrar vöru eða að stefndi hafi einungis ábyrgst greiðslu hennar, er á því byggt, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda umsamið verð vörunnar. Sala stefnda á vörunni til þriðja manns hafi verið stefnanda algerlega óviðkomandi og algerlega á ábyrgð stefnda. Stefnanda hafi verið ókunnugt um, hver hinn erlendi kaupandi var og á hvaða verði hann keypti vöruna, enda ekkert réttarsamband þeirra á milli.

Ekki hafi verið sýnt fram á, að neitt hafi verið athugavert við vöruna

við afhendingu hennar, svo að það heimili bætur, afslátt eða riftun kaupsamnings, en áhættan af vörunni hafi flust úr hendi stefnanda við afhendingu vörunnar til stefnda til flutnings. Hafi verið gerð mistök í geymslu, flutningi og meðferð vörunnar, eftir að stefnandi afhenti hana, þá sé það stefnanda óviðkomandi, en á ábyrgð stefnda.

Varan hafi verið afhent stefnda, eins og henni sé lýst í vottorði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, dags. 23. september 1986. Ýmsar rannsóknir, sem hinn erlendi kaupandi hafi látið gera á vörunni, gefi engar vísbendingar um, að varan hafi verið gölluð við afhendingu hennar 17. september 1986. Þvert á móti virðist rannsókn Institut Nehring staðfesta, sbr. dskj. 9, að röng meðhöndlun stefndá eða hins erlenda kaupanda á vörunni hafi leitt til þess, að hún skemmdist.

Jafnframt er á því byggt, að stefndi hafi ekki þegar í stað borið fyrir sig, að vörunni væri ábótavant. Það hafi ekki verið fyrr en með bréfi, dags. 12. maí 1987, sem stefndi hafi tilkynnt riftun kaupanna. Stefndi hafi því misst rétt sinn vegna tómlætis, enda um verslunarkaup að ræða.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:
Höfuðstóll 70.445 stk. á DEM 2,00, DEM 140.890 að frádregnu:

Iðgjald vátryggingar greitt af Triton hf. skv. dskj. 5	DEM	665,04
Flutningsgjald ísl. kr. 83.830 m/v gengi dags. 25. sept. 1986, greitt af Triton hf. skv. dskj. 6	DEM	4.133,85
Samtals	DEM	136.101,11

Stefnandi reisir kröfur sínar á meginreglum kaupa-, samninga og kröfuréttar. Vaxtakröfu sína reisir stefnandi á auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót auk venju. Þá er og byggt á lögum nr. 25/1987 um vexti. Vaxtavaxtakrafan er reist á 12. gr. l. nr. 25/1987. Málskostnaðarkrafan er rökstudd með vísan til 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi tekið að sér að selja í umboðssölu rækju fyrir stefnanda, sbr. dskj. 3 og 27. Kaupandi hafi verið Glyngöre Feinkost í Þýskalandi.

Eftir að rækjan kom á ákvörðunarstað, hafi hún reynst gölluð, og hafi stefnanda þegar verið tilkynnt það og hann inntur eftir því, hvað gera ætti við rækjuna. Því hafi stefnandi aldrei svarað, og hafi rækjan að lokum verið send til Íslands og síðan eyðilögð, þar sem stefnandi hafi aldrei sinnt neitt um að gefa fyrirmæli um, hvað ætti að gera við hana.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því reist, að hann sé ekki aðili máls

þessa. Beri því að sýkna hann vegna aðildarskorts. Stefndi hafi aðeins verið umboðssali, og þar sem hann hafi ekkert fengið greitt fyrir rækjuna vegna galla, beri hann ekki ábyrgð á greiðslu til stefnanda. Ef ekki verði fallist á sýknu vegna aðildarskorts, er krafist sýknu vegna þess, að varan, sem stefnandi afhenti, hafi verið gölluð og því ósöluhæf. Í því sambandi er vísað til fram lagðra skjala.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi bæri einungis ábyrgð gagnvart stefnanda sem umsýsluaðili og bæri því ekki beina greiðsluskyldu. Það hafi verið ljóst í janúar 1987, að kaupandi hafnaði vörunni, og það hafi stefndi tilkynnt stefnanda. Stefndi hafi ekki innheimt víxilinn frá þýska kaupandanum og því ekki fengið neina greiðslu. Stefndi telji, að kaupanda hafi verið heimilt að rifta, þar sem varan hafi verið ósöluhæf.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum stefnandi, framkvæmdastjóri stefnda, Örn Erlendsson, og Jóhannes Arason matvælafræðingur.

Viðskipti þau, sem málið er af risið, voru umsýsluviðskipti, þar sem stefnandi var umsýsluveitandi og stefndi umsýslumaður, sbr. dskj. 3, og ber sem slíkur ábyrgð gagnvart stefnanda, enda átti stefnandi engin viðskipti við hinn erlenda kaupanda. Það var stefndi, sem hlutaðist til um endursendingu vörunnar frá Þýskalandi og greiddi endursendingarkostnaðinn. Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra stefnda hér fyrir dómi er í vörslu stefnda víxill fyrir kaupverði vörunnar frá hinum erlenda kaupanda. Verður því ekki fallist á sýknukröfu stefnda sökum aðildarskorts.

Hið fyrsta í skjölum málsins, sem gefur til kynna, að eitthvað sé athugavert við ástand vörunnar umfram það, sem fram kom í áðurnefndu vottorði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, dags. 23. sept. 1986, er bréfið frá Institut Nehring, dags. 21. nóv. 1986. En það bréf sannar ekkert um ástand vörunnar 24. sept. 1986. Ekkert hefur komið fram um það undir rekstri málsins, að niðursuðudósirnar, sem stefndi tók til sölumeðferðar, hafi verið óhreinar og dældaðar, þá er þær voru afhentar. En hefði svo verið, hefði það átt að hvetja til ýtarlegrar rannsóknar á vörunni, áður en hún var tekin til sölumeðferðar. Hafi dósirnar dældast og óhreinkast, eftir að varan var afhent flutningsaðila, er það ekki á ábyrgð stefnanda, sbr. 10., 63. og 64. gr. l. nr. 39/1922.

Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að honum hafi verið tilkynnt um galla á vörunni fyrr en með bréfi 8. janúar 1987, og jafnframt er ósannað, að honum hafi verið tilkynnt um riftun fyrr en með bréfi, dags. 12. maí 1987. Viðskipti þau, sem málið er af risið, eru verslunarkaup og

tilkynningar þessar því of seint fram komnar skv. 52. gr. l. nr. 39/1922.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa stefnanda, sem ekki hefur verið tölulega vefengd, verður tekin til greina að öllu leyti með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Samkvæmt 177. gr. l. nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 475.000 kr., þar með talinn söluskattur af lögmannsþóknun. Tildæmdur málskostnaður beri vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. 175. gr. l. nr. 85/1986 in fine.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Triton hf., greiði stefnanda, Óskari Árnasyni, DEM 136.091,11 eða jafngildi þeirra í íslenskum krónum skv. gengi á greiðsludegi með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði, 475.000 kr.].

Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 196/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Þorsteini Baldurssyni
(Ólafur Garðarsson hrl.).

Skjalafals. Tolllagabrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. mars 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvalds hálfu til þyngingar refsingu. Ákærði gerir eingöngu kröfu um, að refsing verði lækkuð og höfð skilorðsbundin, en gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu héraðsdóms á heimfærslu brota til refsiákvæða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að ákærði hafi gert upp skuld sína vegna brots samkvæmt ákærulið 8 í ákæruskjali. Hefur ákærði þá greitt að fullu það fé, sem hann var ákærður fyrir að svíkja undan, ásamt dráttarvöxtum.

Með hliðsjón af umfangi brotsins ber að fallast á það með héraðsdómara, að refsing ákærða sé hæfileg 12 mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess, að ákærði gaf sig af sjálfsdáðum fram við yfirvöld og viðurkenndi brot sín og upplýsti þau, að hann hefur greitt öll þau vanskil, ásamt dráttarvöxtum, sem leiddi af brotum hans, svo að enginn hefur beðið tjón af, svo og með hliðsjón af sakaferli hans, þykir mega ákveða, að fangelsisrefsingin skuli öll vera skilorðsbundin í þrjú ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærða verður hins vegar gert að greiða 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögudegi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Baldursson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. mars 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 114/1992: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Baldurssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 18. desember sl., á hendur Þorsteini Baldurssyni, Snorrabraut 85, Reykjavík, kennitala 141034-3249, „fyrir skjalafals og tolllagabrot með því að hafa á árunum 1989 og 1990 í sambandi við innflutning eftirtalins varnings á vegum fyrirtækja sinna, Gísla hf. og Feðga sf., falsað vörureikninga og afhent þá tollyfirvöldum og jafnframt aðflutningsskýrslur byggðar á þessum röngu reikningum, sem sýndu lægra kaupverð en rétt var, í því skyni að greiða lægri aðflutningsgjöld en honum bar, og nam fjárhæðin, sem ákærði sveik undan með þessum hætti, samtals 3.083.110 kr., svo sem hér greinir:

[Ákæra tilgreinir í 25 liðum notkun á fölsuðum vörureikningi í sambandi við innflutning á bifreiðum o. fl.]

— — —

Framangreind brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákæruna rétta.

Samkvæmt skýrslu tollgæslunnar frá 16. ágúst 1990 kom ákærði á fund Sævins Bjarnasonar fulltrúa þann dag til að ræða við hann um innflutning á bifreiðum frá Danmörku. Segir í skýrslunni, að ákærði hafi tjáð Sævin, „að við innflutning sinn á fimm bifreiðum frá Danmörku hefði hann lagt fram ranga reikninga við tollafgreiðslu. Hefðu þeir verið of lágir sem nam upphæðum eins og fram kemur á lista, sem Þorsteinn hafði meðferðis. Í samtalinu við Sævin viðurkenndi Þorsteinn einnig, að við innflutning á ýmsum vörum frá Bandaríkjunum hefði hann enn fremur lagt fram reikninga, sem hann sagði útbúna af sér sjálfum".

Í framhaldi þessa óskaði tollgæslan eftir því við ákærða að fá aðgang að gögnum um þennan innflutning og að tollverðir færu með honum til að ná í gögnin. Þessu hafnaði ákærði. Rannsóknarlögreglu ríkisins var þá afhent málið, og handtók hún ákærða og færði til yfirheyrslu. Hann neitaði að tjá sig fyrr en að loknum viðræðum við lögmann sinn, er var kvaddur til. Að loknum viðræðunum kvaðst ákærði játa að hafa á undanförnum 18 til 20 mánuðum flutt inn á tilbúnum reikningum bifreiðar frá Danmörku og Bandaríkjunum. Hann kvaðst fús að leggja fram öll gögn um innflutninginn og að upplýsa málið sem best. Lögmaður ákærða sótti gögnin og afhenti þau rannsóknarlögreglunni.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í lok september 1990. Honum var kynnt, að við afgreiðslu 27 tollskýrslna hefði hann „lagt fram ranga og/eða falsaða vörureikninga til ákvörðunar á útreikningi tolla og aðflutningsgjalda". Við yfirheyrsluna viðurkenndi ákærði að hafa við 21 afgreiðslu lagt fram ranga reikninga og að útreikningur tollgæslu væri réttur. Við hinar sex gerði hann athugasemdir við útreikning tollgæslunnar, en viðurkenndi að hafa lagt fram tilbúna reikninga. Athugasemdir ákærða voru sendar tollgæslunni, sem féllst á þær. Kröfur vegna tveggja afgreiðslna voru felldar niður, en hinar leiðréttar í samræmi við athugasemdir ákærða.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa á árunum 1989 og 1990 á vegum fyrirtækja sinna, Gísla hf. og Feðga sf., falsað þá 25 vörureikninga, sem rétt er lýst í ákæru, og afhent þá tollyfirvöldum, enn fremur að hafa látið útfylla og afhent tollyfirvöldum aðflutningsskýrslur, er reistar voru á þessum röngu reikningum, og að hafa greitt aðflutningsgjöld samkvæmt þeim. Ákærði gerði engar athugasemdir við gögn málsins og kvað í ákærunni rétt lýst hinum fölsuðu reikningum, þ. e., frá hvaða erlendum fyrirtækjum þeir voru sagðir vera, þeim vörum, sem fluttar voru inn í hvert skipti, dagsetningum og fjárhæðum.

Dómurinn spurðist fyrir um það hjá tollgæslu, hvort ákærði hefði greitt

vangoldin aðflutningsgjöld vegna innflutningsins, sem mál þetta snýst um. Í svari tollgæslustjóra kemur fram, að ákærði hafi gert upp skuld vegna 24 aðflutningsskýrslna af þeim 25, er málið snýst um. Ógreiddur sé mismunur aðflutningsgjalda vegna innflutnings, sem um er fjallað í 8. lið ákæru, samtals að fjárhæð 933.377 kr. Ákærði staðfesti fyrir dómi, að þessi upphæð væri enn ógreidd.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknaði þá, sem honum eru gefnir að sök í ákæruskjali og eru þar rétt færðir til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur í sekt 1980 fyrir umferðarlagabrot og brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga. Á árunum 1952 til 1962 var hann dæmdur fjórum sinnum í varðhald fyrir umferðarlagabrot og einu sinni í sekt. Á sama tímabili sættist hann þrisvar á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögreglusamþykkt.

Refsing ákærða verður ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af umfangi brotsins telst hún hæfileg tólf mánaða fangelsi. Ákærði játaði brot sín þegar við upphaf lögregluannsóknar málsins og stuðlaði að því, að þau upplýstust. Hann hefur þegar endurgreitt verulegan hluta þeirra aðflutningsgjalda, er hann hafði komist undan að greiða. Að þessu athuguðu svo og þegar sakaferill ákærða er virtur, þykir mega ákveða, að níu mánuðir af refsingunni skuli vera skilorðsbundnir, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögudegi, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Þá verður ákærða gert að greiða 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplána skal með 30 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögudegi.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Baldursson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur greiði ákærði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem afplána skal með 30 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá deginum í dag að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 420/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Magnúsi Harðarsyni
(Ólafur Garðarsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Ákærði áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar, að því er varðar refsiákvörðun og réttindasviptingu, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, og gaf ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1992. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að svipting ökuréttinda verði tímamörkuð.

Í ákæru málsins er brot ákærða sagt framið 16. júní 1992, en samkvæmt gögnum málsins var það framið 6. sama mánaðar. Í hinum áfrýjaða dómi er ekki getið alkóhólmagns í blóði ákærða greint sinn, en það mældist 0,77‰.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði hlaut ökuleyfissviptingu í 6 mánuði vegna ölvunaraksturs samkvæmt dómsátt 2. febrúar 1984. Á árinu 1988 gerðist hann sekur um ítrekun slíks brots og gekkst undir dómsátt 30. september það ár, þar sem honum var gert að sæta ökuleifissviptingu í tvö ár. Sú dómsátt hefur ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og telst vera um ítrekun öðru sinni að ræða í skilningi 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Magnús Harðarson, greiði áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-118/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Magnúsi Harðarsyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 25. september 1992, á hendur ákærða, Jóni Magnúsi Harðarsyni, Njálsgötu 32 B, Reykjavík, kt. 150564-3529, „fyrir að hafa undir áhrifum áfengis þriðjudaginn 16. júní 1992 ekið bifreiðinni TR-597 austur Hverfisgötu í Reykjavík, en lögregla stöðvaði akstur hans á nefndri götu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987".

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefin sök á í ákæru. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn þeim lagaákvæðum, sem þar greinir. Ákærða var refsað fyrir ölvun við akstur 1984 og aftur 1988. Brot ákærða nú er ítrekað öðru sinni. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald 30 daga. Þá ber samkvæmt 100. gr., sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1992 að telja. Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Magnús Harðarson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1992 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 422/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
G
(Örn Clausen hrl.),
E
(Guðni Haraldsson hrl.),
H
(Kristján Stefánsson hrl.)
og **V**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Kynferðisbrot. Nauðgun. Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1992 „... einvörðungu til endurskoðunar refsiákvörðunar og þyngingar viðurlaga ...“. Ákærðu undu héraðsdómi og hafa gert þær kröfur fyrir Hæstarétti, að hann verði staðfestur.

Þar sem málinu er samkvæmt framansögðu einungis áfrýjað til endurskoðunar refsiákvörðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, er sakarmat héraðsdómara ekki til endurskoðunar.

Atferli ákærðu er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt honum hefur ákærði G unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ákærðu E, H og V samkvæmt sömu grein, sbr. 1. mgr. 22. gr., og samkvæmt 209. gr. sömu laga, en ákærði E auk þess samkvæmt 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. og ákærði V samkvæmt 244. gr. sömu laga. Það athugist, að með 2. og 15. gr. laga nr. 40/1992, sem tóku gildi 26. maí 1992, var ákvæðum 194. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga breytt, og ber að hafa hliðsjón af því í samræmi við 2. gr. laganna.

Ákærðu verða allir taldir sakhæfir.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til ungs aldurs ákærðu, sbr. 4. tölulið 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verður að hafa hliðsjón af því, að ákærðu stóðu í sameiningu að þeirri svívirðilegu háttsemi gagnvart 14 ára gamalli stúlku, sem lýst er í héraðsdómi, og horfir það refsingu til þyngingar, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig, að ákærði G sæti fangelsi 18 mánuði, ákærðu E og V sæti fangelsi 16 mánuði og ákærði H sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði G sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði E sæti fangelsi 16 mánuði.

Ákærði H sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði V sæti fangelsi 16 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur. Þá greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Erni Clausen, Guðna Á. Haraldssyni, Kristjáni Stefánssyni og Hrafnkeli Ásgeirssyni, 40.000 krónur hverjum fyrir sig.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. september 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 10. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. H 1574-1577/1991: Ákæruvaldið gegn G, E, H og V.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. ágúst sl., er með ákæruskjölum ríkissaksóknara, dags. 4. júní, 26. júní og 24. nóvember 1991, höfðað gegn G, E, H og V.

I. Allir ákærðu.

Skírlífisbrot gagnvart stúlkunni M. S., fæddri ..... 1976, mánudaginn 3. desember 1990 milli kl. 16.00 og 17.00, í svefnherbergi foreldra hennar [...], svo sem nú verður lýst.

1. Ákærða G er gefið að sök að hafa þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis með ofbeldi og með aðstoð meðákærðu og ósakhæfs pilts, sem tóku þátt í að færa stúlkuna úr fötum og héldu höndum hennar og fótleggjum, meðan á samræði stóð. Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærðu E, H og V er gefið að sök að hafa aðstoðað ákærða G, svo sem að framan er lýst, og einnig að hafa áður lagst ofan á stúlkuna. Þá er þessum ákærðu gefið að sök að hafa, meðan þessir atburðir áttu sér stað, fækkað fötum og handleikið kynfæri sín.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærði E einn.

1. Fyrir nytjastuld með því að aka þriðjudaginn 23. október 1990 í heimildarleysi léttbifhjólinu G-392 frá versluninni Fjarðarkaupum við Hólshraun í Hafnarfirði upp í Heiðmörk og þaðan á ný nokkrum dögum síðar að Iðnskólanum í Hafnarfirði. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956.

2. Fyrir þjófnað með því að stela af hjólinu í Heiðmörk í ofangreint sinn skráningarmerki, hlífum af bensíntanki, hnakki og handföngum, frambremsubarka og frambremsuhandfangi, ljósrofa, rafgeymi, afturljósi og tveimur púströrum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærði V einn.

Fyrir þjófnað með því að hafa um mánaðamót apríl-maí 1991 stolið vélhjóli af gerðinni Yamaha, YZ-259, við vélhjólabraut á Kjóavöllum í Kópavogi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist, að ákærði V greiði skaðabætur vegna atferlisins í III. kafla.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

[Ákærði G hefur sætt refsidómi fyrir nytjastuld og umferðarbrot og sæst á sektir fyrir líkamsárás og fyrir umferðarbrot.

Ákærði H hefur tvisvar sæst á sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði V hefur einu sinni sæst á greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði E hefur ekki sætt refsingu.]

— — —

I. Skírlífisbrot.

— — —

Í málinu verður að telja ljóst, að ákærðu ryðjast í framangreint sinn inn á heimili kæranda og sýna henni þar mikinn yfirgang. Þó að segja megi, að kærandi hefði getað látið andstöðu sína í ljós með harkalegri viðbrögðum, er ljóst, að kynferðislegir tilburðir ákærðu gagnvart henni voru gegn vilja hennar og að ákærði G þröngvar henni til samfara við sig með valdbeitingu og nýtur í því aðstoðar ákærðu E og V, sem halda fótum kæranda í sundur, og einnig Ó, sem hélt höndunum, en hins vegar er ósannað, að ákærði H hafi tekið þátt í valdbeitingunni, en hins vegar þykir hann hafa veitt aðstoð með því að eiga þátt í að færa kæranda úr fötunum, áður en ákærði G hafði samfarir við kæranda. Þá beruðu ákærðu nema G kynfæri sín og fitluðu við þau í viðurvist kæranda. Þykja ákærðu sannir að sökum þeim, sem þeir eru bornir í ákæru, dags. 26. 6. 1991, og hafa gerst brotlegir við þargreind refsiákvæði, sem eru rétt færð til laga.

II. Ákærði E einn.

Ákærði E hefur viðurkennt að hafa tekið í heimildarleysi léttbifhjólið G-392 við verslunina Fjarðarkaup í Hafnarfirði og svo ekið því sem greinir í ákæru, dags. 4. júní 1991, og jafnframt að stela af því, þar sem hann geymdi það í Heiðmörk, þeim hlutum, sem greindir eru í 2. lið sömu ákæru.

Hefur ákærði með þessum verknuðum gerst brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, og 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærði V.

Ákærði V hefur viðurkennt að hafa í apríl-maí 1991 tekið vélhjól af gerðinni Yamaha, YZ-259, við vélhjólabraut á Kjóavöllum í Kópavogi, þar sem það var bensínlaust, og svo ekið því austur í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og ætlað að eigna sér það, svo sem lýst er í ákæruskjali, dags. 28. 4. 1991. Hér var um torfæruhjól að ræða, sem var óskráð. Ekki fer milli mála, þó að hjól þetta hafi verið yfirgefið á þessum stað vegna bensínleysis, að ákærða mátti vera ljóst, að það var engan veginn úr vörslu eiganda, né gat ætlað, að því hefði verið fleygt.

Með því að eigna sér framangreint vélhjól hefur hann gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV. Refsingar o. fl.

Í málinu hafa verið lagðar fram greinargerðir Trausta Valssonar, skólasálfræðings Garðaskóla, um afskipti þau, sem hann varð að hafa af ákærðu H og E á skólaárum þeirra og um greindarprófun, sem hann gerði á þeim.

Ákærða H hafði hann greindarprófað tvívegis, og var síðari prófunin í nóvember 1989, og reyndist þá heildargreindarvísitala hans vera 85 stig samkvæmt prófi Wechslers. Ákærði E hafði verið greindarprófaður þrívegis, síðast í febrúar 1988, og mældist þá heildargreindarvísitala hans 70 stig og var þá talin við neðri mörk tornæmis. Báðir höfðu ákærðu átt í námserfiðleikum í skóla og nutu sérstakrar námsaðstoðar í grunnskóla.

H hafði eingöngu verið í sérkennslu síðasta ár sitt í skóla, en var rekinn úr skóla fyrir ofbeldi, eftir að hann hafði barið tvo nemendur í skjóli eða með hjálp annarra. Fram kom, að E hafði dregist aftur úr í almennri bekkjarkennslu, og þrátt fyrir mikla námsaðstoð var hann illa læs og nánast óskrifandi 14 ára gamall.

Hinn 26. maí sl. gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur greindarmat á ákærða E, og segir svo í niðurstöðu skýrslu sálfræðingsins:

„Gert er greindarmat á E vegna ákæru um hlutdeild í nauðgun og með tilliti til þess, hvort refsing sé líkleg til að bera árangur vegna vanþroska hans. Á almennu greindarþrófi mælist E á mörkum þess að vera vangefinn (borderline defective) með greindarvísitölu 73. Mælingunni ber mjög vel saman við samanburðarpróf og fyrri greindarmælingu með öðru prófi fyrir fjórum árum og má því teljast áreiðanleg. Enda þótt E sé ekki vangefinn samkvæmt strangri skilgreiningu, tel ég refsingu ólíklega til að bera jákvæðan árangur, nema síður væri, enda eru hugsun hans, dómgreind og félagsþroski undir efri mörkum vangefni."

Þrátt fyrir þetta mat verður ekki útilokað, að refsing geti komið að gagni gagnvart ákærða E.

Þegar virt er, hve ungir allir ákærðu eru, þykir rétt með vísun til 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga að færa refsingu þeirra nokkuð niður fyrir lágmarksrefsingu þá, sem getur í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing ákærðu samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga, að því er varðar aðra ákærðu en G, en 78. gr., að því er hann varðar, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði G sæti fangelsi í átta mánuði, ákærði E sæti fangelsi í fimm mánuði, ákærði H sæti fangelsi í fjóra mánuði og ákærði V sæti fangelsi í sex mánuði.

Eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærðu, og niður skal hún falla hjá hverjum þeirra um sig að liðnum tveimur árum, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga og sérstakt skilorð skv. 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. lög nr. 22, 1955.

— — —

Dæma ber ákærðu til að greiða verjanda sínum málsvarnarlaun, sem ákveðast fyrir hvern þeirra um sig 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðst 130.000 kr., ber ákærðu að greiða óskipt saman.

Dómsorð:

Ákærði G sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði E sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði H sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði V sæti fangelsi í sex mánuði.

Fullnustu þessara refsinga skal frestað, og niður skal hún falla hjá hverjum ákærðu um sig að liðnum tveimur árum, haldi hann almennt skilorð samkv. 57. gr. og sérstakt skilorð samkv. 3. mgr. 1. tl. sömu greinar almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Bótakröfu Ingólfs Stefánssonar, Látraseli 8, Reykjavík, er vísað frá dómi.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Gísla Gíslasyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði E greiði verjanda sínum, Skúla Bjarnasyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði H greiði verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði V greiði verjanda sínum, Pétri Kjerúlf hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærðu greiði óskipt saman allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 130.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1993.

Nr. 59/1993. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Fjölmiðlun sf.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1993, sem barst réttinum 3. febrúar. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að varnaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í héraðsdómsmálinu nr. E-10941/1992 með vísun til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaraðila, Fjölmiðlun sf., 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. janúar 1993.

I.

Við þingfestingu máls þessa á reglulegu dómþingi 15. desember sl. var af hálfu stefnda krafist, að stefnandi setti tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála, vegna ætlaðrar ógjaldfærni stefnanda. Af hálfu stefnanda var kröfunni mótmælt. Málið var tekið fyrir mánudaginn 11. janúar sl. í því

skyni að gefa lögmönnum aðila kost á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Er lögmenn aðila höfðu reifað sjónarmið sín, var málið tekið til úrskurðar.

II.

Samkvæmt viðurkenndum fræðikenningum og dómaframkvæmd bera félagsmenn í sameignarfélagi persónulega og „sólídariska" ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öllum eignum sínum án tillits til þess, hvernig skuldbindingin er til orðin. Skuldheimtumaður getur því gengið að hvaða félagsmanni sem er til lúkningar kröfu sinni, einum, fleiri eða öllum saman, og jafnt að þeim eignum, sem félagsmenn eiga saman, félagseigninni, sem og að séreign þeirra hvers um sig. Þá er og viðurkennt, að þeir menn, sem eru félagsmenn, þegar skuldbindingin verður til, beri ábyrgð á henni.

Ekki er það skilyrði stofnunar sameignarfélags, að um einhverja félagseign sé að ræða, enda hin persónulega ábyrgð félagsmanna talin hinn eiginlegi fjárhagsgrundvöllur félagsins. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. l. nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð ber t. d. ekki að tilgreina félagseign í tilkynningu til firmaskrár um félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. l. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. verður bú félags, þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess, ekki tekið til gjaldþrotaskipta, nema bú félagsmanna séu áður tekin til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þessu verður sameignarfélag ekki talið gjaldþrota, nema allir félagsmenn séu einnig gjaldþrota.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnda að leiða líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, krefjist hann þess, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu hans. Sönnunarbyrðin um ógjaldfærni stefnanda hvílir því á stefnda.

Stefndi hefur lýst yfir því, að hann beri ekki brigður á, að þeir menn, sem taldir eru upp í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 40, séu félagsmenn í Fjölmiðlun sf. Með hliðsjón af greinargerð stefnda og gögnum, sem hann hefur lagt fram í máli þessu í tilefni kröfu sinnar um málskostnaðartryggingu, þykir stefndi ekki hafa leitt líkur að því, að félagsmenn stefnanda séu ógjaldfærir og þar með ekki stefnandi máls þessa. Þá hefur af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð úr hluthafaskrá Íslenska útvarpsfélagsins hf., þar sem fram kemur, að félagsmenn í stefnanda eru hluthafar í Íslenska útvarpsfélaginu hf., og nemur hlutabréfaeign þeirra samtals 126.665.327 kr.

Að öllu þessu framansögðu þykir ekki unnt að fallast á þá kröfu stefnda, að stefnanda sé gert skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu.

Ragnheiður Bragadóttir fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnanda, Fjölmiðlun sf., er óskylt að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 421/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnlaugi Þór Briem
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Tilraun til manndráps. 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein, Ólöf Pétursdóttir dómstjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

I.

Eigi verður staðhæft, að ásetningur ákærða til að skjóta Þórð Val Gautason hafi orðið til fyrr en á þeirri stundu, er hann hleypti skoti af byssunni. Honum gat þá ekki dulist, að langlíklegast var, að bani hlytist af. Með þessari athugasemd verður sakarmat héraðsdómara staðfest og færsla brotsins til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

II.

Ákærði skaut tveimur skotum út um glugga íbúðar sinnar í fjölmennu íbúðarhverfi, án þess að sannað verði, að hann hafi miðað á nokkurn sérstakan. Hins vegar þykir hann með þessari ófyrirleitni hafa stofnað lífi eða heilsu annarra í augljósan háska. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi háttsemi hans varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Við ákvörðun refsingar þykir mega líta til þess, að Þórður Valur Gautason ögraði í sífellu ákærða, sem hörfaði undan honum upp stigann, sbr. 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Að því athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti

verður ákvörðun hans um refsingu ákærða staðfest. Óslitin gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. maí 1992 kemur dæmdri refsingu til frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Í áfrýjunarstefnu er þess ekki getið, að málinu sé áfrýjað til endurskoðunar á ákvörðun héraðsdóms um miskabætur, sbr. 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hins vegar liggur fyrir, að ákærði óskaði áfrýjunar héraðsdóms í heild sinni. Kemur hin dæmda miskabótakrafa því einungis til athugunar til lækkunar. Eins og málið liggur fyrir, þykja þó ekki efni til þess að breyta niðurstöðu héraðsdóms um bætur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um lögmannsþóknun og sakarkostnað í héraði. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, og kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða, Gunnlaugs Þórs Briem, frá og með 14. maí 1992 til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjands síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði fór til móts við hinn óvelkomna gest í íbúð sinni með hlaðna og uppspennta byssu í hendi. Ætlun hans var að hrekja gestinn út úr húsinu, og er ósannað, að annað hafi vakað fyrir honum, þrátt fyrir vímuástand hans. Með tiltæki sínu stofnaði ákærði lífi mannsins í bráðan háska og líka sínu eigin, þar sem komið gat til átaka um byssuna, ef gesturinn léti ekki undan fyrir hótun ákærða og kæmist í návígi við hann. Svo fór, að gesturinn brást öndverður við hótuninni og manaði ákærða til að beita vopninu. Varð ákærði að hörfa upp stigann að íbúðinni til að forðast hann og náði ekki

yfirhöndinni. Stóðu þeir hvor gegnt öðrum á palli í miðjum stiganum, þegar skot reið af úr byssunni á örstuttu færi og lenti í vanga mannsins. Frásagnir sjónarvotta staðfesta ekki, að gesturinn hafi stokkið að ákærða í þennan mund, en hins vegar verður ekki útilokað, að einhver viðbrögð hans hafi framkallað skotið. Þótt til þess sé litið, verður að ályktа, þegar alls er gætt, að ákærði hafi hleypt af vitandi vits, en ekki fyrir slysni. Hafi honum jafnframt mátt vera ljóst, að langlíklegast væri, að bani hlytist af. Er það þannig niðurstaða mín eins og annarra dómenda, að ákærði sé sekur um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Eftir atburðinn var ákærði miður sín og meðal annars ófær um að ná sjálfur sambandi við lögreglu, en reyndi að koma þangað boðum. Virðist hann hafa afráðið af bíða þess einn í íbúðinni, hvað verða vildi. Í þessu ástandi braut hann glugga á íbúðinni og skaut tveimur skotum út um hann, eftir að sjúkrabifreið var komin að húsinu, eins og um ræðir í síðari lið ákærunnar. Er ég samþykkur því, að háttsemin varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði framdi brot sitt gagnvart Þórði Val Gautasyni í mikilli geðæsingu, sem hinn síðarnefndi var einnig valdur að með ögrunum í orðum og framkomu, sbr. 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Verður jafnframt að draga í efa, að hann hafi haft harðnaðan vilja til verknaðarins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Með vísan til þessa og til aldurs ákærða og annarra aðstæðna tel ég refsingu hans hæfilega ákveðna fangelsi fjögur ár, og komi vist hans í gæsluvarðhaldi þar til frádráttar.

Ég er samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um bótaþátt málsins og ákvörðun þeirra um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 28. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S 47/1992: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Þór Briem, sem dómtekið var 23. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst sl., á hendur „Gunnlaugi Þór Briem, fæddum 27. desember 1969, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin að Mávahlíð 24, Reykjavík, um kl. 19.00 þriðjudaginn 12. maí 1992:

I.

Tilraun til manndráps, en til vara stórfellda líkamsárás, með því að hafa laust fyrir kl. 19.00 í stigagangi hússins skotið úr einskota markbyssu upp í munninn á Þórði Val Gautasyni, kt. 270467-6019, Hjarðarhaga 62, Reykjavík. Byssukúlan hafnaði í vinstri kinn, en fór síðan út um eyrað og tætti þar eyrnabrjóskið með þeim afleiðingum, að Þórður Valur hlaut meiri háttar áverka. Munnvatnskirtill vinstra megin skaddaðist, sár var á kinninni innanverðri, sem mikið blæddi úr, einnig sár við munnvikið og sár framan við eyrnaganginn vinstra megin. Þórður Valur gekkst þegar undir aðgerð á Borgarspítalanum til að stöðva blæðingu í kinninni.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

II.

Að hafa skömmu síðar rekið byssuhlaupið í gegnum rúðu í eldhúsinu á norðurhlið í íbúð sinni á 2. hæð hússins og skotið tveimur skotum út, en þar á götunni fyrir neðan voru tveir brunaverðir og læknir, sem tilkvaddir höfðu verið vegna áðurgreinds atburðar.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

— — —

Málsatvik.

Um kl. 19.00 þriðjudaginn 12. maí sl. barst tilkynning til slökkviliðs um, að slasaður maður væri fyrir utan Mávahlíð 24 hér í borg. Tveir brunaverðir ásamt lækni í neyðarbifreið slökkviliðs fóru þegar á staðinn, og fyrir utan Mávahlíð 24 hittu þeir fyrir Þórð Val Gautason, er sat blóðugur á tröppum hússins. Síðar kom í ljós, að Þórður Valur hafði skotsár á vinstri vanga. Brunaverðirnir tóku strax til við að hlúa að Þórði og fá hann inn í sjúkrabifreiðina, en samskiptin við manninn á vettvangi gengu illa, og verður því lýst nánar síðar. Eftir skamma stund, er brunaverðirnir voru fyrir utan bifreiðina, kváðust þeir hafa heyrt skothvell eða skothvelli og annar brunavarðanna þá sagst hafa séð, hvar byssuhlaup stóð út um brotinn eldhússglugga á 2. hæð hússins, en skömmu áður hafði heyrst brothljóð. Er hér var komið sögu, var lögregla kölluð til, þar sem á staðnum var maður vopnaður byssu. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar kom lögreglan á staðinn kl. 19.00, og var sérsveit lögreglunnar einnig kölluð til, og í frumskýrslu lögreglunnar er greint frá því, að árásarmaðurinn, ákærði

í máli þessu, hafi komið út úr húsinu kl. 21.50 og þá lagst í götuna, þar sem hann var færður í handjárn og fluttur í fangageymslu.

Verður nú rakinn framburður vitna og ákærða um það, er gerðist í Mávahlíð 24 þriðjudaginn 12. maí sl., en ákærði og öll vitnin voru yfirheyrð fyrir dóminum 23. þ. m.

Við dómsyfirheyrsluna kvað ákærði ekki hafa vakað fyrir sér að skjóta á Þórð Val Gautason, svo sem ákært er út af, heldur kvaðst ákærði hafa ætlað að reka manninn út úr húsinu.

Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa skotið út um glugga íbúðar sinnar, svo sem ákært er út af í ákærulið II.

Ákærði kveðst hafa stundað nánast samfellda óreglu frá því í febrúar á þessu ári, og dagana fyrir atburð þann, er ákært er út af, kveðst ákærði hafa stundað óreglu með Bergþóri Árnasyni. Þriðjudaginn 12. maí sl. kveðst ákærði hafa verið staddur í miðbæ Reykjavíkur og hitt þar fyrir fólk, er ákærði bauð heim til sín. Auk ákærða fóru á heimili hans í Mávahlíð 24 Þórður Valur Gautason, Bergþór Árnason og Ída Harðardóttir. Ákærði kveður áfengisneyslu hafa verið haldið áfram, er komið var í Mávahlíðina. Ákærði kveður síðan hafa komið að því, að Þórði Val Gautasyni hafi verið vísað á dyr, eftir að í ljós kom, að hann reyndi að stela munum frá ákærða. Ákærði kveður Bergþór Árnason hafa verið enn á staðnum, er Þórði Val var vísað á dyr, en Ída Harðardóttir hafi þá verið farin af staðnum. Ákærði kvað annan bræðra sinna áreiðanlega hafa verið á staðnum, er þetta gerðist, en ekki muna, hvort báðir bræður sínir voru þar fyrir.

Skömmu eftir að Þórði Val Gautasyni hafi verið vísað á dyr, hafi dyrabjöllu verið hringt og þeim, er hringdi, verið hleypt inn með því að opna með dyrasíma, en ekki hafi verið hægt að ræða við manninn um dyrasímann, sem hafi verið í ólagi. Ákærði kveðst hafa frétt skömmu síðar, að Þórður Valur Gautason væri þar kominn öðru sinni, og hafi hann haldið rakleiðis niður í kjallara hússins. Ákærði kveðst nú hafa farið inn í herbergi sitt, sótt þangað markbyssu og haldið með byssuna áleiðis niður í kjallarann. Ákærði kveðst hvorki muna, hvort byssan hafi verið hlaðin, er hann sótti hana, né hvort hann hlóð hana, áður en hann hélt niður í kjallarann með byssuna meðferðis. Ákærði kveðst síðan hafa séð til Þórðar Vals, er ákærði var staddur í dyrum niður í kjallarann, og kveðst ákærði ekki hafa séð Þórð Val vera með vopn eða áhald meðferðis, er hann kom upp úr kjallaranum, en ákærði kveðst áður hafa talið, að Þórður Valur hafi farið þar niður til að verða sér úti um slík áhöld. Ákærði kveðst nú hafa gengið aftur á bak og upp á millistigapall og Þórður Valur gengið á eftir ákærða þessa leið, og Þórður Valur hafi þá stöðugt hrópað að ákærða: „Dreptu mig, skjóttu mig." Ákærði kveðst hafa beðið Þórð Val að verða á brott úr húsinu, en hann ekki sinnt því. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að

aðrir en ákærði og Þórður Valur hafi verið á stigaganginum, er þessir atburðir urðu. Ákærði kveður ekki hafa komið til greina að kasta frá sér byssunni á þessu stigi, því að ákærði taldi víst, að þá myndi Þórður Valur grípa til byssunnar. Ákærði kveðst hafa hörfað undan Þórði Val upp á millistigapall, og alla þá leið kveðst ákærði hafa beint byssunni að Þórði Val, en aldrei á þessari leið hafa stutt fingri á gikk byssunnar, heldur haldið vísifingri á járni, er umlykur gikkinn. Er ákærði var kominn upp á millistigapallinn, kveður hann Þórð Val hafa stokkið á sig, og við það hafi skotið hlaupið úr byssunni. Ákærði mundi ekki eftir því, hvenær hann spennti upp sívalning aftan á byssunni, svo að unnt væri að skjóta úr henni. Ákærði var spurður að því, hvort ekki hefði verið nóg að beina byssunni að Þórði Val án þess að spenna upp sívalninginn aftan á byssunni. Ákærði kveðst ekki geta svarað þessu. Ákærði var þá spurður að því, hvort hann hefði verið búinn að taka ákvörðun um að skjóta Þórð Val, er hann spennti byssuna upp, svo sem rakið hefur verið. Ákærði kveðst ekki geta lýst atburðum nánar en að framan er rakið, en atburðarás hafi verið mjög hröð, og þá hafi ákærði verið í mikilli áfengis- og fíkniefnavímu.

Er ákærði var spurður að því, hvort hann hefði á einhverju tímamarki tekið ákvörðun um að skjóta á Þórð Val, kvaðst ákærði hafa talið, að um tvo kosti hefði verið að ræða. Annar var sá, að Þórður Valur gengi frá ákærða, eða að ákærði brygðist við á þann hátt að kasta frá sér byssunni og taka á móti Þórði Val af öllu afli.

Ákærði kvaðst muna að hafa fyrirskipað bræðrum sínum að hverfa af heimilinu, en ákærði mundi ekki, hvenær í atburðarásinni hann gaf þessa fyrirskipun. Er ákærði var spurður, hvort ekki hefði komið til greina að fá aðstoð bræðra sinna við að koma Þórði Val út úr húsinu, tók ákærði fram, að hann hefði ekki munað eftir bræðrum sínum á vettvangi á þeim tíma, er skotið reið af.

Ákærði kvaðst ekki geta lýst nánar en að framan greinir innbyrðis afstöðu sinni og Þórðar Vals, er skotið reið af. Strax eftir skotið kvaðst ákærði hafa haldið upp í íbúð sína og hringt og aflað upplýsinga um símanúmer lögreglu, en ákærði kvaðst ekki hafa munað símanúmer lögreglunnar, en Þórður Valur legið sár eftir á stigapallinum.

Ákærði kvaðst hafa hlaðið byssu sína á ný inni í baðherbergi íbúðarinnar, og þá hefði hlaupið skot úr byssunni. Ekki mundi ákærði, hvort hann hlóð byssuna oftar en í þetta skipti. Ákærði kvaðst telja líklegast, að tóm skothylki, er fundust í baðherbergi, í skála og í herbergi ákærða, svo og hlaðið skot, er fannst á baðherbergisgólfi, hefðu dottið úr vasa sínum, en ákærði kvaðst iðulega ganga með skot á sér. Ekki mundi ákærði eftir því að hafa notað þau skothylki, er fundust á vettvangi 12. maí sl.

II.

Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa brotið eldhússrúðu með byssunni, en ekki vita, í hvaða tilgangi hann braut rúðuna. Ákærði mundi ekki eftir því að hafa hleypt af skoti út um eldhússgluggann. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því að hafa séð fólk á ferli á götunni fyrir utan, hvorki Þórð Val Gautason né aðra.

Vitnið Þórður Valur Gautason, Hjarðarhaga 62, Reykjavík, bar fyrir dóminum að hafa drukkið sex bjóra að morgni 12. maí sl. og um miðjan þann dag hafa hitt ákærða í miðbæ Reykjavíkur. Þórður lýsti efnislega á sama veg og ákærði för sinni, Bergþórs Árnasonar og Ídu Harðardóttur á heimili ákærða að Mávahlíð 24, en áður en haldið var þangað, hefði verið keypt vodkaflaska og drykkju verið haldið áfram, er komið var í Mávahlíð 24, og ekki muna betur en ágætlega hefði farið á með fólkinu á staðnum. Þá hefði ákærði boðið fólkinu amfetamín til neyslu á staðnum, en efnið hefði verið „lélegt" að sögn Þórðar. Auk þess hefði Ída Harðardóttir boðið fólkinu lyf, er hún hafði meðferðis, og kvaðst Þórður hafa tekið þrjár töflur af lyfinu, er boðið var. Þórður kvaðst muna eftir sér á staðnum leikandi á gítar í herbergi ákærða, en síðar orðið mjög ölvaður og farið í svokallað „black out"-ástand. Þórður kvað sér hafa verið vísað á dyr, en kvaðst ekki muna eftir því að hafa verið sakaður um að stela munum úr eigu ákærða. Þórður kvaðst ekkert muna, eftir að hann fór í svokallað „black-out"-ástand, utan það, er hann horfði í byssuhlaup, er beint var að sér í u. þ. b. eins metra fjarlægð, og að hafa þá verið staddur á stigapalli milli hæða í húsinu. Ekki mundi Þórður eftir öðrum á vettvangi en þeim ákærða. Þórður mundi ekki eftir því, að ákærði hefði beðið sig að verða á brott úr húsinu, og taldi Þórður óhugsandi, að hann hefði skorað á ákærða að skjóta sig. Næst kvaðst Þórður muna eftir sér sitjandi á útidyratröppum, þar sem sér blæddi mikið, en ekki muna eftir lækni eða sjúkraliðum á vettvangi og ekki muna eftir því að hafa heyrt skothvelli, er hann var staddur fyrir utan Mávahlíð 24.

Þórður kvaðst enn bera ummerki eftir skotárásina og kvað bungu vera á vinstri vanga og í því sambandi nýlega hafa leitað til lýtalæknis. Þá kvaðst Þórður hafa verið til meðferðar u. þ. b. hálfan annan mánuð á Borgarspítala til að laga munnvatnskirtla. Þá kvað Þórður kúlu eða hnúð vera á vinstri vanga sér og ekki vita, af hverju hún stafi. Þá eru sýnileg ummerki eftir skotið á eyra Þórðar.

Vitnið Birnir Kristján Briem, Æsufelli 6, Reykjavík, kvaðst hafa verið statt á heimili sínu að Mávahlíð 24 hér í borg 12. maí sl., er ákærði, bróðir vitnisins, kom þangað ásamt fleira fólki. Birnir kvað fólkið hafa haldið inn í herbergi ákærða og þar sest að drykkju, en Birnir kvaðst hafa verið frammi í eldhúsi og ekki veitt því sérstaka athygli, hvað fram fór inni í

herberginu. Birnir kvað fólkið, er kom með ákærða, hafa tekið að hverfa á brott u. þ. b. hálfri til einni klukkustund eftir komu. Birnir kvaðst muna eftir því, að Þórður Valur Gautason hefði verið orðinn mjög ölvaður, og hefði hann ætlað að stela muni úr eigu ákærða og halda með hann á brott, og þá hefði hann verið farinn að hella niður áfengi á staðnum. Birnir kvaðst telja, að ákærði hefði fyrirskipað, að Þórði Val skyldi komið út úr húsinu. Birnir kvað í fyrstu engin átök eða illindi hafa orðið, er Þórði Val var vísað á dyr, en hann hafa orðið æstan, er borinn var á hann þjófnaður.

Nokkrum mínútum eftir, að Þórður Valur fór úr íbúðinni, kvað Birnir dyrabjöllu hafa verið hringt, og hefði þeim, er úti stóð, verið hleypt inn, en þar sem dyrasíminn hefði verið bilaður, hefði ekki verið hægt að ræða við þennan mann um dyrasímann. Birnir kvaðst hafa talið, að Þórður Valur Gautason væri kominn þar öðru sinni, en maðurinn hélt rakleitt niður í kjallara hússins. Birnir kvaðst telja, að kallað hefði verið til mannsins í kjallaranum af stigapalli fyrir utan íbúð ákærða á 2. hæð hússins og manninum skipað að koma sér út úr húsinu. Birnir kvað engin viðbrögð hafa orðið við þessu, en mikill gauragangur og hávaði hefði borist frá kjallaranum. Birnir kvaðst nú hafa farið niður á stigapall við útidyr nánast samferða ákærða og þá séð, hvar ákærði hafði byssu meðferðis, en ekki hafa vitað, hvort byssan hefði verið hlaðin. Birnir kvað ákærða hafa greint sér frá því, að Þórður Valur væri undir áhrifum lyfja, og því kynni að vera varasamt að beita hann ofbeldi, og því hafi ekki komið til greina að sögn Birnis, að þeir bræður kæmu Þórði Val sameiginlega út úr húsinu með valdi. Birnir kvað ákærða á þessari stundu sýnilega hafa verið undir einhvers konar áhrifum og hann verið æstur í skapi. Birnir kvað ákærða hafa hörfað undan Þórði Val upp á millistigapall og bilið milli ákærða og Þórðar Vals verið innan við hálfur metri að sögn Birnis. Á þessari leið hefði ákærði skipað Þórði Val að fara út úr húsinu. Birnir kvaðst hafa staðið fyrir neðan Þórð Val, og á þessari leið hefði ákærði beint byssunni að Þórði Val, sem hefði verið orðinn mjög æstur og sífellt manað ákærða að skjóta. Birnir kvað ákærða hafa beint byssunni að höfði Þórði Val í u. þ. b. 10 sekúndur, áður en skotið reið af. Birnir kvaðst ásamt Eggerti, bróður sínum, strax hafa farið á brott eftir þetta og ekki vita, hvað fram fór eftir þetta.

Birnir kvað ekki koma til greina, að skot, er fannst við leit í baðherbergi, og skothylki, er þar fundust, svo og skothylki í skála og eldhúsi hefðu legið á þessum stöðum í einhvern tíma, heldur hlytu þau að hafa komið til 12. maí sl.

Vitnið Eggert Eggertsson Briem, Æsufelli 6, Reykjavík, bróðir ákærða, kvaðst hafa komið heim úr vinnu um kl. 17 12. maí sl., en á þeim tíma hefðu Eggert, Birnir, bróðir sinn, og ákærði búið í Mávahlíð 24. Eggert kvað Birni, bróður sinn, hafa verið heima, er hann kom úr vinnunni, svo

og ákærða, og hjá honum hefði verið fólk, þrjár eða fjórar manneskjur. Eggert kvaðst muna vel eftir einum þessara aðila, og heiti sá Þórður Valur, og hefði hann verið ráfandi um íbúðina ölvaður og hellt þar niður áfengi. Eggert kvaðst hafa gefið ákærða hálfrar klukkustundar frest til að koma þessum manni út úr íbúðinni. Eggert kvað engin átök eða rifrildi hafa orðið milli fólksins í íbúðinni, ekki fyrr en að því kom að koma Þórði Val út úr húsinu, en hann hefði áður reynt að stinga á sig munum í íbúðinni. Eggert kvað manninn hafa farið út ásamt öðru fólki. Eggert kvað þá bræður þá hafa verið eftir í íbúðinni ásamt Bergþóri Árnasyni.

Nokkrum mínútum síðar kvað Eggert dyrabjöllu hafa verið hringt, og hefði þeim, er úti stóð, verið hleypt inn, án þess að rætt væri við hann. Næst hefði ákærði farið niður til að athuga, hver væri þar á ferð, og kvaðst Eggert telja Birni, bróður sinn, og Bergþór Árnason einnig hafa farið niður sömu erinda. Eggert kvaðst ásamt ákærða, Birni og Bergþóri hafa beðið Þórð Val með góðu að verða á brott úr húsinu, en hann ekki sinnt því, en Þórður Valur hefði verið undir áhrifum áfengis og vímuefna. Eggert hefði að mestu haldið sig inni í íbúðinni, en öðru hverju farið fram á stigapall að athuga, hvað gengi á, og í einni ferðinni séð ákærða með byssuna í höndum og ákærði þá verið staddur á millistigapalli, en Þórður Valur og Birnir hefðu verið við útidyr. Eggert vissi ekki, hvort ákærði fór með byssuna niður í upphafi eða hvort hann sótti hana síðar. Eggert kvað ákærða hafa beint byssunni að Þórði Val og mest að höfði honum og Þórður Valur gengið í átt að ákærða og í sífellu viðhaft þau ummæli, hvort ákærði ætlaði ekki að skjóta sig, hvort hann þyrði ekki að skjóta sig, og annað í þeim dúr. Ekki kvaðst Eggert hafa vitað, hvort byssan hefði verið hlaðin. Eggert kvaðst hafa talið ákærða hafa byssuna til að koma sér upp falskri vörn og ekki hafa trúað því, að ákærði myndi nota byssuna, ekki fyrr en rétt áður en skotið reið af í stigaganginum. Eggert kvaðst hafa verið orðinn mjög hræddur um það, að ákærði þyldi ekki þá spennu, sem myndast hafði í stiganum, og að skoti kynni að verða hleypt af, þótt Eggert hefði hvorki vitað, að byssan var hlaðin, né að hún hefði verið spennt. Síðast kvaðst Eggert hafa séð til ákærða og Þórðar Vals, áður en skotið reið af, er þeir stóðu kyrrstæðir hvor andspænis öðrum á stigapallinum og ákærði miðaði byssunni á höfuð Þórði Val. Eggert var í eldhúsi, er skotið reið af. Strax eftir þetta hefði ákærði skipað Eggerti og Birni að yfirgefa staðinn, sem þeir gerðu, og vissi Eggert ekkert um það, er síðar gerðist.

Eggert kvað óhugsandi, að skot og skothylki, er fundust í baðherbergi, eldhúsi og skála íbúðarinnar, hefðu verið þar, er Eggert fór að heiman. Þessir hlutir hefðu áreiðanlega komið til, eftir að Eggert fór af heimilinu, og sömuleiðis skotfar á vegg í skála, en öðru máli gegni um tvö tóm skot-

hylki, er fundust í herbergi ákærða, en um það gat Eggert ekki fullyrt, enda kvaðst hann sjaldan hafa farið þar inn.

Vitnið Bergþór Árnason, Njálsgötu 72, Reykjavík, kvaðst hafa stundað óreglu með ákærða dagana næst á undan 12. maí sl. Þann dag kvaðst Bergþór hafa verið staddur í miðbænum ásamt ákærða, og lýsti Bergþór efnislega á sama veg og ákærði ferð þeirra félaga og fleira fólks á heimili ákærða, þar sem áfengisdrykkju var haldið áfram, svo og hefði verið neytt fíkniefna á staðnum. Bergþór kvað ekkert ósamkomulag hafa verið, fyrr en Bergþór kvaðst hafa séð til Þórðar Vals Gautasonar reyna að stela hlut frá ákærða. Er hér var komið sögu, hefði verið ákveðið að koma Þórði Val út úr húsinu, enda hann orðinn mjög ölvaður og ruglaður, eins og Bergþór orðaði það. Nokkrum mínútum eftir, að Þórður Valur hvarf úr húsinu, hefði dyrabjöllu verið hringt, og hefði þeim, er hringdi, verið hleypt inn, án þess að við hann væri rætt, og hefði Þórður Valur Gautason haldið rakleitt niður í kjallara, en annar bræðra ákærða séð, hver það var, sem kom inn, og eftir það hefðu allir á staðnum vitað, hver þar var á ferð. Bergþór kvaðst ekki muna eftir því, að kallað hefði verið til mannsins og hann beðinn að koma sér út úr húsinu. Næst kvaðst Bergþór muna eftir því, að ákærði greip til byssu og fór áleiðis niður. Bergþór kvaðst hafa séð ákærða sækja byssuna inn í fataskáp í herbergi sínu og sótt skot í skrifborðsskúffu. Ákærði hefði síðan hlaðið byssuna og stungið skotum í vasa sinn. Bergþór kvaðst hafa spurt ákærða að því, hvað hann ætlaði að gera, og hefði ákærði svarað því til, að hann ætlaði að hræða Þórð Val út úr húsinu. Bergþór kvaðst hafa séð ákærða fara inn um dyr niður í kjallara, en skömmu síðar komið aftur upp og Þórður Valur á eftir. Ákærði hefði þessu næst hörfað undan Þórði Val áleiðis upp á millistigapall, og alla þá leið hefði ákærði miðað byssunni á Þórð Val, ýmist á höfuð eða annars staðar, en skömmu áður en skotið hljóp af, hefði ákærði miðað byssunni á höfuð Þórði Val. Bergþór kvað ákærða hafa reynt með góðu að fá Þór Val til að yfirgefa húsið og í því sambandi talað blíðlega til hans, en án árangurs. Bergþór kvað Þórð Val hafa viðhaft ummæli, er Bergþór kvaðst hafa talið tómt rugl, og viðhaft þau ummæli, að ákærði skyldi skjóta sig, og þá hafi hann viðhaft niðrandi ummæli um móður ákærða. Er þeir ákærði og Þórður Valur voru komnir upp á millistigapall, hefði Þórður Valur gengið ákveðið að ákærða og Þórður Valur þá verið illvígur á svip og reiður. Þórður Valur hefði aldrei stokkið að ákærða. Er hér var komið sögu, hefði ákærði verið orðinn mjög æstur, og er skotið hljóp úr byssunni, hefði ákærði verið tryllingslegur á svipinn. Báðir hefðu verið kyrrstæðir, er skotið reið af, en ákærði otað byssunni móti Þórði Val og hann snúið höfðinu frá og til hliðar í sömu andrá og skotið reið af. Bergþór kvaðst ekki hafa séð ákærða hafa fingurinn á gikk byssunnar og því ekki

geta fullyrt um það, hvernig það vildi til, að skotið hljóp úr byssunni. Þórður Valur hefði strax fallið í stigann og Bergþór þegar komið sér af vettvangi og ekkert vita um það, sem fram fór síðar. Bergþór kvaðst hafa verið ölvaður og undir áhrifum vímuefna á staðnum.

Bergþór mundi ekki eftir því að hafa séð, meðan á dvöl hans í íbúðinni stóð, skothylki þau, er fundust í íbúðinni við leit.

Vitnið Sævar Þorbjörn Jóhannesson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn, en Sævar var meðal þeirra, sem rannsökuðu vettvang í Mávahlíð 24 eftir atburði þá, er lýst hefur verið. Sævar kvað öruggt, að ekki hefði verið heilt skot í byssunni, er lögreglan lagði hald á, en mundi ekki, hvort í byssunni hefði verið tómt skothylki.

Sævar kvað líklegt, að brotin eldhússrúða í íbúð ákærða hefði að hluta verið eftir byssukúlu, en brotið kunni að öðru leyti að stafa af öðrum orsökum.

Sævar kveðst ekki vita, hve byssa sú, er hald var á lagt á vettvangi, sé hættuleg mönnum af löngu færi, en fullvíst sé, að byssan sé lífshættuleg mönnum, ef skoti er hleypt af úr íbúð á 2. hæð húss og niður á götu fyrir utan.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður rannsakaði byssu þá, er lagt var hald á. Kristján kvað almennt þurfa frá tveimur og upp í þriggja og hálfs punds gikkátak til að skjóta úr byssu. Gikkátak byssunnar, er lagt var hald á, sé þrjú og hálft pund, og gikkátak, er þurfi til að skjóta úr þessari byssu, sé því í efri kantinum.

Kristján kveðst telja líklegt, að byssa sú, er hér um ræðir, sé lífshættuleg fólki, ef skotið er af 2. hæð húss og niður á götu, en hættueiginleikarnir fari þó eftir ýmsu, svo sem því, hvers konar skot og byssukúlu sé um að ræða, hleðslu þeirra og hvar kúlan lendi.

Kristján kveðst ekki vita til þess, að sérstaklega hafi verið rannsakað á vettvangi, hvort eins konar gat á brotinni eldhússrúðu hafi verið eftir byssukúlu. Kristján skoðaði ljósmynd af brotnu rúðunni og kvaðst telja líklegra, að brotið væri eftir eitthvað annað en byssukúlu.

Vitnið Árni Örn Stefánsson brunavörður lýsti því, er það kom á vettvang í Mávahlíð 24 12. maí sl. ásamt samstarfsfólki sínu á neyðarbifreið slökkviliðs. Er komið var á vettvang, hefði blóðugur maður setið á tröppum hússins og maðurinn fengist til að koma inn í sjúkrabifreiðina til aðhlynningar. Maðurinn hefði skömmu síðar rokið á dyr og viljað fá kunningja sinn með sér. Er Árni fór þá út úr sjúkrabifreiðinni ásamt félaga sínum, Jóhanni Pétri Jónssyni, kvaðst Árni hafa heyrt einn skothvell, en örskömmu áður hafa heyrt brothljóð frá 2. hæð hússins, en Jóhann Pétur hefði greint sér frá því, að um skothvell hefði verið að ræða. Árni kvaðst hafa litið upp og séð móta fyrir manni fyrir innan. Árni kvaðst ekki hafa skoðað vettvang

sérstaklega til að leita að ummerkjum eftir skot, en síðar hafa skoðað hlið sjúkrabifreiðarinnar í þessu skyni, en engin ummerki fundið eftir byssuskot. Strax eftir skothvellinn hafi þeir Jóhann Pétur haldið hlémegin við sjúkrabifreiðina og áfram reynt að fá hinn slasaða inn í bifreiðina.

Er skothvellurinn heyrðist, kvaðst Árni hafa verið staddur við tröppur hússins nr. 24 við Mávahlíð, undir glugganum, er brotinn var, en sjúkrabifreiðinni hafði verið lagt við tröppur hússins. Læknir sá, er var með í för, hefði á þessari stundu verið inni í sjúkrabifreiðinni.

Vitnið Jóhann Pétur Jónsson brunavörður lýsti ferð sinni að Mávahlíð 24 12. maí sl., en útkall hafði borist á slökkvistöð rétt fyrir kl. 19. Er komið var að Mávahlíð 24, hefði alblóðugur maður setið á tröppum hússins. Jóhann Pétur kvað slasaða manninn alls ekki hafa verið viðræðuhæfan, en maðurinn þó fengist til að koma inn í sjúkrabifreiðina. Maðurinn hefði síðan viljað fá vin sinn með og þá rokið á dyr. Jóhann Pétur kvaðst þá hafa farið út og reynt að róa hinn slasaða, sem hafi verið mjög æstur í skapi, og reynt að fá hann inn í sjúkrabifreiðina að nýju. Næst hefði heyrst barið í rúðu og skömmu síðar brothljóð og svo skothvellur og annar örskömmu síðar. Jóhann Pétur kvaðst þá hafa litið upp með húsinu og þá séð byssuhlaup út um brotna rúðu á annarri hæð hússins. Er þetta gerðist, hefði Jóhann Pétur verið staddur húsmegin við sjúkrabifreiðina ásamt Árna Erni Stefánssyni, samstarfsmanni sínum, og hinum slasaða. Læknirinn, er einnig var á vettvangi, hefði verið inni í sjúkrabifreiðinni. Jóhann Pétur kvaðst hafa reynt að færa bifreiðina, en ekki tekist nema u. þ. b. hálfa bíllengd, þar sem hinn slasaði hefði hangið á spegli bifreiðarinnar og því of mikil áhætta að aka lengra. Jóhann Pétur og Árni Örn hefðu þá tekið sér stöðu hlémegin við sjúkrabifreiðina og áfram reynt að lokka hinn slasaða inn í bifreiðina, sem hafi tekist, en hann enn farið út úr bifreiðinni og hlaupið niður Mávahlíðina. Kallað hafi verið á lögreglu til aðstoðar.

Niðurstöður.

I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi haldið á markbyssunni, er skotið hljóp úr henni í stigagangi hússins nr. 24 við Mávahlíð 12. maí sl. Hafnað er framburði ákærða um það, að Þórður Valur Gautason hafi stokkið á ákærða á stigapallinum og við það hafi skot hlaupið úr byssunni, enda bendir vitnaframburður Birnis Briem og Bergþórs Árnasonar eindregið til annars. Dómurinn telur sannað með framburði vitnisins Bergþórs Árnasonar, að ákærði hafi hlaðið byssuna, áður en hann hélt með hana áleiðis niður í kjallarann, og sömuleiðis tekið með sér skot, en ákærði hefur borið, að

hann muni ekki, hvort hann hlóð byssuna eða hvort byssan hafi verið hlaðin, er hann sótti hana í herbergi sitt.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður hafði byssuna meðferðis, er hann kom fyrir dóminn. Kristján sýndi í réttinum, hvernig byssan er hlaðin, hvernig hún er spennt upp, svo að unnt sé að hleypa úr henni skoti, hversu stífur gikkurinn er o. fl. Dómari, sækjandi og verjandi meðhöndluðu allir byssuna í réttinum við leiðsögn Kristjáns. Kristján sýndi fram á það, að ekki væri nóg að hlaða byssuna skoti, til að unnt væri að skjóta úr henni. Til að það sé unnt, þarf einnig að spenna upp sívalning aftan á svokölluðu húsi byssunnar. Sívalningur þessi er dreginn aftur, þar til hann læsist, og þá fyrst er unnt að skjóta úr byssunni. Þessi sívalningur er þannig úr garði gerður, að nokkurt átak þarf til að spenna hann aftur, og að mati dómsins er loku fyrir það skotið, að hann spennist aftur fyrir slysni eða af tilviljun. Sá, sem ætlar að skjóta úr byssunni, verður því ávallt að spenna þennan sívalning, eftir að hann hefur hlaðið byssuna skoti, en ákærði hefur borið, að hann muni ekki, hvenær hann spennti sívalninginn aftan á byssunni.

Í læknisvottorði Þórðar Vals Gautasonar, dagsettu 14. júlí sl., segir m. a., að Þórður Valur Gautason hafi komið á slysadeild Borgarspítalans kl. 22.00 12. maí sl. Þórður hafi við komu verið við fulla meðvitund, en mjög æstur, en „áttaður á" stað og stund.

Skoðun leiddi í ljós, að hann var með skotsár vinstra megin í andliti og vinstri kinn mikið bólgin vegna blæðingar. Sár var við vinstra munnvik, vinstra megin neðan við og framan við munnvikið. Einnig var sár inn í munninn á kinninni innanverðri vinstra megin, og var það rétt framan við og neðan við útfærsluganginn fyrir munnvatnskirtilinn eða glandula parotis. Mikil blæðing var úr því sári. Síðan var sár framan við eyrnaganginn vinstra megin, og hafði það skaddað eyrnabrjóskið sem er framan við eyrnaganginn. Lítils háttar blæðing var úr því sári svo og úr sári, sem var framan við vinstra munnvik. Röntgenrannsókn, sem gerð var strax eftir komu, sýndi, að ekki var um nein brot á andlitsbeinum að ræða. Þórður Valur hafi strax verið tekinn til aðgerðar til þess að stöðva fyrrgreinda blæðingu, sem var í kinninni. Síðan lagðist hann inn á gjörgæsludeild Borgarspítalans og var síðar fluttur á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans. Mikil blæðing hafi orðið í kinninni og safnast mikið blóð þar, sem smám saman minnkaði. Kom þá í ljós, að ekki virtist vera um neina áverka á afltaug andlitsins vinstra megin að ræða. Hins vegar mun útfærslugangur fyrir munnvatnskirtilinn, glandula parotis, hafa skaddast, og töluvert mikil munnvatnssöfnun varð í kinninni í fyrstu eftir áverkann, en hún hjaðnaði síðan smám saman.

Í niðurlagi læknisvottorðsins segir: „Það vottast, að áverkinn hefur getað

hlotist á þann hátt, sem Valur Gautason hefur lýst. Áverkinn telst meiri háttar og sköddun orðið á munnvatnskirtli vi. megin. Mikil blæðing var samfara áverkanum. Líklegt er, að um framtíðarmein á vi. kinn og munnvatnskirtli vi. megin verði að ræða, þótt ekki sé hægt að úrskurða um það endanlega á þessari stundu."

Páll M. Stefánsson læknir, háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, skrifaði vottorðið.

Ákærði sótti byssuna og skotfæri í herbergi sitt, áður en hann hélt niður í kjallarann eða á neðri hæð hússins, hann hlóð byssuna, spennti upp sívalninginn aftan á byssunni og miðaði byssunni hlaðinni og uppspenntri sífellt að Þórði Val Gautasyni áleiðis frá dyrum niður í kjallara og upp á millistigapall. Með þetta í huga telur dómurinn að engu hafandi framburð ákærða þess efnis, að hann hafi ekki ætlað að skjóta Þórð Val, heldur hafi skotið hlaupið úr byssunni við það, að Þórður Valur stökk á ákærða, enda bendir vitnaframburður til annars, svo sem rakið var. Vitni hafa borið, að ákærði og Þórður Valur Gautason hafi staðið hvor andspænis öðrum á stigapallinum, er skotið reið af, og stutt bil hafi verið á milli þeirra, og Þórður Valur hafi sveigt höfuðið upp og til hliðar, og kemur þessi lýsing, að því er dómurinn telur, heim og saman við áverka, er Þórður Valur hlaut. Dómurinn telur ekki unnt að fullyrða nákvæmlega, hvenær ásetningur hafi vaknað hjá ákærða að skjóta Þórð Val, en sá ásetningur hafi áreiðanlega verið fyrir hendi, er skotið reið af, og miðað við undirbúning og lýsingu hér að framan er líklegast, að ásetningurinn hafi komið til nokkru áður, jafnvel á þeirri stundu, er ákærði sótti byssuna í herbergi sitt og hlóð hana og hélt með hana niður á neðri hæð hússins. Það að skjóta úr byssu í höfuð manni, svo sem ákærði gerði, er þvílíkur verknaður, að ákærða gat ekki dulist, að langlíklegast var, að bani hlytist af. Tilviljun virðist hafa ráðið því, að svo fór ekki. Með vísan til þessa og þess, sem rakið hefur verið að framan, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um manndrápstilraun, og varðar brot ákærða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Ákærði kvaðst muna eftir því að hafa brotið eldhússrúðu með byssunni, en mundi ekki, í hvaða tilgangi, og mundi ekki eftir því að hafa skotið út um eldhússgluggann, og mundi ekki heldur eftir því að hafa séð fólk á ferli á götunni fyrir utan.

Svo sem vitnaframburður ber með sér, telur dómurinn sannað, að skot þau og skothylki, er fundust í íbúðinni við leit, hafi komið til, eftir að ákærði varð einn í íbúðinni, og fær þetta m. a. stuðning af framburði ákærða. Þetta bendir ásamt öðru til þess, að ákærði hafi meðhöndlað byss-

una í íbúðinni eftir atburð þann, er um getur í ákærulið I, enda hefur ákærði borið, að skot hafi hlaupið úr byssunni í íbúðinni.

Með vísan til þessa og með vísan til vitnaframburðar brunavarðanna, er komu á vettvang og heyrðu skothvelli og annar þeirra sá auk þess byssuhlaupið standa út um brotna rúðuna, og loks með vísan til gagna málsins að öðru leyti telur dómurinn nægilega sannað, að ákærði hafi skotið tveimur skotum út um gluggann, svo sem ákært er út af. Á götunni fyrir neðan voru tveir brunaverðir og Þórður Valur Gautason, en ákæran tekur ekki til hans, en læknirinn var staddur inni í sjúkrabifreiðinni.

Ákærði var bæði ölvaður og undir áhrifum fíkniefna, er atburður þessi varð, og hafði, svo sem gögn málsins bera með sér, litla eða enga stjórn á sér. Það að skjóta tveimur skotum út um gluggann með byssunni var til þess fallið að stofna lífi eða heilsu brunavarðanna tveggja í hættu og sömuleiðis læknisins, þótt hann hafi verið inni í bifreiðinni, en mjög stutt vegalengd er úr glugganum á 2. hæð hússins og niður á götu fyrir framan húsið. Þessi háttsemi ákærða þykir varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði er því sakfelldur fyrir alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði hefur undirgengist geðheilbrigðisrannsókn, og gerði Hannes Pétursson geðlæknir rannsóknina. Í ályktun geðlæknisins segir m. a. svo: „Að mati undirritaðs er Gunnlaugur Þór Briem ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um alvarlega efnafíkn og áfengissýki. Sömuleiðis bendir lífsferill Gunnlaugs til persónuleikatruflana, sem m. a. hafa lýst sér í skapgerðarbrestum, hegðunarvandkvæðum allt frá barns- og unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn.“ Í lok skýrslu geðlæknisins segir loks: „Verði Gunnlaugur fundinn sekur um þennan verknað, er því líklegt, að framangreindir skapgerðarbrestir samfara mikilli efnavímu hafi leitt til skertrar sjálfstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hans hálfu. Verður því að telja líklegt, að dómgreind Gunnlaugs hafi verið sljóvguð vegna framangreindrar efnavímu, þegar atburðurinn varð. Hins vegar hafa ekki greinst merki um geðræna kvilla aðra en framangreindar persónuleikatruflanir og efnafíkn, og verður því að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Gunnlaugs Þórs Briem sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Í skýrslu geðlæknisins og fyrir dóminum kom fram, að ákærði hefur átt við vímuefnavandamál að stríða í mörg ár og uppeldisskilyrði ákærða voru mjög erfið, en ákærði missti báða foreldra sína ungur að árum.

Ákærði var í mikilli fíkniefnavímu, er atburðirnir gerðust, en það leysir ákærða ekki undan refsiábyrgð, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Hið

sama á við um Þórð Val Gautason, en auk áfengisneyslu hafði ákærði boðið gestum sínum upp á amfetamín til neyslu.

Dómurinn telur ákærða sakhæfan, og ber hann fulla ábyrgð á gerðum sínum.

Ákærði gekkst undir dómsátt fyrir fíkniefnabrot á árinu 1991 og hefur ekki hlotið frekari refsingu. Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimm ár. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 14. maí sl. og hefur setið í gæsluvarðhaldi óslitið síðan. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skulu þessir gæsluvarðhaldsdagar koma að fullu til frádráttar dæmdri refsivist.

Guðný Björnsdóttir hdl. gerir þá kröfu f. h. Þórðar Vals Gautasonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 600.000 kr. í miskabætur. Þá er krafist lögmannsþóknunar, 46.930 kr., auk 24,5% virðisaukaskatts, 11.498 kr., og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 17. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og verjandi hans aðallega krafist sýknu af kröfunni, en til vara, að krafan verði lækkuð verulega. Vaxtakröfunni var ekki mótmælt.

Þórður Valur Gautason þykir eiga rétt á miskabótum vegna háttsemi ákærða, og þykja miskabætur hæfilega ákvarðaðar 300.000 kr. Þá er ákærði dæmdur til að greiða 30.000 kr. í lögmannsþóknun, þ. m. t. virðisaukaskatt, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19, 1991. Vextir reiknast svo sem greinir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, og 160.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Símonar Ólasonar hdl.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti fangelsi í fimm ár. Til frádráttar refsivistinni komi óslitið gæsluvarðhald ákærða síðan kl. 15.38 14. maí sl.

Ákærði greiði Þórði Val Gautasyni, kt. 270467-6019, 300.000 kr. auk dráttarvaxta frá 17. ágúst til greiðsludags. Þá greiði ákærði Þórði 30.000 krónur í lögmannsþóknun, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, og 160.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 200/1992. **Ebenezer Þ. Ásgeirsson,**
Ragnheiður Ebenezardóttir og
Tryggvi Pétursson
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Áskorunarmál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. apríl sama ár samkvæmt þágildandi heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu 25. júní 1990.

Áfrýjendur krefjast aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefjast þeir sýknu. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., sem tók við aðild málsins af Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. 29. júní 1992, fellst á aðalkröfu áfrýjenda. Af hálfu stefnda er ekki gerð krafa um málskostnað.

Mál þetta var höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjendum og þremur mönnum öðrum. Gerði stefnandi í héraði þær dómkröfur, að stefndu yrðu in solidum gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 6.681.037,19 krónur, með dráttarvöxtum og málskostnaði.

Í stefnu segir meðal annars svo:

„Skuld þessi er skv. þremur nafnskuldabréfum útg. í Reykjavík þann 22.03.1988 af stefnda, Markusi-Aðal sf., upphaflega hvert að fjárhæð kr. 2.102.500,00, bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1968. Skv. ákvæðum bréfanna skyldi endurgreiða lánið með 36 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 10.06.1988, og skyldi greiða 7,5% vexti af skuldabréfunum. Heimild er í skuldabréfunum til að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfanna, ef ekki eru

staðin skil á greiðslum af bréfunum. Ákvæði er í bréfunum um hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilum skuldarinnar. Skuldabréfin eru gefin út á nafn stefndu, Guðlaugar Jónsdóttur, sem framselt hefur Verðbréfasjóðnum hf. skuldabréfin skv. varðveittu umboði til framsals. Skuldabréfin eru síðan framseld stefnanda skv. varðveittu umboði. Stefndu, Ebenezer Ásgeirsson, Sigurður Björgúlfsson, Tryggvi Pétursson og Ragnheiður Ebenezardóttir, hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfanna. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hefur ekki verið staðið skil á greiðslum af bréfunum frá og með gjalddaga 10.06.1988, og er málsókn því óhjákvæmileg. Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig:

Gjaldf. verðb. höfuðstóll 10.06.1988	kr.	6.573.517,53
vextir frá 22.03.1988 til 10.06.1988	—	106.819,66
bankakostnaður	—	700,00
Samtals	kr.	6.681.037,19

Greiddar hafi verið inn á skuld þessa kr. 238.386,00 hinn 11.10.1988 og kr. 3.363.986,00 þann 25.09.1989."

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1990. Var þá bókað, að þing væri sótt fyrir stefndu. Stefnandi fékk síðan frest til frekari málatilbúnaðar til 6. mars sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag var þing ekki sótt af hálfu stefndu, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefnanda. Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, ritaði 25. júní 1990 svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 509.000 í málskostnað þ. m. t. virðisaukask., eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

Stefna máls þessa til bæjarþings Reykjavíkur var aldrei birt áfrýjendum, og stefndi hefur viðurkennt, að aldrei hafi staðið til að fá hana áritaða um aðfararhæfi gagnvart þeim og að lögmaður sá, er mætti á bæjarþingi fyrir þeirra hönd, hafi ekki haft til þess umboð. Samkomulag er því um, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, að því er áfrýjendur varðar. Ber að fallast á þá niðurstöðu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum sameiginlega 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er ómerkt, að því er varðar áfrýjendur, Ebenezer Þ. Ásgeirsson, Ragnheiði Ebenezardóttur og Tryggva Pétursson, og þeirra hluta málsins vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., greiði áfrýjendum sameiginlega, 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 360/1992. **Þ**

(Hreinn Loftsson hdl.)
(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

Barnaverndarráði,
K og M

(Ingibjörg Rafnar hdl.)
(Guðrún Margrét Árnadóttir).

Barnaverndarráð. Börn. Umgengnisréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1992. Dómkröfur hans eru þessar:

Að felldur verði úr gildi úrskurður barnaverndarráðs, sem kveðinn var upp 21. ágúst 1991, að því leyti, sem hann fjallar um umgengnisrétt; að viðurkenndur verði umgengnisréttur hans við dóttur sína, I, og að ákveðið verði með dómi, að umgengni milli þeirra feðgina verði með þeim hætti, að I fái að heimsækja hann á heimili hans án sérstaks eftirlits í 5 heila daga á ári 8 til 9 klukkustundir í senn með jöfnu millibili, þar af einu sinni um jól eða páska.

Áfrýjandi krefst og málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. nóvember 1992.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraði kröfðust stefndu frávísunar á þeim þætti í kröfugerð áfrýjanda, er lýtur að því, að dómstóll viðurkenni umgengni áfrýjanda við dóttur sína og hvernig henni skuli háttað.

Stefndu áfrýjuðu ekki héraðsdómi. Kemur þessi kröfugerð þeirra

því ekki til álita fyrir Hæstarétti. Eins og mál þetta er vaxið, reynir ekki á frávísun þess ex officio.

II.

Eins og greint er í hinum áfrýjaða dómi, tóku starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur fjórtán mánaða gamalt stúlkubarn og tvö eldri hálfsystkini þess af heimili móður þeirra vegna vanrækslu og óreglu hennar. Þetta var í nóvember 1983, og var faðir yngsta barnsins, áfrýjandi máls þessa, þá við störf í Noregi. Hann beitti sér fyrir því, að börnunum væru fundin góð fósturheimili, þar sem hann gat ekki annast neitt þeirra sjálfur. Að ósk áfrýjanda hafði systir hans samband við stefndu K og M og spurði þau, hvort þau gætu tekið dóttur áfrýjanda í fóstur. Þau ljáðu máls á því og hófu viðræður við starfsmenn barnaverndarnefndar um fyrirkomulag slíks fósturs. Áfrýjandi kom til Íslands um miðjan desember 1983 til fundar um þetta. Hinn 16. sama mánaðar undirritaði áfrýjandi yfirlýsingu, þar sem hann samþykkti, að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafaði börnunum í fóstur í 3 mánuði til reynslu, en með fóstur til 16 ára aldurs í huga. Setti hann það skilyrði, að umgengnisréttur sinn yrði „tryggður í nánara samkomulagi við starfsmenn Barnaverndarnefndar og væntanlegra fósturforeldra". Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ákvað 6. mars 1984 að fela stefndu K og M dóttur áfrýjanda til fósturs til reynslu. Hún var skírð í apríl sama ár og gefið nafnið I að ósk áfrýjanda. Í júní sama ár ákvað barnaverndarnefndin að fela stefndu K og M fóstur telpunnar til 16 ára aldurs. Áfrýjandi fluttist til landsins í ársbyrjun 1985, og hófust þá fljótlega deilur milli hans og fósturforeldranna vegna umgengni hans við dóttur sína.

III.

Umgengnisréttur foreldris við barn sitt eftir hjónaskilnað var lögleiddur hér á landi með setningu laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Með barnalögum nr. 9/1981 var réttur þessi látinn ná jafnt til skilgetinna og óskilgetinna barna og var orðaður þannig í 1. mgr. 40. gr. laganna:

„Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skil-

málum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við."

Í lögum hefur réttur þessi þannig verið háður því, að sérstök atvik mæli ekki gegn því, að foreldri fái rétt til umgengni við barnið, og svo er enn, sbr. 2. mgr. 37. gr. núgildandi barnalaga nr. 20/1992.

Ráðstöfun barns í fóstur er barnaverndarúrræði. Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, er giltu til 1. janúar 1993, kváðu ekki á um umgengni barns í fóstri við kynforeldra. Í máli þessu hefur komið fram, að í reynd hafi þó skapast sú vinnuregla á vegum barnaverndarnefnda, að samkomulag væri gert um, að foreldri mætti hafa samskipti við barn einu sinni til fjórum sinnum á ári. Í lögum nr. 58/1992 um vernd barna og unglinga, er gildi tóku 1. janúar 1993, er í 33. gr. ákvæði um umgengni barns í fóstri við kynforeldra. Þar er kveðið á í 3. mgr., að barnaverndarnefnd geti úrskurðað, að umgengnisréttar foreldra njóti ekki við, ef sérstök atvik valda því að mati nefndarinnar, að umgengnin sé andstæð hag og þörfum barnsins.

Ákvæði um varanlegt fóstur barns er nú í lögum nr. 58/1992. Í 1. mgr. 29. gr. laganna er fóstur barns skilgreint, og í 2. mgr. segir, að það geti verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við, að það haldist, þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum.

Með vistun barns í varanlegt fóstur til 16 ára aldurs er almennt ekki að því stefnt, að fósturbarn hverfi til foreldra sinna að nýju. Tilgangur með slíkri ráðstöfun er, að barnið fái gott uppeldi og aðbúnað hjá fósturforeldrum allt til sjálfræðisaldurs.

IV.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að áfrýjandi á rétt til umgengni við barn sitt, nema veigamiklar ástæður mæli gegn því.

Í hinum áfrýjaða dómi er ýtarlega rakið, að afskipti barnaverndaryfirvalda vegna deilu áfrýjanda og fósturforeldranna um umgengni hans við barnið hafi staðið allt frá árinu 1985. Einnig er þar greint frá því, að telpan hafi verið veikbyggð og veikluð frá fæðingu og því þurft sérstaklega gott atlæti til þess að ná eðlilegum þroska.

Sýnt er, að umgengni áfrýjanda við barn sitt hefur skapað mjög erfiðar aðstæður, sem ekki reyndist unnt að færa til betra horfs þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir barnaverndaryfirvalda. Þá er leitt í ljós, að barnið sýndi ekki beinan vilja til þess að umgangast föður sinn á þann hátt, sem hann krafðist. Leiddi þetta til mikillar spennu og erfiðleika í fjölskyldulífi barnsins á heimili fósturforeldra þess. Var því svo komið, að velja varð á milli þess, hvort ætti að vera þyngra á metum, hagsmunir barns eða föður.

Þegar þetta er virt og hafður í huga tilgangur með vistun barns í varanlegt fóstur, verður að telja, að svo veigamikil rök hafi legið til úrskurðar stefnda barnaverndarráðs, sem var vandlega undirbúinn og studdur sérfræðilegum álitsgerðum, að hann skuli vera óraskaður. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Hreins Loftssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert við ágripsgerð í málinu, að hvorki eru blaðsíður tölusettar né fylgir ágripinu efnisskrá.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Þ, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Hreins Loftssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 19. september 1991 og þingfestri 10. október 1991, af Þ, Reykjavík, á hendur Barnaverndarráði Íslands, Laugavegi 36, Reykjavík, kt. 440169-2449, K og M, báðum til heimilis á Blönduósi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Felldur verði úr gildi úrskurður Barnaverndarráðs Íslands, sem kveðinn var upp 21. ágúst 1991 í máli stefnanda, og jafnframt, að viðurkenndur verði umgengnisréttur hans við dóttur sína, I, f. .... 1982. Verði umgengni

þeirra feðgina hvort við annað háttað þannig, að I fái að heimsækja stefnanda á heimili hans án sérstaks eftirlits í fimm heila daga á ári, 8 til 9 klst. í senn, með jöfnu millibili, þar af einu sinni um jól eða páska. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda Barnaverndarráðs Íslands eru gerðar eftirfarandi kröfur: aðallega, að vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnanda, er lýtur að því, að dómstóll viðurkenni umgengni feðginanna og hvernig henni skuli háttað. Það er „og jafnframt, að viðurkenndur verði umgengnisréttur hans við dóttur sína, I, f. .... 1982", og „verði umgengni þeirra feðgina hvors við annað háttað þannig, að I fái að heimsækja stefnanda á heimili hans án sérstaks eftirlits í fimm heila daga á ári, 8 til 9 klst. í senn, með jöfnu millibili, þar af einu sinni um jól eða páska".

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnanda, enn fremur, að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er gerð sú krafa, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Af hálfu stendu K og M eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnanda, er lýtur að því, að dómstóll viðurkenni umgengni hans við dóttur sína, I, og hvernig henni skuli háttað. Það er „og jafnframt, að viðurkenndur verði umgengnisréttur hans við dóttur sína, I, f. .... 1982", og „verði umgengni þeirra feðgina hvors við annað háttað þannig, að I fái að heimsækja stefnanda á heimili hans án sértaks eftirlits í fimm heila daga á ári, 8 til 9 klst. í senn, með jöfnu millibili, þar af einu sinni um jól og páska".

Jafnframt er þess krafist, að stefndu verði sýknuð af öllum öðrum kröfum stefnanda.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að úrskurður barnaverndarráðs, sem kveðinn var upp 21. ágúst 1991, standi óhaggaður.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa stefndu úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts og að dæmdur málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum svo lýst: Á árinu 1980 hafi stefnandi tekið upp sambúð við G. Skömmu síðar hafi þau flust til Noregs, og þar hafi þeim fæðst dóttir, I, en G hafi átt fyrir tvö eldri börn. Á árinu 1983

hafi félagsmálayfirvöld í Noregi hafið afskipti af aðbúnaði barnanna vegna óreglu móður og bágra heimilisaðstæðna. Hafi þeim afskiptum lokið með því, að móðirin hafi haldið heim til Íslands með börnin, en stuttu eftir heimkomuna hafi Félagsmálastofnun Reykjavíkur hafið afskipti af börnunum enn að nýju vegna óreglu móðurinnar. Hafi svo farið, að hún hafi afsalað sér forsjá I í hendur stefnanda með samkomulagi þeirra á milli.

Hinn 16. desember 1983 hafi stefnandi undirritað svohljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður, Þ, f. ..... 1930, samþykki hér með, að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafi barni mínu, I, f. ..... 1982, og stjúpbörnum mínum, P, f. ..... 1972, og B, f. ..... 1980, í fóstur í þrjá mánuði til reynslu með fóstur til sextán ára aldurs í huga.- Samþykki mitt er bundið því skilyrði, að umgengnisréttur minn verði tryggður í nánara samkomulagi við starfsmenn barnaverndarnefndar og væntanlega fósturforeldra."

Hinn 6. mars 1984 ákvað Barnaverndarnefnd Reykjavíkur að fela stefndu K og M I til fósturs til reynslu, en síðar það ár ákvað nefndin að fela þeim fóstur stúlkunnar til sextán ára aldurs. Í ársbyrjun 1985 hafi stefnandi flust til landsins, og hafi fljótlega komið til ágreinings milli hans og stefndu K og M vegna umgengni hans við dóttur sína.

Í upphafi hafi verið gert samkomulag milli stefnanda og stefndu K og M um það, hvernig umgengninni skyldi háttað, en þegar á leið, hafi borið svo mjög á milli sjónarmiða aðila, að ekki hafi tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að ná samkomulagi þeirra á milli um tilhögun á umgengninni. Lítur stefnandi svo á, að stefndu K og M hafi allt frá upphafi verið andsnúin því, að hann hefði nokkra umgengni við dóttur sína.

Vegna þessa ágreinings hafi barnaverndaryfirvöld haft meiri og minni afskipti af málinu allt frá árinu 1985. Í aprílmánuði 1986 hafi lögmaður stefnanda farið fram á, að rift yrði þeirri ráðstöfun að koma I fyrir í fóstur hjá stefndu K og M. Vegna þessa hafi Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kveðið upp úrskurð 12. maí 1986, og hljóði úrskurðarorð hans svo: „Telpan I skal vera kyrr hjá fósturforeldrum sínum og ákvörðun nefndarinnar frá 25. júní 1984 standa óhögguð. Jafnframt ákveður nefndin, að umgengni barnsins við föður sinn skuli vera svo háttað: fimm heilir dagar á ári, 8 til 9 klst. í senn, með jöfnu millibili, þar af einn dagur um jól. Umgengni skal fara fram til skiptis á heimili fósturforeldra og heimili kynföður."

Stefnandi kveðst hafa skotið úrskurði þessum til barnaverndarráðs, og hafi ráðið staðfest úrskurð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur með úrskurði 24. júlí 1986 að öðru leyti en því, svo sem segir í úrskurðinum, „að ekki þykja efni til að kveða sérstaklega á um, hvar umgengni skuli fara fram, en ráðið telur æskilegt, að hún fari fram til skiptis á heimili fósturforeldra og heimili kynföður". Stefnandi kveður ástæðulaust að rekja í einstökum

atriðum afskipti barnaverndaryfirvalda af máli þessu hin síðustu ár, en 10. nóvember 1988 hafi verið gerð svofelld bókun á fundi barnaverndarráðs: „Barnið skal eiga umgengni við föður fjórum sinnum ár hvert, 4 klst. í senn. Umgengni skal fara fram til skiptis á heimili fósturforeldra og á heimili föður. Öll umgengni skal fara fram undir eftirliti Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Fysta umgengni eftir ákvörðun þessa fer fram á fósturheimili barnsins."

Þegar þessi ákvörðun barnaverndarráðs hafi legið fyrir, kveðst stefnandi hafa snúið sér til umboðsmanns Alþingis og kvartað yfir ákvörðunum og afskiptum barnaverndaryfirvalda af málinu. Að lokinni ýtarlegri könnun á málsatvikum hafi umboðsmaður komist að þeirri niðurstöðu, að það sjónarmið barnaverndarráðs, er fram kemur í fyrrgreindri bókun, þ. e., að I hafi ekki þörf fyrir að hitta kynföður sinn oftar en fjórum sinnum á ári, sé ólögmætt og geti ekki réttlætt þá skipan umgengnisréttar, sem mælt sé fyrir um í barnalögum nr. 9/1981 og Mannréttindasáttmála Evrópu. Hafi umboðsmaður farið fram á það, að barnaverndarráð tæki að nýju ákvörðun um umgengnisrétt stefnanda við dóttur sína, en ráðið ekki orðið við þeim tilmælum.

Hinn 21. desember 1990 hafi lögmaður stefnanda gert þá kröfu fyrir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að umgengnisréttur stefnanda við dóttur sína yrði viðurkenndur, og jafnframt, að umgengni yrði framvegis háttað þannig, að samskipti þeirra feðgina gætu verið sem eðlilegust. Hafi krafa þessi verið ítrekuð 1. febrúar 1991, þar sem það hafi verið sett sem algjört skilyrði af hálfu stefnanda, að dóttir sín fengi að heimsækja sig á heimili sínu án eftirlits af hálfu barnaverndaryfirvalda. Á fundi barnaverndarnefndar 27. febrúar 1991 hafi verið gerð bókun, og segi svo í niðurlagi hennar: „Nefndin hefur beitt öllum tiltækum úrræðum til að koma á sáttum í málinu og skapa sem eðlilegasta umgengni föður og barns. Barnaverndarnefnd telur sig skorta úrræði til að þvinga fram umgengni, enda er viðbúið, að slíkt gæti aukið enn frekar á þá spennu, sem fyrir er, og á endanum bitnað á þeim aðila, sem síst skyldi, barninu sjálfu. Vegna þessa telur barnarverndarnefnd ekki fært að hlutast til um frekari umgengni föður og dóttur að sinni."

Hinn 12. mars 1991 skaut stefnandi málinu til úrlausnar barnaverndarráðs. Ráðið hafi loks kveðið upp úrskurð í málinu 21. ágúst 1991, og sé úrskurðarorð hans svohljóðandi: „Tekin er sú ákvörðun, að I, f. ..... 1982, umgangist ekki kynföður sinn, Þ, að svo stöddu. Einnig er ákveðið, að I verði um kyrrt í fóstri hjá K og M."

Kveðst stefnandi ekki vilja una þessum úrskurði barnaverndarráðs, og hafi hann því höfðað mál þetta.

Stefnandi kveður málsástæður sínar og lagarök vera eftirfarandi: Hann

kveðst líta svo á, að hann hafi lögum skv. umgengnisrétt við dóttur sína og hún við sig. Af þeim sökum beri að fella úr gildi úrskurð barnaverndarráðs frá 21. ágúst 1991, þar sem þau feðgin séu svipt þessum rétti án lögmætra ástæðna.

Kröfur þessar kveðst stefnandi reisa í fyrsta lagi á því, að hann fari einn með forsjá dóttur sinnar skv. 37. gr. barnalaga nr. 9/1981 og hafi bundið samþykki sitt við því, að henni yrði komið fyrir í fóstri, því skilyrði, að umgengnisréttur sinn yrði tryggður. Hafi barnaverndaryfirvöld og fósturforeldrarnir, stefndu K og M, fallist á það skilyrði sitt, og hafi með því móti stofnast samningur um ótvíræðan umgengnisrétt sinn við dóttur sína. Samning þennan sé hvorki unnt að fella úr gildi né breyta nema með samþykki beggja samningsaðila.

Til stuðnings kröfum sínum kveðst stefnandi vísa í öðru lagi til 40. gr. barnalaga svo og til annarra ákvæða í VIII. kafla laganna. Í 40. gr. sé að vísu einungis mælt fyrir um umgengnisrétt foreldris, þegar barn dveljist hjá hinu foreldrinu og það fari jafnframt með forsjá þess, en sama regla hljóti með lögjöfnun að gilda um það, þegar barn sé í fóstri hjá öðrum en því foreldri, sem fer með forsjá þess. Forsjá stúlkunnar sé í höndum stefnanda, og hafi hann, sem fyrr segi, samþykkt, að henni yrði komið í fóstur. Með samþykki sínu hafi hann hvorki afsalað sér forsjá barnsins né lögmætum umgengnisrétti við það, heldur þvert á móti áskilið sér þann rétt óskoraðan.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar í þriðja lagi á 8. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Það ákvæði hafi verið skýrt svo af Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu, að í rétti til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis felist réttur foreldris til að vera samvistum við börn sín. Stjórnvöldum sé því einungis heimilt að takmarka umgengni foreldris við barn, að brýn þörf krefji. Stefnandi telji, að um engar þær ástæður hafi verið að ræða, er réttlæti slíkar takmarkanir gagnvart sér, heldur sé það andstaða stefndu K og M, sem orðið hafi til þess, að þau feðgin hafi nú verið svipt gagnkvæmum umgengnisrétti hvort við annað. Andstaða fósturforeldra sé ekki lögmæt ástæða til þess, að slíkur grundvallarréttur foreldris og barns verði afnuminn eða takmarkaður um of.

Stefnandi telur, að réttur foreldris og barns til umgengni sé einskis virði, nema tilhögun á umgengni sé með þeim hætti, að hún geti talist eðlileg. Svo þröngar skorður megi setja umgengni, að ólögmætar geti talist. Í því sambandi kveðst stefnandi vísa til álits umboðsmanns Alþingis frá 3. maí 1989, sem lýst sé hér að framan. Af þessum sökum geri stefnandi þá lágmarkskröfu, að dóttir sín fái að heimsækja sig á heimili sínu án sérstaks eftirlits í fimm heila daga á ári, 8-9 klst. í senn, með jöfnu millibili, þar

af einu sinni um jól eða páska. Þessi tilhögun á umgengni þeirra feðgina sé í samræmi við úrskurð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 12. maí 1986, sem staðfestur hafi verið í meginatriðum af barnaverndarráði 24. júlí 1986. Stefnandi kveðst telja, að hvorki hagir sínir né aðstæður dóttur sinnar hafi breyst frá því, að úrskurðir þessir voru kveðnir upp, heldur hafi andstaða fósturforeldranna komið í veg fyrir eðlilega umgengni þeirra feðgina síðustu ár.

Stefnandi vísar í 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segi, að dómendur eigi úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda. Mál þetta snúist um lögmæltan rétt og inntak þess réttar. Af þeim sökum kveðst stefnandi líta svo á, að dómstólar geti tekið til efnislegrar endurskoðunar þær ákvarðanir stjórnvalda, sem lýst sé hér að framan. Slíkt sé í samræmi við þörf einstaklingsins fyrir réttaröryggi í skiptum sínum við stjórnvöld, svo sem glöggt komi fram í þessu máli.

II.

Af hálfu stefnda barnaverndarráðs er um málavexti sérstaklega vísað til úrskurðar ráðsins frá 21. ágúst 1991 og til greinargerðar Anníar G. Haugen, dags. 24. 9. 1990.

Stefndi barnaverndarráð leggur áherslu á, að I hafi verið komið í fóstur til reynslu í þrjá mánuði hjá meðstefndu 6. mars 1984. Hinn 25. júní 1984 hafi hún síðan verið falin þeim í fóstur til sextán ára aldurs. Stefnandi hafi á þessum tíma búið í Noregi, en í febrúar 1985 hafi hann flust til Íslands. Frá þeim tíma, megi segja, að mál þetta hafi jafnan verið til meðferðar, ýmist hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur eða Barnaverndarráði Íslands. Hafi stefnandi gert kröfu um, að fóstri I yrði rift, en því hafi verið hafnað. Einnig hafi margsinnis verið fjallað um það, hvernig umgengni þeirra feðginanna skyldi háttað. Staðreyndin sé sú, að umgengnin hafi gengið illa. Hún hafi valdið spennu og kvíða, og það hafi verið mat barnaverndarráðs, að hagsmunir barnsins krefðust þess, að barnið umgengist ekki föður sinn að svo stöddu.

Að því er varðar málsástæður og lagarök, leggur stefndi barnaverndarráð áherslu á eftirfarandi atriði:

Aðallega sé gerð sú krafa, að vísað verði frá dómi þeirri kröfu stefnanda, er lúti að því, að dómstóll viðurkenni umgengni hans við dóttur sína og hvernig henni skuli háttað.

Sé frávísunarkrafan á því reist, að það eigi ekki undir dómstóla að skera úr því, hvort viðurkenna beri eða synja eigi stefnanda umgengnisréttar við dóttur sína vegna sérstakra ástæðna, er varði hann eða I, og að ákvarða inntak hans. Þetta sé ákvörðun, sem heyri undir stjórnvöld, þar sem hún fái faglega umfjöllun, og henni verði ekki skotið til dómstóla.

Eins og sóknarskjöl beri með sér, hafi margsinnis verið fjallað um umgengnismál feðginanna hjá barnaverndarnefnd og barnaverndarráði. Af hálfu stefnanda hafi aldrei verið bornar brigður á, að þau séu formlega réttir aðilar til ákvörðunar á umgengnisrétti. Ákvörðun barnaverndarnefndar megi skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar, sbr. 57. gr. laga nr. 53/1966. Sakarefni þetta sé því skilið undan lögsögu dómstóla, og beri að vísa málinu frá skv. 76. gr. laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Um málskostnað sé vísað til 108. gr. laga nr. 85/1936.

Þá sé gerð krafa um, að stefndi sé sýknaður af öðrum kröfum stefnanda og til vara af öllum kröfum stefnanda og þar með, að úrskurður barnaverndarráðs standi óhaggaður.

Í fyrsta lagi byggi stefnandi á því, að hann fari með forsjá dóttur sinnar og hafi sett skilyrði um umgengnisrétt, þegar hann samþykkti, að stúlkunni yrði komið í fóstur.

Því sé algerlega hafnað, að stefnandi fari með forsjá I. Með forsjá sé skv. 3. mgr. 35. gr. barnalaga talið, að hún feli í sér rétt og skyldur fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barns og gegna öðrum foreldraskyldum. Það séu meðstefndu, K og M, sem annist I, ali hana upp og sjái um allar þarfir hennar. Það sé ekki stefnandi málsins. Hann hafi aðeins hitt hana nokkrum sinnum á ári undanfarin ár. Því verði þess vegna ekki haldið fram, að hann hafi forsjá hennar. Enn fremur er á það bent, að skv. úrskurði Barnaverndarráðs Íslands (dskj. nr. 7) skyldi I vera áfram í fóstri hjá meðstefndu þrátt fyrir kröfu stefnanda um, að fóstrinu yrði rift. Svo verði að skilja yfirlýsingu stefnanda frá 16. desember 1983, þar sem hann samþykkir, að barninu sé ráðstafað í fóstur, að með henni hafi stefnandi afsalað sér rétti til að ráða persónulegum högum I og gegna öðrum foreldraskyldum gagnvart henni.

Þeirri fullyrðingu stefnanda, að með því að binda samþykki sitt við fóstri dóttur sinnar því skilyrði, að sér yrði tryggður umgengnisréttur og það veiti honum aukinn rétt til umgengni, er mótmælt sem rangri. Fráleitt sé að halda því fram, að unnt sé að gera skuldbindandi samning um umgengni án tillits til hagsmuna þess barns, sem í hlut eigi. Slíkt væri andstætt öllum lögum, en í öllum tilfellum eigi umfram allt að fara eftir því, sem barninu sé fyrir bestu, og gæta hagsmuna þess í hvívetna. „Samningur", sem bryti í bága við hagsmuni barnsins, geti aldrei verið gildur.

Í öðru lagi vísi stefnandi til VIII. kafla barnalaga og telji, að beita megi 40. gr. þeirra laga með lögjöfnun. Stefnandi telur, að 40. gr. barnalaga sé bundin því skilyrði, að forsjá barns sé í höndum hins foreldrisins, og þá sé því foreldri, sem hafi ekki forsjá barnsins, skylt að rækja umgengni og samneyti við barnið. Þessi grein eigi því ekki eftir orðanna hljóðan við,

þegar um er að ræða fósturforeldra annars vegar og kynforeldri hins vegar, eins og sé í þessu máli.

Telji dómstóllinn, að beita eigi þessu ákvæði með lögjöfnun, eins og stefnandi fari fram á, vill stefndi benda á, að í ákvæðinu sé talað um rétt barns til umgengni við foreldri sitt og að foreldri sé skylt að rækja umgengni við barnið. Það sé því aðallega lögð áhersla á rétt barnsins til umgengni við foreldri, ef það þjóni hagsmunum þess.

Verði litið svo á, að 40. gr. barnalaga eigi við í máli þessu, eigi takmarkanir þær, sem settar séu í þeirri grein, jafnframt við. Í greininni sé talað um, að sérstök atvik geti valdið því, að umgengnisréttar njóti ekki við. Úrskurður barnaverndarráðs sé reistur á því, að sérstök atvik eigi við, svo að umgengnisréttur sé ekki heimilaður, og sé það í samræmi við þessa tilvitnuðu grein.

Í þriðja lagi vísi stefnandi á 8. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Af þessu tilefni tekur stefndi fram, að mannréttindasáttmálinn hafi ekki hlotið lagagildi hér á landi. Enn fremur bendir hann á, að skv. mannréttindasáttmálanum sé það hagur barnsins, sem settur sé á oddinn, alveg á sama hát og gert sé í íslenskum lögum.

Eins og dómskjöl beri með sér, hafi fósturmál I og umgengni stefnanda við hana fengið mikla umfjöllun hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og barnaverndarráði allt frá árinu 1985. Hafi verið kveðnir upp úrskurðir um fóstur hennar á Blönduósi og umgengni stefnanda við hana. Úrskurður Barnaverndarráðs Íslands frá 21. ágúst 1991 hafi verið kveðinn upp að mjög vandlega athuguðu máli eftir hlutlægt mat á öllum gögnum og sjónarmiðum. Hafi barnaverndarráð farið fram á það við stefnanda, að hann upplýsti, með hvaða hætti hann teldi, að umgengni milli hans og I yrði komið á, í ljósi langvarandi ágreinings hans og meðstefndu og árangurslausra sáttatilrauna lögmanns stefnanda og starfsmanna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í svari sínu gefi stefnandi ekkert svar við efni bréfsins, heldur virðist honum finnast það eðlilegt að þvinga fram umgengni með lögregluvaldi.

III.

Af hálfu stefndu K og M er málsatvikum svo lýst: Hinn 9. nóvember 1983 hafi starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur tekið tvö stúlkubörn af heimili þeirra vegna vanrækslu og óreglu móður þeirra, G. Stefnandi í máli þessu hafi verið fyrrverandi sambýlismaður G og faðir yngri telpunnar, I, sem fædd sé ..... 1982. Hafi hann verið erlendis, er þetta var. Nokkru síðar hafi systir stefnanda, S, haft samband við stefndu K og M og spurt, hvort þau væru tilbúin að taka bróðurdóttur hennar í fóstur, en barnaverndarnefnd hafði þá tekið barnið undir sinn verndarvæng. Hafi þau

fallist á að athuga málið og hafið viðræður við starfsmenn barnaverndarnefndar. Starfsmennirnir, Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi og Björn Bjarnason félagsmálafulltrúi, hafi skýrt þeim frá því, að vinnureglur Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um umgengni kynforeldra við börn, sem komið væri í fóstur á vegum nefndarinnar, væru með þeim hætti, að um væri að ræða samskipti einu sinni til fjórum sinnum á ári, venjulega einu sinni eða tvisvar á ári. Í desember sama ár hafi verið haldinn fundur á heimili móður stefndu K með K, M og stefnanda og S, systur hans, og fleirum, þar sem m. a. hafi verið rædd umgengni stefnanda við dóttur sína, ef til fósturs kæmi. Hafi stefndu K og M þá sagt, að umgengnin skyldi fara fram eftir því, sem starfsmenn barnaverndarnefndar segðu til um. Hafi stefnandi ekki gert neinar athugasemdir við það sjónarmið. Hinn 16. desember hafi stefnandi síðan undirritað yfirlýsingu um, að hann samþykkti, að barninu væri komið í fóstur í þrjá mánuði til reynslu með fóstur til sextán ára aldurs í huga. Hafi það samþykki hans verið bundið almennt orðuðu skilyrði um, að umgengnisréttur hans yrði tryggður. Kynmóðir barnsins hafi einnig samþykkt fósturráðstöfunina. Stefnandi hafi síðan haldið af landi brott. Í mars 1984 hafi barnaverndarnefnd falið stefndu K og M telpuna í fóstur til reynslu, og í júnímánuði sama ár hafi verið gengið frá fóstri hennar til sextán ára aldurs. Telpan, sem hafi verið óskírð, er hún kom til stefndu, hafi að ósk stefnanda verið skírð I 15. 4. 1984 á heimili stefndu. Eins og fram komi í gögnum máls þessa, hafi telpan verið mjög illa á sig komin bæði andlega og líkamlega, þegar hún hafi komið til stefndu. Hafi hún verið langt á eftir jafnöldrum sínum í þroska, en tekið miklum framförum í höndum stefndu strax á fyrstu mánuðum fóstursins.

Í febrúar 1985 hafi stefnandi flust aftur til Íslands, og hafi hann þá viljað fá umgengni við dóttur sína. Virðist hann hafa talið, að umgengni sín yrði nær ótakmörkuð. Fljótlega hafi því komið upp ágreiningur milli stefnanda og stefndu K og M. Hinn 3. 3. 1985 hafi aðilar gert samkomulag fyrir milligöngu starfsmanna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirkomulag umgengninnar. Samkvæmt því skyldi stefnandi umgangast dóttur sína eitt síðdegi annan hvern mánuð á heimili stefndu að viðstöddum starfsmanni nefndarinnar. Skyldi samkomulag þetta gilda til eins til árs reynslu. Hafi stefndu staðið fyllilega við samkomulag þetta. Þannig hafi umgengni farið fram hinn 3. 3., 15. 5. og 4. 7. 1985.

Stefnandi hafi þrátt fyrir samkomulagið verið strax mjög ósáttur við það, hvernig umgengninni var háttað, og hafi hann sífellt verið að gera athugasemdir þar um. Hafi hann af þeim sökum leitað til Svölu Thorlacius hrl., sem hafi ritað barnaverndarnefnd bréf 22. 7. 1985. Hafi mál þetta síðan verið til umfjöllunar hjá nefndinni með einum eða öðrum hætti. Umgengni

hafi farið fram í samræmi við samkomulag aðila í september og nóvember 1985 og febrúar 1986. Samkomulag hafi hins vegar ekki náðst um framhald þess, og hafi málið verið lagt fyrir barnaverndarnefnd 24. 2. 1986.

Í mars 1986 hafi stefnandi hafið undirbúning við að fá fósturráðstöfuninni rift. Í þeim tilgangi hafi hann fengið G, fyrrverandi sambýliskonu sína, til að fara með sér til yfirborgardómarans í Reykjavík og ganga frá slitum á óvígðri sambúð þeirra, sem í raun hafi lokið haustið 1983. Það hafi síðan verið 3. apríl 1986, sem yfirborgardómarinn í Reykjavík staðfesti samkomulag þeirra um, að stefnandi hefði forsjá telpunnar. Hinn 12. maí sama ár hafi barnaverndarnefnd kveðið upp þann úrskurð, að telpan skyldi vera kyrr í fóstri hjá stefndu. Jafnframt hafi umgengnisréttur stefnanda verið rýmkaður nokkuð, í 8 - 9 klst. fimm sinnum á ári. Þessi úrskurður hafi verið staðfestur svo til óbreyttur af barnaverndarráði 24. 7. s. á. Ekki hafi úrskurður þessi komið til framkvæmda að sinni, þar sem stefndu hafi flust til Noregs og dvalist þar um eins árs skeið. Stefnandi hafi þó hitt dóttur sína 17. og 18. október í Noregi, 30. desember í Reykjavík, 7. mars og 24. maí 1987 í Noregi.

Stefndu hafi flust aftur til Íslands í ágúst 1987. Hafi stefnandi þegar óskað eftir umgengni við dóttur sína. Hafi Anní Haugen yfirfélagsráðgjafi gert tillögu um fyrirkomulag umgengninnar í samræmi við úrskurð barnaverndarráðs frá 1986. Hafi stefndu ekki getað fallist á þá tillögu, þar sem þau hafi talið, að það væri ekki í samræmi við hagsmuni telpunnar, að umgengnin færi fram á heimili stefnanda, en að honum væri heimilt að koma í heimsókn til hennar fimm sinnum á ári. Hann heimsótti síðan telpuna 13. ágúst og 24. október á Blönduósi. Hinn 14. desember 1987 bókaði barnaverndarnefnd á fundi sínum, að umgengnin skyldi fara fram á heimili stefndu, og skyldi það fyrirkomulag vera næstu tvö árin, en málið endurskoðað að nýju haustið 1989.

Hafi umgengnin farið fram skv. bókun þessari 29. desember 1987 og 26. mars 1988. Stefnandi hafi hins vegar ekki sætt sig við þessa niðurstöðu.

Í mars hafi Örn Clausen hrl. ritað Barnaverndarráði Íslands bréf fyrir hönd stefnanda og óskað eftir, að ráðið hefði afskipti af málinu. Hafi ráðið tekið málið til meðferðar. Í október sama ár hafi stefnandi síðan ritað ráðinu sjálfur bréf og óskað eftir að fá forsjá telpunnar. Hinn 10. nóvember 1988 hafi barnaverndarráð kveðið upp þann úrskurð, að telpan skyldi eiga umgengni við stefnanda fjórum sinnum ár hvert, 4. klst. í senn til skiptis á heimili hans og stefndu undir eftirliti Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hafi stefnandi verið mjög ósáttur við þennan úrskurð ráðsins. Hafi hann haft í hótunum við stefndu K og móður hennar, jafnframt því sem hann hafi sagt starfsmanni barnaverndarráðs, að hann hygðist flytjast norður og hefja „skæruhernað". Þegar rætt hafi verið við stefnanda um umgengni

í desember, hafi hann í fyrstu sagt, að hann vildi enga umgengni, en síðar orðið úr, að telpan hafi farið í heimsókn til hans 29. desember 1988.

Í framhaldi af þessum úrskurði barnaverndarráðs hafi Anní Haugen yfirfélagsráðgjafi gert tillögu um fyrirkomulag umgengninnar í febrúar 1989. Hafi stefndu samþykkt tillögur hennar, en stefnandi ekki fallist á þær. Hafi hann verið ósáttur við, að starfsmaður skyldi eiga að vera viðstaddur. Hafi hann m. a. hafnað umgengni um páskana af þessum sökum. Telpan hafi síðan farið í heimsókn til stefnanda 17. júní 1989 og hann komið í heimsókn á heimili hennar í október. Um jólin hafi stefnandi hafnað umgengni, þar sem hann hafi ekki viljað, að starfsmaður yrði viðstaddur. Hafi telpan þá verið komin gagngert til Reykjavíkur til að hitta hann. Hinn 14. júlí 1990 hafi stefnandi heimsótt telpuna, en síðan hafi engin umgengni verið þrátt fyrir ítrekuð boð þar um, þar sem stefnandi hafi ekki viljað una því skilyrði barnaverndarnefndar, að starfsmaður hennar væri viðstaddur.

Að því er varðar kröfu stefndu um frávísun á þeirri kröfu stefnanda, að viðurkenndur verði umgengnisréttur hans við dóttur sína, og kröfu hans um fyrirkomulag umgengninnar, benda stefndu á, að ekki sé ágreiningur í máli þessu um það, að umgengnisrétti til handa stefnanda geti verið til að dreifa. Krafan um frávísun byggist hins vegar á því, að það sé á valdi stjórnvalda, dómsmálaráðuneytis eða barnaverndaryfirvalda eftir atvikum, að skera til fullnustu úr ágreiningi um umgengni í einstökum tilvikum, þ. e., hvort skerða megi lögmæltan rétt til umgengni vegna sérstakra ástæðna eða um skilmála og fyrirkomulag umgengni í einstökum málum. Í máli þessu hafi þar til bær stjónvöld, barnaverndaryfirvöld, kveðið upp fullnaðarúrskurð um ofangreind ágreiningsefni. Með skírskotun til 67. gr. laga nr. 85/1936 beri það því ekki undir dómstóla að skera úr ágreiningi aðila um kröfur stefnanda að þessu leyti, og skuli því vísa þeim frá dómi.

Stefndu krefjast þess enn fremur, að þau verði sýknuð af öðrum kröfum stefnanda og til vara af öllum kröfum stefnanda og að úrskurður Barnaverndarráðs Íslands, dags. 21. ágúst 1991, standi þar með óbreyttur.

Að því er þetta varðar, kveða þau stefnanda reisa í fyrsta lagi kröfur sínar á því, að hann fari einn með forsjá telpunnar og hafi bundið samþykki sitt við því, að henni yrði komið í fóstur, því skilyrði, að umgengnisréttur sinn yrði tryggður.

Dóttir stefnanda, I, hafi verið tekin af heimili sínu vegna vanrækslu foreldra á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga nr. 53/1966. Á þeim tíma hafi stefnandi slitið sambúð við móður telpunnar og forsjá hennar verið í höndum móðurinnar. Ekki hafi komið til forsjársviptingar af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þar sem foreldrar hafi samþykkt, að telpunum væri komið í fóstur. Hafi barninu verið komið í fóstur, fyrst til reynslu í þrjá mánuði og síðan til sextán ára aldurs. Að gerð fóstursamn-

ingsins hafi að öllu leyti verið staðið í samræmi við lög, enda hafi lögmæti hans aldrei verið dregið í efa í máli þessu.

Þegar foreldri samþykki að koma barni sínu í fóstur, breytist réttarstaða þess gagnvart barninu í veigamiklum atriðum. Hin raunverulega forsjá færist í hendur fósturforeldra, meðan barnið dvelst hjá þeim, þ. e. hin daglega umsjón og umönnun barns. Stefnandi hafði slitið sambúð við móður telpunnar, og hafði móðirin því ein forsjá telpunnar. Hún afsalaði sér aðalinntaki forsjárinnar í hendur stefndu K og M við gerð fósturgerningsins. Jafnframt sé til þess að líta, að kröfum stefnanda um að fá umráð telpunnar hafi tvisvar verið hafnað af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur með stoð í 1. mgr. 42. gr. barnalaga og 3. mgr. 36. gr. barnalaga nr. 53/1966, og hafi barnaverndarráð staðfest þá úrskurði. Samkomulag kynforeldra um forsjá telpunnar tveimur og hálfu ári eftir, að telpunni hafi verið komið í fóstur, breyti hér engu um.

Stefndu K og M hafi tekið I í fóstur að ósk stefnanda. Í samþykki því, er hann hafi undirritað hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, hafi hann áskilið sér rétt til umgengni „í nánara samkomulagi við starfsmenn barnaverndarnefndar og væntanlega fósturforeldra". Hafi stefnandi og stefndu K og M rætt við í desember 1983, m. a. um umgengni. Hafi stefndu vísað á starfsmenn nefndarinnar. Stefnanda hafi verið gerð grein fyrir eðli fósturs og þeim vinnureglum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, er varða fóstur, og ekki síst um fyrirkomulag umgengni kynforeldra við börn. Skilyrði stefnanda sé almennt orðað og verði ekki tekið sem áskilnaður um meiri umgengni en almennt gerist við fósturbörn.

Dóttir stefnanda hafi verið mjög illa haldin, er hún kom í umsjá stefndu, bæði líkamlega og andlega, eins og fram komi í sálfræðiskýrslu Aðalsteins Sigfússonar frá 8. desember 1983. Það hafi því verið mjög mikilvægt að skapa frið og ró um barnið, svo að það mætti ná eðlilegum þroska. Hafi það fljótt tekið miklum framförum í höndum stefndu.

Þegar stefnandi hafi komið heim frá Noregi, hafi verið gert samkomulag um umgengni hans við barnið. Hafi hann haft mjög óraunhæfar hugmyndir um hana, eins og fram komi m. a. í greinargerð Aðalsteins Sigfússonar deildarsálfræðings frá 20. febrúar 1986. Hafi komist á samkomulag um umgengni sex sinnum á ári, en það sé nokkuð umfram það, sem venjulegt sé um börn í fóstri. Megi fullyrða, að sú niðurstaða hafi orðið vegna mikillar ásóknar stefnanda, en ekki vegna hagsmuna barnsins, sem aðeins hafi verið tveggja og hálfs árs, hafi lítið þekkt til stefnanda og enn ekki verið búið að ná sér eftir vanrækslu foreldra á fyrstu mánuðum ævi sinnar.

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að á hafi komist samningur milli stefnanda og barnaverndaryfirvalda um umgengni sína og þann samning sé ekki hægt að fella úr gildi né breyta nema með samþykki beggja samn-

ingsaðila. Stefndu telja þetta fráleita fullyrðingu. Á sviði barnaréttar séu hagsmunir barns ávallt hafðir í fyrirrúmi. Foreldrar geti ekki samið, hvorki sín á milli né við aðra, um málefni barna sinna, ef slíkir samningar fari í bága við hag og þarfir þeirra. Í 2. mgr. 40. gr. barnalaga segi beinlínis, að dómsmálaráðuneytið geti skipað umgengni með öðrum hætti en foreldrar hafi samið um, ef það meti umsamda skipan umgengni fara í bága við hag og þarfir barnsins.

Stefnandi reisir kröfu sína m. a. á 40. gr. barnalaga. Stefndu telja ljóst, að umgengni kynforeldris við barn, sem komið hafi verið í fóstur, falli utan gildissviðs 40. gr. barnalaga, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. 3. 1989. Umgengni kynforeldra og barna, sem komið er í fóstur af barnaverndaryfirvöldum á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga, sé að eðli máls ekki sambærileg við umgengni foreldra og barna skv. 40. gr. barnalaga. Það sé því ekki sjálfgefið, að lögjöfnun við nefnda lagagrein verði beitt í máli þessu. Raunar telji barnaverndarráð í úrskurði sínum, dags. 21. ágúst 1991, að slík lögjöfnun eigi ekki við.

Verði hins vegar talið, að lögjöfnun verði við komið, sé ljóst, að ákvæði 40. gr. í heild sinni eigi við í máli þessu. Samkvæmt orðalagi 40. gr. er þar kveðið á um rétt barns til umgengni við foreldra og skyldu foreldris til umgengni. Foreldri sé jafnframt skylt að hlíta nánari skilmálum, sem því séu sett um umgengnina vegna aðstæðna og hagsmuna barnsins.

Mál barnsins I hafi verið og sé barnaverndarmál. Barnaverndaryfirvöld og barnaverndarnefnd og Barnaverndarráð Íslands séu því þeir aðilar, sem sett geti mönnum skilmála um umgengni kynforeldra og barna í fóstri.

Hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi mótast vinnureglur um umgengni kynforeldra við börn þeirra, sem komið hafi verið í fóstur. Taki þær fyrst og fremst mið af hagsmunum barnanna, aldri þeirra og aðstæðum. Mikilvægt sé að skapa festu, ró og frið í aðstæðum fósturbarna.

Í máli þessu hafi aðilum margsinnis verið settir skilmálar um fyrirkomulag umgengni stefnanda við telpuna I. Það sé hins vegar staðreynd, að stefnandi hafi ekki viljað sætta sig við þá skilmála, sem honum hafi verið gert að hlíta. Hann hafi frá upphafi stofnað til deilna um umgengnina, þrátt fyrir það að hann hafi fengið meiri umgengni við barnið en venjulegt sé. Þegar tveimur mánuðum eftir, að hann hafi gert samkomulag við stefndu í mars 1985, hafi hann leitað til lögfræðings vegna málsins, þrátt fyrir það að samkomulagið hafi verið virt af stefndu í hvívetna. Hann hafi viljað meiri umgengni og ekki sætt sig við eftirlit starfsmanna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hann hafi hvað eftir annað hafnað umgengni vegna skilmála um viðveru starfsmanna.

Stefnandi hafi haft uppi ýmsar ásakanir í garð stefndu. Hann hafi hrellt

þau og ættingja þeirra með ýmsum hætti. Jafnframt hafi hann haft í hótunum við starfsmenn barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs.

Í samtölum við sérfræðing og starfsmenn barnaverndaryfirvalda hafi hann látið orð falla á þann veg, að hann myndi aldrei láta stefndu í friði, sama hvað yrði uppi á teningnum í málavafstri sínu. Jafnframt hafi hann hótað að flytjast til Blönduóss og jafnvel til Noregs til að búa í nálægð telpunnar og „láta þau aldrei í friði".

Stefnandi hafi ekki sýnt skilning á aðstæðum barnsins. Hann hafi haft mjög óraunhæfar hugmyndir um börn og barnauppeldi. Hann hafi fært barninu gjafir í tíma og ótíma. Gjafirnar hafi ekki alltaf tekið mið af getu eða þörfum barnsins, og hann hafi ekki haft neitt samráð við fósturforeldra um gjafir. Hann hafi þvert á móti í þessu efni gengið gegn leiðbeiningum starfsmanna barnaverndarnefndar og jafnvel fært barninu hluti, sem hann hafi vitað, að það átti fyrir. Hann hafi með loforðum um gjafir búið til væntingar hjá barninu, sem ekki hafi staðist.

Afstaða I til stefnanda hafi verið með ýmsum hætti undanfarin ár. Í greinargerðum starfsmanna og sérfræðinga í máli þessu komi fram, að hún hafi litið á stefndu K og M sem foreldra sína og fundist stefnandi trufla líf sitt og helst viljað sleppa honum út úr tilveru sinni. Telpan hafi margneitað að fara til stefnanda, og hafi stefndu þurft að tala hana til, jafnframt því sem hún hafi lýst yfir við starfsmenn, að hún vildi ekki fara í heimsókn til stefnanda né fá hann í heimsókn. Hafi andstaða barnsins við samskipti við stefnanda frekar ágerst hin síðari misseri. Af framansögðu sé ljóst, að stefnandi hafi alla tíð krafist og fengið umgengni við telpuna á eigin forsendum, en ekki á forsendum hennar.

Umfram allt beri að taka mið af hagsmunum barns, þegar ráðið sé til lykta ágreiningi um umgengni. Umgengni stefnanda við I og sú togstreita, sem risið hafi um hana, verði að teljast fara í bága við hag og þarfir telpunnar. Umgengni hennar við stefnanda hafi valdið henni miklum kvíða og spennu, eins og skjöl máls þessa vitni um, og sé umgengnin því andstæð hagsmunum hennar. Úrskurður barnaverndarráðs, dags. 21. ágúst 1991, hafi af þeirri ástæðu verið fyllilega lögmætur, og beri því að sýkna stefndu K og M af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar enn fremur á 8. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Sú grein sem og ákvæði alþjóðasamninga um réttindi barna byggist á því, að hagsmunir barns skuli fyrst og fremst hafðir að leiðarljósi við úrlausn mála. Ákvæði barnalaga og barnaverndarlaga séu því að þessu leyti í samræmi við greint samningsákvæði.

Hér megi einnig taka til skoðunar, hvort telpan I eigi ekki rétt á skv. greindu ákvæði að njóta friðhelgi á heimili fósturforeldra sinna án

afskipta af hálfu stefnanda, sem ekki taki mið af þörfum hennar og óskum.

IV.

Fyrst verður hér fjallað um þá kröfu stefnanda, að úrskurður barnaverndarráðs frá 21. ágúst 1991 verði felldur úr gildi. Úrskurðarorðið hljóðar svo:

„Tekin er sú ákvörðun, að I, f. .... 1982, umgangist ekki kynföður sinn, Þ, að svo stöddu.

Einnig er ákveðið, að I verði um kyrrt í fóstri hjá K og M."

Það verður að teljast vera meginregla samkvæmt íslenskum lögum, að foreldrar og börn, sem búa ekki saman, hafi umgengnisrétt hvert við annað. Að því er varðar barn og foreldri, sem hefur ekki forsjá þess, er þessi réttur lögfestur í 40. gr., sbr. 41. gr. barnalaga nr. 9/1981, sbr. einnig 47. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Í íslenskum lögum er ekki fjallað beint um umgengnisrétt kynforeldra við börn sín, sem eru í fóstri. Eðli málsins samkvæmt telst ofangreind meginregla einnig taka til foreldra og barna í slíkum aðstæðum. Íslendingar hafa einnig að alþjóðarétti skuldbundið sig til að tryggja íslenskum þegnum viss mannréttindi, og ber við túlkun laga að líta til slíkra sáttmála, þótt ekki hafi beint lagagildi hér á landi, sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem stefnandi vitnar til. Með vísan til ofangreinds þykir krafa stefnanda til umgengni við dóttur sína vera réttmæt. Stefndi barnaverndarráð viðurkennir lögbundinn rétt stefnanda til umgengni, sbr. hinn kærða úrskurð frá 21. ágúst 1991 og úrskurð ráðsins frá 24. júlí 1986.

Barnið I var tekið af móður tæplega fimmtán mánaða. Foreldrarnir voru ógiftir, en höfðu verið í sambúð. Er barnið var tekið af heimilinu, var faðirinn, stefnandi þessa máls, erlendis við vinnu. Var móðirin tiltölulega nýkomin til landsins með börn sín frá Noregi, en þar höfðu barnaverndaryfirvöld haft afskipti af fjölskyldunni í nokkurn tíma. Þar hafði faðirinn búið með fjölskyldunni. Barnið I var samkvæmt greinargerðum sérfræðinga mjög illa á sig komið andlega og líkamlega, þegar það var tekið af heimilinu. Móðirin var mjög óreglusöm, en telja verður ljóst, að faðirinn hafði ekki heldur valdið hlutverki sínu sem foreldri. Það er því ótvírætt, að afskipti barnaverndaryfirvalda, taka barnsins af heimilinu og ráðstöfun þess í fóstur, eru aðgerðir, sem byggðar eru á barnaverndarsjónarmiðum, einnig að því er föðurinn varðar, sbr. lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Faðirinn fékk þó að ráða miklu um val fósturforeldranna. Kynforeldrarnir samþykktu báðir fóstrið, án þess að forræðissvipting færi fram. Fósturmál heyra undir barnaverndaryfirvöld og falla undir gildissvið laga nr. 53/1966. Barnaverndarryfirvöldum er heimilt að úrskurða, að barn

skuli vera áfram í fóstri, þótt kynforeldri, sem hefur ekki verið svipt forræði, kalli eftir því að fá barnið til sín, skv. 3. mgr. 36. gr., sbr. 32. gr., 26. gr. og 13. gr. laganna. Þetta var gert í tilviki I með úrskurði Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 12. maí 1986, sem staðfestur var af Barnaverndarráði Íslands 24. júlí 1986 og með bókun Barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 27. febrúar 1991, sem staðfest var með úrskurði Barnaverndarráðs Íslands 21. ágúst 1991. Sú ákvörðun hefur ekki verið vefengd. Með vísan til þessa þykir stefnandi hvorki geta byggt á því, að hann hafi forsjá barnsins, né á meintu skilyrði sínu fyrir samþykki fóstursins. Vakin er athygli á því, að samkvæmt 13. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr. laga 53/1966 hefði síðargreind afgreiðsla barnaverndarnefndar átt að vera í formi úrskurðar.

Umgengnisréttur foreldra og barna er grundvallarréttur og verður því ekki skertur, nema mikilvægar lögbundnar ástæður séu til þess. Það er önnur grundvallarregla í íslenskum rétti, þegar fjallað er um mál, er varða börn, að hagsmunir barnsins skuli hafðir að leiðarljósi, það, hvað barninu sé fyrir bestu. Þessi regla er lögbundin í VIII. kafla barnalaga nr. 9/1981 og. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1966 og leiðir af eðli máls. Einnig á hún stoð í skýringu á ofangreindum Mannréttindasáttmála Evrópu, svo að „hagsmunir barns" kunna samkvæmt 2. mgr. 8. gr. hans að réttlæta skerðingu á rétti samkvæmt 1. mgr. 8. gr., ef árekstur er þar á milli. Niðurstaða barnaverndarráðs í hinum kærða úrskurði er reist á sama sjónarmiði. Þannig er á því byggt, að barnið I „hafi mikla þörf fyrir góðan aðbúnað, öryggi og aðhald" og að fram hafi komið, „að hún er haldin mikilli spennu og kvíða, sem virðist vera m. a. til kominn vegna langærra samskiptaörðugleika kynföður og fósturforeldra". Dómurinn telur, að vegna hagsmuna barns geti það verið lögmæt ástæða að taka fyrir umgengni foreldris við barn, vegna þess að umgengnin valdi barninu kvíða og spennu beint eða óbeint, þ. e. vegna þeirrar truflunar, sem umgengnin hefur á umhverfi barnsins. Barnaverndarráð reisir því úrskurð sinn á lögmætri ástæðu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við mat sitt hafi barnaverndarráð látið undan mótstöðu fósturforeldra og gefist upp við að koma réttmætri skipan á umgengnisréttinn. Gögn málsins sýna, svo að ekki verður um villst, að nánast frá upphafi hafa samskipti kynföður og fósturforeldra gengið illa. Þykja báðir þessir aðilar eiga sök á því og ekki hafa fullnægt þeirri skyldu sinni gagnvart barninu að sýna hvert öðru skilning og umburðarlyndi, svo að barnið mætti njóta eðlilegrar umgengni við kynföður sinn. Ekki verður hjá því komist, að mikil spenna milli þeirra, sem barni eru nákomnastir, komist til vitundar barnsins og hafi áhrif á það. Þykir réttmætt að líta umfram allt til líðanar barnsins í þessu sambandi. Gögn

málsins sýna einnig, að margir starfsmenn barnaverndaryfirvalda hafa lagt sig fram um að reyna að sætta ólík sjónarmið aðila og leiðbeina þeim, svo að umgengni mætti takast. Hefur stefnandi sjálfur hafnað slíkum sáttatilraunum og viðveru starfsmanns. Barnaverndaryfirvöld hafa sérstaka umsjónarskyldu gagnvart fósturbörnum skv. 36. gr., sbr. 29. gr. laga 53/1966. Undir hana þykir falla, eðli málsins samkvæmt, eftirlit með umgengni við fósturbörn, þar með talið að ákveða, hvort rétt sé, að starfsmaður barnaverndaryfirvalda sé viðstaddur umgengni. Þykir það ekki skerða umgengnisrétt við aðstæður eins og þær eru í þessu máli, enda forsenda viðveru þriðja manns, að hún sé barninu nauðsynleg.

Til stuðnings niðurstöðu sinni í hinum kærða úrskurði vísar barnaverndarráð til sögu málsins, sem hefst, þegar barnið er fjarlægt af heimili sínu 6. nóvember 1983. Hefur málið síðan oft komið til umfjöllunar hjá barnaverndarnefnd og barnaverndarráði. Mikið hefur verið unnið í því af hálfu barnaverndaryfirvalda og ýmsir sérfræðingar fjallað um það. Að því er gögn varðar, byggir ráðið einkum á skýrslu Sæmundar Hafsteinssonar sálfræðings frá 11. október 1988, hinni kærðu bókun barnaverndarnefndar frá 27. febrúar 1991, bréfi Helgu Þórólfsdóttur, starfsmanns Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, dagsettu 24. apríl 1990, og bréfi, dagsettu 8. ágúst 1991, varðandi símtal Guðrúnar Ernu Hreiðarsdóttur, lögfræðings barnaverndarráðs, við Valgerði Baldursdóttur barnageðlækni.

Á barnaverndarráði hvílir rannsóknarskylda, enda hefur það úrskurðarvald í barnaverndarmálum. Það þykir því ámælisvert, að úrskurðurinn skuli ekki byggður á nýrri gögnum en þar eru upp talin, sérstaklega að sálfræðirannsókn er frá árinu 1988. Sú staðreynd, að V er mágkona fósturmóður, leiðir til þess, að hlutlaus niðurstaða máls verður ekki reist á upplýsingum frá henni.

Hins vegar verður að telja upplýst með vitnayfirheyrslum og málflutningi, að málið og aðstæður aðila hafi verið barnaverndarráði vel kunnar, og höfundur ofangreindrar sálfræðiskýrslu, vitnið Sæmundur Hafsteinsson, sálfræðingur barnaverndarráðs, upplýsti dóminn um, að hann hefði fylgst með málinu, þótt hann hefði ekki gert á því sjálfstæða úttekt síðan 1988. Það var mat hans, að eins og samskipti aðila hefðu þróast, væri ekki réttlætanlegt vegna hagsmuna barnsins að halda uppi umgengni. Einnig taldi hann nauðsynlegt, að þriðji maður væri viðstaddur, ef um umgengni væri að ræða.

Það var einnig álit allra annarra þeirra sérfróðu vitna, sem fyrir dóminn komu, að barninu væri fyrir bestu, eins og málum er háttað, að tekið væri fyrir umgengni að svo stöddu.

Vitnið Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur kom að málinu síðla árs 1983 og vann að því þar til seint á árinu 1986. Taldi hann réttlætanlegt að hafa

enga umgengni, og ef umgengni yrði, væri hún undir eftirliti, hvort tveggja vegna hagsmuna barnsins.

Vitnið Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur taldi barnið þurfa frið, en mikil spenna væri samfara umgengninni, og réttlætanlegt væri að taka fyrir umgengni, ef friður fengist ekki með öðrum hætti. Hún rannsakaði barnið tvívegis 1983 og vann við málið 1989.

Vitnið Anní Haugen félagsráðgjafi, sem fylgdist með málinu frá ársbyrjun 1986 til júlí 1990, kvaðst fallast á úrskurð barnaverndarráðs. Nauðsynlegt væri, að ró yrði um barnið og það fengi staðfestingu á stöðu sinni.

Vitnið Helga Þórólfsdóttir, sem fór með málið frá sumri 1990 til sumars 1991, taldi rétt að taka fyrir umgengni.

Vitnið Hildur Sveinsdóttir, félagsráðgjafi og kennari, tók við málinu af Helgu Þórólfsdóttur haustið 1991. Lýsti hún nokkrum erfiðleikum og skapgerðareiginleikum barnsins I, sem meðal annars hefðu leitt til þess, að það hefur orðið fyrir einelti í skóla. Kvaðst hún telja, að barnið vildi „ábyggilega hafa frið í kringum sín mál". Ofangreindir erfiðleikar barnsins eru staðfestir með skýrslu Bjargar Bjarnadóttur, fulltrúa sálfræðideildar ráðgjafarþjónustu Fræðsluskrifstofu Norðurlands vestra, dags. 3. mars 1992. Skýrslan hefur verið lögð fram í dóminum. Hefur hún haft barnið í stuðningsviðtölum frá því í nóvember sl. Segir svo m. a. í niðurstöðu hennar: „Á því stigi, sem mér sýnist I standa tilfinningalega í dag, þ. e., hún er allóörugg um sjálfa sig og býr við ákveðinn höfnunarótta, tel ég nauðsynlegt, að sem allra minnst sé hróflað við ytri aðstæðum hennar. Hún verður áfram í reglulegum stuðningsviðtölum hjá mér til vors, og eru þau fyrst og fremst hugsuð sem móralskur stuðningur í því augnamiði að hjálpa henni til að upplifa sjálfa sig sem eðlilegt barn. Ekki er um eiginlega meðferð að ræða, enda tel ég, að álagið samfara henni sé of mikið að svo stöddu að viðbættu því álagi, sem hún býr við í skólanum.

Þá þarf að forðast, eins og kostur er, að telpan verði fyrir togi hinna fullorðnu um persónu hennar. Heppilegast tel ég, ef hægt yrði að ná fram ásættanlegum samningi um umgengni og að umgengni fari fram með sem eðlilegustum hætti.

Í heildina tekið má segja, að það sé mjög mikilvægt, að telpan fái skilyrði til þess að upplifa sig sem heilbrigða, eðlilega og venjulega níu ára stúlku."

Það eru mikilvægir hagsmunir barns að lifa eðlilegu fjölskyldulífi, og á það rétt á verndun þess, hvort sem um kynfjölskyldu eða fósturfjölskyldu er að ræða. Barnið hefur verið hjá fósturforeldrum sínum, frá því að það var á öðru aldursári, og er nú að verða tíu ára gamalt. Öllum gögnum málsins ber saman um, að því hafi farið vel fram, það hafi tengst vel og líði vel hjá fósturfjölskyldu sinni. Hins vegar hafi það átt í erfiðleikum vegna félagstengsla í skólanum og að deila hinna fullorðnu aðstandenda

hafi valdið spennu, sem hafi slæm áhrif á það. Öllum, sem unnið hafa að málinu og borið vitni fyrir réttinum, ber saman um, að best væri að friður yrði um barnið, svo að það gæti umgengist kynföður sinn einnig. Af framburði aðilanna Þ, K og M fyrir dóminum er ljóst, að þau hafa ekki unnið úr samskiptaörðugleikum sínum með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Úrskurður barnaverndarráðs er ótímabundinn, og má því taka málið upp að nýju, þegar efni standa til. Málsástæður stefnanda eru reistar á efnisrétti, en ekki formi.

Með vísan til framangreindra forsendna er ekki fallist á kröfu stefnanda um að fella úr gildi úrskurð barnaverndarráðs frá 21. ágúst 1991, og skulu stefndu vera sýkn af þeirri kröfu stefnanda.

Að fenginni þessari niðurstöðu þykja ekki efni til að fjalla um aðrar kröfur, sem gerðar hafa verið í máli þessu.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn málskostnað.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs talsmanna stefnanda, Eiríks Tómassonar hrl., sem ákveðst 175.000 krónur.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Barnaverndarráð Íslands, K og M, skulu vera sýkn af þeirri kröfu stefnanda, Þ, að felldur verði úr gildi úrskurður barnaverndarráðs, sem kveðinn var upp 21. ágúst 1991 í máli stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Eiríks Tómassonar hrl., 175.000 krónur.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 423/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rúnari Geir Gunnarssyni og
Ingvari Björgvin Hilmarssyni
(Örn Clausen hrl.).

Þjófnaður. Refsiákvörðun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1992 að ósk ákærðu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Meðákærðu, X og Y, hafa ákveðið að una dómi héraðsdóms.

Í héraðsdómi er réttilega frá því greint, að með broti því, sem fjallað er um í máli þessu, rufu báðir ákærðu skilorð dóms 25. nóvember 1991. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða refsingu hvors hinna ákærðu í einu lagi fyrir brot þeirra í því máli og því, er hér um ræðir. Dómur 20. desember 1991 var eigi birtur fyrir ákærða Rúnari Geir fyrr en 26. maí 1992, eftir að brot það, er hér um ræðir, var framið. Ber að ákveða honum refsingu fyrir brot í máli þessu með tilvísun til 78. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir þó að staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms, að því er ákærðu varðar. Ákærðu hafa ekki áður gerst sekir um auðgunarbrot, og þeir eru enn ungir að árum. Rétt er því með hliðsjón af málavöxtum að fresta fullnustu refsingar þeirra, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að fullnustu refsingar ákærðu, Rúnars Geirs Gunnars-

sonar og Ingvars Björgvins Hilmarssonar, er frestað, og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 29. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 135/1992: Ákæruvaldið gegn X, Rúnari Geir Gunnarssyni, Y og Ingvari Björgvin Hilmarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. október sl., gegn ákærðu, X [...], Rúnari Geir Gunnarssyni, Nesbala 46, fæddum 13. október 1973, fæðingarnúmer 397, Y [...], öllum til heimilis á Seltjarnarnesi, og Ingvari Björgvin Hilmarssyni, Langholtsvegi 10, Reykjavík, fæddum 3. júlí 1973, fæðingarnúmer 357, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 27. mars 1992 brotist í félagi inn í söluturn við Hagamel 67, Reykjavík, og stolið 99 vindlingapökkum, 5 langlokum, sælgæti og 3 pilsnerdósum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar".

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærðu telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um það brot, sem þeim er að sök gefið í ákæru og þar er réttilega fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærða Rúnars Geirs:

Hinn 21. mars 1991 gekkst hann undir dómsátt vegna ölvunar við akstur. Þá hlaut hann tvo refsidóma á árinu 1991, hinn fyrri 25. nóvember, 45 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en hinn síðari 20. desember, 30 daga varðhald,

skilorðsbundið í tvö ár, auk ökuleyfissviptingar og 45.000 kr. sektar, fyrir nytjastuld og ölvun og réttindaleysi við akstur.

— — —

Ákærða Ingvars Björgvins:

Frá árinu 1989 hefur hann gengist undir sjö dómsáttir, þar af fimm fyrir umferðarlagabrot, en tvær fyrir áfengislagabrot. Þá var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum árið 1990 vegna eignaspjalla og nytjastuldar. Hinn 25. nóvember sl. var hann dæmdur í 45 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Rúnar Geir rofið skilorð dómanna frá 25. nóvember og 20. desember sl., en dómara í síðara málinu hefur bersýnilega ekki verið kunnugt um fyrri dóminn og því ekki dæmt hann með dómi sínum. Ber nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómum, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Ingvar Björgvin rofið skilorð dómsins frá 25. nóvember sl. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot það, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði X sæti 45 daga fangelsi.

Ákærði Rúnar Geir Gunnarsson sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði Y sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Ingvar Björgvin Hilmarsson sæti tveggja mánaða fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu X og Y, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 442/1990. **Bryndís Friðþjófsdóttir**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Ásgeiri Þór Árnasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Áskorunarmál. Skuldabréf. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar á grundvelli þágildandi 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hún þær dómkröfur, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu á bæjarþingi Reykjavíkur 13. október 1989 verði felld úr gildi og hún sýknuð af kröfum stefnda í málinu. Þá verði hin áfrýjaða fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 17. nóvember 1989 úr gildi felld. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á hinni áfrýjuðu áritun og hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Hinn 28. ágúst 1989 gaf Ásgeir Þór Árnason héraðsdómslögmaður, stefndi í máli þessu, út áskorunarstefnu og gerði kunnugt, að „félagið" þyrfti að höfða mál á hendur Pétri Sigurðssyni, kt. „31071-4349", Bryndísi Friðgeirsdóttur, kt. 260346-2619, og Maríu Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 031265-3129, öllum til heimilis að Unufelli 20 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð 229.768 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. júlí 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar. Væri skuld þessi samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 11. maí 1989 af stefnda Pétri Sigurðssyni til handhafa, að fjárhæð 220.000 krónur, en stefnandi hefði eignast það „fyrir eyðuframsal". Skuldina hefði átt að greiða með 18 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. júlí 1989, og bera hæstu vexti, sem heimilt væri að taka af sambærilegum skuldabréfum á hverjum tíma, upphaflega 27,6%

ársvexti. Næmi stefnufjárhæðin höfuðstól bréfsins að viðbættum samningsvöxtum til fyrsta gjalddaga. Stefndu Bryndís Friðgeirsdóttir og María J. Sigurðardóttir hefðu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni með áritun á skuldabréfið. Vegna vanskila væri skuldin öll í gjalddaga fallin frá og með fyrsta gjalddaganum samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og málsókn óhjákvæmileg. Bæri að reka málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði í samræmi við áskilnað í bréfinu. Stefnuna undirritaði lögmaðurinn sjálfur „f. h. stefnanda".

Samkvæmt vottorði stefnuvotta Reykjavíkur var stefna þessi birt 6. september 1989 að Unufelli 20 fyrir Bryndísi Friðgeirsdóttur vegna hennar sjálfrar og þeirra Péturs og Maríu. Málið var síðan þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. október 1989, eins og boðað var í stefnunni. Enginn hinna stefndu sótti þing, og var málið tekið til áritunar. Lauk málinu með því hinn 13. sama mánaðar, að Bergþór Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 36.400,- í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

Umrætt skuldabréf var lagt fram við þingfestinguna. Er það ritað á prentað form, án þess að tilgreint sé í viðeigandi línu, hver teljist skuldareigandi, þ. e. nafngreindur aðili eða handhafi. Þá er og eyða, þar sem ráðgerð er tilgreining þess, hver sé upphaflegur vaxtafótur hinna breytilegu vaxta, sem lýst er í prentuðum texta bréfsins. Á bréfinu má greina nafn áfrýjanda handritað á tveimur stöðum, innan meginmálsins og undir ábyrgðaryfirlýsingu neðanmáls, og er nafnnúmer hennar einnig ritað á fyrri staðnum. Á föðurnafninu er skriftin ógreinileg, en nafnið Friðgeirsdóttir verður þó ekki úr henni lesið. Ekkert framsal er ritað á bréfið.

Að beiðni stefnda var 17. nóvember 1989 í fógetarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af fulltrúa yfirborgarfógeta í skrifstofu hans, gert fjárnám til lúkningar stefnukröfunum í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Unufelli 20 í Reykjavík. Samkvæmt bókun um gerðina var Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður mættur þar fyrir hönd

áfrýjanda og kvaðst ekki greiða skuldina. Var fjárnámið talið gert eftir ábendingu hans.

Fram er komið, að fyrrnefndur Pétur Sigurðsson er uppeldissonur áfrýjanda og að María J. Sigurðardóttir er dóttir hennar. Áttu þau öll heimili að Unufelli 20. Áfrýjandi mótmælir því ekki, að við sig sé átt með nafninu Bryndís Friðgeirsdóttir í áskorunarstefnunni og í vottorði um birtingu hennar. Kveður hún útivist sína í málinu stafa af vanþekkingu á réttarfari. Á hinn bóginn kveðst hún hafa haft samband við stefnda á þessum tíma og tjáð honum þann annmarka á skuldabréfinu, sem um ræðir hér á eftir. Þá frásögn hennar hefur hann ekki staðfest.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram er lögð hér fyrir dómi, kom áfrýjandi þangað 5. júlí 1990 og skýrði frá því, að nafn sitt og Maríu, dóttur sinnar, á fyrrgreindu skuldabréfi væru rituð í heimildarleysi. Hefði sonur sinn, útgefandi bréfsins, sjálfur falsað nöfnin og viðurkennt það fyrir sér, þegar henni barst tilkynning um vanskil á bréfinu og síðar erindi frá lögmönnum þeirra vegna haustið 1989. Sagði hún einnig, að reynt hefði verið án árangurs að ná samkomulagi við lögmennina um greiðslu á bréfinu. Hinn 18. september 1990 gekkst Pétur Sigurðsson við því fyrir rannsóknarlögreglunni að hafa ritað skuldabréfið og falsað á það nöfn mæðgnanna sem ábyrgðarmanna, en síðar fengið tvo kunningja sína til að rita á það sem vitundarvotta. Kvaðst hann jafnframt ekkert hafa greitt af skuldinni, en bréfið hefði hann notað til bifreiðarkaupa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1991 á grundvelli ákæruskjals ríkissaksóknara 14. janúar 1991 var það staðfest, að Pétur hefði orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu atferli og honum dæmd refsing fyrir.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að nafn sitt sé falsað með fyrrgreindum hætti á skuldabréfinu, sem er grundvöllur að málshöfðun stefnda gegn henni.

Stefndi andmælir því ekki, að fölsun á skuldabréfinu hafi átt sér stað, en telur mótbáru áfrýjanda þess vegna vera of seint fram komna, og séu ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973, að hún verði höfð uppi hér fyrir dómi. Sjálfur hafi hann ekki fengið vitneskju um þessa mótbáru fyrr en við áfrýjun málsins,

þegar komið var að nauðungarsölu á hinni fjárnumdu fasteign áfrýjanda. Hafi áfrýjandi með aðgerðaleysi sínu firrt sig heimild til að bera fölsunina fram sem sýknuástæðu.

Fölsunarmótbáru verður við komið í máli sem þessu, sbr. c-lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 og nú 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telja verður, að það ylli áfrýjanda verulegum réttarspjöllum, ef ekki yrði heimilað að taka mótbáru hennar til úrlausnar fyrir Hæstarétti, eins og hún hefur leitað eftir. Að virtum öllum atvikum þykja ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 ekki standa því í vegi, að vörn þessi komist hér að.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, verður að leggja til grundvallar í málinu, að nafn áfrýjanda hafi verið falsað á skuldabréf það, sem málsóknin er á reist. Ber því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er áfrýjanda varðar, og sýkna hana af kröfum stefnda í málinu. Eftir þeim úrslitum ber einnig að fella úr gildi fjárnámsgerð þá, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur á grundvelli áritunarinnar.

Samkvæmt 231. gr. laga nr. 85/1936 bar héraðsdómara að gæta þess, er hann tók áskorunarstefnu stefnda til áritunar, að málatilbúnaði hans væri í engu áfátt, sbr. og 2. mgr. 118. gr. laganna. Eins og stefnan var orðuð, varð ekki af henni ráðið, hver væri stefnandi málsins. Þá var atvikalýsing í stefnunni ekki að öllu leyti í samræmi við skuldabréfið, sem á var byggt. Meðal annars mátti sjá, að nafnið „Bryndís Friðgeirsdóttir" væri ekki að finna á skjalinu, og á því var ekki framsal með þeim hætti, er um gat í stefnunni. Hefði dómarinn átt að hafna áritun á stefnuna án nánari skýringa eða vísa henni frá dómi. Áfrýjandi hefur bent á þessa annmarka, en gerir ekki kröfur vegna þeirra.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bryndís Friðþjófsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs Þórs Árnasonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 287/1991. **María J. Sigurðardóttir**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Ásgeiri Þór Árnasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Áskorunarmál. Skuldabréf. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní sama ár á grundvelli þágildandi 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hún þær dómkröfur, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu á bæjarþingi Reykjavíkur 13. október 1989 verði felld úr gildi og hún sýknuð af kröfum stefnda í málinu. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á hinni áfrýjuðu áritun og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Hinn 28. ágúst 1989 gaf Ásgeir Þór Árnason héraðsdómslögmaður, stefndi í máli þessu, út áskorunarstefnu og gerði kunnugt, að „félagið" þyrfti að höfða mál á hendur Pétri Sigurðssyni, kt. „31071-4349", Bryndísi Friðgeirsdóttur, kt. 260346-2619, og Maríu Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 031265-3129, öllum til heimilis að Unufelli 20 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð 229.768 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. júlí 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar. Væri skuld þessi samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 11. maí 1989 af stefnda Pétri Sigurðssyni til handhafa, að fjárhæð 220.000 krónur, en stefnandi hefði eignast það „fyrir eyðuframsal". Skuldina hefði átt að greiða með 18 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. júlí 1989, og bera hæstu vexti, sem heimilt væri að taka af sambærilegum skuldabréfum á hverjum tíma, upphaflega 27,6% ársvexti. Næmi stefnufjárhæðin höfuðstól bréfsins að viðbættum samningsvöxtum til fyrsta gjalddaga. Stefndu Bryndís Friðgeirs-

dóttir og María J. Sigurðardóttir hefðu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni með áritun á skuldabréfið. Vegna vanskila væri skuldin öll í gjalddaga fallin frá og með fyrsta gjalddaganum samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og málsókn óhjákvæmileg. Bæri að reka málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði í samræmi við áskilnað í bréfinu. Stefnuna undirritaði lögmaðurinn sjálfur „f. h. stefnanda".

Samkvæmt vottorði stefnuvotta Reykjavíkur var stefna þessi birt 6. september 1989 að Unufelli 20 fyrir Bryndísi Friðgeirsdóttur vegna hennar sjálfrar og þeirra Péturs og Maríu. Málið var síðan þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. október 1989, eins og boðað var í stefnunni. Enginn hinna stefndu sótti þing, og var málið tekið til áritunar. Lauk málinu með því hinn 13. sama mánaðar, að Bergþór Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 36.400,- í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknast frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

Umrætt skuldabréf var lagt fram við þingfestinguna. Er það ritað á prentað form, án þess að tilgreint sé í viðeigandi línu, hver teljist skuldareigandi, þ. e. nafngreindur aðili eða handhafi. Þá er og eyða, þar sem ráðgerð er tilgreining þess, hver sé upphaflegur vaxtafótur hinna breytilegu vaxta, sem lýst er í prentuðum texta bréfsins. Á bréfinu er nafn áfrýjanda handritað á tveimur stöðum, innan meginmálsins og undir ábyrgðaryfirlýsingu neðanmáls, og er nafnnúmer hennar einnig ritað á fyrri staðnum. Eins er um hinn ábyrgðarmanninn, en úr skriftinni á nafni hennar verður þó ekki lesið, að hún sé Friðgeirsdóttir. Ekkert framsal er ritað á bréfið.

Fram er komið, að fyrrnefndur Pétur Sigurðsson er uppeldisbróðir áfrýjanda og að Bryndís Friðgeirsdóttir, sem einnig var nefnd til í stefnunni, er móðir hennar og heitir Bryndís Friðþjófsdóttir réttu nafni. Áttu þau öll heimili að Unufelli 20. Áfrýjandi kveður móður sína hafa haft samband við stefnda vegna málsins, áður en til áfrýjunar kom, en sjálf hafi hún ekki gert það.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram er lögð hér fyrir dómi, kom móðir áfrýjanda þangað 5. júlí 1990 og skýrði

frá því, að nöfn þeirra Maríu á fyrrgreindu skuldabréfi væru rituð í heimildarleysi. Hefði sonur sinn, útgefandi bréfsins, sjálfur falsað nöfnin og viðurkennt það fyrir sér haustið 1989. Hinn 18. september 1990 gekkst Pétur Sigurðsson við því fyrir rannsóknarlögreglunni að hafa ritað skuldabréfið og falsað á það nöfn mæðgnanna sem ábyrgðarmanna, en síðar fengið tvo kunningja sína til að rita á það sem vitundarvotta. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1991 á grundvelli ákæruskjals ríkissaksóknara 14. janúar 1991 var það staðfest, að Pétur hefði orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu atferli og honum dæmd refsing fyrir.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að nafn sitt sé falsað með fyrrgreindum hætti á skuldabréfinu, sem er grundvöllur að málshöfðun stefnda gegn henni.

Stefndi andmælir því ekki, að fölsun á skuldabréfinu hafi átt sér stað, en telur mótbáru áfrýjanda þess vegna vera of seint fram komna, og séu ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973, að hún verði höfð uppi hér fyrir dómi. Sjálfur hafi hann ekki fengið vitneskju um þessa mótbáru fyrr en við áfrýjun málsins. Hafi áfrýjandi með aðgerðaleysi sínu firrt sig heimild til að bera fölsunina fram sem sýknuástæðu.

Fölsunarmótbáru verður við komið í máli sem þessu, sbr. c-lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 og nú 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telja verður, að það ylli áfrýjanda verulegum réttarspjöllum, ef ekki yrði heimilað að taka mótbáru hennar til úrlausnar fyrir Hæstarétti, eins og hún hefur leitað eftir. Að virtum öllum atvikum þykja ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 ekki standa því í vegi, að vörn þessi komist hér að.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, verður að leggja til grundvallar í málinu, að nafn áfrýjanda hafi verið falsað á skuldabréf það, sem málsóknin er á reist. Ber því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er áfrýjanda varðar, og sýkna hana af kröfum stefnda í málinu.

Samkvæmt 231. gr. laga nr. 85/1936 bar héraðsdómara að gæta þess, er hann tók áskorunarstefnu stefnda til áritunar, að málatilbúnaði hans væri í engu áfátt, sbr. og 2. mgr. 118. gr. laganna. Eins og stefnan var orðuð, varð ekki af henni ráðið, hver væri stefn-

andi málsins. Þá var atvikalýsing í stefnunni ekki að öllu leyti í samræmi við skuldabréfið, sem á var byggt. Meðal annars mátti sjá, að nafnið „Bryndís Friðgeirsdóttir“ væri ekki að finna á skjalinu, og á því var ekki framsal með þeim hætti, er um gat í stefnunni. Hefði dómarinn átt að hafna áritun á stefnuna án nánari skýringa eða vísa henni frá dómi. Áfrýjandi hefur bent á þessa annmarka, en gerir ekki kröfur vegna þeirra.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, María J. Sigurðardóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs Þórs Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 135/1990. **Íslandsbanki hf.**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.).

Skattar. Sölugjald. Bankar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Frá 1. janúar 1990 breyttist heiti áfrýjanda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. mars 1990 með vísan til 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þar sem hann hafði áður áfrýjað því með stefnu 1. febrúar sama ár, en málið fallið niður 2. næsta mánaðar, vegna þess að áfrýjandi sótti ekki þing.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að viðurkennt verði, að skattskylda áfrýjanda samkvæmt lögum nr. 1/1988 um breyting á lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum sé ekki fyrir hendi frá 20. febrúar 1989 til 24. nóvember 1989. Þá er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að viðurkennd verði gjaldskylda áfrýjanda á söluskatti af innheimtuþóknun lögfræðideildar hans eftir gildistöku laga nr. 1/1988. Í báðum tilvikum verði áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um álagningu sérstaks söluskatts vegna þeirrar skuldheimtuvinnu lögfræðinga í starfi hjá áfrýjanda, er orðið gat bankanum tekjustofn vegna innheimtuþóknunar og málskostnaðar, sem skuldunautum væri gert að greiða. Líta verður á þessa starfsemi sem þjónustu við bankann sjálfan, og ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt varðandi undanþágu fyrir þjónustu banka og sparisjóða leiddu ekki ein til þess, að starfsemin hlyti að vera skattfrjáls. Ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 um eigin þjónustu eða starfsemi innan fyrirtækis, sem á komust með 1. gr. laga nr. 35/1986, miðuðu við það að meginstefnu, að um skattlagningu hennar færi eftir nánari reglum, er ráðherra setti, eins og gert var með reglugerð nr. 239/1987 um þetta efni, sem sett var, áður en lögfræðiþjónusta varð söluskattsskyld. Við hina umdeildu álagningu var þessu ekki fylgt, heldur fór hún fram, án þess að áður væri efnt til nýrrar eða breyttrar reglugerðar eða annarrar útgáfu almennra reglna um þetta starfssvið. Í ljósi þessa voru það eðlileg viðbrögð af hálfu áfrýjanda að vefengja skattskyldu starfseminnar. Á hinn bóginn verður ekki á það fallist, að umrædd starfsaðferð hafi verið óhjákvæmileg forsenda þess, að skattskylda kæmist á. Má þar meðal annars líta til þess, að umrædd ákvæði 3. mgr. 2. gr. fólu í sér áréttingu á eldri ákvæðum laganna um skattskyldu innri þjónustu og að áfrýjandi hafði sjálfur lagt til nothæfa afmörkun á umfangi skattskyldrar starfsemi sinnar með því að nýta vinnu lögfræðinganna sem tekjustofn.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 30. maí 1989.

Stefnandi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 140543-7349, Reykjavík.

Stefndi er Iðnaðarbanki Íslands hf., kt. 650169-3019, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennd verði með dómi gjaldskylda stefnda af innheimtuþóknun lögfræðideildar hans samkvæmt 2. tl. 11. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1987 fyrir september 1987 og felldur úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar nr. 91/1989 í kærumáli stefnda og honum gert að greiða ríkissjóði sölugjald fyrir septembermánuð 1987, svo sem skattstjóri ákvað það, 63.637 kr., auk álags, 12.727 kr., samtals 76.364 kr., að viðbættum dráttarvöxtum af 63.637 kr. frá 16. nóvember 1987 til greiðsludags, eins og þeir eru á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987.

Þá er enn fremur gerð krafa um viðurkenningu dómsins á gjaldskyldu stefnda af ofangreindri tekjutegund eftir gildistöku laga nr. 1/1988.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Til vara er þess krafist, að skattskylda stefnda samkvæmt lögum nr. 1/1988 sé ekki fyrir hendi frá 20. febrúar 1989 til þess dags, er kveðinn er upp dómur um skattskyldu stefnda í máli þessu, verði krafa hans um skattskyldu stefnda tekin til greina. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 12% sérstökum söluskatti skv. 18. gr. laga nr. 10/1960, sbr. lög nr. 1/1988, og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

I.

Málavextir eru þeir, að 10. júlí 1987 voru sett bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum nr. 68/1987. Í þeim var lögfest ákvæði um innheimtu sérstaks söluskatts í ríkissjóð, sem m. a. tók til lögfræðiþjónustu, sbr. 2. tl. 11. gr. Kom ákvæðið fyrst til framkvæmda 1. september, og bar gjaldendum þá að tilkynna starfsemi sína fyrir 20. ágúst 1987.

Hinn 28. ágúst 1987 tilkynnti stefndi, að lögfræðisvið bankans hefði með höndum „lögfræðiinnheimtustarfsemi" fyrir bankann, tilgreindi forstöðumann deildarinnar og gerði fyrirvara um, að starfsemin væri söluskattsskyld.

Stefnda var síðan sent áritað eintak af söluskttsskýrslu til útfyllingar. Var hún endursend með bréfi 22. 10. 1987, þar sem tilkynnt var, að bankinn hefði látið fara fram athugun á söluskattsskyldu sinni og niðurstaðan orðið sú, að bankinn hefði enga söluskattsskylda starfsemi með höndum.

Hinn 12. nóvember 1987 tilkynnti skattstjóri, að hann hefði lagt sérstakan söluskatt á bankann. Álagningin var kærð til skattstjóra með bréfi, dags. 1. des. 1987. Með úrskurði skattstjóra, dags. 14. apríl 1988, var kröfu kæranda hafnað og hin kærða álagning látin standa óhögguð.

Þessi úrskurður var síðan kærður til ríkisskattanefndar 29. apríl 1988, og var vísað til kæru til skattstjóra. Úrskurður ríkisskattanefndar gekk síðan 20. febrúar 1989, en þar var fallist á kröfu kæranda og álagður sérstakur söluskattur fyrir september 1987 felldur niður. Í forsendum úrskurðarins segir: „Kærandi starfar á grundvelli laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er hlutverki viðskiptabanka lýst svo, að þeir hafi á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er skilgreind í IV. kafla sömu laga, og er þeim önnur starfsemi óheimil. Starfsemi banka er undanþegin söluskatti, sbr. 11. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum, sbr. nú 13. tl. B-liðar 1. mgr. 6. gr. laganna eftir þá breytingu, sem gerð var á þeim með lögum nr. 1/1988. Eigi verður séð, að af þessari starfsemi bankanna skuli greiða hinn sérstaka söluskatt, sem um ræðir í II. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum, sbr. lög nr. 1/1988. Fyrrnefndu lögin gilda um það tímabil, sem um ræðir í máli þessu, þó að meðal starfsmanna banka séu löglærðir einstaklingar. Með vísan til framanritaðs er fallist á kröfu kæranda í máli þessu."

Þar sem stefnandi hefur ekki viljað una niðurstöðu þessa úrskurðar, hefur hann höfðað mál þetta.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefnda beri að innheimta og skila hinum sérstaka söluskatti af endurgjaldi fyrir innheimtustarfsemi á eigin vanskilaskuldum, sem hann hafi með höndum, og öðru endurgjaldi frá þriðja manni fyrir lögfræðistörf. Mál þetta snúist um ytri viðskipti bankans, þ. e. gjaldskyldu þessarar þóknunar. Spurningin um hugsanlega gjaldskyldu bankans af reiknaðri þjónustu lögfræðideildar fyrir aðrar deildir hans sé hér ekki til meðferðar, þ. e. innri þjónusta lögfræðideildarinnar.

Í Iðnaðarbankanum sé sérstök deild, lögfræðisvið, sem sé mönnuð lögfræðingum undir stjórn héraðsdómslögmanns. Greind deild hafi ofangreinda starfsemi með höndum. Við innheimtu á vanskilaskuldum í eigu bankans sé tekin þóknun eftir lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Með setningu bráðabirgðalaganna nr. 68/1987, 10. gr., hafi verið lagður sérstakur söluskattur á endurgjald fyrir hvers konar starfsemi eða þjónustu, sem um ræði í 2. tl. 11. gr. s. l., en þar sé tilgreind þjónusta lögfræðinga.

Með stoð í 14. gr. bráðabirgðalaganna var sett reglugerð nr. 337/1987 um sérstakan söluskatt.

Samkvæmt 8. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 hafi lögfræðistörf verið undanþegin söluskatti, og samkvæmt 11. tl. 7. gr. sömu laga hafi þjónusta banka verið undanþegin söluskatti. Með ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 68/1987 um skattskyldu lögfræðiþjónustu hafi hins vegar verið sett ný sérregla gagnvart almennu reglunum um gjaldfrelsi og ákvæði 8. tl. 7. gr. í raun fellt úr gildi, enda þótt það væri ekki gert formlega fyrr en með lögum nr. 1/1988. Efnislega feli umrætt ákvæði bráðabirgðalaganna í sér sérreglu þess efnis að gera ákveðna tegund tekna gjaldskylda og gangi því framar almenna ákvæðinu um gjaldfrelsi banka, auk þess sem það sé yngra.

Við innheimtuna hjá stefnda sé lagt á skuldara að greiða þóknun af innheimtunni skv. gjaldskrá lögmannafélagsins. Sé þessu á sama veg farið og hjá þeim sjálfstætt starfandi lögmönnum, sem hafi innheimtustarfsemi með höndum. Þeim lögmönnum beri að innheimta og skila hinum sérstaka söluskatti vegna innheimtu sinnar. Einnig séu það a. m. k. tveir bankar, sem annist ekki sjálfir um innheimtu sína, heldur feli hana sjálfstætt starfandi lögmönnum. Þeir lögmenn skili sérstökum söluskatti af innheimtulaunum vegna krafna, sem þeir innheimta fyrir bankana. Því sé með öllu óeðlilegt, að það skipti skuldara máli, í hvaða banka hann lendi í vanskilum, þ. e., það sé hagstæðara fyrir hann að lenda í vanskilum við stefnda en t. d. Alþýðubankann. Jafnréttissjónarmið hljóti að leiða til þess, að í báðum tilvikum skuli sama regla gilda.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi sé söluskattsskyldur á grundvelli 3. mgr. 2. gr. l. nr. 10/1960, þar sem um skattskylda eigin þjónustu sé að ræða.

Þá kveður stefnandi, að krafan um viðurkenningu á gjaldskyldu bankans eftir gildistöku laga nr. 1/1988 sé gerð ex tuto, ef svo ólíklega fari, að talið verði, að ákvæði bráðabirgðalaganna hnekkti ekki ákvæðinu í 8. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960, sem ekki hafi verið fellt niður fyrr en með lögum nr. 1/1988.

Loks kveður stefnandi, að krafan um málskostnað sé reist á ákvæðum laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Í aðalkröfu eru málsástæður og lagarök stefnda þau, að skv. 11. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. nú 13. tl. B-liðar 6. gr. laganna og 14. gr. reglugerðar nr. 486/1982, sé þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana svo og verðbréfamiðlun undanþegin söluskatti. Innheimta eigin vanskilaskulda sé einn af eðlilegum og sjálfsögðum þáttum

í rekstri banka eins og annarra fyrirtækja, og sé hann ekki undanskilinn í undanþáguákvæði laganna, sem nauðsynlegt hefði verið, hefði verið ætlunin að skattleggja hann sérstaklega. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að niðurfelling 8. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 með lögum nr. 1/1988 eða setning bráðabirgðalaga nr. 60/1987 hafi það í för með sér, að skattleggja beri lögfræðistörf í bönkum. Ofangreind undanþáguákvæði um starfsemi banka verði ekki afnumin að einhverju eða öllu leyti nema með lögum skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar og á skýran og ótvíræðan hátt. Vísar stefndi í þessu sambandi til Hrd. XXIII, 572.

Þá telur stefndi, að stefnandi byggi á því, að skattskylda stefnda stafi af ytri viðskiptum bankans, en ekki gjaldskyldu bankans af innri þjónustu lögfræðideildar hans. Sé málsástæða þessi væntanlega studd því áliti fjármálaráðuneytisins, að með þjónustu lögfræðinga sé fyrst og fremst átt við þá þjónustu, sem þessir aðilar selji út til annarra í atvinnuskyni. Ljóst sé, að málsástæða þessi standist ekki í þessu máli. Hvorki starfsmenn lögfræðideildar né bankinn selji út lögfræðiþjónustu í atvinnuskyni. Lögfræðideildin starfi fyrir bankann eins og aðrar deildir hans, en ekki fyrir þriðja mann, og geti því bankinn aðeins orðið skattskyldur af störfum þessum á grundvelli skattskyldu eigin þjónustu.

Lögmenn, sem taki að sér innheimtu og málflutning, eigi í því sambandi kröfu til þóknunar úr hendi umbjóðanda síns. Heimild lögfræðinga stefnda til reksturs innheimtumála fyrir stefnda sé skv. 21. gr. l. nr. 61/1942. Eigi ákvörðun um upphæð innheimtuþóknunar og málskostnaðar til stefnda að hvíla á öðrum grundvelli lögum samkvæmt en til aðila, sem hafi fengið lögmenn til að annast rekstur mála sinna, þó að vera megi, að oftast sé stuðst við gjaldskrá LMFÍ. Samkvæmt XII. kafla l. nr. 85/1936 geti kröfueigandi, í þessu tilviki stefndi, átt rétt á að fá kostnað sinn greiddan að öllu eða einhverju leyti skv. lögunum, en rétt þyki, að hann geri grein fyrir kostnaði sínum, sbr. 184. gr. laganna. Sé það dómarans að meta, hver kostnaður málsaðila sé hverju sinni.

Um þá málsástæðu, að um sé að ræða söluskattsskylda eigin þjónustu, tekur stefndi fram, að störf lögfræðinga og annarra starfsmanna lögfræðideildar stefnda falli undir hugtakið skrifstofustörf, ekki aðeins innheimta vanskilaskulda, heldur einnig vegna gerðar lánsskjala og tryggingarskjala, ráðgjöf um tryggingar o. fl., eftirlit með gjaldþrotaúrskurðum og kröfulýsingar í því sambandi o. fl. Slík vinna sé öll undanþegin söluskattsskyldu samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 239/1987. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 337/1987 séu eigin not þeirrar þjónustu, sem tilgreind sé í 4. gr. reglugerðarinnar, ekki skattskyld.

Enn fremur kveðst stefndi mótmæla því, að úrskurður ríkisskattanefndar brjóti í bága við jafnréttissjónarmið. Mismunandi skattheimta sé víðs vegar

viðhöfð í söluskattskerfinu. Þannig verði t. d. fyrirtæki, sem kaupi bókhalds- eða tölvuþjónustu af öðrum, að greiða söluskatt af þeirri þjónustu, en fyrirtæki, sem hafi eigin bókhalds- eða tölvudeild, þurfi þess ekki, aðili, sem dæmdur sé til greiðslu málskostnaðar til ólöglærðs aðila, sem flytji mál sitt sjálfur, þurfi ekki að greiða söluskatt o. s. frv.

Um þá athugasemd stefnanda, að lögfræðideild bankans starfi undir stjórn héraðsdómslögmanns, tekur stefndi fram, að lögmaðurinn starfi ekki sem slíkur, enda hafi hann ekki opna málflutningsskrifstofu, eins og áskilið sé í lögum nr. 61/1942. Þá hefur stefndi bent á, að endurskoðunardeild bankans starfi undir stjórn löggilts endurskoðanda, en ekki komi skattyfirvöldum í hug að leggja söluskatt á störf þeirrar deildar.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að telji dómurinn sig bæran að dæma um gildi laga nr. 1/1988 í máli þessu, eins og krafist sé af stefnanda, og telji stefnda skattskyldan samkvæmt þeim lögum, sé sú varakrafa gerð, að stefndi verði ekki talinn skattskyldur frá 20. febrúar 1989, frá uppkvaðningu úrskurðar ríkisskattanefndar til uppkvaðningar dóms í máli þessu. Bendir stefndi á í því sambandi, að skattyfirvöld hafi ekki hlýtt úrskurði ríkisskattanefndar og áætlað stefnda söluskatt. Sé slíkt framferði brot á reglum stjórnarfarsréttar.

Loks kveður stefndi, að málskostnaðarkröfu sé mótmælt sem órökstuddri.

IV.

Deila aðila máls þessa snýst um það, hvort sú þóknun, sem lögfræðingar Iðnaðarbanka Íslands hf. taka við innheimtu á vanskilaskuldum í eigu bankans, sé söluskattsskyld skv. 10. gr., sbr. 2. tl. 11. gr. laga nr. 68/1987, sbr. nú 1. tl. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. gr. l. nr. 1/1988.

Þegar skuld er innheimt af lögfræðingum í þjónustu stefnda hjá skuldurum stefnda, verður ekki talið, að það sé skuldarinn, sem njóti þjónustu lögfræðingsins í skilningi 10. gr., sbr. 2. tl. 11. gr. l. nr. 68/1987. Innheimtukostnaður, sem hann greiðir bankanum af vanskilaskuldum sínum, er því ekki endurgjald af hálfu skuldarans fyrir lögfræðiþjónustu. Telja verður, að það sé bankinn, sem njóti lögfræðiþjónustunnar við innheimtu vanskilaskuldanna. Það endurgjald, sem innheimt er af skuldurum bankans, rennur hins vegar ekki til lögfræðinga stefnda sem endurgjald fyrir lögfræðiþjónustu, heldur þiggja þeir fastákveðnar launagreiðslur sem launþegar á grundvelli varanlegs starfssambands við bankann. Þykir eðlilegast að skilja hugtakið „endurgjald“ í 10. gr., sbr. 2. tl. 11. gr. laga nr. 68/1987, sem þóknun fyrir útselda þjónustu. Verður því að telja, að fyrrnefnd innheimtuþóknun sé ekki endurgjald fyrir lögfræðiþjónustu í þessum skilningi. Þykja því ákvæði 10. gr., sbr. 2. tl. 11. gr. laga nr. 68/1987,

ekki ein og sér leiða til söluskattsskyldu stefnda af margnefndri innheimtuþóknun.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 68/1987 skyldu ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum og reglugerðum, gilda eftir því, sem við ætti um sérstakan söluskatt. Þykir því 3. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1986, koma hér til athugunar, en þar segir, að hverjum þeim, „sem rekur eigin þjónustu ... innan fyrirtækis ..., sem söluskattsskyld væri við sölu til annarra, skal reikna söluskatt af slíkri þjónustu ... og standa skil á honum til ríkissjóðs. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort aðalstarfsemi viðkomandi aðila er undanþegin söluskattsskyldu eða ekki".

Óumdeilt er, að innheimta vanskilaskulda af sjálfstætt starfandi lögfræðingum fyrir þriðja mann telst söluskattsskyld.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að innheimtustörf lögfræðinga séu nauðsynlegur þáttur í heildarstarfsemi banka og falli því undir undanþáguákvæði söluskattslaga skv. 11. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960, sbr. nú 13. tl. B-liðar 6. gr. laganna og 14. gr. reglugerðar nr. 486/1982. Fallast má á það með stefnda, að hefðbundin innheimtustarfsemi sé eðlilegur þáttur í heildarstarfsemi banka. Hins vegar þykir innheimta lögfræðinga á vanskilaskuldum banka ekki nauðsynlegur þáttur í þeirri starfsemi, enda hafa sumir bankar ekki lögfræðinga í sinni þjónustu, sem annist slík störf, heldur fela þau sjálfstætt starfandi lögmönnum.

Í 4. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka er hlutverki viðskiptabanka lýst svo, að þeir hafi með höndum hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er skilgreind í IV. kafla sömu laga, og er þeim önnur starfsemi óheimil. Þó að fallast megi á það með stefnda, að sú þjónusta, sem boðin er fram af bönkum og fellur undir IV. kafla, sé ekki söluskattsskyld skv. fyrrnefndum undanþáguákvæðum söluskattslaga, þykja framangreind ákvæði laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka ekki til þess fallin, að hægt sé að draga gagnályktun af þeim á þá lund, að ekki geti verið um að ræða eigin þjónustu eða starfsemi innan bankans, sem söluskattsskyld væri við sölu til annarra, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1986, enda kemur fram í síðastnefndu ákvæði, að ekki skipti máli um söluskattsskyldu eigin þjónustu, hvort aðalstarfsemi viðkomandi aðila sé undanþegin söluskattsskyldu eða ekki. Í athugasemdum með greinargerð að frumvarpi síðastnefndra laga, sem urðu að 3. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, kemur fram, að markmið laganna sé að tryggja hlutleysi söluskattsins gagnvart vali manna á vöru og jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila með því, að í söluskattslegu tilliti skuli það almennt séð engu breyta, hvort rekstraraðilar kjósi fremur að veita sér þessa þjónustu sjálfir en kaupa hana.

Loks ber stefndi fyrir sig, að lögfræðiþjónusta sé öll undanþegin söluskattsskyldu samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 239/1987, þar sem þjónustan falli undir hugtakið „skrifstofuþjónusta". Telja verður, að innheimta lögfræðinga á vanskilaskuldum sé sérfræðiþjónusta, sem vart verði jafnað til almenns skrifstofuhalds. Með tilliti til hins viðurkennda lögskýringarsjónarmiðs, að túlka beri skattundanþágur þröngt, verður að telja, að slík lögfræðiþjónusta falli ekki undir 3. gr. rg. nr. 239/1987.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndi verður talinn söluskattsskyldur vegna innheimtuþóknunar lögfræðideildar sinnar á grundvelli skattskyldu eigin þjónustu samkvæmt 10. gr., sbr. 2. tl. 11. gr. laga nr. 68/1987, sbr. 13. gr. s. l., sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1986. Ber því að fallast á þá kröfu stefnanda að fella úr gildi úrskurð ríkisskattanefndar nr. 91/1989.

Skilja ber varakröfu stefnda svo, að hann verði aldrei, hvað sem öðru líður, dæmdur söluskattsskyldur frá 20. febrúar 1989, þ. e. frá uppkvaðningu úrskurðar ríkisskattanefndar til uppkvaðningar dóms í máli þessu. Með vísan til ofannefndra raka um söluskattsskyldu stefnda þykir ekki unnt að taka þá kröfu til greina.

Ekki er ágreiningur með aðilum um skattstofn hins sérstaka söluskatts, fjárhæð kröfunnar eða um dráttarvexti í máli þessu.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Garðar Gíslason borgardómari.

Dómsorð:

Viðurkennd er gjaldskylda stefnda, Iðnaðarbanka Íslands hf., af innheimtuþóknun lögfræðideildar hans fyrir september 1987.

Felldur er úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar nr. 91/1989 í kærumáli stefnda, og ber stefnda að greiða stefnanda, ríkissjóði, sölugjald fyrir septembermánuð 1987, svo sem skattstjóri ákvað það, 63.637 kr., auk álags, 12.727 kr., samtals 76.364 kr., að við bættum dráttarvöxtum af 63.637 krónum frá 16. nóvember 1987 til greiðsludags, eins og þeir eru á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 404/1989. **Sigurður Eiríksson**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Selfossveitum
(Páll A. Pálsson hrl.).

Hitaveita. Heimæðargjald. Gjaldtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars samningur 3. september 1992 milli Eyrarbakkahrepps, Stokkseyrarhrepps og Selfosskaupstaðar. Samkvæmt honum koma Selfossveitur í stað Hitaveitu Eyra og hafa tekið við aðild málsins.

I.

Hinn 17. febrúar 1982 sendi áfrýjandi Hitaveitu Eyra formlega beiðni um tengingu á hitakerfi húss síns að Hjallavegi 1 á Eyrarbakka við hitaveituna. Í kjölfar þess greiddi hann umkrafið heimtaugargjald vegna hússins. Í lýsingu á hitakerfi hússins á eyðublaði frá Hitaveitu Eyra er greint frá fjölda ofna í því, en ekkert skráð í reit, sem ber yfirskriftina bílskúr. Samkvæmt fasteignaskrá er umrætt hús hlaðið.

Áfrýjandi hóf síðar smíði bílskúrs úr timbri á lóð sinni. Hann er ekki sambyggður íbúðarhúsinu. Samkvæmt áritun á uppdrátt að bílskúrnum var leyfi til smíði hans veitt 30. ágúst 1981. Í aðilaskýrslu á aukadómþingi Árnessýslu 14. mars 1989 kveðst áfrýjandi ætla, að smíði bílskúrsins hafi hafist á árinu 1984. Hann kveðst hafa einangrað bílskúrinn haustið 1988, en klæðningu hans að

innan sé ólokið. Bílskúrinn er ekki upphitaður, og kveður áfrýjandi óráðið, hvort svo verður áfram.

II.

Samkvæmt leiðbeiningum til notenda, sem gefnar voru út af Hitaveita Eyra 1981, eru gjöld þau, sem notendur þurfa að greiða til hitaveitunnar, annars vegar heimæðargjald og hins vegar mánaðarlegt orkugjald. Miðast heimæðargjaldið við rúmmál húsnæðis á lóð. Í leiðbeiningunum segir meðal annars svo: „Um það leyti, sem gengið er frá inntaki í hús, sendir hitaveitan húseiganda reikning fyrir heimæðargjaldi." Slíkur reikningur vegna bílskúrsins var sendur áfrýjanda 14. ágúst 1987.

Í 4. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967 segir, að í gjaldskrá hitaveitu megi ákveða sérstakt heimæðargjald. Í gjaldskrá fyrir Hitaveitu Eyra nr. 64 frá 6. febrúar 1987 er svofellt ákvæði í 9. gr.: „Nú er tengingu heimæðar lokið, og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft." Samhljóða ákvæði er í 9. gr. gjaldskrár hitaveitunnar nr. 91 frá 17. febrúar 1988, en með henni var eldri gjaldskráin felld úr gildi.

III.

Heimæð hitaveitu hefur enn eigi verið tengd við hitalögn í umræddum bílskúr, og óvíst er, hvort af því verður. Brestur við svo búið lagaskilyrði fyrir innheimtu heimæðargjalds vegna bílskúrsins. Þessu haggar ekki nýmæli í 7. gr. núgildandi gjaldskrár, sem stefndi ber fyrir sig, en þar segir, að heimæðargjöld skuli reikna af öllu húsrými á lóð. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Eiríksson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Selfossveitna, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 14. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri miðvikudaginn 14. október 1987.

Stefnandi er Hitaveita Eyra, Stokkseyri (nnr. 4151-2180).

Stefndi er Sigurður Eiríksson, Hjallavegi 1, Eyrarbakka (nnr. 7850-2703).

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 10.108,15 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

— — —

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þá dómkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að viðbættum 10% söluskatti (sic) skv. lögum nr. 68/1987.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnukrafa máls þessa er vegna heimæðagjalds hitaveitu, er stefnandi telur stefnda eiga að greiða af bílageymslu, er hann reisti við hús sitt að Hjallavegi 1 á Eyrarbakka.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta snýst eingöngu um greiðsluskyldu. Aðilar eru sammála um það, að stefndi eigi að greiða 10.108,15 kr. ásamt umkröfðum vöxtum, sé greiðsluskylda talin fyrir hendi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á þremur ástæðum, í fyrsta lagi, að heimild skorti í gjaldskrá Hitaveitu Eyra frá 20. 2. 1987 til gjaldtökunnar, í öðru lagi, að krafan sé íþyngjandi fyrir stefnda og verði því að vera ótvíræð heimild í gjaldskrá eða lögum, til þess að krefja megi um gjaldið, og í þriðja lagi sé gjaldið, verði talið, að það beri að greiða, ekki gjaldfallið.

Um fyrstu ástæðu er það að segja, að ekki verður talið, að heimild skorti í umrædda gjaldskrá til gjaldtökunnar. Í gjaldskránni er ekkert, sem bendir til þess, að viðbyggingar eða nýbyggingar séu undanþegnar gjaldinu, og það væri algerlega andstætt eðli máls, að slíkar byggingar væru undanþegnar gjaldinu, þar sem þá mætti komast hjá því að greiða heimæðagjald að mestu leyti með því að reisa fyrst lítinn hluta byggingar eða bygginga á lóð, en byggja síðar við eða reisa nýbyggingar á lóðinni. Sá skilningur, sem stefndi leggur í 7. gr. gjaldskrárinnar, er svo andstæður eðli máls, að það þyrfti þvert á móti skýra heimild í reglum, til þess að hann yrði lagður til grundvallar.

Enda þótt krafa stefnanda um gjaldið sé íþyngjandi, getur það ekki orðið til þess, að skýra beri 7. gr. gjaldskrárinnar andstætt eðli máls.

Sú ástæða, að gjaldið sé ekki gjaldfallið, stafi af misskilningi. Samkvæmt eðlilegum skilningi á 9. gr. gjaldskrárinnar er gjaldið gjaldkræft, þegar lagningu heimæðar er lokið og hún hefur verið tengd kerfi hitaveitunnar, og í þessu tilviki er svo.

Í máli þessu er og á það að líta, að stefndi hefur samþykkt tengingarbeiðni.

Við munnlegan málflutning kom fram, að honum var eigi skylt að tengja hús sitt hitaveitunni. Það er almenn regla, þegar menn óska eftir viðskiptum og semja ekki sérstaklega um verð, að mönnum ber að greiða það, sem upp er sett, nema það verði talið ósanngjarnt, og hafa hér áður verið leidd að því rök, að gjaldtakan sé ekki ósanngjörn.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að um greiðsluskyldu sé ótvírætt að ræða, og þar sem ekki er ágreiningur um kröfufjárhæð né vexti, svo sem fyrr segir, ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda 10.108,15 kr. með eftirfarandi dráttarvöxtum á ári:

— — —

Þá ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 45.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Þess skal getið, að dómarinn gekk á vettvang í málinu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Eiríksson, greiði stefnanda, Hitaveitu Eyra, 10.108,15 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 45.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 12. febrúar 1993.

Nr. 60/1993. **Flugfélagið Ernir hf.**
gegn
Garðari Guðjónssyni,
Guðlaugu Haraldsdóttur,
Jóni S. Garðarssyni
og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur.

Kærumál. Frávísunarúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. janúar 1993, sem móttekin var í Hæstarétti 4. febrúar sama ár. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 18. desember 1992. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómara var úrskurðurinn ekki afhentur umboðsmanni áfrýjanda fyrr en 12. janúar 1993, en enginn var viðstaddur uppkvaðningu hans af hálfu sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og kröfur sínar á hendur öllum varnaraðilum verði teknar til efnismeðferðar í héraði. Til vara krefst hann þess, að þar verði efnislega fjallað um kröfur hans gegn varnaraðila Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í héraði, og svo er ekki heldur í Hæstarétti, þótt héraðsdómari hafi sinnt skyldu sinni um að tilkynna þeim um fram komna kæru.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Sóknaraðili mótmælir niðurstöðu héraðsdóms á þeirri forsendu, að stefnandi fyrra málsins, Landsbanki Íslands, hafi einn mátt framfylgja þeim dómi. Þegar sóknaraðili hafi greitt dómkröfuna, hafi hún fallið niður.

Fram er komið, að sóknaraðili hefur að fullu greitt dómskuldina í máli Landsbanka Íslands gegn honum og varnaraðilum ásamt vöxtum og kostnaði. Við það verður þá að miða, að krafa bankans á hendur öllum dómþolum sé niður fallin. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðilum hefur hins vegar ekki verið dæmd, og er honum því rétt að hafa hana uppi í dómsmáli. Ber því að fella hinn

kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á mál þetta.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 18. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er á skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-97/1992: Flugfélagið Ernir hf. gegn Garðari Guðjónssyni, Guðlaugu Haraldsdóttur, Jóni Sigurði Garðarssyni og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Mál þetta höfðaði Guðmundur Markússon hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Flugfélagsins Ernis hf., kt. 660670-0259, Ísafjarðarflugvelli, hér fyrir dómi á hendur Garðari Guðjónssyni, Guðlaugu Haraldsdóttur, Jóni Sigurði Garðarssyni og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur með stefnu, út gefinni 25. október 1992, sem birt var stefndu öllum innan lögmælts frests og að öðru leyti í samræmi við ákvæði XIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu Garðar, Guðlaug og Jón Sigurður verði in solidum dæmd til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.015.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júlí 1992 til greiðsludags. Er þess og krafist, að dráttarvextirnir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. júlí 1993. Gagnvart stefndu Guðrúnu Agnesi er krafist staðfestingar á 1. veðrétti í bifreið hennar, Í-4957, sem er af tegundinni Súbarú 1800, árgerð 1986, með fastnúmeri HR-411, vegna ofangreindrar skuldar samkvæmt veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 750.000 krónur, út gefnu 13. nóvember 1990.

Loks er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu allra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir stefnukröfu sína á veðskuldabréfi með lánskjaravísitölu, að fjárhæð 750.000 krónur, út gefnu í Reykjavík 13. nóvember 1990 af

stefnda Garðari til stefnanda. Stefndu Guðlaug og Jón Sigurður hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess, en stefnandi síðan framselt skuldabréfið Landsbanka Íslands með sjálfskuldarábyrgð sinni 16. s. m. Skuld þessa hafi borið að greiða með 30 afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 1. desember s. á. Umsamdir vextir af skuldinni hafi verið hæstu lögleyfðu vextir af sambærilegum skuldabréfum. Stefnandi segir fjórar fyrstu afborganirnar hafa verið greiddar, en eftir það hafi ekki verið greitt af bréfinu og það því verið gjaldfellt 1. apríl 1991. Höfðaði Landsbanki Íslands síðan áskorunarmál á hendur stefndu Garðari, Guðlaugu og Jóni Sigurði auk stefnanda, sem þingfest var í bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1992, en stefnan var síðan árituð um aðfararhæfi 4. júní s. á. gagnvart stefndu Garðari, Guðlaugu og Jóni Sigurði, en áður hafði stefnandi við þingfestingu málsins gert réttarsátt um greiðslu skuldarinnar. Leysti stefnandi síðan til sín bréfið 2. júlí sl. með greiðslu á 1.015.000 krónum, sem voru eftirstöðvar skuldabréfsins 1. apríl 1992, þ. e. 665.707,90 krónur, auk verðbóta, 5.752,20 króna, áfallinna samningsvaxta, 4.476,40 króna, og bankakostnaðar, 150 króna, alls að viðbættum dráttarvöxtum frá 1. apríl 1992 til 2. júlí 1992, að fjárhæð 212.562 krónur. Þá heyrði og undir greiðslu stefnanda samkvæmt sáttinni greiðsla á málskostnaði, að fjárhæð 101.086 krónur, auk annars kostnaðar, 500 króna, og 24,5% vsk. af þóknunarliðum, alls 24.766 króna. Næmu þessar greiðslur stefnanda til Landsbankans samtals 1.015.000 krónum, sem væri stefnufjárhæð málsins.

Dómkröfur sínar gagnvart stefndu Guðrúnu Agnesi reisir stefnandi hins vegar á því, að hún hafi veðsett áðurgreinda bifreið sína með 1. veðrétti til tryggingar framangreindri skuld, en veðskuldabréfinu hafi síðan verið þinglýst 8. janúar 1991 án athugasemda, og beri því að staðfesta veð stefnanda í bifreiðinni með dómi.

Um lagarök vísar stefnandi til XVII. kafla laga nr. 91/1991 um málsmeðferð og ákvæða skuldabréfsins sjálfs um varnarþing, sbr. 3. tl. 42. gr. téðra laga, svo og til almennra reglna íslensks réttar um fjárskuldbindingargildi viðskiptabréfa og endurkröfur á grundvelli þeirra. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti reisir stefnandi á reglum III. kafla vaxtalaga. Um kröfu vegna málskostnaðar vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Svo sem að framan greinir, er mál þetta höfðað og rekið sem skuldabréfamál á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991. Var af hálfu stefndu ekki sótt þing við þingfestingu þess og málið því dómtekið í sama þinghaldi að kröfu stefnanda. Við nánari athugun dómara hefur hins vegar komið í ljós, að skuldabréfakrafan, sem byggt er á í málinu, hefur þegar verið dæmd að efni til, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 4. júní 1992 í mál-

inu nr. 5436/1992 (áskorunarmál). Verður sama krafa nú ekki borin undir dómstóla að nýju samkvæmt 2. mgr. 116. gr. greindra laga, og ber að vísa málinu frá dómi á grundvelli téðs lagaákvæðis.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kvað upp Jónas Jóhannsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. febrúar 1993.

Nr. 66/1993. S

gegn

dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1993, sem móttekin var í Hæstarétti 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1993, að sóknaraðili skuli sviptur sjálfræði.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kæruheimild er í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. lögræðislaga greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkisjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. janúar 1993, er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með kröfu, þingfestri 15. desember 1992, þess efnis, að S [...], Reykjavík, verði sviptur sjálfræði.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær kröfur, að kröfunni verði hafnað. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun úr ríkissjóði, sem renni til lögmanns varnaraðila.

Málsatvik eru þau, að dómsmálaráðuneytið hefur fjórum sinnum á árinu 1992 hlutast til um, að varnaraðili yrði vistaður á sjúkrahúsi á grundvelli 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga, vegna geðveiki, en varnaraðili hefur verið ófáanlegur til þess að samþykkja slíka vistun. Hinn 27. nóvember sl. var varnaraðili síðast vistaður á sjúkrahús gegn vilja sínum að beiðni dómsmálaráðuneytisins, og bar varnaraðili þá ákvörðun ráðuneytisins undir Héraðsdóm Reykjavíkur. Úrskurður dómara féll á þann veg, að hafnað var kröfu varnaraðila um að fella niður ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um vistun varnaraðila á sjúkrahúsi.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð geðlæknanna Ingvars Kristjánssonar, dags. 1. júní 1992, 27. nóvember 1992 og 9. desember 1992, Ásgeirs Karlssonar, dags. 25. september 1992, og Halldórs Kolbeinssonar, dags. 28. júlí 1992. Að ósk varnaraðila kom Ingvar Kristjánsson geðlæknir fyrir dóminn, og staðfesti hann, að ofangreind vottorð frá 1. júní 1992, 27. nóvember 1992 og 9. desember 1992 væru rétt og væru frá sér. Í læknisvottorði frá Ingvari Kristjánssyni, dags. 9. desember sl., segir m. a.:

— — —

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að brýna nauðsyn beri til að vista varnaraðila til meðferðar á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóms, sem hann er haldinn (psychosis schizo-affectiva). Hann hafi reynst ófáanlegur til þess að samþykkja slíka vistun, og hafi dómsmálaráðuneytið fjórum sinnum á árinu 1992 hlutast til um, að hann yrði lagður inn á sjúkrahús á grundvelli 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um sjálfræðissviptingu á a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og vísar um aðild sína að málinu til f-liðar 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila og byggir á því, að skilyrði 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 um sjálfræðissviptingu eigi ekki við í máli þessu. Í máli þessu liggi fyrir faglegt mat lækna á geðheilsu varnaraðila. Varnaraðili telji hins vegar, hvað sem mati lækna líði, að ástand sitt sé ekki með þeim hætti, að nauðsynlegt sé að vista sig á sjúkrahúsi. Hann sé ekki hættulegur, hvorki sjálfum sér né öðrum, og ekkert liggi frammi í málinu, sem sanni, að hann verði að sæta vistun, út frá samfélagslegu sjónarmiði. Varnaraðili telji, að mál þetta snúist ekki um það, hvort einhverjir læknar telji sig geðveikan, heldur, hvort hann geti lifað í þessu samfélagi, án þess að hann sæti læknismeðferð að mati lækna. Því verði sóknaraðili að sanna, að svo sé ekki.

Álit dómsins.

Varnaraðili hefur komið fyrir dóm og mótmælt kröfu um sjálfræðissviptingu.

Þar sem varnaraðili hefur ekki verið fús til að leita sér lækninga við sjúkdómi sínum, hlýtur mál þetta að snúast um það, hvort lagaskilyrði séu til þess að svipta varnaraðila sjálfræði, svo að hann geti hlotið viðhlítandi meðferð við sjúkdómi sínum.

Í vottorðum geðlækna, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, kemur fram, að þeir telja varnaraðila vera haldinn geðsjúkdómi. Í vottorði Ingvars Kristjánssonar geðlæknis kemur fram, að hann telur varnaraðila haldinn langvinnum geðsjúkdómi, sem oftlega krefjist vistunar á sjúkrahúsi, en innsæisbrestur hans og ósamvinnuþýðni hafi margsinnis leitt til endurtekinnar nauðungarvistunar á sjúkrahúsi, til þess að unnt væri að koma fram virkri meðferð. Í framburði Halldóru Ólafsdóttur geðlæknis, sem vel þekkir til varnaraðila og sjúkdóms hans, kemur fram, að hún telji, að sjúkdómur hans taki sig fljótt upp aftur, hætti hann allri lyfjameðferð, en lyf taki hann ekki sjálfviljugur við sjúkdómi sínum.

Það þykir því nægjanlega fram komið, að nauðsyn sé á að vista varnaraðila á sjúkrahúsi vegna heilbrigði hans sjálfs. Þar sem varnaraðili hefur ekki viljað samþykkja sjúkrahússvist í því skyni að fá viðeigandi meðferð við sjúkdómi sínum, verður ekki hjá því komist að svipta hann sjálfræði sínu samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 68/1984 um lögræði.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 ber að greiða allan kostnað varnaraðila vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talda þóknun skipaðs talsmanns hans, Brynjars Níelssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, S, f. 1955, skal sviptur sjálfræði.

Málskostnaður varnaraðila greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hans, Brynjars Níelssonar hdl, 50.000 kr.

Mánudaginn 15. febrúar 1993.

Nr. 74/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

James Brian Grayson.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. febrúar 1993, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Ákærði krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann látinn laus án takmarkana. Til vara krefst hann þess, að hann verði látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991. Til þrautavara krefst ákærði þess, að hann verði látinn laus gegn tryggingu samkvæmt 109. gr. nefndra laga.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 10. febrúar 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða og Donald Michael Feeney fyrir „sifskaparbrot og frelsissviptingu", sem talin eru varða við 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi sama dag fól ríkissaksóknari rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sókn málsins í héraði, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Ríkissaksóknari fer hins vegar með aðild máls þessa eftir útgáfu ákærunnar og á sókn þess hér fyrir dómi samkvæmt 141. gr. sömu laga, sbr. og 3. mgr. 29. gr.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1993, hefur ákærða verið dæmt forræði dóttur sinnar og Ernu Eyjólfsdóttur af dómstóli í Flórída í Bandaríkjunum, en þeim dómi verður ekki framfylgt á Íslandi. Ákærði lýsti því yfir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann hygðist dveljast áfram hér á landi í því skyni að fá forræði dóttur sinnar með löglegum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Ákærði er í framangreindri ákæru borinn sökum, er varðað geta fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Brýna nauðsyn ber því til þess, að návist ákærða, sem er bandarískur ríkisborgari og búsettur

þar í landi, verði tryggð, á meðan mál ákæruvaldsins gegn honum verður til lykta leitt fyrir dómi. Eins og stöðu ákærða er háttað samkvæmt framansögðu, þykir þó nægilegt, að honum verði bönnuð för úr landi. Verður hinn kærði úrskurður því úr gildi felldur og lagt fyrir ákærða að hverfa eigi af landi brott þann tíma, er kröfugerð ákæruvaldsins tekur til, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ákærða, James Brian Grayson, er óheimil för frá Íslandi, þangað til dómur verður kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1993.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að James Brian Grayson, fæddum 15. apríl 1959, til heimilis í Bandaríkjum Norður-Ameríku, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt þar til að dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði er grunaður um brot gegn 193. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá feðra sinna.

Ríkissaksóknari hefur í dag gefið út ákæru á hendur kærða vegna grunar um brot gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði sætir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðað hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut ætlað athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda um forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann héldi aftur til föðurlands síns. Kærði hefur viðurkennt að hafa leitað til

fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggismálum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landi með dóttur sína. Allt þykir þetta gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákæruvaldsins, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Úrskurðarorð:

Kærði, James Brian Grayson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út í dag, allt þar til að dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Mánudaginn 15. febrúar 1993.

Nr. 75/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Donald Michael Feeney.

Kærumál. Gæsluvarðhald. B-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. febrúar 1993, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Ákærði krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 10. febrúar 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða og James Brian Grayson fyrir „sifskaparbrot og frelsissviptingu", sem talin eru varða við 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi sama dag fól ríkissaksóknari rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sókn málsins í héraði, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Ríkissaksóknari fer hins vegar með aðild máls þessa eftir útgáfu ákærunnar og á sókn þess hér fyrir dómi samkvæmt 141. gr. sömu laga, sbr. og 3. mgr. 29. gr.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1993, hefur ákærði viðurkennt, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki, sem meðal annars vinni að því að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafa forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Hann og fyrirtæki hans eru grunuð um að hafa veitt ákærða James Brian Grayson og Frederick Pittmann aðstoð við að ná umsjá dætra þeirra og Ernu Eyjólfsdóttur frá henni án atbeina réttra íslenskra yfirvalda og beitt blekkingum í því skyni. Ákærði lýsti því yfir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann væri fús til að dveljast áfram hér á landi, þangað til máli hans væri lokið og nafn hans og fyrirtækis hans hreinsað af sakargiftum. Þeir starfs-

menn hans, sem taldir eru hafa unnið að málinu hér á landi og komust undan, hafa ekki gefið sig fram við íslensk yfirvöld.

Ákærði er í framangreindri ákæru borinn sökum, er varðað geta fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Brýna nauðsyn ber því til þess, að návist ákærða, sem er bandarískur ríkisborgari og búsettur þar í landi, verði tryggð, á meðan mál ákæruvaldsins gegn honum verður til lykta leitt fyrir dómi. Eins og stöðu ákærða er háttað samkvæmt framansögðu, þykir rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi þann tíma, er kröfugerð ákæruvaldsins tekur til, sbr. b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1993.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að Donald Michael Feeney, fæddum 21. október 1953 í New York, til heimilis í Bandaríkjum Norður-Ameríku, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til að dómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði, Donald Michael Feeney, er grunaður um brot gegn 193. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá feðra sinna.

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur kærða vegna grunar um bort gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði sætir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðar hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut ætlað athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda um forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann

héldi aftur til föðurlands síns. Kærði hefur viðurkennt, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggismálum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landinu ásamt öðru fólki. Þá hefur komið fram, að kærði hefur hlotið sérstaka þjálfun í sérsveitum Bandaríkjahers og hefur starfað sem hermaður og lögreglumaður á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum. Allt þetta þykir gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákæruvaldsins, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Úrskurðarorð:

Kærði, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til dómur hefur verið kveðinn upp í máli hans, en þó eigi lengur en til 3. mars 1993 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1993.

Nr. 408/1991. **Guðbjörg Antonsdóttir**
gegn
Margréti Ákadóttur.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1991 í máli vegna riftunar á kaupsamningi um fasteign. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 2. október sama ár, og féll það niður. Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1991 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, með aðstoð annars lögmanns, sem nú fer með rekstur þess. Var málið þingfest 2. desember sama ár, og fékk áfrýjandi þá frest til apríl 1992. Hefur hann síðan fengið frest á málinu fjórum sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. febrúar sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til marsmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt.

Áfrýjandi skírskotar til þess, að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sé til meðferðar kæra stefnda á hendur sér vegna ætlaðra fjársvika og skilasvika, og sé sér nauðsynlegt að geta lagt fram skýrslur um þá rannsókn. Kæra þessi kom fram á árinu 1990. Hefur áfrýjandi ekki skýrt, hvernig hann hyggist nýta rannsóknina í þágu máls þessa.

Hinn 1. febrúar sl. voru liðnir rúmir 15 mánuðir frá útgáfu síðari áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti og ekki enn aflað sér dómsgerða. Með því að áfrýjandi verður ekki talinn hafa réttlætt þá töf, sem þannig er á orðin, þykir ekki fært að veita frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 76/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, með lögheimili að Kársnesbraut 35 í Kópavogi, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Við leit á heimili Hilmars Þóris Ólafssonar, kt. 170466-4549, að Miklubraut 64 í Reykjavík og við leit í bifreið Bryndísar Ólafsdóttur, kt. 041270-5519, en báðar leitirnar fóru fram í gær, fundust verðmæti, sem talin eru hafa horfið í innbrotum í fyrirtæki í Þorlákshöfn og á Selfossi í þessum og síðastliðnum mánuði. Umrædd innbrot voru öll framin á sama svæði og með svipaðri aðferð, sem bendir til þess, að sömu aðilar hafi verið að

verki í öll skiptin. Þrjú innbrotanna voru framin sömu nótt, og sást þá til tveggja ungra manna á jeppabifreið eða ummerki eftir þá og bifreiðina. Áðurnefnd Bryndís hefur borið fyrir lögreglu, að hún hafi 15. janúar sl. tekið jeppabifreið á leigu fyrir kærða, sem ekki hafi verið skilað fyrr en 18. sama mánaðar.

Kærði hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa dvalist á heimili kunningja síns, Hilmars Þóris, að Miklubraut 64 í Reykjavík frá síðustu mánaðamótum. Þá hefur kærði viðurkennt fyrir dóminum að hafa haft bifreið fyrrverandi sambýliskonu sinnar, áðurnefndrar Bryndísar, til afnota í gærdag. Kærði hefur ekki viðurkennt aðild sína að neinu þeirra innbrota og þjófnaðarbrota, sem honum hafa verið gefin hér að sök. Hilmar Þórir Ólafsson hefur hins vegar borið fyrir lögreglu, að kærði hafi tekið þátt í innbrotinu í fyrirtækið Skipaþjónustu Suðurlands sf. í Þorlákshöfn.

Af því, sem að framan er rakið, þykir vera kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði eigi aðild að afbrotum þeim, sem honum hafa verið gefin að sök. Afbrot þessi geta að lögum varðað hann fangelsisrefsingu. Rannsókn málsins er á frumstigi, og þar sem hætta þykir á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, fari hann frjáls ferða sinna, þykir með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. l. 19/1991 nauðsynlegt að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 79/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Hilmari Þóri Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hilmari Þóri Ólafssyni, kt. 170466-4549, atvinnulausum, með lögheimili að Eggertsgötu 6, Reykjavík, en með dvalarstað að Miklubraut 64, Reykjavík, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.

Síðdegis í gær handtóku lögreglumenn úr Reykjavík kærða Hilmar, og við leit á heimili hans fundust verðmæti, sem talin eru hafa horfið úr innbroti í fyrirtækið Skipaþjónustu Suðurlands sf. í Þorlákshöfn 7. febrúar sl. Kærði hefur viðurkennt aðild sína að þessu innbroti og kveður Agnar Víði Bragason hafa tekið þátt í því. Nefndur Agnar Víðir hefur hins vegar ekki viðurkennt aðild sína að brotinu. Kærði hefur viðurkennt að hafa

stolið tveimur tékkheftum í innbrotinu, en hefur ekki getað gert grein fyrir, hvað af þeim varð eða hver falsaði tékka úr heftunum, en hefur viðurkennt að hafa framselt nokkra falsaða tékka úr þeim. Kærði hefur ekki viðurkennt aðild sína að öðrum þeim innbrotum, sem honum hafa hér verið gefin að sök. Umrædd innbrot voru öll framin á sama svæði og með svipaðri aðferð, sem bendir til þess, að sömu aðilar hafi verið að verki í öll skiptin. Þrjú innbrotanna voru framin aðfaranótt 18. janúar sl., og sást þá til tveggja ungra manna á jeppabifreið eða ummerki eftir þá og bifreiðina. Bryndís Ólafsdóttir, kt. 041270-5519, fyrrverandi sambýliskona Agnars Víðis Bragasonar, hefur borið fyrir lögreglu, að hún hafi 15. janúar sl. tekið jeppabifreið á leigu fyrir Agnar Víði, sem ekki hafi verið skilað fyrr en 18. sama mánaðar. Komið hefur fram, að Agnar Víðir og kærði eru kunningjar, og hefur Agnar Víðir borið hér fyrir dómi, að hann hafi dvalist á heimili kærða frá síðustu mánaðamótum.

Samkvæmt framansögðu þykir kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi átt aðild að afbrotum þeim, sem honum hafa verið gefin að sök. Afbrot þessi geta að lögum varðað hann fangelsisrefsingu. Rannsókn málsins er á frumstigi, og þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, þykja með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 skilyrði til að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hilmar Þórir Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 445/1990. **Anders Hansen**
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
Kaupþingi hf.
(Kjartan Ragnars hrl.).

Víxilmál. Sýning til greiðslu. Tilkynning greiðslufalls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1990. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Víxill sá, sem um er deilt í máli þessu, er í lögmætu formi, eins og staðfest er í héraðsdómi. Hefur áfrýjandi ekki leitt í ljós, að samningar aðila varðandi afhendingu víxilsins hafi staðið því í vegi, að stefndi yrði talinn hafa heimild til að færa inn tiltekinn dag sem gjalddaga á víxlinum, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933. Á hinn bóginn hefur áfrýjandi fært að því sönnur, að víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á þeim tíma, sem skylt var miðað við þennan gjalddaga, en greiðslustaður hans var í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Ber víxillinn ekki merki þess að hafa verið lagður inn í þeim banka, og fyrir liggur nú vottorð þess efnis frá víxladeild aðalbankans að Austurstræti 11 í Reykjavík, að víxillinn hafi ekki verið sýndur eða skráður þar til innheimtu. Ágreiningslaust er, að áfrýjanda var ekki tilkynnt um greiðslufall á gjalddaganum.

Sú málsvörn áfrýjanda, að víxillinn hafi ekki verið sýndur á greiðslustað, varðar aðferð við að halda víxilkröfu í gildi og verður þannig höfð uppi í víxilmáli, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður henni komið að hér fyrir dómi, eins og málinu er háttað, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. víxillaga bar stefnda að sýna hinn umdeilda víxil til greiðslu í Landsbanka Íslands á gjalddaga hans eða öðrum hvorum hinna næstu virkra daga þar á eftir. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna bar honum og að tilkynna áfrýjanda, ef greiðslufall yrði. Leysti það stefnda ekki undan þessum kvöðum gagnvart áfrýjanda, að víxillinn bar áritunina „án afsagnar", sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna, en í henni fólst fyrirvari um fullnustu án kostnaðar. Í máli þessu er það nægilega fram komið, að skilyrðin um sýningu víxilsins voru ekki uppfyllt af hálfu stefnda. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laganna hafði hann þannig glatað rétti sínum gegn áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, þegar málið var höfðað. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Anders Hansen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kaupþings hf., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Eggert B. Ólafsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, f. h. Kaupþings hf., Kringlunni 5, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. janúar sl., gegn Anders Hansen, Skagaseli 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.100.000 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 [og málskostnaðar].

Stefndi krefst þess aðallega að verða algerlega sýknaður og sér dæmdur málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti skv. l. nr. 50/1988 og að viðbættum dráttarvöxtum á málflutningslaun skv. 10. og 12. gr. III. kafla l. nr. 25/1987. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skuldar samkvæmt fram lögðum tryggingarvíxli, út gefnum og framseldum af stefnda. Víxillinn er út gefinn

15. nóv. 1988 með gjalddaga 15. janúar 1989 til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, að fjárhæð 1.100.000 kr. Víxillinn er án afsagnar.

Stefnandi styður kröfur sínar við reglur víxillaga nr. 39/1933, aðallega 48. gr., og höfðaði málið sem áskorunarmál skv. XX. kafla 1. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988. Málið er rekið skv. XVII. kafla l. nr. 85/1936. Krafist er dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987, skv. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987. Einnig reisir stefnandi kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þóknun sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt með vísan til 208. gr. l. nr. 85/1936, að varnir stefnda fái komist að í máli þessu. Þar fyrir utan er því haldið fram, að stefnandi hafi haft fulla heimild til að eyðufylla viðkomandi víxil og orðið „tryggingarvíxill" breyti engu um lögmæti víxilsins í skilningi 1. gr. l. nr. 93/1933.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda á þeirri forsendu, að dskj. 2 sé eigi víxilskuldbinding, heldur hafi á sínum tíma verið lagt til Kaupþings hf. sem skjal til tryggingar vegna viðskipta Kaupþings hf. og Fjölnis hf. Þannig hafi skjalið verið í formi víxilskuldbindingar, en þó eigi víxill. Eigi hafi verið tilgreindur útgáfudagur eða gjalddagi á skjalinu. Viðskiptum milli Fjölnis hf. og Kaupþings hf. hafi lokið á árinu 1987, en þá hafi bú Fjölnis hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefndi hafi án árangurs krafist þess að fá tryggingarskjalið afhent. Hins vegar hafi stefnandi látið dagsetja skjalið, þ. e. með útgáfudegi og gjalddaga, og þannig breytt skjalinu í víxil. Hafi það verið gert án vitundar og samþykkis útgefandans, Anders Hansen.

Svo sem skjalið beri með sér, sé orðið tryggingarvíxill ritað á skjalið. Skjalið sé eigi víxill í merkingu l. nr. 39/1933. Tryggingarskjalinu hafi verið breytt í því skyni að knýja fram greiðslu í skjóli ákvæða víxillaga. Eigi fái staðist, að unnt sé að hagnýta sér tryggingarskjal frá fyrri tíma m. þ. a. færa inn síðari tíma dagsetningu, löngu eftir að skjalið var afhent, löngu eftir að viðskiptum aðila er lokið og bú aðalskuldara hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Engri skuld sé til að dreifa að baki tryggingarskjalinu. Kaupþing hf. hafi hvort tveggja keypt kröfur og fengið auk þess kröfur afhentar án greiðslu til jöfnunar á hugsanlegri skuld á viðskiptamannareikningi. Engri kröfu sé því til að dreifa á hendur Fjölni hf. og Anders Hansen.

Varakrafa stefnda er gerð með þeim rökum, að Kaupþing hf. hafi eigi fengist til þess að leggja fram glöggar upplýsingar um stöðu krafna. Væri slíkt hins vegar gert og fram kæmi, að um skuld væri að tefla, svo að óyggjandi

verði að telja, kunni stefndi að bera nokkra ábyrgð, þó aðeins á grundvelli þeirrar tryggingar, sem afhent var Kaupþingi hf. á sínum tíma.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað sem áskorunarmál til heimtu víxilskuldar samkvæmt XVII. kafla l. nr. 85/1936 til greiðslu víxils, sem stefnandi hefur lagt fram með formlega löglegri heimild sér til handa. Víxill þessi fullnægir formskilyrðum 1. gr. l. nr. 93/1933.

Hafi stefndi og Fjölnir hf. gefið út og samþykkt víxilinn á dskj. 2 án þess að tiltaka útgáfudag og greiðsludag, verður að telja í því felast heimild til víxilhafa til að rita víxilinn að fullu.

Víxlar eru formskjöl. Sérreglur um rekstur víxilmála eru í XVII. kafla l. nr. 85/1936. Í 208. gr. laganna eru upp taldar þær varnarástæður, sem heimilt er að bera fram í víxilmáli. Með reglum þessum er girt fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxilinn liggja, verði dregin inn í víxilmálið. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, að á víxilinn er ritað „tryggingarvíxill". Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og þar sem varnir stefnda eru þess eðlis, að þeim verður ekki komið að í víxilmáli, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 150.000 kr., sem beri vexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu af málflutningsþóknun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Anders Hansen, greiði stefnanda, Kaupþingi hf., 1.100.000 kr. með vöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. janúar 1989 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, sem beri vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 336/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðbjörgu Birnu Gunnlaugsdóttur
(Ragnar H. Hall hrl.).

Líkamsárás. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. apríl 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Ákærða krefst aðallega frávísunar ákæru og bótakröfu, en til vara sýknu af hvoru tveggja. Til þrautavara krefst ákærða vægustu refsingar, sem lög leyfa, og lækkunar bótafjárhæðar.

Krafa ákærðu um frávísun ákæru er á því byggð, að almenningshagsmunir hafi eigi krafist málsóknar gegn sér, sbr. 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981. Ekki eru efni til þess að verða við þessari kröfu.

Nokkur óvissa er um tildrög þeirra atburða, sem hér um ræðir. Með framburði vitna þykir þó nægilega sannað, að ákærða hafi veitt Svandísi Gylfadóttur þá áverka, er í málinu greinir. Á það verður fallist með héraðsdómi, að óvissa um það, hvort ákærða hafi hent glasi í Svandísi eða rekið það í andlit henni, leiði ekki til þess, að áfall verði ekki dæmt. Brot ákærðu er réttilega heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsiákvörðun héraðsdóms verður staðfest.

Bótakröfu Svandísar Gylfadóttur verður ekki vísað frá dómi af þeim sökum, að héraðsdómari hafi farið út fyrir mörk leiðbeiningarskyldu sinnar um framsetningu kröfunnar, en til hennar naut hún ekki aðstoðar lögmanns. Eftir atvikum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan lið.

Ákærða skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Guðbjörg Birna Gunnlaugsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 4. mars 1992.

I.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. mars, er í sakadómi Njarðvíkur, sem haldinn er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 91.2573 A.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. f. m., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 29. nóvember 1991, á hendur Guðbjörgu Birnu Gunnlaugsdóttur, Smiðjustíg 2, Njarðvík, kt. 311060-2449, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 24. ágúst 1991 í veitingahúsinu Edenborg, Hafnargötu 30, Keflavík, kastað glasi í andlit Svandísar Gylfadóttur, kt. 231169-4319, með þeim afleiðingum, að hún marðist og bólgnaði yfir hægra auga og niður á kinnbein.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, ef þeirra verður krafist".

Laugardaginn 24. ágúst 1991 kl. 1.56 var óskað eftir lögreglu að veitingastaðnum Edenborg, Hafnargötu 30, Keflavík, vegna stúlku, sem hafði fengið skurð á höfuð. Inni í eldhúsi veitingastaðarins hittu lögreglumenn ákærðu og systur hennar, Þórönnu, Fífumóa 5 B, Njarðvík, og sambýlisfólkið Svandísi Gylfadóttur, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, kt. 231169-4319, og Friðrik Pétur Ragnarsson. Öll voru þau drukkin og illa viðræðuhæf vegna æsings að sögn lögreglu. Ákærða í máli þessu kvaðst aðspurð hafa verið inni á veitingastaðnum ásamt systur sinni, Þórönnu. Skyndilega hefði einhver hellt úr glasi yfir sig. Hún hefði snúið sér við, séð Svandísi og talið, að hún hefði gert það. Kvaðst hún hafa verið með glas í hendi og hent því í andlit Svandísar. Rétt eftir að þetta gerðist, hefði Friðrik komið þarna mjög æstur, „skallað" Þórönnu og síðan gripið í úlnlið Guðbjargar Birnu með þeim afleiðingum, að ól á armbandsúri slitnaði, og einnig hafi slitnað armband og tapast. Aðspurð kvaðst Svandís ekki hafa hellt yfir Guðbjörgu

Birnu. Friðrik kvaðst ekki hafa orðið vitni að þessu, en talið, að Þóranna hefði orðið völd að meiðslum Svandísar. Hann hefði reiðst mjög, gripið í höfuð henni og „skallað" hana í andlit. Svandís var með lítinn skurð ofan við hægra auga og sjáanlega marin að sögn lögreglunnar. Þóranna var töluvert bólgin ofan við nef. Ekki fundust vitni nema Óskar Halldórsson dyravörður. Hann kvaðst hafa orðið vitni að því, er Friðrik hefði „skallað" Þórönnu. Hann hefði gripið í höfuð henni, öskrað: „Gerðir þú þetta?" — og síðan „skallað" hana, þegar hún svaraði engu.

Fram hefur verið lagt áverkavottorð Hrafnkels Óskarssonar læknis um skoðun á Svandísi Gylfadóttur 24. ágúst 1991 kl. 2.10. Við skoðun fundust ekki sár, en hins vegar mar og bólga yfir hægra auga, og Svandís var aum og bólgin niður á hægra kinnbein. Ekki sáust merki um brot á andlitsbeinum, en við athugun á sjón virtist koma fram tvísýni. Hinn 29. ágúst var mar í kringum augað (glóðarauga), en bólga á kinnbeini hafði minnkað mikið. Fram hafði komið smá-blæðing utanvert við augastein í hvítunni. Tvísýni var horfin.

Í vottorði Hrafnkels Óskarssonar læknis, dags. 13. september 1991, greinir frá því, að við innanverða neðri brún hægri augntóftar Svandísar hafi myndast allstórt örvefshersli vegna áverkans. Herslið sé til mikillar óprýði, og hjaðni það ekki með tímanum, sem gæti þó tekið nokkra mánuði, gæti síðar þurft að lagfæra þetta með skurðaðgerð. Svandís hefur upplýst, að ekki hafi reynst þörf á skurðaðgerð.

Skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi hafa gefið ákærða, Svandís Gylfadóttir, Þóranna Gunnlaugsdóttir, Margrét Blöndal, Freyjuvöllum 10, Keflavík, og Jón Jóhann Einarsson, Borgarvegi 26, Njarðvík.

Ákærða skýrir svo frá, að hún hefði verið á barnum á veitingastaðnum Edenborg og keypt sér áfengisglas, hitt Þórönnu, systur sína, og þær gengið fram á gang við inngangginn, þar sem hafi verið margt fólk. Þá hafi það gerst, að hún hafi fengið yfir sig áfengisgusu, síðan fengið högg á hægra auga. Þá hafi hún séð Svandísi Gylfadóttur og skvett áfengi á hana úr áfengisglasi, en fengið í staðinn högg frá Svandísi vinstra megin á andlit. Ákærða neitaði að hafa kastað glasinu í Svandísi og kvað fullvíst, að það hefði ekki lent framan í henni, enda hafi um hálfur metri verið á milli þeirra. Hún kveðst síðan hafa farið á snyrtiherbergið ásamt Þórönnu og lagt frá sér áfengisglasið, sem hún hafði haldið á, á klósettkassa, og hafi um fjórðungur verið eftir í því. Svandís hafi komið í snyrtiherbergið á eftir þeim systrum, og hafi enginn áverki sést á henni. Sjálf kvaðst ákærða ekki hafa hlotið áverka af höggum Svandísar, en verið aum á gagnaugum.

Svandís Gylfadóttir kveðst hafa staðið á gangi í Edenborg framan við dyr að salernum og við útganginn og verið að ræða við Jón Jóhann Einarsson, er hellst hafi yfir sig vín. Hafi hún haldið, að ákærða hefði hellt á

sig úr glasi, og beðið hana að slaka á, en hins vegar ekki slegið hana og haldið áfram að tala við Jón Jóhann. Þá hafi hún ekki vitað fyrr en hún fékk glas á hægra auga. Vissi hún ekki, hvort því hafði verið kastað, en hins vegar verið sagt, að svo hafi verið. Ekkert annað kvað hún hafa komið fyrir, sem hefði getað valdið meiðslunum. Hún kvað ákærðu vera einu manneskjuna, sem sjáanlega hefði getað verið völd að því, sem gerðist. Hún kvað hafa sprungið fyrir við nefrót og nokkuð blætt, en þeirri skinnsprettu verið lokað með kælingu þar á staðnum. Hún kvaðst hafa farið inn á snyrtiherbergi og kvaðst aðspurð ekki hafa séð neitt áfengisglas þar. Hún kvaðst hafa orðið þar fyrir áreitni af hálfu systranna. Eftir þetta hafi hún farið á sjúkrahús.

Þóranna Gunnlaugsdóttir kvaðst ekki hafa orðið sjónarvottur að því, að áfengi skvettist yfir ákærðu og Svandísi. Hún kvaðst eftir á hafa heyrt, að Svandís hefði slegið ákærðu hægra megin í andlitið. Sjálf kvaðst hún hafa séð ákærðu skvetta víni yfir Svandísi, sem hafði síðan slegið ákærðu vinstra megin í andlit. Hún kvað glasið, sem ákærða skvetti úr framan í Svandísi, ekki hafa lent á andliti hennar. Þær systur fóru inn á snyrtiherbergi og Svandís á eftir þeim. Ætlaði Svandís þar að ráðast aftur á ákærðu, en Þóranna reif í hár henni. Hún kvað ákærðu hafa lagt áfengisglasið, sem hún hafði haldið á, á vaskaborðið í snyrtiherberginu.

Margrét Blöndal kvaðst hafa staðið á gangi Edenborgar umrætt sinn. Þar hafi verið hávaðarifrildi milli Svandísar Gylfadóttur og ljóshærðrar stúlku, ákærðu. Þær hafi síðan gengið sín í hvora átt. Þá hafi ákærða skyndilega snúið sér við og skvett úr glasi, sem hún hélt á, aftan á Svandísi. Svandís hafi snúið sér við og ákærða þá um leið kastað glasinu í hana. Glasið hafi lent á hægra auga Svandísar og skoppað síðan um gólfið án þess að brotna. Hún kvað einn til tvo metra hafa verið á milli umræddra stúlkna, en sjálf hefði hún verið í tveggja til þriggja metra fjarlægð frá þeim.

Jón Jóhann Einarsson kvaðst hafa verið að tala við Svandísi Gylfadóttur á ganginum í Edenborg, þegar atvik máls þessa urðu. Þá hafi það gerst, að tvær konur (systur) hafi komið og engum togum skipt, að önnur þeirra rak glas í andlit (í auga) Svandísar, og um leið skvettist úr glasinu. Hann kvaðst hafa séð blóð á andliti Svandísar eftir þetta.

Ekki verður rakinn framburður vitna, sem gáfu skýrslur hjá rannsóknarlögreglu, en ekki þótti ástæða til að kveðja fyrir dóminn.

Með framburði ákærðu og vitna svo og læknisvottorði er sannað, að ákærða hefur í umrætt sinn kastað eða rekið glas í andlit Svandísar Gylfadóttur með þeim afleiðingum, að hún marðist og bólgnaði yfir hægra auga og niður á kinnbein. Óvissa um, hvort ákærða henti glasinu í Svandísi eða rak það framan í hana, hindrar ekki, að áfall verði dæmt, sbr. 3. mgr.

118. gr. laga nr. 74/1974. Áverkinn verður talinn ákærðu til ásetningsverks, enda mátti henni vera ljóst, að yfirgnæfandi líkur væru á, að líkamsmeiðsl hlytust af háttsemi hennar. Á hinn bóginn er ekki sannað, að Svandís hafi gefið ákærðu tilefni til atlögunnar, sem var háskasamleg, þar sem hún beindist að höfði Svandísar.

Brot ákærðu varðar hana refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Refsing ákærðu, sem hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé, þykir hæfilega ákveðin 30.000 kr. sekt, og komi varðhald tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svandís Gylfadóttir hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu:

1. Útlagður lækniskostnaður		kr. 6.420
2. Miskabætur(sársauki, óþægindi, lýti)		kr. 60.000
	Samtals	kr. 66.420

Ákærða hefur andmælt kröfunni.

Fyrri liður skaðabótakröfunnar er studdur kvittun sjúkrahúss og verður tekinn til greina að fullu. Við ákvörðun miskabóta er tekið tillit til óþæginda Svandísar Gylfadóttur af áberandi glóðarauga í starfi sínu á hársnyrtistofu, og þykja þær hæfilega ákvarðaðar 45.000 kr. Skaðabætur nema því samtals 51.420 krónum ásamt vöxtum, sem krafist hefur verið og greindir verða í dómsorði.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna Ásbjörns Jónssonar hdl., 50.000 króna.

Dómsorð:

Ákærða, Guðbjörg Birna Gunnlaugsdóttir, greiði sekt, 30.000 kr., í ríkissjóð, og komi varðhald tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði Svandísi Gylfadóttur, kt. 231169-4319, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, skaðabætur, 51.420 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsbirtingu til greiðsludags.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Ásbjörns Jónssonar hdl., 50.000 krónur.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 57/1993. **Ákæruvaldið**
gegn
Skarphéðni Birkissyni.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Ákæruvald lögreglustjóra. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvalds hálfu til refsiákvörðunar og hækkunar miskabóta.

Mál þetta er tekið til meðferðar í Hæstarétti samkvæmt 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í ákæru er ákærði talinn hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákæran gefin út af sýslumanninum á Akureyri í samræmi við fyrirmæli í bréfi ríkissaksóknara 22. apríl 1992. Með dómi Hæstaréttar 7. janúar 1993 var 28. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, skýrð svo, að ekki væri heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, er legðu þyngri viðurlög við broti en sektir, upptöku eigna eða varðhald. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru í málinu frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur og ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 226/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Böðvari Guðmundssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Eignaspjöll. Skilorð. Fésekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu og hækkunar skaðabóta.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var lögð fram kvittun lögmanns bótakrefjanda, Kristjáns Guðbjartssonar, frá 10. febrúar 1993 fyrir greiðslu frá ákærða, að fjárhæð 89.308 krónur. Á kvittuninni er svofelld áritun: „Fullnaðargreiðsla vegna líkamsárásar 25. 4. 1991, sbr. dóm sakadóms Kóp. 22/4 1992." Í samræmi við þessa áritun var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfu um hækkun skaðabóta.

Árás ákærða á Kristján Guðbjartsson var tilefnislaus og ruddafengin. Þá var atferli hans ekki síður háskalegt vegna þeirra aðstæðna, sem Kristján starfaði við í pylsuvagni sínum á Lækjartorgi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fimm mánaða varðhald ákærða. Við þá ákvörðun er til þess að líta, að dómur frá 14. apríl 1987, þar sem ákærði var dæmdur í 15 daga skilorðsbundið varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur ekki ítrekunaráhrif, sbr. 61. gr. sömu laga. Með hliðsjón af framangreindu uppgjöri ákærða við bótakrefjanda og aðstæðum hans að öðru leyti þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hins vegar verður ákærði jafnframt dæmdur til þess að greiða 30.000 króna

sekt í ríkissjóð vegna brota sinna, sbr. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, og komi varðhald í tíu daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Það athugast, að upplýst er, að ákærði hefur þegar greitt annað tveggja læknisvottorða í málinu.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Böðvar Guðmundsson, sæti varðhaldi í fimm mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 22. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 4. febrúar 1992, „á hendur Böðvari Guðmundssyni, Engihjalla 7, Kópavogi, fæddum 28. apríl 1965, fæðingarnúmer 577, fyrir eignaspjöll og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 25. apríl 1991 á Lækjartorgi við Austurstræti í Reykjavík veist að Kristjáni Guðbjartssyni, fæddum 12. nóvember 1942, þar sem hann var við vinnu í pylsuvagni, svipt upp hurðinni á vagninum, svo að hurðarhúnn brotnaði, togað Kristján út úr vagninum, skellt aftur hurðinni, svo að lamir brotnuðu, rekið Kristjáni högg í enni með höfðinu og sett fyrir hann fótinn,

svo að hann féll í götuna, tekið um höfuð hans, þar sem hann lá í götunni, og slegið því margsinnis við götuna og hert hálsbindi að hálsi hans og, er Kristján náði að standa á fætur, rekið honum að nýju högg með höfðinu í andlitið, fellt hann í götuna og slegið höfði hans enn við götuna, en við þetta marðist Kristján á hnakka og hálsi, bólgnaði á hægri kinn og hruflaðist á hnúum hægri handar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir.

Samkvæmt skýrslum lögreglu, framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að 25. apríl 1991 kl. 3.20 að morgni var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um, að verið væri að ráðast á afgreiðslumann í pylsuvagni á Lækjartorgi.

Þegar lögreglan kom á vettvang, voru tveir menn í átökum fyrir framan pylsuvagninn, og reyndust það vera ákærði í máli þessu og Kristján Guðbjartsson, sem á og rekur pylsuvagninn á Lækjartorgi.

Kristján skýrði lögreglunni svo frá, að ákærði hefði komið að vagninum með miklum látum, brotið upp hurðina og ráðist á sig, af því að hann hefði ekki viljað skipta ávísun, sem hann hefði verið með.

Lögreglan getur þess í skýrslu sinni, að dyrum á vagninum hafi ekki verið hægt að loka eftir þessa uppákomu. Lögreglan handtók ákærða og færði hann á lögreglustöð í járnum, en hann veitti mikla mótspyrnu og barðist um á hæl og hnakka þrátt fyrir járnin.

Hinn 25. apríl 1991 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu vegna atburða næturinnar í framhaldi af dvöl í fangageymslu.

Kvaðst ákærði hafa verið að koma af veitingahúsinu Berlín og hafa gengið beint að pylsuvagninum á Lækjartorgi, pantað sér pylsu og ætlað að greiða hana með ávísun, en afgreiðslumaðurinn ekki viljað taka ávísun sem greiðslu.

Þeir hafi deilt um þetta, en afgreiðslumaðurinn hafi komið út úr vagninum, og einhver handalögmál hafi orðið, sem ákærði kvaðst muna óljóst eftir, þar eð hann hefði verið töluvert ölvaður. Síðan hafi hann ekkert vitað, fyrr en hann var handtekinn.

Ákærði kvaðst ekki hafa brotið upp hurðina á pylsuvagninum, heldur hefði afgreiðslumaðurinn komið út sjálfur, og kvaðst ákærði því ekki bæta neitt tjón á vagninum.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið mjög drukkinn þetta kvöld og myndi lítið eftir atburðum næturinnar. Hann kvaðst þó

muna óljóst eftir því, að einhver átök hefðu orðið milli sín og Kristjáns. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort það var hann eða Kristján, sem átti upptökin að átökunum, en verið hafi ágreiningur um það, hvort ákærði fengi afgreiðslu.

Aðspurður kvaðst ákærði muna eftir því að hafa skellt Kristjáni í götuna, en tók fram, að þeir hefðu raunverulega dottið saman. Ekki kannaðist ákærði við að hafa skallað Kristján í höfuð eða andlit eða skellt höfði hans í götuna né að hafa togað í hálsbindi hans.

Hann kvað þá hafa velst eitthvað um og undir borð, sem þarna hefði verið. Á því hefðu einhverjir krakkar setið og þeir stigið ofan á þá. Þeir hefðu þá staðið upp, og í því hefði lögreglan komið.

Ákærði taldi átök þeirra Kristjáns aðeins hafa tekið skamma stund, u. þ. b. eina mínútu, og man ekki, hvort þeir duttu í götuna oftar en einu sinni. Þá minnti ákærða, þó óljóst, að einhver annar maður hefði verið á undan sér í röðinni, og einnig taldi hann jafnvel, að tveir menn hefðu verið í pylsuvagninum.

Ákærða minnti, að Kristján hefði komið sjálfur út úr vagninum, en taldi sig hafa sparkað í hurðina á vagninum, eftir að hann kom út, og hurðin þá skemmst. Þá upplýsti ákærði, að hann hefði farið að pylsuvagninum í vikunni, eftir að þetta gerðist, til þess að bjóða bætur vegna skemmdanna á vagninum, en Kristján þá ekki verið við.

Hinn 2. maí 1991 kærði Kristján Guðbjartsson ákærða fyrir skemmdarverk og líkamsárás 25. apríl 1991 og gaf skýrslu hjá lögreglu um málsatvik.

Skýrir Kristján svo frá, að hann hafi verið að afgreiða ákærða um pylsu og séð, er hann tók upp veskið, að hann var með peninga. Hann hafi viljað skrifa ávísun fyrir pylsunni, en Kristján bent honum á skilti, sem hann hafi á vagninum, þar sem segi, að ávísanir séu ekki teknar sem greiðsla.

Ákærði hafi þá orðið mjög vondur og hent í sig stálbakka, sem á borðinu var. Ákærði hafi farið til hliðar við vagninn, að hurðinni, en Kristján sett krækju fyrir hurðarhúninn, en ákærði hafi brotið upp húninn á hurðinni, svo að lamir, sem á vagninum séu og geti ekki opnað hurðina upp á gátt, brotnuðu þannig, að neðri lömin hafi brotnað af og hurðin hangið á efri löminni.

Kristján kveður ákærða hafa sparkað ofan á ristina á hægra fæti sínum, og við það hafi hann ósjálfrátt beygt sig fram, en ákærði þá skallað sig í ennið og sett fót fyrir sig um leið, svo að hann hafi fallið í götuna.

Ákærði hafi stokkið ofan á sig, þrifið í bindi sitt og hár og skellt höfðinu margsinnis í götuna. Kristján kvaðst hafa náð að hrista hann af sér og kalla í mann að ná í lögreglu, en síðan gengið að vagninum og farið í úlpu og farið að huga að hurðinni, hálfvankaður eftir þessa árás.

Ákærði hafi reynt að ráðast á sig aftur, en maður, er þarna var, hafi

getað komið í veg fyrir það í fyrstu, en síðan hafi ákærði náð að ráðast á sig aftur með sömu aðferð og áður, skallað sig í andlit og náð sér í götuna og byrjað að lemja höfðinu við götuna. Kristján kveðst hafa kallað á hjálp, en ekki vita, hvernig sér tókst að komast upp. Hann hafi síðan hörfað frá ákærða, sem alltaf hafi verið að reyna að ráðast á sig aftur, en síðan hafi lögreglan komið og tekið ákærða.

Kvaðst Kristján hafa farið fljótlega eftir þetta upp á slysadeild, en hann hafi átt í erfiðleikum með að ganga frá vagninum, svo að traust væri.

Kristján Guðbjartsson kom fyrir dóm og bar vitni og skýrði frá atvikum á sama veg og hjá lögreglu. Þá skýrði vitnið sérstaklega aðspurt svo frá, að það hefði ekki komið út úr vagninum, þegar þræturnar byrjuðu, heldur hafi ákærði brotið upp hurðina, stigið inn í vagninn og kippt vitninu út, sem var eitt við afgreiðslu í vagninum og allsgáð eins og venjulega. Þá kvað vitnið enga röð hafa verið við vagninn, er ákærða bar að.

Vitnið kvaðst aðspurt hvorki hafa ýtt við ákærða né reynt að stugga honum burtu á annan hátt, heldur hefði ákærði ráðist á sig að fyrra bragði.

Þá tók vitnið fram, að það hefði orðið mjög hrætt, þegar ákærði réðst á sig, og óttast um líf sitt, er ákærði herti svo mjög að hálsbindi sínu, að það náði ekki andanum.

Þá kveðst vitnið hafa verið frá vinnu tvær vikur eftir atburðinn, bæði vegna sýnilegra áverka í andliti og stanslauss höfuðverkjar, og verið lengi að jafna sig í höfðinu. Þá kveðst vitnið hafa haft svo mikinn verk í hálsi, að það hafi ekki getað kyngt mat, og hafa leitað til háls-, nef- og eyrnalæknis vegna þessa.

Lagt hefur verið fram í málinu læknisvottorð, dags. 27. 10. 1991, undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni lækni, byggt á bókun í sjúkraskrá Kristjáns á göngudeild Borgarspítalans í Fossvogi 25. 4. 1991. Í vottorðinu segir meðal annars: „Skoðun við komu á slysadeild leiddi eftirfarandi í ljós: Dálítið upphleypt mar var í hnakka sjúkl. vi. megin frá miðlínu. Roðaflekkir voru hér og þar í hársverði frá hvirfli og allt fram að enni. Útlit flekkjanna var talið geta samrýmst því, að hár hefði verið slitið þarna upp úr hársverðinum. Vægur bólguþroti var á hæ. kinn sjúkl., en ekki fundust þar nein merki um brot á beinum.

Á hálsi var um tveggja cm breitt far, sem var misgreinilegt, en náði þó allan hringinn um hálsinn og var í þeirri hæð, þar sem hálsbindi myndi vera. Litur í þessum húðáverka var rauðleitur og punktblæðingar sums staðar, sem bentu til, að háræðar hefðu sprungið þarna. Útlit farsins sýndist vel geta samrýmst því, að bindi eða annað band hefði verið hert þarna að hálsi sjúkl.

Á hnúum á hæ. hendi sjúkl. var minni háttar hrufl.

Framangreindir áverkar voru ekki taldir gefa tilefni til neinnar meðferðar.“

Þá hefur Kristján lagt fram vottorð Einars Thoroddsens læknis, dags. 10. 12. 1991, svohljóðandi: „Kristján kom í skoðun á HNE-deild til mín 30. 4. 1991. Hann hafði orðið fyrir árás nokkrum dögum áður og var mjög aumur og marinn utan á og innan á hálsi og með köfnunarkennd, auk þess glóðaraugu. Var þessa vegna óvinnufær í 10-14 daga um þessar mundir.“

Vitnið Gísli Ingimundarson gaf skýrslu hjá lögreglu 1. október 1991 og skýrði þá svo frá, að það hefði séð, hvar pylsusalinn og árásaraðili hefðu verið í stimpingum við dyr pylsuvagnsins, og síðan hefði þetta borist út á Lækjartorg, og þar hefði afgreiðslumaðurinn fallið við og dottið í götuna, en staðið síðan upp aftur. En þá hefði lögreglan komið þar að og handtekið árásarmanninn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þennan mann slá afgreiðslumanninn í andlitið, en sýndist hann slá á axlir honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð upphafið að þessu og fyrst hafa tekið eftir, þegar þeir stóðu báðir fyrir utan dyrnar á pylsuvagninum.

Gísli Ingimundarson kom fyrir dóm til að bera vitni, en kvaðst aldurs síns vegna ekki muna atvik lengur, en vitnið er 78 ára gamalt. Vitninu var þá sýnd skýrsla sú, sem það gaf hjá lögreglu, og kvað það efni hennar vera rétt, eftir því sem það myndi. Staðfesti vitnið undirritun sína á skýrsluna.

Bótakrafa.

Af hálfu Kristjáns Guðbjartssonar hefur verið krafist skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 238.121 kr. Kröfu sína sundurliðar Kristján þannig:
— — —

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við Kristján Guðbjartsson á Lækjartorgi 25. apríl 1991, svo sem rakið er hér að framan, og að hafa valdið skemmdum á pylsuvagni hans þar á torginu.

Framburði ákærða og vitnisins Kristjáns Guðbjartssonar ber ekki alls kostar saman, svo sem að framan er rakið. Framburður ákærða er óljós um margt, þar sem hann kvaðst ekki muna atvik sökum ölvunarástands. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi opnað vagninn og kippt Kristjáni út. Þrátt fyrir þessa neitun ber að telja sannað, að upphaf átakanna hafi verið á þann veg, er í ákæru greinir, enda hefur ákærði viðurkennt að hafa valdið skemmdum á hurðinni án þess að geta skýrt, hvernig það gerðist. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að 3. mgr. 218. gr. a geti átt við hér.

Framburður Kristjáns er skýr, og fellur frásögn hans af atvikum saman

við áverka þá, sem getur á læknisvottorðum, en ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til annars en þess, að vitnið hafi hlotið áverkana í átökum við ákærða. Ber því að öllu framangreindu virtu að leggja vitnisburð hans til grundvallar. Framburður vitnisins Gísla Ingimundarsonar styður framburð Kristjáns, svo langt sem hann nær.

Að framansögðu og gögnum málsins virtum ber að telja nægilega sannað, að ákærði hafi brotið svo af sér sem í ákæru greinir og þykir þar rétt fært til refsiákvæða. Ákærði er sakhæfur og hefur áður sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

— — —

[Ákærði hefur þrisvar sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot, og 14. apríl 1987 var hann dæmdur í 15 daga varðhald fyrir líkamsárás, skilorðsb. til tveggja ára.]

Með hliðsjón af því, að árásin var svo harkaleg, að verulegur háski gat stafað af, og því, að ákærði hefur áður verið dæmdur sekur um ofbeldisverk, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald fimm mánuði.

Rétt þykir þó í samræmi við 57. gr. a l. nr. 19/1940 að skilorðsbinda hluta refsingarinnar þannig, að tveir mánuðir verði óskilorðsbundnir, en þrír mánuðir skilorðsbundnir í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Með hliðsjón af framangreindu ber að telja ákærða bera skaðabótaábyrgð á tjóni Kristjáns Guðbjartssonar vegna árásarinnar og skemmdarverksins.

— — —

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Eggerts B. Ólafssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 45.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Böðvar Guðmundsson, sæti varðhaldi fimm mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða varðhalds og það niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts B. Ólafssonar hdl., 45.000 krónur.

Ákærði greiði Kristjáni Guðbjartssyni skaðabætur, að fjárhæð 70.000 kr., með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá 14. janúar 1992 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 263/1989. **Örn Guðmundsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Gámaþjónustunni hf.
(Atli Gíslason hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, og til þrautavara, að kröfufjárhæð stefnda verði stórlækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sumarið 1987 var áfrýjandi ráðinn til þess af Ríkisútvarpinu og Hafrannsóknastofnun að rífa og fjarlægja innréttingar í húsnæði að Skúlagötu 4 í Reykjavík, sem Ríkisútvarpið hafði haft á leigu. Í fyrstu stóð til að koma fyrir rennu utan á húsinu til flutnings á úrgangi af 6. hæð í opna gáma á jörðu niðri, en frá þeirri ráðagerð var horfið og ákveðið í þess stað að fá krana til að lyfta gámunum upp að 6. hæð og ryðja í þá úrganginum út um glugga. Var stefndi fenginn til að láta í té í þessu skyni þrjá gáma, er hann átti. Kom hann fyrir á þeim nauðsynlegum búnaði til hífingar. Hann hafði og milligöngu um útvegun krana. Honum stjórnaði Gottskálk Jón Bjarnason, sem virðist hafa verið eigandi kranans. Einfaldur vír var hafður í bómu kranans við hífingu gámanna. Þeir voru fluttir burt til losunar á sérstaklega útbúnum bifreiðum í eigu stefnda. Framkvæmdir þessar áttu sér stað þeim megin hússins, sem að Skúlagötu snýr.

Síðdegis 19. eða 26. september slitnaði kranavírinn, er hlöðnum

gámi var slakað niður. Hrapaði hann úr töluverðri hæð og lenti ofan á tveim tómum gámum á jörðu niðri. Má ráða af ljósmyndum, sem teknar voru á vettvangi, að gámarnir hafi allir skemmst mikið. Slys urðu ekki á mönnum. Engin rannsókn fór fram vegna þessa atburðar.

Með hliðsjón af kröfum um öryggi gegn slysum á vinnustöðum, sem lög áskilja, sbr. t. d. ýmis ákvæði í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og vegna slysahættu, sem yfir vofði, eins og að umræddu verki var staðið, var rétt og skylt, að fram færi opinber rannsókn lögreglu og Vinnueftirlits í kjölfar þessa atburðar, sbr. 12. tl. 2. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, 4. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 og 1. mgr. 1. gr. reglna um tilkynningu vinnuslysa nr. 612/1989.

Stefnda var skylt eins og öðrum, sem beinan hlut áttu að umræddu verki, að gera gangskör að því, að opinber rannsókn færi fram. Þar sem rannsókn fórst fyrir, er ekkert vitað um ástand kranavírsins eða styrkleika hans með tilliti til þess þunga, sem á honum mæddi; alveg er á huldu, hve þungur gámurinn var, sem hrapaði niður, og óvissa er um, við hvern eða hverja er að sakast um það, sem aflaga kann að hafa farið við framkvæmd verksins.

Fyrir stefnda sem tjónþola var slík rannsókn mikilvæg til að tryggja sönnur fyrir skilyrðum bótaábyrgðar á tjóni hans, enda kom á daginn, þegar á reyndi, að hver þeirra, sem stefndi beindi að bótakröfu sinni, vísaði á annan.

Jafnframt var brýn og augljós nauðsyn þess, að stefndi tryggði sér viðhlítandi sönnur fyrir tjóni sínu. Í því skyni var óhjákvæmilegt, að fram færi skoðun sérfróðra manna á umræddum gámum, að fengið væri rökstutt álit þeirra á möguleikum á viðgerð og mat á viðgerðarkostnaði, ef því var að skipta. Engra upplýsinga nýtur í málinu um þessi mikilsverðu atriði, og hvergi kemur fram í gögnum þess, hvað um gámana varð.

Afleiðing þess, sem að framan er rakið, varð sú, að mikið skorti á, er málið var höfðað, að fram lögð gögn væru viðhlítandi. Í stað þess að kosta kapps um úrbætur í því efni, meðan á rekstri málsins stóð, lét stefndi við þetta sitja og lagði málið við svo búið í dóm, eftir að hafa fallið frá kröfum á aðra stefndu en áfrýjanda. Mátti

þó vera ljóst, að málið væri eigi tækt til efnisdóms, eins og það var úr garði gert.

Vegna þessara stórvægilegu annmarka á gagnaöflun og málflutningi í héraði af hálfu stefnda verður ekki hjá því komist að ómerkja ex officio hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, eins og atvikum öllum er háttað, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 272/1990. **Gunnhildur Ragnarsdóttir**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Valdimar I. Sigurjónssyni
(Kjartan Ragnars hrl.)
og gagnsök.

Óvígð sambúð. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1990. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: „að viðurkennt verði, að hluti aðaláfrýjanda við skipti á félagsbúi hennar og gagnáfrýjanda verði 94,388% eignarhluti hennar í íbúðinni að Breiðvangi 24 í Hafnarfirði, 4. hæð til vinstri, en að hluti gagnáfrýjanda verði talinn 5,612%, að aðaláfrýjandi verði ein talin eigandi bifreiðarinnar R-39090 og að innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 280534 við Sparisjóð Kópavogs sem og gjaldeyrisreikningurinn verði viðurkennd eign aðaláfrýjanda einnar, en innstæða reikningsins nam þann 31. 12. 1988 G.B.P. 1.661,71 (með vöxtum).

Varakröfur: að viðurkenndur verði 75,6% eignarhluti aðaláfrýjanda í ofangreindri íbúð að Breiðvangi 24 í Hafnarfirði, enda verði gagnáfrýjanda gert að greiða upp að fullu skuld vegna láns Byggingarsjóðs ríkisins skv. veðskuldabréfi, út gefnu af gagnáfrýjanda 1. ágúst 1986, upphaflega að fjárhæð kr. 526.000,00. Í varakröfu eru sömu kröfur og í aðalkröfum varðandi ofangreinda bifreið og gjaldeyrisreikning.

Þrautavarakröfur: að viðurkenndur verði 65,411% eignarhluti aðaláfrýjanda í ofangreindri íbúð, enda verði gagnáfrýjanda gert að greiða upp að fullu skuld vegna ofangreinds láns við Byggingarsjóð ríkisins skv. veðskuldabréfi, út gefnu af gagnáfrýjanda 1. ágúst 1986, upphaflega að fjárhæð kr. 526.000.00.

Í þrautavarakröfum eru kröfur óbreyttar frá aðalkröfum, að því er varðar tilgreinda bifreið og gjaldeyrisreikning.

Ýtrustu þrautavarakröfur: Að viðurkennd verði önnur eignahlutföll aðila í áðurgreindri íbúð, en kröfur varðandi bifreiðina og gjaldeyrisreikninginn þær sömu og í aðalkröfum."

Í öllum tilvikum gerir aðaláfrýjandi þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. ágúst 1990. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um annað en málskostnað, en krafist er málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Fyrir Hæstarétti gerði gagnáfrýjandi upphaflega kröfu um leigugjald úr hendi aðaláfrýjanda fyrir afnot íbúðarinnar, en féll frá þeirri kröfu við munnlegan málflutning.

Óvígð sambúð málsaðila hófst 2. nóvember 1984 í leiguíbúð að Hjallabraut 19, Hafnarfirði, en lauk 29. september 1988 að Breiðvangi 24, Hafnarfirði. Þar höfðu aðilar keypt íbúð 24. júní 1986. Við kaup íbúðarinnar höfðu aðilar orðið ásátt um, að aðaláfrýjandi skyldi eiga 60% hluta hennar og gagnáfrýjandi 40%. Var það skráð í kaupsamningi og honum þannig þinglýst. Á skattframtölum aðila hefur íbúðin verið eignfærð í þessum hlutföllum. Þegar þetta er virt, ber aðaláfrýjandi sönnunarbyrði um, að raunveruleg fjárframlög aðila til íbúðarkaupanna hafi verið með þeim hætti, að eignarhluti hennar í íbúðinni eigi að vera meiri en 60%. Sú sönnun hefur eigi tekist. Ber því að fallast á niðurstöðu skiptaréttar um skiptingu eignarhluta aðila í íbúðinni og skiptingu skulda.

Með vísan til forsendna úrskurðar skiptaréttar ber að fallast á þá niðurstöðu hans, að innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 280534 í Sparisjóði Kópavogs sé eign aðila að jöfnu.

Í ljós er leitt í málinu, að aðaláfrýjandi festi ein kaup á bifreiðinni R-39090 án atbeina gagnáfrýjanda, útvegaði fé í útborgun, gaf ein út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum, sá ein um rekstur bifreiðarinnar að öllu leyti, taldi hana ein fram á skattskýrslum sem eign sína og greiddi ein upp veðskuldabréfið. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að gagnáfrýjandi hafi nokkurn hlut átt í kaupum bifreiðar þessarar, og ber því að telja hana eign aðaláfrýjanda einnar.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Eftir þessum málalokum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnhildur Ragnarsdóttir, verður ein eigandi bifreiðarinnar R-39090.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um skiptingu eigna og skulda.

Ákvæði úrskurðarins um málskostnað er staðfest.

Gagnáfrýjandi, Valdimar I. Sigurjónsson, greiði aðaláfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 30. maí 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 15. maí 1990.

Sóknaraðili, Gunnhildur Ragnarsdóttir, kt. 191153-4999, Þórufelli 4, Reykjavík, hefur gert eftirfarandi kröfur: aðallega, að viðurkenndur verði 94,388% eignarhluti sinn í íbúð að Breiðvangi 24, Hafnarfirði, 4. hæð t.v., til vara, að viðurkenndur verði 75,6% eignarhluti sinn í íbúðinni, enda greiði varnaraðili upp að fullu lán við Byggingarsjóð ríkisins, útg. 1. 8. 1986, -til þrautavara, að viðurkenndur verði 65,411% eignarhluti sinn, enda greiði varnaraðili upp að fullu lán við Byggingarsjóð ríkisins, -til ýtrustu þrautavara, að skiptaréttur úrskurði aðra eignaskiptingu. Í öllum tilfellum krefst sóknaraðili þess, að hún verði ein talin eigandi að bifreiðinni R-39090 og að gjaldeyrisreikningur nr. 280534 við Sparisjóð Kópavogs verði talinn eign hennar einnar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, Valdimar Sigurjónsson, kt. 060151-3349, Hjallabraut 19, Hafnarfirði, krefst þess, að 40% brúttóandvirðis íbúðarinnar að Breiðvangi 24 verði talin sín eign, þ. e. söluandvirði án tillits til áhvílandi veðskulda nema skuldar á 1. veðrétti, láns við veðdeild Landsbanka Íslands, útg. 21. 11. 1975. Þá krefst hann 50% andvirðis bifreiðarinnar R-39090 og innstæðu á gjaldeyrisreiknigi 280534 í Sparisjóði Kópavogs. Þá krefst hann þess, að sóknaraðila verði úrskurðað skylt að greiða sér hæfilegt leigugjald fyrir afnot íbúðarinnar frá 1. október 1988, uns hún rýmir íbúðina eða leysir til sín eignarhluta varnaraðila. Til vara krefst hann, að skiptaréttur úrskurði aðra skiptingu, sem taki mið af fjárframlögum aðila í eignamyndun þeirra.

Þá krefst hann, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað skv. fram lögðum reikningi eða skv. taxta LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að árið 1984 hófu aðilar máls þessa sambúð. Í fyrstu tóku aðilar á leigu íbúð, en með kaupsamningi, ds. 24. 6. 1986, keyptu þau íbúð að Breiðvangi 24 í Hafnarfirði. Í kaupsamningi var tiltekið, að sóknaraðili skyldi eiga 60%, en varnaraðili 40%. Sambúð aðila lauk síðan í september 1988, en þá fluttist varnaraðili af heimilinu. Fyrir sambúðina átti sóknaraðili íbúð að Þórufelli 4, Reykjavík, en varnaraðili 50% í íbúð að Hjallabraut 19, Hafnarfirði. Báðir aðilar voru svo til skuldlausir. Peningaeign aðila var hins vegar lítil við upphaf sambúðar.

Aðilar gáfu skýrslu fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar 5. apríl 1990.

Sóknaraðili kveður það hafa orðið samkomulag aðila í milli, að hún skyldi eiga 60%, en varnaraðili 40%. Það hafi þó ekki verið gert skv. framlagi hvors um sig. Hún kveðst hafa lagt mun meira í íbúðina. Íbúðin var keypt á 2.800.000 kr. Þar af voru yfirteknar skuldir 69.540,30 kr. Samtals átti að greiða með fjórum greiðslum, hinni síðustu 25. 3. 1987, 1.975.000 kr., en 755.459,70 kr. voru settar á skuldabréf til fjögurra ára. Sóknaraðili kveður móður sína hafa útvegað lán frá Byggingarsjóði ríkisins, 526.000 kr., enda þótt lánið hafi verið tekið í nafni varnaraðila. Nánar aðspurð um lán þetta, þ.e., hvort varnaraðili hafi ekki tekið lán þetta, neitaði hún því og kvað hann eingöngu hafa „lánað" nafn sitt. Þá kveður sóknaraðili móður sína hafa fengið lán frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, 500.000 kr. sem hún hafi notað í íbúðarkaupin. Þá kveður sóknaraðili móður sína hafa lánað sér 300.000 kr. og son sinn 100.000 kr. Varnaraðila kveður hún hafa greitt 157.140 kr. Afgang hafi hún átt á sparifjárreikningum. Sóknaraðili kvaðst hafa hugsað 40% eignarhluta varnaraðila til kominn vegna framlags hans, 157.140 kr., og að hann myndi greiða af lánum þeim, sem hún tæki.

Af skuldabréfinu var greitt einu sinni á ári, í fyrsta sinn 1. 8. 1987. Sóknaraðili kveður sig eina hafa greitt fyrstu tvær greiðslurnar með því að taka út fé af sparifjárreikningum, en einnig hafi móðir sín lánað sér 100.000 kr. Þriðju greiðsluna, þ. e. 1. 8. 1989, kveður sóknaraðili hafa verið greidda þannig, að hún greiddi 60%, en varnaraðili 40%. Sóknaraðili kveðst ein hafa greitt af láni því, sem þau yfirtóku, og af láninu við Byggingarsjóð ríkisins, sem tekið var í nafni varnaraðila. Lagði sóknaraðili fram ljósrit af bankareikningum sínum, sem sýna úttektir af þeim í samræmi við greiðslur á lánum.

Sóknaraðili kveður þá peninga, sem voru á tveimur sparifjárreikningum sínum, þ. e. bókum nr. 6252 og nr. 401958 hjá Sparisjóði vélstjóra, hafa

eingöngu verið fé, sem hún hafi fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. meðlög og mæðralaun með tveimur börnum sínum. Aðeins annað barnið var þó á heimili aðila. Einnig kveður hún sig hafa átt fjóra aðra reikninga hjá Sparisjóði Kópavogs, reikninga nr. 60009, 430450, 430449 og 430460. Reikningar þessir voru stofnaðir, eftir að sambúð hófst.

Sóknaraðili kveður varnaraðila aldrei hafa lagt neitt til heimilisins. Þeir peningar, sem hann hafi unnið fyrir, hafi eingöngu farið í einkaneyslu hans.

Varnaraðili kveður sig og sóknaraðila hafa gert það samkomulag á þeim tíma, er kaupsamningurinn var gerður, að sóknaraðili yrði talinn eigandi að 60%, en hann að 40%. Hafi það samkomulag verið gert að vel athuguðu máli og byggst á áætluðu framlagi hvors um sig, þ. á m. hafðar í huga væntanlegar tekjur hvors um sig svo og lánamöguleikar. Hafi aðalástæðan fyrir þessari skiptingu þó verið sú, að sóknaraðili hafi getað útvegað lán frá Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins, 500.000 kr., sem móðir hennar reyndar sá um að taka, en það lán hvíldi ekki á íbúðinni.

Varnaraðili kveður tekjur sínar hafa verið mun hærri en sóknaraðila þau ár, sem sambúðin varaði.

Skv. skattframtölum árin 1985 - 1989 kemur fram, að launatekjur sóknaraðila árin 1984 - 1988 eru samtals 1.623.478 kr. Meðlög og mæðralaun, sem varnaraðili fékk þessi ár, námu samtals 869.973 kr., svo að samtals fékk sóknaraðili 2.493.451 kr. Tekjur varnaraðila þessi sömu ár voru skv. skattframtölum samtals 3.455.569 kr.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa séð um öll fjármál og bókhald heimilisins. Þannig hafi sóknaraðili fengið laun sín til ráðstöfunar um hver mánaðamót. Hún hafi síðan ráðstafað þeim til þarfa heimilisins, þ. á m. til greiðslu afborgana á kaupsamningi, greitt reikninga og fleira. Það, sem afgangs hafi verið hverju sinni, hafi hún lagt inn á bankareikninga á sínu nafni.

Sóknaraðili kvaðst hafa séð að öllu leyti um fjármál heimilisins. Hún kvaðst hafa skrifað út ávísanir af tékkareiknigi varnaraðila í Samvinnubankanum, en inn á þann reikning fóru öll laun hans til ársins 1987. Hún kvaðst þó eingöngu hafa skrifað út ávísanir, þegar varnaraðila hafi vantað peninga. Hún fullyrti, að peningar varnaraðila hefðu aldrei farið í greiðslu á lánum eða öðrum reikningum né til heimilisrekstrar. Varnaraðili skipti um vinnu árið 1987, og fóru laun hans eftir það inn á bók nr. 39834 hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Ljóst er, að sóknaraðili tók einnig peninga út af þeirri bók.

Hinn 30. desember 1987 pantaði sóknaraðili bifreið af Súbarú-gerð af Hagporti sf. Um var að ræða svonefndar „vatnstjóns"-bifreiðar. Þann dag greiddi hún staðfestingargjald, 300.000 kr. Bifreiðina fékk hún síðan afhenta 2. febrúar 1988 og greiddi þá 100.000 kr., auk þess sem hún

skrifaði undir skuldabréf, að fjárhæð 221.310 kr., sem greiða skyldi mánaðarlega næstu tólf mánuði.

Sóknaraðili kveður sig eina hafa keypt umrædda bifreið. Hún hafi greitt bifreiðina með aðstoð móður sinnar og af sjálfsaflafé. Skuldabréfið kveðst hún hafa greitt ein, en a. m. k. fimm síðustu greiðslur hafi verið greiddar eftir sambúðarslit.

Móðir sóknaraðila kom fyrir réttinn. Hún kvað fyrstu greiðslu, þ. e. 300.000 kr., hafa verið „skrapaða saman" í fljótheitum. Peningarnir hefðu komið frá fyrirtæki sínu, sóknaraðila sjálfum og börnum hennar. Varnaraðili hefði ekki komið þar nærri.

Varnaraðili kveðst hafa verið með í ráðum, er bifreiðin var keypt. Hann muni þó ekki, hvernig bifreiðin hafi verið greidd, enda hafi sóknaraðili ein séð um fjármálin. Varnaraðili kvað það þó vera sinn skilning, að hann ætti helming í bifreiðinni og bifreiðin verið greidd af sínum launum.

Hinn 21. febrúar 1986 stofnaði sóknaraðili gjaldeyrisreikning nr. 280534 hjá Sparisjóði Kópavogs, en innstæða á honum 31. desember 1988 var GBP 1.661,71

Sóknaraðili telur þennan reikning vera sína eign einnar. Hún kveður reikning þennan hafa orðið til með því, að hún hafi ásamt varnaraðila farið til Kanada í júlí 1984. Hún hafi keypt erlendan gjaldeyri, áður en hún fór, og hafi þetta verið afgangur af honum. Hugsanlegt sé þó, að varnaraðili hafi átt einn eða tvo ferðatékka, þegar hún stofnaði reikninginn, en ekki man hún fjárhæðina á þeim.

Varnaraðili kveðst hafa átt gjaldeyri fyrir, þegar þau fóru ferðina til Kanada. Það hafi bæði verið afgangur af gjaldeyri frá fyrri ferðum sínum erlendis, en jafnframt hafi hann verið búinn að kaupa gjaldeyri. Þá kveður hann móður sína hafa gefið sér gjaldeyri sumarið 1984, áður en þau fóru í ferðina. Ekki man hann, hve mikil fjárhæð það var. Ekki kveðst hann geta fullyrt, að hann hafi átt einn allan þann gjaldeyri, sem lagður var inn á reikninginn. Kvað hann hugsanlegt, að sóknaraðili hefði átt einhvern gjaldeyri eftir ferðina.

Móðir varnaraðila kom fyrir réttinn og staðfesti, að hún hefði gefið honum gjaldeyri sumarið 1984. Ekki mundi hún fjárhæðina nákvæmlega, en hélt, að það hefðu verið u. þ. b. USD 850 og NK 750.

Varnaraðili kveður samkomulag hafa orðið um skiptingu lausafjár í réttarhaldi skiptaréttar Hafnarfjarðar 4. október 1989. Þá hafi jafnframt verið bókað, að aðilar væru sammála um, að íbúðin yrði sett í sölu og sóknaraðili hefði hana til umráða endurgjaldslaust á meðan, en tæki að sér að sýna hana.

Varnaraðili segir sóknaraðila ekki hafa staðið við þetta samkomulag. Þessu til staðfestingar lagði hann fram bréf frá fasteignasölunum Magnúsi

Emilssyni og Sveini Sigurjónssyni, þar sem þeir lýsa yfir, að mjög örðuglega hafi gengið að fá að skoða íbúðina. Því kveðst varnaraðili gera kröfu um leigugjald frá 1. október 1988 og þar til sóknaraðili fer úr íbúðinni eða leysi til sín eignarhluta varnaraðila.

Í bréfi, sem lögmaður sóknaraðila ritaði lögmanni varnaraðila 30. janúar 1990, mótmælti hann sölunni. Taldi hann óeðlilegt, að íbúðin yrði seld, áður en úrskurður skiptaréttar lægi fyrir um eignaskiptingu.

III.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að varnaraðili hafi ekkert lagt í kaupin á íbúðinni annað en 157.140 kr. Hún hafi séð um allar aðrar greiðslur vegna kaupsamningsins, auk þess sem hún hafi séð um greiðslur á öllum reikningum og um innkaup til heimilisins. Því beri ekki að taka tillit til skiptingarinnar, eins og hún kemur fram á kaupsamningi, þ. e. 60% og 40%. Telur sóknaraðili, að þinglýsingarreglur eigi ekki að hafa áhrif á kröfuréttarsamband þeirra. Þá telur sóknaraðili einnig, að sanngirnisrök mæli með aðalkröfu sinni.

Varnaraðili reisir hins vegar kröfur sínar á því, að raunveruleg framlög sín hafi verið mun meiri en sóknaraðila. Tekjur sínar á sambúðartímanum hafi verið mun hærri en sóknaraðila. Sóknaraðili hafi þó einnig fengið greidd meðlög og mæðralaun með tveimur börnum sínum, en annað barnið hafi verið hjá þeim, og hafi greiðslur þessar varla verið meiri en það, sem kostar að framfæra barn. Telur því varnaraðili, að ekki verði litið á greiðslur þessar sem hennar einkaframlag, þegar metin séu fjárframlög aðila við eignarmyndun í sambúðinni. Þá telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa leitt að því minnstu líkur, að sparifé hennar sé frá henni komið, heldur hafi það fé, sem afgangs var hverju sinni, verið komið frá varnaraðila, enda þótt allir bankareikningar væru stofnaðir í nafni sóknaraðila.

Kröfu sína um hæfilegt leigugjald reisir varnaraðili á því, að samkomulag um endurgjaldslaus afnot væri úr gildi fallið. Því beri sóknaraðila að greiða leigu frá þeim tíma, að varnaraðili fluttist út.

Hvað bifreiðina varði, telur sóknaraðili sig eina hafa greitt bifreiðina, og því skuli hún teljast sín eign að fullu.

Varnaraðili telur, að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á, að hún hafi ein greitt bifreiðina, og því sé eðlilegt, að andvirði hennar skiptist að jöfnu. Hið sama gildi um bifreiðina og íbúðina, að meta verði raunveruleg framlög aðila á sambúðartímanum.

Gjaldeyrisreikninginn kveður sóknaraðili hafa verið stofnaðan í sínu nafni og hafa alltaf hafa verið sína eign.

Varnaraðili kveðst hafa átt gjaldeyrinn fyrir sambúð, og því eigi hann að fá innstæðu hans að óskiptu.

IV.

Ekki er unnt að fallast á kröfur sóknaraðila, en hún telur, að hún hafi sýnt fram, á að hún hafi ein greitt allar afborganir af íbúðinni, af lánum og öðrum reikningum. Þegar litið er til tekna aðila á sambúðartímanum, er ljóst, að varnaraðili hefur haft mun meiri tekjur en sóknaraðili. Verður að álíta, að laun hans hafi runnið til heimilisins, þ. á m. til greiðslna af íbúðinni, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að laun hans hafi runnið annað. Þykir sóknaraðili því ekki hafa sýnt fram á, að hún hafi í raun fjármagnað ein greiðslur af íbúðinni og af lánum á sambúðartímanum.

Í máli þessu gerðu aðilar kaupsamning, þar sem kveðið er á um, að sóknaraðili skuli eiga 60%, en varnaraðili 40%. Báðir aðilar hafa viðurkennt, að þau hafi rætt sérstaklega, hvernig eignarhlutföllum skyldi háttað, áður en gengið var frá kaupsamningi. Verður því að telja, að þarna hafi verið gerður gildandi samningur um eignarhlutföll.

Þegar íbúðin er keypt, eru aðilar búnir að vera í sambúð u. þ. b. tvö ár og ætla sér að kaupa saman íbúð og halda sambúð áfram. Bæði unnu úti og höfðu tekjur, sem þau hugðust leggja í kaupin á íbúðinni. Má gera ráð fyrir því, að aðilar hafi ætlað sér að ábyrgjast jafnt þau lán, sem tekin voru, að undanskildu láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem hvíldi ekki á íbúðinni.

Sóknaraðili hefur ekki haldið því fram, að lán frá Byggingarsjóði ríkisins hafi verið framlag varnaraðila, heldur hafi hún sjálf séð um að fá það lán ásamt móður sinni, þó að varnaraðili væri skrifaður skuldari. Er því rétt, að báðir aðilar beri jafna ábyrgð á láni þessu svo og öðrum lánum hvílandi á íbúðinni.

Sóknaraðili hefur gert kröfu um, að bifreiðin R-39090 verði talin eign sín einnar. Varnaraðili hefur hins vegar krafist 50% af andvirði bifreiðarinnar. Þegar litið er til tekna aðila á sambúðartímanum, en jafnframt litið til þess, að sóknaraðili greiðir hluta af bifreiðinni, eftir að sambúð lýkur, er rétt að telja, að sóknaraðili eigi 54% eignarhlutdeild í bifreiðinni, en varnaraðili 46% eignarhlutdeild.

Báðir aðilar hafa krafist þess, að gjaldeyrisreikningur nr. 280534 í Sparisjóði Kópavogs verði talinn þeirra eign að fullu. Báðir aðilar hafa þó upplýst, að hugsanlegt sé, að hluti af gjaldeyrinum hafi verið í eigu hins aðilans, er reikningurinn var stofnaður árið 1986. Þó að reikningurinn sé á nafni sóknaraðila, er ljóst, að um er að ræða afgang af gjaldeyri, frá því að þau fóru saman til Kanada sumarið 1984. Báðir aðilar áttu gjaldeyri, er þau fóru utan, sóknaraðili ferðamannagjaldeyri, en varnaraðili gjaldeyri, sem hann hafði fengið að gjöf og hafði keypt. Þar sem aðilar hafa ekki getað sýnt fram á, hversu mikinn gjaldeyri þau áttu fyrir ferðina, og bæði hafa viðurkennt, að hugsanlegt sé, að hluti af gjaldeyrinum, sem þau komu

með heim, hafi verið í eigu hins, verður að telja, að eingarhlutdeild aðila í gjaldeyrisreikningnum sé jöfn.

Varnaraðili hefur gert kröfu um, að sóknaraðila verði úrskurðað skylt að greiða varnaraðila leigugjald fyrir afnot af íbúðinni frá 1. október 1988. Hafna ber þessari kröfu varnaraðila, því að ekki verður séð, að skiptaréttur geti úrskurðað um slíkar kröfur.

Rétt þykir með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við skipti á félagsbúi aðila máls þessa skiptist íbúð á 4. hæð t. v. að Breiðvangi 24, Hafnarfirði, þannig, að eignarhluti sóknaraðila telst 60%, en eignarhluti varnaraðila 40%.

Áhvílandi skuldir á íbúðinni skiptast jafnt á milli aðila. Varnaraðili ber ekki ábyrgð á láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 1. 10. 1986.

Bifreiðin R-39090 skiptist þannig, að hluti sóknaraðila telst 54%, en varnaraðila 46%.

Innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 280534 í Sparisjóði Kópavogs skiptist jafnt á milli aðila.

Kröfum varnaraðila um leigugjald vegna íbúðarinnar er hafnað.

Hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 467/1989. **Þrotabú Vogalax hf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Vatnsleysustrandarhreppi
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hafnir. Vörugjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1989. Hann krefst þess, að héraðsdómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Við þingfestingu máls þessa í héraði féll niður þingsókn af hálfu áfrýjanda. Kveður hann það hafa verið vegna mistaka. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á gild forföll, og ber því með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að leggja dóm á málið, eins og það lá fyrir héraðsdómara. Honum bar þrátt fyrir útivist áfrýjanda að kanna, hvort lagaheimild væri fyrir kröfu stefnda, og kemur það því til skoðunar fyrir Hæstarétti.

II.

Fjárfestingarfélag Íslands hf. gerði 1. október 1981 leigusamning við stefnda um afmarkaða landspildu innan hafnarsvæðis stefnda. Vogalax hf., sem stofnað var í október 1985, varð skömmu eftir stofnun sína aðili að leigusamningi þessum og hóf þar uppbyggingu seiðaeldisstöðvar og hafbeitarstöðvar. Félagið varð gjaldþrota í ágúst 1990, og er því kröfu stefnda í máli þessu beint að áfrýjanda. Málið höfðaði stefndi til greiðslu á vörugjaldi vegna löndunar á hafbeitarlaxi á hafnarsvæði Vogahafnar 1988. Hreppsnefnd vitnar

fyrir Hæstarétti til 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga nr. 69/1984, hafnarreglugerðar fyrir Vogahöfn nr. 498/1975 og gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 43/1988 sem heimilda fyrir gjaldtökunni. Áfrýjandi telur lagaheimildir ekki til heimtu gjaldsins og bendir auk þess á, að það hafi staðið stefnda næst að fá sett inn í leigusamning um landspilduna ákvæði þess efnis, að félaginu bæri að greiða vörugjald af lönduðum laxi til viðbótar leigugjaldi.

III.

Höfn er skilgreind í 7. gr. hafnalaga á þann veg, að hún sé afmarkað svæði, þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast. Einn þáttur í hugtakinu er því sá, að hafnarsvæði sé til notkunar fyrir skip og önnur fljótandi för. Í hafnarreglugerð fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu kemur þessi skilningur glögglega fram, og svo er einnig í gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir.

Í 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga segir, að fyrir afnot hafna skuli greiða „vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu". Þá segir í 6. gr. gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir, að „vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl eða úr einu skipi í annað innan takmarka hafnarinnar..." Loks segir í 12. gr. gjaldskrárinnar meðal annars: „4. fl.: Gjald 0,85%: Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ. m. t. fiskur og seiði úr eldiskvíum." Það er því ljóst, að í ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla um hafnargjöld er miðað við notkun skipa og annarra fljótandi fara á hafnarsvæðinu, og er það í samræmi við framangreinda skilgreiningu í 7. gr. hafnalaga.

Í máli þessu er ekki um að ræða notkun skipa eða annarra fljótandi fara af hálfu áfrýjanda á hafnarsvæði stefnda. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að áfrýjandi hefði engin not haft af hafnarmannvirkjum hans.

Samkvæmt framansögðu brestur lagaskilyrði til þess að heimta hin umkröfðu vörugjöld af áfrýjanda vegna starfsemi hans á hafnarsvæði Vogahafnar, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Af hálfu áfrýjanda varð útivist í héraði, og hefur hún eigi verið

skýrð. Þykir því rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, þrotabú Vogalax hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ágreiningslaust er, að landspilda sú, sem Vogalax hf. hafði á leigu, var innan hafnarsvæðis stefnda. Fyrirtækið hafði þó engin not af höfninni sjálfri, heldur eingöngu af sínum eigin mannvirkjum, sem reist voru meðal annars til að landa endurheimtum laxi.

Í 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga segir:

„Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu."

Í 2. mgr. greinarinnar segir:

„Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. . . ."

Gjaldskrá um vörugjald þetta er sett með heimild í 13. gr. hafnalaga. Segir meðal annars í 12. gr. gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 43/1988, en ekki er um það deilt í málinu, að hún hafi verið í gildi 1989:

„ 4. fl.: Gjald 0,85%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ. m. t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. . . . "

Í þessum ákvæðum er ekki beinlínis mælt fyrir um gjaldskyldu þeirra, sem hafa eldisker á hafnarsvæðinu og aðstöðu til að landa afla um eigin mannvirki, svo sem Vogalax hf. hafði. Þrátt fyrir þetta þykir ákvæðum þessum svo háttað, að öldungis megi jafna aðstöðu Vogalax hf. við aðstöðu annarra, sem ákvæðin taka ljóslega til. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en ekki er deilt um fjárhæðir fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 6. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað fyrir aukadómþinginu af Vilhjálmi Grímssyni sveitarstjóra fyrir hönd Vatnsleysustrandarhrepps, kt. 521085-0509, Vogagerði 2, Vogum, gegn Vogalaxi hf., kt. 621085-0509, Hafnarstræti 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. ágúst 1989 fyrir Gunnari J. Friðrikssyni, kt. 120521-3499, Snekkjuvogi 6, Reykjavík, stjórnarformanni stefnda.

Stefnukröfur

Stefnandi gerir þær stefnukröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 124.950 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi undanfarin ár rekið laxeldisstöð undir Vogastapa í Vatnsleysustrandarhreppi. Stöðin sé á hafnarsvæði Vogahafnar samkvæmt skilgreiningu reglugerðar um höfnina nr. 498/1975. Samkvæmt skjalaskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 495/1986 skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fara um höfnina. Í samræmi við það var stefnda gerður reikningur, dags. 4. janúar 1989, vegna löndunar á laxi á hafnarsvæðinu. Stefndi virðist ekki telja sér skylt að greiða, og sé málsókn þessi því nauðsynleg til að fá úrskurð um réttmæti kröfunnar. Stefnukrafan, 124.950 kr., er tölulega útskýrð í dskj. nr. 3.

Málsatvik og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reikningum á dskj. nr. 3. Stefndi hefur haft afnot af hafnarsvæðinu, sem greiða beri fyrir. Vísar stefnandi til hafnarreglugerðar fyrir Vogahöfn nr. 498/1975, sérstaklega 1. gr. og fyrirsagnar 3. kafla. Einnig vísar stefnandi til gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 495/1986, sérstaklega 3. gr. og 6. gr. Enn fremur er vísað til hafnalaga nr. 69/1984, sérstaklega 7. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. og 2. tl. 11. gr.

Skjöl og sönnunargögn.

Stefnandi leggur fram skjöl merkt 1 - 7, og eru þau til staðar í málinu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst 21.684 kr. auk söluskatts, 2.332 kr.
Dóminn kvað upp Árni Haukur Björnsson fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Vogalax hf., greiði stefnanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 124.950 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar], allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 359/1990. **Úlfur Björnsson**

gegn

Korpus-prentþjónustu.

Áskorunarmál. Víxill. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990. Áfrýjað er áritun bæjarþings Reykjavíkur um aðfararhæfi frá 5. júlí 1990. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið skilað greinargerð fyrir Hæstarétti, og hefur málið verið skriflega flutt.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál í héraði á hendur áfrýjanda persónulega og fyrir hönd fjáröflunardeildar U.F.H.Ö., þ.e. Ungmennafélags Hveragerðis og Ölfuss. Byggðist kröfugerð stefnda á víxli, að fjárhæð 120.000 krónur, samþykktum til greiðslu með árituninni pr. pr. fjáröflunardeild U.F.H.Ö., undirritaðri af Birni Pálssyni, en út gefnum og framseldum af Korpus hf. Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing í héraði.

Af víxlinum verður ekki ráðið, að áfrýjandi hafi ábyrgst greiðslu samkvæmt honum, hvorki í eigin nafni né annarra. Þá eru í stefnu í héraði ekki hafðar uppi nokkrar þær málsástæður, er leitt geta til þess, að áfrýjandi verði gerður persónulega ábyrgur fyrir skuldinni. Héraðsdómara bar að huga að þessum atriðum ex officio. Ber að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er áfrýjanda varðar.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Úlfur Björnsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Korpus-prentþjónustu, í máli þessu.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 42/1991. **Þór hf., útgerðarfélag**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Vélsmiðjunni Odda hf.
(Páll A. Pálsson hrl.).

Verksamningar. Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1991. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að gangsetning og prófun á frystiskáp þeim, sem um er deilt í máli þessu, hafi verið innifaldar af hálfu seljanda við kaup hans á skápnum eða að eitthvað hafi skort af því, sem áskilið var við kaupin, til að hún gæti farið fram. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þór hf., greiði stefnda, Vélsmiðjunni Odda hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. desember sl., hefur Vélsmiðjan Oddi hf., kt. 490269-2909, Strandgötu 49, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 12. janúar 1990, á hendur Þór hf., útgerðarfélagi, kt. 680981-0519, Strandgötu 12 A, Eskifirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt að greiða 67.840

kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 10. 1988 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 10. 1989, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður skuld þá, er hann krefst greiðslu á, vera samkvæmt tveimur reikningum, nr. 15100, dags. 26. 9. 1988, að fjárhæð 55.300 kr., og nr. 18529, dags. 30. 9. 1988, að fjárhæð 12.540 kr., samtals að fjárhæð 67.840 kr., sem séu vegna vinnu, efnis og aksturs, er stefnandi hafi látið stefnda í té. Stefnda hafi ekki fengist til að greiða skuldina þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og sé stefnandi því knúinn til innheimtu hennar með dómi.

Stefnda kveðst í mars 1988 hafa keypt frá Sabroe, Danmörku, frystiskáp, sem þá hafi verið til sýnis á vörusýningu í Laugardalshöll í Reykjavík. Hafi afhending skápsins dregist um nokkra mánuði, en þegar hann hafi loks verið afhentur og tengdur, hafi komið í ljós, að hann var gallaður með þeim hætti, að hann náði ekki að frysta. Hafi stefnandi tilkynnt umboðsmanni Sabroe á Íslandi, Jóni Þorsteinssyni í Reykjavík, um gallana á skápnum. Það hafi tekið u. þ. b. þrjá mánuði að fá umboðið til þess að senda viðgerðarmenn að lagfæra gallana, en þegar þeir hafi komið, hafi það verið menn frá stefnanda, sem framkvæmt hafi viðgerðina. Telur stefnda engan vafa leika á ábyrgð seljanda, Sabroe, á göllum þeim, sem fram komu á frystitækinu, strax og það hafi verið afhent stefnda. Kveðst stefnda strax hafa tilkynnt Sabroe-umboðinu gallana. Umboðið hafi tekið að sér að sjá um viðgerð á hinu gallaða tæki í samræmi við ábyrgðarskyldur sínar, sem séu ótvíræðar skv. íslenskum kaupalögum nr. 39/1922. Kostnað vegna viðgerðar hljóti því Sabroe-umboðið að verða að greiða stefnanda, sem hafi unnið viðgerðirnar fyrir það.

Stefnda reisir sýknukröfu sína á því, að röngum aðila sé stefnt í máli þessu. Málsóknin ætti að beinast að seljanda tækisins, Sabroe-umboðinu.

Stefnandi kveðst hafa unnið umrætt verk að beiðni stefnda, sem hafi fengið stefnanda til þess að setja frystinn í gang. Það hafi stefnandi gert og enn fremur bætt kælimiðli á frystinn, tengt vatnsloka og reynslukeyrt. Séu hinir umstefndu reikningar vegna þessa verks. Fjarri lagi sé, að þessi vinna hafi verið vegna bilunar í tækinu eða geti af öðrum orsökum fallið

undir ábyrgðarskilmála, og að stefnandi hafi af þeim sökum snúið sér að röngum aðila til þess að fá reikninginn greiddan. Tækið hafi ekki fryst eðlilega, vegna þess að það hafði aldrei verið sett almennilega í gang, en ekki vegna þess að það hafi verið bilað. Hins vegar hafi komið í ljós, þegar tækið hafði verið sett í gang, að sjálfvirk keyrsla var biluð. Þessi bilun hafi í raun verið smávægileg að því leyti, að hún hafi ekki komið í veg fyrir, að frystiskápurinn væri notaður. Eina hlutverk þessarar sjálfvirku frystingar sé það, að stilla megi á ákveðinn frystitíma, þannig, að frysting hætti sjálfvirkt, t. d. eftir tvær klst. Þetta sé aukahlutur í þessum skáp og alls ekki í öllum frystiskápum. Þessi bilun hafi verið lagfærð og varahlutur settur í. Enginn hafi mótmælt því, að Sabroe ætti að greiða reikning vegna vinnu við þetta. Hann hafi líka verið færður á Sabroe og komi þessu máli í raun ekki við, enda sé um allt annan reikning að ræða en fjallað sé um í þessu máli. Stefnda hafi hins vegar verið boðið, að ef það greiddi þennan ábyrgðarreikning samt sem áður, myndi Sabroe fella niður vaxtakröfu á stefnda, sem hafi reyndar verið hærri. Hugmyndin hjá Sabroe hafi sjálfsagt verið sú, að einfalda ætti málin, en þessu megi ekki rugla saman.

Stefnda telur, að samkvæmt samningi sínum við Sabroe hafi kælimiðill átt að vera á tækinu við afhendingu, og beri seljanda að greiða kælimiðilinn og kostnað við að setja hann á tækið.

Framkvæmdastjórar málsaðila hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa starfsmenn stefnanda, Elías Þorsteinsson vélfræðingur og Tryggvi Aðalbjörnsson vélstjóri, borið vitni hér fyrir dóminum.

Fram er komið, að stefnandi var ekki umboðsaðili seljanda tækisins á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa fengið rafvélavirkja á Austurlandi til að tengja tækið og setja á það frystivökva, en tækið hafi ekki starfað eins og til var ætlast.

Vitnið Elías Þorsteinsson kveðst hafa skoðað frystitækið ásamt Jóni Ágústi Þorsteinssyni, starfsmanni seljanda, er þeir voru staddir á Eskifirði 8. sept. 1988. Við þá skoðun hafi komið í ljós, að kælimiðil vantaði á kerfið, auk þess sem sjálfvirkur vatnsventill var óuppsettur og frystitækið einungis tengt með slöngum. Kveðst vitnið hafa tjáð framkvæmdastjóra stefnda, að stefnandi hefði sérþjálfaða kælimenn til þess að gangsetja slík tæki, og hefði framkvæmdastjórinn beðið sig að senda einn slíkan, ef það mætti koma frystinum í lag.

Hinn 12. september fór starfsmaður stefnanda, Tryggvi Aðalbjörnsson, til stefnda og vann við að bæta úr framangreindu.

Skýrir vitnið Tryggvi Aðalbjörnsson svo frá, að auk framangreinds hafi komið í ljós, að bilun var í tímaliða, sem leiddi til þess, að frystirinn slökkti ekki sjálfvirkt á sér. Kveðst vitnið hafa í tímaskýrslu sinni skipt vinnutíma sín-

um á þessi tvö verk, þ. e. annars vegar vinnu við að setja frystivökva á tækið og ganga frá tengingu þess og hins vegar vinnu vegna bilunar í tímaliðanum.

Þegar til þess er litið, að stefnda hafði sjálft í upphafi látið setja kælivökva á tækið og tengja það við vatn og rafmagn á sinn kostnað og aðeins virtist vera um framhald á þeirri vinnu að ræða, er stefnandi var beðinn um verkið, þykir mega leggja til grundvallar framburð vitnisins Elíasar Þorsteinssonar um, að stefnda hafi beðið um verkið, og var stefnanda rétt að líta svo á, að verkið væri unnið fyrir stefnda.

Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess, hvort seljanda tækisins hafi borið að annast og kosta áfyllingu þess og tengingu skv. samningi sínum við stefnda, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á aðild stefnanda að samningnum. Ekki þykir skipta hér máli, að stefnandi átti á þessum tíma töluverð viðskipti við seljanda tækisins og gerði síðar samning við hann um þjónustu á hans vegum.

Verður samkvæmt framansögðu eigi fallist á, að mál þetta sé höfðað gegn röngum aðila, svo sem stefnda heldur fram og reisir sýknukröfu sína á.

Eins og að framan er rakið, kveðst stefnandi krefja seljanda tækisins um greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar á bilun í tímaliða þeim, sem að framan greinir, og komi sá kostnaður máli þessu ekki við.

Svo sem áður er fram komið, reisir stefnandi kröfu sína á tveimur reikningum, nr. 15100, að fjárhæð 55.300 kr., og nr. 18529, að fjárhæð 12.540 kr. Fyrri reikningurinn ber með sér, að hann á við verk það, er mál þetta snýst um, en hinn síðartaldi er vegna aksturs, er skv. verkbeiðni og reikningi, sem fram er lagður í málinu, féll til vegna vinnu stefnanda við viðgerð á tímaliða þeim, er að framan greinir og er máli þessu óviðkomandi skv. framansögðu. Ber að lækka kröfu stefnanda um fjárhæð þess reiknings.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að taka ber kröfu stefnanda til greina með 55.300 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefnda, Þór hf., útgerðarfélag, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Odda hf., 55.300 kr. ásamt vöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. október 1988 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1989, og 50.000 kr. í málskostnað ásamt framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 31/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Gesti Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur án ökuréttinda. Hraðakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til staðfestingar á héraðsdómi. Við flutning málsins var gerð krafa um þyngingu refsingar.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð.

Með hliðsjón af kröfugerð ákæruvaldsins í áfrýjunarstefnu eru ekki skilyrði til þess að þyngja refsingu ákærða, sbr. 152. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er rétt, eins og á stendur, að dómurinn verði staðfestur, en refsiákvörðun héraðsdómara er réttilega miðuð við rof á skilorði reynslulausnar ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Gestur Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 21. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í húsakynnum dómsins við Lækjartorg af Sverri Einars-

syni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 87/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Gesti Ólafssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur ákærða, Jóni Gesti Ólafssyni, áður að Fífuseli 37, nú að Lindargötu 60 í Reykjavík, fæddum 10. mars 1969, fæðingarnúmer 508.

Með ákæruskjali, dagsettu 11. júní sl., höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 1992 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni V 2217 um götur í Reykjavík að Asparfelli 2 og á þeirri leið suður Sæbraut með allt að 100 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Skeiðarvogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Þá höfðaði lögreglustjórinn í Reykjavík mál á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 4. september sl., „fyrir að hafa sviptur ökuréttindum ekið bifreiðinni V 2217 um Grandagarð í Reykjavík mánudaginn 27. júlí 1992.

Þetta telst varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Fyrra málinu var ekki lokið, þegar sakadómur Reykjavíkur var lagður niður 30. júní sl., þar sem ekki hafði náðst til ákærða, og fluttist því málið til dómsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. laga nr. 19/1991, en málið var þá í höndum Júlíusar B. Georgssonar, aðalfulltrúa við sakadóm Reykjavíkur og nú fulltrúa við héraðsdóminn.

Dómarinn fékk síðara málið afhent 9. september sl. og gaf út fyrirkall um þingfestingu þess 17. september sl., en birting þess tókst ekki, þar sem ekki mun hafa hafst upp á ákærða. Vegna eldra málsins hafði áður verið gefið út fyrirkall um þingfestingu þess 11. september sl. Birting þess tókst ekki heldur, og 17. september sl. fékk dómarinn eldra málið afhent til meðferðar og sameiningar hinu yngra í því skyni, að þau yrðu bæði dæmd sem eitt mál. Var enn gefið út fyrirkall um þingfestingu beggja málanna, sem skyldi fara fram 1. þ. m., en ekki tókst að birta það fyrirkall fremur en hin tvö, þar sem ákærði fannst ekki. Lögreglan náði til ákærða sl. nótt.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunum tveimur og þar er rétt fært til refsiákvæða, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist í fyrra skiptið 1,25‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hlotið eftirgreinda dóma:

1987 9/1 24.000 króna sekt fyrir brot á 5. gr. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 18 mánuði frá 8. 9. 1986.

1988 12/12 45 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 248. gr. almennra hegningarlaga.

1989 21/6 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

1990 4/12 5 mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr., 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga. Dómur frá 21. 6. 1989 dæmdur með.

1990 4/12 Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, hegningarauki.

1991 27/5 50.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

1991 26/8 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 2. 6. 1990.

1991 31/10 3 mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn og sprengiefni.

1991 13/12 Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærði á tímabilinu frá 1. janúar 1988 til 10. febrúar 1990 þrívegis sæst á sektargreiðslu fyrir dómi, tvívegis vegna ölvunar á almannafæri og einu sinni út af ölvunarakstri.

Ákærða var 23. janúar sl. veitt reynslulausn í 174 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt þremur síðastgreindu refsivistardómunum. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga ber að fella inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, eftirstöðvar framangreindrar refsingar, en ákærði hefur með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði.

Ákærði er þegar sviptur ökuleyfi ævilangt, og þykir bera að árétta, að svo skuli vera áfram.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gestur Ólafsson, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 22. febrúar 1993.

Nr. 44/1993. **Ragnar Vignir Guðmundsson**
gegn
Hansen hf.

Kærumál. Innsetningargerð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar 1993, er barst réttinum 28. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Krafa varnaraðila um innsetningu í eignir og réttindi veitingahússins að Vesturgötu 4 í Hafnarfirði er byggð á ákvæðum í kaupsamningi aðila og leigusamningi um húsnæði veitingastaðarins, sem honum var tengdur. Var húsaleigusamningurinn gerður milli sóknaraðila og húseigenda fyrir tilstuðlan varnaraðila með gildistíma til sex ára frá 1. september 1989. Samkvæmt ákvæðum í húsaleigusamningnum tók Sigurður Óli Sigurðsson, stjórnarformaður varnaraðila, sem þar var nefndur seljandi reksturs varnaraðila, ábyrgð á efndum hans af hálfu sóknaraðila sem leigutaka, og skyldi hann jafnframt taka við leigumálanum með fullri ábyrgð út leigutímabilið, ef kaupsamningi málsaðila yrði rift.

Samkvæmt framangreindum samningum er ljóst, að varnaraðili átti rétt til að rifta kaupsamningnum, taka við rekstri veitingahússins og ganga inn í leigumálann um húsnæðið, ef vanskil yrðu á tilteknum greiðsluliðum kaupsamningsins og húsaleigugreiðslum og einnig, ef til þess kæmi, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Átti þetta að geta gerst án undanfarandi ákvörðunar um hugsanlega endurgreiðslu til sóknaraðila vegna fyrri greiðslna hans til varnaraðila, en hins vegar skyldi unnt að leggja kröfur um endur-

greiðslu til mats í gerðardómi, sem aðilum yrði þá skylt að skipa í framhaldi af riftuninni.

Fram er komið, að sóknaraðili annaðist ekki sjálfur veitingarekstur í húsinu drjúgan hluta af liðnum leigutíma, heldur var reksturinn í höndum hlutafélaga, sem hann átti aðild að. Verður að ætla, að varnaraðila og húseigendum hafi verið um þetta kunnugt, en á hinn bóginn liggur ekki fyrir, að félögin hafi notið viðurkenningar þeirra sem framleigjendur að húsnæðinu eða aðilar að greiðslum samkvæmt samningunum. Má fallast á það með héraðsdómara, að þetta skipti ekki máli um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt fram komnum gögnum er ótvírætt, að sóknaraðili hefur vanefnt tiltekna greiðsluliði kaupsamningsins og húsaleigugreiðslur. Vegna vanefnda á leigugreiðslum lögðu húseigendur fram beiðni um útburð á sóknaraðila úr húsnæðinu 3. janúar 1993. Sóknaraðili telur sig eiga gagnkröfur vegna endurbóta á húsnæðinu, en hefur ekki aflað þeim viðurkenningar.

Riftunarákvæði kaupsamnings aðila frá 25. ágúst 1989 eru skilmerkileg. Fyrir liggja ótvíræð gögn um vanefndir af hálfu sóknaraðila. Innsetningarbeiðni varnaraðila er nægilega rökstudd með gögnum, sem aflað hefur verið samkvæmt 83. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 78. gr. sömu laga. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

Lögmaður sóknaraðila, Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður, hefur eftir framlagningu venjubundinna greinargerða sent Hæstarétti fjölda athugasemda og skjala. Málflutningur þessi á sér ekki stoð í lögum, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Vignir Guðmundsson, greiði varnaraðila, Hansen hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. janúar 1993.

Gerðarbeiðandi er Hansen hf., kt. 550587-1499, Öldugötu 6, Hafnarfirði, en gerðarþoli er Ragnar Vignir Guðmundsson, kt. 200956-3389, Túngötu 7, Bessastaðahreppi.

Krafa gerðarbeiðanda er sú, að gerðarþola verði með beinni aðfarargerð fengin umráð yfir veitingahúsinu að Vesturgötu 4, Hafnarfirði, sem nú er rekið undir nafninu Veitingahúsið A. Hansen, ásamt öllum tækjum, innréttingum og búnaði veitingahússins, sem tiltekin eru á fram lögðum lista.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Dráttarvaxta er krafist af málskostnaði að liðnum fimmtán dögum frá úrskurðardegi.

Mál þetta var þingfest 14. desember sl. og frestað til 22. s. m. til framlagningar greinargerðar af hálfu gerðarþola. Það þinghald var ekki sótt af hálfu gerðarþola og málið tekið til úrskurðar að kröfu gerðarbeiðanda. Úrskurður var kveðinn upp 30. desember sl. Beiðni gerðarþola um endurupptöku málsins barst 6. janúar sl., og var hún tekin fyrir 8. s. m. Af hálfu gerðarbeiðanda var endurupptaka samþykkt, gerðarþola gerður kostur á að leggja fram greinargerð og fylgiskjöl og málið síðan flutt í beinu framhaldi.

I.

Gerðarbeiðandi, sem hefur leigusamning við eigendur húsnæðis að Vesturgötu 4, Hafnarfirði, kveður málavexti þá, að aðilar máls þessa hafi gert með sér kaupsamning 25. ágúst 1989.

Með kaupsamningnum hafi gerðarbeiðandi selt gerðarþola „Veitingahúsið A. Hansen, Vesturgötu 4, Hafnarfirði, þ. e. öll tæki, innréttingar og búnað veitingahússins, allt skv. lista, sem fylgir samningi þessum".

Kaupverðið hafi verið 17.000.000 kr. og skyldi greiða þannig:

1. við undirritun kaupsamnings 1.000.000 kr.,
2. með afhendingu 5-6 herbergja íbúðar að Veghúsum 23, Reykjavík, að verðmæti 7.000.000 kr.,
3. með jöfnum mánaðarlegum greiðslum í tólf mánuði, 285.833 kr., samtals 3.430.000 kr.,
4. með jöfnum mánaðarlegum greiðslum í sex mánuði, 166.667 kr. á mánuði, samtals 1.000.000 kr.,
5. með vísitölutryggðu skuldabréfi, að fjárhæð 4.570.000, sem greiða skyldi með 60 mánaðarlegum afborgunum.

Gerðarbeiðandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast nýjan húsaleigusamning, og hafi hann gert það. Hafi gerðarþoli gert húsaleigusamning við eigendur Vesturgötu 4, Hafnarfirði, en jafnframt hafi gerðarbeiðandi ábyrgst húsaleigusamninginn gagnvart húseigendum, ef vanskil yrðu á leigugjaldi. Leigugjald hafi verið 234.000 kr. á mánuði miðað við vísitölu í ágúst 1989.

Skv. kaupsamningi sé riftunarákvæði, ef gerðarþoli standi ekki í skilum

skv. tl. 1-4 í kaupsamningi. Þá sé einnig skilyrði riftunar, ef gerðarþoli standi ekki í skilum með húsaleigugreiðslu.

Enn fremur sé svofellt ákvæði í kaupsamningi:

„Komi til riftunar, getur seljandi einhliða tekið við rekstri veitingahússins með eða án aðstoðar fógeta með beinni innsetningaraðgerð án nokkurrar endurgreiðsluskyldu á þegar afhentum greiðslum skv. 1, 2, 3 eða 4 eða á þegar útlögðum kostnaði af hendi kaupanda. Komi til riftunar á samningi þessum, skal við það miðað, að kaupandi hafi eigi greitt seljanda lægri fjárhæð en nemur 500.000 kr. á mánuði á rekstrartíma kaupanda auk útlagðs sölukostnaðar, lögfræðikostnaðar auk bóta fyrir tjón. Skoðast þetta ákvæði þá sem lágmarksleigugreiðsla úr hendi kaupanda."

Í viðauka við kaupsamning sé einnig það viðbótarákvæði, að verði bú gerðarþola tekið til gjaldþrotaskipta, hafi gerðarbeiðandi heimild til riftunar og til að taka við rekstrinum þá þegar.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa sent gerðarþola staðfest símskeyti 17. nóvember 1992 skv. ákvæðum kaupsamnings og tilkynnt gerðarþola um riftun á kaupsamningi aðila með kröfu um afhendingu að liðnum fimm dögum að viðlagðri innsetningargerð.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að gerðarþoli hafi brotið 2. tl. kaupsamningsins með því að afhenda ekki bílskúr með íbúðinni, eins og kaupsamningur um þá eign hafi áskilið. Gerðarbeiðandi hafi því þurft að höfða innheimtumál á hendur gerðarþola vegna þess, og hafi því lokið með réttarsátt 1. október 1991, þar sem gerðarþoli hafi skuldbundið sig til að greiða 1.045.925 kr. Sú krafa sé ógreidd.

Í öðru lagi byggir gerðarbeiðandi á því, að bú gerðarþola hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, og hafi skiptum lokið 29. júní 1992, án þess að eignir hafi fundist í búinu. Lýstar kröfur hafi samtals verið að fjárhæð 30.932.944 krónur.

Í þriðja lagi sé á því byggt, að leigusamningur sé í vanskilum, og skuldi gerðarþoli leigu fyrir september, október, nóvember, desember og janúar sl., samtals að fjárhæð 999.794 kr. Útburðarbeiðni hafi borist Héraðsdómi Reykjaness í dag frá eigendum húsnæðisins. Þá hafi eigendur Vesturgötu 4 jafnframt gert gerðarbeiðanda ábyrgan fyrir vanskilum gerðarþola á húsaleigu.

Þar fyrir utan sé skuldabréf skv. 5. tl. kaupsamnings í vanskilum, og nemi sú krafa 6.284.481 krónu.

II.

Gerðarþoli telur veitingarekstur að Vesturgötu 4, Hafnarfirði, hafa gengið mjög erfiðlega vegna mikils stofnkostnaðar og hárra húsaleigugreiðslna. Samningur aðila hafi verið efndur að mestu leyti af hálfu gerðarþola, en

hann hafi haldið eftir af greiðslu vegna vanefnda gerðarbeiðanda, sem hafi aðallega verið fólgnar í því, að húsnæðið fullnægði ekki reglum rafmagnseftirlits, heilbrigðiseftirlits og brunamálaeftirlits. Vegna þess hafi gerðarþoli þurft að leggja í umtalsverðan kostnað.

Frá því í haust hafi Faldur hf. rekið veitingahúsið Vesturgötu 4, Hafnarfirði, en þar áður Faktorshúsið hf.

Um málsástæður og lagarök segir gerðarþoli:

„Gerðarþoli styður mótmæli sín því, að reglur kröfuréttarins um riftun séu með öllu sniðgengnar, ef dómurinn gengur að kröfu gerðarbeiðanda. Gerðarþoli fullyrðir, að reglur kröfuréttarins séu þannig, að gerðarbeiðandi þurfi að setja fram skýrari riftunarkröfur, þar sem fyrir liggi fjárhagslegt uppgjör á því, sem kaupandi samkvæmt kaupsamningnum hefur greitt seljanda og á rétt á að fá endurgreitt. Eins og málsatvik eru í þessu máli, er nauðsynlegt, að slíkt fjárhagslegt uppgjör liggi fyrir, svo að unnt sé að framkvæma riftunina.

Gerðarþoli styður mótmæli sín því, að riftunaryfirlýsing gerðarbeiðanda hafi ekki verið nægilega skýr og afdráttarlaus. Vísað er til þess, að í kaupsamningnum eru tvenns konar riftunarákvæði, sem eru mjög óljós og ósanngjörn. Gerðarþoli heldur því fram, að samningsákvæði þessi um riftun fái ekki staðist með hliðsjón af sanngirnisákvæðum samningalaga, nema gerðarbeiðandi leggi fram skuldaskil og endurgreiðslur, sem samþykktar verði af gerðarþola, en hafa með hliðsjón af því, hve langt er um liðið, síðan kaupin voru gerð og kaupsamningurinn er að mestu efndur af kaupanda, en hann eigi vitaskuld rétt á endurskoðun kaupsamningsins, eins og málsatvik séu í þessu máli.

Gerðarþoli staðhæfir, að riftunarskilyrði séu engin, og fyrir því hafi gerðarbeiðandi sönnunarbyrði.

Gerðarþoli bendir á, að núverandi leigjandi staðarins sé Faldur hf., sem leigusalar hafi viðurkennt sem leigjanda, en jafnvel þótt riftun nái fram að ganga, sé Faldur hf. ennþá leigjandi.

Gerðarþoli bendir á, að einhliða riftun gerðarbeiðanda fái ekki staðist í máli þessu, eins og málsatvik séu vaxin, en það séu leigusalar hússins, sem ráði því, hvort Faldur hf. verði áfram leigutaki. Ekki verði því séð, að möguleiki sé á því að verða við dómkröfum gerðarbeiðanda, en ljóst sé, að um hafi verið að ræða tvíhliða samning, þar sem leigusamningurinn um húsið spili stóra rullu (sic).

Ljóst sé því, að samhliða kröfum gerðarbeiðanda verði að rifta leigumálanum um húsið, en það hafi ekki verið gert."

III.

Ágreiningslaust er, að gerðarþoli stóð í skilum skv. tl. 1, 3 og 4 í kaupsamningi. Þá er einnig ágreiningslaust, að gerðarþoli stóð ekki í skilum skv.

tl. 2 í kaupsamningi aðila um afhendingu íbúðar að Veghúsum 23, Reykjavík. Gerðarbeiðandi fékk íbúðina ekki afhenta með bílskúr, eins og kaupsamningur aðila um þá eign hljóðar um. Hann þurfti því að höfða dómsmál á hendur gerðarþola, og lauk því máli með dómsátt, þar sem gerðarþoli skuldbatt sig til að greiða gerðarbeiðanda 1.045.925 kr. með vöxtum frá 23. janúar 1991. Ágreiningslaust er, að sú krafa er ógreidd.

Í viðauka við kaupsamning aðila er það samningsákvæði, að verði bú gerðarþola tekið til gjaldþrotaskipta, hafi gerðarbeiðandi heimild til riftunar og að taka þá þegar við rekstrinum. Skiptum í búi gerðarþola lauk 29. júní 1992, og fundust engar eignir í búinu, en lýstar kröfur voru að fjárhæð rúmlega 30.000.000 kr.

Ágreiningur er hins vegar um húsaleiguskuld gerðarþola. Telur gerðarþoli sig hafa staðið fyrir endurbótum á húsnæðinu, án þess að hann hafi lagt fram töluleg gögn þar að lútandi.

Riftunaryfirlýsing gerðarbeiðanda þykir nægilega skýr og afdráttarlaus. Ekki verður lagt mat á í þessu máli, hvort samningur aðila hafi verið ósanngjarn eða ekki. Ekki þykir heldur skipta máli, hvort Faldur hf. er núverandi rekstraraðili veitingastaðarins. Kaupsamningur var gerður við gerðarþola persónulega. Húsaleigusamningur var einnig gerður við gerðarþola persónulega, og er reyndar bent á í fram lagðri útburðarbeiðni, að gerðarþola hafi verið óheimilt að framleigja skv. 6. gr. húsaleigusamnings um Vesturgötu 4, Hafnarfirði.

Með því að bú gerðarþola hefur verið tekið til galdþrotaskipta, vanskil hafa orðið á húsaleigugreiðslum og vanefnd orðið á afhendingu íbúðar að Veghúsum 23, Reykjavík, þykja riftunarskilyrði kaupsamnings eiga við. Réttur gerðarbeiðanda þykir það glöggur og skýr, að gerðin nær fram að ganga.

Málskostnaður ákveðst 60.000 kr.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, A. Hansens hf., að hann verði settur inn í vörslur og umráð Veitingahússins A. Hansens, Vesturgötu 4, Hafnarfirði, ásamt tækjum, innréttingum og búnaði, er tekin til greina. Tæki og búnaður er eftirfarandi: [— — —]

Gerðarþoli, Reynir Vignir Guðmundsson, greiði gerðarbeiðanda 60.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 23. febrúar 1993.

Nr. 72/1993. **Sverrir Sigurjónsson**
gegn
skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Úthlutun uppboðsandvirðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem móttekin var í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. febrúar 1993. Kærður er úrskurður héraðsdómsins frá 22. janúar sama ár. Kæran ásamt endurritum málsgagna barst Hæstarétti 10. febrúar sama ár.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér úthlutað af uppboðsandvirði Smiðjustígs 13, Reykjavík, 1.058.108 krónum samkvæmt 3. veðrétti og 1.037.512 krónum samkvæmt 4. veðrétti, allt ásamt vöxtum og málskostnaði. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður eða lækkaður verulega. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili heldur því fram, að hann hafi greitt þær fjárhæðir, sem um er getið í kröfugerð hans, til að gæta réttmætra hagsmuna sinna. Hann heldur því fram, að fjárhæðum þessum hafi fylgt 3. og 4. veðréttur í húseigninni að Smiðjustíg 13. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi eftir greiðslurnar átt að njóta sömu veðrétta og tilsvarandi veðskuldir höfðu notið. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber sóknaraðila að greiða 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sverrir Sigurjónsson, greiði varnaraðila, skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðila hefur ekki tekist að tryggja sér afhendingu eða framsal á tryggingarbréfi Búnaðarbanka Íslands með 4. veðrétti í fasteigninni Smiðjustíg 13, þótt vandfundnar séu ástæður til þess af hálfu bankans að halda bréfinu fyrir greiðanda að skuldum fasteignareigandans. Ber að hafna kröfu sóknaraðila varðandi þann veðrétt, eins og gert er í hinum kærða úrskurði. Hins vegar verður sóknaraðili eftir atvikum talinn hafa sýnt nægilega fram á, að hann eigi tilkall til greiðslu af uppboðsandvirði fasteignarinnar í skjóli tryggingarbréfs Jónasar Sigurðssonar á 3. veðrétti, vegna uppgjörs á skuld eigandans við hann. Samkvæmt því ber að viðurkenna kröfu sóknaraðila um úthlutun á einni milljón króna af uppboðsandvirðinu, en það er hámarksfjárhæð þess tryggingarbréfs. Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður á að falla niður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 12. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Sverrir Sigurjónsson, kt. 120649-3379, Reykjavík.

Varnaraðili er skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., Reykjavík.

Sóknaraðili hefur krafist þess, að sér verði úthlutað af uppboðsandvirði Smiðjustígs 13, Reykjavík, 1.058.108 kr. skv. 3. veðrétti og 1.037.512 kr. skv. 4. veðrétti, allt ásamt vöxtum og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að staðfest verði frumvarp uppboðshaldara að úthlutunargerð, dags. 17. febrúar 1992, varðandi eignina Smiðjustíg 13, Reykjavík.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti. Þess er krafist, að dráttarvextir, sem falla á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

II.

Málsatvik eru þau helst, að með tryggingarbréfi, dags. 29. september 1989, veðsetti Ból hf. Búnaðarbanka Íslands fasteignina Smiðjustíg 13 með 4. veðrétti til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum félagsins við bankann, að upphæð samtals 1.000.000 kr., auk vaxta, verðbóta og annars tilgreinds kostnaðar.

Hinn 15. maí 1991 fór fram nauðungarsala á fasteigninni Smiðjustíg 13, Reykjavík, en hún var þinglesin eign Bóls hf. Eignin var slegin hæstbjóðanda, varnaraðila, á 8.000.000 kr.

Hinn 19. nóvember 1991 lýsti sóknaraðili kröfu í uppboðsandvirðið. Meðfylgjandi kröfulýsingu var sögð yfirlýsing frá Búnaðarbanka Íslands, dags. 11. júlí 1991. Að öðru leyti var í kröfulýsingunni vísað til uppboðsbeiðni Búnaðarbanka Íslands.

Með kröfulýsingu, dags. 20. nóvember 1991, gerði sóknaraðili kröfu í uppboðsandvirðið sem handhafi tryggingarbréfs á 3. veðrétti eignarinnar. Meðfylgjandi var frumrit tryggingarbréfs ásamt víxli.

Tryggingarbréf þetta var út gefið 8. september 1989 af Bóli hf. til Jónasar Sigurðssonar til tryggingar skaðlausri greiðslu á víxilskuldum við hann, allt að 1.000.000 kr.

Hinn 4. desember 1991 gerði uppboðshaldari svohljóðandi frumvarp að úthlutunargerð vegna uppboðsverðs eignarinnar:

Fasteignagjöld	kr.	325.520
Byggingarsjóður ríkisins, 1. og 2. veðr.	—	781.068
Steingrímur Þormóðsson hdl., 3. veðr.	—	1.058.108
Búnaðarbankinn, 4. veðr.		ekkert
Helgi Sigurðsson hdl., 5. veðr.	—	2.298.274
Ólafur Axelsson hrl., 6. veðr.	—	3.537.030
Samtals	kr.	8.000.000

Frestur til að mótmæla frumvarpinu var veittur til 13. desember 1991.

Með bréfi, dags. 11. desember 1991, mótmælti varnaraðili úthlutun skv. 3. veðrétti, en varnaraðili hafði ekki fengið kröfu sína að fullu greidda af uppboðsandvirðinu. Á grundvelli þeirra mótmæla gaf uppboðshaldari út nýtt frumvarp, dags. 17. febrúar 1992, þar sem kröfu sóknaraðila skv. 3. veðrétti var hafnað. Ákveðið var að taka frumvarpið fyrir í uppboðsrétti 24. febrúar 1992. Þann dag komu fram mótmæli Steingríms Þormóðssonar gegn frumvarpinu, og var þá ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál.

Ágreiningsmál þetta var þingfest hjá borgarfógetaembættinu 19. maí 1992 og þá ákveðið, að Sverrir Sigurjónsson væri sóknaraðili, en skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. væri varnaraðili.

Mál þetta fluttist til héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1992, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991.

Samkvæmt því, sem upplýst er í gögnum málsins, mun sóknaraðili hafa haft í hyggju að kaupa eignina Smiðjustíg 13 af varnaraðila eftir uppboðið.

Átti hann að greiða eignina m. a. með yfirtöku skulda Bóls hf. við varnaraðila sem og lögveða og þeirra skulda, sem nutu veðréttinda á undan varnaraðila.

Í fundargerð varnaraðila, sem liggur frammi í málinu, dags. 19. júní 1991, segir m. a., að SS (þ. e. sóknaraðili) muni greiða upp veðskuld við Búnaðarbankann í dag eða á morgun og skuld við Jónas Sigurðsson fyrir 30. júní 1991.

Í fundargerð frá 25. júní 1991 segir m. a., að búið sé að greiða skuld að baki tryggingarbréfi Jónasar Sigurðssonar, og sýni sóknaraðili frumrit þess á fundinum. Búnaðarbankanum sé enn ógreitt.

Í málinu er óumdeilt, að samningum aðila um kaup sóknaraðila á fasteigninni Smiðjustíg 13 var rift án mótmæla af hans hálfu.

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 5. maí 1992 var hafnað kröfu sóknaraðila þess efnis, að hann yrði settur inn í umráð yfir tryggingarbréfi hvílandi á 4. veðrétti í Smiðjustíg 13 í vörslu Búnaðarbanka Íslands.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi goldið þá fjárhæð, sem hann greiddi Búnaðarbanka Íslands vegna skulda Bóls hf. við bankann til að gæta réttmætra hagsmuna sinna skv. samkomulagi sínu og varnaraðila. Sóknaraðili hafi greitt bankanum 1.037.512 kr. í ágúst 1991 inn á tékkareikning nr. 27100. Sama hafi gilt um greiðslu á skuld Bóls hf. við Jónas Sigurðsson, eiganda tryggingarbréfs á 3. veðrétti eignarinnar.

Sóknaraðili telur, að þar sem hér hafi verið um greiðslu á veðskuld að ræða, eigi hann endurkröfurétt fyrir þeim fjárhæðum, sem hann greiddi, sem njóti sama veðréttar og tilsvarandi veðskuld naut. Hann eigi því rétt á að fá greitt af uppboðsandvirðinu í samræmi við það. Sóknaraðili staðhæfir, að skuld Bóls hf. við bankann og Jónas Sigurðsson hafi verið raunverulegar veðskuldir, þótt um tryggingarbréf hafi verið að ræða, þar sem bankinn og Jónas Sigurðsson hefðu krafist úthlutunar af uppboðsandvirðinu, ef sóknaraðili hefði ekki greitt þeim. Þá hefði varnaraðili orðið að greiða veðskuldina við Búnaðarbanka Íslands, hefði sóknaraðili ekki innt þá greiðslu af hendi. Með því að sóknaraðili hafi greitt veðskuldina, eigi hann ákveðinn frátökurétt.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að söluáform varnaraðila til sóknaraðila á fasteigninni tengist máli þessu ekki á neinn hátt. Hér beri einvörðungu að skera úr um það, hvort að baki tryggingarbréfi á 3. og 4. veðrétti Smiðjustígs 13 séu raunverulegar kröfur eða ekki. Telji sóknaraðili, að hann eigi endurkröfurétt á varnaraðila, eigi hann að leita réttar síns með venjulegu einkamáli.

Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á tengsl Jónasar Sigurðssonar við víxil þann, sem lýst hafi verið. Ekki komi fram nein áritun á víxilinn um, að hann hafi verið innleystur af útgefanda, né heldur upphæð. Þá komi fram

í yfirlýsingu Jónasar Sigurðssonar á dskj. nr. 22, að sóknaraðili sé að greiða skuld Bóls hf., án þess að gerð sé grein fyrir því, hvort sóknaraðila hafi borið að greiða skuldina. Byggja verði á þeirri meginreglu veðréttar, að greiði þriðji maður skuld, sem tryggð sé samkvæmt tryggingarbréfi, falli veðrétturinn niður, nema hann hafi verið að vernda réttmæta hagsmuni sína. Þá tryggi bréfið aðeins skuld að fjárhæð allt að 1.000.000 kr., og beri því ekki að úthluta af uppboðsverðinu umfram þá fjárhæð.

Um tryggingarbréf á 4. veðrétti komi aðeins fram í yfirlýsingu Búnaðarbankans, dags. 21. júlí 1991, að skuldin sé upp gerð. Ekki sé talað um framsal réttinda samkvæmt tryggingarbréfinu né heldur, hver það hafi verið, sem greiddi skuldina. Með því að krafan sé upp greidd, falli niður veðrétturinn samkvæmt tryggingarbréfinu, og beri því ekki að taka tillit til þess við úthlutun uppboðsandvirðis. Sóknaraðili hafi lagt fram í málinu greiðsluseðla, sem þó séu að mestu dagsettir eftir 21. júlí 1991. Verði því ekki séð, hvaða sönnunargildi þeir hafi í máli þessu.

Þar sem sóknaraðili hafi ekki með greiðslum þessum verið að verja réttmæta hagsmuni sína við uppboð eignarinnar Smiðjustígs 13, þegar hann greiddi umræddar skuldir, beri honum ekki að fá úthlutað af uppboðsandvirði eignarinnar.

Þá byggi varnaraðili á því, að sóknaraðili geri ekki kröfu til þess, að frumvarpi uppboðshaldara, dags. 17. febrúar 1992, verði breytt, þrátt fyrir það að kröfur hans yrðu teknar til greina.

Þá komi fram hjá sóknaraðila, að hann hafi greitt Búnaðarbanka Íslands til að gæta réttmætra hagsmuna sinna samkvæmt samkomulagi hans við varnaraðila. Hann hafi því greitt skuldina án allra tengsla við uppboðsmálið. Samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1949 falli veðskuldir niður af eign við nauðungaruppboð, og eftir standi krafa í uppboðsandvirðið. Komi til þess, að krafa sé greidd, eftir að uppboð hafi farið fram, stofnist ekki sjálfkrafa réttur til hlutdeildar í uppboðsandvirðið, heldur þurfi að fullnægja venjulegum formskilyrðum um framsal réttinda. Sóknaraðili hafi ekki fullnægt þessum skilyrðum, og af þeim sökum eigi hann engar kröfur til úthlutunar af uppboðsandvirði eignarinnar.

III.

Niðurstaða.

Eins og fram hefur komið, var fasteignin Smiðjustígur 13, Reykjavík, seld á nauðungaruppboði 15. maí 1991. Búnaðarbanki Íslands var aðili uppboðsins á grundvelli tryggingarbréfs, að fjárhæð 1.000.000 kr., hvílandi á 4. veðrétti eignarinnar. Með yfirlýsingu, dags. 11. júlí 1991, til uppboðshaldarans í Reykjavík kemur fram, að uppboðskrafa Búnaðarbanka Íslands

er að fullu greidd. Af þeim sökum kom ekki til úthlutunar til bankans af uppboðsandvirði eignarinnar.

Sóknaraðili telur, að þar sem hann hafi greitt skuld þá, sem hér um ræðir, taki hann við veðkröfu Búnaðarbanka Íslands og krefst úthlutunar á grundvelli hennar.

Í nefndri yfirlýsingu Búnaðarbanka Íslands segir, að skuld v/tékkareiknings, sem grundvallaði uppboðsbeiðnina, og á grundvelli tryggingarbréfs með 4. veðrétti í Smiðjustíg 13 sé nú að fullu upp gert við bankann.

Þrátt fyrir það að nú sé liðið hátt á annað ár, frá því að yfirlýsing þessi var gefin út, hefur sóknaraðili ekki lagt fram í málinu gögn, er sýni, að hann hafi greitt umrædda kröfu. Þá hefur honum ekki tekist að fá afhent frumrit umræddrs tryggingarbréfs eða á annan hátt að sýna, að það hafi verið framselt honum. Ber að hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun af uppboðsandvirði eignarinnar á grundvelli tryggingarbréfs á 4. veðrétti þegar af þessari ástæðu.

Sóknaraðili hefur lagt fram frumrit tryggingarbréfs, út gefið til Jónasar Sigurðssonar, tryggt með 3. veðrétti í fasteigninni. Þá liggur frammi yfirlýsing, dags. 18. maí 1992, þess efnis, að sóknaraðili hafi greitt skuld Bóls hf. við Jónas Sigurðsson með 1.105.200 kr. og fengið í hendur tryggingarbréfið.

Umrætt tryggingarbréf, sem er nafnbréf, hefur ekki verið framselt sóknaraðila með áritun á bréfið. Þá kemur fram í yfirlýsingu Jónasar Sigurðssonar, að sóknaraðili hafi greitt skuldina 10. september 1991 og fengið bréfið afhent. Í fundargerð frá 25. júní 1991, sem sóknaraðili byggir á og áður hefur verið vísað til, segir hins vegar, að sóknaraðili sé búinn að greiða skuldina við Jónas Sigurðsson og sýni frumrit bréfsins á fundinum. Er því verulegt ósamræmi um þetta atriði, sem þykir veikja trúverðugleika yfirlýsingarinnar.

Umrætt tryggingarbréf var gefið út til að tryggja greiðslu á víxilskuldum Bóls hf. við Jónas Sigurðsson. Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu víxil, að fjárhæð 900.000 kr., út gefinn og framseldan af honum, en samþykktan til greiðslu af Bóli hf. Af víxlinum verður hins vegar ekki ráðið, að um sé að ræða víxilskuld Bóls hf. við Jónas Sigurðsson. Verður því víxilskuld þessi ekki talin falla undir umrætt tryggingarbréf.

Svo sem hér hefur verið rakið, er hafnað kröfu sóknaraðila um úthlutun af uppboðsandvirði eignarinnar á grundvelli tryggingarbréfs skv. 3. veðrétti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að staðfesta frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Smiðjustígs 13, Reykjavík, dags. 17. febrúar 1992.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilegur 140.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Sverris Sigurjónssonar, í máli þessu er hafnað.

Staðfest er frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Smiðjustígs 13, Reykjavík, dags. 17. febrúar 1992.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., 140.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Þriðjudaginn 23. febrúar 1993.

Nr. 85/1993. **Fataframleiðendur hf.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Dómar. Vanhæfi hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. febrúar 1993, sem barst réttinum 18. sama mánaðar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fulltrúa dómstjórans í Reykjavík, Kolbrúnu Sævarsdóttur, verði gert að víkja sæti í málinu.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að krafist hafi verið úrlausnar héraðsdómara um þá árangurslausu aðfarargerð í eignum sóknaraðila 16. nóvember 1992, sem beiðni varnaraðila um gjaldþrotaskipti byggist á, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Þá hefur sóknaraðili ekki mótað skýr andmæli gegn því, að skilyrðum til gjaldþrotaskipta á búi hans sé fullnægt.

Sóknaraðili virðist einkum reisa kröfu sína á því, að héraðsdómari hafi ekki gætt jafnræðis aðila fyrir dómi og dragi taum varnaraðila. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir þessari fullyrðingu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 2. febrúar sl.

Skiptabeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849.

Skuldari er Fataframleiðendur hf., kt. 441089-1399, Borgartúni 22, Reykjavík.

Krafa Fataframleiðenda hf. er, að dómari víki sæti í máli þessu.

Krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík er, að kröfu Fataframleiðenda hf. verði hafnað.

II.

Með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 23. desember 1992, hefur Gjaldheimtan í Reykjavík gert kröfu um, að bú Fataframleiðenda hf., kt. 441089-1399, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir á dómþingi 27. janúar sl. Mætt var af hálfu skuldara og mótmælt, að krafan yrði tekin fyrir, þar sem dómari hefði ekki gætt skilyrða 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 um framlagningu skiptatryggingar. Taldi skuldari, að krafan um gjaldþrotaskipti væri fallin niður, og krafðist úrskurðar um það atriði. Dómari frestaði málinu til 2. febrúar 1993 til að taka afstöðu til fram kominnar kröfu skuldara. Í því þinghaldi lýsti dómari yfir því, að hann teldi ekki ástæðu til að verða við kröfu skuldara um úrskurð. Samkvæmt 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 væri það allsendis háð mati dómara, hvort skiptabeiðanda bæri að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði. Ágreiningur um framlagningu tryggingar sneri eingöngu að skiptabeiðanda, og gæti hann einn krafist úrskurðar um það atriði. Þá væri þess að geta, að í máli þessu hefði þegar verið lögð fram trygging af hálfu skiptabeiðanda. Hefði það verið gert við lok þinghalds 27. janúar sl., líkt og framkvæmdavenja sé við embætti Héraðsdóms Reykjavíkur. Af hálfu skuldara var þess þá krafist, að dómari viki sæti í málinu, með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Skuldari virðist reisa kröfa sína um frávikningu dómara á tveimur málsástæðum, annars vegar á því, að dómari sé vanhæfur vegna ákvörðunar sinnar um að halda málinu áfram þrátt fyrir framangreind mótmæli skuldara við framlagningu skiptatryggingar, hins vegar á því, að dómari sé vanhæfur vegna símtala, er hann átti við framkvæmdastjóra skuldara.

Fyrirsvarsmaður skuldara hefur lagt fram bréf, undirritað af framkvæmdastjóra skuldara, Rut Skúladóttur. Í bréfi þessu kemur m. a. fram, að Rut hafi hringt í dómara, er henni hafði verið birt krafa skiptabeiðanda, Hafi hún skýrt dómara frá því, að galli væri á málatilbúnaði skiptabeið-

anda, bæði að því er varðaði hið árangurslausa fjárnám, er krafa hans væri reist á, svo og kröfufjárhæð. Síðan hafi hún óskað eftir upplýsingum hjá dómara um það, hvernig gangi málsins yrði hagað í framhaldi af fyrirtöku málsins 27. janúar 1993, og möguleika sína á að koma sjónarmiðum skuldara á framfæri. Í bréfi sínu rekur hún ýmsar spurningar, er hún kveðst hafa lagt fyrir dómara, Segir síðan í bréfi Rutar: „Kolbrún vildi ekki svara þessum spurningum, en benti á, að henni bæri að gæta hagsmuna kröfueigenda.“ Þá segir Rut enn fremur í bréfi sínu, að dómari hafi tilgreint, eftir hvaða lögum væri farið og hægt væri að reka ágreiningsmál um ágreiningsatriði, en það frestaði ekki gjaldþrotinu. Þá hafi dómari sagt henni, að unnt væri að fá fresti í máli þessu, en einungis stutta fresti, þar sem fólk misnotaði svo mikið fresti til að vinna tíma. Þá hafi dómari ítrekað, að hann yrði að gæta þess, að réttur kröfuhafa rýrnaði ekki.

IV.

Dómari minnist þess, að Rut Skúladóttir hringdi í hann nokkrum sinnum, viku áður en taka átti kröfu skiptabeiðanda fyrir á dómþingi. Hins vegar virðist dómara, að rangt sé eftir sér haft í umræddu bréfi. Rut Skúladóttir lagði fyrir dómara í símtali sínu afmarkaðar spurningar um kröfu skiptabeiðanda og leitaði eftir áliti hans á kröfunni. Dómari sagði þá, að hann gæti ekki tjáð sig um málið að svo stöddu, eðlilegra væri, að hún sækti þinghaldið og bæri þar fram mótmæli sín að viðstöddum skiptabeiðanda, sem fengi þá um leið tækifæri til að koma fram með sín sjónarmið, en gæta yrði hags muna líka. Dómari upplýsti síðan Rut um, hvernig farið yrði með málið á væntanlegu dómþingi. Ef aðilar væru sammála um að fresta meðferð málsins, mætti fresta því í allt að mánuð. Ef skuldari hefði hins vegar mótmæli fram að færa gegn kröfu skiptabeiðanda, yrði að reka sérstakt ágreiningsmál um fram komin mótmæli, og ætti þá framangreindur mánaðarfrestur ekki við; einungis væru veittir stuttir frestir til framlagningar greinargerða og annarra gagna. Í ágreiningsmáli þessu væri síðan kveðinn upp úrskurður um, hvort bú skuldara yrði tekið til gjaldþrotaskipta eða ekki. Fullyrðingar Rutar Skúladóttur um, að dómari hafi lagt áherslu á, að gæta yrði réttar kröfuhafa umfram allt, eru rangar. Rut innti dómara eftir lagasjónarmiðum að baki þeirri reglu gjaldþrotalaga, að einungis yrðu veittir stuttir frestir í ágreiningsmálum. Svaraði dómari því þá til, að þar byggi m. a. að baki það sjónarmið, að aðilar gætu ekki tafið mál á frestum, en mál þessi væru þess eðlis, að þau þyrftu að ganga hratt, og hafði dómari þá í huga þau réttaráhrif, sem tengd eru frestdegi.

Að virtu framangreindu verður ekki séð, að skuldari hafi fært fram nokkur haldbær rök fyrir því, að dómari sé vanhæfur til að fara með

mál þetta, og er kröfu hans um, að dómari víki sæti í máli þessu, því hafnað.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Fataframleiðenda hf. um, að dómari víki sæti í máli þessu, er hafnað.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 89/1993. **Þorsteinn Jónsson**

gegn

Friðjóni Skarphéðinssyni,
Unnsteini Beck,
Steingrími Gauti Kristjánssyni,
Hjördísi Hákonardóttur,
Friðgeiri Björnssyni,
Guðmundi Vigni Jósefssyni,
Gauki Jörundssyni,
Hallvarði Einvarðssyni,
Þór Vilhjálmssyni,
Guðmundi Jónssyni,
Halldóri Þorbjörnssyni og
Magnúsi Þ. Torfasyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. febrúar 1993, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið sem algerri markleysu og dómaranum vikið frá sem vanhæfum".

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur borist.

Málatilbúnaður sóknaraðila, sem hvorki hefur notið aðstoðar lögmanns í héraði né fyrir Hæstarétti, fer í bága við grundvallarreglur réttarfarslaga og er ekki dómhæfur. Ljóst má telja, að eigi verði úr bætt með leiðbeiningum héraðsdómara. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísun að loknum munnlegum flutningi nú í dag, er höfðað með stefnu, birtri 3. júní sl.

Stefnandi er Þorsteinn Jónsson, kt. 090118-6419, Hátúni 6, Reykjavík.

Stefndu eru: Friðjón Skarphéðinsson, kt. 150409-2849, Furugerði 4, Reykjavík, Unnsteinn Beck, kt. 271114-3389, Smáragötu 11, Reykjavík, Steingrímur Gautur Kristjánsson, kt. 070937-3609, Fjólugötu 13, Reykjavík, Hjördís Hákonardóttir, kt. 280844-3819, Vesturvallagötu 5, Reykjavík, Friðgeir Björnsson, kt. 181040-3359, Granaskjóli 76, Reykjavík, Guðmundur Vignir Jósefsson, kt. 240221-3229, Rauðalæk 50, Reykjavík, Gaukur Jörundsson, kt. 240934-4859, Kaldaðarnesi, Hallvarður Einvarðsson, kt. 021231-2669, Miðleiti 10, Reykjavík, Björn Ingvarsson, kt. 200517-2619, Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, Þór Heimir Vilhjálmsson, kt. 090630-3269, Stigahlíð 73, Reykjavík, Guðmundur Jónsson, kt. 100225-3959, Bólstaðarhlíð 4, Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, kt. 060421-3829, Stýrimannastíg 6, Reykjavík, og Magnús Þ. Torfason, kt. 050522-3269, Bergstaðastræti 73, Reykjavík.

Stefnandi kveðst höfða málið gegn stefndu af eftirgreindum ástæðum: „... gegn fyrrverandi yfirborgarfógeta, Friðjóni Skarphéðinssyni, og skiptaráðanda fyrrverandi, Unnsteini Beck, vegna meintra blekkinga og falsana í opinberu starfi, einnig Guðmundi Vigni Jósefssyni, fyrrverandi gjaldheimtustjóra, vegna fjárkúgunar, meintra falsana og afglapa í opinberu starfi, einnig gegn fjórum dómurum Hæstaréttar Íslands, þeim Þór Heimi Vilhjálmssyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Þorbjörnssyni og Magnúsi Þ. Torfasyni, fyrir svik og undirferli, rangfærslur móðurmálsins, falskan vitnisburð, dómsúrskurð gerðan í ölæði og annan stefnumarkandi óþverra í því virðulega embætti, einnig gegn fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra og núverandi ríkissaksóknara, Hallvarði Einvarðssyni, sem í báðum embættum hefur án tilefnis lagst gegn málinu og hindrað þannig framgang réttvísinnar, einnig gegn yfirborgardómara Friðgeiri Björnssyni og borgardómurunum Steingrími Gauti Kristjánssyni og Hjördísi Hákonardóttur fyrir að skjóta undan gögnum og stinga öðrum undir stól til þess að hindra framgang málsins og vísa frá dómi viðurkenningarmáli mínu að kröfu rukkara Gjaldheimtunnar, Guðmundar Vignis Jósefssonar, einnig gegn „umboðsmanni Alþingis", Gauki Jörundssyni, sem þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir forseta Alþingis og fleiri þingmanna vildi ekki eða þorði ekki að hafa afskipti af málinu, einnig fyrrverandi yfirborgardómara, Birni Ingvarssyni, fyrir ólögmæt afskipti af málinu að kröfu rukkara Gjaldheimtunnar, Guðmundar Vignis Jósefssonar".

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmd til að greiða sér in solidum 30.000.000 kr. með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979 og með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, „og með tilliti til aðstæðna verði stefndu einnig dæmd til að greiða sér sömu upphæð í miskabætur auk málskostnaðar. Allir hafa hinir stefndu

tekið þátt í að svipta mig frelsi, æru, eignarrétti og friðhelgi heimilis míns, en aldrei hefi ég verið sakaður um lögbrot af neinu tagi".

Af hálfu stefndu Guðmundar Vignis Jósefssonar, Gauks Jörundssonar og Hallvarðar Einvarðssonar hefur verið sótt þing í málinu og aðallega krafist frávísunar. Aðrir stefndu hafa ekki sótt þing, þótt þeim sé löglega stefnt, nema hvað ekki liggur fyrir, að stefna hafi verið birt Birni Ingvarssyni.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið: „Stefnandi hefur allt frá árinu 1964 átt í harðvítugri baráttu við skattyfirvöld vegna rangra og tilefnislausra hækkana á lagðra opinberra gjalda. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar hafi leiðréttingar eða skýringar aldrei fengist, og hafi ólögmætar hækkanir opinberra gjalda á árunum 1967 til 1971 leitt til þess, að hann hafi ranglega verið úrskurðaður gjaldþrota hinn 1. nóvember 1971. Gjaldþrotameðferðin hafi í raun leitt til þess, að hann hafi verið sviptur aflahæfi sínu, athafna- og atvinnufrelsi, þar sem kippt hafi verið fótunum undan útgerðarstarfsemi stefnanda, sem á þessum tíma hafi rekið og gert út eigin bát. Jafnframt gjaldþrotameðferðinni á hendur sér hafi Gjaldheimtan krafist uppboðs á bát sínum, Báru, RE-26, og allt hafi þetta leitt til þess, að stefnandi hafi ekki fengið rekstrarlán til veiðarfærakaupa, er hann hafi sótt um það til Landsbanka Íslands á árinu 1972, og af sömu ástæðu hafi hann enga fyrirgreiðslu fengið hjá öðrum lánastofnunum, alls staðar var nafn hans komið á svartan lista yfir vanskilamenn, mann, sem aldrei hafði skuldað neitt. Galdheimtustjóri, Guðmundur Vignir Jósefsson, hafði tilkynnt öllum lánastofnunum, að ég væri gjaldþrota, en aldrei lét hann auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, eins og lög mæla fyrir, enda ekki hægt um vik, þar sem engar kröfur voru í þrotabúið nema frá Gjaldheimtunni, sem hefur nú viðurkennt það skriflega, að ég hafi aldrei skuldað opinber gjöld. Gjaldþrotabeiðni Gjaldheimtunnar var svo afturkölluð 3. maí 1972, sem Gjaldheimtan hefur enga heimild til samkvæmt lögum. Stefnandi seldi bátinn (Báru, RE-26) 24. febrúar 1972, þar eð hann treysti sér ekki til að standa straum af kostnaði við að eiga (10) tíu milljóna kr. bát bundinn við bryggju veiðarfæralausan mánuðum saman.

Fullnaðarkvittun fyrir greiðslu opinberra gjalda, sem ég vissi, að ég skuldaði ekki, en greiði samt til þess að geta stundað atvinnu mína í friði fyrir ofsóknum Gjaldheimtunnar, fékk ég frá yfirborgarfógeta, Friðjóni Skarphéðinssyni, undirritaða af honum sjálfum ásamt embættisstimpli, 26. júní 1972, en þá var skaðinn skeður og grundvöllur fjárhagsafkomu stefnanda hruninn. Þrátt fyrir fullnaðarkvittun fyrir greiðslu opinberra gjalda frá árinu 1972 hafi af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík verið haldið áfram að krefjast af stefnanda greiðslu þeirra árum saman, allt fram á árið 1982, er gjaldheimtustjóri, Guðmundur Vignir Jósefsson, hafi strikað yfir

allar skuldir stefnanda vegna málsóknar, er stefnandi hafði höfðað gegn Gjaldheimtunni. Þannig hafi stefnandi verið hundeltur allt fram á síðastliðið ár, 1991, þegar hann bað um vernd lögreglustjórans í Reykjavík gegn Gjaldheimtunni, sem krafðist greiðslu skulda, sem hann hafði fyrir löngu verið búinn að greiða og hafði fullnaðarkvittun fyrir, og enn í dag sé nafn hans á lista yfir vanskilamenn, þótt aldrei hafi hann skuldað eina krónu.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að skattyfirvöld hafi ranglega lagt á sig opinber gjöld og vexti með tilefnislausum hækkunum á lagðra opinberra gjalda og tekna, og þær tilbúnu skuldir hafi síðan leitt til þess, að stefnandi hafi ranglega verið úrskurðaður gjaldþrota. Að auki hafi hann árum saman verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda, sem hann hafi sannanlega verið búinn að greiða. Innheimtu-, gjaldþrota- og uppboðsaðferin gegn sér hafi í raun svipt sig persónu- og atvinnufrelsi, rofið friðhelgi heimilis síns, svipt sig eignarrétti og rétti til framfærslu allt til þessa dags. Þetta leiði til bótaábyrgðar hinna stefndu, og mál þetta sé höfðað til heimtu skaðabóta og miskabóta vegna alls þessa, sem stefnandi hefur orðið að þola af þessum sökum í meira en tuttugu ár.

Lagarök.

Varðandi bótaábyrgð og aðild hinna stefndu vísast til 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 svo og almennra reglna skaðabótaréttar."

Stefndu reisa kröfur sínar um frávísun á því, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málatilbúnaður hans þess eðlis, að ekki verði lagður dómur á málið. Er vísað til 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Fyrr í úrskurðinum voru teknir upp orðréttir kaflar úr stefnunni. Eins og ljóst má vera af þeim, er ómögulegt að henda reiður á málatilbúnaði stefnanda. Brestur verulega á, að fullnægt sé skilyrðum d-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991. Málið er því verulega vanreifað af hans hálfu og ódómhæft, eins og það liggur fyrir. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður, enda hafa stefndu ekki krafist hans.

Dómstjórinn við Héraðsdóm Reykjavíkur er einn stefndu í málinu. Þrátt fyrir það var málið tvisvar til meðferðar á reglulegu dómþingi héraðsdómsins eftir þingfestingu. Því næst úthlutaði dómstjórinn því til dómarans, sem ekki er bær um að taka afstöðu til þessa formsatriðis.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 284/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkisaksóknari)
gegn
Daníel Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ómerking. Heimvísun. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir héraðsdómi verði ómerkt. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákæruvaldsins.

Í frumskýrslu lögreglunnar í Gullbringusýslu 21. júlí 1991 um hin ætluðu brot ákærða kemur fram, að hann viðurkenndi ekki sök „fyrir utan það að hafa ekið aðeins of hratt". Þetta var ekki yfirheyrsluskýrsla, og undirritaði ákærði hana ekki.

Áður en ákæra var gefin út í máli þessu hafði ákærða verið boðið, að mál hans yrði afgreitt án málshöfðunar á grundvelli 1. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Var málið tekið fyrir í þessu skyni 25. september 1991 í sakadómi Gullbringusýslu fyrir héraðsdómara þeim, er síðar fór með mál þetta. Framangreind lögregluskýrsla var þá lögð fram ásamt ökuferilsskýrslu ákærða og sakavottorði. Síðan er eftirfarandi bókað í þingbókina:

„Áminntur um sannsögli. Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærða er boðið að ljúka málinu samkvæmt fram lagðri lögregluskýrslu með dómsátt, og hafnar hann því. Hann kveðst ekki hafa gerst sekur um vítaverðan akstur eða mikinn hraða. Að öðru leyti gerir hann ekki athugasemd við efni lögregluskýrslunnar, sem hann les yfir í réttinum. Hann kveðst hafa þurft að spóla bifreiðinni af stað, þar sem bifreiðin hafi verið föst í

öðrum gír, og segist hann hafa ekið á 40 km hraða (35 km hámarkshraði).“

Áður en héraðsdómari bauð ákærða að ljúka málinu á framangreindan hátt, hlaut hann að taka afstöðu til þess, hvort brot væri skýlaust sannað og hvort refsing yrði sekt hið mesta, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Fyrir honum lá lögregluskýrsla, þar sem sök var neitað. Engu að síður bauð dómarinn þennan kost, sem hafnað var. Að svo búnu sendi hann málið til ríkissaksóknara, sem gaf út ákæru, eftir að skýrslur höfðu verið teknar hjá lögreglu af þeim lögreglumönnum, sem afskipti höfðu haft af ákærða.

Með framangreindu boði þykir héraðsdómari hafa tekið afstöðu til sakarefnis í ákæru á þann veg, að hann geti ekki farið með það sem dómari, sbr. 7. tl. 36. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. þágildandi laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 273/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Albert Péturssyni og
Pétri Hanssyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Handtaka. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu.

Í hinum áfrýjaða dómi segir frá upphafi afskipta lögregluþjónanna af Indriða Kristni Péturssyni og tildrögum þess, að þeir fóru á eftir honum inn í húsið að Mjölnisholti 4 í Reykjavík. Verður við þá frásögn að miða og að þeir hafi þannig veitt honum eftirför inn í húsið. Þeir voru því þangað komnir í réttmætum erindagerðum samkvæmt 62. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sem þá voru í gildi, sbr. 49. gr. sömu laga, sbr. nú 2. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991. Indriði var með dómi sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1991 dæmdur fyrir brot á 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærðu, Albert Pétursson og Pétur Hansson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 211-212/1992: Ákæruvaldið gegn Albert Péturssyni og Pétri Hanssyni, sem tekið var til dóms 30. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst sl., á hendur ákærðu, Albert Péturssyni, Mjölnisholti 4, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1960, fæðingarnúmer 764, og Pétri Hanssyni, sama stað, fæddum 17. ágúst 1939, fæðingarnúmer 307, ,,fyrir að hafa að kvöldi fimmtudagsins 1. febrúar 1990 í forstofu á heimili ákærðu í félagi ráðist á lögreglumennina Stefán Alfreðsson, Rúnar Oddgeirsson og Þórhall Þráinsson, sem allir eru í lögregluliði Reykjavíkur, og reynt að varna því, að þeir handtækju Indriða Kristin Pétursson, fæddan 1. maí 1959, sem þar hafði ráðist á Stefán, og tók ákærði Albert Stefán hálstaki, en Pétur reyndi að ýta lögreglumönnunum út úr húsinu, og urðu lögreglumennirnir að kalla út liðsauka til að handtaka ákærðu og Indriða Kristin, og létu ákærðu ekki af árásunum, fyrr en lögreglumennirnir Rúnar og Stefán höfðu beitt kylfum sínum á þá.

Telst þetta varða við 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærðu halda uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi þeirra krafist sýknu, en til vara, að refsing þeirra verði felld niður. Til þrautavara er þess krafist, að þeir verði dæmdir í vægustu refsingu. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Málavextir.

Kl. 22.05 fimmtudaginn 1. febrúar 1990 var lögreglan í Reykjavík kvödd að húsi vagnstjóra SVR við Hlemmtorg vegna ölvaðs manns, er þar olli starfsmönnum óþægindum. Maður þessi var Indriði Kristinn Pétursson, Mjölnisholti 4, og var hann áberandi ölvaður samkvæmt skýrslunni. Hann var færður í lögreglubifreið og boðinn akstur heim, sem hann þá. Síðan segir orðrétt í skýrslunni: ,,Er þangað var komið, fylgdum við honum að útidyrum hússins og aðstoðuðum hann við að ljúka upp dyrunum, þar sem hann átti í erfiðleikum með það sökum ölvunar. Í þann mund, sem dyrnar voru opnaðar, var sem Indriða rynni skyndilega í skap að tilefnislausu. Fór hann þó inn og skellti hurðinni harkalega á eftir sér, opnaði óðar dyrnar

aftur og þreif í lögreglumann nr. 143 og kippti honum inn í forstofu. Reyndi Indriði að skella aftur hurðinni, sem lögreglumaðurinn hélt um, með þeim afleiðingum, að hönd hans lenti á milli stafs og hurðar. Fóru lögreglumenn nr. 192 og 165 til hjálpar inn í forstofuna, og reyndum við allir í sameiningu að hafa hemil á ofstopa Indriða. Var hann orðinn afskaplega æstur og ekki við mælandi. Meðan á þessu stóð, kom bróðir Indriða, Albert, hlaupandi niður stiga og réðst umsvifalaust á lögreglumann nr. 143 og greip hann hálstaki. Því næst kom faðir þeirra bræðra, Pétur, og réðst hann einnig umsvifalaust á okkur." Síðan er í skýrslunni lýst átökum, er þarna urðu og lauk með því, að feðgarnir voru yfirbugaðir, handteknir og færðir á lögreglustöð, eftir að liðsauki hafði borist. Skýrsla þessi er gerð af Stefáni Alfreðssyni lögreglumanni, og hefur hann staðfest hana fyrir dómi.

Að lokinni lögregluransókn málsins höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur Indriða Kristni fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 15. maí 1991, var hann sakfelldur samkvæmt ákærunni og dæmdur í 60 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, og til að greiða einum lögreglumannanna skaðabætur. Ríkissaksóknari heimilaði, að máli ákærðu í þessu máli yrði lokið með dómsátt, en þeir höfnuðu því.

Lögreglumennirnir þrír, er fluttu Indriða Kristin heim, komu fyrir dóm við rannsókn málsins gegn honum og gáfu skýrslur. Verður nú framburður þeirra reifaður, þá framburður Indriða Kristins og móður hans fyrir dómi og loks framburður ákærðu.

Stefán Alfreðsson lögreglumaður skýrir svo frá, að eftir að Indriða Kristni hafi verið ekið að Mjölnisholti 4, hafi honum verið fylgt heim að dyrum. Hann hafi átt í erfiðleikum með að opna, en afþakkað aðstoð lögreglumannanna. Hann hafi reiðst við þetta og skellt aftur hurðinni, þegar honum hafði tekist að opna. Lögreglumennirnir hafi snúið við við svo búið, en í því hafi Indriði Kristinn þrifið upp hurðina, gripið í hálsmál Stefáni og þrifið hann inn um dyrnar. Kveðst Stefán hafa hrasað og í fallinu gripið í endann á hurðinni, sem Indriði Kristinn hafi þá skellt aftur, og lenti við það þumalfingur Stefáns á milli stafs og hurðar. Stefán kveður Indriða Kristin hafa reynt að slá sig, en hinir lögreglumennirnir komið sér til aðstoðar. Hann kveður ákærða Albert hafa komið hlaupandi niður og gripið sig hálstaki, en hann hafi losnað úr því. Þá hafi ákærði Pétur komið og ráðist á lögreglumennina, og kvaðst Stefán hafa séð hann slá Þórhall Þráinsson lögreglumann, svo að gleraugu hans þeyttust af honum. Í framhaldi af þessu hafi hafist átök, sem Stefán kveðst ekki geta lýst í smáatriðum, en Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður hafi náð tökum á ákærða Albert og Þórhallur haft ákærða Pétur í tökum og þá farið út og kallað

eftir aðstoð. Þegar hann kom inn aftur, höfðu ákærðu losnað, en Indriði Kristinn hefði verið að sparka í áttina að andliti Rúnars. Stefán kvað ákærða Pétur hafa reynt að bíta sig, en hann þá tekið upp kylfu og slegið hann tvö högg á hægri upphandlegg. Skömmu síðar hafi borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn verið handteknir og fluttir á lögreglustöð.

Þórhallur Þráinsson var lögreglumaður veturinn 1989 til 1990. Hann ber fyrir dómi, að þegar lögreglumennirnir hafi skilið við Indriða Kristin, hafi hann og Rúnar gengið frá, en Stefán verið aðeins á eftir. Hann kveðst síðan hafa heyrt Indriða Kristin opna dyrnar, heyrt hark og litið við og þá séð Stefán fara inn í húsið, en ekki mundi hann nánar aðdraganda þess. Hann kvað sig og Rúnar hafa farið á eftir Stefáni til aðstoðar og farið inn á gang. Ákærði Albert hafi þá komið hlaupandi niður stiga og ráðist á þá. Stuttu síðar hafi ákærði Pétur einnig komið og ráðist á þá. Hvorugur hinna ákærðu reyndi að fá skýringu á veru lögreglumannanna þarna. Þórhallur kvaðst hafa náð tökum á ákærða Pétri, en Rúnar á ákærða Albert. Stefán hafi farið að kalla eftir aðstoð, eftir að hann hafði verið í átökum við Indriða Kristin. Þórhallur kvað Indriða Kristin hafa reynt að sparka í Rúnar, en ekki sá hann, hvort það tókst, enda kvaðst hann hafa átt fullt í fangi með ákærða Pétur. Þegar Stefán hafi komið til baka, hafi hann og Rúnar beitt kylfum. Eftir að liðsauki barst, hefðu ákærðu og Indriði Kristinn verið yfirbugaðir, ákærði Pétur inni í eldhúsi.

Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður ber fyrir dómi, að þegar lögreglumennirnir voru að ganga frá Mjölnisholti 4, eftir að Indriði Kristinn var kominn inn, hafi hann skyndilega þrifið upp hurðina, gripið í hálsmál Stefáni og kippt honum inn fyrir. Hafi fingur Stefáns orðið á milli stafs og hurðar og Rúnar og Þórhallur komið honum til aðstoðar. Ákærði Albert hafi komið niður stiga, stokkið á Stefán og tekið hann hálstaki, og skömmu síðar hafi ákærði Pétur komið og blandað sér í átökin. Rúnar kvaðst hafa verið í átökum við ákærða Albert og fallið með hann í tökum í gólfið og Indriði Kristinn þá sparkað þrisvar í andlit sér. Þórhallur hafi verið í átökum við ákærða Pétur, en Stefán farið að kalla eftir liðsauka. Þegar hann kom aftur, hefði hann tekið Indriða Kristin og farið með hann. Ákærði Albert hefði losnað og viljað halda áfram átökum, en Rúnar kvaðst þá hafa tekið upp kylfu og barið henni tvisvar til þrisvar á framanvert læri ákærða. Við þetta hefði ákærði róast, enda kvaðst Rúnar hafa staðið yfir honum með kylfuna reidda til höggs. Skömmu síðar hefði borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn þá verið yfirbugaðir.

Indriði Kristinn bar fyrir dómi, að hann hefði verið handtekinn og fluttur heim til sín, eins og rakið hefur verið. Þar kvaðst hann hafa tekið upp lykla sína og reynt að opna, en lögreglumaður tafið fyrir sér. Hann kvað engar stimpingar hafa orðið, og hann hafi sagt lögreglumanninum, að hann

væri einfær um að opna. Það hefði hann gert og farið inn. Hann kvaðst síðan hafa setið í stigaganginum í 20 til 30 mínútur og beðið eftir Birgi, vini sínum. Hann hefði heyrt hann flauta tvisvar fyrir utan og þá opnað dyrnar. Í því hefði birst lögreglumaður og reynt að ryðjast inn, en Indriði Kristinn kvaðst hafa reynt að loka dyrunum, en það ekki tekist. Ekki kvaðst hann hafa orðið þess var, að fingur lögreglumannsins klemmdist. Fleiri lögreglumenn hefðu komið að og ýtt upp hurðinni. Indriði Kristinn kvað bróður sinn hafa komið niður stiga og spurt, hvað gengi á. Þá hefði kylfu verið beint gegn honum, en hann náð að taka um hana. Þá hefði faðir sinn komið og spurt lögreglumennina, hvort þeir vildu ekki koma sér út. Indriði Kristinn kvaðst ekki hafa séð, að gengið væri í skrokk á lögreglumönnunum, en þeir hefðu beitt kylfum gagnvart sér og ákærðu. Þá neitaði hann að hafa slegið lögreglumann hnefahögg í andlitið eða sparkað í höfuð öðrum.

Jakobína Ásbjörg Albertsdóttir, móðir ákærða Alberts og fyrrverandi eiginkona ákærða Péturs, bar fyrir dómi, að hún hefði orðið vör við, að Indriði Kristinn hefði komið inn um aðaldyrnar, lokað þeim og sest í stigann. Um það bil 15 mínútum síðar hefði hann opnað dyrnar aftur, og þá hefði hún heyrt hann kalla á hjálp. Ákærði Albert hefði ekki sinnt því strax. Skömmu síðar hefði hún heyrt gauragang frammi og ákærði Pétur þá farið að athuga, hvað gengi á. Hún hefði líka farið fram til að athuga, hvað gengi á, og þá séð lögreglukonu, sem hefði gert sig líklega til að láta kylfu vaða í andlit Indriða Kristni, þar sem hann lá, en ákærði Albert komið í veg fyrir það. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við, að lögreglumenn yrðu fyrir höggum eða spörkum. Ákærði Pétur hefði ýtt við einum lögreglumanninum og beðið hann kurteislega að fara út. Þá kvað hún tvo lögreglumenn hafa ýtt ákærða Pétri á milli sín og m. a. hent honum á eldhússborð, er hefði brotnað. Jakobína Ásbjörg kvað sér ekki hafa fundist, að ákærðu og Indriði Kristinn væru að ráðast á lögreglumennina, en sér hefði fundist vera um berserksgang af hálfu lögreglumannanna að ræða.

Ákærði Pétur bar fyrir dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið inni í stofu að horfa á sjónvarp. Hann kvaðst hafa heyrt hávaða og farið fram og þá séð þrjá lögreglumenn inni, en útidyr verið lokaðar. Tveir lögreglumenn hefðu verið með Indriða Kristin, en einn verið í stimpingum við meðákærða. Ákærði kvaðst hafa spurt, hvað væri að gerast, en ekki fengið nein svör. Hann hefði því opnað útidyrnar og ýtt út öðrum lögreglumanninum, sem hefði verið með Indriða Kristin. Ákærði kvað það hafa verið ætlun sína að koma lögreglumönnunum út, enda hefðu þeir ekkert erindi átt inn á heimili sitt. Það hefði hins vegar ekki tekist. Lögreglumönnunum hefði borist liðsauki og ákærðu og Indriði Kristinn verið handteknir, færðir

á lögreglustöð og vistaðir þar til morguns næsta dag. Ákærði kvaðst ekki hafa ráðist á lögreglumennina, heldur hefðu þeir ráðist inn á heimili sitt og hann verið að verja það. Hann kvaðst ekki hafa reynt að hindra það, að þeir handtækju Indriða Kristin, heldur spurst fyrir um, hvað væri að gerast, og þegar hann hefði engin svör fengið, hefði hann brugðist við með því að reyna að koma þeim út. Ákærði kannaðist við, að meðákærði hefði haldið utan um axlir eins lögreglumannanna, sem hefði ógnað honum með kylfu, er hann kom niður stigann.

Ákærði Albert bar fyrir dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið farinn að sofa, er hann hefði heyrt hurð skellt. U. þ. b. 10 mínútum síðar hefði Indriði Kristinn kallað tvisvar, þrisvar á sig, en hann hefði ekki ansað því, fyrr en Indriði Kristinn hefði kallað á hjálp. Þá hefði hann farið fram og litið niður stigann og séð tvo lögreglumenn í anddyrinu. Indriði Kristinn hefði verið í stimpingum við annan þeirra. Ákærði kvaðst hafa spurt lögreglumennina, hvort þeir væru að misþyrma honum, en verið spurður á móti, hvort sér sýndist það, og jafnframt hefði sér verið sagt að vera ekki að skipta sér af þessu. Ákærði kvaðst hafa sagt lögreglumönnunum, að þetta væri heimili sitt og að þeir færu ekki með Indriða Kristin nema hafa húsleitar- og handtökuheimild, og þeir þá svarað því til, að það mætti útvega hana. Ákærði kvaðst hafa séð, að annar lögreglumaðurinn hefði ætlað að láta kylfu vaða í Indriða Kristin, og þá náð taki á kylfunni, en lögreglumaðurinn hefði streist á móti, og hefðu þeir stimpast, og í þeim stimpingum kvaðst ákærði hafa tekið utan um hálsinn á lögreglumanninum. Ætlunin hefði verið að koma honum út úr húsinu. Í þessu hefði meðákærði komið og skipað lögreglumönnunum út, en þeir neitað því. Meðákærða hefði tekist að henda einum út, en skömmu síðar hefði borist liðsauki og ákærðu ásamt Indriða Kristni verið handteknir og færðir á lögreglustöð. Meðan á átökunum stóð, kvaðst ákærði hafa reynt að ræða við lögreglumennina í því skyni að fá þá út úr húsinu, en það reynst árangurslaust. Hann kvaðst ekki hafa fengið skýringar á því, hvers vegna þeir hefðu verið að eiga við Indriða Kristin.

Niðurstaða.

Eins og að framan var lýst, voru lögreglumenn þeir, sem nefndir eru í ákæru, inni á heimili ákærðu að kvöldi 1. febrúar 1990 og ætluðu að handtaka Indriða Kristin Pétursson. Hann hafði skellt hurð á fingur eins lögreglumannanna, og höfðu þeir því fullt tilefni til handtökunnar. Ákærðu komu að, er lögreglumennirnir voru að handtaka Indriða Kristin, sem veitti þeim mótspyrnu. Lögreglumennirnir hafa allir borið, að ákærðu hafi komið og ráðist á þá, er þeir reyndu að handtaka Indriða Kristin. Ákærði Pétur hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ýtt einum lögreglumannanna út, en sá hafi ásamt öðrum verið með Indriða Kristin. Þetta kvaðst hann

hafa gert, eftir að spurningu sinni um, hvað væri að gerast, hefði ekki verið svarað, og kvað hann það hafa verið ætlun sína að koma lögreglumönnunum út. Hann kvað lögreglumennina hafa ráðist inn á heimili sitt og hann verið að verja það, en ekki afstýra því, að þeir handtækju Indriða Kristin. Ákærði Albert hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa gripið um kylfu lögreglumanns, er hafi reitt hana að Indriða Kristni, og síðan stimpast við hann og í þeim stimpingum tekið um háls hans. Hafi ætlun sín verið að koma honum út úr húsinu.

Samkvæmt framansögðu er sannað með framburði lögreglumannanna og að hluta til framburði ákærðu, að ákærðu hafa gerst sekir um að hafa ráðist á lögreglumennina, eins og þeim er gefið að sök í ákæruskjali. Verður ekki annað séð en það hafi verið til þess að koma í veg fyrir, að lögreglumennirnir handtækju Indriða Kristin. Þá er sannað með játningu ákærða Alberts, sem styðst við önnur gögn málsins, að hann hefur tekið Stefán Alfreðsson lögreglumann hálstaki og að ákærði Pétur hefur reynt að ýta lögreglumönnunum út úr húsinu. Eins og áður sagði, voru lögreglumennirnir í lögmætum erindum inni í húsinu umrætt kvöld, og þótt fallast megi á það, að ákærðu hafi átt rétt á því, að lögreglumennirnir gerðu grein fyrir veru sinni, þá getur það, að ákærðu fengu að eigin mati ekki fullnægjandi svör við spurningum sínum þar að lútandi, ekki réttlætt viðbrögð þeirra á nokkurn hátt.

Brot ákærðu er rétt fært til refsiákvæðis í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Alberts hefur hann þrisvar verið dæmdur í refsingu vegna brota á umferðarlögum, síðast 1988 30 daga varðhald. Þá hefur hann sex sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, umferðar- og hegningarlagabrot, síðast 1986. Ákærði Pétur var dæmdur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, 1958 fyrir auðgunarbrot og fleira, 1961 í 16 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot og 1962 í tveggja ára fangelsi fyrir sams konar brot. Árið 1975 var hann dæmdur í varðhald fyrir ölvunarakstur. Þá hefur hann fimm sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, síðast 1986. Hæfilegt þykir nú að dæma hvorn ákærðu til að greiða 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og skal tíu daga varðhald koma í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 45.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærðu, Albert Pétursson og Pétur Hansson, greiði hvor 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað

sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 45.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 298/1990. **Sigurður Þórðarson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Nesi hf.
(Valgarð Briem hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 251.040 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann staðfestingar á sjóveði í skipi stefnda, m/s Svani, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfum og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í máli þessu krefst áfrýjandi launa í veikindum frá 23. september 1988 til 1. nóvember sama ár samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Fram er komið, að hann kom til Reykjavíkur úr ferð til Póllands 22. september 1988, og átti ráðningu hans þá að ljúka. Óumdeilt er, að hann kenndi sjúkdóms í ferðinni, sem læknar greindu síðar sem sár á skeifugörn. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort hann hafi orðið óvinnufær í ferðinni, og byggir stefndi á því, að áfrýjandi stóð þá nær allar vaktir og hafnarvakt daginn eftir komuna til Reykjavíkur. Þá heldur hann því fram, að áfrýjandi hafi áfram verið vinnufær, enda þótt hann hafi þurft að vera undir læknishendi. Áfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að hann hafi verið orðinn óvinnufær í ferðinni, en harkað af sér.

Í málinu liggja fyrir tvö vottorð heimilislæknis áfrýjanda, sem unnin voru í samráði við sérfræðing í meltingarfærasjúkdómum, sbr. 5. mgr. 36. gr. sjómannalaga. Þar er vottað, að áfrýjandi hafi, eins fljótt og kostur var, leitað sér læknishjálpar eftir komuna til

Reykjavíkur og verið ráðlagt að fara ekki á sjó, fyrr en sárið væri gróið. Þá kemur fram, að honum var ekki ráðlagt að fara að vinna fyrr en 1. nóvember 1988. Læknarnir hafa komið fyrir héraðsdóm og staðfest þetta álit. Vottorðum þessum og skýrslum læknanna hefur ekki verið hnekkt. Verður við það að miða, að ekki hafi verið ráðlegt, að áfrýjandi væri á sjó, eins og sjúkdómi hans var háttað, og hafi hann því verið orðinn óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, þegar hann kom úr ferðinni. Hann á samkvæmt ákvæðinu ekki að missa neins í af launum sínum, meðan hann er óvinnufær. Útreikningi kröfu áfrýjanda er ekki mótmælt. Ber að taka hana til greina í heild sinni, og á áfrýjandi sjóveðsrétt í m/s Svani fyrir dæmdum fjárhæðum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Nes hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Þórðarsyni, 251.040 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags og 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðsrétt í m/s Svani fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 5. júní 1989.

Stefnandi er Sigurður Þórðarson, Glaðheimum 18, Reykjavík.

Stefndi er Nes hf., Grundarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér laun í veikindaforföllum tímabilið 23. september 1988 til 1. nóvember s. á., 251.040 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun,

3. að staðfest verði sjóveð í skipi stefnda, m/s Svani (á skipaskrá nr. 1387), fyrir ofangreindum kröfum.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Stefndi krefst og málskostnaðar að skaðlausu, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi 4. júlí 1988 verið ráðinn stýrimaður til stefnda og hafi fyrst verið á m/s Val, en frá 6. ágúst 1988 hafi hann síðan verið á m/s Svani, þar til hann hætti störfum 23. september 1988, en þá hafi hann þegar verið orðinn veikur. Hann hafi verið að koma úr þriggja til fjögurra vikna siglingu frá Póllandi og verið haldinn óþægindum í maga á leið til Póllands, sem síðan hafi ágerst jafnt og þétt eftir því, sem liðið hafi á siglinguna. Hann hafi verið með sífellda verki fyrir bringspölum og hungurverki og verulegt mataróþol á ýmsan mat, vaxandi eftir því, sem leið á ferðina, og ógleði og uppköst öðru hverju. Hann hafi vaknað upp með verkinn og oft verið sveittur af verkjaköstunum og haft mikla vanlíðan. Hann hafi lesið sér til um borð í Lækningabók sjófarenda, að þessi einkenni gætu líkst magasári, og þess vegna tekið magamjólk, sem til var í lyfjakassa. Hafi það slegið aðeins á vanlíðanina.

Vélstjórarnir Snorri Hauksson og Aðalsteinn Sæmundsson hafa hér fyrir dómi borið, að þeir hafi vitað til þess, að stefnandi hafi kvartað undan magaverkjum í Póllandi og átt í erfiðleikum vegna veikindanna. Hann hafi í raun verið orðinn óvinnufær, þegar hann var á leið til Íslands, og þegar við komuna til landsins hafi hann leitað til heimilislæknis síns og komist að í skoðun 26. september 1988. Læknirinn hafi sent hann strax í magaspeglun til Ólafs Gunnlaugssonar, læknis og meltingarfærasérfræðings, og hafi þá komið í ljós, að stefnandi var með sár á skeifugörn, þ. e. magasár.

Heimilislæknir hans hafi gefið út óvinnufærnisvottorð, sem taki til tímabilsins 23. september til 1. nóvember 1988, og jafnframt hafi læknirinn gefið út vottorð, dags. 20. janúar 1989. Þar komi fram, að sér hafi batnað á þessum tíma í meðförum læknanna. Hann hafi aftur farið í speglun til Ólafs Gunnlaugssonar 24. október, og hafi þá verið ákveðið, að hann mætti fara til vinnu 1. nóvember 1988, eins og gert hafi verið ráð fyrir.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfu sína um greiðslu launa í veikindaforföllum á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Sannað sé með vottorði læknis,

að stefnandi hafi verið orðinn veikur og óvinnufær, á meðan hann hafi enn verið í vinnu hjá stefnda, og beri honum laun þess vegna. Stefnandi hafi lýst því hér fyrir dómi, hvernig hann hafi reynt að harka af sér og pína sig til að standa vaktir, enda hafi þeir aðeins verið tveir við störf, hann og skipstjórinn, og skipst á vöktum.

Báðir læknarnir, sem skoðað hafi stefnanda og stundað hann, hafi lýst hér fyrir dómi, að þeir hefðu eindregið ráðlagt honum að vinna ekki, meðan sárið væri að gróa, og báðir hafi tekið fram, að hann hefði ekki átt að fara í ferð sem farmaður á þessum tíma. Þetta sé að verða óvinnufær vegna veikinda, eins og 36. gr. sjómannalaga segi til um.

Í Hrd. 1975, 788, sé þáverandi 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 skýrð svo, að skipverji eigi því aðeins rétt til launa úr hendi útgerðarmanns á veikindatíma, að hann verði óvinnufær, meðan á ráðningartíma standi. Sönnun um, að stefnandi hafi verið óvinnufær 23. september 1988, sé í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, sem dagsett sé 18. október 1988 og hún hafi staðfest hér fyrir dómi, enda sé ljóst af 5. mgr. 36. gr. s. l., að læknir skeri úr um óvinnufærni. Stefndi hafi ekki hnekkt þessu læknisvottorði, og verði því að leggja það til grundvallar í málinu.

II.

Stefndi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi verið ráðinn stýrimaður til afleysinga á tvö skip stefnda, í eina ferð á m/s Val og tvær ferðir á m/s Svan. Hafi stefnandi verið afskráður af skipinu í Reykjavík 23. september 1988, og hafi þá lokið störfum hans hjá stefnda.

Hinn 3. eða 4. október 1988 hafi stefnandi haft samband við Pálma Pálsson, framkvæmdastjóra stefnda, til að spyrjast fyrir um fleiri afleysingaferðir. Ekki hafi verið minnst á nein veikindi, og hafi stefnandi ekki gefið annað í skyn en hann væri reiðubúinn að hefja störf. Þá hafi stefnanda verið tjáð, að hann þyrfti ekki að vænta skipsrúms hjá stefnda framar, þar sem hann hefði ekki staðið sig nægilega vel um borð.

Framkvæmdastjórinn hafi flogið af landi brott að morgni 5. október og komið heim aftur 19. október. Læknisvottorð, út gefið af Margréti Georgsdóttur lækni 18. október 1988, hafi legið á skrifborði hans, en það hafi verið sett í póstkassa stefnda í anddyri Hafnarhússins. Þetta vottorð hafi verið fyrstu fréttir, sem starfsmenn stefnda hafi haft af veikindum stefnanda.

Næst hafi það gerst, að stefnandi hafi haft samband við framkvæmdastjórann 1. nóvember 1988 og spurst fyrir um uppgjör á veikindalaunum. Framkvæmdastjórinn hafi þá boðið stefnanda að koma á skrifstofuna tveimur dögum síðar og hitta sig og skipstjórann til þess að fá málin á hreint, en stefnandi hafi ekki látið sjá sig.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína því, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann fullnægi skilyrðum 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 til þess að öðlast rétt til greiðslu veikindalauna úr hendi stefnda.

Stefndi kveður ágreining aðila snúast um það, hvort stefnandi hafi verið óvinnufær 23. september 1988, meðan á ráðningartíma stóð, eins og greint sé í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, sem dagsett sé 18. október s. á. Læknirinn geti ekki vottað um það, sem hann hafi ekki sannreynt með skoðun, og öllu öðru í læknisvottorði sé mótmælt sem ósönnuðu.

Gunnar Guðnason skipstjóri hafi hér fyrir dómi borið, að sér hafi ekkert verið kunnugt um hina miklu verki og vanlíðan, sem stefnandi lýsi fyrir lækninum og fram komi í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, dags. 20. janúar 1989. Hann hafi og borið, að stefnandi hafi aldrei í ferðinni eða við heimkomu óskað eftir aðstoð sinni við að ná til læknis. Stefnandi hafi einu sinni kvartað undan brjóstsviða, á brottfarardegi frá Stettin, og beðið um að fá magamjólk úr lyfjakistu skipsins. Við heimkomu skipsins hafi stefnandi skilað mixtúrunni, en þá hafi lítið verið tekið úr flöskunni. Stefnandi hafi staðið allar sjóvaktir á leiðinni og unnið um borð, eftir að skipið kom til Reykjavíkur.

Að mati skipstjórans hafi stefnandi verið vinnufær, þegar hann var afskráður í Reykjavík 23. september 1988. Það sýni líka yfirvinnuskýrslur. Sjóvökum hafi verið slitið kl. 20.15 fimmtudaginn 22. september 1988. Stefnandi hafi unnið sjö tíma á frívakt 22. september og þrjá tíma 23. september auk dagvinnu. Þetta sýni, að stefnandi hafi verið vinnufær, þegar hann var afskráður 23. september, enda hafi stefnandi þá ekkert tilkynnt um veikindi.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi verið lögskráður í 23 almanaksdaga, þ. e. 1.-23. september, sem samsvari 17 virkum lögskráningardögum, sbr. gr. 1.4.1. í kjarasamningi. Hefði stefnandi ekki verið að hætta, heldur fara í frí, þá hefðu 13,5 frídagar, sem gerðir séu upp við afskráningu, gefið honum rétt á að vera í launuðu fríi til hádegis 13. október 1988, sbr. gr. 8.2.2. og 8.2.3. í kjarasamningi. Þar sem stefnandi hafi ekki átt að fara aftur um borð, hafi hann ekki misst yfirvinnu. 36. gr. sjómannalaga kveði á um, að þeir, sem fullnægi skilyrði ákvæðisins, eigi ekki að missa neins í af launum. Ákvæði greinarinnar gefi ekki tilefni til þeirrar túlkunar stefnanda, að skipverjar skuli hagnast á veikindum sínum.

III.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að við speglun og skoðun hjá lækni 28. september 1988 hafi komið í ljós, að stefnandi var með sár á skeifugörn.

Læknar hafa staðfest, að einkenni þau, er stefnandi lýsti fyrir þeim, að hann hafi haft í ferð skipsins tveimur til þremur vikum fyrir heimkomu 23. september 1988, þ. e. verki fyrir bringspölum, hungurverkir, ógleði og uppköst, sýni, að sárið hafi verið að myndast á þessum tíma.

Stefnandi hefur lýst því fyrir dóminum, að hann hafi þrátt fyrir vanlíðan sína harkað af sér og staðið vaktir í brú og vonað, að verkirnir myndu dvína. Þeir hafi komið í bylgjum, og líðanin hafi verið skárri, er komið var til Reykjavíkur 22. september 1988.

Upplýst er, að stefnandi hafi unnið störf sín 23. september 1988, þar til hann var afskráður. Enda þótt talið verði, að hann hafi þá verið kominn með magasár það, sem staðfest var með skoðun fimm dögum síðar, 28. september, verður ekki talið, að hann hafi verið óvinnufær 23. september 1988. Stefnandi getur því ekki sótt stefnda til greiðslu launa skv. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Nes hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þórðarsonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 424/1991. **Haukar hf.**

gegn

Einari Ólafssyni.

Ómerking. Heimvísun. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir héraðsdómi frá og með þinghaldi 26. apríl 1991 verði ómerkt. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur þingsókn fallið niður fyrir Hæstarétti.

Málið hefur verið skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Fyrirsvarsmaður áfrýjanda sótti þing við þingfestingu máls þessa í héraði og aftur í öðru þinghaldi og lagði þá fram greinargerð. Var málinu þá frestað ótiltekið. Var síðan boðað til þinghalds föstudaginn 26. apríl 1991. Var þá eigi sótt þing af hálfu áfrýjanda. Málið var dómtekið 2. mars sama ár, er lögmaður stefnda, stefnanda í héraði, hafði lagt fram sókn.

Boðun til þinghaldsins 26. apríl 1991 var gerð með símskeyti 19. sama mánaðar frá dómara málsins. Fyrir liggur vottorð Póst- og símamálastofnunar þess efnis, að skeyti til áfrýjanda hefði ekki verið afhent, þar sem starfsemi hans væri flutt frá viðtökustaðnum. Þá segir í vottorðinu, að sendanda skeytisins hefði verið tilkynnt um þetta 22. apríl 1991.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ekki liggur fyrir önnur tilkynning til áfrýjanda, verður við það að miða, að hann hafi ekki verið boðaður til þinghalds í málinu 26. apríl 1991. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með því þinghaldi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan

verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 26. apríl 1991 skulu vera ómerk, og er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 164/1990. **Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Þráni Ólafi Jenssyni og
skiptaráðanda f. h. félagsbús
Jóhönnu Guðrúnar Agnarsdóttur og
Þráins Ólafs Jenssonar
(Guðmundur Markússon hrl.).

Hjón. Skipti. Málamyndagerningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1990. Hún gerir þær dómkröfur, að við skipti á búi aðila verði ekki dregið frá eignum þess andvirði tveggja veðskuldabréfa, sem út gefin voru af stefnda 7. september 1988, að fjárhæð 1.150.000 krónur, og 22. september sama ár, að fjárhæð 440.000 krónur. Bæði bréfin voru tryggð með veði í Ægisbraut 11, Akranesi. Þá krefst hún þess, að stefnda „verði gert skylt að greiða félagsbúinu kr. 50.000,- mánaðarlega í húsaleigu frá og með 1. nóvember 1988 til þess dags, er hann rýmir húsnæði félagsbúsins að Presthúsabraut 31, Akranesi, þannig, að leigan verði bundin byggingarvísitölu nóvember 1988, 124,8 stigum". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda Þráins Ólafs í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þráinn Ólafur krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn stefndi skiptaráðandi hefur ekki sótt þing og engar kröfur gert.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Við málflutning fyrir Hæstarétti var skýrt frá því, að lögskilnaðarleyfi til aðila hefði verið gefið út 31. janúar 1991.

I.

Eins og lýst er í úrskurði skiptaréttar, keyptu aðilar máls þessa fasteignina Presthúsabraut 31, Akranesi, með kaupsamningi 13. september 1986. Var kaupverð hennar 1.950.000 krónur. Hinn 7. sama mánaðar hafði afi stefnda Þráins Ólafs, Þráinn Sigurðsson, selt íbúð sína að Háholti 35, Akranesi, fyrir 1.150.000 krónur, en í þeirri íbúð höfðu málsaðilar búið endurgjaldslaust í nokkur ár. Stefndi Þráinn Ólafur heldur því fram, að afi sinn hafi lánað aðilum allt söluverð íbúðarinnar að Háholti 35. Áfrýjandi minnist þess ekki, en segir, að hann hafi „hins vegar alltaf af og til verið að gefa þeim peninga". Segir áfrýjandi, að hann hafi ekki haft uppi kröfur um endurgreiðslur vegna fjárhagsaðstoðar við Þráin Ólaf. Ósannað er, að allt söluverð íbúðarinnar hafi gengið til aðila máls þessa.

Af gögnum málsins má ráða, að aðilar hafi haft fjárhagslegt bolmagn til að kaupa fasteignina Presthúsabraut 31, enda þótt þau við kaupin hafi ekki haft neitt handbært fé að sögn áfrýjanda. - Þau fengu lán hjá Byggingarsjóði ríkisins vegna kaupanna, fyrst 683.000 krónur 11. mars 1987 og síðan 745.000 krónur 4. september 1987, samtals 1.428.000 krónur. - Áfrýjandi greinir frá því í aðilaskýrslu, að þau hafi notið fyrirgreiðslu í Samvinnubanka Íslands hf. Kemur það heim við skuldalista í drögum að skiptasamningi milli aðila, sem frá lögmanni stefnda er kominn. Þar er getið fjögurra skulda við bankann, að eftirstöðvum 264.948 krónur. - Samkvæmt skattskýrslum aðila virðist stefndi hafa haft dágóðar tekjur, 768.849 krónur árið 1986 og 858.805 krónur árið 1987.

Á skattframtölum aðila 1987 og 1988 (vegna tekna áranna 1986 og 1987) var ekki talin fram skuld við Þráin Sigurðsson, heldur eingöngu skuld við Byggingarsjóð ríkisins. Ekki hefur verið sýnt fram á það, að Þráinn Sigurðsson hafi getið skulda málsaðila við sig á sínum skattframtölum.

II.

Veðskuldabréf þau, sem um er deilt í máli þessu og lýst er hér að framan, eru talin hafa verið útbúin og undirrituð um mánaðamótin september/október 1988. Gjalddagi bréfanna var einn, ári eftir dagsetningu þeirra. Til skilnaðar kom milli aðila þá um haustið 1988, og fluttist áfrýjandi burt af heimilinu í byrjun október. Er

óumdeilt, að hún var flutt í burtu, er veðskuldabréfunum var þinglýst 4. október 1988. Þá er einnig óumdeilt, að áfrýjandi fékk ekki vitneskju um útgáfu bréfanna fyrr en seint í október eða byrjun nóvember, og viðurkennt af stefnda og afa hans, að ekkert samráð var haft við áfrýjanda um útgáfu þeirra. Þráinn Sigurðsson bar fyrir skiptarétti, að hann hefði aldrei gengið eftir greiðslu lánsins og myndi ekki gera það af skyndingu gagnvart stefnda.

Stefndi telur, að veðskuldabréfið 22. september 1988, að fjárhæð 440.000 krónur, hafi verið greiðsla fyrir fasteignina Ægisbraut 11, en hann rak þar verkstæði. Afsal fyrir fasteigninni er dagsett sama dag og veðskuldabréfið. Bæði skuldabréfin voru tryggð með veði í Ægisbraut 11.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að framangreindum veðskuldabréfum hafi verið aflýst af fasteigninni Ægisbraut 11 hinn 5. apríl 1991, en stefndi seldi þá fasteign með afsali 19. apríl 1991 fyrir 1.700.000 krónur, og var útborgun 900.000 krónur. Upplýst var við málflutning, að ekkert hefði verið greitt af bréfunum.

Þegar litið er til alls þess, sem að framan er rakið, verður talið, að áfrýjandi hafi sýnt nægilega fram á, að framangreind veðskuldabréf feli ekki í sér staðfestingu á raunverulegri skuld málsaðila við Þráin Sigurðsson. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda og hafna því, að framangreind skuldabréf verði dregin frá hjúskapareign stefnda við fjárskipti milli aðila.

Að því er varðar kröfu áfrýjanda um greiðslu húsaleigu, er fallist á þá niðurstöðu skiptaréttar, að ekki sé grundvöllur til að taka hana til greina.

Rétt er, að stefndi Þráinn Ólafur greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Við skipti á búi áfrýjanda, Jóhönnu Guðrúnar Agnarsdóttur, og stefnda Þráins Ólafs Jenssonar skal ekki draga frá eignum búsins andvirði tveggja veðskuldabréfa, út gefinna af stefnda 7. september 1988, að fjárhæð 1.150.000 krónur, og 22. september 1988, að fjárhæð 440.000 krónur.

Kröfu áfrýjanda um greiðslu húsaleigu frá stefnda er hafnað.

Stefndi Þráinn Ólafur greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Akraness 21. febrúar 1990.

Hjónin Þráinn Ólafur Jensson, nnr. 9836-2584, og Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir, nnr. 5003-7088, hafa lagt fyrir skiptarétt Akraness ágreining um skipti á hjúskapareignum sínum vegna skilnaðar að borði og sæng. Síðasta sameiginlega heimilisfang hjónanna var Presthúsabraut 31, Akranesi. Eiginmaðurinn býr þar nú, en eiginkonan er að Fannafold 155, Reykjavík.

Kröfur sækjanda í því efni eru sem hér skal greina:

a. að tvö skuldabréf, sem hann gaf út 22. 9. 1988, að fjárhæð 440.000 kr., og 7. 9. 1988, að fjárhæð 1.150.000 kr., til Þráins Sigurðssonar, nnr. 9839-1053, bæði tryggð með veði í fasteigninni Ægisbraut 11, Akranesi, verði talin til skulda búsins,

b. að hafnað verði kröfu varnaraðila um, að sækjandi greiði húsaleigu vegna Presthúsabrautar 31, Akranesi, en til vara, að leigufjárhæðin verði stórlega lækkuð,

c. að verjanda verði gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Af hálfu verjanda eru gerðar svofelldar kröfur:

a. að við skiptin skv. lið 1 verði ekki dregið frá eignum félagsbúsins andvirði nefndra veðskuldabréfa, að fjárhæð 1.150.000 kr. og 440.000 kr., beggja tryggðra með veði í Ægisbraut 11, Akranesi,

b. að sækjanda verði gert skylt að greiða félagsbúinu 50.000 kr. mánaðarlega í húsaleigu frá og með 1. nóv. 1988 til þess dags, er hann rýmir húsnæði félagsbúsins að Presthúsabraut 31, Akranesi, þannig, að leigan verði bundin byggingarvísitölu nóv. 1988, sem var þá 124,8 stig.

Mótmælt er málskostnaðarkröfu sækjanda.

Munnlegur málflutningur fór fram 7. okt. sl., og var málið síðan tekið til úrskurðar. Þá kom í ljós, að ekki lágu fyrir nægilega skýrar yfirlýsingar málsaðila um, hvert skyldi vera sakarefni málsins. Var málið því tekið aftur fyrir 14. febrúar sl. og endurflutt munnlega og síðan tekið til úrskurðar.

Málavextir eru sem hér skal rakið:

Þau Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir og Þráinn Ólafur Jensson gengu í hjónaband 7. sept 1980 og bjuggu síðast að Presthúsabraut 31 á Akranesi.

Þau hafa eignast tvö börn, Hilmar Braga f. 10. okt. 1978, og Kristrúnu Björgu, f. 1. febr. 1985.

1. Fyrst bjuggu þau á Bárugötu 17, Akranesi, og leigðu þá hjá Ólafi Gíslasyni. Að sögn Þráins Sigurðssonar, afa sækjanda, greiddi hann leiguskuld þeirra þar, þegar þau fluttust þaðan.

2. Síðan fluttust þau hjónin í íbúð við Háholt 35, Akranesi, neðri hæð, sem var í eigu Þráins Sigurðssonar. Þau bjuggu þar í 6-7 ár, og var þeim ekki gert að greiða húsaleigu. Mikið ósamkomulag var við íbúa á efri hæð hússins, og vaknaði því sú hugmynd, að þau hjónin fyndu sér annað húsnæði.

3. Af því varð, og var keypt hús að Presthúsabraut 31, Akranesi, 13. sept. 1986 á nafni sækjanda, en það skyldi laust til afnota 15. sept. 1986, og fluttust hjónin þangað. Afsal var gefið út 12. okt. 1987 og afhent til þinglýsingar 23. okt. 1987. Að sögn eiginkonunnar áttu þau ekkert fé til að fjármagna kaupin á Presthúsabrautinni, en hún álítur þau hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar Þráins Sigurðssonar og fyrirgreiðslu hjá Samvinnubanka Íslands, auk þess sem tekið hafi verið húsnæðisstjórnarlán. Ekki kveðst hún þó muna nákvæmlega, í hverju sú fyrirgreiðsla fólst. Aðspurð kveðst hún þó ekki muna, hvort Háholt 35 hafi verið selt að ósk þeirra hjónanna, né heldur vita til þess, að neitt samkomulag hafi verið gert við Þráin Sigurðsson um, að söluandvirði Háholts 35 gengi til að fjármagna kaupin á Presthúsabraut 31. Hún kveðst ekki minnast þess, að Þráinn Sigurðsson hafi veitt þeim hjónum sérstaka fjárhagsaðstoð vegna kaupa á Presthúsabraut 31, en hann hafi hins vegar alltaf öðru hverju verið að gefa þeim peninga. Hún kveðst þó álíta, að peningaaðstoð Þráins Sigurðssonar hafi m. a. gengið til þess að greiða af Presthúsabrautinni. Samkvæmt framburði sækjanda og Þráins Sigurðssonar var hugmyndin, að andvirði Háholts 35, þ. e. 1.150.000 kr., yrði notað til að greiða kaupverð Presthúsabrautar 31, þ. e. 1.950.000 kr. Íbúðin að Háholti 35 var seld með samningi, dags. 7. sept. 1986, og skyldi laus til afnota 23. okt. 1986. Greiðslur stóðust að nokkru leyti á. Útborgun í Háholti 35 nam samtals 750.000 kr. og skyldi greiða 7. sept. 1986 (150 þús.), 15. nóv. 1986 (150 þús.), 15. febr. 1987 (150 þús.), 15. apríl 1987 (100 þús.), 15. júní 1987 (100 þús.) og 15. ágúst 1987 (100 þús.), en greiðslur útborgunar í Presthúsabraut skyldi greiða 13. sept. 1986 (150 þús), 25. nóv. 1986 (150 þús.), 25. febr. 1987 (150 þús.), 25. apríl 1987 (100 þús.), 25. maí 1987 (400 þús.), 25. júní 1987 (100 þús.), 25. ágúst 1987 (100 þús.) og 25. sept. 1987 (400 þús.). Afsöl voru síðan gefin út sama dag, þ. e. 12. okt. 1987. Í vottorði Hallgríms Hallgrímssonar fasteignasala kemur fram, að hann hafi orðið þess vísari, að kaupin á Presthúsabraut 31 hafi verið fjármögnuð með andvirði Háholts 35 og greiðslur látnar standast á.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðs gaf kaupandi Háholts út skuldabréf, að fjárhæð 400.000 kr., til fjögurra ára með 20% ársvöxtum og gjalddögum 15. okt. ár hvert. Seljandinn, Þráinn Sigurðsson, afhenti sækjanda bréfið til innheimtu að þeirra sögn. Hann segir bæði greiðslur útborgunar og greiðslur af skuldabréfi þessu hafa gengið til sækjanda, sem vegna kaupa á Presthúsabraut gaf út skuldabréf, að fjárhæð 400.000 kr., til fjögurra ára með 20% ársvöxtum og gjalddögum 15. okt. ár hvert. Fyrstu tvær greiðslur útborgunar í Háholti afhenti kaupandi, Sólmundur Maríasson, beint til sækjanda, en síðari greiðslur afhenti hann Þráni Sigurðssyni. Sú skýring er gefin, að sakir ósamkomulags við þau hjónin hafi kaupandi heldur viljað afhenda Þráni Sigurðssyni greiðslurnar.

Eiginmaðurinn kveður afa sinn hafa lánað þeim hjónum andvirði Háholts 35, en Þráinn Sigurðsson kveðst einungis hafa lánað sækjanda féð. Hann kveður verjanda fyrst hafa komið til sín og ámálgað nefnda ráðagerð, en hann hafi ekkert svar gefið. Síðan hafi sækjandi tekið málið aftur upp við sig, og hafi hann þá látið til leiðast að fjármagna kaup Presthúsabrautar með söluandvirði Háholts 35. Hann kveður einungis hafa verið um lán að ræða, en hann hafi þó aldrei gengið eftir endurgreiðslu lánsins.

Þau hjónin fengu húsnæðisstjórnarlán vegna kaupanna á Presthúsabraut, fyrst 683.000 kr. gegn útgáfu skuldabréfs, dags. 11. 3. 1987, og síðan 745.000 kr. gegn útgáfu skuldabréfs, dags. 4. 9. 1987. Sækjandi heldur því fram, að hluti af síðari hluta húsnæðisstjórnarlánsins hafi gengið til bílakaupa og neyslu. Hann kveður m. a. hafa verið keypta bifreið, Toyota Crown, líklega árgerð 1982, á 370.000 kr. eða 390.000 krónur.

4. Vorið 1988, líklega í maí, keypti sækjandi bifreið af Daihatsu-gerð, árgerð 1982, af afa sínum á 50.000 kr. Sækjandi kveður bifreið þessa hafa verið í fínu lagi, þegar eiginkonan tók hana með sér til Reykjavíkur.

5. Haustið 1988 gaf sækjandi út skuldabréf til afa síns, að fjárhæð 1.150.000 kr. Það er dagsett 7. september 1988. Því er haldið fram af þeirra hálfu, að fjárhæð bréfsins hafi numið skuld sækjanda við afa sinn. Upphaflega hafi Þráinn Sigurðsson ekki viljað hafa neina fasta gjalddaga á láninu vegna kaupanna á Presthúsabraut, en þó hafi verið talað um að skjalfesta skuldina. Hann hafi sagt, að skuldin yrði greidd, þegar betur stæði á. Og þegar bréfið var útbúið, hafi orðið að setja einhvern gjalddaga á bréfið, og gjalddagar hefðu því alveg eins getað verið margir í bréfinu eins og einn. Ekki var haft samráð við verjanda, þegar skuldabréfin voru útbúin. Að sögn sækjanda hafði hún þó haft orð á því, að ganga þyrfti frá þessum málum. Hann kveðst hins vegar ekki hafa álitið það nauðsynlegt að hafa samráð við hana um útgáfu skuldabréfanna. Afi hans segir og, að aldrei hafi verið litið á hana sem lántakanda og hún verið á förum til Reykjavíkur, þegar bréfið var gefið út. Hann kveðst ekki muna, hvenær

bréfin voru gefin út, en líklega hafi það verið um mánaðamót sept.-okt. 1988, sem undir þau var skrifað á skrifstofu Jóns Sveinssonar lögmanns, og hún hafi þá líklega verið farin til Reykjavíkur. Verjandi kveðst fyrst í október eða byrjun nóvember 1988 hafa séð skuldabréfið, þegar Svala Thorlacius hrl. sýndi henni það, en hún telur sig hafa verið ennþá á Akranesi, þegar skuldabréfið var gefið út.

6. Hinn 22. sept. 1988 afsalaði Þráinn Sigurðsson fasteigninni við Ægisbraut 11, Akranesi, til sækjanda, en hann hefur rekið verkstæði sitt í húseign þessari. Afsalið var afhent til þinglýsingar 29. sept. 1988. Undanfari þess var munnlegur kaupsamningur þeirra í milli. Í afsalinu segir, að söluverð sé 440.000 kr. Sækjandi og afi hans segja hins vegar, að upphaflegt kaupverð hafi verið 700.000 kr. Að sögn Þráins Sigurðssonar var það síðan lækkað, vegna þess að endurnýja þurfti raflagnir í húsinu, og kostaði það 80.000 kr. Hann kveður sækjanda hafa greitt sér 100.000 kr. og auk þess greitt raflagnareikninginn. Tilgreint kaupverð á afsali, 440.000 kr., hafi verið eftirstöðvar. Sækjandi gaf út skuldabréf, að fjárhæð 440.000 kr., sem er dagsett sama dag og afsalið, og var því þinglýst með 1. veðrétti í Ægisbraut 11. Móttökudagur til þinglýsingar var 4. okt. 1988. Verjandi kom með afsalsskjalið til seljanda, sem ritaði undir, og fór hún síðan með það í þinglýsingu. Hún kveður þó ekki hafa verið gefið út neitt skuldabréf, en kveðst jafnframt ekki hafa neitt í höndum um það, hvernig andvirði Ægisbrautar var greitt.

7. Með matsgerð, dags. 9. nóv. 1989, hefur Hallgrímur Hallgrímsson fasteignasali virt fasteignirnar að Presthúsabraut 31 og Ægisbraut 11 til peningaverðs.

a) „Fasteignin Presthúsabraut 31 er eldra timburhús á einni hæð, að fasteignamati 1.857.000 kr., fastem. leigulóðar er 214.000 kr. Stærð húss er 92,4 fm., lóð 525 fm." Niðurstaða hans er, að söluverð hússins sé 3.190.000 krónur.

b) „Fasteignin Ægisbraut 11 er eldri braggi, klæddur bárujárni, og er að fasteignamati 437.000 kr., leigulóð að fastem. 102.000 kr. Stærð húss er 81 fm. lóð 616 fm."

8. Haustið 1988 kom upp ósamkomulag með hjónunum. Varð það til þess, að verjandi hvarf í byrjun október brott af heimili þeirra að Presthúsabraut 31 á Akranesi og hélt til Reykjavíkur. Hefur hún búið þar síðan. Hinn 17. október 1988 reyndi sóknarprestur að ná sáttum með hjónunum, en án árangurs. Sama dag var hjónaskilnaðarmálið tekið fyrir á skrifstofu bæjarfógeta að Suðurgötu 57, en þá kom í ljós, að ekki var samkomulag með þeim um eignaskipti og lífeyrisgreiðslur til verjanda. Ágreiningur um eignaskiptin var lagður fyrir skiptarétt Akraness.

Dómsmálaráðuneytið gaf út leyfi til skilnaðar að borði og sæng 28. júlí 1989. Hjónabandið stefndur því ennþá.

Málsástæður.

Af hálfu sækjanda er lögð áhersla á, að nefnd tvö skuldabréf, sem hann gaf út haustið 1988 til afa síns, Þráins Sigurðssonar, hafi ekki verið málamyndaskuldabréf. Þau hafi verið gefin út vegna skulda, sem stofnað hafi verið til. Skuldabréfið að fjárhæð 1.150.000 kr. hafi verið til komið vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til handa þeim hjónum að Presthúsabraut 31, en síðara skuldabréfið, að fjárhæð 440.000 kr. hafi verið vegna kaupa á Ægisbraut 11.

Til stuðnings þessu er bent á, að (1) kaupsamningur fyrir Háholt 35 og Presthúsabraut 31 standist að verulegu leyti á, að því er tekur til greiðslna, (2) kaupandi Háholts 35 hafi greitt tvær fyrstu greiðslurnar beint til sækjanda og Þráinn Sigurðsson afhent sækjanda skuldabréfið til innheimtu, og hafi greiðslur því runnið til hans, (3) um sölu á Ægisbraut 11 hafi verið að ræða, og því hafi sækjanda borið að greiða kaupverð, sem hafi verið gert m. a. með útgáfu skuldabréfs, að fjárhæð 440.000 kr., (4) bæði skuldabréfin hafi verið tryggð með veði í fasteigninni Ægisbraut 11, sem sé þinglesin eign sækjanda, og sú þinglýsing hafi verið heimil án samþykkis verjanda, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna; ekki séu heldur nein ákvæði í þinglýsingalögum nr. 39/1978, er skyldi dómara til að ganga úr skugga um, hvort aflað hafi verið samþykkis maka. Skuldarinnar við Þráin Sigurðsson vegna Presthúsabrautar hafi ekki verið getið í skattskýrslu 1988, af því að hún hafi ekki verið skjalfest.

Um húsaleigukröfu verjanda er því haldið fram, að hún falli ekki undir skiptameðferð á búi þeirra hjóna, enda hafi hún enga stoð í lögum nr. 20/1923 né öðrum heimildum. Um fjárhæð húsaleigunnar er haldið fram, að hún sé ekki í neinu samræmi við það, sem tíðkist á Akranesi.

Af hálfu verjanda er því haldið fram, að nefnd tvö skuldabréf hafi verið gefin út til málamynda til að minnnka hreina hjúskapareign sækjanda og þar með þá eign, sem skuli skiptast til helminga milli hjónanna. Bent er á, að húsnæðisstjórnarlán hafi verið tekið til kaupa á Presthúsabraut 31 og að greiðslur Þráins Sigurðssonar til hjónanna hafi verið gjöf. Til stuðnings þeirri staðhæfingu er bent á skattskýrslur aðila, en þar sé ekki getið skuldar við Þráin Sigurðsson.

Niðurstaða réttarins.

Um stofnun og slit hjúskapar gilda lög nr. 60/1972. Skilyrði þess, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng sé gefið út, er, að hjón séu sammála um að leita skilnaðar, enda séu þau á eitt sátt um skipan forræðis fyrir börnum, um framfærslueyri með börnum og milli hjóna innbyrðis og annað tveggja sé samkomulag um fjárskipti eða skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar ot skiptameðferðar, sbr. 31. gr. laganna.

Dómsmálaráðuneyti gaf út leyfi til skilnaðar að borði og sæng á þeirri forsendu.

Um fjárhagslega réttarstöðu hjóna í hjúskap og við skiptingu eigna vegna hjónaskilnaðar gilda lög nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Að meginstefnu ræður hvort hjóna hjúskapareign sinni, sbr. 1. mgr. 18. gr., sbr. þó 19.-22. gr., og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með henni. Hvoru hjóna er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, að hinu verði ekki til tjóns vegna óhæfilegra athafna, sbr. 19. gr. Hvort hjóna um sig ber, bæði með hjúskapareign sinni og séreign sinni, ábyrgð á skuldbindingum, sem á því hvíla, hvort sem þær eru stofnaðar á undan hjónabandi eða á meðan á því stefndur, sbr. 25. gr. laganna. Um hvers konar gerninga varðandi hjúskapareign, svo sem veðsetningar, gildir, að það hjóna, sem heldur því fram, að með slíkum gerningi hafi hitt hjóna ætlað að skaða hagsmuni þess, hlýtur að verða að færa sönnur á þá fullyrðingu.

a) Fasteignirnar að Presthúsabraut 31 og Ægisbraut 11 á Akranesi eru hjúskapareignir eiginmannsins. Samkvæmt framburði beggja málsaðila nutu þau hjónin allan tímann, frá því að þau hófu sambúð á Akranesi, sérstakrar velvildar og fjárhagslegs stuðnings frá afa sækjanda, Þráni Sigurðssyni. Þeirri staðhæfingu, að andvirði skuldabréfanna tveggja, að fjárhæð 1.150.000 kr. og 440.000 kr., hafi verið lán frá Þráni Sigurðssyni til sækjanda, hefur ekki verið hrundið. Ekki hefur verið gerð skipuleg tilraun til að færa sönnur á, að útgáfa skuldabréfanna hafi verið málamyndagerningur. Staðhæfingunni um réttmæti skuldarinnar, sem styðst við veruleg líkindi, hefur því ekki verið hnekkt. Ekki hefur t. d. með skattframtölum verið reynt að sýna fram á, að eignavöxtur þeirra hjóna hafi orðið til vegna atvinnutekna þeirra, en ekki vegna fjárframlaga frá Þráni Sigurðssyni. Miklu máli skiptir til glöggvunar í því efni, að vextir, með eða án vísitölubindingar, af lánum opinberra lánastofnana hafa verið jákvæðir allt tímabilið. Ekki er því um það að ræða, að hjúskapareignir þeirra hafi vaxið vegna verðbólgurýrnunar lána frá Húsnæðisstofnun, bönkum eða sparisjóðum. Að þessu athuguðu þykir verjandi eiga að bera halla af þeim hugsanlega vafa, sem uppi er um réttmæti nefndrar skuldar.

b) Telja verður, að sækjandi hafi átt fullan rétt á að búa í húsinu að Presthúsabraut 31, Akranesi, enda er húseignin hjúskapareign hans, sem hann hefur full umráð yfir. Á tímabilinu fram til þess, er leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng var gefið út 28. júlí 1989, var verjanda jafnt sem sækjanda heimilt að búa í húsinu, en verjandi notaði ekki þann rétt sinn frá haustinu 1988. Eftir að leyfisbréfið til skilnaðar að borði og sæng hafði verið gefið út, hafði sækjandi fullan rétt til að búa í húsinu, enda var það hjúskapareign hans, og hvort hjóna um sig heldur yfirráðum yfir

hjúskapareign sinni, meðan á skiptum stendur, sbr. 43. gr. laga nr. 20/1923.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Tvö skuldabréf, sem sækjandi, Þráinn Ólafur Jensson Presthúsabraut 31, Akranesi, gaf út til Þráins Sigurðssonar, Garðabraut 11, Akranesi, með veði í fasteigninni að Ægisbraut 11, Akranesi, annað að fjárhæð 1.150.000 kr., út gefið 7. 9. 1988, og hitt að fjárhæð 440.000 kr., út gefið 22. 9. 1988, skulu teljast hafa fullt gildi, þegar skipt er hjúskapareignum hjónanna Þráins Ólafs Jenssonar, til heimilis að ofangreindum stað, og Jóhönnu Guðrúnar Agnarsdóttur, nú til heimilis að Fannafold 155, Reykjavík.

Þráni Ólafi Jenssyni, Presthúsabraut 31, Akranesi, skal ekki skylt að greiða húsaleigu vegna dvalar sinnar í húsinu að Presthúsabraut 31, Akranesi, fyrir tímabilið, eftir að hann og eiginkona hans, Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir, slitu samvistir.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 458/1990. **Jón Gunnar Hilmarsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Guðjóni Elí Jóhannssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Vinnulaun. Veikindaforföll. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar til greina, en þær eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 214.497,84 krónur með vöxtum frá 18. mars 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Aðalflutningur í héraði fór fram dagana 7. og 23. mars 1990, og var málið þá dómtekið. Það var endurupptekið til munnlegs flutnings að nýju 1. október 1990 án nokkurra skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað nýrra upplýsinga í málinu, sbr. 120. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp þennan sama dag. Ekkert er fram komið, er réttlætt geti þennan drátt á málsmeðferðinni.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Guðjón Elí Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnari Hilmarssyni, 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 1. október 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Gunnar Hilmarsson píplagningamaður, Skólavörðustíg 21, Reykjavík, kt. 180658-7269, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. 4. 1989, á hendur Guðjóni Elí Jóhannssyni píplagningameistara, Miðbraut 40, Seltjarnarnesi, kt. 010344-5229, til greiðslu vangreiddra launa í vinnuslysstilfelli fyrir tímabilið 11. 3.-30 .6. 1988, að fjárhæð 214.497,84 kr.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 214.497,84 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda að undanskildum 27.460 kr., sem stefndi viðurkenni að skulda stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómara reyndust árangurslausar.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 23. 3. sl., en endurflutt og dómtekið að nýju í dag.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem er píplagningamaður, skaddaðist 11. mars 1988 á hendi, þar sem hann var við vinnu sína í verkamannabústað í Grafarvogi í Reykjavík, en hann starfaði þá hjá stefnda, sem er meistari í píplagningaiðn, og hafði starfað hjá honum frá því í nóvember 1987. Slysið varð með þeim hætti, að stefnandi var að tengja ofn, sem hafði verið tekinn frá, meðan múrað var á bak við hann. Iðnnemi í námi hjá stefnda hafði hengt ofninn á festingarnar með stefnanda, og var stefnandi að færa ofninn að stútum þeim, sem hann átti að tengjast við. Hann hafði tekið undir ofninn með vinstri hendi, en ofan á hann með hinni hægri. Ofninn virðist ekki hafa setið í festingunum, og við átakið fór hann fram af rörum þeim, er hann hékk í, og féll á gólfið. Varð stefnandi þá undir honum með höndina, og skaddaðist baugfingur vinstri handar mjög mikið. Vinnufélagi hans flutti hann þegar á slysadeild Borgarspítalans, og var þar gert

að meiðslunum. Stefnandi var svo óvinnufær af völdum slyss þessa fram í júlí 1988, en gat þá hafið störf við akstur fólksbifreiðar til mannflutninga, þótt hann gæti þá enn ekki hafið störf í iðn sinni.

Stefnandi lauk sveinsprófi í pípulagningaiðn í júní 1981, og hefur hann starfað við pípulagnir hjá meisturum í iðngreininni síðan með nokkrum hléum, sem hafa þó ekki verið svo löng, að þau skertu réttindi hans. Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafi áunnið sér rétt til launa í allt að sex mánuði í vinnuslysatilfellum skv. kjarasamningi stéttarfélags síns og Félags pípulagningameistara, þar af einn mánuð á staðgengilskaupi. Eftir slysið greiddi stefndi stefnanda staðgengilslaun fyrstu átta vinnudagana, en eftir það tímavinnukaup til 23. 6. 1989. Í rekstri málsins hefur það verið viðurkennt af hálfu stefnda, að stefnandi eigi rétt á staðgengilskaupi í einn mánuð vegna áunninna réttinda sinna og að auki dagvinnulaun í fimm mánuði.

III.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á því, að samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1979 sé svo fyrir mælt, að allt verkafólk, sem forfallist frá vinnu vegna slysa við vinnuna, skuli fá greidd laun fyrir dagvinnu í tiltekinn tíma samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi hafi tekið laun eftir, enda sé unnið fyrir aðila, sem fáist við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein. Sá taxti sé í þessu tilviki uppmælingartaxti, en ekki einhver tímakaupstaxti, sem vinnuveitandi ákveði.

Þá sé í VII. kafla kjarasamnings Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara mælt fyrir um viðtækari rétt launþega til handa í vinnuslysatilfelli en lög nr. 19/1979 mæli fyrir um. Þegar svo standi á, njóti launþegi samningskjaranna.

Af hálfu stefnanda eru stefnukröfur málsins þannig fundnar, að tímakaup stefnanda í fjórum síðustu uppmælingarverkum, sem stefnandi vann fyrir slys, er lagt til grundvallar. Tímakaup þetta sé að finna á dskj. 21 og 22, sem stafi frá stefnda. Tímakaupstölurnar séu lagðar saman og deilt í útkomuna með fjórum, og þannig sé fengið meðaltalstímakaupið 707,87 kr., þ. e. (852,25 + 764,84 + 531,78 + 682,62) : 4 = 707,87. Frá 20. maí 1988 hafi tímakaupið síðan verið hækkað í 829,52 kr. í samræmi við kauphækkun, sem þá varð. Sú tala sé fundin með því að skipta endurreikningi mælinga skv. dskj. 27 á sama hátt og gert sé á dskj. 21 og 22. Laun fyrir hverja viku skv. þessu séu síðan færð í fremsta launadálk á dskj. 20. Í miðdálk séu færð greidd veikindalaun skv. dskj. 5-19 og mismunur í aftasta dálk. Stefnufjárhæðin sé svo samtala mismunarins í aftasta dálki.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi nær eingöngu unnið í ákvæðisvinnu hjá stefnda, og beri því að miða dagvinnulaun stefnanda

við það tímavinnukaup, sem hann hafði í ákvæðisvinnu hjá stefnda. Sá taxti hafi í þessu tilviki verið uppmælingartaxti. Þá beri að miða tímakaup stefnda þann tíma, sem hann var forfallaður vegna slyssins, við meðaltal síðustu fjögurra uppmælingarverka, sem stefnandi vann hjá stefnda fyrir slys.

Af hálfu stefnda er skilgreiningu stefnanda á hugtakinu „dagvinnulaun" mótmælt. Allur vafi sé tekinn af þessu í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979, en þar komi fram, að ekki sé átt við neins konar álög, svo sem bónus, premíu o. s. frv. Þá hafi þetta hugtak aldrei verið túlkað á annan hátt en stefndi haldi fram. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að við ákvörðun staðgengilslauna stefnanda sé eðlilegast að miða við meðaltalstímakaup starfsmanna stefnda á ársgrundvelli, þar sem hlutfall tímavinnu píplagningamanna hafi reynst vera að meðaltali 35,14% af mælingartímum. Þetta hlutfall fáist með því að reikna út laun samstarfsmanna stefnanda á einu ári, þar sem fram koma mælingartímar annars vegar og tímavinnutímar hins vegar. Hlutfall tímavinnutíma af mælingartímum þessara starfsmanna hafi reynst vera 25,62%, 34,06% og 45,74% og að meðaltali 35,14%. Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að enda þótt fallist yrði á sjónarmið stefnanda í máli þessu, verði að teljast óeðlilegt að miða við útreikninga stefnanda, þar sem enginn píplagningamaður vinni eingöngu í mælingu, heldur sé ávallt um að ræða einhvern tíma, sem unninn sé í tímavinnu.

Niðurstaða dómsins.

Í lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla svo og í gildandi kjarasamningi Félags píplagningameistara og Sveinafélags píplagningamanna er gerður greinarmunur á rétti til dagvinnulauna í tiltekinn tíma vegna slysa eða veikinda annars vegar og rétti til svokallaðra staðgengilslauna hins vegar. Í fyrra tilviki er gert ráð fyrir því, að launþegar haldi dagvinnulaunum sínum í tiltekinn tíma, þ. e. launum m. v. átta klst. vinnudag, og skuli þá miða við þann launataxta, sem viðkomandi starfsmaður tók laun eftir, áður en hann forfallaðist. Í síðara tilviki er gert ráð fyrir því, að launþegi skuli um tiltekinn tíma eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd. Í fyrra tilviki eru launþeganum tryggð dagvinnulaun fyrir átta klst. vinnudag fimm daga vikunnar, en án eftirvinnu o. þ. h. Í síðara tilviki skal greiða launþega þau laun, sem hann hefði borið úr býtum, ef ekki hefði komið til forfalla vegna slyss eða veikinda, þ. m. t. yfirvinnu o. þ. h.

Í kjarasamningi þeim, sem lagður hefur verið fram í máli þessu og gerður hefur verið milli stéttarfélaga málsaðila, er samið um mánaðarlaun félaga

í Sveinafélagi pípulagningamanna ásamt ýmsum kostnaðarliðum, yfirvinnukaup o. fl. Þar er samið um launaflokka og launaþrep m. v. starfsaldur. Þar er jafnframt samið um mælingartölu sveina í sambandi við uppmælingarvinnu.

Óumdeilt er, að uppmælingarvinna er algeng í pípulagningaiðn sem og í mörgum öðrum iðngreinum. Ljóst þykir með hliðsjón af því, hvernig uppmælingartaxtar eru upp byggðir, þ. e. af einingaverði, að um er að ræða afkastahvetjandi launakerfi, þar sem afköst ráða því, hve mikið menn bera úr býtum hverju sinni.

Með hliðsjón af þessu og orðalagi laga nr. 19/1979, sbr. viðkomandi kjarasamning, telur dómurinn, að laun á grundvelli uppmælingar séu ekki dagvinnulaun í skilningi síðastnefndra laga og III. kafla kjarasamnings stéttarfélag aðila, en á hinn bóginn teljist þau grundvöllur staðgengilslauna. Dómurinn telur m. ö. o., að með hinu tilvitnaða orði, „dagvinnulaun", í lögunum og kjarasamningnum sé átt við umsamin laun samkvæmt taxta kjarasamnings eða umsamin laun, séu þau hærri en kjarasamningur kveður á um, en að undir hugtakið falli ekki launaaukar, sem stafa af mismunandi afköstum, álögum, premíum o. þ. h.

Samkvæmt þessu telur dómurinn stefnanda eiga rétt á staðgengilslaunum í einn mánuð og dagvinnulaunum í fjóra mánuði, en kröfugerð stefnanda tekur til fimm mánaða tímabils.

Dómurinn telur nærtækast að miða staðgengilslaun stefnanda við meðallaun hans í mælingu hjá stefnda þann tíma, er hann starfaði hjá stefnda, en ekki þykir unnt að leggja til grundvallar þá útreikninga, sem stefndi hefur lagt fram um hlutfall tímavinnu- og mælingarvinnu annarra starfsmanna á ársgrundvelli.

Um þá mánuði, sem stefnanda bera dagvinnulaun fyrir, verður stuðst við yfirlit stefnda og launaseðla, sem hafa ekki sætt sérstökum andmælum sem slíkir af hálfu stefnanda.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hafa heildargreiðslur frá stefnda til stefnanda vegna hins umstefnda tímabils numið 219.511,68 kr., en samkvæmt því, er hér að neðan verður rakið, telur dómurinn stefnanda hafa átt að fá greitt fyrir tímabilið samtals 275.285,02 kr., og nema því ógreidd laun til stefnanda alls 55.773,34 kr., sem sundurliðast þannig:

A. Staðgengilslaun í 22 vinnudaga:

Tímabil	*Laun stefnanda*	*Greitt af stefnda*	*Mismunur*
14/-16/3 88	16.988,88	16.382,88	606,00
17/3-23/3	28.314,80	27.304,80	1.010,00
24/3-30/3	28.314,80	13.529,00	14.785,80
5/4-6/4	11.325,92	5.412,00	5.913,92

Tímabil	*Laun stefnanda*	*Greitt af stefnda*	*Mismunur*
7/4-12/4	22.651,84	13.529,00	9.122,84
	kr. 107.596,24	kr. 76.157,68	kr. 31.438,56

B. Dagvinnulaun 13. 4.-30. 6. 1988.

Tímabil	*Laun stefnanda*	*Greitt af stefnda*	*Mismunur*
13/4 88	2.705,78	0,00	2.705,78
14/4-20/4	13.529,00	13.529,00	0,00
20/4-27/4	10.823,00	10.823,00	0,00
28/4-4/5	13.529,00	13.529,00	0,00
4/5-11/5	13.529,00	13.529,00	0,00
11/5-18/5	13.529,00	13.529,00	0,00
19/5-25/5	13.529,00	13.529,00	0,00
26/5-2/6	18.024,00	14.419,00	3.605,00
2/6-8/6	18.024,00	18.024,00	0,00
9/6-16/6	18.024,00	18.024,00	0,00
16/6-23/6	14.419,00	14.419,00	0,00
23/6-30/6	18.024,00	0,00	18.024,00
	kr. 167.688,78	kr. 143.354,00	kr. 24.334,78

Vangreidd staðgengilslaun stefnanda umrætt tímabil nema skv. ofanskráðu 31.438,56 krónum og vangreidd dagvinnulaun 24.334,78 krónum, og á stefnandi því inni hjá stefnda vangreidd laun samtals að höfuðstól 55.773,34 kr., og er niðurstaða dómsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Elí Jóhannsson, greiði stefnanda, Jóni Gunnari Hilmarssyni, 55.334,78(?) kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 66/1991. **Hilda Hafsteinsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Lauritz Jörgensen persónulega og fyrir hönd Rjómaíssgerðarinnar
(Ólafur Garðarsson hrl.).

Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1991. Hún krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hún sýknuð af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi skal greiða stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hilda Hafsteinsdóttir, greiði stefnda, Lauritz Jörgensen persónulega og fyrir hönd Rjómaíssgerðarinnar, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. okt. sl., höfðaði Ólafur Garðarsson hdl., Austurströnd 6, Seltjarnarnesi, f. h. Rjómaíssgerðarinnar, kt. 471179-0279, Auðbrekku 8, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. nóvember 1989, gegn Hildu Hafsteinsdóttur, kt. 170749-3839, Hlunnavogi 15, Reykjavík, persónulega vegna einkafyrirtækis hennar, Borgaríss, Ísbúðarinnar Laugalæk 6, kt. 690378-0359, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði dæmd til að greiða 157.282 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skuldar samkvæmt sex reikningum, dags. 29. júlí 1988, 1. ágúst 1988, 6. sept. 1988, 8. sept. 1988, 10. sept. 1988 og 12. sept. 1988.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi um árabil keypt ísblöndur af stefnanda og viðskiptin aukist ár frá ári. Haustið 1988 hafi verið hringt í eiganda stefnanda og hann beðinn að koma í ísbúð stefndu, þar sem eitthvað væri athugavert við ísblöndu frá stefnanda. Þegar eigandi stefnanda kom á staðinn, hafi honum verið sagt, að ísvél hefði slegið út aðalrofa, vegna þess að í íshólfinu væri of mikið af klaka. Stefnandi hafi ekki gert sér grein fyrir því þarna á staðnum, hvort það væri ísblöndu hans að kenna eða einhverju öðru, en hafi boðist til þess að láta stefndu fá nýja blöndu og tekið til baka blöndu þá, er hann hafði komið með 13. sept. 1988. Einnig hafi stefnandi dregið til baka reikning nr. 3768, dskj. 14. Eigandi stefnanda hafi athugað blöndurnar á starfsstöð sinni og ekkert athugavert komið í ljós. Þess vegna hafi þær verið afgreiddar til annarra viðskiptavina samdægurs. Engar kvartanir hafi borist.

Þegar þetta gerðist, hafi stefnda skuldað stefnanda þá reikninga, sem mál þetta er höfðað til greiðslu á.

Vegna þess, sem fram kemur í greinargerð stefndu um efnagreiningu, er tekið fram, að ekki komi fram, hvenær efnagreiningin var gerð. Óvíst sé, hvort blöndusýnin hafi verið frá stefnanda, og einnig sé óupplýst, hvernig geymslu sýna hafi verið háttað. Fitumagn í ísblöndu megi fara allt niður í 3%, og því sýni efnagreining stefndu ekkert óeðlilegt.

Hér sé um einfalt skuldamál að ræða. Stefnt sé út af ógreiddum reikningum frá því í júlí, ágúst og september 1988. Ekki sé krafist greiðslu á reikningi nr. 3768, sem hafi verið til kominn vegna ísblöndu, sem ekið var til stefndu 13. sept. 1988. Sú ísblanda hafi verið tekin til baka af stefnanda, þar sem stefnda hafi haldið því fram, að hún væri gölluð.

Stefnandi reisir kröfur sína m. a. á l. nr. 39/1992, einkum 5. og 6. gr. Vaxtakrafan er reist á l. nr. 25/1987, III. kafla, og krafan um málskostnað á l. nr. 85/1936 með síðari breytingum, einkum 177. og 175. gr. in fine.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnda hafi um árabil keypt ísblöndu af stefnanda. Um miðjan febrúar 1988 hafi farið að bera á því, að ísblandan væri ekki í sama gæðaflokki og fyrr. Ísinn hafi verið þungur og gulur og allt að því bragðlaus. Margar kvartanir hafi borist frá viðskiptavinum stefndu. Stefnda hafi kvartað yfir þessu við stefnanda. Allt sumarið 1988 hafi salan hjá stefndu minnkað sífellt vegna þess, hversu gæði íssins höfðu minnkað. Fastir viðskiptavinir hafi hætt að koma og kaupa ís.

15. september 1988 hafi ísvél stefndu slegið út aðalrofanum, þegar stefnda hafði nýlega látið ísblöndu frá stefnanda í vélina. Við athugun viðgerðarmanns frá Heildverslun Eiríks Ketilssonar, sem selt hafði stefndu vélina, hafi komið í ljós mikið af klaka í íshólfinu. Stefnanda hafi verið tilkynnt um þetta og hann komið á staðinn, og hafi honum virst verða ljóst, að ísblandan væri ekki gallalaus. Hann hafi boðist til að láta stefndu fá aðra ísblöndu, sem stefnda hafi afþakkað. Hún hafi skipað eiganda stefnanda að taka alla ísblöndu sína til baka.

Í framhaldi af þessu hafi stefnda fengið Rannsóknastofnun landbúnaðarins til að efnagreina m. a. mjólkuríssblöndur frá stefnanda. Niðurstaða rannsóknarinnar sé á dskj. 11. Þar sé komist að þeirri niðurstöðu, að þurrefni í ísblöndunum sé í minna lagi, og fita í sýnunum frá stefnanda sé undir 4%. Það sé samkvæmt reglugerðinni því aðeins í lagi, að bindiefni séu svo kröftug, að ísinn skiljist ekki. En það hafi einmitt verið það, sem gerðist í ísblöndum frá stefnanda, ísinn skildist.

Með bréfi, dags. 2. nóv., dskj. 12, hafi stefnanda verið kynntar þessar niðurstöður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og stefnandi krafinn um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 500.000 kr.

Sýknukrafa stefndu er á því reist, að hún skuldi stefnanda ekkert. Telur stefnda sig eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefnanda, sem nemi miklu hærri fjárhæð en stefnukröfur máls þessa. Vörum samkvæmt reikningi, dags. 12. sept. 1988, að fjárhæð 26.030 kr., hafi verið skilað.

Stefnda gerir kröfu til þess, að skaðabætur hennar, að fjárhæð 500.000 kr., komi til skuldajafnaðar á kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnda og vitnin Kristjana Ragnarsdóttir, Sigurlaug Hrafnkelsdóttir, dóttir stefndu, Sigurður Teitsson og Friðrik Alexandersson.

Fram kom hjá stefndu, að reikningur yfir vörurnar, sem stefnandi tók til baka, hafi verið eyðilagður.

Kaup þau, sem málið er af risið, eru verslunarkaup, sbr. 4. gr. l. nr. 39/1922. Með málsókninni krefur stefnandi stefndu um greiðslu

fyrir vörur, sem stefnda tók við á tímabilinu 29. júlí til 12. september 1988.

Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að stefnda hafi kvartað yfir ástandi annarrar vöru en sendingarinnar 13. september 1988, sem stefnandi tók til baka og ekki er krafið um greiðslu fyrir. Engin athugun virðist hafa farið fram á þeim sendingum, sem krafist er greiðslu á, og eru fullyrðingar af hálfu stefndu um svik af hálfu stefnanda ósannaðar. Þar af leiðandi eru andmæli stefndu byggð á ástandi vörunnar of seint fram komin, sbr. 52. og 53. gr. l. nr. 39/1922. Ekki er annað fram komið en stefnda hafi hagnýtt sér vöruna. Þar sem því hefur hvorki verið haldið fram, að áskilið verð sé of hátt né að varan sé greidd, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Með vísan til sömu raka og hér hafa verið rakin verður gagnkrafa stefndu ekki tekin til greina, enda hefur stefnda ekki sýnt fram á, hverju ætlað tjón hennar nemur.

Málskostnaður með vöxtum, eins og segir í dómsorði, ákveðst 60.000 kr.

Uppkvaðnig dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, Hilda Hafsteinsdóttir, greiði persónulega vegna Borgaríss, Ísbúðarinnar Laugalæk 6, stefnanda, Lauritz Jörgensen f. h. Rjómaíssgerðarinnar, 157.282 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og 60.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan fimmtán daga að viðlagðri aðför að lögum..

Mánudaginn 1. mars 1993.

Nr. 443/1991. **Helgi Marteinn Gunnlaugsson**

gegn

Guðbjarti Halldórssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Marteinn Gunnlaugsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. mars 1993.

Nr. 47/1993. **Magnús Benediktsson**

gegn

Hrönn hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Benediktsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 97/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Donald Michael Feeney.

Kærumál. Gæsluvarðhald. B-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum sama dag. Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar lýsti ákærði því yfir, að hann skyti málinu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur. Skilja verður greinargerð ákærða fyrir Hæstarétti svo, að hann krefjist þess til vara, að hann verði einungis látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993, þar sem ákærði var fundinn sekur um brot gegn 193. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gert að sæta fangelsi í tvö ár.

Eins og sagt var í dómi Hæstaréttar 15. febrúar 1993, ber nauðsyn til þess, að návist ákærða verði tryggð, á meðan mál ákæruvaldsins gegn honum verður til lykta leitt fyrir dómi. Með skírskotun til þeirra forsendna, sem þar koma fram, ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, sbr. b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 106. gr. sömu laga. Hins vegar þykir rétt að tiltaka, að gæsluvarðhald ákærða standi eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1993, þar sem ætla má, að Hæstiréttur muni þá hafa lokið dómi á mál ákæruvaldsins gegn ákærða.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Ákærði, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til Hæstiréttur hefur lokið dómi á mál ákæruvaldsins gegn

honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1993 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 2. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Sækjandi máls þessa hefur krafist þess, að Donald Michael Feeney, sem dæmdur var í tveggja ára fangelsi fyrir brot á 193. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í morgun, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Sækjandi málsins vísar til b-liðar 1. mgr. 103. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991, og til dóms Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar sl. í hæstaréttarmálinu nr. 75/1993.

Dómþoli hefur mótmælt kröfunni.

Dómþoli lýsti yfir við uppkvaðningu dómsins, að hann óskaði eftir að áfrýja honum til Hæstaréttar Íslands.

Með vísan til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá deginum í dag yfir dómþola og á grundvelli b-liðar 1. mgr. 103. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar sl. í hæstaréttarmálinu nr. 75/1993, skal dómþoli sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Dómþoli, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 390/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Arnljóti Einarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. september 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Eigi eru fram komin haldbær rök fyrir þeirri staðhæfingu ákærða, að mistök kunni að hafa átt sér stað við meðferð blóðsýnis úr honum. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdómara.

Ákærði hefur ekki áður verið sakfelldur fyrir ölvun við akstur. Þykir því rétt að staðfesta sektarákvörðun héraðsdóms, en langt er um liðið frá broti ákærða. Þá verður ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða frá birtingu dómsins staðfest með vísun til 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 101. gr. sömu laga. Rétt er, að til frádráttar sviptingartíma komi bráðabirgðasvipting ökuleyfis ákærða frá 9. nóvember 1990 til 22. janúar 1991, en þann dag var honum kynnt niðurfelling bráðabirgðasviptingar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Þá skal ákærði greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Verulegar tafir hafa orðið á rekstri þessa máls. Þannig liðu rúmir þrír mánuðir frá bráðabirgðasviptingu ökuleyfis ákærða, þar til hún var kunngerð honum. Þá liðu tveir mánuðir frá því, að ákærði krafðist úrlausnar héraðsdómara um sviptinguna, uns hún var felld úr gildi með dómsúrskurði. Þrettán mánuðir liðu frá fyrstu yfirheyrslum fyrir dómi eftir útgáfu ákæru, þangað til dómsmeðferð var fram haldið og ákærði yfirheyrður. Loks leið tveir og hálfur mánuður frá uppkvaðningu héraðsdóms til birtingar hans. Þessi dráttur á einföldu máli er óhæfilegur og hefur ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnljótur Einarsson, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tíu daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu héraðsdóms að frádreginni sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða frá 9. nóvember 1990 til 22. janúar 1991 að báðum dögum meðtöldum.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 30. júní 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 30. júní, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð var að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1615: Ákæruvaldið gegn Arnljóti Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 13. febrúar 1991, höfðað gegn Arnljóti Einarssyni, Smiðsbúð 12, Garðakaupstað, kt. 160541-4829, fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 15. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni KD-613(?) frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði akstur hans á Suðurlandsvegi við Lögbergsbrekku.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1958 17/8 S.-Múlasýsla, Eskifjörður. Sátt: 800 kr. sekt f. brot g. 17., sbr. 36. gr. áfl.

— — —

Málavextir.

Að kvöldi sunnudagsins 15. júlí 1990 var ákærði stöðvaður við akstur á Suðurlandsbraut við Lögbergsbrekku, grunaður um ölvun við akstur. Voru það lögreglumennirnir Hallur Gunnar Erlingsson, lögreglumaður nr.

131, og Þórhallur Árnason, lögreglumaður nr. 143, sem fengu boð um fjarskipti lögreglu, að von væri á Benz-bifreið, sem ölvaður ökumaður æki. Er þeir rákust á bifreiðina KD-603(?), eltu þeir hana og stöðvuðu akstur ákærða. Töldu þeir ákærða vera ölvaðan og báðu hann að blása í blöðru, en hann neitaði því. Var honum þá tjáð, að færa þyrfti hann á aðalstöð lögreglu. Á leiðinni skipti hann um skoðun og féllst á að blása í blöðru, og sýndi sú mæling III. eða IV. stig. Við komu á aðalstöð tók Viðar Waage, staðgengill aðalvarðstjóra, skýrslu af ákærða. Við skýrslutöku viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka, en sagðist einungis hafa neytt pilsners um daginn, en hefði verið við drykkju kvöldið áður.

Í skýrslu varðstjóra, Viðars Waage, um ölvunarástand ákærða kemur fram, að áfengisþef hafi lagt af andardrætti hans, en jafnvægi hans verið stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Að skýrslutöku lokinni var ákærði færður til blóðtöku á slysadeild Borgarspítalans af lögreglumönnunum Þórhalli Árnasyni og Halli Erlingssyni. Þar er blóðsýni sett í óinnsiglað umslag ásamt blóðtökuvottorði og farið með á aðalstöðvar lögreglunnar. Aðilum bar ekki saman um, hver hefði tekið við blóðsýninu. Á aðalstöð er blóðtökusýni gefið nr. 655 og síðan sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands. Mældist áfengismagn í blóðinu 2,08 o/oo. Í málinu hefur síðan komið upp ágreiningur um niðurstöðu áfengisprófs, og heldur ákærði því fram, að miðað við skýrslur lögreglumannanna um ástand sitt geti ekki staðist, að svo mikið áfengismagn hafi mælst í blóði sínu.

Ákærði kannast við að hafa verið stöðvaður af lögreglu og ekið þá leið, er í ákæru greinir. Hann mótmælti því að hafa verið ölvaður og sagði áfengisneyslu enga hafa verið áður nema þessa pilsnera og svo drykkju kvöldið áður á Hótel Sögu. Sagði hann, að þar hefði verið drukkið úr plastglösum og ekki einu sinni verið tvöfaldur ,,sjúss'' í glösunum, en man ekki, hvort þau voru fjögur eða fimm. Hann sagðist hafa komið á Hótel Sögu um kl. 21.30 og þá borðað og drukkið og verið þar til kl. 1.30, og þá hafi hann verið hættur áfengisneyslu. Ekki sagðist ákærði vera með nokkurn sjúkdóm, er skýrði þessi áhrif áfengis á líkamann. Ákærði sagði lögreglu hafa stöðvað sig í Lögbergsbrekku og taldi sig geta sýnt alveg nákvæmlega, hvar það væri, þ. e. rétt hjá Rauðhólum, hjá brekkunni, sem heitir Lögbergsbrekka.

— — —

Vegna vefengingar um gildi blóðrannsóknarinnar var þess farið á leit við Rannsóknastofu Háskóla Íslands, að kannað yrði, hvort hugsanlegt væri, að um mistök hefði getað verið að ræða. Í málinu hefur verið lagður fram listi yfir blóðsýni, er rannsóknastofan mældi 16. til 17. júní, ásamt bréfi frá Elísabetu Sólbergsdóttur, deildarstjóra í alkóhóldeild Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 17. apríl 1991, en þar segir:

„Samkvæmt beiðni, dagsettri 8. apríl 1991, varðandi blóðsýni nr. 655 (1990) frá lögreglunni í Reykjavík fylgir yfirlit yfir niðurstöður alkóhólmælinga á öllum blóðsýnum, sem mæld voru sama dag og ofangreint blóðsýni.

Blóðsýni, sem hér um ræðir, er enn í kæli í vörslu rannsóknastofunnar. Var etanól því ákvarðað í því að nýju 15. apríl 1991. Mældist etanól þá 2,09 o/oo, sem staðfestir fyrri mælingu 16. júlí 1990. Sýnið er í sömu umbúðum og með sömu ummerkjum og það barst rannsóknastofunni fyrir níu mánuðum. Útilokað er því, að það hafi fyrir mistök ruglast við önnur sýni."

Niðurstöður.

Þó að vefengt hafi verið í málinu, að meðferð blóðsýnistökunnar hafi verið rétt, er þó ölvun ákærða studd vitnisburði tveggja lögreglumanna, þeirra þórhalls og Halls. Bera þeir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður. Auk þess hefur ákærði viðurkennt að hafa kvöldið áður neytt áfengis. Þó að vitnið Viðar Waage segist ekki hafa merkt áberandi ölvunareinkenni á ákærða, kemur þó fram í skýrslu þess, að áfengislykt hafi verið af ákærða. Ákærði er á lögreglustöðinni látinn blása í áfengismæli, og sýnir hann III. stig, svo að tilefni var talið til að senda ákærða til blóðtöku. Þykir það renna stoðum undir það, að ákærði hafi verið ölvaður. Ákærði neitar að hafa verið ölvaður, og staðfestir vitnið Hulda, að ákærði hafi ekki verið ölvaður, er hann kom til hennar þá um kvöldið. Auk þess bar vitnið Viðar, að ákærði hefði verið eðlilegur og framburður hans greinargóður.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður þó talið, að leggja verði niðurstöðu alkóhólákvörðunar til grundvallar, og verður að telja, að með henni og vætti lögreglumannanna svo og öðrum rannsóknargögnum sé nægilega sannað, að ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar, og hefur hann með því gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru er lýst og gerst brotlegur við þar greind refsiákvæði, sem þar eru rétt heimfærð til laga.

Refsing ákærða þykir skv. 100. gr. umfl. hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 100. og 102. gr. umfl. skal svipta ákærða ökuleyfi í tólf mánuði frá birtingu dóms þessa, en draga skal frá það tímabil, sem hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þ. e. frá 9. nóv. 1990 til 18. jan. 1991, samkvæmt úrskurði lögreglustjórans í Garðabæ frá 30. júlí 1990, þar til hann var felldur úr gildi með úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 18. jan. 1991.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákveðast 40.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Arnljótur Einarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 30.000 krónur, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í tólf mánuði að frádreginni bráðabirgðasviptingu ökuleyfis frá 9. nóv. 1990 til 18. janúar 1991.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 473/1989. **Sæplast hf.**
(Erla Svanhvít Árnadóttir hdl.)
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
gegn
þrotabúi Tækniplasts hf.
(Baldvin Hafsteinsson hdl.)
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Aðildarhæfi. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember sama ár. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt frá og með þinghaldi 17. maí 1989 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, og til þrautavara, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 848.650 krónur með vöxtum frá 1. ágúst 1984 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta var þingfest í héraði 15. desember 1987. Meðan gagnaöflun í málinu stóð yfir, var bú Tækniplasts hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15. desember 1988. Þegar svo var komið, átti þrotabú Tækniplasts hf. að taka við aðild málsins, sbr. 3. mgr. 53. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981. Af því varð ekki, og við uppsögu

héraðsdóms, hálfu ári eftir að Tækniplast hf. hafði verið úrskurðað gjaldþrota, var félagið enn formlegur aðili að málinu, og lögmaður þess annaðist áfram rekstur málsins án umboðs frá þrotabúinu.

Vegna þessara annmarka á málsmeðferð í héraði ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 11. janúar 1989, er fyrst var þingað í málinu eftir gjaldþrotaúrskurð, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til að dæma málskostnað fyrir Hæstarétti.

II.

Það athugast, að við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að með stefnu, birtri 26. september 1991, höfðaði þrotabú Tækniplasts hf. mál á bæjarþingi Hafnarfjarðar gegn Sæplasti hf. til greiðslu á tæknigjaldi fyrir tímabilið frá 1. janúar 1987 til 30. júní 1989, að fjárhæð 9.439.550 krónur. Er þar um að ræða sams konar gjald og um er deilt í þessu máli og byggt á sama samningsákvæði. Auk kröfufjárhæðar skilur það eitt á milli, að tímabilið, sem gjaldið miðast við, er í þessu máli frá 3. mars 1984 til 31. desember 1986, svo sem reifað er í hinum áfrýjaða dómi. Jafnframt kom fram, að yngra málið hvílir, meðan beðið er dóms Hæstaréttar í þessu máli. Þar sem málsatvik, forsendur að kröfugerð og ágreiningsefni eru eins í báðum þessum málum og þau álitaefni samofin, sem skera þarf úr, virðist óhjákvæmilegt, að sakarefni þessi verði sameinuð í eitt mál í héraði.

III.

Ágreiningsefni máls þessa er þannig vaxið, að sérkunnáttu um það var þörf við meðferð málsins í héraði. Héraðsdómara var því rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur á því sviði, sbr. 1. mgr. 37. gr. A þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Það gerði héraðsdómari ekki, en kvaddi í þess stað sér til fulltingis tvo héraðsdómara, þótt ekki væru efni til þess samkvæmt 2. mgr. nefndrar lagagreinar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með 11. janúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 195/1990. **Hrafn E. Jónsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Önnu Karin Júlíussen
(Atli Gíslason hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1990. Krefst hann þess aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar málsins til löglegrar meðferðar. Til þrautavara krefst hann þess, að öllum kröfum stefndu í héraði verði hafnað. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjanda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi þeim rökum, að kröfugerð stefndu í héraði hafi ekki verið tæk til úrskurðar. Krafa hennar hafi lotið að viðurkenningu á eignarrétti, en samkvæmt 35. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nái dómsvald skiptaréttar einungis til þess, hvernig fara eigi með bú og úthlutun úr því, en hann bresti vald til að kveða upp úrskurði um viðurkenningu á eignarrétti, eins og gert sé í hinum áfrýjaða úrskurði.

Krafa stefndu um skipti styðst við 90. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1986. Verður hún skýrð svo, að krafist sé viðurkenningar á framlagi hennar til eignarmyndunar á sambúðartíma aðila, að því er varðar íbúð áfrýjanda að Engihjalla 17 í Kópavogi, og að kveðið verði á um hlutfall eignar hennar í íbúðinni. Krafa þessi samrýmist 1. mgr. 33. gr. framangreindra laga, og

er ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Varakröfu sína um ómerkingu og heimvísun styður áfrýjandi þeim rökum, að í hinum áfrýjaða úrskurði „sé hvorki getið né fjallað um þá málsástæðu hans, að hafna beri öllum kröfum stefndu, þar sem þær séu fallnar niður fyrir tómlæti".

Í hinum áfrýjaða úrskurði eru málsástæður áfrýjanda raktar í megindráttum, sbr. h-lið 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981. Ekki er í niðurstöðu úrskurðarins tekin bein afstaða til þeirrar málsástæðu áfrýjanda, er laut að tómlæti stefndu, að öðru leyti en því, að þeirri fullyrðingu áfrýjanda er hafnað, að skiptum hafi verið lokið. Þetta þykir ekki sá annmarki á hinum áfrýjaða úrskurði, að valda eigi ómerkingu og heimvísun. Er varakröfu áfrýjanda því hafnað.

II.

Fallist er á þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, að leggja beri til grundvallar, að sambúð aðila hafi hafist haustið 1981, en ágreiningslaust er, að hún stóð til vors 1985.

Í málinu er einungis deilt um hlutdeild stefndu í íbúð 1-E að Engihjalla 17 í Kópavogi, sem áfrýjandi var einn þinglýstur eigandi að, og um ábyrgð á lánum, sem á henni hvíla. Fyrir liggur, að áfrýjandi gerði byggingarsamning við Byggingarsamvinnufélag Kópavogs 22. maí 1978 um íbúð þessa. Fékk hann íbúðina afhenta í desember 1980 og hafði þá staðið skil á stórum hluta kostnaðarverðs hennar, rúmlega 175.000 krónum af tæpum 195.000, sem reyndist heildarkostnaður samkvæmt uppgjöri 1981. Fékk áfrýjandi meðal annars lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, að fjárhæð 80.000 krónur, til að fjármagna bygginguna. Samkvæmt þessu hafði áfrýjandi eignast íbúðina, er sambúð málsaðila hófst.

Sambúð aðila stóð skamman tíma. Þau áttu ekki börn saman. Ekki verður séð, að mikil fjárhagsleg samstaða hafi myndast með þeim, og þau töldu jafnan fram til skatts sitt í hvoru lagi. Lengst af bjuggu þau í leiguhúsnæði. Sá áfrýjandi að jafnaði um greiðslu húsaleigu og leigði út íbúðina að Engihjalla 17, en stefnda lagði fé til heimilishaldsins. Að öðru leyti nýtur lítilla gagna um ráðstöfun þeirra á fé sínu. Þó eru þau sammála um, að a.m.k. hluti lánsfjár,

sem stefnda fékk á árunum 1980 og 1982, hafi runnið til áfrýjanda vegna íbúðarinnar. Var hér annars vegar um að ræða 20.000 króna lán (2.000.000 g.kr.), sem áfrýjandi fékk helming af, og hins vegar lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkur, tryggt með veði í íbúðinni, að fjárhæð 120.000 krónur, sem stefnda telur, að hafi að öllu leyti runnið til íbúðarinnar og sameiginlegra þarfa. Áfrýjandi telur hins vegar, að stefnda hafi lánað sér helming fjárhæðarinnar. Þessi framlög virðast hafa leitt til þess, að við gerð skattframtala árið 1984 undirrituðu aðilar fylgiskjal, þ.e. yfirlýsingu um kaup stefndu á 10% íbúðarinnar, þar sem kaupverð var tilgreint 76.400 krónur. Við skýrslugjöf í skiptarétti sagði stefnda, að ætlunin með undirritun ofangreinds skjals hefði verið sú að veita henni einhverja tryggingu fyrir því, sem hún hafði lagt í íbúðina. Áfrýjandi hélt því fram, að skjalið hefði komið til fyrst og fremst vegna þess, að hann fékk lánaðan hluta lífeyrissjóðslánsins, og hefði átt að vera trygging fyrir endurgreiðslu af hans hálfu.

Stefnda taldi 10% íbúðarinnar fram sem eign á skattframtölum 1984-1987, og áfrýjandi taldi 90% íbúðarinnar fram sem eign á skattframtölum 1984-1986. Engu skjali var þinglýst um þessa eignarskiptingu.

Líta verður svo á, að með undirritun framangreinds skjals og framtalsgerð sinni hafi áfrýjandi viðurkennt, að stefnda hafi með framlögum sínum í sambúð þeirra eignast 10% eignarhlutdeild í íbúð hans. Þegar hins vegar er litið til þess, sem áður var rakið um tilkomu umræddrar íbúðar í eigu áfrýjanda, áður en sambúð aðila hófst, svo og um sambúð aðilanna verður ekki á það fallist, að stefnda hafi sýnt fram á þau framlög til eignamyndunar, er réttlæti kröfu hennar til 25% hlutdeildar í íbúðinni. Þykir verða að miða við þá hlutdeild, sem aðilar urðu sammála um í ársbyrjun 1984, og samkvæmt því verður að líta svo á, að við lok sambúðarinnar hafi eignarhlutdeild stefndu í íbúðinni numið 10%.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er gerð grein fyrir greiðslu áfrýjanda til stefndu haustið 1985, að fjárhæð 100.000 krónur, og öðrum greiðslum vegna stefndu, sem hann taldi, að ættu að vera sér óviðkomandi. Verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að með þeim hafi átt sér stað lokauppgjör milli aðilanna. Má hér meðal annars líta til þess, að við gerð skattframtals árið 1986 miðaði áfrýjandi

enn við, að stefnda ætti 10% íbúðarinnar. Ekki verður heldur á það fallist, að réttur stefndu til að krefjast skipta hafi fallið niður fyrir tómlæti.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefnda teljist eigandi að 10% íbúðar 1-E að Engihjalla 17 í Kópavogi. Jafnframt þykir rétt, meðal annars með hliðsjón af framangreindri greiðslu áfrýjanda haustið 1985, að hún skuli bera ábyrgð á 10% skulda þeirra, er hvíldu á íbúðinni við lok sambúðar aðilanna.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest, og rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefnda, Anna Karin Júlíussen, sé eigandi að 10% íbúðar 1-E að Engihjalla 17, Kópavogi, sem er þinglýst eign áfrýjanda, Hrafns E. Jónssonar. Jafnframt ber hún ábyrgð á 10% lána þeirra, sem á íbúðinni hvíldu við lok sambúðar aðila.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar.

Við erum sammála meiri hluta dómara um, að hafna beri bæði aðalkröfu og varakröfu áfrýjanda.

Sambúð málsaðila stóð skamman tíma, og verður ekki séð, að mikil fjárhagsleg samstaða hafi myndast þeirra í milli á sambúðartímanum. Af skýrslum þeirra fyrir skiptarétti verður ráðið, að jafnræði hafi átt að vera með þeim um greiðslu kostnaðar af sameiginlegu heimilishaldi. Að öðru leyti er margt á huldu um fjárreiður þeirra á sambúðartímanum. Áfrýjandi fékk hlutdeild í lánum, er stefnda tók, en ágreiningur er um, hve mikil hún var. Lán þessi voru upphaflega samtals 140.000 krónur. Stefnda vildi fá tryggingu fyrir inneign hjá áfrýjanda vegna hlutdeildar hans í þessum lánum. Varð það til þess, að aðilar undirrituðu fylgiskjal það með skattframtali 1984, sem greinir frá í atkvæði meiri hluta dómara. Var sá háttur hafður á að tillögu manns, sem aðstoðaði við gerð fram-

talsins. Engin skjalagerð fylgdi í kjölfarið. Þegar litið er til þess, hvernig að þessu var staðið, og með hliðsjón af frásögn stefndu um þetta í aðilaskýrslu, þar sem áhersla er lögð á nauðsyn tryggingar fyrir skuld áfrýjanda við hana, verður að meta það svo, að hér hafi eingöngu verið um skuldarviðurkenningu að ræða, þótt í óvenjulegu formi væri, og að skuld áfrýjanda við stefndu hafi þá numið 76.400 krónum.

Er stefnda hafði fengið úthlutað íbúð í verkamannabústöðum, kveðst hún hafa farið að „herja á Hrafn aftur um það, að ég vildi fá eitthvað út úr þessu, og þá borgaði hann mér 100.000 krónur; og ég var ekki sátt við það uppgjör, en ég gat ekki neitt gert í því". Greiðsla þessi fór fram haustið 1985, en þá var sambúð aðila lokið. Í héraðsdómi er getið annarra greiðslna, er áfrýjandi innti af hendi eftir sambúðarlok. Þessi frásögn stefndu gefur vísbendingu um, að aðilar hafi komist að samkomulagi um skuldaskil og fjárskipti sín á milli.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, og önnur atvik málsins, verður ekki talið, að stefndu hafi tekist, gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda, að færa fram fullnægjandi lagarök fyrir kröfum sínum í málinu, og ber því að sýkna áfrýjanda af þeim. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefnda greiði áfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 3. apríl 1990.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 23. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, gerir sóknaraðili, Anna Karin Júlíussen, kt. 010146-2579, Stórholti 17, Reykjavík, eftirtaldar kröfur vegna búskipta sinna og varnaraðila, Hrafns E. Jónssonar, kt. 170642-7599, Engihjalla 17, Kópavogi:

aðallega, að viðurkenndur verði eignarréttur sóknaraðila í íbúð I-E að Engihjalla 17, Kópavogi, í óskiptri sameign til helminga á móti varnaraðila og að sóknaraðili taki á sig sama hlutfall eftirstöðva skulda, sem stofnað var til á sambúðartíma aðila, til vara, að sóknaraðili teljist eigandi 25% eignarinnar og taki á sig sama hlutfall eftirstöðva skulda, sem stofnað var til á sambúðartíma aðila, til þrautavara, að sóknaraðili teljist eigandi 10% eignarinnar, en beri enga skuldaábyrgð á veðskuldum, er á eigninni hvíldu við sambúðarslit eða hvíla nú, en til vara, að hún beri ábyrgð á 10% af skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila, hver sem úrslit málsins verða, samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í samræmi við málskostnaðarreikning að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í samræmi við málskostnaðarreikning að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Málsaðilar hafa lýst yfir því, að ekki sé ágreiningur um annað vegna búskipta þeirra en eignarhlutföll fasteignarinnar að Engihjalla 17 og ábyrgð á lánum þeim, sem á íbúðinni hvíla.

Málavextir.

Aðilar máls þessa hófu sambúð árið 1976 að Bollagörðum á Seltjarnarnesi. Að sögn sóknaraðila stóð sambúðin þar frá hausti 1976 til vors 1977, en varnaraðili telur sambúðina þar aðeins hafa staðið í tvo til þrjá mánuði. Sóknaraðili fluttist, eftir að varnaraðili fór af heimilinu, í íbúð að Vesturvallagötu 5 í Reykjavík, og kveður hún varnaraðila hafa verið þar með annan fótinn. Sóknaraðili hélt til náms í Noregi í ágúst 1978, en fluttist heim vorið 1981 og hóf þá þegar, eftir því sem henni segist frá, sambúð að nýju með varnaraðila, fyrst í íbúð þeirri, sem um er deilt í máli þessu, að Engihjalla 17 í Kópavogi, en frá 1. september 1981 til 1. júlí 1983 að Miðtúni 48 í Reykjavík. Varnaraðili telur sambúð aðila ekki hefjast að nýju fyrr en 1. september 1981. Frá 1. júlí 1983 til sambúðarslita vorið 1985 bjuggu aðilar í íbúðinni að Engihjalla 17.

Ekki eru aðilar á einu máli um það, hvernig sambandi þeirra var háttað, frá því að sambúð lauk í Bollagörðum, þar til þau tóku að búa saman að nýju árið 1981. Sóknaraðili telur þau hafa verið þar á þessum tíma, og hafi hún dvalist hjá varnaraðila í fríum á námstíma sínum og einnig, er hún var við verknám hér á landi. Varnaraðili kveður þau hafa lifað hvort sínu lífi á þessum tíma, þau hafi þekkst og verið ágætir vinir, en ekki hafi verið um samband að ræða, sem jafna mætti til sambúðar.

Hinn 2. maí 1978 gerði varnaraðili sem félagsmaður í Byggingarsamvinnufélagi Kópavogs samning við félagið um byggingu þriggja herbergja íbúðar í Engihjalla 17 í Kópavogi. Samkvæmt samningnum skyldi varnaraðili greiða mánaðarlega til félagsins vegna 1. byggingarstigs 1.920 kr. frá 1. 8. 1978 til 1. 7. 1980 og vegna 2. byggingarstigs 11.880 kr. 1. 2. 1980, 1. 5. 1980 og 1. 8. 1980. Eftirstöðvar skyldi greiða eftir síðari ákvörðun

félagsstjórnar. Varnaraðili fékk íbúðina til afnota í desember 1980. Við árslok 1979 hafði varnaraðili greitt 45.342,23 kr. samkvæmt yfirliti félagsins. Við uppgjör miðað við árslok 1980 höfðu verið greiddar vegna íbúðarkaupanna 175.579,46 kr., þar af 80.000 kr. með húsnæðismálaláni, en ógreiddar voru þá 12.960,54 krónur. Við árslok 1981 höfðu verið greiddur 194.489,46, en ógreiddar voru þá 50,54 kr. Yfirlýsing félagsins um eignarheimild varnaraðila að íbúðinn var svo gefin út 9. júní 1982.

Þegar aðilar hófu sambúð að Bollagörðum árið 1976, mun sóknaraðili hafa átt helming söluandvirðis fasteignar eftir skilnað, en varnaraðili mun hafa verið eignalaus, og kveður sóknaraðili hann hafa verið það skuldugan, að hann hafi ekki getað greitt neitt til heimilisins, og svo hafi hann keypt sér bifreið vorið 1977. Sóknaraðili kveðst hafa séð um leigugreiðslur og alla framfærslu, og er því ekki mótmælt. Sóknaraðili kveðst hafa til þess þurft að eyða sjóði sínum, sem hún hafði þó ætlað að nota til að kaupa íbúð með varnaraðila, en það hafi þau verið búin að ákveða.

Upplýst er, að varnaraðili var á námsárum sóknaraðila umboðsmaður hennar í fjármálum, bæði gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna og gagnvart skattyfirvöldum, og sá um mánaðarlegar millifærslur í banka. Þá er upplýst, að sóknaraðili tók í desember 1980 lán, að fjárhæð 20.000 kr., og að varnaraðili hafi fengið af því 10.000 kr. í tengslum við móttöku íbúðarinnar að Engihjalla 17. 5.000 krónur af láninu runnu til kaupa á bifreið, sem varnaraðili nýtti, meðan sóknaraðili var í Noregi. Sóknaraðili kveðst hafa greitt fyrstu afborgun lánsins, 5.000 kr., en eftirstöðvar fóru í vanskil, sem varnaraðili greiddi svo upp með 38.289 krónum.

Sóknaraðili kveður sambúðartíma sinn og varnaraðila, eftir að hún kom frá námi, hafa einkennst af fjárhagslegum þrengingum, aðallega af skuldum vegna kaupa á íbúðinni í Engihjalla 17.

Varnaraðili kveðst ekki kannast við það, að þau hafi búið við miklar fjárhagslegar þrengingar.

Aðilar eru sammála um það, að fjárhagsleg verkaskipting þeirra í síðari sambúðinni hafi verið í megindráttum á þá lund, að sóknaraðili sá um rekstur heimilisins, en á framfæri aðilanna voru auk þeirra sjálfra tvö börn sóknaraðila, en varnaraðili sá um afborganir af lánum og greiðslur meðlaga vegna tveggja barna sinna. Leigugreiðslur vegna íbúðarinnar í Miðtúni 48 voru að mestu fjármagnaðar með leigu fyrir íbúðina að Engihjalla 17.

Sóknaraðili heldur því fram, að greiðslubyrði vegna íbúðarkaupanna hafi verið þung, og hafi hún auk framfærslu fjölskyldunnar lagt til af sínum tekjum til að bjarga íbúðinni undan hamrinum, en ýmsar lausaskuldir heimilisins, sem voru á hennar nafni, hafi þá farið í vanskil, og hafi hún greitt þær upp, eftir að sambúð aðila lauk.

Hinn 1. desember 1982 tók sóknaraðili lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna

Reykjavíkurborgar, að fjárhæð 120.000 kr., tryggt með veði í íbúðinni að Engihjalla 17. Sóknaraðili heldur því fram, að lánið hafi runnið óskipt til að fjármagna íbúðarkaupin, en varnaraðili kveðst hafa fengið helming þess, 60.000 kr., að láni hjá sóknaraðila. Þar af hafi 15.000 kr. runnið til þarfa heimilisins. Við framtal til skatts 1984 undirrituðu aðilar fylgiskjal, þar sem fram kom, að sóknaraðili væri eigandi 10% íbúðarinnar að Engihjalla 17, og töldu fram þannig, að sóknaraðili ætti 10%, en varnaraðili 90% eignarinnar það ár, 1985 og 1986 og sóknaraðili einnig árið 1987. Aðilar eru sammála um, að þessi ráðstöfun hafi verið í beinu sambandi við lántökuna hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og að Guðlaugur A. Jónsson, sem annaðist framtalsgerð fyrir þau bæði, hafi lagt þetta til.

Sambúð aðila lauk vorið 1985.

Sóknaraðili kveður skipti á búi aðila ekki hafa farið fram, en hún gerði kröfu um, að varnaraðili greiddi sér 425.000 kr. haustið 1985 eða sem svaraði 25% af áætluðu verði íbúðarinnar að Engihjalla 17.

Varnaraðili kveðst hafa litið á þessa kröfu sem laust tal eða hótun, en greiddi sóknaraðila 100.000 kr. þá um haustið.

Á skattframtali 1986 gerir sóknaraðili grein fyrir þessari greiðslu á eftirfarandi hátt: „Fékk greiddar 100.000,00 kr. frá Hrafni E. Jónssyni upp í væntanlega sölu á Engihjalla 17. Salan var ófrágengin um áramótin."

Varnaraðili heldur því fram, að skiptum aðila hafi lokið 1985. Hann kveðst hafa endurgreitt sóknaraðila þann hluta lífeyrissjóðslánsins, sem hún lánaði honum 1982 og þar með greitt henni út þessi 10% eignarinnar, sem hann hafði fallist á að telja hennar eign á skattframtölum, með fyrrgreindri 100.000 króna greiðslu og með því að greiða matvörureikning frá sambúðartíma þeirra, 53.836 kr., greiða 38.289 kr. vegna lánsins, sem sóknaraðili tók 1980, og með því að greiða 71.773 kr., sem voru afborganir af lífeyrissjóðsláninu fyrir 1984 og 1985.

Þrátt fyrir þetta telur varnaraðili fram til skatts 1986 þannig, að hann eigi 90% íbúðarinnar að Engihjalla 17.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa lofað sér við sambúðarslitin að greiða sér fjárhæð, sem samsvaraði húsaleigu í einhverja mánuði.

Sóknaraðili, sem kveðst hafa farið út úr sambúðinni með skuldir af heimilisrekstrinum, krafðist þó ekki opinberra skipta á búi sínu og varnaraðila fyrr en 6. apríl 1989.

Sóknaraðili kveðst hafa talið það þegjandi samkomulag milli sín og varnaraðila, að hann tæki að sér greiðslur lífeyrissjóðslánsins og hún gerði þá ekki frekari kröfur til íbúðarinnar, þrátt fyrir það að með því fyndist sér verulega á sig hallað.

Varnaraðili tók árið 1987 að ámálga það við sóknaraðila, að hún létti lífeyrissjóðsláninu af íbúðinni í Engihjalla 17, og árið 1988 að krefja

sóknaraðila um endurgreiðslu afborgana af láninu, sem varnaraðili greiddi til að koma í veg fyrir uppboð eignarinnar. Um þetta deildu aðilar, þar sem hvort um sig taldi hitt eiga að greiða af láninu.

Hinn 27. mars 1989 var gefin út stefna, þar sem varnaraðili stefnir sóknaraðila til endurgreiðslu fyrrnefndra afborgana.

Þegar svo var komið, krafðist sóknaraðili loks opinberra skipta á búi aðila. Í skiptabeiðninni er á því byggt, að sambúð aðila hafi staðið frá haustinu 1976 til vors 1985, við sambúðarslit hafi farið fram skipti á lausafé, en fasteign búsins, íbúð 1-E að Engihjalla 17, hafi ekki verið skipt og uppgjör ekki farið fram á ýmsum skuldum, meðal annars ekki á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Endurkröfumálinu var á bæjarþingi Reykjavíkur frá vísað með dómi, upp kveðnum 2. mars 1990, án þess að efnisdómur væri lagður á málið.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar hér fyrir réttinum á því, að málsaðilar hafi á sambúðartíma sínum staðið sameiginlega að kaupum á íbúðinni að Engihjalla 17, Kópavogi. Íbúðin hafi verið keypt árið 1978, afhent árið 1980 og aðilar búið í henni hluta sambúðartímans. Til kaupa á íbúðinni hafi hún beint og óbeint lagt fé, sem hún fékk í sinn hlut við skilnað við fyrrverandi eiginmann sinn, þar á meðal helming af nettó söluandvirði íbúðar að Kóngsbakka 1 í Reykjavík. Einnig hafi hún lagt til sjálfsaflafé á sambúðartímanum og tekið lán til að fjármagna kaupin. Auk þess telur sóknaraðili sig hafa lagt til vinnu við íbúðina og gert varnaraðila kleift að leggja til íbúðarkaupanna meira fé en ella með því, að hún greiddi leigu af leiguíbúðum og vann við sameiginlegt heimili þeirra og greiddi af launum sínum nær allan framfærslukostnað. Með þessum framlögum og sambúð aðila telur sóknaraðili, að stofnast hafi óskipt sameign aðila um fasteignina að Engihjalla 17. Verði að miða við, að sóknaraðili sé eigandi að hálfri íbúðinni, meðan varnaraðili sanni ekki með ótvíræðum hætti, að hann hafi lagt meira til. Lokst bendir sóknaraðili á það, að varnaraðili hafi við framtalsgerð gjaldárið 1984 beinlínis viðurkennt með undirritun sinni undir fylgiskjal um kaup og sölu, að hún væri eigandi að 10% skuldlausum eignarhluta í íbúðinni. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til fordæma Hæstaréttar á þessu sviði.

Varnaraðili reisir kröfur sínar hér fyrir réttinum á því, að aðilar hafi þegar á árinu 1985 lokið skiptum á búi sínu, og þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfum sóknaraðila. Fyrir liggi viðurkenning sóknaraðila á því, að við fjárhagslegt uppgjör 1985 hafi varnaraðili greitt henni ákveðna fjárhæð sem endurgreiðslu á þeim fjármunum, sem hún lánaði honum vegna íbúðarkaupa. Er á því byggt, að varnaraðili hafi að fullu greitt skuld sína við sóknaraðila. Þá byggir varnaraðili á því, að hann sé einn eigandi að íbúðinni við Engihjalla 17 og engin lagarök séu fyrir því að viðurkenna,

að umrædd eign geti verið óskipt sameign aðila. Íbúð þessa hafi varnaraðili keypt þremur árum áður en sambúð aðila hófst, fyrir eigið fé, auk þess sem hann hafi unnið við íbúðin sjálfur.

Álit réttarins.

Sambúð aðilanna var ekki skráð í þjóðskrá, þau höfðu ekki sama lögheimili, töldu ekki saman fram til skatts og eiga ekki saman barn. Upplýsingar um sambúð aðilanna byggist á frásögn þeirra sjálfra.

Krafa um opinber skipti á búi aðila máls þessa er reist á 90. gr. skiptalaga, sbr. lög nr 13/1986. Sambúð aðila í Bollagörðum 1976 til 1977 stóð aðeins í nokkra mánuði. Ekki er unnt á grundvelli nefnds lagaákvæðis að taka til meðferðar í skiparéttinum bú, sem hugsanlega hefur myndast með aðilum á þeim stutta tíma.

Hvernig svo sem sambandi aðila var háttað þau fjögur ár, sem liðu, þar til þau tóku að búa saman að nýju, er ljóst, að þann tíma var ekki um sambúð að ræða með aðilum.

Aðilar eru sammála um, að þau hafi búið saman óslitið frá hausti 1981 til vors 1985, og hefur sambúðin því varað lengur en tvö ár samfleytt. Krafa um opinber skipti á búi því, sem stofnast með þeim á þessum tíma, er því tæk hér í skiptaréttinum á grundvelli 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 13/1986. Miða verður því við, að sambúðin hafi staðið frá hausti 1981 til vors 1985. Ljóst er, að fjárhagsleg samstaða hefur verið með aðilum á þessum tíma.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að skiptum á búi aðilanna sé lokið.

Deilt er um eignaraðild að fasteigninni íbúð 1-E í Engihjalla 17 í Kópavogi. Varnaraðili er einn þinglýstur eigandi eignarinnar.

Í dómum Hæstaréttar, þar sem fjallað er um fjárskipti fólks, sem búið hefur í óvígðri sambúð, hefur frá árinu 1981 verið litið svo á, að í sumum tilfellum geti sameign myndast með aðilum, án þess að um það sé gerður sérstakur samningur. Ljóst er, að þá er tekið tillit til lengdar sambúðar, fjárhagslegrar samstöðu aðila, sameiginlegra nota af eign og tekna aðila eða annarra framlaga. Í dómi Hæstaréttar frá 12. maí 1989 er það tekið fram í atkvæði meiri hluta dómenda, að þegar litið sé til dómafordæma, verði að fallast á það, að þinglýst eignarheimild og skattframtöl skeri ekki úr og að líta megi til framlaga aðila til eignamyndunar eftir því, sem gögn leyfi.

Lögð hafa verið fram í réttinum skattframtöl aðila frá sambúðartíma þeirra. Kemur þar fram, að varnaraðili hafði lengst af ívið hærri tekjur en sóknaraðili, en sóknaraðili fékk greidd meðlög með sínum börnum og mæðralaun þrátt fyrir sambúðina, en varnaraðili greiddi meðlög með tveimur börnum.

Fallast ber á það með sóknaraðila, að hún hafi með framlögum sínum öðlast hlutdeild í þeirri eignamyndun, sem varð á sambúðartímanum.

Framlög aðila, bæði utan og innan heimilis, virðast svipuð á sambúðartímanum, svo að eðlilegt þykir að miða við jafna hlutdeild aðila í eignamyndun á sambúðartímanum.

Greiðslur varnaraðila vegna sóknaraðila haustið 1985 hljóta að skoðast sem liður í uppgjöri á sameiginlegu fjárfélagi þeirra vegna heimilishaldsins, en geta ekki rýrt tilkall það til eignarinnar, sem sóknaraðili hafði áunnið sér með sambúðinni.

Hafna ber þó þeirri kröfu sóknaraðila, að hún teljist eigandi íbúðarinnar í óskiptri sameign að hálfu á móti varnaraðila, þar sem varnaraðili hafði sjálfur eignast nokkurn hluta eignarinnar, þegar aðilar hófu sambúð og fjárhagur þeirra rann saman.

Á skattframtölum aðila kemur fram, að þau hafi tekið mörg bankalán á sambúðartímanum, og eru vaxtagjöld þeirra lána færð til frádráttar, svo að sýnt þykir, að þau hafi verið tekin til húsnæðiskaupa. Af því og framburði aðila er ljóst, að myndun eignarinnar hefur alls ekki verið lokið, er aðilar fluttu saman að nýju árið 1981, enda var yfirlýsing um eignarheimild að íbúðinni ekki gefin út fyrr en í júní 1982.

Þegar gögn málsins eru virt, þykir sýnt, að varnaraðili hafi fyrir upphaf sambúðar sinnar við sóknaraðila þegar lagt til um það bil helming þess, sem íbúðin kostaði. Er þá tekið tillit til þess, að lán, sem tekin voru til að fjármagna kaupin í sambúðinni, eru mun dýrari en húsnæðismálalán, sem varnaraðili tók og notaði til greiðslu á byggingartímanum.

Krafa sóknaraðila um 25% eignarhlutdeild í íbúðinni, sem hún setti fram þegar við sambúðarslit, er réttmæt, þar sem um það bil helmingur íbúðarverðsins var fjármagnaður í sambúðinni og aðilar verða að teljast eiga jafna hlutdeild í þeirri eignamyndun, og verður hún því tekin til greina.

Þá ber og að taka til greina þann áskilnað sóknaraðila, að hún beri einungis ábyrgð á 25% af skuldum þeim, sem til var stofnað á sambúðartíma aðila. Eignin hefur ætíð verið þinglýst eign varnaraðila eingöngu og hann því haft tækifæri til að veðsetja hana án nokkurs samráðs við sóknaraðila. Þegar tekið er tillit til þeirrar fjárhagslegu samstöðu, sem með aðilum var í sambúðinni, þykir rétt, að sóknaraðili beri hlutfallslega ábyrgð á lánum þeim, sem tekin voru á sambúðartímanum og hvíla á eigninni.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Úrskurð þennan kvað upp Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Úrskurðarorð:

Aðilar eru sameigendur að eigninni íbúð 1-E í Engihjalla 17 í Kópavogi, þannig, að sóknaraðili, Anna Karin Júlíussen, kt. 010146-2579,

Stórholti 17, Reykjavík, er eigandi 25% eignarinnar, en varnaraðili, Hrafn E. Jónsson, kt. 170642-7599, Engihjalla 17, Kópavogi, er eigandi 75% hennar. Sóknaraðili ber ábyrgð á 25% skulda þeirra, sem til var stofnað á sambúðartíma aðila frá 1. september 1981 til vors 1985 og hvíla á eigninni. Sóknaraðili ber ekki ábyrgð á öðrum veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 183/1989. **Þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.).

Gjaldþrot. Málamyndagerningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1989.

Íslandsbanki hf. hefur tekið við aðild máls þessa, eins og fram kemur hér á eftir.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þær kröfur:

„að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Íslandsbanka hf. (áður Iðnaðarbanka Íslands hf.), að fjárhæð 2.840.600 kr., sem fram fór 30. 10. 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, að höfuðstól 3.283.208,30 kr.,

að stefndi, Íslandsbanki hf., verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 2.840.600 með drv. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 10. 1987 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 1.502.334, sem úthlutað var upp í kröfuna úr þrotabúi Nesco-Kringlunnar hf. 29. 01. 1992.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ."

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara er kröfugerð hans svohljóðandi: „Ef fallist verður á riftunarkröfu áfrýjanda, er krafist lækkunar á greiðslukröfum hans þannig: Höfuðstóll 30.10.1987 verði kr. 1.600.000 með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11.1987, með 45,6% drv. frá þeim degi til 1.12.1987, með 49,2% drv. frá þeim degi til 1.1.1988, með 51,6% drv. frá þeim degi til 1.3.1988, með 45,6% drv. frá þeim degi til 1.5.1988, en 44,4% drv. frá þeim degi af kr. 2.063.561 til 1.7.1988, með 52,8% drv. frá þeim degi til 1.8.1988,

með 56,4% drv. frá þeim degi til 1.9.1988, með 49,2% drv. frá þeim degi til 21.9.1988 (stefnubirtingardagur), með drv. skv. 10. grein laga nr. 25/1987 frá þeim degi til 1.11.1988 og af kr. 2.565.800 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 29.1.1992, kr. 1.502.334."

Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal yfirlýsing lögmanna aðila 21. febrúar 1993, svohljóðandi:

„1. Íslandsbanki hf. hefur yfirtekið réttindi og skyldur Iðnaðarbanka Íslands hf. og er nú aðili málsins í stað Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. Bú Nesco-Kringlunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 10. ágúst 1989. Frumvarp að úthlutunargerð úr þrotabúinu var lagt fram 6. janúar 1992 og samþykkt þann 21. janúar 1992.

3. Skiptastjóri þrotabús Nesco-Kringlunnar hf. féll frá áfrýjun á dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 9. mars 1989 í málinu nr. 20631/1988 (þetta mál) og samþykkti niðurstöðu dómsins sem almenna kröfu í þrotabúið. Við úthlutun úr búinu þann 29. janúar 1992 voru þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf. greiddar kr. 1.502.334 upp í dómkröfuna.

4. Af skuldabréfi Elínar G. Bieltvedt (ágrip bls.27) greiddust 2 fyrstu gjalddagarnir, þ. e. 1. maí 1988 voru greiddar kr. 463.561 og 1. nóv. 1988 kr. 502.239. Eftirstöðvar skuldabréfsins innheimtust ekki og voru afskrifaðar af Íslandsbanka hf. 30.7.1991.

5. Eftir ákvörðun skiptastjóra þrotabús Nesco-Kringlunnar hf. um að falla frá áfrýjun af hálfu þrotabúsins eru aðilar hæstaréttarmáls nr. 183/1989 annars vegar þb. Nesco-framleiðslufélags hf. sem áfrýjandi og Íslandsbanki hf. sem stefndi."

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Bú Nesco-framleiðslufélags hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. janúar 1988, en hafði hætt starfsemi um mitt ár 1987. Samkvæmt upplýsingum lögmanns áfrýjanda við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti námu skuldir félagsins umfram eignir þá hundruðum milljóna króna. Er ljóst, að stjórnendur félagsins áttu fyrr að vera búnir að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 14. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og að félagið var komið í fjárþrot,

er stjórnendur þess ákváðu, að það legði fram 90% hlutafjár við stofnun Nesco-Kringlunnar hf., eða 3.600.000 krónur, auk fjárframlaga til tveggja annarra hlutafélaga, er stofnuð voru til að taka við starfsemi Nesco-framleiðslufélags hf.

Við þessar aðstæður voru skuldbindingar af hálfu Nesco-framleiðslufélags hf. lítils virði, og svo reyndist um skuldabréf það, að fjárhæð 2.600.000 krónur, sem Nesco-framleiðslufélag hf. var látið gefa út til greiðslu hlutafjár og mál þetta fjallar um. Má í reynd líta á það sem málamyndagerning og einskis virði sem hlutafjárframlag til Nesco-Kringlunnar hf., enda þekktu stjórnendur beggja hlutafélaganna gjörla, hvernig fjárhagsstöðu Nesco-framleiðslufélags hf. var háttað. Stjórnendur Nesco-Kringlunnar hf. fengu lánafyrirgreiðslu hjá stefnda, og keypti hann skuldabréfið í tengslum við hana, eftir að félagið hafði tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á því, en hún reyndist haldlaus, þegar á reyndi. Varð þá að ráði, að stefndi keypti skuldabréf af Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt, Hermanni Auðunssyni og Láru K. Guðmundsdóttur, sem yfirtóku skuldbindingar Nesco-framleiðslufélags hf. gagnvart Nesco-Kringlunni hf. og leystu þar með til sín fyrrgreint skuldabréf.

Þegar ofangreind málsatvik eru virt í heild, er augljóst, að áfrýjandi hefur ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni í umræddum viðskiptum, en myndi hins vegar hagnast á kostnað stefnda, ef kröfur áfrýjanda ná fram að ganga. Eins og málinu er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til þess, að ágreiningi aðila verði ráðið til lykta á grundvelli þeirra ákvæða gjaldþrotalaga, sem áfrýjandi ber fyrir sig. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, þrotabús Nesco-framleiðslufélags hf.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara og Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, greiddi Nesco-framleiðslufélag hf. hlutafjárframlag sitt, 3.600.000 krónur, til Nesco-Kringlunnar hf. að hluta, 2.600.000 krónur, með skuldabréfi, sem félagið gaf út. Fyrirsvarsmenn Nesco-Kringlunnar hf. seldu stefnda skuldabréfið, og tókst félagið jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslum þess. Hvorugt félagið stóð í upphafi skil á greiðslum af skuldabréfinu, og nam skuldin við stefnda 2.840.000 krónum 30. október 1987.

Við teljum, að leggja beri til grundvallar, að Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt, Lára K. Guðmundsdóttir og Hermann Auðunsson hafi keypt umrædd hlutabréf úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf. og greitt fyrir þau með skuldabréfum þeim, sem riftunarkrafa áfrýjanda beinist að. Einnig teljum við, að skuldabréf þessi hafi runnið til stefnda sem greiðsla á framangreindu skuldabréfi Nesco-framleiðslufélags hf., sem var í vanskilum í höndum stefnda. Því teljum við, að krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts eigi ekki við rök að styðjast.

Stefndi krafði Nesco-framleiðslufélag hf. um greiðslu skuldabréfs félagsins. Þá kröfu greiddi félagið með því að afhenda stefnda framangreind skuldabréf, gefin út af þriðja aðila, og komu þau í hendur stefnda 30. október 1987. Sú greiðsla fór fram innan sex mánaða frestsins samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti, sem í gildi voru á þeim tíma. Við teljum, að þarna hafi verið um að ræða greiðslu með óvenjulegum greiðslueyri og því beri að taka riftunarkröfu áfrýjanda til greina.

Fram er komið, að bú Nesco-Kringlunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 10. ágúst 1989.

Ekki er annað fram komið en að þau Lára K. Guðmundsdóttir og Hermann Auðunsson hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum þeim, sem þau gáfu út og runnu til stefnda, samtals að fjárhæð 1.600.000 krónur. Þá er fram komið, að stefndi hefur fengið greiddar samtals 965.800 krónur af skuldabréfi því, sem Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt gaf út og rann til hans. Eftirstöðvarnar hefur stefndi afskrifað. Nema fjárhæðir

þessar samtals 2.565.800 krónum. Ósannað er, að tjón áfrýjanda vegna framangreindra viðskipta hafi numið hærri fjárhæð, sbr. ákvæði 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978. Teljum við, að leggja beri þá fjárhæð til grundvallar fjárkröfu áfrýjanda. Áfrýjandi hefur á grundvelli héraðsdóms í máli þessu fengið greiddar 1.502.334 krónur úr þrotabúi Nesco-Kringlunnar hf.

Samkvæmt þessu teljum við, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda 2.565.800 krónur með dráttarvöxtum, allt að frádregnum 1.502.334 krónum, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 2. mars sl., hefur þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf., kt. 480481-0469, Skógarhlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. september 1988, á hendur Nesco-Kringlunni hf., kt. 480787-1109, Kringlunni 8-12, Reykjavík, og Iðnaðarbanka Íslands, kennitala 650169-3019, Lækjargötu 12, Reykjavík, vegna útibús hans í Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., að fjárhæð 2.840.600 kr., sem fram fór 30. október 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, að höfuðstól 3.283.208,30 krónur,

2. að stefndu, Iðnaðarbanki Íslands hf. og Nesco-Kringlan hf., verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 2.840.600,00 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

3. Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefndu in solidum og þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Nesco-Kringlunnar hf. eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til að afhenda stefnanda hlutabréf í Nesco-Kringlunni hf., að fjárhæð 2.840.600,00 kr., gegn greiðslu sömu fjárhæðar auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. október 1987 til greiðsludags. Þá krefst hans þess í báðum tilvikum, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málkostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. eru þær, að hann verði

sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttatilraunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður málavexti og önnur atvik vera þau, að með úrskurði, upp kveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags hf., nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988 og kröfulýsingarfresti lokið 29. mars 1988. Fyrsti skiptafundur í þrotabúinu hafi verið haldinn 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjórans um að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags hf., teldi hann grundvöll riftunar samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Hlutafélagið Nesco-Kringlan hf. hafi verið stofnað 30. júní 1987. Við stofnun þess hafi Nesco-framleiðslufélag hf. lagt fram 90% hlutafjár, 3.600.000,00 kr., þar af 2.600.000,00 kr. með veðtryggðu skuldabréfi. Hið nýja félag hafi stofnað til viðskipta við Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Garðabæ. Muni félagið hafa selt bankanum skuldabréfið 1. júlí 1987 og tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins muni hafa verið 1. október 1987. Hafi skuldabréfið þá þegar lent í vanskilum. Samkvæmt skýslum, meðal annars tveggja fyrrum fyrirsvarsmanna hins gjaldþrota félags fyrir skiptarétti, hafi Iðnaðarbankinn hf. þá sett það skilyrði fyrir frekari viðskiptum við Nesco-Kringluna hf., að skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við bankann yrði greidd. Muni það hafa verið gert með þeim hætti, að hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. hafi verið seld Elínu G. Bieltvedt, eiginkonu stjórnarformanns beggja framangreindra félaga, og þeim Hermanni Auðunssyni og Láru K. Guðmundsdóttur, stjórnarmönnum í Nesco-Kringlunni hf. Söluandvirðið, sem gengið hafi til búsins, það er skuldabréf, að höfuðstól 800.000,00 kr., frá Hermanni Auðunssyni, skuldabréf að sömu fjárhæð frá Láru K. Guðmundsdóttur og skuldabréf frá Elínu G. Bieltvedt, að höfuðstól 1.683.208,30 kr., hafi síðan verið notað til þess að greiða skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbankann hf. samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi. Mismuni á kaupverði nefndra þriggja skuldabréfa og skulda Nesco-framleiðslufélags hf. muni hafa verið ráðstafað inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. hjá bankanum.

Kaupnóta Iðnaðarbankans hf. vegna skuldabréfs, sem út gefið hafi verið af Elínu, sé dagsett 30. október 1987, en kaupnótur vegna hinna skulda-

bréfanna liggi ekki fyrir. Sé við það miðað í stefnukröfunni, að greiðslan hafi farið fram 30. október 1987. Samkvæmt sundurliðun Láru Guðmundsdóttur á skuldinni 30. október 1987 nam skuldin þann dag stefnufjárhæðinni.

Með bréfum, dagsettum 18. júlí 1988, hafi greiðslu ofangreindrar skuldar verið rift. Engin viðbrögð hafi borist við riftuninni frá stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf., en andmæli hafi borist frá Nesco-Kringlunni hf. með bréfi, dagsettu 23. ágúst 1988. Hafi því málshöfðun þessi verið nauðsynleg.

3.0.

Stefnandi kveður málsástæður og lagarök sín vera þau, er nú skal greina:

Á því sé byggt, að báðum stefndu hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., þegar greiðsla þess á skuldinni við Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi farið fram. Skuldin hafi verið greidd með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, og teljist það óvenjulegur greiðslueyrir úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., sbr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Greiðslan hafi farið fram rúmum tveimur mánuðum fyrir frestdag, en hann hafi verið 6. janúar 1988. Á því sé byggt, að Nesco-Kringlan hf. teljist „nákomin" í skilningi 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafan um riftun sé reist á hlutlægu riftunarreglunni í 1. tölulið 54. gr. og huglægu riftunarreglunni í 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. laganna.

Tekið sé fram af hálfu stefnanda, að búið muni samþykkja almenna kröfu stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. í búið jafna stefnufjárhæðinni með vöxtum til 6. janúar 1988, nái riftunin fram að ganga.

Krafan á hendur Nesco-Kringlunni hf. sé reist á því, að það félag hafi losnað úr sjálfskuldarábyrgð gagnvart bankanum við greiðslu Nesco-framleiðslufélags hf. til bankans. Í raun snúist mál þetta um þá ráðstöfun fyrrum forráðamanna hins gjaldþrota félags að taka hluta eigna þess, þ. e. andvirði hlutabréfa í Nesco-Laugavegi og Nesco-Kringlunni hf., skömmu fyrir gjaldþrotið og nota til þess að greiða með þeim skuld félagsins við Iðnaðarbanka Íslands hf., sem Nesco-Kringlan hf. hafi borið sjálfskuldarábyrgð á. Við skoðun á þessum ráðstöfunum verði að hafa í huga, að hið gjaldþrota félag hafi verið „nákomið" Nesco-Kringlunni hf. í skilningi 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Tekið skuli fram, að stjórnarformaður beggja félaganna sé eiginmaður Elínar Bieltvedt, en hún teljist kaupandi hlutabréfa Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. Verði að hafa það í huga, að allar ráðstafanir fyrrum forsvarsmanna hins gjaldþrota félags með eignir þess hafi haft þann augljósa tilgang að vernda þau félög, sem stofnuð hafi verið af sömu aðilum til þess að taka við rekstrinum.

Í málinu liggi fyrir, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi skuldað stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. samkvæmt skuldabréfi, sem virðist hafa verið út

gefið 1. júlí 1987. Samkvæmt yfirliti stefnda Nesco-Kringlunnar hf. hafi skuldin numið 2.840.600,00 kr. 29. október 1987. Í bréfi stjórnarformanns Nesco-Kringlunnar hf. og fyrrum stjórnarformanns Nesco-framleiðslufélags hf., dagsettu 23. ágúst 1988, komi fram: „... hótaði Iðnaðarbanki Íslands að fara með viðkomandi vanskilafjárskuldbindingu Nesco-framleiðslufélags hf. beint í gjaldþrotaréttinn í október 1987..."

Framburður Láru K. Guðmundsdóttur og Hermanns Auðunssonar, hluthafa og stjórnarmanna í Nesco-Kringlunni hf., fyrir skiptaréttinum sé á þann veg, að stefndi Iðnaðarbankinn hf. hafi sett það sem skilyrði fyrir framhaldi bankaviðskipta við Nesco-Kringluna hf., að Nesco-framleiðslufélag hf. gerði upp skuldir sínar við bankann. Samkvæmt þessu sé á því byggt af hálfu stefnanda, að Iðnaðarbankanum hf. hafi verið kunnugt um slæma greiðslustöðu Nesco-framleiðslufélags hf. í október 1987 og yfirvofandi gjaldþrot þess. Hið sama hafi gilt augljóslega um forsvarsmenn Nesco-Kringlunnar hf. Til þess að tryggja hagsmuni bankans og stöðu Nesco-Kringlunnar hf. hafi verið farin sú leið, sem fram komi af málskjölum.

Eign Nesco-framleiðslufélags hf., þ. e. hlutabréfin í Nesco-Kringlunni hf., hafi verið seld og andvirðið notað til þess að gera upp skuldir Nesco-framleiðslufélags hf. Andvirðið hafi verið í formi skuldaviðurkenninga frá þriðja aðila. Kröfur á aðra teljist óvenjulegur greiðslueyrir, sbr. dóm Hæstaréttar frá 5. febrúar 1987. Sé greiðsla skuldarinnar því riftanleg gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda hafi greiðslan ekki getað talist eðlileg eftir atvikum. Á sama hátt verði að telja, að huglægum skilyrðum 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé fullnægt gagnvart bankanum og Nesco-Kringlunni hf. Meðalganga Elínar G. Bieltvedt og/eða Nesco-Kringlunnar hf. við greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf. hindri ekki beinan kröfurétt búsins á hendur bankanum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 29. janúar 1987.

Hið stefnda félag hafi mótmælt riftuninni. Verði ekki komist hjá því að benda á nokkrar rangfærslur og þversagnir í því bréfi. Í bréfinu segi: „Þegar NESCO MANUFACTURING HF. í október 1987 getur ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar vegna hlutafjárkaupanna, ganga kaup þessi raunverulega til baka." Þessi fullyrðing sé í andstöðu við efni reikningsskila, dagsettra 16. nóvember 1987, sem undirrituð séu af sama aðila. Engin kaup hafi gengið til baka, heldur hafi hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. verið seld. Þá skuli bent á, að samkvæmt nefndum reikningsskilum liggi fyrir yfirlýsing stjórnar og stofnanda Nesco-Kringlunnar hf. um, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi greitt hlutafé að fullu í peningum.

„NESCO-KRINGLAN HF. notaði nýtt söluandvirði hlutafjárins til að gera upp vanskil NESCO MANUFACTURING HF. og ábyrgðarskuldbindingu sjálfs sín, eins og eðlilegt má teljast.“ Þessi fullyrðing sé meðal annars í andstöðu við efni annarra dómskjala. Samkvæmt fram lögðu dómskjali hafi það verið Elín, en ekki Nesco-Kringlan hf., sem annast hafi uppgjörið.

„Af ofangreindu ætti að vera ljóst, að bú NESCO MANUFACTURING HF. varðar ekkert um endursölu stjórnar NESCO-KRINGLUNNAR HF. á umræddu hlutafé né heldur það, hvernig stjórnin ráðstafaði söluandvirðinu. Í rauninni má NESCO MANUFACTURING HF. þó vera stjórn NESCO-KRINGLUNNAR HF. þakklátt fyrir það, að tekist skuli hafa að selja hlutaféð, sem NESCO MANUFACTURING HF. hafði skuldbundið sig til að kaupa, á fullu nafnverði og að nýtt söluandvirði skuli hafa verið notað til að hreinsa út viðkomandi greiðsluskuldbindingar NESCO MANUFACTURING HF., jafnilla og vanefndir NESCO MANUFACTURING HF. komu sér fyrir NESCO-KRINGLUNA HF. Auk þess hótaði Iðnaðarbanki Íslands að fara með viðkomandi vanskilafjárskuldbindingu NESCO MANUFACTURING HF. beint í gjaldþrotaskiptaréttinn í október 1987, en slíkt hefði leitt til mun meira tjóns fyrir félagið og lánardrottna þess en þó varð. Gat stjórn NESCO-KRINGLUNNAR HF. komið í veg fyrir þetta með aðgerðum sínum.“

Tilvitnuð ummæli sýni afstöðu stjórnarformannsins til réttinda lánardrottna félaganna. Sagt sé, að ráðstöfunin á hlutafénu í Nesco-Kringlunni hf. hafi komið þrotabúinu að gagni, þegar sannleikurinn sé sá, að í stað eignarhluta í Nesco-Kringlunni hf., sem ætti að vera í þrotabúinu til hagsbóta fyrir kröfuhafa þess, hefur engin eign komið. Það breyti engu fyrir kröfuhafana, hvort skuld Iðnaðarbanka Íslands hf. sé í kröfuskrá eða ekki, meðan eignir séu ekki í búinu til skipta.

Umboð skiptastjóra til málshöfðunar sé reist á 1. tölulið 91. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga, og á skiptafundi í þrotabúinu 29. apríl 1988 hafi jafnframt verið samþykkt heimild til skiptastjóra til málshöfðunarinnar. Málskostnaðarkrafan styðjist við 177. gr. laga nr. 85/1936 og 21. gr. laga nr. 54/1988.

— — —

6.0.

Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. kveður málavexti vera þá, að 10. ágúst 1987 hafi Iðnaðarbanki Íslands hf., útibúið í Garðabæ, keypt af meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., skuldabréf, að fjárhæð 2.600.000,00 kr., út gefið 1. júlí 1987, af stefnanda, Nesco-framleiðslufélagi hf. Bréfið hafi jafnframt verið framselt bankanum með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins hafi verið 1. október 1987, og hafi bréfið þá þegar lent í vanskilum. Hafi bankinn þá krafið seljanda þess og ábyrgðaraðila, Nesco-Kringluna hf., um greiðslu skuldarinnar, og hafi verið orðið við þeirri kröfu. Uppgjör skuldarinnar hafi farið þannig fram af hálfu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi keypt tvö veðskuldabréf, hvort að fjárhæð 800.000,00 kr., sem út gefin hafi verið til hans, annað 29. október 1987 af Hermanni Auðunssyni og hitt 28. október 1987 af Láru Guðmundsdóttur. Jafnframt hafi bankinn keypt skuldabréf, 1.683.208,30 kr., sem út gefið hafi verið af Elínu G. Bieltvedt til Nesco-Kringlunnar hf. Andvirði framangreindra þriggja skuldabréfa, samtals 3.247.860,70 kr., hafi verið lagt inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. við bankann, nr. 566, og reikningurinn síðan skuldfærður til innlausnar áðurgreinds skuldabréfs, upphaflega 2.600.000,00 kr., með fjárhæð 2.840.600,30 kr., 30. október 1987. Með bréfi, dagsettu 18. júlí 1988, hafi stefnandi lýst yfir riftun á greiðslu skuldarinnar. Með bréfi, dagsettu 20. september 1988, hafi stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. andmælt riftuninni.

7.0.

Málsástæður og lagarök stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. eru einkum þau, að við vanskil framangreinds skuldabréfs, út gefins af Nesco-framleiðslufélagi hf., hafi stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. eignast beina kröfu á hendur meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., á grundvelli ábyrgðarframsals þess, er að framan geti. Þessa ábyrgðarkröfu hafi Nesco-Kringlan hf. greitt með áðurgreindri skuldfærslu, eftir að bankinn hafi keypt áðurgreind þrjú skuldabréf.

Sýknukrafa stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. sé reist á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Stefndi Iðnaðarbankinn hf. hafi aldrei verið aðili að lögskiptum meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., og eigenda þessa fyrirtækis annars vegar og stefnanda, Nesco-framleiðslufélags hf., hins vegar.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., sé mótmælt sem ósannaðri. Jafnframt sé það áréttað, að greiðslan hafi verið innt af hendi af öðrum en Nesco-framleiðslufélagi hf. Þau skuldabréf, sem til þess hafi verið notuð, hafi ekki bundið stefnanda á neinn hátt gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. Því sé það fráleitt að halda því fram, eins og stefnandi geri, að hér sé um óeðlilegan greiðslueyri að ræða úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., og sé í því sambandi vísað til riftunarheimilda í 54. gr. laga nr. 6/1978. Greiðslan hafi verið innt af hendi af meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., en ekki stefnanda. Af sömu ástæðum sé einnig mótmælt þeim lagarökum stefnanda, að riftunarregla 61. gr. gjaldþrotalaga

nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr., geti átt við framangreint uppgjör meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., á áðurgreindri skuld við bankann.

Varðandi málskostnaðarkröfuna vísist til XII. kafla laga nr. 85/1936, samanber III. kafla laga nr. 25/1987.

8.0.

Svo sem áður hefur verið rakið, mun fyrirtækið Nesco-Kringlan hf. hafa verið stofnað 30. júní 1987. Hlutafé félagsins mun hafa verið ákveðið 4.000.000,00 kr., og mun Nesco-framleiðslufélag hf. hafa skráð sig fyrir hlutafé, að fjárhæð 3.600.000,00 kr. Viðurkennt er af stefnda Nesco-Kringlunni hf., að hlutafjárloforð sitt hafi Nesco-framleiðslufélag hf. greitt, svo sem fram kemur í fram lögðum reikingsskilum milli Nesco-Kringlunnar hf. og Nesco-framleiðslufélags hf., dagsettum 30. október 1987. Þar sem Nesco-framleiðslufélagi hf. hafi ekki tekist að standa við greiðslu viðskiptabréfa, sem tilgreind séu í greindum reikningsskilum, og vegna peningagreiðslna, sem Nesco-framleiðslufélag hf. hafi fengið frá Nesco-Kringlunni hf., hafi skuld hins fyrrnefnda við hinn síðarnefnda numið 30. október 1987 3.283.208,00 krónum. Þá er viðurkennt af stefnda Nesco-Kringlunni hf., að árið 1987 hafi Elín G. Bieltvedt keypt hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. og Nesco-Laugavegi hf., samtals að nafnverði 7.000.000 kr., og hafi hún greitt hlutabréf þessi að hluta með þremur skuldabréfum, einu að fjárhæð 1.683.208,00 kr. og tveimur, hvoru um sig að fjárhæð 800.000,00 krónur.

Greind skuldabréf keypti Iðnaðarbanki Íslands hf., og gekk hluti andvirðis þeirra, 2.840.000,00 kr., til greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við bankann, en skuld þessi var vegna vanefnda á skuldabréfi, sem Nesco-framleiðslufélag hf. hafði gefið út til greiðslu á hlutafjárloforði sínu. Fyrrgreint skuldabréf hafði verið selt Iðnaðarbanka Íslands hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf.

Ekki fer því milli mála, að eitt meginmarkmið framangreindra gerninga hefur m. a. verið greiðsla skuldar þrotabús Nesco-framleiðslufélags hf. við Nesco-Kringluna hf. Verður því ekki fram hjá því horft, að hlutabréf í eigu þrotabúsins hafi horfið úr búinu til greiðslu á tilteknum skuldum þess við Nesco-Kringluna hf. Breytir hér engu um, að þrotabúið hafi ekki getað staðið skil á greiðslum vegna hlutafjárloforða til Nesco-Kringlunnar hf., þar sem vanefndir á þeim greiðslum svipti þrotabúið ekki eignarrétti á umræddum hlutabréfum. Í því sambandi má benda á, að í tilkynningum til Hlutafélagaskrár, dagsettum 7. og 21. júlí 1987, er tekið fram, að allt hlutaféð sé greitt í peningum.

Verður því næst að líta til þess, hvort greiðsla þessi hafi verið riftanleg á grundvelli 1. tl. 54. gr. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 62.

og 63. gr. sömu laga, svo sem stefnandi heldur fram, en í stefnu segir m. a.: „Á því er byggt, að báðum stefndu hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., þegar greiðsla þess á skuldinni við Iðnaðarbankann hf. fór fram. Skuldin var greidd með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, og telst það óvenjulegur greiðslueyrir úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., sbr. 54. gr. 1. nr. 6/1978", og einnig: „Krafan á hendur Nesco-Kringlunni hf. er reist á því, að það félag losnaði úr sjálfskuldarábyrgð gagnvart bankanum við greiðslu Nesco-framleiðslufélags hf. til bankans."

Úrlausnarefnið snýr þess vegna að því, hvort greiðsla umræddra skuldabréfs með andvirði hlutabréfa búsins geri kleifa riftun greiðslunnar samkvæmt 1. tl. 54. gr. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þ. e. a. s., hvort slík riftun sé möguleg, vegna þess að skuldabréf hins gjaldþrota félags við Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi verið greitt með andvirði þriggja skuldabréfa, sem verið höfðu endurgjald fyrir hlutabréf þau, er áður voru eign félagsins.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er heimiluð riftun á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, m. a., ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Er regla þessi hlutlæg riftunarregla. Ljóst er, að um er að ræða greiðslu skuldar, sem var til komin, áður en sala á umræddum hlutabréfum til Elínar G. Bieltvedt fór fram. Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. á hendur Nesco-framleiðslufélagi hf., sem Nesco-Kringlan hf. greiddi, var efnislega peningakrafa. Greiðsla kröfunnar fór nánar fram með þeim hætti, að bankinn keypti umrædd þrjú skuldabréf 28. og 29. október 1987 og lagði andvirði þeirra, 3.247.860,70 kr., inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. við bankann, nr. 566, en síðan, 30. október 1987, var reikningurinn skuldfærður til innlausnar áðurgreinds skuldabréfs með 2.840.000,00 krónum. Því má segja, að greiðslan hafi farið fram í peningum, en ekki með skuldabréfum. Ekki var því beinlínis um að ræða greiðslu á umræddri kröfu Iðnaðarbanka Íslands hf. með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, þótt játa verði, að andvirði bréfanna, eftir að það hafði verið lagt inn á reikning félagsins, hafi verið notað til greiðslu hennar. Greiðsla skuldarinnar af reikningi, ef litið er á hana eina sér, þ. e. án tillits til uppruna hennar, verður því ekki í þessu sambandi eftir atvikum talin greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri.

Deilt er m. a. um það í málinu, hvort greiðsla á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf., að fjárhæð 2.840.000 kr., þ. e. uppgreiðsla á skuldabréfi hins gjaldþrota félags, hafi verið greiðsla á kröfu þess með fjármunum, sem úr búinu hafi komið, eins og stefnandi heldur fram, eða að eingöngu hafi verið um að ræða greiðslu vegna sjálfskuldar-

ábyrgðar Nesco-Kringlunnar hf. á því sama skuldabréfi, eins og stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. staðhæfir. Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. heldur því fram, að Nesco-Kringlan hf. hafi greitt umrætt skuldabréf, vegna þess að félagið var krafið um greiðslu vegna ábyrgðarframsals félagsins, en Iðnaðarbankinn átti vegna ábyrgðarinnar beina kröfu á félagið um greiðslu skuldarinnar.

Það er skoðun dómsins, að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi getað skoðað greiðslu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., sem greiðslu vegna sjálfskuldarábyrgðar þess félags. Vegna vanskila aðalskuldara bréfsins verði að telja eðlilegt, að bankinn krefðist greiðslu ábyrgðarskuldarinnar, enda keypti bankinn bréfið upphaflega af Nesco-Kringlunni hf. með ábyrgðarframsali, en ekki Nesco-framleiðslufélagi hf. Sé því vafasamt að fullyrða um sérstakan hag bankans af greiðslu þessari. Sé litið til þess, almennra viðskiptabréfasjónarmiða og framangreinds greiðsluháttar á greiðslu skuldar hins gjaldþrota félags, verður eftir atvikum að telja, að riftunarskilyrðum 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé ekki til að dreifa.

Þar sem Iðnaðarbanki Íslands hf. gat skoðað greiðslu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., sem greiðslu vegna sjálfskuldarábyrgðar þess félags og sé litið áður reifaðra sjónarmiða, telur dómurinn einnig, að um riftunarskilyrði 61. gr. gjaldþrotalaga sé ekki að ræða gagnvart bankanum, enda verði þessi ráðstöfun ekki talin ótilhlýðileg frá hans hendi.

Með tilvísun til þessa verður þegar af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, ekki fallist á heimild stefnanda til riftunar umræddrar skuldar til Iðnaðarbanka Íslands.

Skal því næst vikið að endurgreiðslukröfu stefnanda.

9.0.

Með skírskotun til þess, að ekki verður fallist á, að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., svo sem fyrsta stefnukrafa málsins hljóðar á, verður ekki fallist á, að Iðnaðarbanki Íslands hf. endurgreiði stefnanda þá fjárhæð, sem tiltekin er í næstu stefnukröfu, þ. e. 2.840.600,00 kr. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber því að sýkna stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. af þessari endurgreiðslukröfu stefnanda.

Á hinn bóginn þykir mega taka til greina endurgreiðslukröfu stefnanda gagnvart Nesco-Kringlunni hf., og vísast í því efni til niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 20634/1988: Þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. gegn Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt og Nesco-Kringlunni hf., sem upp var kveðinn 8. mars 1989. Í niðurstöðu þess dóms var fallist á riftun skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. til stefnda Nesco-Kringlunnar

hf., að fjárhæð 3.283.208,00 kr., samkvæmt reikningsskilum aðila, dagsettum 30. október 1987, en greiðslan fór fram með yfirtöku stefndu Elínar á skuldinni. Þar sem með dómi þessum var rift greiðsla skuldar, sem m. a. var einnig greidd með þeim sömu skuldabréfum og Iðnaðarbanki Íslands hf. keypti samkvæmt gögnum þessa máls, þykir mega fallast á, að stefnandi eigi endurgreiðslukröfu á hendur stefnda Nesco-Kringlunni hf. Í því sambandi þykir ekki nauðsynlegt, að Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt sé aðili að máli því, er hér er dæmt.

Rétt er því að víkja að þeirri varakröfu stefnda Nesco-Kringlunnar hf., að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til að afhenda stefnanda hlutabréf í Nesco-Kringlunni hf., að fjárhæð 2.840.600,00 kr., gegn greiðslu sömu fjárhæðar auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. október 1987 til greiðsludags. Með stoð í 64. gr. gjaldþrotalaga er báðum málsaðilum heimilt að krefjast þess, að greiðslum skuli skila í þeim mæli, sem þær eru ennþá til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta, en verðrýrnun þeirra verði þá jöfnuð með peningagreiðslum.

Niðurstaða dóms þessa um riftun liggur ekki fyrir fyrr en löngu eftir, að ráðstöfun var gerð. Ekki hefur verið lagt fram neitt greiðslutilboð af hálfu stefnda vegna mögulegrar verðmætisrýrnunar umræddra hlutabréfa. Mat á verðmætisrýrnun gæti verið mjög umdeilanlegt, og engin gögn hafa verið lögð fram af aðilum um það, hvort um verðmætisrýrnun sé að ræða eða hver hún hafi getað verið frá umræddri ráðstöfun til þessa dags. Í dóminum verða að vera forsendur til að meta bréfin. Í þessu tilviki verður að telja gögn um þetta atriði forsendu þess, að ákvæðinu verði beitt. Verður því ekki fallist á þessa varakröfu stefnda.

Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína m. a. á 62. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Svo sem rakið er í áðurgreindum dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 8. mars 1989 í málinu nr. 20634/1988: Þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. gegn Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt og Nesco-Kringlunni hf., verður að telja rétt, að stefndi Nesco-Kringlan hf. sem viðtakandi greiðslunnar greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, auk vaxta, enda verður að telja, að tjón búsins nemi þeirri sömu fjárhæð. Telur dómurinn, að verð það, sem notað var af aðilum í viðskiptum þeirra, sé tjónsverðið, enda var um að ræða samninga um verðmæti hlutabréfanna á þessum tíma. Með því að endurgreiðslukrafa stefnanda samkvæmt 62. gr. laganna er þannig að

fullu tekin til greina gagnvart stefnda Nesco-Kringlunni hf., kemur endurgreiðslukrafa hans samkvæmt 63. gr. laganna ekki til álita.

Fallast verður á það með stefnanda, að krafan beri vexti frá dagsetningu greindra reikningsskila. Enn fremur verður að fallast á vaxtahæð, enda hafa stefndu ekki mótmælt vaxtakröfu stefnanda sérstaklega.

Samkvæmt úrslitum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Lögmaður stefnanda var Gestur Jónsson hrl., lögmaður stefnda Nesco-Kringlunnar hf. var Helgi V. Jónsson hrl. og lögmaður stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. var Steingrímur Eiríksson hdl.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi Nesco-Kringlan hf. greiði stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 2.840.600,00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 30. október 1988.

Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 338/1991. **Úlfar Sæmundsson**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Hitaveitu Siglufjarðar
(Kjartan Ragnars hrl.).

Áskorunarmál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi hefur með stefnu 9. ágúst 1991 áfrýjað til Hæstaréttar áritun á áskorunarstefnu, dagsetta 16. maí 1991. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu áritunar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Með áskorunarstefnu 19. apríl 1991 höfðaði stefndi mál gegn áfrýjanda til greiðslu á skuld, að fjárhæð 167.528 krónur, auk dráttarvaxta frá 1. janúar 1990 til greiðsludags og málskostnaðar.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnunni, að skuldin sé vegna kaupa áfrýjanda á heitu vatni af stefnda til nota í húsinu Hvanneyrarbraut 17, Siglufirði, á tímabilinu desember-janúar 1987 til ágúst-september 1990. Um sundurliðun skuldarinnar er vísað til skuldaryfirlits, sem lagt var fram í málinu.

Í upphafi stefnunnar segir, að málið sé höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en í niðurlagi hennar, að það verði þingfest á bæjarþingi Siglufjarðar, sem haldið verði á skrifstofu bæjarfógeta að Gránugötu 4-6 miðvikudaginn 15. maí 1991 kl. 14.00. Við þingfestingu var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málið því tekið til áritunar. Hinn 16. maí var málinu lokið með svofelldri áritun Erlings Óskarssonar bæjarfógeta á áskorunarstefnuna:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 39.431.- í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þess-

arar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

Áfrýjandi áskildi sér ekki í áfrýjunarstefnu að „bera fram kröfur ... umfram það, sem hann bar fram í héraði ...", sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Þegar af þeirri ástæðu er ekki lagaheimild fyrir því, að um kröfur hans verði fjallað. Við svo búið kemur aðeins til álita, hvort lagarök hafi staðið til þess, er áskorunarstefnan var tekin til áritunar, að vísa bæri málinu sjálfkrafa frá dómi.

Þrátt fyrir galla þann á áskorunarstefnunni, sem að framan er lýst, gat það ekki dulist áfrýjanda, að málið var höfðað til þingfestingar á bæjarþingi Siglufjarðar. Galli þessi var því ekki næg ástæða fyrir frávísun málsins frá héraðsdómi.

II.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244/1977 er hitaveitan eign Siglufjarðarkaupstaðar og rekin í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar húsa á Siglufirði. Samkvæmt 9. gr. gjaldskrár fyrir hitaveituna nr. 376/1988 má taka öll gjöld samkvæmt henni lögtaki á kostnað gjaldenda. Lögtaksréttur þessi á stoð í 79. gr. orkulaga nr. 58/1967. Í 10. gr. gjaldskrárinnar er hitaveitunni áskilinn réttur til að loka aðrennsli vatns að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, sbr. áðurnefnda grein orkulaga.

Samkvæmt framansögðu er krafa stefnda gjald fyrir opinbera þjónustu og verður því ekki talin peningaskuld, sem stafi af lausafjárkaupum, eins og áskilið er í 1. mgr. 222. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Þá er krafa af þessum toga spunnin ekki heldur meðal þeirra fjárkrafna, sem taldar eru upp í 2. mgr. 222. gr. Af þessu leiðir, að lagaskilyrði skorti fyrir höfðun áskorunarmáls samkvæmt XX. kafla laga nr. 85/1936 til heimtu kröfunnar. Héraðsdómari átti af þessari ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hina áfrýjuðu áritun ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun á að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 5. mars 1993.

Nr. 93/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Hafsteini Sveinbirni Péturssyni.

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1993, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Guðmundar L. Jóhannessonar héraðsdómara frá 16. febrúar 1993 um, að hann víki sæti í málinu.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Af hálfu varnaraðila er ekki skilað greinargerð.

Með dómi Hæstaréttar 22. janúar 1993 var dómur héraðsdómarans frá 29. september 1992 úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist þessi niðurstaða á nánar tilgreindum annmörkum á gagnafærslu fyrir dómi eftir ákæru í málinu. Dómarinn átti engan þátt í rannsókn málsins fyrir ákæru. Hæstiréttur hefur mælt fyrir um, að nýrra gagna sé aflað í héraðsdómi og nýr dómur kveðinn upp að því búnu meðal annars á grundvelli þeirra. Fyrri efnisúrlausn dómarans gerir hann ekki vanhæfan í málinu. Ber því að hrinda hinum kærða úrskurði og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisdóms og dómsálagningar.

Dómsorð:

Hinum kærða úrskurði er hrundið og lagt fyrir Guðmund L. Jóhannesson héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. febrúar 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðdómara, kveðinn upp úrskurður í sakamálinu nr. 905/1992: Ákæruvaldið gegn Hafsteini Sveinbirni Péturssyni.

Þá er mál þetta var tekið fyrir hér í réttinum 10. febrúar sl. til að fjalla um tilhögun dómsrannsóknar þeirrar, sem mælt var fyrir í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 405/1992, gerði verjandi ákærða, Kristján Stefánsson hrl., kröfu um, að dómarinn í málinu viki sæti í því, þar sem hann hefði lýst afstöðu sinni til sakarmats. Kröfu sinni til stuðnings vísar hann í 5. gr., g-lið, laga nr. 91/1991 um hæfisskilyrði dómara.

Saksóknari mótmælti kröfu verjanda og benti á áralanga venju um, að sami dómari og áður færi með mál, þegar máli er heimvísað, eins og hér hafi gerst. Hann vakti athygli á, að í greinargerð um áðurnefnda 5. gr. eml. sé sérstaklega tekið fram, að ekki sé ætlast til, að þessi g-liður verði talinn fela í sér breytingu frá eldri lögum, en nauðsynlegt hefði verið að geta þess í II. kafla laga nr. 19/1991, ef breytingu hafi átt að gera á réttarframkvæmd, og hefði þá átt að kveða á um það í 6. gr. þeirra laga.

— — —

Þegar litið er til þess, að málsmeðferð fyrir dómi skal að meginstefnu vera millilíðalaus, verður að telja heppilegt, að sami dómari og kvað upp fyrri dóm í málinu haldi áfram með það og kveði svo aftur upp í því dóm að lokinni framhaldsrannsókn, og eru ýmis dómafordæmi um, að álíka mál hafi hlotið þá meðferð.

Hér er þó um sakamál að ræða, og verður ekki litið fram hjá því, að í nýlegum dómum Hæstaréttar, þar sem vísað er til 6. gr., 1. mgr., Mannréttindasáttmála Evrópu, eru mótaðar strangari reglur um það, hvenær telja beri dómara vanhæfan vegna hættu á, að hann fái ekki litið af óhlutdrægni á mál. Sérstaklega skal hér vísað til tveggja dóma Hæstaréttar frá 1990, þ. e. dóms Hrd. LXI,2 og Hrd. LXI,1151, en í síðari dóminum kemur skýrt fram, að hafi dómari tekið skýrslu af sakborningi fyrir dómi og svo boðið honum að ljúka máli með dómsátt, sem hann hafnar, verði dómarinn vanhæfur til að fara með málið eftir útgáfu ákæru, sérstaklega ef vafi er í málinu eða ákæruði hefur við dómsrannsóknina neitað sök.

Einnig þykir verða að hafa hliðsjón af vanhæfisreglu þeirri, sem fram kemur í 6. gr. laga nr. 19/1991, en þar kemur fram, að hafi dómari með úrskurði um gæsluvarðhald tekið afstöðu til hugsanlegrar refsingar vegna brots, sem maður er sterklega grunaður um, verði hann vanhæfur til að fara með mál út af því broti eftir útgáfu ákæru, og verður að skýra g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 með tilliti til þessarar reglu.

Að öllum þessum atriðum virtum er það álit dómarans í málinu, að með því að taka afstöðu til sakar og refsiákvörðunar í málinu megi telja vissa hættu á því, að hann fái ekki metið málið á síðara stigi alls óháð fyrri afstöðu og því beri honum með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 5. gr., g-lið, laga nr. 91/1991, að víkja sæti í því.

Ályktarorð:

Dómari í máli þessu, Guðmundur L. Jóhannesson, víkur sæti í því.

Föstudaginn 5. mars 1993.

Nr. 77/1993. **Halldór Þ. Birgisson**
gegn
Sigmundi Böðvarssyni.

Kærumál. Úrskurður stjórnar LMFÍ. Málflutningsmaður. Áminning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1993, er barst réttinum 15. febrúar 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. janúar 1993 verði úr gildi felldur, að því er varðar niðurstöðu hans um áminningu á hendur sóknaraðila og sóknaraðili þannig sýknaður af kæru um brot gagnvart varnaraðila á siðareglum Lögmannafélags Íslands. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. janúar 1993.

Í bréfi, dags. 11. júní 1992, óskaði Halldór Þ. Birgisson hdl. eftir því, að stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðaði í ágreiningsmáli sínu og Sigmundar Böðvarssonar hdl., en ágreiningurinn fjallar um, hvort síðarnefndi lögmaðurinn hafi brotið gegn 2. mgr. 8. gr. siðareglna LMFÍ. Óskaði Halldór Þ. Birgisson hdl. (HÞB) eftir því, að erindið yrði afgreitt með hliðsjón af 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ.

Sigmundur Böðvarsson hdl. (SB) tjáði sig um erindi HÞB með bréfi, dags. 24. júní 1992. Í tilefni bréfs þessa beindi stjórn LMFÍ þeim tilmælum til SB, að hann frestaði öllum frekari aðgerðum gagnvart HÞB, þar til

stjórnin hefði tekið afstöðu til erindisins, og var í því sambandi vísað til 29. gr. siðareglna LMFÍ.

SB óskaði eftir því við stjórn LMFÍ í bréfi, dags. 26. júní 1992, að ekki yrði tekin afstaða til málsins, fyrr en hann hefði skilað inn greinargerð í málinu, og barst hún síðan í bréfi, dags. 6. október 1992. HÞB tilkynnti í símtali við framkvæmdastjóra LMFÍ 14. október 1992, að hann hygðist ekki senda inn frekari greinargerð í málinu, en hann hafði þá fengið afrit af bréfi SB.

Málavextir.

Í máli nr. 2196/1992 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem SB höfðaði gegn Sigurði Erni Gíslasyni, tók HÞB til varna f. h. stefnda. Í greinargerð, er HÞB lagði fram f. h. stefnda, voru viðhöfð ummæli, er SB taldi ærumeiðandi fyrir sig. Taldi hann HÞB bera ábyrgð á ummælunum, en greinargerðin var undirrituð af HÞB vegna stefnda. Af því tilefni ritaði hann HÞB bréf, dags. 4. júní 1992, og tilgreindi þar þau ummæli í greinargerðinni, sem hann taldi ærumeiðandi og jafnframt refsiverð skv. XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sérstaklega 234. og 235. gr. laganna. Með vísun til 264. gr. laganna bauð hann HÞB að bæta fyrir ummælin með greiðslu á 500.000,00 kr. eða annarri lægri fjárhæð til sín samkvæmt samkomulagi innan viku frá dagsetningu bréfsins. Ella yrði HÞB stefnt til greiðslu bóta, og yrði málið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur í júní 1992.

HÞB svaraði bréfi SB með bréfi, dags. 11. júní 1992, og vísaði þar fjárkröfunni algerlega á bug. Jafnframt kvað hann það fráleitt, að hægt væri að eigna sér persónulega ummæli í greinargerð umbjóðanda síns, sem undirrituð væri af sér f. h. umbjóðanda síns samkvæmt lögmannsumboði sínu. Sama dag ritaði HÞB stjórn LMFÍ bréf það, sem getið er framar í úrskurði þessum, og óskaði úrskurðar skv. 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ um það, hvort SB hefði brotið 2. mgr. 8. gr. siðareglnanna með því að samkenna sig hagsmunum umbjóðanda síns. Tók HÞB jafnframt fram, að ummælin í greinargerð Sigurðar Arnar Gíslasonar væru á hans ábyrgð, en ekki sína.

Þau ummæli í greinargerð stefnda, sem SB taldi ærumeiðandi fyrir sig, voru eftirfarandi:

„Stefndi telur ljóst, að stefnandi sé einn eða í samstarfi við Bústað sf. *að reyna að hafa út úr sér fé á ólögmætan hátt* með innheimtu víxilsins .....". Enn fremur: „... mun stefndi neyðast til að leggja fram kæru vegna *meintrar refsiverðrar ráðstöfunar víxilsins og tilraunar til ólögmætrar auðgunar með nýtingu víxileyðublaðsins* .....". Leturbreytingar eru eins og þær koma fyrir í bréfi SB til HÞB, dags. 4. júní 1992.

Í greinargerð SB, dags. 6. október 1992, krafðist hann þess með vísan

til 23. og 28. gr. siðareglna LMFÍ, sbr. 5. mgr. 40. gr. reglnanna og 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, að HÞB yrði gert að greiða sekt í styrktarsjóð LMFÍ vegna þeirrar óvirðingar, sem HÞB hefði sýnt sér í greinargerðinni í bæjarþingsmálinu. Vakti hann sérstaka athygli á því, að HÞB hefði hótað sér kæru, félli hann ekki frá kröfugerð sinni eða takmarkaði hana við rétta kröfu. Taldi SB þessa háttsemi brjóta gegn 28. gr. siðareglnanna.

Álit stjórnar LMFÍ:

Í máli þessu er óskað úrskurðar stjórnar LMFÍ á grundvelli 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ vegna meints brots á 2. mgr. 8. gr. siðareglnanna, en í þeirri málsgrein segir, að lögmanni beri að forðast að samkenna sig skjólstæðingi sínum, og jafnframt, að hann eigi kröfu til að vera ekki samkenndur þeim sjónarmiðum og hagsmunum, sem hann gætir fyrir skjólstæðing sinn. Þá hefur SB krafist þess, að HÞB verði gert að greiða sekt til styrktarsjóðs LMFÍ vegna meintra brota á 23. og 28. gr. siðareglnanna. Verður hér á eftir fjallað um hvort ágreiningsefni fyrir sig.

1. Að mati stjórnar LMFÍ felst í ákvæði 2. mgr. 8. gr. siðareglnanna sú hugsun, að lögmaður verði ekki samkenndur þeim sjónarmiðum skjólstæðings, sem málatilbúnaður hans byggist á, þ. e. efnislegum rökum og málsástæðum skjólstæðingsins. Lögmaðurinn er umboðsmaður skjólstæðings síns og lögfræðilegur ráðgjafi. Sem slíkur starfar hann sjálfstætt og er óháður hagsmunum skjólstæðingsins. Honum ber að haga starfi sínu með þeim hætti, að það sé innan marka umboðsins. Fari lögmaðurinn út fyrir umboðið, getur það bakað honum bótaábyrgð gagnvart skjólstæðingi, gagnaðila eða þriðja manni og jafnvel refsiábyrgð. Gildir þetta jafnt um málflutningsumboð sem umboð vegna annars konar lögmannsstarfa.

Í bréfi SB til HÞB, dags. 4. júní 1992, kemur fram, að SB telur hin tilvitnuðu ummæli í greinargerðinni á ábyrgð HÞB. Þá segir í bréfinu:

„Í hinum tilvitnuðu ummælum yðar í greinargerð haldið þér fram, að ég undirritaður sé að reyna að hafa fé af umbjóðanda yðar á ólögmætan hátt, og enn fremur, að ég undirritaður sé að gera tilraun til að auðgast ólöglega með því að stefna umbjóðanda yðar til greiðslu víxilsins.

Ég tel hin tilvitnuðu [ummæli] ærumeiðandi fyrir mig og refsiverð samkvæmt XXV. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og vísa þar sérstaklega til 234. og 235. gr. laganna."

Í framhaldi af þessu krefst SB síðan bóta úr hendi HÞB með tilvísun í 264. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framangreindu virðist SB umfram allt telja HÞB bóta- og refsiábyrgan fyrir meint ærumeiðandi ummæli í greinargerðinni, en ekki er að sjá, að hann telji HÞB hafa gert hagsmuni og sjónarmið skjólstæð-

ingsins að sínum. Að mati stjórnar LMFÍ er því ekki unnt að fallast á það með HÞB, að SB hafi samkennt hann hagsmunum og sjónarmiðum skjólstæðingsins.

2. Seinna ágreiningsefnið fjallar um, hvort HÞB hafi gerst brotlegur við 23. og 28. gr. siðareglna LMFÍ vegna ofangreindra ummæla í greinargerðinni. Í 23. gr. siðareglnanna er kveðið á um það, að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu, og jafnframt, að þeir skuli sýna hver öðrum þá tillitssemi, sem samrýmanleg sé hagsmunum skjólstæðings. Í 28. gr. siðareglnanna er kveðið á um það, að lögmaður megi ekki hóta lögmanni gagnaðila kæru eða lögsókn í því skyni að fá hann til að afhafast eitthvað eða láta eitthvað ógert í máli gagnaðila.

Bæjarþingsmál það, þar sem greinargerð HÞB fyrir hönd stefnda var lögð fram, fjallar um innheimtu á kröfu skv. tryggingarvíxli, sem stefnandi (SB) hafði eignast með eyðuframsali. Víxillinn hafði verið settur til tryggingar á hugsanlegum vanefndum húsaleigusamnings stefnda og Bústaðar sf. SB hafði, rétt áður en hann eignaðist víxilinn, reynt að innheimta ætlaða húsaleiguskuld stefnda við Bústað sf., og var í innheimtubréfi hans, dags. 14. janúar 1992, m. a. vísað til tryggingarvíxilsins. Í bréfi hans til stefnda, dags. 24. janúar 1992, reyndi hann hins vegar að innheimta kröfu skv. tryggingarvíxlinum sjálfum og fylgdi því eftir með stefnu, út gefinni 12. febrúar 1992, þar sem fram kemur, að hann er orðinn eigandi víxilsins.

Málið var rekið sem venjulegt víxilmál, og tók HÞB til varna fyrir hönd stefnda. Títtnefnd greinargerð stefnda var lögð fram í bæjarþingi Reykjavíkur 31. mars 1992 og raktar þar málsástæður og lagarök til stuðnings sýknukröfu. Auk þess voru í greinargerðinni viðhöfð þau ummæli, sem að ofan greinir og SB telur bótaskyld og refsiverð og brot á siðareglum LMFÍ.

Stjórn LMFÍ telur, að ummælin í greinargerðinni hafi verið óþörf og að þau séu aðfinnsluverð. Halldór Þ. Birgisson hdl. telst með þeim hafa brotið gegn ákvæðum siðareglna LMFÍ, einkum ákvæðum 23. og 28. gr. reglnanna. Ber að veita Halldóri Þ. Birgissyni hdl. áminningu af þessu tilefni.

Úrskurðarorð:

Sigmundur Böðvarsson hdl. telst ekki hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. siðareglna LMFÍ.

Halldór Þ. Birgisson hdl. sæti áminningu.

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 112/1991. **Stálskip hf.**

gegn

þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 18. desember 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. apríl 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1991. Hefur hann síðan fengið frest á málinu tíu sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til aprílmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá hefur og verið krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Stálskip hf., greiði stefnda, þrotabúi Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 211/1991. **Eyjólfur Bjarnason,**
Konráð Eyjólfsson,
Örlygur Bjarnason,
Ægir Bjarnason og
Eyjólfur Eyjólfsson
persónulega og f.h. Túrbó sf.
gegn
Stillingu hf.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1991. Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 2. október 1991, og fengu áfrýjendur þá frest til febrúar 1992. Hafa þeir síðan fengið frest í málinu sex sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskuðu áfrýjendur enn eftir fresti til aprílmánaðar. Af hálfu stefnda var frestbeiðninni mótmælt.

Hæstarétti hafa ekki borist dómsgerðir, ágrip og greinargerðir í máli þessu. Með bréfi lögmanns áfrýjenda 1. mars sl. var fallið frá kröfu um frekari frest í málinu. Samkvæmt því ber að fella mál þetta niður.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Mánudaginn 8. mars 1993.

Nr. 120/1992. **Húsgagnahöllin hf.**

gegn

Lúðvík Jónssyni.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. mars 1992. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til október sama ár. Hefur hann síðan fengið frest á málinu fjórum sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. mars 1993. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til aprílmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 10. mars 1993.

Nr. 100/1993. **Eggert Þór Sveinbjörnsson**
gegn
Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Húsaleiga. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 26. febrúar 1993. Kæran barst Hæstarétti 4. mars 1993. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og hæfilegs kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar með eða án breytinga og kærumálskostnaðar.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, fékk sóknaraðili margar greiðsluáskoranir frá varnaraðila. Greiðsluáskorun varnaraðila, dagsett 10. desember 1992, þar sem tekið var fram, að húsaleigusamningnum yrði rift, væri leiguskuldin ekki greidd innan 7 daga, var birt sóknaraðila 17. sama mánaðar. Bréf um riftun, dagsett 6. janúar 1993, var birt sóknaraðila 14. sama mánaðar, en 5. janúar hafði sóknaraðila verið sent símskeyti um riftun. Varnaraðili heldur því þó fram, að símskeytið hafi borist of seint. Þá var aðfararbeiðni send Héraðsdómi Reykjavíkur 25. janúar 1993. Sóknaraðila mátti því vera alveg ljóst, að samningnum yrði rift vegna vanskila hans. Engu að síður stóð sóknaraðili ekki í skilum með greiðslu húsaleigunnar og skuldaði leigu í fjóra mánuði samfellt, þegar úrskurður héraðsdóms var kveðinn upp. Þótt ekki sé sannað í máli þessu, að varnaraðili hafi komið skilaboðum um riftun vegna leiguvanskila fyrir desember 1992 til sóknaraðila innan mánaðar, verður að fallast á það með héraðsdómara, að það hafi ekki úrslitaþýðingu í máli þessu. Sóknaraðili hefur ekki heldur greitt leigu fyrir janúar og febrúar 1993 og hefur því vanrækt leigjandaskyldur sínar í þeim mæli, að skilyrði útburðar eru fyrir hendi, sbr. 9. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Eggert Þór Sveinbjörnsson, greiði varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 15. febrúar 1993, var tekið til úrskurðar 17. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Búnaðarbanki Íslands, kt. 530783-0149, Hamraborg 9, Kópavogi, en gerðarþoli Eggert Þór Sveinbjörnsson, kt. 230555-5599, Helgalandi 9, Mosfellsbæ.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að gerðarþoli ásamt öllu, sem honum til heyrir, verði borinn út úr húsinu Helgalandi 9, Mosfellsbæ, með beinni aðfarargerð. Þá krefst hann og málskostnaðar að mati dómsins auk þess, að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að gerðarbeiðandi eignaðist framangreinda húseign eftir nauðungaruppboð á eigninni. Fyrir uppboðið átti gerðarþoli eignina. Hinn 14. september sl. gerðu aðilar með sér tímabundinn leigusamning, þar sem m. a. var kveðið á um, að leigutaki greiddi fyrir tímabilið 1. október 1992 til 1. júlí 1993, sem er lok leigutímans samkvæmt samningnum, 60.000,00 kr. á mánuði með breytingum, sem tækju mið af vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, eins og hún yrði ákvörðuð af Hafstofu Íslands. Húsaleiguna skyldi greiða fyrir fram 5. hvers mánaðar hjá lögmanni gerðarbeiðanda. Gerðarþoli greiddi húsaleigu fyrir októbermánuð, en síðan ekki meir.

III.

Gerðarbeiðandi reisir kröfur sínar á því, að gerðarþoli hafi vanefnt húsaleigusamninginn með stórfelldum hætti. Í fyrsta lagi hafi hann ekki greitt húsaleigu í fjóra mánuði, og í öðru lagi hafi hann ekki staðið við ákvæði 9. gr. samningsins um að heimila leigusala að sýna húsnæðið í tengslum við sölu þess annan hvern sunnudag milli kl. 13.00 til 19.00.

Gerðarþoli byggir varnir sínar á því, að ekki hafi réttilega verið staðið að riftun leigumálans og engin gögn liggi fyrir í málinu um, að gerðarþoli hafi ekki staðið við ákvæði 9. gr. leigumálans, gegn neitun hans.

Gerðarþoli telur, að greiðsluáskorun hafi ekki verið nægilega skýrt orðuð um, hvaða fjárhæð ætti að inna af hendi til að koma í veg fyrir riftun, og þá hafi gerðarbeiðandi ekki náð að rifta leigumálanum innan mánaðar frá birtingu greiðsluáskorunar, sem sé skilyrði þess, að leigusali eigi rétt á að rifta leigumála skv. ákvæðum 1. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979, sbr. 22. gr. sömu laga, en gjalddagi leigu sé 5. hvers mánaðar skv. leigumála, og bréf gerðarbeiðanda um riftun, sem byggði á vanskilum leigugreiðslu í desember, hafi ekki verið birt gerðarþola fyrr en 14. janúar 1993.

Gerðarbeiðandi telur, að gerðarþola hafi mátt vera alveg ljóst, að húsaleigusamningnum yrði rift vegna vanefnda hans, þar sem hann hafi fengið margar greiðsluáskoranir, bæði munnlegar og skriflegar. Hann telur, að greiðsluáskorun sín, sem dagsett er 10. desember 1992, en birt gerðarþola skv. birtingarvottorði 17. sama mánaðar, og bréf um riftun, sem dagsett er 6. janúar 1993, en birt gerðarþola 14. sama mánaðar skv. birtingarvottorði, fullnægi þeim lagaskilyrðum, sem hér um ræðir, auk þess sem allt eins mætti virða aðrar greiðsluáskoranir og riftunargerninga gerðarbeiðanda, sbr. fram lögð skjöl gerðarbeiðanda í þessu máli. Gerðarbeiðandi bendir á, að með greiðsluáskorun sinni hafi fylgt sundurliðun kröfuupphæðar, þar sem hver mánaðargreiðsla sé tilgreind.

IV.

Fallist er á það með gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi verulega vanefnt leigusamninginn um greiðslu á leigufjárhæð, svo að honum hafi verið heimil riftun af þeim sökum. Þá verður að telja, að það hafi ekki úrslitaþýðingu í þessu máli, að gerðarbeiðandi kom ekki skilaboðum um riftun leigumála til gerðarþola innan mánaðar með sannanlegum hætti vegna leiguvanskila í desember sl., þar sem gerðarþoli greiddi ekki heldur leigugreiðslur fyrir janúar og febrúar, og þykir gerðarbeiðandi hafa haldið fram rétti sínum til laga án tafar með málsókn sinni. Ber því að taka kröfu gerðarbeiðanda um útburð til greina með vísun til ákvæða 9. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979.

Eftir þessum málalokum ber gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda 50.000,00 kr. í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Búnaðarbanka Íslands, að gerðarþoli, Eggert Þór Sveinbjörnsson, ásamt öllu, sem honum til heyrir, verði borinn út úr húsinu Helgalandi 9, Mosfellsbæ, með beinni aðfaragerð, er tekin til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000,00 kr. í málskostnað.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Miðvikudaginn 10. mars 1993.

Nr. 86/1993. **Krafttak hf.**

gegn

Óla Þ. Óskarssyni.

Kærumál. Gagnaöflun frá þriðja manni. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1993, sem móttekin var í réttinum 18. sama mánaðar. Kærð er eftirfarandi ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1993: „Dómurinn skýrir nú frá þeirri ákvörðun sinni, að umrædd gögn, sem lýst hefur verið, að séu í 2-3 möppum, verði lögð fyrir dóminn skv. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991."

Sóknaraðili krefst þess, að hinni kærðu ákvörðun verði hrundið og dæmt verði, að honum og/eða Landsvirkjun sé óskylt að leggja „umrædd gögn, sem lýst hefur verið, að séu í 2-3 möppum", fyrir dóminn samkvæmt 69. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þá krefst hann kærumálskostnaðar, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu Landsvirkjunar hefur því verið lýst yfir, að hún muni ekki fyrir sitt leyti kæra ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur.

Héraðsdómarinn í málinu, Friðgeir Björnsson dómstjóri, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Hann rekur þar, að tildrög ákvörðunarinnar hafi verið þau, að Landsvirkjun, sem ekki sé aðili málsins, hafi neitað varnaraðila um aðgang að gögnum, sem hann hafi talið geta haft þýðingu um sönnunarfærslu í málinu. Lögmaður varnaraðila hafi ekki talið sig geta lýst skjölunum nákvæmlega, þar sem hann hafi ekki séð þau, en hafi sagt þau að finna í 2-3 möppum í vörslum Landsvirkjunar. Verður að skilja athugasemd dómstjóra svo, að með ákvörðuninni sé ekki tekin afstaða til skyldu vörslumanns til að afhenda varnaraðila skjölin, heldur muni athugun

dómsins á skjölunum ráða því, hvort hann láti taka einhver eftirrit af hluta þeirra eða geri skýrslu um einhver þau atriði, sem koma fram í þeim.

Gegn andmælum sóknaraðila verður héraðsdómur að kveða upp úrskurð um skyldu Landsvirkjunar til að afhenda héraðsdómi skjölin í trúnaði og gegn þagnarskyldu. Slíkur úrskurður yrði þá kæranlegur til Hæstaréttar samkvæmt d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Fyrr en til þess kemur, verður það álitaefni ekki borið undir Hæstarétt. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 10. mars 1993.

Nr. 106/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

Hickmat Moustapha Baroudi.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1993, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um, að varnaraðila verði gert að sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Ákæruvaldið krefst þess með vísan til b-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur verði lagður á mál hans í Hæstarétti, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní næstkomandi.

Varnaraðili unir úrskurðinum og krefst þess, að hann verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um, að varnaraðili hafi ónáðað fyrrum sambýliskonu sína. Frásagnir af því ónæði voru kynntar héraðsdómara. Þykja ekki efni til að raska mati hans um gæsluvarðhaldskröfu ákæruvaldsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkisjóði, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun vegna kærumáls þessa til skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurbjörns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 1993.

Ár 1993, föstudaginn 5. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær var kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn Hickmat Moustapha Baroudi, þar sem hann var sakfelldur fyrir nauðgun og dæmdur í 18 mánaða fangelsi, en kærandi í málinu var fyrrum sambýliskona hans, X.

Dómþoli lýsti yfir því, er honum var birtur dómurinn, að hann óskaði eftir að áfrýja honum til Hæstaréttar Íslands í því skyni, að hann yrði úr gildi felldur.

Hinn 2. mars sl. kærði X dómþola til lögreglunnar í Reykjavík vegna meints ónæðis og hótana.

Í kjölfar kæru og dómsbirtingar óskaði ríkissaksóknari eftir því, að dómþola yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengi í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Til vara krafðist ríkissaksóknari þess, að dómþoli, sem hefur verið í farbanni, sætti því áfram, þar til dómur gengi í máli hans í Hæstarétti Íslands, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Ríkissaksóknari byggði kröfu sína á b-, c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærandi, X, kvað ónæðið felast í því, að dómþoli dveldist við heimili hennar, reyndi með öllum hætti að ná tali af henni. Enn fremur ónáðaði hann hana með símhringingum, þar sem hann spyrðist fyrir um hagi hennar. Kærandi kvað sambandi þeirra hafa lokið í október, hún væri nú í öðru sambandi, og dómþoli væri ósáttur við það.

Kærandi kvaðst óttast um hag sinn og barns síns, þar sem hún teldi dómþola til alls líklegan.

Dómþoli, Hickmat Moustapha Baroudi, kærði í máli þessu, viðurkenndi fyrir dómi, að hann hefði nú undanfarið oft dvalist í bifreið sinni í nágrenni við heimili X. Hann hefði enn fremur reynt að hafa samband við hana með því að fara á heimili hennar. Það hefði verið 19. febrúar og 1. mars sl., en þann dag hefði hann farið inn á heimili hennar gegn vilja hennar. Hún hefði hins vegar fallist á að koma með honum út í bíl, en þar hefðu þau rætt saman í góða stund. Hickmat ber, að hann hafi síðast talað við hana 3. mars sl., en það hafi verið að fyrirlagi Ómars Friðbergs. Þá hafi hann lofað að virða óskir hennar, en hún hafi lýst yfir, að hún vildi ekki tala við sig framar. Kærði kvað skýringuna á því, að hann hefði verið að reyna að hitta X, vera þá, að hann hefði viljað, að þau yrðu áfram vinir, hver sem niðurstaða dómsins yrði.

Dómboli var síðast úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði Héraðs-

dóms Reykjavíkur, upp kveðnum 27. janúar sl. Sá úrskurður var úr gildi felldur með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 3. febrúar sl. Þá var dómþola gert að sæta farbanni, sem rann út við uppkvaðningu héraðsdóms.

Dómþoli er atvinnulaus og hefur til skamms tíma verið heimilislaus, en hefur nú dvalarstað hjá vini sínum í Garðabæ.

Ljóst er, að dómþoli hefur valdið fyrrum sambýliskonu sinni ónæði, en eins og málið er vaxið, þykja eigi efni til, að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Hins vegar er fallist á varakröfu ríkissaksóknara, og skal dómþoli sæta farbanni á grundvelli 110. gr. laga nr. 19/1991, og er honum meinuð för af landinu, uns dómur gengur í máli hans í Hæstarétti Íslands, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara um gæsluvarðhald á hendur Hickmat Moustapha Baroudi er hafnað.

Dómþoli, kærði í máli þessu, Hickmat Moustapha Baroudi, skal sæta farbanni, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 95/1993. **Ólafur L. Baldursson**
gegn
Kristni Sigurjónssyni.

Kærumál. Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. febrúar 1993, er barst réttinum 1. mars 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. janúar 1993 verði hrundið og breytt á þá leið, að þóknun varnaraðila vegna starfa hans að flutningi á dómsmáli sóknaraðila gegn Vatnsleysustrandarhreppi á aukadómþingi Gullbringusýslu og fyrir Hæstarétti verði miðuð við fjárhæð þeirra skaðabóta, sem sóknaraðila voru dæmdar í málinu úr hendi hreppsins. Hann krefst og málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um efni málsins og sóknaraðila gert að greiða honum málskostnað fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og kærumálskostnað.

Eftir fram komnum upplýsingum í máli þessu eru ekki efni til þess að hnekkja mati stjórnar Lögmannafélags Íslands á þóknun varnaraðila fyrir verk hans í þágu sóknaraðila. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. janúar 1993.

Í bréfi, dags. 17. mars 1992, fór Ólafur Baldursson, Grettisgötu 61, Reykjavík (sóknaraðili), þess á leit við stjórn LMFÍ, að hún kvæði upp

úrskurð um þóknun til Kristins Sigurjónssonar hrl. (varnaraðila) vegna starfa hans að málflutningi í málinu: Ólafur Baldursson gegn Vatnsleysustrandarhreppi, en málið flutti lögmaðurinn bæði í héraði og fyrir Hæstarétti Íslands. Krafðist sóknaraðili þess, að þóknun varnaraðila yrði miðuð við tildæmda bótafjárhæð, 100.000,00 krónur.

Kallað var eftir greinargerð frá varnaraðila, og barst hún með bréfi, dags. 24. apríl 1992. Þar krafðist hann sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og gerði jafnframt þá kröfu, að ákvörðun gjaldskrárnefndar LMFÍ frá 19. nóvember 1991, þar sem nefndin ályktaði um hæfilega þóknun varnaraðila fyrir málflutningsstarfið, yrði staðfest. Enn fremur krafðist varnaraðili þess, að sér yrði tildæmdur málskostnaður ásamt dráttarvöxtum 15 dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar, svo og, að árlega yrðu reiknaðir vaxtavextir.

Málavextir og málsástæður.

Í mars árið 1988 lét Vatnsleysustrandarhreppur rífa hús sóknaraðila, sem stóð á jörð hans, Knarrarnesi II, sem sóknaraðili hafði keypt árið 1981. Var niðurrif hússins sagt vera liður í hreinsunarátaki hreppsins á svæðinu, enda væri húsið ónýtt og af því stafaði slysahætta vegna hugsanlegs foks. Sóknaraðili fól varnaraðila að höfða mál gegn hreppnum og krefjast skaðabóta vegna ólöglegs niðurrifs hússins. Fyrir héraðsdómi voru gerðar þær kröfur, að hreppurinn yrði dæmdur til að greiða sóknaraðila 1.350.000,00 kr. í bætur auk vaxta og málskostnaðar. Bótakrafan var sett fram í fimm liðum, og var krafist bóta fyrir áætlað verð nýs húss, 700.000,00 kr., áætlaðan kostnað við gerð nýs grunns og plötu, 350.000,00 kr., byggingarefni, timbur og járn, sem í húsinu var, er það var rifið, 45.000,00 kr., og áætlaðan kostnað við að fjarlægja steyptan grunn, húsplötu og lagfæringu lands, 85.000,00 kr. Þá var krafist ómaksbóta, 100.000,00 króna.

Héraðsdómur dæmdi sóknaraðila bætur úr hendi hreppsins, enda hafði ekki verið að mati dómsins sýnt fram á það, að svo brýn nauðsyn hafi verið á tafarlausu niðurrifi hússins, að það hafi verið heimilt án undangenginnar tilkynningar til hans. Þótti því hreppurinn bera bótaábyrgðina. Við ákvörðun bótanna taldi dómurinn, að ekki væri fært að meta húsið sem fasteign, enda hefði það verið byggt í óleyfi, og fullyrti dómurinn, að leyfi til að ljúka smíði hússins hefði ekki fengist, m. a. vegna þess, að undirstöður þess voru ófullnægjandi, sbr. gr. 7.1. byggingarreglugerðar nr. 292/1979. Mat dómsins var, að með hliðsjón af því, sem fram hefði komið um ástand hússins og þess efnis, sem í því var geymt, væru bætur hæfilegar 100.000,00 kr., og var þá vísað til liða 1 og 3 í dómkröfunum. Ekki þótti rétt að dæma bætur á grundvelli liða 2 og 4 í dómkröfunum með vísan til þess, að undirstaða hússins hefði verið ófullnægjandi, auk heimildarlausrar byggingar þess. Kröfuna um ómaksbætur þótti skorta lagastoð, og

var hreppurinn sýknaður af henni. Auk dæmdra bóta og vaxta var hreppurinn dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað, 55.000,00 krónur.

Sóknaraðili áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með svipuðum rökstuðningi, þ. e., að húsið hefði verið reist í heimildarleysi á sínum tíma og auk þess verið nánast einskis virði. Í Hæstarétti var málskostnaður látinn niður falla.

Varnaraðili leitaði til gjaldskrárnefndar LMFÍ 19. nóvember 1991 og óskaði eftir áliti nefndarinnar á pro forma reikningi, sem hann hafði gert vegna málflutningsstarfa í þágu sóknaraðila, en þar reiknaði hann sér í þóknun skv. gjaldskrá LMFÍ grunngjald og 15% af stefnufjárhæð, bæði fyrir málflutninginn í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 470.815,00 kr. Áður en gjaldskrárnefnd gaf álit sitt á reikningnum, spurði hún sóknar- og varnaraðila um það, hvernig stefnufjárhæðin í málinu hefði verið fengin og að frumkvæði hvers. Í svörum þeirra kom fram, að hvor um sig taldi hinn hafa ákveðið stefnufjárhæðina, og hvor þeirra taldi hinn hafa hafnað því að fá dómkvadda matsmenn til að meta tjónið. Álit gjaldskrárnefndar var það, að hæfileg þóknun til varnaraðila fyrir málflutninginn í héraði og fyrir Hæstarétti væri 268.315,00 kr. að frá töldum virðisaukaskatti.

Sóknaraðili sætti sig ekki við álit gjaldskrárnefndar og greinargerð varnaraðila frá 2. janúar 1992 um ráðstöfun bótanna inn á málskostnaðarreikninginn. Hann ritaði því stjórn LMFÍ bréf það, sem greint er frá hér að framan, og krafðist úrskurðar stjórnarinnar um málskostnaðarreikninginn.

Mál þetta hefur alls átta sinnum verið tekið fyrir hjá stjórn LMFÍ. Hinn 13. maí 1992 komu á fund stjórnarinnar sóknaraðili og Hákon Árnason hrl. fyrir hönd varnaraðila. Rædd var meðferð málsins fyrir stjórninni og lögð fram skjöl. Á fundum 3. júní og 10. júní 1992 voru enn lögð fram skjöl í málinu, auk þess sem reynt var að sætta aðila. Sættir tókust ekki, og var munnlegur málflutningur ákveðinn 16. september 1992. Ekki tókst að flytja málið þá vegna forfalla né 7. október, en 28. október fór fram munnlegur málflutningur. Áður en málflutningurinn hófst, gáfu aðilar skýrslu fyrir stjórn LMFÍ, auk þess sem frekari gögn voru lögð fram.

Við munnlegan flutning málsins krafðist sóknaraðili þess, að þóknun varnaraðila yrði miðuð við þá bótafjárhæð, sem sóknaraðila var dæmd með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 173/1989. Þá krafðist sóknaraðili málskostnaðar, er bæri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Varnaraðili krafðist þess, að staðfest yrði ákvörðun gjaldskrárnefndar LMFÍ frá 19. nóvember 1991 og að sóknaraðila yrði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

— — —

Álit stjórnar LMFÍ.

Um þóknun lögmanna fer eftir ýmsum reglum, þ. á m. lögum nr. 61/1942 um málflytjendur og gjaldskrá LMFÍ.

Í 2. mgr. 2. gr. laga um málflytjendur segir svo: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast."

Í mörgum greinum gjaldskrár LMFÍ eru ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að þóknun lögmanna miðist við þá hagsmuni, sem um er fjallað hverju sinni. Á þetta hagsmunamat sér stoð í ofangreindri 2. mgr. 2. gr. laga um málflytjendur.

Hlutverk gjaldskrár LMFÍ er að vera grundvöllur fyrir gjaldtöku lögmanna vegna starfa þeirra. Stjórn LMFÍ lítur svo á, að hafi ekki sérstaklega verið um annað samið, beri að leggja gjaldskrána til grundvallar við ákvörðun þóknunar lögmanns, enda sé þóknunin hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. málflytjendalaga.

Í ágreiningsmáli því, sem hér er til úrlausnar, er ágreiningslaust með aðilum, að ekki var sérstaklega rætt um þóknun varnaraðila vegna málflutningsstarfa hans, hvorki grundvöll þóknunarinnar né upphæð hennar. Að mati stjórnar LMFÍ ber því að leggja ákvæði b-liðar 1. töluliðar 5. gr. (málflutningur fyrir héraðsdómi) og 2. töluliðar 5. gr. (málflutningur fyrir Hæstarétti) þágildandi gjaldskrár LMFÍ til grundvallar við ákvörðun þóknunar varnaraðila, enda hefur því ekki verið haldið fram, að leggja ætti annars konar viðmiðun til grundvallar. Þannig telur stjórnin, að reikna eigi þóknunina út frá tilteknum hagsmunum í málinu.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum gjaldskrárinnar er málflutningsþóknun reiknuð sem ákveðið hlutfall af stefnufjárhæð í viðkomandi máli auk grunngjalds, þannig að eftir því sem stefnufjárhæðin er hærri, lækkar hlutfallstalan. Stjórn LMFÍ getur því ekki tekið undir þau sjónarmið sóknaraðila, sem áður hafa komið fram, að reikna eigi þóknunina einungis út frá dæmdum bótum.

Í bótamálinu gegn Vatnsleysustrandarhreppi virðist varnaraðili hafa gert ýtrustu kröfur um bætur fyrir hönd sóknaraðila. Slík vinnubrögð eru eðlileg í málum af þessu tagi, þegar svo mikil óvissa er um ætlað tjón tjónþola. Hins vegar getur stjórnin fallist á, að hæpið sé í máli þessu að reikna málflutningsþóknunina út frá stefnufjárhæð, sem fengin er með ýtrustu bótakröfum. Eðlilegra sé að miða þóknunina við fjárhæð, sem ætla má, að aðilar telji raunhæft, að fáist dæmd.

Í aðilaskýrslu sóknaraðila fyrir stjórn LMFÍ lýsti hann því yfir, að hann hefði ekki haft neinar skoðanir á verðmæti hússins, sem rifið var, og að hann hefði ekki gert sér neina grein fyrir bótafjárhæð í málinu né uppbygg-

ingu kröfugerðarinnar. Ljóst er þó af framburði hans fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu, þegar bótamálið var flutt, að hann hefur talið húsið og efni, sem geymt var í húsinu, þó nokkurs virði, þótt ekki séu nefndar neinar krónutölur í því sambandi. Vísast um þetta til bls. 36-39 í ágripi af hæstaréttarmálinu nr. 173/1989.

Þegar mál þetta er virt, þykir jafnframt eiga að taka tillit til eftirfarandi atriða:

Varnaraðili gerði sóknaraðila aldrei grein fyrir áætluðum verkkostnaði bótamálsins, hvorki við undirbúning þess fyrir flutning í héraði né þegar því var áfrýjað til Hæstaréttar. Bar honum þó skylda til þess skv. 10. gr. siðareglna LMFÍ.

Ágreiningslaust er, að við mótun kröfugerðarinnar í bótamálinu var nokkur samvinna milli sóknaraðila og varnaraðila, og var sóknaraðila kynnt kröfugerðin fyrir málshöfðunina, án þess að hann gerði athugasemdir við hana.

Sóknaraðili tók sjálfur ákvörðun um áfrýjun málsins til Hæstaréttar Íslands.

Að þessu virtu og með hliðsjón af því, sem fram hefur komið við fyrirtökur máls þessa hjá stjórninni, og með hliðsjón af gögnum málsins telur stjórn LMFÍ, að hæfileg þóknun varnaraðila, Kristins Sigurjónssonar hrl., fyrir málflutningsstörf hans í þágu sóknaraðila, Ólafs L. Baldurssonar, fyrir héraði og Hæstarétti Íslands sé 200.000,00 kr., og er þá ekki reiknað með virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Auk þess, sem nú hefur verið sagt, tekur stjórn LMFÍ eftirfarandi fram um niðurstöðuna:

Við munnlegan flutning ágreiningsmáls þessa taldi sóknaraðili, að við ákvörðun þóknunar varnaraðila bæri að taka tillit til þess, að hann hefði ekki sinnt starfi sínu nægilega vel við undirbúning málflutnings og í málflutningnum sjálfum. Eru atriði þessi rakin hér að framan svo og sjónarmið varnaraðila.

Að mati stjórnar LMFÍ eru þessi sjónarmið sóknaraðila ekki studd nægilegum rökum, og hafa þau því ekki áhrif á niðurstöðuna.

Úrskurðarorð:

Hæfileg þóknun varnaraðila, Kristins Sigurjónssonar hrl., fyrir málflutningsstörf hans í héraði og fyrir Hæstarétti í þágu sóknaraðila, Ólafs L. Baldurssonar, er 200.000,00 kr., og er þá ekki reiknað með virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 315/1990. **Þrotabú Híbýla hf.**
(Sveinn Sveinsson hdl.)
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar
(Hreinn Pálsson hdl.)
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og gagnsök.

Samningar. Verksamningar. Fasteignir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1990 og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1990. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um frávísun málsins frá Hæstarétti styður gagnáfrýjandi með því, að ekki hafi verið gætt ákvæða 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1895 um stefnur til æðri dóms í skiptamálum, en þar sé mælt fyrir um skyldu til að stefna skiptaráðanda ásamt málsaðila, sé úrskurði skiptaréttar áfrýjað.

Tilgangurinn með ákvæði þessu var að veita skiptaráðanda kost á að koma að athugasemdum sínum. Með gagnáfrýjunarstefnu var skiptaráðanda og skiptastjóra stefnt, og eru því engin rök til að taka frávísunarkröfu gagnáfrýjanda til greina.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði, og eru þeir óumdeildir. Ágreiningslaust er, að verktakafyrirtækið Híbýli hf.

fékk úthlutað leigulóð frá Akureyrarbæ til byggingar fjölbýlishúss og gerði hina umdeildu verksamninga við „stjórn verkamannabústaða á Akureyri fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar“ um byggingu kaupleiguíbúða í húsi þessu.

Aðaláfrýjandi byggir mál sitt á því, að samningar þessir séu í raun kaupsamningar um íbúðir í smíðum í dulargervi verksamninga. Hann hefur ekki haldið því fram, að samningsaðilar hafi haft sérstakar ástæður fyrir því að færa samningana í „dulargervi“ verksamninga, og hefur lýst því yfir, að vilji þeirra við samningsgerð sé ekki til skoðunar í málinu. Hann byggir öllu heldur á túlkun á efni samninganna, eins og þeir liggja fyrir, og heldur því fram, að útilokað hafi verið að gera verksamninga, þar sem verktakinn hafi átt lóðarréttindin og samið hafi verið um kaup á þeim og byggingaframkvæmdum.

Gagnáfrýjandi var og er eigandi lóðarinnar og úthlutaði verktakanum henni á leigu til byggingar fjölbýlishúss. Ekkert var því til fyrirstöðu, að bærinn gerði verksamninga við lóðarhafa um byggingu íbúðanna, eins og gert var. Sem aðili að verksamningunum varð gagnáfrýjandi eigandi að íbúðunum við það að efna greiðslur samkvæmt þeim. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Híbýla hf., greiði gagnáfrýjanda, bæjarsjóði Akureyrar, 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 12. júlí 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 12. júlí, er úrskurður þessi upp kveðinn í skiptarétti Akureyrar af skipuðum setuskiptaráðanda, Margréti Heinreksdóttur.

Skiptaréttarmál þetta hefur bæjarstjórinn á Akureyri höfðað f. h. bæjarsjóðs Akureyrar gegn Brynjólfi Kjartanssyni hrl. sem skiptastjóra og Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni skiptaráðanda f. h. þrotabús Híbýla hf.

Málið var þingfest 2. mars 1990, og 20. mars kvað skiptaráðandinn í gjaldþrotamáli Híbýla hf., Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, upp úrskurð þess efnis, að hann viki sæti ex officio með vísan til undirstöðuraka 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, þar sem hann væri aðili þess og hefði áður tekið afstöðu til ágreiningsefnisins.

Hinn 11. apríl var í málinu skipaður ofangreindur setuskiptaráðandi. Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. júní sl.

Kröfur.

Sóknaraðili gerir þær meginkröfur, að viðurkenndur verði óskilyrtur eignarréttur bæjarsjóðs Akureyrar að 15 íbúðum skv. verksamningum í húsinu nr. 53 við Helgamagrastræti á Akureyri, þ. e. nr. 201, 301, 202, 302, 203, 303, 204, 304, 205, 305, 101, 102, 103, 104 og 105, og þrotabúi Híbýla hf. verði gert að afhenda þær utan skuldaraðar.

Til vara gerir hann þær kröfur, að úr þrotabúi Híbýla hf. verði greidd sem bætur vegna vanefnda sú upphæð, sem fyrirtækinu hafði verið greidd upp í verksamninga, 28.408.759,00 krónur.

Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins.

Varnaraðilar gera þá kröfu, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Beri hann hæstu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar.

Sáttatilraunir í málinu hafa engan árangur borið.

Málavextir.

Ekki er ágreiningur um málavexti, sem eru eftirfarandi:

Hinn 13. júlí 1988 fékk verktakafyrirtækið Híbýli hf. úthlutað frá Akureyrarbæ skv. tillögu byggingarnefndar leigulóðinni nr. 53 við Helgamagrastræti þar í bæ. Var úthlutunin samþykkt af bæjarstjórn 16. ágúst sama ár, og fékk fyrirtækið leyfi til að reisa þar 22 íbúða fjölbýlishús, sem framkvæmdir hófust við síðla hausts 1988.

Hinn 7. desember 1988 voru gerðir tveir verksamningar milli stjórnar verkamannabústaða á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar sem verkkaupa og Híbýla hf. sem verktaka annars vegar um byggingu tíu íbúða án bílageymslna, sem verða skyldu almennar kaupleiguíbúðir, og hins vegar fimm íbúða án bílageymslna, sem verða skyldu félagslegar kaupleiguíbúðir.

Aðrar íbúðir í húsinu, sjö talsins, og bílageymslur hugðist fyrirtækið Híbýli hf. byggja fyrir eigin reikning og selja á almennum markaði.

Samningarnir voru undirritaðir af bæjarstjóra Akureyrar, Sigfúsi Jónssyni, f. h. verkkaupa og Herði Túlinius f. h. verktaka, Híbýla hf. Eftirlit

og umsjón með framkvæmdum og framvindu verksins skyldi stjórn verkamannabústaða hafa.

Tiltekið var í 1. gr. beggja samninga, að til þeirra teldust sértaklega tilgreindir uppdrættir ásamt verklýsingu og verkáætlun svo og íslenskur staðall, ÍST-30, um útboðs- og samningsskilmála, þar sem ekki væru önnur eða nánari ákvæði í sjálfum samningunum, eftir því sem við ætti. Þá voru að kröfu Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem veitti bæjarsjóði Akureyrar framkvæmdalán til verksins, sérstakar greinar í samningunum, 6. gr. beggja, þar sem lagt var bann við því, að verktaki byndi verkkaupa á nokkurn hátt af lánum og öðrum skuldbindingum eða veðsetti efni eða útbúnað, sem þýðingu hefði fyrir framgang verksins.

Hinn 8. febrúar 1989 undirritaði bæjarstjóri Akureyrar yfirlýsingu þess efnis, að íbúðir í almennri kaupleigu að Helgamagrastræti 53, Akureyri, sem byggðar væru skv. lögum nr. 86/1988, sbr. reglugerð nr. 321/1987, væri óheimilt að veðsetja, selja eða leigja án samþykkis Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sagði þar og, að sama gilti um byggingarefni og annað efni, sem nota skyldi til framkvæmda við byggingu þessarar fasteignar.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans á Akureyri barst embættinu yfirlýsing þessi í febrúar 1989, en henni „var ekki þinglýst, þar eð lóðarsamningur eða yfirlýsing um lóðina barst ekki fyrr en í okt. 1989", að því er segir í vottorði bæjarfógeta, sem dags. er 7. júní 1990.

Yfirlýsing varðandi lóðina var út gefin 6. okt., undirrituð af bæjarritaranum á Akureyri. Þar segir m. a.:

„Lóðarsamningur fyrir húslóðinni Helgamagrastræti 53 verður gefinn út og honum þinglýst að fenginni samþykkt bæjarstjórnar. Yfirlýsingu þessari óskast því þinglýst sem leiguheimild til handa Híbýlum hf. fyrir lóðinni nr. 53 við Helgamagrastræti, Akureyri."

Þessum yfirlýsingum var báðum þinglýst 9. október.

Nokkrum dögum síðar, 12. október, var bú Híbýla hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Akureyrar. Fór þá fram úttekt á stöðu framkvæmda, og er skýrsla um hana undirrituð 13. október 1989.

Lýstar kröfur í þrotabúið námu 235.896.752,00 krónum.

Bæjarsjóður Akureyrar krafðist afhendingar íbúðanna, sem verksamningar náðu til, utan skuldaraðar og bauðst jafnframt til að kaupa það, sem þrotabúið átti eftir í húsinu.

Bústjóri og skiptaráðandi voru sammála um að hafna því, að krafan stæði utan skuldaraðar, en samþykktu hana sem almenna kröfu í búið.

Hinn 15. nóvember 1989 var undirritaður samningur milli skipaðs bústjóra f. h. þrotabúsins og bæjarsjóðs Akureyrar um yfirtöku bæjarsjóðs á byggingaframkvæmdum að Helgamagrastræti 53. Í 4. gr. samningsins var tekið fram, að ágreiningur væri uppi um þann hluta hússins, 61,28 af hundraði, sem

Akureyrarbær gerði kröfu til utan skuldaraðar, og tiltekið, að aðilar væru sammála um verðmæti þess eignarhluta. Jafnframt var tiltekið, hvernig með skyldi fara, kæmi til málaferla vegna þessa ágreinings og endanlegur dómur félli á þann veg, að hinn umdeildi eignarhluti teldist eign þrotabúsins.

Málsástæður og lagarök.

Aðila máls þessa greinir á um það, hvers eðlis samningar þeir séu, sem gerðir voru milli Híbýla hf. og stjórnar verkamannabústaða fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar 7. desember 1988. Sóknaraðili leggur áherslu á, að um verksamninga hafi verið að ræða, en varnaraðili staðhæfir, að þeir hafi í raun verið kaupsamningar um íbúðir í smíðum, þótt þeir hafi verið færðir í „dulargervi verksamninga", svo sem segir í greinargerð varnaraðila.

— — —

Varnaraðili byggir á því, að húsið nr. 53 við Helgamagrastræti á Akureyri sé þinglesin eign Híbýla hf. án veðbanda, og breyti fram lögð yfirlýsing bæjarstjóra frá 8. febr. 1989 engu þar um.

Álit réttarins.

Í máli þessu er ágreiningur um eðli tveggja verksamninga, sem gerðir voru milli stjórnar verkamannabústaða á Akureyri fyrir hönd bæjarsjóðs Akureyrar, nefnds verkkaupa, og hlutafélagsins Híbýla hf., nefnds verktaka, en þeir voru undirritaðir 7. desember 1988.

Sóknaraðili staðhæfir, að um sé að ræða eðlilega og venjubundna verksamninga, og þar sem í þeim sé vísað til íslensks staðals, ÍST-30, eigi að leggja 23. kafla hans til grundvallar ákvörðunar um eignarrétt á því verki, sem unnið hafði verið skv. samningunum, áður en fyrirtækið varð gjaldþrota.

Varnaraðili telur, að samningarnir séu í eðli sínu venjulegir kaupsamningar um íbúðir í smíðum á lóð, sem hlutafélagið hafi fengið úthlutað og haft þinglesin umráð yfir. Því hafi íbúðirnar verið eign hlutafélagsins, þegar það varð gjaldþrota, og falli þar af leiðandi til þrotabúsins, enda verkkaupinn ekki þinglýst neinum eignarheimildum.

Varnaraðili ber ekki brigður á, að umræddir samningar séu að forminu til verksamningar, talar um, að þeir séu í „dulargervi" verksamninga.

Meginröksemd hans fyrir því, að þeir séu í raun og veru kaupsamningar, virðist vera sú, að kaupleiguíbúðirnar, sem um var samið, hafi verið í húsi, sem reist var á lóð í umráðum verktaka, en það sé einkenni verksamninga, að verkkaupinn sjálfur hafi umráð lóðar, sem hús eða mannvirki sé reist á samkvæmt verksamningi. Vísar hann, sem fyrr segir, máli sínu til stuðnings til bls. 36 í bókinni Entreprenörrisikoen (útg. í Osló 1966) eftir norska fræðimanninn Tore Sandvik.

Þar segir að vísu, þar sem höfundur fjallar um skilin milli verksamninga

og samninga um „overdragelse av fast eiendom", að þegar um sé að ræða dæmigerða verksamninga, sé verksalinn ekki eigandi lóðarinnar, sem bygging er reist á, og felist því ekki í samningnum neitt framsal lóðar frá öðrum samningsaðila til hins.

Síðan kemur athugasemd, sem bendir til þess, að með hugtakinu „overdragelse av fast eiendom" eigi höfundur fyrst og fremst við kaup á tilbúnum fasteignum, því að hann segir:

„Oftest er skillet også klart markert ved at det ved avtale om overdragelse av fast eiendom regulært ikke inngår noe moment av arbeid i kontraktsplikten annet en det som eventuelt må til for å fratre bruken av eiendommen."

Þá segir höfundur, að reglur um þessar tvær tegundir samninga geti skarast. Það geti skipt máli, að „ekki óverulegur hluti (en ikke ubetydelig del)" bygginga, sem reistar eru af þeim, er atvinnu hafi af byggingaframkvæmdum, sé reistur á lóðum, sem byggingaraðilinn sjálfur hafi orðið sér úti um í því skyni að afhenda öðrum viðkomandi byggingu, þegar hún hafi verið reist. Jafnframt bendir hann á, að slík fyrirtæki byggi ýmist á eigin lóðum eða annarra. Þar sem hér geti verið um að ræða eins konar tilbrigði af venjulegri verktakastarfsemi, kunni að vera álitamál, hvort ekki eigi að beita reglum um verksamninga, enda þótt samningssambandið sé formlega eins og um væri að ræða venjuleg fasteignakaup.

Rétt þykir að hafa hliðsjón af ofangreindum tilvitnunum til ritverks hins norska fræðimanns svo og eftirfarandi atriðum:

1) Ein af meginreglum íslensks samningaréttar er frelsi manna til samningsgerðar, hvers efnis sem er, að svo miklu leyti sem því eru ekki skorður settar af lagareglum og viðurkenndum siðferðisskoðunum. Ekki eru til í íslenskum rétti almennar lagareglur um kaupsamninga um fasteignir, er gefið geti vísbendingu um, hvort eða hvenær gera skuli eða gera megi kaupsamninga og hvenær verksamninga. Engin lög banna gerð verksamninga um íbúðabyggingar, hvort sem einstaklingar eiga í hlut eða opinberir aðilar, þótt í vissum tilvikum kunni að vera sett tiltekin skilyrði fyrir slíkri samningsgerð og efni samninga. Aðilum var því frjálst að gera, hvort sem þeir vildu, kaup- eða verksamninga og á hvaða stigum byggingaframkvæmda sem var.

2) Báðir þessir aðilar voru vanir samningagerð og hlutu því annars vegar að gera sér fulla grein fyrir muninum á þessum tegundum samninga og hins vegar að þekkja eignarréttarákvæði 23. kafla íslensks staðals.

3) Jafnvel þótt reisa ætti eignarréttinn að íbúðunum eingöngu á þinglýsingu lóðarsamnings, er þess að gæta, að endanlegur lóðarsamningur lá ekki fyrir, þegar fyrirtækið varð gjaldþrota. Í yfirlýsingu bæjarstjórans á Akureyri, dags. 6. október 1989, sem heimilaði þinglýsingu leiguheimildar fyrir

lóðinni, er beinlínis tekið fram, að útgáfa og þinglýsing lóðarsamnings sé háð samþykki bæjarstjórnar. Samkvæmt því hafði bæjarstjórn það í hendi sér, hvort og hvenær endanlega væri gengið frá lóðarsamningi. Gæti því t. d. verið álitamál, hvort Híbýli hf. hefðu á grundvelli hinnar þinglýstu leiguheimildar eingöngu getað gefið út þinglýsanlega kaupsamninga eða afsöl til kaupenda annarra íbúða í umræddu húsi.

4) Setuskiptaráðandi hefur ekki séð í aðgengilegum ritum neitt, er mæli gegn ofangreindum skoðunum Tore Sandvik.

Að öllu þessu athuguðu er það mat setuskiptaráðanda, að leggja beri til grundvallar reglur um verksamninga í máli því, sem hér er til úrlausnar. Samkvæmt því og með vísan til 23. kafla íslensks staðals, ÍST 30, teljast íbúðir þær, sem verksamningarnir frá 7. desember 1988 tóku til, eign bæjarsjóðs Akureyrar, og ber þrotabúinu að afhenda þær utan skuldaraðar.

Málskostnaður skal falla niður.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er óskilyrtur eignarréttur bæjarsjóðs Akureyrar að 15 íbúðum skv. verksamningum í húsinu nr. 53 við Helgamagrastræti á Akureyri, þ. e. íbúðum nr. 201, 301, 202, 302, 203, 303, 204, 304, 205, 305, 101, 102, 103, 104 og 105, og er þrotabúi Híbýla hf. gert að afhenda þær bæjarsjóði Akureyrar utan skuldaraðar.

Málskostnaður skal niður falla.

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 340/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ólafi Birni Ólafssyni og
Roy Ólafssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Tolllagabrot. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ásamt staðfestingu á ákvæðum héraðsdóms um eignaupptöku.

Ákærðu krefjast sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Vörn ákærðu í málinu er einkum á því reist, að verðmæti þeirra tækja, sem lýst er í ákæru og þeir höfðu í farangri sínum við komu til Keflavíkurflugvallar 4. febrúar 1991, hafi verið undir mörkum þess, sem ferðamönnum búsettum hér á landi væri heimilt að hafa með sér af varningi án greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þágildandi reglugerðar nr. 547/1990 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., sbr. síðar reglugerð nr. 55/1991 um sama efni, sem birt var 11. febrúar 1991, og nú reglugerð nr. 251/1992. Samkvæmt skýrslu ákærða Ólafs Björns Ólafssonar fyrir rannsóknarlögreglu 18. mars 1991 og síðar fyrir sakadómi var um að ræða myndlykla og fylgihluti (afruglara) fyrir sjónvarp, sem hann hafði keypt í ferð þeirra og ætlað til notkunar í tengslum við kapalkerfi fyrir sjónvarp, sem fyrirhugað væri að setja upp í raðhúsum við götu í Mosfellsbæ. Kvaðst ákærði hafa ætlað að eiga búnaðinn sjálfur, en taka greiðslu fyrir hann með afnotagjöldum af kapalkerfinu. Staðfest hefur verið með athugun á búnaðinum, að unnt var að nota hann til að nema myndsendingar frá tilteknum erlendum sjónvarpsstöðvum, sem hingað berast um gervihnött, og einnig sendingar frá Stöð 2 að öðru jöfnu.

Miðað við umrædda nýtingu búnaðarins gat ekki komið til álita, að hann nyti tollfrelsis á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis reglugerðar nr. 547/1990, og mátti ákærðu vera það ljóst. Leiddi þetta af 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sem kvað svo á að þessu leyti, að tollívilnun samkvæmt 1. gr. ætti við um varning, sem hlutaðeigandi ferðamaður væri að flytja með sér til persónulegra nota sinna eða fjölskyldu sinnar eða til gjafa. Þessa afmörkun ívilnunarinnar er einnig að finna í hinum síðari reglugerðum, en þær eru allar settar með heimild í 5. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Ákærðu áttu þegar af þessum ástæðum að framvísa búnaðinum til tollafgreiðslu, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 547/1990, en létu það undan fallast. Varðar háttsemi þeirra við 1. mgr. 123. gr. laga nr. 55/1987, sbr. 4. mgr. 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 251/1992, og ber að refsa fyrir hana samkvæmt 1. mgr. 124. gr. sömu laga.

Umræddur búnaður telst til fjarskiptavirkja, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti. Er á því byggt í ákæru, að innflutningur á honum hafi farið í bága við 3. gr. þeirra laga og 5. gr. reglugerðar nr. 547/1990. Ákærðu telja innflutninginn hafa verið þeim frjálsan vegna þess, að um væri að ræða notendabúnað, sem einkaréttur ríkisins samkvæmt 3. gr. laganna tæki ekki til, sbr. 2. mgr. hennar. Í 1. gr. laganna er notendabúnaður skilgreindur sem „hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda svo og tækjahlutir og leiðslur, sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi". Eins og mál þetta er lagt fyrir af hálfu ákæruvaldsins, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærðu hafi orðið brotlegir við fyrrgreind ákvæði, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan þátt ákærunnar.

Við tollskoðun framvísaði ákærði Ólafur Björn tveimur vörureikningum í nafni fyrirtækisins Omega Electronic í Freiburg í Þýskalandi, sem hann kvað eiga við um tæki sín. Reikningarnir bera ekki með sér, hvort greitt var fyrir vöruna. Samkvæmt vörulýsingu þeirra var um að ræða samtals 30 stykki af „computer term" á verðinu 20 þýsk mörk fyrir stykkið að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þetta minna vörumagn en ákærðu höfðu meðferðis. Hið tilgreinda vöruheiti er ekki auðskilið, og hefur ákærði ekki skýrt, hvernig það komi heim við tæki þessarar tegundar. Fyrir liggur, að

orðið „decoder" er notað sem heiti á myndlyklum frá umræddu fyrirtæki í bréfi þess 11. febrúar 1991 til ákærða Ólafs Björns.

Í skýrslu tollvarðar um skoðunina kemur fram, að ekki hafi verið unnt að sjá af búnaðinum sjálfum, hverrar tegundar hann væri. Hafi ákærði Ólafur Björn sagt svo aðspurður, að þetta væru „tölvu-interface", auk þess að vísa til reikninganna. Af frásögn þessari og öðrum atvikum verður ráðið, að ákærði hafi reynt að notfæra sér hið óljósa vöruheiti til að dylja fyrir tollvörðum, að um væri að ræða búnað til þeirra nota, sem hann lýsti síðar fyrir lögreglu. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar í málinu.

Fyrir héraðsdómi lágu ekki glöggar upplýsingar um verðmæti þess varnings, sem brot ákærðu tekur til, en málið sætti þar ekki sókn af hálfu ákæruvaldsins. Ákærðu hafa eingöngu lagt fram fyrrgreinda vörureikninga, en ekki er unnt að leggja þá til grundvallar. Við flutning málsins hér fyrir dómi hefur ákæruvaldið skírskotað til matsgerðar tveggja starfsmanna tollstjórans í Reykjavík, sem fram fór að tilhlutan þess viku áður. Átelja verður, hversu seint var gripið til þessa úrræðis, og var ákvæða 3. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ekki gætt. Eins og málið er vaxið, verður varningurinn metinn eftir álitum við ákvörðun refsingar.

Refsing ákærða Ólafs Björns Ólafssonar telst hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Roy Ólafssonar og vararefsing er hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en frestur til sektargreiðslu telst frá uppsögu dóms í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku á varningi þeim, sem málið fjallar um, svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað málsins óskipt, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Roy Ólafsson greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur, og greiði ákærði Ólafur Björn 3/4 hluta kostnaðarins, en ákærði Roy 1/4 hluta.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 29. maí 1992.

Ár 1992, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Benedikt Bogasyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2371/1991: Ákæruvaldið gegn Ólafi Birni Ólafssyni og Roy Ólafssyni, sem tekið var til dóms 21. maí sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 9. apríl 1992, á hendur ákærðu, Ólafi Birni Ólafssyni rafeindavirkja, Víðiteigi 2 C, Mosfellsbæ, kt. 050964-3109, fæddum í Reykjavík, og Roy Ólafssyni hafnsögumanni, Hrísmóum 7, Garðakaupstað, kt. 020833-3199, fæddum í Reykjavík, „fyrir að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 4. febrúar 1991 frá Lúxemborg sameiginlega smyglað hingað til lands 40 myndlyklum (afruglurum) ásamt fylgihlutum, sem ákærði Ólafur Björn keypti erlendis í ferðinni og ætlaði til sölu hérlendis, en við komu ákærðu til Keflavíkurflugvallar gengu ákærðu um tollhlið, merkt grænu skilti með áletruninni „Enginn tollskyldur varningur". Við tollleit í farangri ákærða Ólafs Björns fundust 20 myndlyklar, 20 tengisnúrur, 31 spennubreytir og 5 örgjörvar. Hjá ákærða Roy fundust 20 myndlyklar, 22 tengisnúrur og 9 spennubreytar, en tollverðir höfðu afskipti af Roy, er hann var kominn út fyrir flugstöðvarbygginguna með varninginn.

Framangreint brot ákærðu telst varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr., tollalaga nr. 55/1987 og 3. gr., sbr. 1. tl. 23. gr., laga um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 5. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna

við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 55/1991, sbr. áður reglugerð um sama efni nr. 547/1990.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Ólafur Björn enn fremur til að sæta upptöku alls framangreinds varnings samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 1. tl. 23. gr. laga um fjarskipti, sbr. 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 55/1991".

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærðu og vitna, skýrslum tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að mánudaginn 4. febrúar 1991 komu ákærðu til landsins frá Lúxemborg með flugvél Flugleiða hf. Gengu þeir um grænt tollhlið merkt „Enginn tollskyldur varningur". Við tollleit í farangri ákærða Ólafs Björns Ólafssonar fundust 20 myndlyklar, 20 tengisnúrur, 31 spennubreytir og 5 örgjörvar. Tollverðir höfðu afskipti af ákærða Roy Ólafssyni, eftir að hann var kominn út fyrir flugstöðvarbygginguna, og fundust í farangri hans 20 myndlyklar, 22 tengisnúrur og 9 spennubreytar. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á framangreindan varning.

Meðal málsgagna er skýrsla radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunar, dags. 14. mars 1991. Samkvæmt henni var kannaður varningur sá, er ákærðu fluttu til landsins. Segir í skýrslunni, að 15 myndlyklanna hafi verið með örgjörva og tilbúnir til notkunar. Hafi 25 myndlyklanna verið án örgjörva, en þegar örgjörvar þeir, sem ákærðu fluttu með sér til landsins, hefðu verið tengdir búnaðinum, hefði hann verkað eðlilega.

Frammi liggur bréf Póst- og símamálastofnunar, dags. 30. maí 1991, þar sem fram kemur, að myndlyklar, sem seldir eru hér á landi, kosti 12.580,00 krónur.

Ákærðu hafa lagt fram kvittanir frá fyrirtækinu Omega Electronic GmbH, Eschholzstrasse 58, 7800 Freiburg, Þýskalandi. Samkvæmt kvittunum þessum greiddi ákærði Ólafur Björn Ólafsson 600 þýsk mörk fyrir 30 stk. myndlykla (computer term).

Ákærðu var boðið að ljúka málinu með dómsátt, 240.000,00 króna sektar til ríkissjóðs, hvorum um sig, en þeim málalokum höfnuðu þeir.

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson skýrði svo frá, að hann hefði farið í helgarferð ásamt föður sínum, Roy Ólafssyni, og kunningja, Steingrími Sigurðssyni. Tilgangur ferðarinnar, að því er sig varðaði, hefði verið að festa kaup á rafeindabúnaði þeim, sem í ákæru greinir. Hefði rafeindabúnaðurinn ekki verið keyptur með endursölu í huga, heldur hefði ætlunin verið að setja upp kapalkerfi í raðhúsalengju að Víðiteigi í Mosfellsbæ. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér reglur um heimildir ferðamanna til innflutnings á tollfrjálsum farangri í flugvélinni á leið til Lúxemborgar. Hefði hann

greitt 800 þýsk mörk fyrir varninginn, er hann hefði keypt hjá fyrirtækinu Omega Electronic, Freiburg, Þýskalandi. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði skipt varningnum á farangur sinn og föður síns til þess að vera innan þeirra heimilda, sem ferðamenn hafa til að koma með tollfrjálsan farangur til landsins. Ákærði kvað sig og föður sinn hafa gengið um grænt tollhlið, og við leit tollvarða hefði fundist varningur sá, er hann hafði meðferðis. Kvað ákærði unnt að „afrugla" sendingar fjölda erlendra gervihnattastöðva með myndlyklunum, auk þess sem unnt sé, öðru hverju, að afrugla sendingar Stöðvar 2, eftir því, hvernig hún hagi sínum útsendingum.

Ákærði Roy Ólafsson skýrði svo frá, að hann hefði farið ásamt syni sínum, Ólafi Birni Ólafssyni, og Steingrími Sigurðssyni til Lúxemborgar, og hefði af sinni hálfu verið um skemmtiferð að ræða. Kvaðst ákærði ekki hafa keypt þann varning, sem í ákæru greinir, og að sér væri ekki kunnugt um kaupverð varningsins. Hefði hann eingöngu tekið að sér að flytja varninginn inn í landið fyrir son sinn. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði farið um grænt tollhlið og beðið fyrir utan flugstöðvarbygginguna eftir syni sínum. Eftir um það bil 45 mínútur hefði tollvörður komið, haft afskipti af sér og fundið varning þann, er ákærði hafði meðferðis.

Vitnið Steingrímur Sigurðsson verslunarmaður gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. mars 1991 og fyrir dómi. Vitnið bar, að það hefði farið til Lúxemborgar ásamt ákærðu til helgardvalar í febrúarmánuði 1991. Kvaðst vitnið hafa farið sér til skemmtunar, og hefði það hvorki átt þátt í kaupum á rafeindabúnaði né flutningi hans til landsins.

— — —

Niðurstaða.

Ákærðu komu til landsins frá Lúxemborg mánudaginn 4. febrúar 1991. Samkvæmt framburði þeirra höfðu þeir meðferðis í farangri varning þann, er í ákæru greinir, og gengu um grænt tollhlið, sem merkt er „Enginn tollskyldur varningur". Ekki framvísuðu þeir varningnum, sem fannst við leit tollvarða. Hafa ákærðu því gerst sekir um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og þykir brot þeirra varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 55/1991, sbr. áður reglugerð um sama efni nr. 547/1990.

Í ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa brotið gegn 3. gr., sbr. 1. tl. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984, með flutningi á umræddum varningi til landsins. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu laga nær einkaréttur ríkisins til meðferðar á fjarskiptavirkjum eða hluta þeirra ekki til notendabúnaðar. Varningur sá, sem ákærðu fluttu til landsins, verður að teljast notenda-

búnaður, og ber því að sýkna ákærðu af greindri refsikröfu ákæruvaldsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ólafs Björns Ólafssonar hefur hann gengist undir sex dómsáttir á árunum 1981-1991 vegna brota á umferðarlögum og lögum um fjarskipti. Árið 1985 hlaut hann dóm vegna brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakavottorð ákærða Roy Ólafssonar ber með sér, að hann hefur gengist undir fjórar dómsáttir á árunum 1957-1975 vegna brota á áfengislögum, tollalögum og umferðarlögum. Jafnframt hlaut hann dóm árið 1975 vegna brots á tollalögum og áfengislögum.

Refsing ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 55/1991, ber að gera upptækan til ríkissjóðs varning þann, sem í ákæru greinir.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Magnússonar hrl., 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Ólafur Björn Ólafsson og Roy Ólafsson, greiði 60.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, hvor um sig, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson sæti upptöku til ríkissjóðs á 40 myndlyklum, 42 tengisnúrum, 40 spennubreytum og 5 örgjörvum.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 30.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 429/1989. **Árna S. Rögnvaldsdóttir og Guðjón Andrésson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
William Thomas Möller
(Ingólfur Hjartarson hrl.).

Fasteignakaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1989. Þau krefjast sýknu af kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða þeim sameiginlega skuld, að fjárhæð 457.350,00 kr., auk dráttarvaxta og vaxtavaxta til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi keypti hinn 14. mars 1987 húseign í Reykjavík af áfrýjendum. Í málinu er deilt um fjárhæð lokagreiðslu frá stefnda vegna þessara viðskipta og annarra viðskipta, sem því tengjast, og einnig um útgáfu afsals frá áfrýjendum til stefnda. Er atvikum lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppsögu hans barst áfrýjendum símskeyti frá Hagskiptum hf., en það er fasteignasalan, sem sá um viðskiptin. Skeytið, sem dagsett er 3. nóvember 1989, er þannig að meginmáli:

„Efni: Uppgjör á lokagreiðslu og afsali vegna Granaskjóls 70. Greiðsla, að fjárhæð 356.551 kr., hefur verið lögð inn á sparisjóðsbók, og verður hún afhent ykkur við undirritun afsals. Vinsamlegast hringið til að finna hentugan tíma."

Aðilar deila í fyrsta lagi um það, hvort áfrýjendur hafi samþykkt að greiða stefnda bætur, að fjárhæð 79.215,50 krónur, vegna leyndra galla á húseigninni, sem seld var. Segir stefndi, að um þetta hafi verið samið á fundi á skrifstofu fasteignasölunnar í september 1987 og að þar hafi verið áfrýjandinn Guðjón, stefndi og Sigurður Örn Sigurðarson fasteignasali. Sigurður Örn hefur í vottorðum og fyrir dómi staðfest fullyrðingu stefnda um þetta atriði. Þá hafa tveir

menn, Pálmi Hannesson byggingameistari og Kristján V. Kristjánsson fasteignasali, borið, að Sigurður Örn hafi sagt þeim frá samkomulagi um bætur til stefnda.

Áfrýjandinn Guðjón kveðst hafa verið á fundi með stefnda og Sigurði Erni fasteignasala, en þar hafi hann ekki samið um bætur, heldur hafi verið fjallað um kaup stefnda á búnaði á bílskúrshurð og um uppþvottavél þá, sem síðar verður að vikið. Hefur Guðjón algerlega neitað því, að hann hafi samið um hinn umdeilda afslátt.

Héraðsdómari taldi, að við uppgjör bæri að leggja til grundvallar, að samið hefði verið um afslátt, eins og stefndi heldur fram. Af dómi hans verður ekki séð, að hann hafi byggt á atriðum, sem fram komu við munnlega skýrslugjöf og ógetið er í þingbók. Skráður framburður um boðun fyrrgreinds fundar og fundinn sjálfan er ekki glöggur. Ekki var gert skriflegt samkomulag um bætur eða afslátt. Verður því að byggja niðurstöðu á því, að ónógar sannanir hafi verið færðar fram af stefnda um, að hann hafi átt að njóta slíks. Átti hann þess vegna ekki rétt á afsali, nema hann byði fram greiðslu á umsömdu fullnaðarverði, þar á meðal hinum umdeildu 79.215,50 krónum, en það gerði hann ekki. Sparisjóðsbók sú, sem frá greinir í símskeyti 3. nóvember 1989, er áfrýjendum óviðkomandi í þessu sambandi.

Þá deila aðilar um greiðslu fyrir uppþvottavél, en hún er hluti af kröfu áfrýjanda. Er óumdeilt, að samkomulag var gert um, að stefndi keypti hana af áfrýjendum. Hins vegar er deilt um kaupverð. Engar upplýsingar um markaðsverð vélar þessarar, sem dómur verður byggður á, hafa komið fram í málinu. Ber stefnda því samkvæmt 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup að borga fyrir hana 47.000 krónur, eins og áfrýjendur krefjast, en ekki gátu áfrýjendur gert þá greiðslu að skilyrði fyrir útgáfu afsals.

Samkvæmt þessu ber áfrýjendum að gefa út afsal gegn greiðslu á 410.350 krónum, þ.e. 457.350 krónum að frádregnum 47.000 krónum. Við þetta bætast hæstu almennu innlánsvextir frá 18. mars 1988, en þá léttu áfrýjendur síðustu veðböndum af hinni seldu eign í samræmi við kaupsamning. Þessir vextir reiknast til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, eins og segir í dómsorði. Frá dómsuppsögudegi greiðist dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi greiði áfrýjendum 47.000 krónur með vöxtum, dráttarvöxtum og vaxtavöxtum, eins og að ofan greinir, frá birtingardegi gagnstefnu 2. júní 1989.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum samtals 220.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendum, Árnu S. Rögnvaldsdóttur og Guðjóni Andréssyni, er skylt að gefa út afsal til stefnda, William Thomas Möller, fyrir fasteigninni Granaskjóli 70 í Reykjavík gegn greiðslu á 410.350 krónum með hæstu almennu innlánsvöxtum frá 18. mars 1988 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. mars 1989. Frá dómsuppsögudegi greiði stefndi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjendum 47.000 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum frá 2. júní 1989 til dómsuppsögudags og eftir það með dráttarvöxtum, allt reiknað á sama hátt og að ofan greinir.

Stefndi greiði áfrýjendum 220.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 6. október sl., hefur William Thomas Möller, kt. 210254-5609, Granaskjóli 70, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. febrúar 1989, á hendur Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur, kt. 050532-2679, og Guðjóni Andréssyni, kt. 290333-3349, báðum til heimilis að Nesvegi 53, Reykjavík.

Stefndu höfðuðu gagnsök í málinu 2. júní 1989.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndu verði gert að viðlögðum dagsektum samkvæmt mati dómsins að gefa út afsal fyrir einbýlishúsinu nr. 70 við Granaskjól í Reykjavík ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með töldum leigulóðarréttindum.

Einnig krefst stefnandi þess í aðalsök, að stefndu verði dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu ásamt vöxtum samkvæmt gjaldskrá Lög-

mannafélags Íslands að viðbættum 12% sérstökum söluskatti samkvæmt lögum nr. 10/1960, sbr. 18. gr. laga nr. 1/1988.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær, að öllum kröfum stefnanda í málinu verði með öllu hafnað og að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, enn fremur, að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að mati réttarins auk 12% sérstaks sölugjalds, sbr. lög 10/1960 og 18. gr. laga nr. 1/1988, og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 og 3. lið 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Með úrskurði, upp kveðnum 26. maí 1989, var frávísunarkrafa stefndu í aðalsök ekki tekin til greina, og var málskostnaður ekki dæmdur í þeim þætti málsins.

Dómkröfur stefnenda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða þeim sameiginlega skuld, að fjárhæð 457.350,00 kr., auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

— — —

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði sýknaður af kröfum gagnstefnenda og gagnstefnendur dæmdir til þess að greiða gagnstefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða málskostnaðarreikningi.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsatvik í aðalsök vera á þá lund, að með kaupsamningi, dagsettum 14. mars 1987, hafi stefnandi keypt af stefndu húsið nr. 70 við Granaskjól í Reykjavík, einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hafi stefnanda verið kunnugt um, þegar kaupin fóru fram, að eignin hafi ekki verið alveg fullbúin.

Kaupin hafi farið fram fyrir milligöngu Sigurðar Arnar Sigurðarsonar, löggilts fasteignasala, á fasteignasölunni Hagskiptum hf., Skipholti 50 C, Reykjavík. Afsal skyldi gefið út 1. mars 1988, en þeirri samningsskyldu sinni hafi stefndu ekki enn sinnt.

Kaupverðið hafi verið 7.000.000,00 kr. Þar af hafi stefnandi tekið að sér að greiða ýmsar áhvílandi skuldir, að fjárhæð 2.559.658,00 kr., en stefndu hafi skuldbundið sig til þess að aflétta öðrum skuldum, sem hafi hvílt á 2., 8. og 10. veðrétti, samtals upphaflega að fjárhæð 992.713,00 krónur.

Hinn hluta kaupverðsins, 4.440.342,00 kr., hafi stefnandi skuldbundið sig til þess að greiða með sex greiðslum sem hér segir:

1. Við undirritun samnings		kr. 800.000,00
2. 15. júní 1987		— 1.200.000,00
3. 1. ágúst 1987		— 500.000,00
4. 1. nóvember 1987		— 500.000,00
5. 1. janúar 1988		— 1.000.000,00
6. 1. mars 1988		— 440.342,00
	Samtals	kr. 4.440.342,00

Allar greiðslurnar hafi stefnandi innt af hendi á skrifstofu Hagskipta hf. utan greiðslu nr. 4, sem stefnandi hafi greitt stefndu beint. Hafi það verið vegna þess, að skrifstofa fasteignasölunnar hafi verið lokuð þann dag.

Stefndu hafi borið samkvæmt kaupsamningnum að létta tilteknum veðskuldum af hinni seldu eign eigi síðar en 1. október 1987, þar á meðal skuld á 10. veðrétti (síðar 8. veðrétti) við Glitni hf. samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 18. júlí 1986, upphaflega að fjárhæð 432.713,00 kr. Hinn 16. mars hafi þessi veðskuld hvílt enn á eigninni samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarfógeta, og hafi stefnandi skorað á stefndu í bréfi, dags. 16. mars 1988, að aflétta umræddri skuld af eigninni þegar í stað. Hafi stefnandi áskilið sér rétt til þess að fresta síðustu greiðslu, sem fram hafi átt að fara 1. mars 1988 samkvæmt kaupsamningi, til tryggingar því, að skuldinni yrði aflétt.

Hinn 29. mars 1988 hafi það legið fyrir, að stefndu hafi létt fyrrnefndri skuld við Glitni hf. af hinni seldu eign, og hafi stefnandi þá farið á skrifstofu Hagskipta hf. og gengið frá uppgjöri, svo sem venja sé til í fasteignaviðskiptum, og greitt 6. og síðustu afborgun samkvæmt kaupsamningi, sem nánar sé sundurliðuð þannig samkvæmt greiðsluyfirliti og kvittun fasteignasölunnar:

Greiðsla samkvæmt 6. tölulið með gjalddaga 1. mars 1988	kr. 440.342,00
Sparisjóðsvextir frá 1. mars til 29. mars 1988	kr. 5.417,00
Hlutdeild stefnanda í fasteignagjöldum 1987	kr. 15.087,00
Andvirði uppþvottavélar, greitt umfram skyldu	kr. 20.000,00
Skuld stefndu vegna vaxtauppgjörs á áhvílandi lánum	kr. (45.079,00)
	kr. 435.767,00
Skuld stefndu vegna samkomulags um afslátt á kaupverði vegna leyndra galla á hinu selda	kr. (79.216,00)
	Kr. 356.551,00

Stefnandi hafi greitt sparisjóðsvexti, 5.417,00 kr., af síðustu greiðslu, 440.342,00 kr., þann tíma, sem hann hafi haldið greiðslunni til tryggingar, og einnig hafi honum verið færðar til gjalda 15.087,00 kr., sem hafi verið hlutdeild hans í fasteignagjöldum 1987, en stefndu hafi greitt gjöldin að fullu. Stefndu hafi verið færðar til gjalda 45.079,00 kr., sem hafi verið skuld þeirra við stefnanda vegna vaxtauppgjörs. Einnig hafi stefndu verið færðar til gjalda 79.216,00 kr. vegna samkomulags um afslátt á verði hinnar seldu eignar vegna leyndra galla á hinu selda.

Þá hafi verið bætt við greiðslu frá stefnanda, 20.000 krónum, vegna notaðrar þvottavélar, sem stefnandi hafi samþykkt að greiða umfram skyldu, þegar gengið hafi verið frá samkomulagi við stefnda Guðjón um fyrrnefndan afslátt.

Samkvæmt uppgjörinu hafi stefnandi greitt sem síðustu afborgun samkvæmt kaupsamningi 356.551,00 kr., og hafi hann þá fullnægt skyldum sínum um greiðslu kaupverðsins.

Varðandi samkomulag um afslátt af kaupverði vegna leyndra galla á hinu selda skuli eftirfarandi tekið fram:

Stefnanda hafi verið kunnugt um, þegar kaupin hafi farið fram, að eignin hafi ekki verið alveg fullbúin. Á neðri hæð hafi verið bílskúr og þvottahús ómúruð, snyrting óinnréttuð, ómúrað hafi verið fyrir neðan stofuglugga og handrið vantað á stiga upp á loft. Á efri hæð hafi verið loft í fjölskyldurými (miðrými) óklædd, en einangruð. Engin innrétting hafi verið á baði og handrið vantað á svalir. Engir sólbekkir hafi verið við glugga í húsinu, og fataskápa vantaði. Stefnanda hafi verið kunnugt um þau atriði, sem hér að framan eru talin.

Síðar hafi komið í ljós leyndir gallar. Gallarnir hafi komið í ljós, skömmu eftir að stefnandi hafi fengið húsið afhent 1. ágúst 1987. Þorlákur Ásgeirsson byggingameistari hjá Stólpa hf. hafi skoðað húsið og síðan tekið að sér fyrir stefnanda að ljúka við klæðningu á veggjum, loftum og fleira.

Þorlákur hafi lýst því svo, að sér hafi virst því mjög ábótavant, sem áður hafði verið unnið. Veggplötur hafi verið lausar, lausholt vantað víða undir plötusamskeyti, bæði í loftum og á veggjum. Einangrun, sem hafi átt að vera í lofti, hafi verið í upprunalegum umbúðum, og hafi verið klætt yfir án þess að ganga frá henni, og hafi hún því að engu gagni komið. Veggur í svefnherbergi við stigaop hafi verið áberandi skakkur. Fleira hafi Þorlákur talið mega nefna, sem betur hefði mátt fara og unnið hefði verið af mikilli vankunnáttu. Hafi hann getið þess, að þar sem lausholt hafi ekki verið undir plötusamskeytum, hefði í mörgum tilvikum þurft að rjúfa loft til að koma einangrun fyrir á hefðbundinn hátt. Vegna þessara lagfæringa hafi Þorlákur talið, að kostnaður við frágang á húsinu hefði orðið hærri en ella. Hafi hann áætlað þennan umframkostnað 179.968,00 kr.

Stefnandi segir, að í byrjun september 1987 hafi verið haldinn fundur með stefnanda og stefnda, Guðjóni Andréssyni, á skrifstofu Hagskipta hf. að Sigurði Erni Sigurðarsyni fasteignasala viðstöddum. Á fundinum hafi stefndi Guðjón Andrésson boðið að bæta stefnanda umrædda galla með því, að lokagreiðsla útborgunar (greiðsla samkvæmt 6. tölulið) lækkaði um 79.215,50 kr. Þessu boði hafi stefnandi tekið.

Sigurður Örn fasteignasali hafi áður haft milligöngu um að fá Pálma Hannesson byggingameistara til þess að skoða húsið með tilliti til hinna leyndu galla. Pálmi hafi lýst því, að hann teldi fyrir hönd seljanda, að fyrrgreint samkomulag um afslátt væri sanngjarnt.

Þegar stefnandi hafi komið til þess að ganga frá síðustu greiðslu á skrifstofu Hagskipta hf., hafi honum verið tjáð, að stefndu hefðu ekki enn lýst sig reiðubúin til þess að gefa út afsal. Hafi stefnandi gengið frá lokagreiðslum samkvæmt því greiðsluyfirliti, sem fyrir hafi legið hjá fasteignasalanum. Hafi Sigurður Örn sagst myndu hafa samband við stefndu og skýra þeim frá lokagreiðslunni og til þess að óska eftir því, að stefndu gæfu út afsal.

Stefnandi hafi margspurst fyrir um það hjá fasteignasölunni Hagskiptum hf., hvort afsal lægi fyrir, en fengið þau svör, að svo væri ekki. Þá hafi stefnandi einnig nokkrum sinnum haft tal af stefnda, Guðjóni Andréssyni, og óskað þess, að afsal yrði gefið út, en án árangurs. Hafi stefnanda skilist, að stefndu vildu ekki standa við boð sitt um að gefa stefnanda afslátt af kaupverðinu vegna fyrrnefndra leyndra galla. Einnig hafi stefndi stungið upp á því, að stefnandi greiddi síðustu afborgun samkvæmt kaupsamningi að fullu án þess að draga frá umsaminn afslátt. Þeir gætu svo alltaf gert afsláttinn upp í rólegheitum síðar. Þetta hafi stefnanda ekki þótt aðgengilegur kostur.

Hinn 26. september 1988 hafi lögmaður stefnanda ritað stefndu bréf og gert kröfu til þess, að stefndu sinntu skyldum sínum samkvæmt framanrituðum kaupsamningi með því að gefa út afsal til stefnanda vegna hússins nr. 70 við Granaskjól. Erindi þessu hafi verið svarað með bréfi Jóns Oddssonar hrl., dagsettu 4. október 1988.

3.0.

Stefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að hann hafi að fullu staðið við skyldur sínar sem kaupandi samkvæmt kaupsamningi um sölu á Granaskjóli 70, dagsettum 14. mars 1987, þar á meðal að greiða síðustu greiðsluna samkvæmt 6. tölulið. Það sé föst venja í fasteignaviðskiptum, að seljandi eða umboðsmaður hans gangi frá öllum skjölum varðandi sölu fasteignar, þar á meðal að útbúa afsal og undirrita það. Samkvæmt almennum reglum samningsréttar eigi hann því kröfu á afsali úr hendi stefndu fyrir

hinni seldu eign. Stefndu beri að gefa út afsal samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins. Stefndu hafi þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, síðast í bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 26. september 1988, ekki sinnt þessari skyldu sinni og ekki gefið á því viðhlítandi skýringar, hvers vegna afsalið væri ekki gefið út.

Stefnanda hafi þótt undanbrögð stefndu lítt skiljanleg, þar sem stefndi, Guðjón Andrésson, hafi áður gert samkomulag um að Sigurði Erni Sigurðarsyni fasteignasala viðstöddum að bæta stefnanda umrædda galla á húsinu með því, að lokagreiðsla útborgunar lækkaði um 79.215,50 kr. Lokagreiðsla stefnanda samkvæmt kaupsamningnum, sem hann hafi innt af hendi 29. mars 1988, hafi samkvæmt upplýsingum starfsmanna Hagskipta hf. verið í vörslu fasteignasölunnar síðan og ekki verið vitjað af stefndu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Stefnandi hafi lagt áherslu á að ljúka þessu máli með samkomulagi og telji, að starfsmenn fasteignasölunnar Hagskipta hf. hafi lagt sig fram við að reyna að leysa málið.

Samkvæmt því og almennum reglum samningsréttar beri stefndu skylda til þess að gefa út yfirlýsingu til stefnanda um, að eignarrétti að hinni seldu eign sé afsalað frá stefndu til stefnanda. Þessari skyldu sinni hafi stefndu ekki sinnt þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og ekki gefið á því viðhlítandi skýringar, hvers vegna afsalið væri ekki gefið út, og hafi því málsókn þessi verið nauðsynleg.

4.0.

Stefndu kveða málsatvik í aðalsök vera þau, að með kaupsamningi, dagsettum 14. mars 1987, hafi stefndu selt stefnanda fasteign sína, einbýlishúsið nr. 70 við Granaskjól í Reykjavík, en umrætt hús hafi ekki verið fullbúið, eins og fram komi í kaupsamningi. Kaupverð hafi verið umsamið 7.000.000,00 kr. og skyldi greitt af stefnanda, eins og fram komi í kaupsamningi. Veruleg vanskil hafi orðið á greiðslu kaupverðs af hálfu stefnanda og hafi komið stefndu mjög illa. Í því sambandi vilji stefndu einkum nefna 5. lið útborgunar 1. janúar 1988, 1.000.000,00 kr., sem stefnandi hafi greitt með ávísun án nægjanlegrar innstæðu í banka. Þá hafi stefnandi þrátt fyrir ítrekuð tilmæli eigi fengist til að ganga frá uppgjöri og greiðslu samkvæmt 6. lið útborgunar, 440.342,00 kr. Hafi því af hálfu stefndu ekki verið unnt að ganga frá afsali til stefnanda. Umrædd eign hafi verið seld og afhent að öllu leyti í umsömdu ástandi. Hins vegar hafi stefnanda verið kunnugt um vegna upplýsinga frá stefndu, að umrædd eign að Granaskjóli 70 í Reykjavík hafi ekki verið fullbúin. Hafi því aldrei komið til af hálfu stefndu að samþykkja neinar skaðabótakröfur frá stefnanda, enda slíkt aldrei borið undir stefndu, Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur. Hins vegar hafi stefnandi fært slíkt í tal við stefnda, Guðjón Andrésson, er hafi harð-

neitað og hafnað slíkum kröfum. Aftur á móti hafi náðst samkomulag milli stefnda, Guðjóns, og stefnanda um, að stefnandi keypti af stefndu nýja uppþvottavél í eldhúsi, er stefndu hafi skilið eftir í húsinu, og hafi umsamið kaupverð verið 47.000,00 kr. Á sama hátt hafi verið rætt um, að stefnandi keypti af stefndu sjálfvirkan opnunarútbúnað á bílskúrsdyrum, er stefnandi hafi fengið með húsinu. Hins vegar hafi ekki verið búið að ganga frá verðlagningu á honum. Þannig hafi stefndu staðið við allar skuldbindingar sínar samkvæmt umræddum kaupsamningi um afhendingu og ástand hins selda. Verulegar vanefndir hafi hins vegar orðið af hálfu stefnanda, er standi enn. Þannig hafi stefnandi fengið heimild hjá stefndu til að hefja viðgerðir og endurbætur á húsinu 1. maí 1987, og hafi það verið vegna mikilla breytinga, er stefnandi vildi gera á húsinu. Hafi þessar breytingar farið fram frá 1. maí 1987 til 1. ágúst 1987, er stefnandi hafi fengið húsið formlega afhent.

Aflýsingar á veðskuldum, er stefndu hafi þurft að flytja af eigninni, hafi farið fram, fyrr en stefndu höfðu skuldbundið sig til, utan smáfrávik, er stafaði af því, að fasteignasalinn hafi verið erlendis. Umræddar tafir megi og rekja til stórfelldra vanskila stefnanda á greiðslu kaupverðs, er hafi bakað stefndu fjárhagslegt tjón og óþægindi. Ekki hafi verið samið um það, að fasteignasalinn hefði umboð til að taka við greiðslum, en raunin hafi orðið, að greiðslur hafi að nokkru leyti farið fram hjá fasteignasalanum eða á heimili stefndu.

Stefnandi hafi þegar hafið miklar framkvæmdir við breytingar á umræddu húsnæði. Efri hæð hússins hafi ekki verið fullgerð, og hafi þar víða verið lausar klæðningar. Hér hafi verið um að ræða ástand, er stefnanda hafi verið kynnt við mjög ræki lega skoðun. Aðfinnslur stefnanda hafi lotið að smekksatriðum, en ekki göllum á húsinu. Hins vegar hafi stefnandi hafið framkvæmdir, er hafi gjörbreytt húsinu, og sama eigi við um lóð. Hafi og stefnanda verið vísað á, að hann skyldi fá dómkvadda matsmenn til að skoða og meta það, sem hann fann að húsinu. Stefndu hafi ekki borist uppgjör eða lokagreiðslur, sbr. 6. lið útborgunar kaupsamnings, né tilkynningar um „deponeringu" þar um. Stefndu hafi og mótmælt við stefnanda, að til greina kæmi skuldajöfnuður á skaðabótakröfum hans og samningsbundnum greiðslum kaupverðs. Þá hafi stefnandi og ekki sinnt ítrekuðum greiðslutilmælum stefndu.

5.0.

Auk þess að vísa til ofangreinds kveða stefndu málsástæður sínar og lagarök í aðalsök vera m. a. þau, að stefnandi hafi eigi fullnægt samningsskyldum sínum um greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi og eigi því ekki rétt á afsali. Hér sé meðal annars vísað til ákvæða í kaupsamningi, laga

nr. 7/1936 og laga nr. 39/1922 og reglna á sviði samningsréttar og kröfuréttar. Skaðabótakröfum stefnanda sé gersamlega mótmælt svo og staðhæfingum stefnanda um, að samningar hafi tekist milli aðila málsins um skaðabætur til stefnanda. Þá mótmæla stefndu því, að skuldajafna megi skaðabótakröfum á móti beinum samningsgreiðslum samkvæmt kaupsamningi.

Stefndu minna á, að stefnandi hafi eigi sinnt ítrekuðum greiðslutilmælum stefndu, og sé hann því í vanefndum með greiðslu kaupverðs, og hafi stefndu því meðal annars áskilið sér rétt til riftunar umræddS kaupsamnings.

6.0.

Gagnstefnendur segja um málsatvik í gagnsök, að þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hafi gagnstefndi eigi fengist til að greiða hluta kaupverðs samkvæmt áðurgreindum kaupsamningi, þ. e. 6. lið útborgunar, 440.342,00 kr. Hafi hann eigi sinnt margítrekuðum greiðslutilmælum. Skuld gagnstefnda stafi auk þess frá skuld við gagnstefnendur, að fjárhæð 15.087,00 kr., vegna fasteignagjalda og vegna kaupa gagnstefnda á uppþvottavél af gagnstefnendum, að fjárhæð 47.000,00 kr. Samtals sé því skuld gagnstefnda 502.429,00 kr. að frádregnum 45.079,00 kr. vegna vaxtagjalda, og því sé skuldin samtals 457.350,00 kr., sem sé stefnufjárhæðin. Gjalddagi hafi verið 1. mars 1988, sbr. 6. lið útborgunar kaupsamnings.

Í gagnsök komi til frádráttar kröfum gagnstefnenda niðurstöður útreikninga fasteignasalans á vaxtagjöldum, og sé ekki gerður ágreiningur um það, þótt uppgjörið hafi eigi verið borið undir gagnstefnendur. Um kaup gagnstefnda á uppþvottavél sé vísað til samkomulags aðila þar um. Um sé að ræða í gagnsök vanskil gagnstefnda á lokaútborgun kaupverðs, sbr. kaupsamning, enda liggi ekki fyrir neitt samkomulag aðila málsins um greiðslur skaðabóta til gagnstefnda. Sönnunarbyrði fyrir slíku samkomulagi hafi gagnaðili, en slíku sé ekki til að dreifa, sbr. til að mynda lokamálsgrein 129. gr. laga nr. 85/1936.

Auk þess að vísa til ofangreinds segja gagnstefnendur málsástæður sínar og lagarök í gagnsök vera reist á vanskilum gagnstefnda þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli. Vísað sé til reglna á sviði fjármunaréttar og samninga auk venju í fasteignaviðskiptum. Gagnstefnendur skuldbindi sig til útgáfu afsals til gagnstefnda í samræmi við kaupsamning, er gagnstefndi hafi að fullu gert upp við gagnstefnendur. Um kaup á uppþvottavél vísi gagnstefnendur til samkomulags aðila um verð og uppgjör 1. mars 1988, sbr. og 5. gr. laga nr. 39/1922. Þá sé og vísað til ákvæða laga nr. 39/1922, laga nr. 7/1936 og laga nr. 25/1987.

7.0.

Gagnstefndi segir málsástæður sínar og lagarök í gagnsök vera þau, að samkvæmt margræddum kaupsamningi skyldu gagnstefnendur gefa út afsal til gagnstefnda 1. mars 1988. Sama dag hafi gagnstefnda borið að greiða 6. og síðustu greiðslu útborgunar samkvæmt kaupsamningi. Af ástæðum, sem raktar séu í stefnu, og greinargerð stefnanda í aðalsök hafi gagnstefndi innt þessa greiðslu af hendi 29. mars 1988, og hafi þá jafnframt verið gengið frá uppgjöri um vexti, fasteignagjöld og fleira, svo sem venjulegt sé í fasteignaviðskiptum. Uppgjörið hafi annast Sigurður Örn Sigurðarson, löggiltur fasteignasali, og hafi hann tekið við greiðslum frá gagnstefnda til gagnstefnenda. Í uppgjörinu hafi verið tilgreind greiðsla frá gagnstefnda, að fjárhæð 20.000,00 kr., vegna uppþvottavélar og frádráttur vegna samkomulags um veittan afslátt gagnstefnenda á kaupverði, að fjárhæð 79.216,00 kr., vegna leyndra galla á hinni seldu eign.

Gagnstefndi hafi að fullu staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningnum, meðal annars með því að greiða 6. og síðasta hluta afborgunar samkvæmt kaupsamningi. Gagnstefnendur hafa hins vegar ekki sinnt þeirri samningsskyldu sinni að gefa út afsal til gagnstefnda fyrir hinni seldu eign þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Það sé því ljóst, að kröfur gagnstefnenda í máli þessu séu út í hött.

Greiðsla gagnstefnda á þvottavél sé þannig til komin, að gagnstefnendur hafi skilið eftir í eldhúsi gamla uppþvottavél. Nokkru eftir afhendingu hússins hafi gagnstefnandi Guðjón Andrésson gert kröfu til þess, að gagnstefndi keypti vélina. Gagnstefndi hafi svarað því til, að hann teldi vélina hafa fylgt með í kaupum hússins, og teldi hann sig ekki eiga að greiða hana sérstaklega. Til þess að leysa þennan ágreining hafi gagnstefndi lýst yfir því, að Guðjón mætti taka vélina, ef hann teldi sig eiga hana. Þetta hafi gagnstefnanda Guðjóni ekki þótt góður kostur. Til þess að leysa málið hafi gagnstefndi boðið umfram skyldu að greiða fyrir vélina 20.000,00 kr.

Um afslátt af kaupverði og nánar um málsástæður og lagarök vísar gagnstefndi til málskjala í aðalsök.

8.0.

Forsendur og niðurstaða.

Aðalstefnandi fullyrðir, að aðalstefndi, Guðjón Andrésson, hafi í byrjun september 1987 gert samkomulag um að bæta aðalstefnanda leynda galla á umræddu húsi með því, að lokagreiðsla útborgunar lækkaði um 79.215,50 kr. Hafi það verið á fundi með aðalstefnanda og aðalstefnda, Guðjóni Andréssyni, á skrifstofu Hagskipta hf. að Sigurði Erni Sigurðarsyni fasteignasala viðstöddum. Hafi Guðjón Andrésson þá boðið að bæta aðalstefnanda umrædda galla með því, að lokagreiðsla útborgunar (greiðsla

samkvæmt 6. tölulið kaupsamnings) lækkaði um þessa fjárhæð. Þessu boði hafi aðalstefnandi tekið. Aðalstefndu segja á hinn bóginn, að aldrei hafi komið til greina af þeirra hálfu að samþykkja neinar skaðabótakröfur frá aðalstefnanda, enda hafi slíkt aldrei verið borið undir Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur.

Kemur því til úrlausnar það álitaefni, hvort umræddur samningur hafi komist á eða ekki. Eins og málið er lagt fyrir dóminn, telur hann ekki í sínum verkahring að leggja mat á umrædda galla né hæfilegt endurgjald fyrir þá.

Auk aðila málsins komu fyrir dóminn til munnlegrar skýrslugjafar þeir Þorlákur Ásgeirsson byggingameistari og Pálmi Þór Hannesson smiður og vitnuðu um leynda galla, sem þeir töldu, að hefðu verið á hinu selda, en þeir töldu jafnframt, að eðlilegt hefði verið að semja um afslátt á kaupverði þeirra vegna, og skýrðu frá afspurn sinni af umræddum samningi. Einnig kom fyrir dóminn í sama skyni Kristján V. Kristjánsson viðskiptafræðingur, starfsmaður Hagskipta, sem einnig sagðist hafa frétt af samkomulaginu. Sigurður Örn Sigurðarson, sem var löggiltur fasteignasali, er kaupsamningurinn var gerður, vottaði beinlínis um samkomulagið.

Þegar tekið er tillit til þessa svo og þess, sem að öðru leyti hefur komið fram í málskjölum, og sé litið til atvika málsins að öðru leyti, verður að telja, að margt geri það líklegt, að greint samkomulag hafi verið gert á umræddum fundi. Hafa aðalstefndu ekkert fært fram, sem byggt verði á, er bendi til hins gagnstæða. Verður því að telja, að aðalstefndu hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að samkomulag hafi ekki verið gert. Þar sem þeim hefur ekki tekist að sýna fram á þá staðhæfingu sína, telur dómurinn rétt að leggja staðhæfingu aðalstefnanda og greinds fasteignasala um umrædda samningsgerð til grundvallar.

Aðalstefndu eru hjón, er áður bjuggu á eigninni, og aðalstefndi, Guðjón Andrésson, virðist jafnan í viðskiptum þessum hafa komið fram fyrir hönd eiginkonu sinnar, Árnu Steinunnar Rögnvaldsdóttur. Til dæmis samþykkir hann einn kauptilboð það, dagsett 7. mars 1987, er síðar varð grundvöllur endanlegs kaupsamnings um eignina. Ljóst er, að aðalstefndi, Guðjón Andrésson, verður sjálfur persónulega bundinn af samningsgerðinni. Einnig verður að telja, að aðalstefnandi hafi mátt treysta því, að aðalstefndi, Guðjón Andrésson, hafi einnig við áðurgreinda samningsgerð verið að semja fyrir eiginkonu sína, Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur. Hafi hann verið umboðslaus eða farið út fyrir umboð sitt, verður hann því ábyrgur fyrir því gagnvart henni. Niðurstaða dómsins er því sú, að aðalstefnanda hafi af þessum ástæðum verið heimilt að gera umræddan frádrátt á lokagreiðslu sinni.

Ekki er ágreiningur með málsaðilum um hlutdeild aðalstefnanda í fast-

eignagjöldum fyrir árið 1987, 15.087,00 kr. Enn fremur er ekki ágreiningur um skuld aðalstefndu við aðalstefnanda vegna vaxtauppgjörs á áhvílandi lánum samkvæmt niðurstöðum útreikninga fasteignasalans, 45.079,00 krónur.

Aðalstefnandi telur, að greiðsla á uppþvottavél, 20.000,00 kr., sé innt af sinni hendi umfram skyldu, en aðalstefndu telja, að um sölu uppþvottavélar hafi verið gert sérstakt samkomulag. Í áðurgreindum kaupsamningi um Granaskjól 70, dagsettum 14. mars 1987, er ekki getið uppþvottavélar, og uppþvottavél verður ekki talin venjulegur fylgihlutur með fasteign. Kröfugerð stefnanda í aðalsök og málsástæður hans eru ekki byggðar á sölu umræddrar uppþvottavélar. Verður því að telja, að umrædd kaup á uppþvottavél séu ekki úrlausnarefni í aðalsök málsins.

Kröfur gagnstefnenda um endurgjald vegna umræddrar uppþvottavélar eru ekki studdar neinum gögnum, og þau hafa ekki sýnt fram á það með öðrum hætti, að samið hafi verið um hærra kaupverð fyrir umrædda vél en felst í greiðslu aðalstefnanda. Ekki hafa þau heldur sýnt fram á ósanngirni í þeirri greiðslu. Verður því gagnkrafa þeirra að þessu leyti ekki tekin til greina umfram það, sem aðalstefnandi hefur þegar innt af hendi fyrir vélina.

Dómurinn fellst á, að aðalstefnanda hafi borið að greiða sparisjóðsvexti, en ekki dráttarvexti af síðustu greiðslu samkvæmt kaupsamningnum þann tíma, sem hann hélt henni, til tryggingar því, að áhvílandi veðskuld yrði aflétt, enda óumdeilt, að aðalstefnanda bar skylda til þess.

Aðalstefnandi kveður allar greiðslur samkvæmt umræddum kaupsamningi hafa verið inntar af hendi á skrifstofu Hagskipta hf. utan fjórðu greiðslu, sem aðalstefnandi hafi greitt stefndu beint. Hafi það verið vegna þess, að skrifstofa fasteignasölunnar hafi verið lokuð þann dag. Aðalstefnandi segir, að lokagreiðsla sín samkvæmt kaupsamningnum hafi verið innt af hendi 29. mars 1988 og samkvæmt upplýsingum starfsmanna Hagskipta hf. hafi greiðslan verið í vörslu fasteignasölunnar síðan og ekki verið vitjað af aðalstefndu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Aðalstefndu segja á hinn bóginn, að þeim hafi ekki borist uppgjör eða lokagreiðslur, sbr. 6. lið útborgunar greinds kaupsamnings, né tilkynningar um „deponeringu" þar að lútandi.

Með hliðsjón af því, að fasteignasalar taka í sumum tilvikum við greiðslum vegna kaupsamninga um fasteignir, og þar sem upplýst hefur verið í málinu, að sá greiðsluháttur hafi sem meginregla verið tíðkaður við greiðslur vegna greinds kaupsamnings, lítur dómurinn svo á, að greiðsluháttur aðalstefnanda hafi verið fullnægjandi og greiðsla aðalstefnanda hafi því farið fram með ávísun 29. mars 1988, sem afhent var Hagskiptum hf. f. h. aðalstefndu. Ekki verður því talið, að um viðtökudrátt hafi verið að

ræða og að aðalstefnandi hefði síðar átt að „deponera" greiðslu, er hann hafði þegar innt af hendi og var orðin eign aðalstefndu.

Með tilvísun til þess, er hér hefur verið rakið, verður að fallast á kröfur aðalstefnanda í aðalsök, en sýkna hann í gagnsök. Með tilvísun til 3. töluliðar 193. gr. laga nr. 85/1936 og með hliðsjón af kaupverði eignar og arðsmati á fasteignum ákveðast dagsektir 3.000,00 kr. á dag.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur og Guðjóni Andréssyni, er skylt að viðlögðum 3.000 króna dagsektum að gefa út afsal til aðalstefnanda, William Thomas Möller, fyrir einbýlishúsinu nr. 70 við Granaskjól í Reykjavík ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með töldum leigulóðarréttindum, samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 14. mars 1987 og undirrituðum af málsaðilum.

Gagnstefndi, William Thomas Möller, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Árnu Steinunnar Rögnvaldsdóttur og Guðjóns Andréssonar, í gagnsök.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. mars 1993.

Nr. 113/1993. **Ákæruvaldið**
gegn
Anthony Lee Bellere.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. mars 1993, sem barst réttinum 10. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar úrskurðarins.

Ákæruvaldið hefur með ákæru 10. mars 1993 höfðað opinbert mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur varnaraðila vegna þeirrar háttsemi, sem um er getið í hinum kærða úrskurði.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Varnaraðili skal því sæta gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 29. mars næstkomandi kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 29. mars næstkomandi kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Anthony Lee Bellere, kt. 030966-5389, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. þ. m. kl. 16.00.

Laust fyrir miðnætti í gærkvöld var lögregla kvödd að húsinu nr. 107-109 við Fiskislóð hér í borg, en tilkynnt hafði verið, að þar hefði maður verið staðinn að innbroti.

Á vettvangi hittu lögreglumennirnir fyrir forsvarsmann fyrirtækisins og

kærða. Skýrði forsvarsmaðurinn þeim frá því, að hann hefði komið að kærða gramsandi í skúffum í skrifborði fyrirtækisins. Var kærði handtekinn og færður í fangageymslur lögreglu.

Við rannsókn málsins hefur kærði staðfastlega neitað að hafa farið inn í framangreint fyrirtæki í þjófnaðartilgangi. Erindi sitt hafi verið að grennslast fyrir um, hvort þar væri að finna nafn stúlku, sem hann hefur nafngreint, á starfsmannaskrá fyrirtækisins, til þess að komast að símanúmeri hennar. Áður en hann fór inn í fyrirtæki þetta, hafi hann hitt að máli mann, sem var að störfum í nálægu fyrirtæki, og spurt hann, hvort í grenndinni væri að finna saltfisksverkun. Sá maður hafi hins vegar hvorki vitað eitt né neitt.

Krafa RLR er reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Meðal rannsóknargagna málsins er sakavottorð kærða og bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins, en í því var honum synjað um reynslulausn 30. desember sl. Kærði lauk afplánun fangelsisrefsingar 14. febrúar sl. Fram kemur í sakavottorðinu, að brotaferill kærða er samfelldur. Ber þar mest á auðgunarbrotum.

Skýringar kærða á því, hver hafi verið tilgangur hans með því að fara inn í framangreint fyrirtæki, eru harla ótrúverðugar, einkum í ljósi þess, að hann hefur margsinnis hlotið fangelsisrefsingu fyrir þjófnaðarbrot. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til hinnar tilvitnuðu lagagreinar verður krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina, eins og hún er fram sett, en brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. mars nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 15. mars 1993.

Nr. 114/1993. X

gegn

Félagsmálastofnun Akureyrar.

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra þessi er heimil samkvæmt 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. lögræðislaga greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Helga Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. febrúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað með kröfu Félagsmálastofnunar Akureyrar, undirritaðri á Akureyri 19.11. 1992, af Guðrúnu Sigurðardóttur deildarstjóra, þar sem krafist er, að X, kt. 231039-2609, þá með lögheimili á Akureyri, óstaðsettur í húsi, nú á deild 33 A á Landspítala með uppgefnu lögheimili á [.....], Reykjavík, verði sviptur sjálfræði. Í bréfinu segir, að starfsmenn Félagsmálastofnunar Akureyrar hafi lengi þekkt til málefna X, fyrst og fremst vegna þeirra vandræða, sem hann hafi bakað fóstur-

foreldrum sínum með taumlausri drykkju og yfirgangi í þeirra garð, en hann sé fóstursonur hjónanna M, fædds [...] 1913, og K, fæddrar [...] 1911, er lengst af bjuggu að [...], Akureyri. Hafi hann misnotað áfengi frá unglingsaldri og aldrei lifað eðlilegu lífi, þ. e. a. s. stundað vinnu og séð um sig sjálfur nema tíma og tíma í senn. Eigi hann tvær dætur, sína með hvorri konu, en ól þær ekki upp. Hafi hann til skamms tíma verið skráður til heimilis að [...]. Þar hafi hann dvalist langdvölum við drykkju fósturforeldrum til hrellingar, enda hafi hann gjarnan fyllt húsið af drykkjufólki bæjarins og beitt hótunum til að ná fram vilja sínum, svo sem peningum frá fósturforeldrunum. Allar tilraunir hjálparaðila til breytinga hafi verið árangurslausar, bæði til að hjálpa X við að ná tökum á áfengisfíkn sinni og stuðningur við fósturforeldrana við að útiloka X. Að því hafi komið, að fósturforeldrarnir hafi þurft að flýja heimili sitt og dveljist nú annars vegar á Seli, F.S.A., og hins vegar á Dvalarheimilinu Hlíð. Hafi X samt haldið áfram að áreita fósturföður sinn og reynt að ná af honum fjármunum. Muni gamli maðurinn vera mjög hræddur um sig og beinlínis hræddur við X. Síðastliðið vor hafi X sest að í húsi fósturforeldranna að [...] og hafi verið við drykkju þar síðan þar til viku áður en krafan er gerð, og hafi X farið á Landspítalann, deild 33 A, sviptur sjálfræði tímabundið. Sé X mjög illa farinn líkamlega og andlega, og er það skoðun Félagsmálastofnunar, að hann sé ófær að hugsa um sig sjálfur og ólíklegur til að biðja um þá þjónustu, sem hann þurfi, og því sé hagsmunum hans best borgið með því að svipta hann sjálfræði. Í þessu sambandi verði einnig að líta á hagsmuni fósturforeldra X, en reynslan hafi sýnt, að þau fái engan frið fyrir honum, ef hann er utan stofnunar og norðan heiða. Sé beiðni þessi sett fram af hálfu Félagsmálastofnunar með fullum vilja og samþykki ættingja X, sem treysta sér ekki til að krefjast sjálfræðissviptingar af ótta við áreitni af hans hálfu. Er bent á Hrein Pálsson hdl. og séra Þórhall Höskuldsson sóknarprest, sem þekki vel til málsins.

Hinn 2. desember 1992 kom fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur X, og var honum þá skipaður verjandi, Helgi Jóhannesson hdl. Honum var kynnt fram komin krafa um sjálfræðissviptingu, sem hann kvaðst vera afar ósáttur við. Kvaðst hann fallast á að vera „alkóhólisti", en vera óvirkur, og með beiðninni væri verið að kalla á sjálfsmorðsaðgerðir af hans hálfu.

Hann var spurður, hvernig högum hans hefði verið háttað árið 1992 með tilliti til áfengisneyslu. Hann kvaðst hafa farið í Víðines í byrjun janúar og þaðan í Hlaðgerðarkot, sennilega rétt fyrir páska, en eftir það hefði hann farið í gistiskýli, sem rekið sé á þeirra vegum, þ. e. a. s. Samhjálpar, en þeir hafi verið bæði fyrr og nú sér til aðstoðar, og þangað hafi hann ávallt getað leitað eftir hjálp. Af gistiskýlinu hafi hann farið norður, en sennilega hafi það verið síðla sumars. Hann kvaðst ekki hafa farið að neyta

áfengis, fyrr en hann fór norður. Í fyrstu hafi hann haldið sig frá áfengi eftir komuna norður, en síðan hafi hann byrjað að neyta þess. En það hafi verið bundið við neyslu á kvöldin. Á daginn hafi hann ekki notað vín, heldur ekið um á bifreið sinni og undirbúið fyrirhugaðar viðgerðir á húsi fósturforeldra sinna, m. a. með efniskaupum til viðgerða á þakinu. Þá hafi hann jafnan heimsótt föður sinn á Dvalarheimilið, en með þeim séu kærleikar, og því kannist hann ekki við, að föður sínum standi ótti af sér, svo sem komi fram í beiðninni.

Hann kannaðist við, að fólk hefði komið á heimili sitt og notað þar áfengi. Fólk þetta hefði ætlað að aðstoða sig við viðgerðir á húsinu, en hann hefði síðar séð, að það myndi ekki ganga upp vegna óreglu þess, og hann látið það fara. Hefði hann sjálfur að mestu séð um umhirðu hússins ásamt vinkonu sinni, sem dvalist hefði um tíma hjá sér í húsinu.

Aðspurður um ástandið, er hann var færður af heimilinu, sagði hann, að þá hefði verið þar einn maður fyrir, [....] S.

Hann kvaðst ósáttur við að vera dæmdur fyrir hegðan annarra. Hann hefði einungis neytt áfengis á kvöldin, og telur hann, að hann hafi þá verið fullfær að hugsa um sig sjálfur. Hann telur, að kærur til lögreglu geti hugsanlega stafað af því, að síma hafi verið lokað og gestir fengið leyfi til að hringja úr öðrum húsum í nágrenni og ósættir stafað af því. Hann kveður Hrein Pálsson, lögmann á Akureyri, hafa gætt hagsmuna sinna hingað til, en hann geti vart treyst honum til þess lengur, þar sem hann hafi staðið á bak við að koma sér út úr húsinu. Hann kveðst aðallega ósáttur við beiðnina, þar sem sér finnist, að með henni sé verið að stela af sér öllum eignum sínum. Hann kveðst telja, að yngri dóttir sín, sem búi á Höfn, standi á bak við beiðnina, þar sem hún ásælist aðallega innbúið í húsinu. En eldri dóttir sín, sem búi í Reykjavík, standi með sér, enda aðhyllist þau sömu trú og viti, að trúin geti hjálpað fólki, en með þeim séu miklir kærleikar. Hann kvaðst vel geta hugsað sér að fara í Hlaðgerðarkot.

Í málinu liggur frammi vottorð Hilmis Jóhannssonar, heilsugæslulæknis á Akureyri, dagsett 11. 11. 1992, en hann skoðaði X 10. 11. 1992. Vottorðið hljóðar svo:

— — —

„..... Það má því ljóst vera, að X verður að teljast hættulegur sjálfum sér og að hann er að þrotum kominn vegna drykkjuskapar, enda hefur hann verið áfengissjúkl. a. m. k. 37 ár. Frá því árið 1956 hefur hann fimm sinnum verið í meðferð á Landsp. vegna alvarlegrar drykkjusýki. Hann þarf því nauðsynlega að vistast til frambúðar á stofnun fyrir slíka menn, en er óútreiknanlegur og óáreiðanlegur og hefur sýnt áður, að honum er ekki treystandi til að vistast sjálfviljugur á stofnun. Undirrit. telur því einsýnt,

að svipta beri X sjálfræði, svo að unnt sé að hjálpa honum og vista hann á langtímastofnun fyrir slíka menn.“

Hér fyrir dómi staðfesti Hilmir Jóhannsson heilsugæslulæknir framangreint vottorð og sagði það samið eftir bestu vitund og þekkingu. Hann sagði, að X hefði verið undir læknishendi á stofnunum talsvert hin síðari ár vegna drykkjusýki. Hann kveðst hafa starfað sem læknir hér í bæ síðan 1981 og hafa haft á þeim tíma þó nokkur afskipti af honum vegna langvarandi ofneyslu áfengis. Hafi þau afskipti aðallega komið til vegna þess, að hann hafi verið vakthafandi læknir, en framangreint vottorð hafi hann samið, þar sem hann hafi verið til kvaddur sem fangelsislæknir hér í bæ. Í vottorðinu komi fram allt, sem máli skipti um X, en læknismeðferð við áfengissýki hans fram að þessu hafi engan árangur borið. Hann segir staðfest, að X sé kominn með varanlegar heilaskemmdir af völdum drykkju. Hafi X verið allsgáður, er hann skoðaði hann, en borið merki langvarandi drykkju.

Fyrir dóminn kom sem vitni Þórhallur Höskuldsson, sóknarprestur á Akureyri. Vitnið óskaði að geta þess, að vegna þagnarskyldu sinnar sem sóknarprests um samskipti sín við X gæti hann ekki greint frá þeim persónulega. Samskipti sín sem sóknarprests, sem hann geti um borið, séu til komin vegna beiðni fósturforeldra X og hafi stafað af drykkjuskap hans og félaga hans. Hann lagði fram afrit bréfs M, dags. 13. 10. 1989, svohljóðandi:

— — —

Einnig leggur hann fram afrit af bréfi M, dags. 22. desember 1990, svohljóðandi:

— — —

Fyrir dóminn kom einnig sem vitni Hreinn Pálsson hdl. Vitnið upplýsti, að fyrir tveimur til þremur árum hefðu fósturforeldrar X haft samband við sig fyrir milligöngu séra Þórhalls Höskuldssonar og viljað breyta erfðaskrá sinni, þar sem þau vildu koma því þannig fyrir, að X sem erfingi fengi arf eftir þau greiddan út í áföngum sem lífeyri. Kvaðst hann annast fjárreiður M og lagði fram allsherjarumboð því til sönnunar. Hann sagði, að X hefði fengið umráð húseignarinnar [...] í júní sl. með þeim skilmálum af hendi M, að hann stæði sig varðandi drykkjuskap.

Í haust hafi X haft samband við Geirþrúði Brynjólfsdóttur og óskað eftir því, að hún hjálpaði sér að komast á hæli. Hann kveðst hafa farið að [...] ásamt Geirþrúði og aðkoman þar verið mjög óhrjáleg og borið merki langvarandi drykkjuskapar og óreglu. Hafi Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir verið fús til að taka hann í læknismeðferð, eftir að af honum rynni.

Hafi A, dóttir X, komið norður og gengið í að hreinsa húsið, og svo hafi farið, að eignin hafi verið seld 10. desember sl. á 1.500.000,00 kr.

Hafi sér verið kunnugt um, að fósturforeldrar X voru mjög hrædd við hann, er hann var við drykkju með félögum sínum, en verið tvístígandi gagnvart honum tilfinningalega, þar sem þau hafi skirrst við að beita hann hörku, og því sé beiðni um sjálfræðissviptingu komin frá Félagsmálastofnun Akureyrar.

Hann upplýsti, að persónulegir munir X væru í geymslu hjá Akureyrarbæ á vegum Félagsmálastofnunar. Ekki kvaðst hann þekkja svo heilsufar og drykkjusögu X, að hann væri dómbær á batahorfur.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri Félagsmálastofnunar Akureyrar, og staðfesti kröfuna um sjálfræðissviptingu og kvað hana gerða eftir bestu vitund og þekkingu. Taldi hún, að skammtímavist X kæmi ekki að gagni og að sex mánaða vist á viðeigandi stofnun myndi leiða til sama óviðunandi ástands í samskiptum X við fósturforeldra hans. Við munnlegan málflutning ítrekaði hún þetta sjónarmið sitt og hélt fast við kröfuna um sjálfræðissviptingu.

Verjandi X, Helgi Jóhannesson hdl., gerði þá kröfu, að sjálfræðissviptingarkröfunni yrði hafnað og sér tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði. Taldi hann, að framferði X hefði komið til vegna þeirra drykkjufélaga, er að honum hefðu safnast, svo og væru nú fósturforeldrar hans komnir í öruggt hæli, svo að allar aðstæður væru breyttar. Hann kvað X tilbúinn að gangast undir tímabundna vistun á hæli fyrir drykkjusjúka, en jafnframt upplýsti hann, að X dveldist nú á deild 33 A á Landspítalanum, sem væri lokuð geðdeild.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að telja verði sannað, að högum X sé þannig komið sökum ofdrykkju og ofnautnar áfengis, að hann sé ekki fær að ráða persónulegum högum sínum, og ber því með vísan til 3. gr., c-liðar 1. mgr. lögræðislaga nr. 68/1984 að taka kröfu Félagsmálastofnunar Akureyrar til greina og svipta hann sjálfræði.

Málsvarnarlaun verjanda X, Helga Jóhannessonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 80.000,00 kr., skulu greidd úr ríkissjóði.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

X, áður óstaðsettur í húsi á Akureyri, [...], nú á deild 33 A á Landspítalanum, er sviptur sjálfræði.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Helga Jóhannessonar hdl., 80.000,00 krónur.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 303/1991. **María Þorláksdóttir og**
Grétar Árnason
(Ingólfur Hjartarson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)
og til réttargæslu
Þóri Jónssyni og
Sveini Egilssyni hf.

Stefnubirting. Þingsókn. Sameignarfélag. Aðildarhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1991. Gera þau þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð í héraði á máli stefnda gegn þeim og sameignarfélaginu Þ. Jónssyni & Co. verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, að því er þau og félagið varðar. Þau krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefndu hefur þingsókn fallið niður fyrir Hæstarétti eftir þingfestingu málsins. Engar kröfur eru gerðar á hendur þeim.

Áfrýjendur hafa lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Þau áfrýjendur og réttargæslustefndi, Þórir Jónsson, voru eigendur að sameignarfélaginu Þ. Jónssyni & Co., sem starfrækt var um árabil (ranglega nefnt Þórir Jónsson & Co. í hinum áfrýjaða dómi). Var starfsstöð þess að Skeifunni 17 í Reykjavík hin síðari ár. Vegna atvinnu sinnar var félagið skráningarskylt, sbr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, enda skrásett á firmaskrá í Reykjavík. Með tilkynningu 30. apríl 1990 óskuðu eigendurnir þess, að félagið yrði afmáð úr firmaskrá, sbr. 2. mgr. 21. gr. fyrrgreindra laga.

Sagði í tilkynningunni, að félagið hefði hætt rekstri í árslok 1987 og hlutafélagið Þ. Jónsson & Co. hf. tekið við starfsemi þess ásamt eignum þess og skuldbindingum frá 1. janúar 1988 að telja. Tilkynning þessi var afhent firmaskrárritara 7. maí 1990 og félagið afskráð samkvæmt henni. Birtist tilkynningin í Lögbirtingablaði 28. ágúst 1990.

Mál þetta er höfðað til greiðslu á skuld samkvæmt víxli, sem gefinn var út 2. apríl 1990 í nafni Þ. Jónssonar & Co., eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Er firma félagsins þar ritað af öðrum en áfrýjendum. Í stefnu málsins var dómkröfum beint gegn félaginu og öllum eigendum þess persónulega auk réttargæslustefnda Sveins Egilssonar hf. sem samþykkjanda víxilsins. Birting stefnunnar á hendur áfrýjendum, persónulega og fyrir hönd Þ. Jónssonar & Co., var falin stefnuvottum í Reykjavík, og fór hún fram 19. september 1990 fyrir Þóri Jónssyni að Faxafeni 10 í Reykjavík. Voru áfrýjendur í vottorði stefnuvotta bæði talin starfa í því húsi. Birting á hendur Þóri sjálfum hafði hins vegar farið fram 17. sama mánaðar á heimili hans í Mosfellsbæ gagnvart honum persónulega og fyrir hönd félaganna hvors um sig, og töldu stefnuvottar í Mosfellsbæ hann framkvæmdastjóra þeirra beggja. Áfrýjendur kveðast ekki hafa átt vinnustað að Faxafeni 10 og hafa lagt fram gögn því til sönnunar. Jafnframt kveðast þau ekki hafa fengið endurrit af stefnunni eða vitneskju um málsóknina.

Við þingfestingu málsins á bæjarþingi Reykjavíkur 18. október 1990 var sótt þing fyrir hönd Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns „af hálfu stefnda", eins og það var skrásett í bæjarþingsbók, og honum veittur frestur til greinargerðar. Greinargerð sína lagði hann fram á bæjarþingi 4. desember 1990 fyrir „stefndu, Svein Egilsson hf. og Þ. Jónsson & Co.", og krafðist sýknu. Var málinu síðan vikið til venjulegrar meðferðar. Eftir að greinargerð var komin fram af hálfu stefnandans Íslandsbanka hf., var málið tekið fyrir 22. mars 1991 hjá borgardómara þeim, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm, að viðstöddum lögmanni stefnanda og fyrrgreindum lögmanni, er talinn var mættur „af hálfu stefndu". Lögðu þessir talsmenn aðila málið í dóm án munnlegs flutnings. Leysti dómarinn úr málinu án þess að fjalla um formsatriði varðandi aðild eða þingsókn, enda engar kröfur um það gerðar.

Sameignarfélag Þóris Jónssonar og áfrýjenda hafði verið afskráð, eins og fyrr segir, þegar málið var höfðað, og hefur stefndi ekki reynt að afsanna, að starfsemi þess hafi þá verið slitið. Dómsmáli til viðurkenningar á kröfum vegna skuldbindinga í nafni félagsins varð því að beina gegn eigendunum sjálfum. Á þessu var ekki gripið í stefnu málsins, heldur var sameignarfélagsins þar getið eins og það væri enn við lýði.

Fyrrgreind birting stefnunnar á hendur áfrýjendum fullnægði ekki skilyrðum 95. og 96. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Birting á hendur sameigandanum Þóri Jónssyni fyrir hönd Þ. Jónssonar & Co. hafði og ekki gildi gagnvart þeim. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að áfrýjendur geti samt ekki krafist frávísunar á málinu fyrir sitt leyti, þar sem þeir hafi látið sækja þing, sbr. 97. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Á þetta verður ekki fallist. Yfirlýsing fyrrgreinds lögmanns um flutning á málinu fyrir Þ. Jónsson & Co. varð að teljast marklaus eftir slit og afskráningu félagsins. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að lögmaðurinn hafi haft heimild til þingsóknar fyrir áfrýjendur.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu áfrýjenda um frávísun málsins frá héraðsdómi og ómerkingu meðferðar þess í héraði, að því er þau varðar. Lögmætir hagsmunir þeirra standa til þess, að hið sama verði gert, að því er varðar hið afskráða félag, Þ. Jónsson & Co., og verður sú krafa þeirra einnig tekin til greina.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjendum óskipt 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar áfrýjendur, Maríu Þorláksdóttur og Grétar Árnason, svo og sameignarfélagið Þ. Jónsson & Co., og er kröfum stefnda, Íslandsbanka hf., á hendur þessum aðilum vísað frá héraðsdómi.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 146/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Vilhjálmi Svan Jóhannssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Fjárdráttur. Söluskattur. Staðgreiðsla skatta. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Ágrip barst Hæstarétti 17. júlí 1992.

Þótt ákærði hafi aðeins verið skráður í stjórn eins þeirra hlutafélaga, sem um getur í ákæru, þá liggur það ljóst fyrir í gögnum málsins og er viðurkennt af ákærða, að hann stjórnaði öllum félögunum. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat hans og færslu til refsiákvæða, að því er varðar brot samkvæmt I. og III. kafla ákæru. Brot samkvæmt II. kafla ákæru um skil á staðgreiðslu opinberra gjalda eiga ekki undir ákvæði 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda tæmir sök gagnvart því ákvæði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skyldu ákærða til greiðslu skaðabóta. Ákærði greiði 415.271 krónu í skaðabætur til Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum og 131.028 krónur til Félags starfsfólks í veitingahúsum ásamt dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Bú hlutafélaganna Lækjarveitinga, Lækjarniðar, Laugaveitinga og Pans hafa öll verið tekin til gjaldþrotaskipta. Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta 20. mars 1989. Reyndist búið eignalaust, og lauk skiptum í því 21. febrúar 1992.

Staðfesta ber ákvörðun hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða. Ákærði er eingöngu ákærður fyrir að skila ekki söluskatti

og staðgreiðslu skatta, en ekki fyrir rangfærslu við skattskil. Ósannað er, að hann hafi sjálfur auðgast vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir. Sekt ákærða vegna brota samkvæmt III. kafla ákæru þykir hæfilega ákveðin 5.500.000 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað fangelsi í ellefu mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Svan Jóhannsson, sæti fangelsi í níu mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 5.500.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi ellefu mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði 415.271 krónu í skaðabætur til Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum og 131.028 krónur í skaðabætur til Félags starfsfólks í veitingahúsum ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1989 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 28. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 28. janúar, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í saka-

dómsmálinu nr. 1878/91: Ákæruvaldið gegn Vilhjálmi Svan Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 7. janúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 1. ágúst sl,. gegn ákærða, Vilhjálmi Svan Jóhannssyni, Dunhaga 23, Reykjavík, áður til heimilis að Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi, fæddum 16. ágúst 1946 á Akranesi, ,,fyrir fjárdrátt, brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um söluskatt, sem hér greinir:

I.

Að hafa allt árið 1988 og í janúar til febrúar 1989 sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarniðar og Lækjarveitinga, Lækjargötu 2, Reykjavík, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félaganna samtals 415.271 kr. í iðgjald til Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum og samtals 131.028 kr. í félagsgjald til Félags starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, en eigi staðið skil á fé þessu til lífeyrissjóðs og Félags starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, heldur dregið hlutafélögunum þetta fé og notað í rekstur þeirra.

[Fjárhæðirnar sundurliðaðar í 316 liðum.]

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Að hafa á tímabilinu frá maí 1988 til og með febrúar 1989 sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarniðar og Lækjarveitinga, Lækjargötu 2, Reykjavík, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félaganna samtals 1.288.275 kr. í skilaskylda staðgreiðslu opinberra gjalda, en eigi staðið skil á fé þessu til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Tryggvagötu 28, heldur dregið hlutafélögunum þetta fé og notað í rekstur þeirra.

[Fjárhæðin sundurliðuð í 169 liðum.]

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga og 30. gr., sbr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

III.

Að hafa á tímabilinu frá maí 1987 til og með febrúar 1989 sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarveitinga og Lækjarniðar, sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins Laugaveitinga og hluthafi og stjórnarformaður hlutafélagsins Pans, Lækjargötu 2, Reykjavík, ekki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög 33/1982, skilað innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur söluskatti af rekstri félag-

anna, samtals að fjárhæð 9.816.973 kr., heldur dregið hlutafélögunum þetta fé og notað í rekstur þeirra.

[Fjárhæðin sundurliðuð í 18 liðum.]

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, en sbr. nú 1. mgr. og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Hinn 17. febrúar 1989 barst ríkissaksóknara kæra frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, á hendur Vilhjálmi Svan Jóhannssyni vegna ætlaðs fjárdráttar hans með því að hafa við rekstur veitingahúsanna Abacadabra, og Tunglsins á vegum fyrirtækjanna Lækjarniðar hf. og Lækjarveitinga hf. tekið af starfsfólki lífeyrisiðgjöld og félagsgjöld án þess að hafa skilað þeim í þar til gerða sjóði, svo sem lögbundið er. Í kærunni er tekið fram, að félaginu hefðu borist skilagreinar frá fyrirtækjunum, þar sem gerð hefði verið grein fyrir frádrætti lífeyrisiðgjalda og félagsgjalda, en félaginu hafi hins vegar ekki borist greiðslur í samræmi við þær.

Ákærði hefur athugað öll gögn málsins og sérstaklega með tilliti til þess, hvort þær fjárhæðir og sú sundurliðun, sem fram kemur í ákærunni, sé rétt, og hefur hann ekki séð annað en að svo sé varðandi I. og II. kafla ákæru.

I.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa allt árið 1988 og í janúar til febrúar 1989 sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarniðar og Lækjarveitinga, Lækjargötu 2, Reykjavík, haldið eftir af launum starfsmanna, sem í I. kafla ákæru greinir og þar eru taldir upp á bls. 17-25, 415.271 kr. í iðgjöld til Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, og samtals 131.028 kr. í félagsgjöld til Félags starfsfólks í veitingahúsum, en hafa ekki staðið skil á fé þessu til lífeyrissjóðs og til Félags starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík. Ákærði er ákærður fyrir að hafa dregið hlutafélögunum þetta fé og notað í rekstur þeirra, en ákærði ber, að ástæðan til þess, að greiðslurnar hafi ekki verið inntar af hendi, hafi verið sú, að engir peningar hafi verið til í fyrirtækinu.

Í málinu liggur fyrir sundurliðuð skaðabótakrafa Félags starfsfólks í veitingahúsum á félögin Lækjarnið hf., Lækjarveitingar hf. og ákærða.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa á tímabilinu maí 1988 til og með febrúar 1989 sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarniðar og Lækjarveitinga, Lækjargötu 2, Reykjavík, haldið eftir skilaskyldri staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna félaganna, sem tilgreindir eru með nöfnum á bls. 26-30 í II. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 1.288.275 kr., án þess að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík, Tryggvagötu 28, skil á því. Ákærði er ákærður fyrir að hafa notað þetta fé í reksturinn, en því hefur hann mótmælt og borið, að peningarnir hafi ekki verið til.

III.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa eigi sem hluthafi og framkvæmdastjóri hlutafélaganna Lækjarveitinga og Lækjarniðar, sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins Laugaveitinga og hluthafi og stjórnarformaður hlutafélagsins Pans, Lækjargötu 2, Reykjavík, á tímabilinu frá maí 1987 og til og með febrúar 1989 skilað innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur söluskatti af rekstri félaganna, samtals að fjárhæð 9.816.973 kr. Ákærði bar, að hann væri ekki viss um, að fjárhæðin væri rétt, þar sem fulltrúi tollstjóra hefði oft lokað fyrirtækjunum Lækjarveitingum hf. og Lækjarniði hf. og hann þá farið og greitt tilskilin gjöld og fyrirtækin þá verið opnuð að nýju. Því geti hugsast, að fjárhæðir séu ekki að öllu leyti réttar. Ákærði ber, að peningarnir hafi ekki verið til, en hann er ákærður fyrir að hafa dregið hlutafélögunum þetta fé og notað í rekstur þeirra.

Ákærði kveðst telja, að félögin Laugaveitingar hf. og Pan hf. hafi verið sér óviðkomandi, þar sem Óskar Kristjánsson hafi verið prókúruhafi í Pan hf. og prókúruhafi og stjórnarformaður í Laugaveitingum hf., en hann sjálfur séð um allan daglegan rekstur þeirra. Ákærði kveður þá alla hafa séð um peningamálin, sig Óskar og Braga. Bókhald fyrirtækjanna hafi verið fært, uns þau lentu í gjaldþroti, en ástæðan til gjaldþrotsins hafi verið sú, að allur kostnaður hafi verið umfram greiðslugetu, húsaleiga há og gestir ekki nógu margir til að halda starfseminni gangandi.

Vitnið Óskar Kristjánsson, sem skráð er á vottorðum frá Hlutafélagaskrá framkvæmdastjóri með prókúruumboð hjá Laugaveitingum hf. og með prókúruumboð hjá Pan hf., gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það hefði verið ætlunin, að það starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Pan hf. og Laugaveitingum hf. og sæi um fjármál, en úr því hefði ekkert orðið, þar sem það hefði séð, að ekki voru í gildi eðlilegir viðskiptahættir í fyrirtækinu. Það hefði skrifað undir eitt tékkhefti fyrir

ákærða, en hætt, þegar það hefði séð, að tékkarnir voru notaðir, án þess að til væri innstæða fyrir þeim. Fyrirtækið hefði verið selt 1. desember 1987. Vitnið kvaðst hafa greitt hlutafé sitt á þeim þremur mánuðum, sem það hefði verið við loðandi félögin.

Vitnið kvað ákærða hafa séð um öll fjármál fyrir utan, að það hefði skrifað undir eitt tékkhefti. Ákærði hefði með háttsemi sinni gengið svo fram af vitninu, að það hefði ekki getað litið hann réttu auga síðan.

Vitnið Sesselja Henningsdóttir, eiginkona ákærða, sem skráð er meðstjórnandi í Pan hf. og Laugaveitingum hf. og stjórnarformaður í Lækjarniði hf. og Lækjarveitingum hf., kvaðst aldrei hafa setið stjórnarfundi í félögunum né greitt hlutafé, en kvaðst telja, að ákærði hefði greitt það. Vitnið bar, að ákærði hefði stjórnað öllum félögunum.

Vitnið Gunnlaugur Ragnarsson var meðstjórnandi í Pan hf., sem rak skemmtistaðina Casablanca og Abacadabra, en vitnið kvað Laugaveitingar hf. einnig hafa séð þar um rekstur. Vitnið kvað ákærða hafa séð um fjármál Pans hf. og Laugaveitinga hf., en yfirstjórn fjármála hefði engin verið. Staðið hefði til, að Óskar Kristjánsson kæmi inn í fyrirtækin sem hluthafi. Hann hefði haft prókúru á hefti, sem ákærði hefði notað, og það ekki verið fyrsta heftið, sem hefði fokið, þau hefðu verið mörg, og reikningum hefði verið lokað. Vitnið kvað Óskar hvorki hafa séð um framkvæmdastjórn né fjármál.

Vitnið bar, að ástæðan til þess, að sonur þess væri skráður sem hluthafi í Laugaveitingum hf., hefði verið sú, að það hefði staðið frammi fyrir gjaldþroti, og því hefði Helgi Marteinn verið skráður fyrir hlut þess, en hann hefði ekki haft nein afskipti af fyrirtækinu. Ætluð brot ákærða hefðu verið framin, eftir að það hefði gengið úr fyrirtækinu. Það hefði selt ákærða hlut sinn, en aldrei fengið hann greiddan.

Stjúpsonur ákærða, Grétar Örn Haraldsson, sem skráður er meðstjórnandi í Lækjarveitingum hf. og Lækjarniði hf., óskaði eftir að þurfa ekki að gefa skýrslu fyrir dómi.

Stjúpdóttir ákærða, Sigríður Björg Halldórsdóttir, sem skráð er í stjórn Lækjarveitinga hf. og Lækjarniðar hf. sem meðstjórnandi, kvað nafn sitt einungis hafa verið skráð á pappíra, en hún hefði ekkert haft með félögin að gera, hvorki greitt hlutafé né fylgst með daglegri stjórnun þeirra.

Vitnið Elín Rósa Guðmundsdóttir skrifstofustúlka gaf skýrslu fyrir dómi, og kvaðst það hafa fært bókhald fyrirtækjanna Pans hf., veitingahússins Laugavegi 116, Casablanca og Tunglsins. Vitnið kvað ákærða hafa farið með raunverulega stjórnun fyrirtækjanna, en Gunnlaugur hefði einnig stjórnað, meðan hann hefði verið meðeigandi í fyrirtækjunum. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort Óskar Kristjánsson hefði séð um fjármál, og það kvaðst ekki hafa séð til hans við stjórnun fyrirtækjanna. Vitnið kvaðst hafa

unnið skilagreinar vegna uppgjörs á söluskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, en það hefði ekki séð um greiðslu aftekinna gjalda. Það hefði unnið hjá fyrirtækjunum þar til í júlí 1989, og á þeim tíma hefði bókhald verið tölvufært og öllum fylgiskjölum haldið til haga í sérmerktum möppum. Það hefði haft forrit fyrir hvert fyrirtæki fyrir sig og fært bókhaldið samkvæmt því.

Vitnið Hörður Jóhannesson skrifstofustjóri kom fyrir dóm og staðfesti að hafa, þá er það var deildarfulltrúi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, unnið að rannsókn máls þessa, m. a. með skýrslutökum, vinnslu og öflun gagna, og staðfesti það nafnritun sína á þeim.

Vitnið Símon Ingi Kjærnested, löggiltur endurskoðandi, kom fyrir dóm og staðfesti að hafa ritað bréf, sem lá frammi í málinu og beindist að Rannsóknarlögreglu ríkisins, en þar kom fram, að hann hafði undir höndum ýmis gögn úr bókhaldi fyrirtækjanna.

Vitnið Þorsteinn Guðlaugsson rekstrarráðgjafi kvaðst hafa unnið við ársuppgjör og endurskoðun bókhalds fyrir ákærða, en fyrir dómi kom fram, að það voru önnur fyrirtæki á vegum ákærða, sem eru þessu máli óviðkomandi.

Svo sem að framan greinir, komu allir, sem skráðir voru í stjórn hlutafélaganna, fyrir dóm nema Jón Björnsson og Stefán Thorarensen, en upplýst var, að þeir hefðu ekki verið í stjórn fyrirtækisins Pans hf., heldur væri sú skráning byggð á eldri eigendum félagsins. Af framburði þeirra, framburði ákærða og Elínar Rósu Guðmundsdóttur, sem færði bókhald fyrirtækjanna, má ráða, að þeir, sem skráðir voru félagar, voru þar aðeins til að fullnægja skilyrðum hlutafélagalaga um tilskilinn fjölda stjórnarmanna. Í framburði ákærða og vitnanna kemur fram, að stjórnarfundir voru aldrei haldnir, og stjórnarmönnum var því ekki gefið færi á að fylgjast með rekstri félaganna. Einn þeirra, Óskar Kristjánsson, sá um fjármál þeirra í þrjá mánuði, en gafst þá upp að eigin sögn, vegna þess að hann gat ekki sætt sig við þá viðskiptahætti, sem í félaginu tíðkuðust að boði ákærða, þar sem innstæðulausir tékkar voru m. a. notaðir í viðskiptum.

Elín, sú er færði bókhaldið, hefur staðfest fyrir dómi að hafa unnið þær skilagreinar, sem liggja frammi í málinu, og hefur borið, að þær hafi hún unnið eftir bestu vitund. Vitnið bar, að ákærði hefði séð um stjórnun fyrirtækjanna. Er það í samræmi við framburð annarra skráðra stjórnarmanna, þeirra Sesselju Henningsdóttur, eiginkonu ákærða, dóttur hennar, Sigríðar Bjargar Halldórsdóttur, Óskars Kristjánssonar, Gunnlaugs Ragnarssonar, Helga Gunnlaugssonar og Braga Ólafssonar.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða varðandi I. kafla ákæru, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að ákærði hafi ekki staðið skil

á lífeyrisiðgjöldum í Lífeyrissjóð Félags starfsfólks í veitingahúsum og félagsgjöldum til sama félags, samtals 546.299 kr., á því tímabili, sem í I. kafla ákæru greinir, en það bar honum að gera, þegar laun starfsmanna voru greidd. Ákærði gerði það ekki og hefur borið við miklum fjárhagserfiðleikum fyrirtækjanna. Ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um fjárdrátt og með því gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Þegar litið er til framburðar ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að ákærði hafi á því tímabili, sem tilgreint er í II. kafla ákæru, haldið eftir af launum starfsmanna, sem þar eru greindir, skilaskyldri staðgreiðslu opinberra gjalda, að fjárhæð 1.288.275 kr., en eigi staðið skil á greiðslunum til Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um brot á 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940 og 30., sbr. 31. gr. laga nr. 45/1987.

Ákærði hefur borið, að hann sé eigi viss um, að tölulega sé efni III. kafla rétt, þar sem fyrirtækjunum Lækjarveitingum hf. og Lækjarniði hf. hafi oft verið lokað, hann greitt söluskatt og fyrirtækin verið opnuð að nýju. Þá hefur ákærði borið, að félögin Pan hf. og Laugaveitingar hf. væru sér óviðkomandi. Í vörn ákærða kemur hins vegar fram, að Pan hf. sé eina félagið, sem hann gæti hugsanlega borið refsiábyrgð á að þessu leyti, þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri þess. Ekkert hefur komið fram við skoðun gagna málsins, sem bent gæti til þess, að inn í málið blandist söluskattur, sem þegar hefur verið greiddur. Ljóst er af framburði vitna, að ákærði var framkvæmdastjóri félaganna, jafnframt því sem hann var hluthafi í þeim og tók einn ákvarðanir um rekstur þeirra. Sannað þykir, að ákærði hafi ekki skilað innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur söluskatti af rekstri fyrirtækjanna á því tímabili, sem í III. kafla ákæru greinir, samtals að fjárhæð 9.916.973 kr., heldur dregið hlutafélögunum þá fjárhæð. Með framangreindri háttsemi þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 1., sbr. 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, sbr. nú 1. mgr. og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

[Ákærði hefur 22 sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir ýmis brot og sætt sex refsidómum, síðast 1990 (fangelsi í 1 mánuð, skilorðsb. í 3 ár, fyrir tékkalagabrot).]

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 30. gr. laga nr. 45/1987, 1., sbr. 6. mgr. 25. gr.

laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, sbr. 1., sbr. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi sú, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, er framin fyrir uppsögu dóms sakadóms Seltjarnarness 20. desember 1990, en með þeim dómi var ákærði dæmdur fyrir brot á 73. gr. tékkalaga í mánaðarfangelsi, sem var skilorðsbundið til þriggja ára. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður sú refsing, sem ákærða var þá ákvörðuð, felld inn í þá refsingu, sem ákærða er nú dæmd.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin, þar sem um miklar sakir er að ræða, fangelsi níu mánuði, en fullnustu sex mánaða af refsingunni þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði vegna brotanna í II. og III. kafla ákæru 11.000.000 kr. í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi níu mánuði.

Skaðabætur.

Ákærði greiði Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, skaðabætur, að fjárhæð 546.299 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá því að krafan var gerð 17. febrúar 1989 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Svan Jóhannsson, sæti fangelsi níu mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði 11.000.000 kr. í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi níu mánuði.

Ákærði greiði Félagi starfsfólks í veitingahúsum skaðabætur, að fjárhæð 546.299 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 17. febrúar 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 53/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Helga Þór Jónssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Fjárdráttur. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Ágrip barst Hæstarétti 21. september 1992.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat hans og færslu til refsiákvæða. Þá er fallist á niðurstöðu héraðsdómara um lækkun á ógreiddum söluskatti fyrir árið 1986.

Staðfesta ber ákvörðun hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1988. Samkvæmt upplýsingum sýslumannsins á Selfossi 25. febrúar 1993 er skiptum ekki lokið, en talið, að eignir þrotabúsins muni varla duga til greiðslu kostnaðar við gjaldþrotameðferðina. Ákærði er eingöngu ákærður fyrir að skila ekki söluskatti, en ekki fyrir rangfærslu við skattskil. Sekt ákærða vegna brota samkvæmt I. kafla ákærunnar þykir hæfilega ákveðin 4.000.000 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað fangelsi í átta mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar

falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 4.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi átta mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómsmanninum Sigurði Stefánssyni, löggiltum endurskoðanda, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 572/1991: Ákæruvaldið gegn Helga Þór Jónssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí sl., á hendur ákærða, Helga Þór Jónssyni, Hrísateigi 14, Reykjavík, fæddum 25. október 1943 þar í borg.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir síðargreind refsilagabrot.

I.

Ákærða, Helga, eru gefin að sök vanskil á söluskatti með því að hafa ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 33/1982, greitt vegna hótelrekstrar síns, eins og honum bar og síðar verður rakið, innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur mánaðarlega söluskatt þann, er honum bar að standa skil á. Hinar vangreiddu fjárhæðir eru sem hér segir:

— — —

Samtals 8.451.757 kr.

Atferli ákærða telst varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, en sbr. nú 1. og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Þá er ákærða, Helga, gefið að sök sem einkaeiganda og framkvæmdastjóra Hótel Arkar að hafa vanrækt að standa neðanskráðum lífeyrissjóðum og stéttarfélagi skil á 844.315,70 kr, sem hann hafði haldið eftir við útborgun launa starfsmanna sinna, til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðanna og til greiðslu félagsgjalda. Sundurliðast fjárhæðin þannig:

— — —

Telst framangreind háttsemi varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafist er refsingar samkvæmt framanrituðu og greiðslu alls sakarkostnaðar ásamt skaðabótum, ef krafist verður".

Málavextir eru þessir:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, hóf að byggja Hótel Örk í Hveragerði í september 1985, og var hótelið opnað í júní 1986. Stóð ákærði einn að byggingu hótelsins og rak það sem einkafyrirtæki. Ákærði fjármagnaði bygginguna með því að selja persónulegar eignir, sem hann átti, og með því að fá skammtímalán, en ekki naut ákærði fyrirgreiðslu í formi langtímalána við bygginguna. Ekki treystir ákærði sér til þess að segja til um, hvað hótelið kostaði fullbyggt með þeim búnaði, sem í því var, þegar það var opnað.

Ákærði segir sakargiftum rétt lýst í ákæru að því leyti, að hann hafi ekki staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á þeim söluskatti, sem frá greinir í I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 8.451.757 krónum, fyrir tímabilið júlí 1986 til desember 1987. Þá segir ákærði, að það sé rétt, sem segir í II. kafla ákæru, að hann hafi vanrækt að standa lífeyrissjóðum þeim, sem frá greinir í kaflanum, skil á iðgjöldum til sjóðanna og félagsgjaldi til stéttarfélags, eins og nánar er sundurliðað í ákæru.

Ákærði segir, að alltaf hafi staðið til að standa skil á þeim greiðslum, sem hann er í máli þessu ákærður fyrir að vanrækja skil á. Ástæðan til vanskilanna eru fjárhagsörðugleikar ákærða og ástæða þeirra rekstrarerfiðleikar Hótel Arkar, en þeir voru til komnir vegna mikils fjármagnskostnaðar við byggingu hótelsins.

Ákærði segir, að Karl Guðmundsson hafi átt að sjá um fjármál hótelsins frá upphafi rekstrar þess í lok júní 1986 og þar til í lok febrúar 1987. Þá kveðst ákærði hafa flust austur í Hveragerði og tekið við þessum málum, en fram að því hafði ákærði engin afskipti af rekstri hótelsins, en séð um byggingarframkvæmdirnar. Ákærði segir, að Karl hafi átt að sjá að öllu leyti um útreikninga og skýrslugerð vegna söluskattsuppgjörs og uppgjörs til lífeyrissjóða og stéttarfélaga, á meðan hann annaðist fjármálastjórnina. Ákærði sá um þetta sjálfur, þegar Karl var hættur, og fram í maí 1987, en þá tók Bjarni Zophoníasson við þessu og reyndi að ganga betur frá

hlutunum, en þeir höfðu ekki verið í nógu góðu lagi fram að því. Þá segir ákærði, að Jón Eiríksson endurskoðandi hafi verið fenginn til þess að aðstoða við að koma bókhaldinu í gott horf og vinna upp bókhald frá fyrra ári, sem Gunnar R. Magnússon endurskoðandi hafði skilað seint og illa unnu að mati ákærða. Ákærði segir, að Jón Eiríksson hafi þurft að vinna við að lagfæra bókhaldið í langan tíma, allt frá því í ágúst fram í nóvember 1987, eftir því sem ákærði best man.

Ákærði hefur athugað öll gögn málsins og sérstaklega með tilliti til þess, hvort þær fjárhæðir og sú sundurliðun, sem fram kemur í ákæru, sé rétt, og hefur hann ekki séð annað en svo sé.

Vitnið Karl Guðmundsson framkvæmdastjóri, Mánagötu 9 í Keflavík, kveðst hafa hafið störf hjá Hótel Örk um mánaðamót júní/júlí 1986. Telur vitnið, að starfsheiti sitt hafi verið skrifstofustjóri og verksvið sitt verið samkvæmt því að sjá um fjármál og bókhald fyrirtækisins í samráði við eigandann. Vitnið lauk störfum hjá hótelinu í febrúar 1987.

Vitnið segir, að það hafi verið í sínum verkahring, á meðan það starfaði hjá hótelinu, að skila söluskattsskýrslum og sjá um útreikninga á iðgjöldum til lífeyrissjóða og félagsgjöldum til stéttarfélaga.

Vitnið segir, að vitnið Svava Eggertsdóttir muni hafa gengið frá flestum skilagreinum til lífeyrissjóðanna.

Vitnið Bjarni Zophoníasson framkvæmdastjóri, Víkurbakka 8 í Reykjavík, kveðst hafa hafið störf hjá Hótel Örk í maí 1987 og unnið sem bókari á skrifstofu. Var það m. a. í verkahring vitnisins að ganga frá söluskattsskýrslum. Vitnið segir, að þessum skýrslum hafi að jafnaði verið skilað á réttum tíma, en þó megi vera einhver frávik frá því, að það hafi verið gert á nákvæmlega réttum tíma.

Vitnið segir, að þegar það hóf störf hjá Hótel Örk, hafi ekki verið búið að færa bókhald allt frá áramótum 1986/1987. Vitnið kveðst hafa byrjað að færa bókhaldið frá áramótum, þegar það hóf störf hjá hótelinu, og síðan, þegar því var lokið í ágúst/september, var leitað til Endurskoðunar hf. með afstemmingar á bókhaldinu og það afstemmt til loka ágúst 1987. Vitnið segir, að vegna óreiðunnar á bókhaldinu hafi verið erfitt að ganga frá söluskattsskýrslum, og hafi þá komið til áætlanir, sem vitnið setti fram, en þetta var afstemmt miðað við 31. ágúst 1987, þegar afstemmingu bókhaldsins var lokið. Í framhaldi af því voru söluskattsskýrslur leiðréttar frá fyrri tíð. Vitnið minnist þess ekki, að Endurskoðun hf. hafi haft önnur afskipti af söluskattsskýrslum fyrirtækisins en þau, sem áðurnefnd afstemming náði til. Vitnið kveðst hafa unnið öll sín störf við bókhaldsmál Hótel Arkar eftir bestu vitund og samviskusemi.

Vitnið kveðst hafa byrjað á því að tölvufæra launaútreikninga hjá hótelinu, og hafi það haft hönd í bagga við þær tölvuútskriftir, sem fram

koma í gögnum málsins um lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfestir vitnið, að skilagreinarnar hafi verið sendar hlutaðeigandi lífeyrissjóðum, þótt greiðslur hafi ekki fylgt með.

Vitnið Svava Eggertsdóttir garðyrkjubóndi, Klettahlíð 4 í Hveragerði, hóf störf á skrifstofu Hótel Arkar, fljótlega eftir að hótelið tók til starfa. Vitnið man ekki, hvenær það hætti störfum, en aðallega hafði vitnið með höndum launaútreikninga og útreikninga á lífeyrissjóðsiðgjöldum og öðru því, sem tilheyrði launabókhaldi.

Vitnið staðfestir að hafa gengið frá mörgum útreikningum vegna lífeyrissjóðsiðgjalda og allir verið sendir, án þess að greiðsla fylgdi með.

Vitnið Jón Eiríksson, löggiltur endurskoðandi, Boðagranda 20 í Reykjavík, segir, að það hafi fengið frá Bjarna Zophoníassyni, bókara Hótel Arkar, skjalið „Yfirlit vegna söluskatts 1987, Hótel Örk", en skjal þetta er að finna í gögnum málsins, og einnig staðfestir vitnið, að það hafi afhent Agli Bjarnasyni lögreglufulltrúa ýmis gögn vegna uppgjörs hjá Hótel Örk. Loks staðfestir vitnið, að það hafi gert ársreikninginn 1987.

Vitnið segir, að óreiða hafi verið á bókhaldi Hótel Arkar, þegar það kom til starfa um eða upp úr miðju ári 1987 við að semja rekstrar- og efnahagsreikning fyrir það ár. Var fyrst unnið átta mánaða uppgjör og síðan ársuppgjör. Vitnið segir, að við uppgjörið hafi komið fram, að gera hafi þurft leiðréttingar vegna færslna, sem tilheyrðu árinu 1986.

Vitnið Gunnar Reynir Magnússon, löggiltur endurskoðandi, Hrauntungu 3 í Kópavogi, hefur staðfest, að það hafi samið ársreikning Hótel Arkar fyrir árið 1986 og gert það eftir bestu vitund. Þá staðfestir vitnið, að afstemmingarblað vegna söluskatts fyrir síðari hluta ársins 1986 fyrir Hótel Örk sé unnið á skrifstofu sinni og undirritað af þáverandi starfsmanni sínum, Jóni Gunnari Gíslasyni.

Vitnið segir, að þegar það tók að sér að gera upp ársreikning fyrir Hótel Örk vegna ársins 1986, hafi bókhald fyrirtækisins verið í mikilli óreiðu og erfitt að ganga frá uppgjöri, jafnvel ómögulegt miðað við þau gögn, sem fyrir lágu.

Vitnið Egill Bjarnason lögreglufulltrúi, Kvíholti 14 í Hafnarfirði, hefur staðfest ýmis rannsóknargögn í málinu, sem það hefur samið.

Niðurstöður.

Söluskattsvanskil ákærða samkvæmt ákærunni byggjast á sundurliðun í bréfi Skattstofu Reykjavíkur, dagsettu 11. apríl 1991, en samkvæmt söluskattsskýrslum og ársreikningum Hótel Arkar fyrir árið 1986 kemur fram, að á lagður söluskattur samkvæmt söluskattsskýrslum fyrir júlí-október er 1.523.040 krónur, og samkvæmt yfirliti í ársreikningi Hótel Arkar fyrir árið 1986 koma fram innborganir á söluskatt fyrir ágúst, september og október

1986, samtals 1.034.361 króna. Mismunur, sem telja má ógreiddan fyrir þetta tímabil, er því 488.679 krónur, en ekki 1.544.897 krónur, eins og kemur fram í ákæru. Ógreiddur söluskattur fyrir árið 1987 er samkvæmt ákæru í samræmi við ársreikning Hótel Arkar fyrir það ár 6.906.860 krónur. Samanlögð vanskil Hótel Arkar á söluskatti fyrir það tímabil, sem tilgreint er í ákæru, er því 7.395.539 krónur í stað 8.451.757 króna, eins og ákæra tilgreinir. Með framangreindri athugasemd er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur ekki staðið skil á framangreindum söluskatti fyrir það tímabil, sem frá greinir í I. kafla ákæru. Þá er einnig sannað með sama hætti, að ákærði hefur ekki staðið skil á þeim lífeyrissjóðsiðgjöldum og félagsgjöldum, sem sundurliðuð eru í II. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 844.315,70 krónur. Er öll þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði hefur sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og sætt tveimur refsidómum, árið 1962 fyrir umferðarlagabrot og 29. júní 1990 fyrir fjárdrátt og svik (6 mánaða fangelsi, skilorðsb. 3 ár).]

Refsing.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi sú, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, er framin fyrir uppsögu dóms ákærða frá 29. júní sl., og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður sú refsing, sem ákærða var þá ákvörðuð, felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður ákvörðuð nú.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði, en þar sem ekki er um skilorðsrof að ræða og ákærði hefur ekki áður hlotið refsivistardóm, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu níu mánaða af refsingunni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði vegna brotanna í I. kafla ákæru 7.500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi fimm mánuði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Þór Jónsson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá greiði ákærði 7.500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi fimm mánuði, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 119/1992. **Ákæruvaldið**
(Atli Gíslason saksóknari ad hoc)
gegn
Páli Guðfinni Harðarsyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Söluskattur. Staðgreiðsla opinberra gjalda. Skyldusparnaður. Fjárdráttur. Fjársvik. Skilasvik. Tékkar. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

I.

Tildrög máls þessa eru þau, að samkvæmt 4. mgr. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 vakti skiptaráðandi í Kópavogi með bréfi 13. júlí sama ár athygli ríkissaksóknara á hugsanlegum refsilagabrotum stjórnar og forsvarsmanna Byggingafélagsins Hamra hf. Að ósk ríkissaksóknara 2. ágúst 1989 hóf Rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins sumarið 1989, og stóð hún fram í maí 1990. Ákæra var út gefin 25. janúar 1991, og hófst meðferð fyrir héraðsdómi 21. febrúar 1991, og var ákæra birt 13. mars sama ár, en nokkrar tafir urðu síðan á meðferð málsins, svo sem nánar er gerð grein fyrir í héraðsdómi. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir Byggingafélaginu Hömrum hf., fyrirtækinu Hömrum hf., Grundarfirði, og loks Versluninni Hömrum, Kópavogi, og tengslum ákærða við þau. Tvö fyrstnefndu fyrirtækin hafa verið lýst gjaldþrota, svo sem greinir í hérðsdómi. Fram er komið, að ákærði var lýstur gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar 31. mars 1989, og var skiptameðferð á búi hans lokið 9. október 1991 með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

II.

I. kafli ákæru.

A. Brot á lögum um söluskatt:

Ákæruvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er þennan lið varðar, en ákærði sýknu.

Þessi ákæruliður er byggður á söluskattsskýrslum, sem gerðar eru eftir gögnum úr bókhaldi Byggingafélagsins Hamra hf. og Verslunarinnar Hamra, Kópavogi. Hvorki er tölulegur ágreiningur um úrlausn héraðsdóms né um söluskattsskyldu fyrirtækjanna. Fallast ber á það með héraðsdómi, að ákærði hafi borið ábyrgð á söluskattsskilum fyrirtækjanna. Í ljós er leitt, að þetta vanrækti hann, en samkvæmt 1. mgr.-25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, er þá voru í gildi, var þetta refsivert, sbr. 6. mgr. sömu greinar, og ber að refsa honum samkvæmt því, sbr. til hliðsjónar 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. in fine 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda:

Ákæruvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms samkvæmt þessum lið, en auk þess sakfellingar ákærða fyrir að standa ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir októbermánuð 1988, 523.287 krónum.

Ákærði krefst sýknu. Sérstaklega er því haldið fram, að staðgreiðsla fyrir októbermánuð hafi verið áætluð af skattyfirvöldum, og hafi áætlunin verið send ákærða og honum gefinn frestur í tíu daga til að gera skriflegar athugasemdir og fullnægjandi skilagrein. Byggingafélagið Hamrar hf. hafi orðið gjaldþrota, áður en þeir dagar voru liðnir. Áætlunin, sem hér er vísað til, er ódagsett.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda ber launagreiðanda að skila skilagrein mánaðarlega, enda þótt engin greiðsla fylgi. Samkvæmt 21. gr. sömu laga skal skattstjóri áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda, sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka 20. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum. Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. er gjalddagi fyrsta hvers mánaðar, en eindagi 14 dögum síðar. Þegar til þess er litið, að áætlun skattstjóra er ódagsett, verður með tilvísun til lagaákvæða þeirra, sem hér hafa verið rakin, að leggja

til grundvallar frásögn ákærða um, að byggingafélagið hafi verið orðið gjaldþrota, áður en frestur sá var liðinn, er skattyfirvöld höfðu sett honum til fullnægjandi skilagreinar. Ber því að sýkna hann af því ákæruefni að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra galda októbermánaðar 1988. Háttsemi hans að öðru leyti samkvæmt þessum tölulið er réttilega heimfærð í héraðsdómi og ákæru til 1. og 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987.

C. Brot á ákvæðum laga um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga og almennum hegningarlögum:

Ákæruvaldið fellst á tölulega afgreiðslu héraðsdóms samkvæmt þessum lið og heimfærslu brota hans til ákvæða laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. nú 115. gr., sbr. 125. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, en fellst ekki á, að ákvæði þessi tæmi sök gagnvart 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði krefst sýknu, þar sem brot hans samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins séu fyrnd.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, gekkst ákærði undir sektargreiðslu í sakadómi Kópavogs 6. september 1989 varðandi brot á lögum nr. 60/1984 og reglugerð nr. 92/1985 vegna vanskila á skyldusparnaði Péturs M. Ólafssonar, 15.675 krónum. Lækkar fjárhæð samkvæmt þessum lið ákæru sem þessu nemur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að sök ákærða samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun sé fyrnd. Ákærði hefur játað að hafa ekki skilað skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., versluninni Hömrum í Kópavogi og Hömrum hf., Grundarfirði. Hann hafi gert þetta til að halda fyrirtækjunum gangandi. Er þannig fram komið, að ákærði notfærði sér fjármuni, sem hann hafði í sínum vörslum, en átti ekki. Fellur brot hans sjálfstætt undir verknaðarlýsingu 247. gr. almennra hegningarlaga, og verður ekki fallist á, að ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins tæmi hér sök, enda hafa þau ákvæði sjálfstætt gildi, þegar brot felst eingöngu í því að halda ekki eftir skyldusparnaði. Ber því að refsa ákærða fyrir brot á 247. gr.

D. Tékkabrot:

Ákæruvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms varðandi þessi brot og fellst á sýknu vegna tékka samkvæmt 13. lið.

Ákærði krefst frávísunar vegna tékka samkvæmt liðum 1-7 og

sýknu vegna tékka samkvæmt liðum 8-12, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Ákærði heldur því fram, að hann hafi sjálfur látið loka tékkareikningum þeim, sem um er getið í ákæru, en bankinn hafi ekki lokað reikningunum vegna misnotkunar.

Þrátt fyrir þá fullyrðingu í héraðsdómi, að útgáfa tékka samkvæmt liðum 1-7 hafi verið kærð af Landsbanka Íslands, eru engin gögn því til stuðnings. Saksóknarreglum 2. mgr. 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, er því ekki fullnægt, og verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn bankanum. Útgáfa tékka samkvæmt liðum 8-12 var kærð af framseljendum. Gögn málsins bera með sér, að Landsbankinn hafði látið viðgangast, að gefnar væru út innstæðulausar ávísanir í nafni Byggingafélagsins Hamra hf., sem voru geymdar á svokölluðum FIT-reikningi í allt að 49 daga, þar til innstæða var fyrir þeim. Eins og hér háttar til, telst háttsemi ákærða samkvæmt liðum 8-12 varða við 1. mgr. 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

E. Fjársvik:

Ákæruvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, en ákærði staðfestingar á héraðsdómi um sýknu hans af broti samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessum lið ákærunnar kærir JL-Völundur hf. vöruúttektir Byggingafélagsins Hamra hf. á tímabilinu 20. október til 19. nóvember 1988, að fjárhæð 328.802 krónur, en að frádreginni innstæðu á reikningnum, 39.078 krónum, sem gerir þannig 289.724 krónur. Reikningar eru einungis fyrir úttektum frá 1. nóvember 1988 til 19. sama mánaðar, að fjárhæð 117.395 krónur. Kemur því hærri fjárhæð ekki til skoðunar. Óupplýst er, hver samdi um kaup á byggingavörum hjá JL-Völundi hf. út í reikning, en fram er komið, að verkstjórar Byggingafélagsins Hamra hf. ákváðu úttektir hverju sinni, en þeir hafa borið, að upplýsingar um úttektarheimildir hafi þeir fengið frá skrifstofu fyrirtækisins hverju sinni. Ákærði hafði hins vegar sem framkvæmdastjóri yfirlit yfir fjárreiður félagsins og mátti, að minnsta kosti, eftir að greiðslustöðvunarbeiðni félagsins hafði verið hafnað 13. október 1988, gera sér grein fyrir vonlausri stöðu þess. Honum bar því að koma í veg fyrir úttektir byggingavara á vegum félagsins á þessum tíma hjá JL-Völundi hf., en ekki er annað fram komið en starfsmenn þess hafi verið

grandlausir um greiðslustöðu fyrirtækis hans. Háttsemi hans þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, og ber að fallast á kröfur ákæruvaldsins um, að hann hafi áunnið sér refsingu samkvæmt þessum lið ákærunnar.

II. kafli ákæru. Brot á almennum hegningarlögum.

Ákæruvaldið krefst sakfellingar samkvæmt þessum kafla ákæru, en ákærði staðfestingar á héraðsdómi um sýknu. Atvikum er lýst í héraðsdómi. Ákærði og kaupendur húsanna eru sammála um, að kaupendurnir fengu ekki að vita um veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi til Búnaðarbanka Íslands frá 12. janúar 1988. Áður en því byggingarstigi var náð, að húsin yrðu afhent kaupendum samkvæmt kaupsamningum, gaf ákærði út afsöl til þeirra. Við afsölin og eftirfarandi gjaldþrot byggingafélagsins eignuðust kaupendurnir því gagnkröfur á hendur þrotabúi félagsins, svo að ekki gat komið til þess, að ákærði gæti afhent bankanum veðskuldabréf þau, sem fyrirhugað var samkvæmt kaupsamningunum. Þessi háttsemi ákærða varð ekki samrýmd hagsmunum bankans og varðar hann refsingu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærði er eingöngu ákærður fyrir að skila ekki söluskatti og staðgreiðslu skatta, en ekki fyrir rangfærslu við skattskil. Skattskilin eru byggð á bókhaldi, sem ákæruvaldið hefur ekki borið brigður á. Ósannað er, að hann hafi sjálfur auðgast vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir, og fram er komið, að hann persónulega er gjaldþrota. Við ákvörðun refsingar er í héraðsdómi réttilega vísað til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði, en rétt er að fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá ber að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 3.500.000 krónur. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi sjö mánaða fangelsi í stað hennar.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, svo sem hann var ákveðinn í héraðsdómi.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í níu mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsivistinni, og fellur sá hluti niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 3.500.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi sjö mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd að liðnum fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði með þeim fjárhæðum, sem þar voru ákveðnar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, og skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 11. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. október sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 25. janúar 1991, „á hendur Páli Guðfinni Harðarsyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra, Grundargötu 80, Grundarfirði, fæddum 6. júlí 1954 í Grundarfirði, fyrir brot á lögum um söluskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lagaákvæðum um skyldusparnað ungs fólks, lögum um tékka og almennum hegningarlögum.

Málið er höfðað gegn ákærða sem aðaleiganda, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Byggingafélagsins Hamra hf. (kt. 680787-1239), Kópavogi, og einkafirma hans, Verslunarinnar Hamra, s. st. (kt. 480385-0559), og sem stjórnanda þeirrar atvinnustarfsemi, er fram fór á vegum greindra aðila.

I. kafli.

A. Brot á lögum um söluskatt.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, skilað innheimtu-

manni ríkissjóðs ótilkvaddur mánaðarlega söluskatti vegna starfsemi Byggingafélagsins Hamra hf., Kópavogi, og Verslunarinnar Hamra, s. st., á árunum 1987 og 1988, eins og síðar segir, en söluskattur þessi mun nú tapaður að mestu eða öllu leyti í kjölfar gjaldþrots ákærða og hlutafélagsins. Skattfjárhæðirnar eru þessar:

— — —

..... Kr. 4.637.786.

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, sbr. nú lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

B. Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákærða er gefið að sök sem framkvæmdastjóra Byggingafélagsins Hamra hf. að hafa vanrækt að standa ríkissjóði skil á 2.898.641 krónu, sem félagið hélt eftir eða bar að halda eftir af launum starfsmanna sinna á tímabilinu mars-september 1988 samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987, auk sams konar greiðslu vegna októbermánaðar sama ár, 523.287 kr., sem og að gera ekki skilagrein um laun og aftektir þann mánuð.

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. mgr. og 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

C. Brot á ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984
um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga
og almennum hegningarlögum.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., Hömrum sf. og Hömrum hf., Grundarfirði, eða bar að halda eftir við útborgun til neðangreindra manna samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins á árunum 1987 og 1988, að fjárhæð samtals 530.441 kr.

— — —

Brot samkvæmt þessum kafla telst varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 84. gr. laga nr. 60/1984, sbr. nú 118. gr. laga nr. 86/1988 og 17. gr. reglugerðar nr. 92/1985.

D. Tékkabrot.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa í október og nóvember 1988 og í ágústmánuði 1977 gefið út og notað í viðskiptum eftirgreinda tékka í nafni Hamra hf. eða eigin nafni á tékkareikninga nr. 9093 og nr. 10399 hjá

Landsbanka Íslands, Reykjavík og Ólafsvík, án þess að næg innstæða væri á reikningunum, þegar tékkarnir voru sýndir í bankanum, en reikningunum var lokað 21. nóvember 1988 og 16. október 1987 vegna misnotkunar, en bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 21. nóvember 1988:

1. Tékki nr. 4780308, að fjárhæð upphaflega 252.200 kr., en að frádreginni innborgun 41.472,38 kr., að eftirstöðvum 210.127,68 kr., dagsettur 28. október 1988, út gefinn til Ingvars Sveinbjörnssonar af ákærða til greiðslu vinnulauna.

2. Tékki nr. 4780310, að fjárhæð 15.000 kr., dagsettur 28. október 1988, út gefinn til Trausta Kristjánssonar af Matthildi Gestsdóttur f. h. Hamra hf. með vitund og að fyrirlagi ákærða til greiðslu á vinnulaunum og kostnaði.

3. Tékki nr. 4780311, að fjárhæð 228.716,50 kr., dagsettur 28. október 1988, til Landsbanka Íslands og innleystur af útibúi bankans í Breiðholti í Reykjavík, út gefinn af Matthildi Gestsdóttur f. h. Hamra hf. með vitund og að fyrirlagi ákærða til greiðslu á skuld.

4. Tékki nr. 4780312, að fjárhæð 100.000 kr., til greiðslu inn á víxilskuld, dagsettur 28. október 1988, út gefinn af ákærða til Lögmannastofunnar Skipholti 50 B í Reykjavík og framseldur af henni.

5. Tékki nr. 4780314, að fjárhæð 200.000 kr., til greiðslu á vöruúttekt, dagsettur 31. október 1988, út gefinn til handhafa og framseldur af Versluninni Hömrum hf., Grundarfirði.

6. Tékki nr. 4780319, að fjárhæð 12.390 kr., dagsettur 3. nóvember 1988, út gefinn af ákærða f. h. Hamra hf. til Goss hf. til greiðslu á vöruúttekt.

7. Tékki nr. 4780321, að fjárhæð 7.000 kr., dagsettur 3. nóvember 1988, út gefinn til handhafa af ákærða og framseldur af Hrönn Harðardóttur til greiðslu á tækifærisgjöf.

8. Tékki nr. 4780313, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 27. október 1988, út gefinn til handhafa af ákærða, en framseldur af Olíufélaginu hf., og var tékkinn notaður í staðgreiðsluviðskiptum.

9. Tékki nr. 4780325, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 4. nóvember 1988, út gefinn til Esso til greiðslu í staðgreiðsluviðskiptum.

10. Tékki nr. 4780315, að fjárhæð 13.267 kr., dagsettur 4. nóvember 1988, út gefinn til handhafa f. h. Hamra hf. til greiðslu á vöruúttekt, en framseldur af G. J. Fossberg hf.

11. Tékki nr. 4780341, að fjárhæð 5.400 kr., dagsettur 18. nóvember 1988, út gefinn til Antons hf. f. h. Hamra hf. til greiðslu á vörum og framseldur af því félagi og Olís hf.

12. Tékki nr. 4780342, að fjárhæð 5.000 kr., dagsettur 19. nóvember 1988, út gefinn til handhafa af ákærða sem greiðsla í staðgreiðsluviðskiptum, en framseldur af Nesti í Fossvogi.

13. Tékki nr. 1003225, að fjárhæð upphaflega 220.160 kr., en að frádreginni innborgun, 64.841,68 kr., nú 155.318,32 kr., dagsettur 18. ágúst 1987, út gefinn til Sementsverksmiðju ríkisins af ákærða á tékkareikning nr. 10399 í útibúi Landsbanka Íslands, Ólafsvík, Snæfellsnesi, til greiðslu á skuld á viðskiptareikningi.

Atferli ákærða samkvæmt töluliðum nr. 3, 4 og 13 hér að framan telst varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en að öðru leyti við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

E. Fjársvik.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa sem framkvæmdastjóri Byggingafélagsins Hamra hf. á síðasta mánuði fyrir gjaldþrot hlutafélagsins 21. nóvember 1988 látið taka út vörur í reikning þess hjá Völundi hf., að fjárhæð 328.802 kr., en að frádreginni innstæðu á reikningnum, 39.078 kr., nam úttektin 289.724 krónum. Leyndi hann seljanda fjárhagsstöðu hlutafélagsins, en ákærða gat ekki dulist á greindum tíma, að Byggingafélagið Hamrar hf. væri gjaldþrota, en 13. október 1988 hafði beiðni hlutafélagsins um greiðslustöðvun verið hafnað. Námu lýstar kröfur í þrotabú þess tæpum 168 milljónum króna, þar af almennar kröfur um 109 milljónum, sem talið er, að ekkert muni greiðast upp í. Við þessar aðstæður stofnaði hann fjármunum kröfuhafans í stórhættu og mátti raunar ekki vænta þess, að hann gæti greitt vöruúttektina.

Þessi háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

II. kafli.

Brot á almennum hegningarlögum.

Ákærða er gefin að sök eftirgreind ráðstöfun á leiguréttindum Byggingafélagsins Hamra hf. sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra hlutafélagsins og aðaleiganda.

Með tveimur afsölum, dagsettum 7. október 1986 og 30. október 1987, eignaðist Mosfellsbær tvær lóðarspildur úr landi Lágafells í Mosfellssveit. Afsölin hlutu þinglýsingarnúmer litra 4099/1987 og 13276/1987. Með tryggingarbréfi, út gefnu 12. janúar 1988, sem þinglesið var 14. sama mánaðar, veðsetti stjórn Byggingafélagsins Hamra hf. Búnaðarbanka Íslands greindar landspildur með 1. veðrétti til tryggingar skuld, að fjárhæð 7.200.000 kr., á grundvelli áritaðs veðleyfis Mosfellsbæjar á tryggingarbréfið. Á tryggingarbréfinu voru greindar sem veðsettar á landspildunum byggingarlóðirnar á jöfnu tölunum nr. 2-26 við Aðaltún. Veðsetningin samkvæmt tryggingarbréfinu var í veðmálabók innfærð á ofangreind þinglýsingarnúmer, enda ekki tæk þinglýsing á lóðarnúmerin eftir áritun um veðleyfi

á tryggingarbréfi fyrir ósérgreindum byggingarlóðum. Byggingafélagið reisti síðan nokkur hús til sölu á landspildunum og seldi þau í smíðum, en veðsetningin samkvæmt tryggingarbréfinu tók til þeirra. Meðal þeirra voru:

Nr. 10 við Aðaltún, selt Karli Snorrasyni og Gunnjónu S. Jensdóttur, s. st., með afsali, dagsettu 14. nóvember 1988, þinglesnu 16. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 12 við Aðaltún, selt Halli Birgissyni og Kristínu Dóru Karlsdóttur með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 18. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 18 við Aðaltún, selt Runólfi Sigurðssyni og Áslaugu Þórhallsdóttur, s. st., með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 20 við Aðaltún, selt Ólafi Höskuldssyni, s. st., með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 22 við Aðaltún, selt Torfa Axelssyni og Ernu G. Garðarsdóttur, s. st., með afsali 8. nóvember 1988, þinglesnu 28. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Nr. 24 við Aðaltún, selt Kristjáni Sturlusyni og Sigrúnu Arnardóttur með afsali, dagsettu 8. nóvember 1988, þinglesnu 11. s. m., með lóðarréttindum og án veðbanda.

Fyrir hönd Byggingafélagsins Hamra hf. gerði ákærði, Páll Guðfinnur, leigusamninga um fyrrgreindar lóðir við Mosfellsbæ. Er í þeim ekki getið veðbanda. Leiguréttinum afsalaði hann síðan kaupendum fasteignanna og leyndi þá jafnframt þeim veðböndum, sem á eignunum hvíldu samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins frá 12. janúar 1988. Með þessu kom hann því til leiðar, að við þinglýsingu skjalanna stofnaðist traustfangsréttur samkvæmt leigusamningunum og yfir lóðunum og tilheyrandi mannvirkjum kaupendum til handa, sem að mestu eyddi tryggingargildi 1. veðréttar Búnaðarbanka Íslands á lóðunum og á húsum á þeim. Einnig brást ákærði loforði til bankans í ábyrgðaryfirlýsingu frá 19. júní 1988.

Með framangreindum sölum ráðstafaði ákærði áðurtöldum húsum og lóðarréttindum, sem Búnaðarbanki Íslands hafði áður eignast veðréttindi yfir, svo að þær verða ekki samrýmdar rétti bankans.

Til vara er því haldið fram, ef svo yrði talið, að veðréttur bankans samkvæmt tryggingarbréfinu frá 12. janúar 1988 hvíldi enn á fasteignunum, hvort heldur undan eða á eftir rétti kaupenda, að ákærði hafi með sviksamlegum hætti leynt þá veðsetningunni.

Framangreint atferli ákærða telst aðallega varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr. sömu laga.

III. kafli.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar, en við munnlegan málflutning var fallið frá öllum bótakröfum í málinu. Leiðrétt hefur verið ártal í D-lið I. kafla ákærunnar úr 1977 í 1987.

Málið var fyrst tekið fyrir í sakadómi 21. febrúar 1991, en ákæra var birt 13. mars s. á. Ákærði var fyrst yfirheyrður um sakarefnið fyrir dómi 14. október s. á., en tafir urðu á fyrirtöku málsins af ástæðum, er varða sækjanda og fram koma á dskj. nr. 29.

I.

Ákærði var stjórnarformaður Byggingafélagsins Hamra hf., frá því að félagið var stofnað 1. júlí 1987, og framkvæmdastjóri frá ársbyrjun 1988. Aðrir í stjórn félagsins voru Jóhanna Erla Ólafsdóttir, eiginkona ákærða, og Berglind Ólafsdóttir. Við bókhald félagsins störfuðu auk ákærða Matthildur Gestsdóttir, sem var bókari og gjaldkeri, og Jóhann Pétur Sturluson sem framkvæmdastjóri, en hann lét af störfum í árslok 1987. Með bréfi, dags. 11. október 1988, var af hálfu félagsins farið fram á greiðslustöðvun í allt að þrjá mánuði, en beiðninni var hafnað með úrskurði skiptaréttar 13. október s. á. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. nóvember s. á.

Hamrar hf. í Grundarfirði tók til starfa 1. janúar 1985 og stundaði verktaka- og byggingarstarfsemi. Ákærði var stjórnarformaður, en aðrir í stjórn voru Jóhanna Ólafsdóttir og Guðlaug Guðmundsdóttir. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta 1988 eða 1989.

Verslunin Hamrar var skráð 8. mars 1985 samkvæmt firmaskrá, og voru eigendur ákærði og Björgvin Magnússon, sem gekk úr félaginu 24. september s. á., og var ákærði eftir það einn eigandi fyrirtækisins.

II.

Brot á lögum um söluskatt.

Við rannsókn málsins hefur m. a. komið fram, að ákærði greiddi ekki innheimtumanni ríkissjóðs söluskatt vegna Byggingafélagsins Hamra hf., Vesturvör 9, Kópavogi, fyrir tímabilið júlí til og með nóvember 1988, samtals 2.413.243 kr., og vegna Hamra, byggingavöruverslunar, Vesturvör 9, Kópavogi, fyrir tímabilið júlí 1987 til og með mars 1988 og júnímánuð 1988, samtals 2.228.543 kr., samanber ljósrit af söluskattsskýrslum fyrir framangreind tímabil, sem lögð hafa verið fram í málinu, og yfirlitum bæjarfógetans í Kópavogi, dagsettum í nóvember 1991. Í ákærunni er ógreiddur söluskattur fyrir október 1988 talinn vera 433.389 kr., en í gögn-

um málsins er ógreiddur söluskattur fyrir október 1988 437.389 kr. Ákærða voru sýndar umræddar söluskattsskýrslur, og staðfesti hann, að hann kannaðist við skýrslurnar og að þær væru réttar. Fyrir liggur staðfesting bæjarfógetaembættisins í Kópavogi á því, að söluskatturinn var enn ógreiddur 24. október 1991.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að Matthildur Gestsdóttir hafi útbúið söluskattsskýrslur fyrir Byggingafélagið Hamra hf. Ekki hafi verið unnt að ganga frá skýrslum fyrir tímabilið júlí 1987 til mars 1988 fyrr en í ágúst það ár vegna tæknilegra erfiðleika við bókhaldið. Söluskattsskýrslur fyrir tímabilið júlí-nóvember 1988 hafi Matthildur útbúið, eftir að fyrirtækið varð gjaldþrota, að beiðni skiptaráðanda, og var það gert samkvæmt gögnum fyrirtækisins. Söluskattur hafi ekki verið greiddur, þar sem ekki voru til peningar fyrir honum. Áður en ákærði varð framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hafi Jóhann Pétur Sturluson séð um reksturinn. Þeir hafi ekki verið sammála um aðferðina við söluskattsskil, en ákærði kvaðst hafa látið Jóhanni eftir að ákveða, hvernig söluskatti var skilað, á meðan hann var framkvæmdastjóri. Jóhann hafi því einn tekið ákvörðun um að skila ekki söluskatti, en ákærði kvaðst þó eflaust hafa stutt Jóhann í því, þar sem lítið var um peninga í fyrirtækinu.

Berglind Ólafsdóttir var í stjórn Byggingafélagsins Hamra hf. Hún hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi sjálfur stjórnað fyrirtækinu, tekið allar ákvarðanir og borið ábyrgð á daglegum rekstri þess. Hún kvaðst ekki hafa haft neina vitneskju um vanskil á söluskatti, skyldusparnaði og staðgreiðslu opinberra gjalda. Hún kvaðst sem stjórnarmaður hafa skrifað undir skuldabréf til Búnaðarbankans, sem ætlað var til að greiða upp skuldir Hamra hf. í Grundarfirði við bankann. Einnig hafi hún skrifað undir skjöl varðandi lóðirnar við Aðaltún í Mosfellsbæ. Hún kvaðst ekki hafa verið viðstödd, er afsölin voru gerð, heldur hefðu kaupendur komið með þau heim til hennar, eftir að gengið hafði verið frá þeim, og hún skrifað undir sem stjórnarformaður hlutafélagsins.

Jóhanna Erla Ólafsdóttir, sem einnig var í stjórn félagsins, hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki haft afskipti af daglegum rekstri fyrirtækisins, enda hafi hún búið í Grundarfirði. Hún hafi þó vitað, að fjárhagsstaða fyrirtækisins var slæm. Þau hjónin hafi misst hús sitt og bíl ásamt öðrum eignum vegna þessara fjárhagsvandræða. Haustið 1988 hafi verið rætt um það, hvernig unnt væri að rétta fjárhaginn og bjarga fyrirtækinu. M. a. hafi verið rætt um að reyna að fá nýtt hlutafé inn í félagið. Ekki kvaðst hún hafa vitað, að söluskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og skyldusparnaði hafði ekki verið skilað.

Matthildur Gestsdóttir byrjaði störf hjá Byggingafélaginu Hömrum hf. í janúar 1988. Hún hefur komið fyrir dóminn og staðfest undirritun sína

á söluskattsskýrslurnar. Það hafi verið í sínum verkahring að útbúa söluskattsskýrslur, en hún starfaði sem gjaldkeri og bókari hjá fyrirtækinu. Hún kvaðst ekki hafa reiknað út laun. Ástæðu þess, að staðgreiðslu skatta og skyldusparnaði var ekki skilað, sagði hún vera, að peningar hefðu ekki verið til. Þeim peningum, sem inn komu, hefði verið ráðstafað til greiðslu á launum starfsmanna og til verktaka, svo að verkin gætu haldið áfram. Þær skýrslur, sem dagsettar eru í nóvember 1988, kvaðst hún hafa gert að beiðni bústjóra skömmu eftir gjaldþrotið. Vitnið staðfesti, að fjárhagsstaða fyrirtækisins hefði verið slæm og skuldir hlaðist upp á starfstíma vitnisins. Um haustið hefði verið reynt að fá greiðslustöðvun, en þeirri beiðni var hafnað. Til stóð að leita eftir nýju hlutafé, og taldi vitnið, að einhverjir aðilar hefðu verið tilbúnir að leggja fram fé, en gat ekki upplýst um fjárhæðir í því sambandi.

Jóhann Pétur Sturluson var framkvæmdastjóri Byggingafélagsins Hamra hf., þar til ákærði tók við því starfi um áramót 1987/1988. Jóhann kveðst hafa sagt upp starfinu í september 1987, en þá hafi ákærði komið til starfa og tekið allar stærri ákvarðanir um málefni fyrirtækisins. Þær söluskattsskýrslur, sem Jóhann kveðst hafa skilað, hafi verið á núlli, með þeim fyrirvara, að nánari skýringar bærust síðar. Þær skýrslur, sem dagsettar eru 24. ágúst 1988 fyrir tímabilið júlí-desember 1987 kveðst hann hins vegar engan þátt hafa átt í að gera. Ástæða þess, að söluskatti var ekki skilað, hafi verið sú, að fjármunir hafi ekki komið inn í fyrirtækið fyrr en eftir, að íbúðir, sem það reisti, höfðu verið seldar. Ekki hafi verið til fjármagn til að greiða allar skuldir fyrirtækisins, en laun og annað, sem hélt rekstrinum gangandi, var látið ganga fyrir, þegar skuldir voru greiddar.

III.

Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við rannsókn málsins kom fram, að ákærði gerði ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir tímabilið mars til og með september 1988 fyrir Byggingafélagið Hamra hf., samtals 2.898.641 kr. Í gögnum málsins liggur fyrir sundurliðun á staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna fyrir mars 1988, 460.035 kr., undirrituð af Sigríði Örlygsdóttur, og tölvulistar fyrir tímabilin 3.4.-30.4., 26.6.-6.8., 7.8.-3.9. og 4.9.-1.10. 1988, óundirritaðir, sem sýndu staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna, samtals fyrir síðara tímabilið 2.438.606 kr., en samtals fyrir bæði tímabilin 2.898.641 kr. Í skjölum málsins er bréf skattstjóra Reykjanessumdæmis, dags. 27. nóvember 1989, sem staðfestir, að framangreind gögn um skilaskyldu staðgreiðslu launamanna Hamra hf. eru samkvæmt innsendum skilagreinum frá þeim. Ákærða voru sýnd umrædd gögn, og gerði hann ekki athugasemdir við þau.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, svo sem hann er ákærður fyrir. Þetta hafi komið til af því, að peningar fyrir þessum greiðslum voru ekki til, og hafi hann einn tekið ákvörðun um að skila ekki staðgreiðslu. Einnig hefur hann viðurkennt að hafa ekki gert skilagrein um laun og aftektir fyrir október 1988, en ekki hafi unnist tími til að ganga frá þessu fyrir gjaldþrotið.

IV.

Brot á ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga og almennum hegningarlögum.

Við rannsókn málsins kom m. a. fram, að ákærði gerði ekki skil á skyldusparnaði, sem hann hélt eftir við útborgun launa hjá Byggingafélaginu Hömrum hf., Hömrum sf. og Hömrum hf., Grundarfirði., á árunum 1987 og 1988. Samkvæmt ákæru nam umrædd upphæð 530.441 kr. Ljósrit af launamiðum starfsmanna hafa verið lögð fram í málinu. Ákærða voru sýnd umrædd skjöl, og kannaðist hann við, að þau væru rétt.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði. Þetta fé hafi ekki verið dregið af launum starfsmanna. Þeir peningar, sem til voru hjá fyrirtækinu, hafi farið í að greiða sjálf launin og því ekkert verið eftir til að greiða skyldusparnaðinn. Peningar fyrir honum hafi ekki verið til fremur en fyrir greiðslu söluskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Hann hafi sjálfur tekið ákvörðun um þetta, þótt aðrir, sem stjórnuðu fyrirtækinu, væru sammála um að greiða fyrst laun og annað, sem greiða þurfti til að halda fyrirtækinu gangandi.

V.

Tékkabrot.

Ákærða er gefið að sök að hafa í október og nóvember 1988 og í ágúst 1987 gefið út og notað í viðskiptum tékka í nafni Hamra hf. eða eigin nafni, án þess að næg innstæða hafi verið á viðkomandi tékkareikningum, þegar tékkarnir voru sýndir í banka. Tékkareikningarnir voru nr. 9093 í Múlaútibúi Landsbanka Íslands (lokað 21. nóvember 1988 af notanda sjálfum) og nr. 10399 í Landsbanka Íslands, Ólafsvík (lokað 16. október 1987 af Landsbanka Íslands). Tékkarnir hafa verið lagðir fram í málinu, og er þeim rétt lýst í ákæruskjali að öðru leyti en því, að tékkinn, sem lýst er í 1. tl., er út gefinn til Ívars, en ekki Ingvars. Tékki skv. lið nr. 1 lækkar um 41.472,38 kr. vegna inneignar á reikningi, þegar honum er lokað, og verður því 210.127,68 kr. Af sömu ástæðu lækkar tékki skv. lið nr. 13 um 64.841,68 kr. og verður 155.318,32 kr.

Fram kemur í gögnum málsins, að útgáfa allra framangreindra tékka var kærð til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Útgáfa tékka skv. liðum 1 til 7 og

13 var kærð af Landsbanka Íslands, en útgáfa annarra tékka var kærð af framseljendum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka, sem undirritaðir eru af honum, og að Matthildur Gestsdóttir hafi gefið út þá tékka, sem hún hefur undirritað, en það hafi hún gert með vitund og að fyrirlagi ákærða. Hann viðurkenndi, að hann bæri ábyrgð á notkun allra tékkanna, en ekki Matthildur. Hins vegar hélt ákærði því fram, að hann hefði átt von á greiðslum frá Reykjavíkurhöfn inn á tékkareikninginn. Hann kvaðst hafa ætlað að sækja þessa peninga, en borgarlögmaður hefði „fryst" þá, og þess vegna hefðu þeir ekki farið inn á reikninginn, eins og til stóð. Þetta hefðu verið um 1,5 milljón króna fyrir utan geymslufé, sem fyrirtækið átti hjá Reykjavíkurhöfn. Einnig hefðu verið tryggingar í Landsbankanum fyrir úttektum á reikninginn. Féð, sem ávísað var á, hafi því verið til. Hann kvaðst hafa gert um það munnlegt samkomulag við útibússtjóra Múlaútibús Landsbankans, að tékkareikningurinn væri yfir, þar til greiðslan kæmi frá Reykjavíkurhöfn. Þegar hún brást, kvaðst ákærði hafa sjálfur látið loka reikningnum 21. nóvember 1988. Áður hefði viðgengist, að bankinn geymdi innstæðulausa tékka, þar til greiðslur komu úr verkum byggingafélagsins inn á tékkareikninginn. Ákærði kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að sér væri heimilt að ávísa á reikninginn vegna samkomulagsins við útibússtjórann.

Matthildur Gestsdóttir hefur staðfest að hafa gefið út tékka, sem lýst er í 2. og 3. tl. D-liðar I. kafla ákæru, að fyrirlagi og með vitund ákærða. Þá staðfesti vitnið, að ákærði hefði farið með tryggingarbréf til Landsbankans skömmu fyrir gjaldþrotið vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi hlutafélagsins þar. Bæði hún og ákærði hefðu talið, að heimilt væri að gefa út tékkana. Þau hafi einnig átt von á greiðslum inn á reikninginn frá Reykjavíkurhöfn.

Bjarni Ásgeirsson, skiptastjóri í þrotabúi Byggingafélagsins Hamra hf., hefur komið fyrir dóminn. Hann greindi m. a. frá samkomulagi þrotabúsins og Reykjavíkurborgar um uppgjör vegna verksamnings um framkvæmdir við Reykjavíkurhöfn. Byggingafélagið hafi átt inni fé hjá Reykjavíkurborg, en vegna vanefnda hafi verið samið um, að hvorugur ætti kröfu á hinn. Hann vissi ekki, hvort settar voru sérstakar tryggingar vegna úttekta á hlaupareikning byggingafélagsins við Landsbankann.

Hjörleifur Kvaran, framkvæmdastjóri lögfræðideildar Reykjavíkurborgar, hefur upplýst, að Byggingafélagið Hamrar hf. hafi tekið að sér framkvæmdir við Reykjavíkurhöfn með verksamningi í júlí 1988. Í nóvember s. á. var gerð úttekt á verkinu, en þá hafði verið unnið fyrir 30,5 milljónir kr., sem höfðu verið greiddar verktaka. Samningsfjárhæðin hafi verið 33,5 milljónir. Verktaki hafi jafnframt átt inni hjá Reykjavíkurhöfn fyrir aukaverk og í verðbætur svo og geymslufé, 2.328.208 kr. En þar sem verkið

var gallað og fallið höfðu á dagsektir, voru heildarkröfur Reykjavíkurhafnar á verktaka taldar 4,8 milljónir króna. Þá hafi einnig verið ákvæði í verksamningi, að Reykjavíkurborg áskildi sér rétt til að millifæra greiðslur til verktaka vegna skulda verktaka við Reykjavíkurborg, en byggingafélagið hafi skuldað gatnagerðargjöld, að fjárhæð 2,4 milljónir króna.

Samkomulag hafi verið við bústjóra um uppgjör vegna þessa.

Sigurður Óli Sigurðsson, bankastjóri Múlaútibús Landsbankans, hefur upplýst, að ekki hafi verið heimilaður yfirdráttur á reikningi Byggingafélagsins Hamra hf. hjá bankanum. Ekkert samkomulag hafi verið milli sín og ákærða um, að reikningurinn væri yfir. Í þeim tilfellum, er heimild væri veitt til yfirdráttar, vegna þess að von væri á greiðslum inn á reikninginn, væri heimildin færð á reikninginn. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði látið vita, að hann ætti von á greiðslum inn á reikninginn í nóvember 1988. Bankinn hefði haft tryggingar hjá félaginu fyrir samtals 8 milljónir króna, en þær tryggingar hefðu m. a. staðið á bak við óheimilan yfirdrátt. Tryggingar þessar væru frá 13. mars 1987, 21. maí s. á., 10. september s. á. og 18. nóvember 1988. Það hefði komið fyrir, að innstæðulausir tékkar væru látnir liggja í bankanum í tíu daga, án þess að reikningnum væri lokað. Engin fyrirmæli væru um það, að loka ætti reikningi, hins vegar missti bankinn rétt til að endursenda tékka, ef reikningi væri ekki lokað innan tíu daga.

VI.

Fjársvik.

Með bréfi JL-Völundar hf., dags. 24. janúar 1989, eru kærðar vöruúttektir Byggingafélagsins Hamra hf. á tímabilinu 20. október til 19. nóvember 1988, að fjárhæð 328.802 kr. Í kærunni er talið, að ákærða hafi á þessum tíma verið fullljóst, að byggingafélagið væri í raun gjaldþrota og að aldrei kæmi til greiðslu fyrir út teknar vörur. Bréfinu fygldu reikningsyfirlit ásamt reikningum fyrir úttektum nema reikningur, sem er í yfirlitinu, dags. 20. október 1988, að fjárhæð 211.407 kr., en hann fylgdi ekki og hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að starfsmenn Byggingafélagsins Hamra hf. hafi séð um að taka út vörur fyrir fyrirtækið. Hann hafi hvergi komið nálægt þessum vöruúttektum hjá JL-Völundi hf. Hann kveðst ekki hafa samið um að fá að taka út vörur þar, og hafi hann ekkert um þessar úttektir vitað, fyrr en hann sá kæruna.

Salvar Guðmundsson var starfsmaður Byggingafélagsins Hamra hf. Hann kvaðst hafa unnið á trésmíðaverkstæði fyrirtækisins, en ekkert komið nálægt fjármálum þess. Hann hefur staðfest að hafa tekið út vörur fyrir fyrirtækið hjá JL-Völundi hf., eins og áritaðir reikningar bera með

sér, samtals að fjárhæð 90.572 kr., en reikningarnir eru dagsettir 1., 9. og 19. nóvember 1988. Hann hafi sem verkstjóri séð um að kaupa þær vörur, sem vantaði, þar sem þær fengust og eftir því, hvar byggingafélagið var í reikningi. Hann hafi ekki fengið nein sérstök fyrirmæli um það, hvar hann ætti að versla, heldur hafi hann fengið um það upplýsingar á skrifstofunni, hvar fyrirtækið var í reikningsviðskiptum. Hann kvaðst ekki hafa haft nein samráð við ákærða um þessar úttektir. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um slæma fjárhagsstöðu Byggingafélagsins Hamra hf. fyrr en síðasta mánuð fyrir gjaldþrotið. Ákærði hafi rætt það við starfsmennina, þegar farið var að ganga illa, að þeir kæmu inn í byggingafélagið sem hluthafar. Vitnið kvaðst hafa verið reiðubúið að leggja fé í það, hefði ákærði getað sýnt fram á traustan rekstrargrundvöll.

Jón Ebbi Halldórsson var verkstjóri hjá Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann upplýsir, að félagið hafi verið í viðskiptum hjá nokkrum verslunum, og hafi efni verið tekið út, eftir því sem til þurfti. Engin sérstök fyrirmæli hafi komið um það frá framkvæmdastjórn hlutafélagsins, hvar taka ætti út vörur, heldur hafi verið farið eftir skrá yfir verslanir ásamt símanúmerum og upplýsingum, sem leitað var eftir, um það, hvar varan fengist. Verkstjórinn á staðnum hafi séð um að afla þess efnis, sem þörf var á. Hann staðfestir að hafa tekið út efni samkvæmt reikningi, sem hann kvittaði á. Hann kveðst ekki hafa vitað á þeim tíma, að gjaldþrot hlutafélagsins væri yfirvofandi, svo að hætta væri á, að reikningar greiddust ekki. Oft hafi verið erfitt um peninga um tíma, en alltaf hafi ræst úr aftur. Vitnið kvaðst hafa setið fund ásamt ákærða með mönnum frá Reykjavíkurhöfn vegna uppgjörs fyrir verk við Kleppsbakka. Samkomulag var um verkstöðuna á hverjum tíma, og út frá því voru reikningar gerðir. Þannig hafi átt að ná samkomulagi um reikningana, áður en þeir voru útbúnir. Samkomulag hafi verið um lokauppgjör, og átti reikningur að miðast við verklok. Fundurinn vegna þessa hafi verið haldinn um helgi rétt fyrir gjaldþrotið, og var staðan metin á þeim tíma, en samkomulag hafi náðst um ákveðna upphæð, 1-2 milljónir, sem greiða átti á mánudeginum. Geymslufé hafi ekki verið þar með talið. Engin krafa hafi verið gerð vegna afhendingardráttar. Vitnið var eitt af stofnendum Kletthamra hf. Hlutafélagið keypti fimm af lóðunum við Aðaltún af þrotabúi Byggingafélegsins Hamra hf. Einnig tóku Kletthamrar hf. að sér að ljúka við nokkur af þeim húsum, sem byggingafélagið hafði reist. Ákærði hefði ekkert minnst á, að lóðirnar væru veðsettar.

VII.

Brot á almennum hegningarlögum.

Með samkomulagi Mosfellsbæjar og Byggingafélagsins Hamra hf., sem dagsett er 26. nóvember 1987, fékk félagið þrettán lóðir við Aðaltún til

byggingar íbúðarhúsa samkvæmt nánari skilmálum í samkomulaginu. Í samkomulaginu kemur fram, að lóðarleigusamningar verði gefnir út, er húsin verði fokheld. Þá er tekið fram, að byggingafélagið eigi rétt á veðleyfi vegna veðsetningar til Búnaðarbanka Íslands fyrir upphæð allt að 7,2 milljónum króna.

Með tryggingarbréfi, dags. 12. janúar 1988, veðsetti Byggingafélagið Hamrar hf. Búnaðarbanka Íslands „byggingarlóðirnar nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24 og 26 við Aðaltún með öllum framkvæmdum og öðru tilheyrandi". Bréfið undirritaði ákærði f. h. byggingafélagsins, en veðleyfi Mosfellsbæjar er undirritað af bæjarstjóra. Skjalinu var þinglýst 19. janúar 1988, en er áritað móttekið 14. janúar s. á. Í bréfinu kemur fram, að hinar veðsettu lóðir væru úr landi Lágafells, sem Mosfellsbær hafði eignast með tveimur afsölum, sem þinglýst var 13. 4. 1987 og 27. 11. s. á. Var veðsetning samkvæmt tryggingarbréfinu færð á viðkomandi blöð í þinglýsingabók fyrir landspildurnar úr Lágafellslandi, en ekki á sérstök blöð fyrir hverja lóð við Aðaltún, enda höfðu þau ekki verið útbúin, þar sem lóðarleigusamningar lágu ekki enn fyrir.

Ákærði seldi f. h. byggingafélagsins átta íbúðarhús, sem félagið hafði reist við Aðaltún, með kaupsamningum, dags. 11. september 1987, 30. desember s. á., 17. febrúar 1988, 22. febrúar s. á., 2. mars s. á., 10. mars s. á., 31. maí s. á. og makaskiptasamningi, sem dags. er 7. apríl s. á. Í samningunum eru greiðslur ákveðnar og m. a. gert ráð fyrir 600.000 króna láni seljanda til kaupenda. Ákærði gaf út afsöl fyrir húsunum nr. 12, 18, 20, 22 og 24, sem dagsett eru 8. nóvember 1988, og fyrir nr. 10, sem dagsett er 14. nóvember s. á. Í afsölunum er tekið fram, að kaupverð sé að fullu greitt að undanskildu skuldabréfi, sem verði gengið frá, þegar verki verði að fullu lokið, nema í einu þeirra segir aðeins, að kaupverð sé að fullu greitt. Ekki er getið um áhvílandi veðskuld til Búnaðarbanka Íslands. Í lóðarleigusamningum, sem gefnir voru út fyrir þessar lóðir, er ekki getið um veðskuld Búnaðarbankans, sem færð hafði verið á landspildurnar úr Lágafellslandi í þinglýsingabók. Þegar byggingafélagið var tekið til gjaldþrotaskipta 21. nóvember 1988, var byggingu húsanna eigi lokið, en þau höfðu verið afhent kaupendum.

Ákærði gaf út f. h. byggingafélagsins tólf veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 600.000 kr., til Búnaðarbanka Íslands, og eru þau öll dagsett 10. 6. 1988. Samkvæmt hverju bréfi tók veðsetningin til eins af húsunum við Aðaltún. Bréfum þessum var ekki þinglýst. Með ábyrgðaryfirlýsingu, dags. 19. júní s. á., tók ákærði á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslum ofangreindra veðskuldabréfa. Í yfirlýsingunni kemur fram, að veðskuldabréfunum verði eigi þinglýst, fyrr en hús eru fokheld og lóðirnar sérgreindar í veðmálabókum, en kaupendur húsanna taki að sér að greiða

skuldirnar samkvæmt ákvæðum í kaupsamningum Byggingafélagsins Hamra hf. við þá.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að umrætt tryggingarbréf væri svo til komið, að hann hefði verið að ganga frá gamalli skuld Hamra hf. í Grundarfirði við Búnaðarbankann þar. Hann hefði boðið bankanum að tryggja skuldina þannig, að bankinn fengi fyrst tryggingarbréfið, en síðan veðskuldabréf, hvort að fjárhæð 600.000 kr., með veði í hverju húsi við Aðaltún, þegar smíði þeirra væri lokið. Hann kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að hann hefði skrifað upp á tryggingarbréfið til tryggingar því, að síðar yrði gengið frá veðskuldum á hvert hús fyrir sig. Áður en til þess kom, að kaupendur húsanna tækju við veðskuldunum við Búnaðarbankann, hefði byggingafélagið orðið gjaldþrota, og því hefði aldrei verið gengið frá þessu. Tryggingarbréfsins hefði aldrei verið getið á veðbókarvottorðum fyrir húsin. Þegar afsölin fyrir húsunum voru gefin út, kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að staða fyrirtækisins var mjög slæm, og taldi hann, að með því að gefa afsölin út tryggði hann betur rétt þeirra, sem höfðu keypt húsin. Ekki hefði verið getið um skuldina við Búnaðarbankann við kaupendur og ekki gengið frá því við þá, að þeir yfirtækju hana við afsalsgerð, enda hefðu húsin ekki verið fullgerð og því ekki tímabært að ganga frá þessu. Tekið hefði verið fram í afsölunum, að gengið yrði frá skuldabréfum, þegar verkinu væri að fullu lokið. Hann kvaðst ekki hafa haft samráð við bankann, áður en afsölin voru gefin út. En hefði gjaldþrotið ekki komið til, hefði byggingafélagið lokið framkvæmdum og gengið þannig frá skuldinni við Búnaðarbankann, að kaupendur tækju að sér að greiða hana. Þar sem byggingafélaginu tókst ekki að skila húsunum í umsömdu ástandi, hefðu þeir kaupendur, sem ekki höfðu greitt verðið að fullu, verið taldir skuldlausir. Sumir kaupendur höfðu þó þegar greitt of mikið. Ekki var ákærða kunnugt um, að þrotabúið hefði gengið eftir því, að þeir, sem skulduðu búinu, fengju skuldirnar þurrkaðar út með skuldajöfnuði.

Karl Snorrason keypti húsið nr. 10 við Aðaltún af Byggingafélaginu Hömrum hf. ásamt Gunnjónu Jensdóttur. Hann hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að húsið hafi ekki orðið fokhelt fyrr en í október/nóvember 1988. Afsalsgerð hafi verið flýtt að frumkvæði ákærða. Ekkert uppgjör hafi farið fram, er afsalið var gefið út. Byggingafélagið hafi orðið gjaldþrota, áður en það lauk verkinu. Kom því ekki til, að vitnið greiddi 1.000.000 kr., sem gjaldféllu 20. desember 1988, og 600.000 kr. lán, sem félagið ætlaði að veita, þegar verkinu væri að fullu lokið. Ekkert hafi verið talað um, að vitnið yfirtæki skuld við Búnaðarbankann, og ekki kvaðst vitnið hafa vitað um skuld byggingafélagsins við bankann.

Hallur Birgisson keypti ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Dóru Karlsdóttur, Aðaltún 12 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann skýrði svo frá

fyrir dómi, að þau hefðu staðið félaginu skil á öllum greiðslum samkvæmt kaupsamningi nema þremur síðustu greiðslunum, en þær voru 500.000 kr., gjalddagi 15. janúar 1989, 600.000 kr. lán Hamra hf. til fimm ára og 2.000.000 kr. húsnæðisstjórnarlán. Ákærði hafi hringt í byrjun nóvember 1988 og sagt, að hann ætlaði að ganga frá fokheldisvottorði og afsali, og var það gert. Vitnið lét þinglýsa afsalinu og lóðarleigusamningi, sem það fékk einnig í hendur. Við þinglýsingu hafi ekkert komið fram um, að veð hvíldi á fasteigninni, en skjölunum var þinglýst athugasemdalaust. Vitnið fékk veðbókarvottorð, og var veðsetningar Búnaðarbankans ekki getið þar. Þegar byggingafélagið varð gjaldþrota, vantaði járn á þak hússins; einnig vantaði allt tréverk, allar hurðir, bílskúrshurðir, útihurðir, glugga, opnanleg fög og gler. Þá var frágangi á svölum ólokið, þar vantaði dúk, einnig hellulögn, handrið og grófjöfnun á lóð. Loks var eftir að pússa að utan, mála, setja þakrennur, niðurföll og drenlagnir. Þá tiltók vitnið, að húsið hefði þar að auki verið skemmt, tveir veggir bæði skakkir og bólgnir, vegna þess að mót sprungu. Vitnið kvaðst engar upplýsingar hafa fengið um það hjá ákærða, að fasteignin væri veðsett með tryggingarbréfi til Búnaðarbanka Íslands fyrir 7,2 milljónum króna. Það hafi ekki komið í ljós fyrr en löngu síðar. Veðsetning þessi hafi svo valdið því, að vitnið gat ekki, þegar til kom, veðsett fasteignina fyrir láni frá Húsnæðisstofnun fyrr en eftir töluverða eftirgangsmuni.

Runólfur Sigurðsson og Áslaug Þórhallsdóttir keyptu fasteignina Aðaltún 18 af Byggingafélaginu Hömrum hf. með kaupsamningi, dags. 31. maí 1988. Runólfur gerði einnig sérstakan samning um, að félagið skilaði húsinu tilbúnu undir tréverk. Hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi gengið eftir því við ákærða að fá að vita, hvers vegna tafir höfðu orðið á framkvæmdum. Ákærði hafi gefið þá skýringu, að fjárhagsstaðan væri erfið, en það myndi lagast og vitnið þyrfti engar áhyggjur af þessu að hafa. Ákærði hafi svo haft frumkvæði að því, að gefið var út afsal, áður en allar greiðslur höfðu verið inntar af hendi. Vitnið kvaðst ekkert hafa vitað um áhvílandi tryggingarbréf Búnaðarbankans upp á 7,2 milljónir króna, en ákærði hafi ekkert minnst á það. Hann kvaðst hafa látið þinglýsa afsalinu og lóðarleigusamningnum. Ekki kom fram, að veðskuldir væru á eigninni, og var hvoru tveggja þinglýst athugasemdalaust. Hann hafi síðar fengið veðbókarvottorð, en á þeim hafi ekkert komið fram um veðskuld við Búnaðarbankann. Eftir að byggingafélagið varð gjaldþrota, hafi Klettahamrar hf. tekið að sér að gera húsið íbúðarhæft, og var því greitt fyrir það. Vitnið kvaðst hafa flust í húsið á aðfangadag, og hefði það verið nokkrum mánuðum síðar en ráð hafði verið fyrir gert.

Ólafur Yngvi Höskuldsson keypti húsið við Aðaltún 20 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Hann hefur skýrt svo frá, að húsið hafi átt að vera

tilbúið í september 1988, en þá hafi vissum þáttum verið ólokið. Vitnið kveðst hafa gert samkomulag við nýja fyrirtækið, Kletthamra hf., um að ljúka verkinu, og hafi verið greitt sérstaklega fyrir það. Afsal var gefið út 8. nóvember 1988, en ákærði hafði hringt í vitnið nokkrum dögum áður og sagt, að afsal væri tilbúið. Vitnið taldi, að þá hefðu allar greiðslur verið inntar af hendi að undanskildu húsnæðisstjórnarláni, að fjárhæð 2.000.000 kr., og 600.000 kr. skuldabréfi, en frá því átti að ganga síðar. Ekkert uppgjör hefði farið fram við afsalsgerðina og þrotabúið ekki heldur farið fram á uppgjör síðar. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um áhvílandi veðskuld við Búnaðarbankann, hvorki þegar kaupsamningur var gerður né þegar afsal var gefið út.

Torfi Axelsson og Erna Gréta Garðarsdóttir keyptu Aðaltún 22 af Byggingafélaginu Hömrum hf. Er Torfi gaf skýrslu fyrir dómi, kvaðst hann hafa fengið afsal, vegna þess að gjaldþrot félagsins var yfirvofandi. Verkinu hefði ekki verið lokið. Allt múrverk og málning að utan hefði verið eftir svo og frágangur á þakköntum og handriðum. Þá hefði vantað útihurð og bílskúrshurð. Kostnaður við það, sem ólokið var, hefði verið 1-1,5 milljónir króna. Hann kvaðst engar upplýsingar hafa fengið um áhvílandi veð Búnaðarbankans, hvorki við kaupsamningsgerð né afsal.

Kristján Sturluson keypti ásamt sambýliskonu sinni, Sigrúnu Arnardóttur, Aðaltún 24 af Byggingafélaginu Hömrum hf. með makaskiptasamningi, dags. 7. apríl 1988. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki fengið makaskiptasamningnum þinglýst, þar sem eignin hafi ekki verið til á skrá í veðmálabók og lóðarleigusamningi ekki verið þinglýst. Þau fengu afsal fyrir húsinu 8. nóvember 1988, en ákærði hafði hringt sama dag eða daginn áður og lagt til, að gengið yrði frá afsali. Ástæðan til þess, að ekki var gengið frá 600.000 kr. skuld við byggingafélagið, var sú, að framkvæmdum var alls ekki lokið. Vitnið lét gera sérstaka úttekt á húsinu, sbr. dskj. nr. 30, og fór hún fram 15. desember 1988. Samkvæmt henni var áætlaður kostnaður við óloknar framkvæmdir 1.150.799 kr. Það hafi ekki verið rætt sérstaklega, hver fengi 600.000 kr. skuldabréfið, en vitnið taldi, að Hamrar hf. fengju það. Ekkert hafi verið rætt um skuld við Búnaðarbankann, og ekki var vitninu kunnugt um 7,2 milljóna króna tryggingarbréf, sem hvíldi á eignunum.

Matthildur Gestsdóttir hefur staðfest, að hún hafi útbúið afsöl fyrir húsunum við Aðaltún. Ekki hafi verið rætt um, að kaupendur húsanna tækju að sér skuldir við Búnaðarbankann. Sér hafi ekki verið kunnugt um skuldina við Búnaðarbankann fyrr en síðar eða eftir að Kletthamrar hf., þar sem vitnið átti sæti í stjórn, höfðu reist hús á lóðunum, sem hlutafélagið keypti af þrotabúinu. Bústjóri þrotabúsins hafi upplýst sig um veðskuldina.

Bústjóri þrotabúsins hefur staðfest, að kaupendur húsanna við Aðaltún nr. 10, 12, 18, 22 og 26 hafi gert kröfur í þrotabúið vegna afhendingardráttar og vanefnda seljanda á kaupsamningum um ofangreindar eignir. Kaupendur hafi í nokkrum tilfellum lagt fram kostnaðarmat á þeim verkþáttum, sem ólokið var, þegar félagið varð gjaldþrota. Búið hafi ekki látið gera sérstakt mat á þessu, og hafi lýstar kröfur kaupenda ekki verið vefengdar.

Salvar Guðmundsson hefur upplýst, að hann hafi ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Byggingafélagsins Hamra hf. stofnað hlutafélagið Klettháhamra, og keypti það fimm byggingarlóðir af þrotabúinu. Einnig hafi Kletthamrar hf. tekið að sér að ljúka við byggingar fyrir þá, sem keyptu húsin við Aðaltún af byggingafélaginu, sérstaklega fyrir Runólf Sigurðsson og Ólaf Höskuldsson.

Margeir Pétursson, lögfræðingur Búnaðarbankans, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að tryggingarbréfið á dskj. nr. 6 væri til komið vegna bankaviðskipta Byggingafélagsins Hamra hf. við útibú Búnaðarbankans á Grundarfirði. Þar sem lausaskuldir voru töluverðar, hafi bankinn þurft að fá frekari tryggingar til að geta veitt fyrirtækinu áframhaldandi fyrirgreiðslu. Einnig hafi þetta verið gert vegna þess, að fyrirtækið flutti starfsemina suður. Ekki hafi verið unnt að veðsetja hverja lóð fyrir sig, vegna þess að á þeim tíma, er tryggingarbréfið var gefið út, hafi allar lóðirnar verið saman í veðmálabókum sem jarðarpartur. Þegar mögulegt væri að þinglýsa þessu á hverja lóð, áttu kaupendur að yfirtaka skuldina með eftirstöðvabréfum. Var fyrirhugað, að gengið yrði frá þessu, þegar lóðirnar væru orðnar veðhæfar. Sérstök skuldabréf hafi verið útbúin, og var ráðgert, að þeim yrði þinglýst á hverja lóð og kaupendur húsanna yfirtækju viðkomandi skuld. En áður en til þess kom, hefði byggingafélagið orðið gjaldþrota. Bankinn hefði ekki fengið neina vitneskju um afsölin fyrir húsunum fyrr en síðar. Bankinn hefði ekki haft samband við kaupendur vegna veðskuldarinnar, en þó hefði einn kaupenda haft samband við bankann í september 1988 og fengið staðfest, að veðið hvíldi á þessum lóðum. Eftir að bankinn gerði athugasemd við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, var veðið, 7,2 milljónir, fært inn á hverja lóð fyrir sig. Ábyrgðaryfirlýsing hefði verið útbúin, til þess að ákæröi bæri einnig sjálfur persónulega ábyrgð á skuldinni við bankann, og einnig til, að fyrir lægi hvernig veðsetningin ætti að fara fram. Bankinn hefði nú höfðað mál fyrir viðkomandi dómstól í Hafnarfirði til viðurkenningar á veðréttinum.

Páll Guðjónsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, hefur komið fyrir dóm og staðfest, að skuldabréf fyrir gatnagerðargjöldum húsanna við Aðaltún 2-26 hafi ekki verið gefin út, og væru eftirstöðvar gatnagerðargjaldanna ógreiddar. Framvinda mála hafi orðið með öðrum hætti en til stóð. Ekki

hafi verið reynt að innheimta gjöldin hjá núverandi eigendum húsanna með sérstökum aðgerðum, en lögmanni bæjarins þó verið falið að gera kröfur vegna þeirra og gæta hagsmuna bæjarins í þessu efni. Byggingafélagið Hamrar hf. hafi fengið heimild til að nýta lóðirnar til skammtímaveðsetningar vegna framkvæmdaláns, sem það ætlaði að fá hjá Búnaðarbanka Íslands. Gatnagerðargjöldin væru tryggð með lögveði, er skyldi ganga framar veði Búnaðarbankans. Venja væri að gefa ekki út lóðarleigusamninga, fyrr en hús væru fokheld, en flestir lóðarleigusamningar fyrir húsin við Aðaltún 2-26 hefðu verið gefnir út í nóvember 1988. Húsin hefðu væntanlega verið þá fokheld. Ekki væri siður að geta um áhvílandi veðskuldir í lóðarleigusamningum, enda giltu þeir til lengri tíma, 50-75 ára eftir atvikum. Í flestum tilfellum væri lóðarleigusamningshafa, hvort sem er, kunnugt um veðsetningar, sem hafi verið heimilaðar fyrir útgáfu lóðarleigusamnings.

VIII.

Málsástæður.

— — —

IX.

Niðurstöður.

Ákærði var stjórnarformaður Byggingafélagsins Hamra hf. og bar því ábyrgð á að skila ríkissjóði söluskatti fyrir félagið. Eins og fram hefur komið í málinu, var Byggingafélagið Hamrar hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. nóvember 1988. Ákærða var ekki skylt að gera söluskattsskýrslu fyrir nóvember 1988 fyrr en í desember og greiða söluskattinn fyrir 15. desember 1988. Ber því að leggja til grundvallar lækkaða upphæð í ákæru yfir álagðan ógreiddan söluskatt, úr 4.637.786 kr. í 4.063.503 kr. Þykir sannað með framburði ákærða og vitna svo og með þeim gögnum, sem fram eru lögð í málinu, að ákærði hefur gerst sekur um hættsemi þá, sem lýst er í A-lið I. kafla ákæru, að frádregnum söluskatti fyrir nóvember 1988, eins og áður segir. Brotin þykja réttilega heimfærð til refsilagaákvæða, en sakir verður að telja miklar og því rétt að heimfæra brotið einnig til 6. mgr. 25. gr. söluskattslaga, eins og gert er í ákæru.

Þá verður að telja sannað með sömu rökum, að ákærði hafi framið brot þau, sem lýst er í B-lið sama kafla ákæru, að öðru leyti en því, að staðgreiðsla opinberra gjalda er áætluð fyrir októbermánuð 1988 523.287 kr. Ekki kemur fram í skjölum málsins, frá hvaða launamönnum staðgreiðslan er áætluð fyrir, og verður því að sýkna ákærða fyrir þetta brot. Þykja brotin rétt heimfærð til refsilagaákvæða, en sakir verður að telja miklar.

Samkvæmt þessu og 3. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sökin á tíu árum.

Í C-lið I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekki staðið skil á skyldusparnaði samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Við munnlegan flutning málsins var af ákæruvalds hálfu vísað til 74. og 75. gr., sbr. 84. gr. laganna, og 108. og 109. gr., sbr. 118. gr. núgildandi laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, er tóku gildi 8. júní 1988, en ákvæðin eru óbreytt. Málið var reifað að þessu leyti af hálfu sækjanda og verjanda við munnlegan málflutning. Jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu krafist refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggja fyrir ljósrit af launaseðlum þeirra launamanna, sem skyldusparnaður er tekinn af, nema af launamiða Magnúsar Rafnssonar vegna útborgunar til hans 8. september 1988. Í gögnum málsins kemur fram, að tilgreint er innlegg í sparisjóðsbók nr. 016248 8. september 1988, 32.084 kr., en það er sú sparisjóðsbók, sem Byggingafélagið Hamrar hf. hafði áður greitt laun hans inn á. Út frá þeirri tölu áætlar Húsnæðisstofnun ríkisins, að skyldusparnaður af launum, útborguðum umræddan dag, hafi numið 5.845 kr. Ekki verður af gögnum málsins sannað, að svo hafi verið, og verður því að leggja til grundvallar lækkaða fjárhæð, sem því nemur, og lækkar hún úr 530.441 kr., eins og hún er í ákæru, í 524.596 kr. Einnig vantar launamiða Péturs Más Ólafssonar frá árinu 1987, en í gögnum málsins er ljósrit af launaframtali frá Hömrum hf., Grundarfirði, sem sýnir greiðslu skyldusparnaðar hans 1987. Á launamiða Davíðs Jónssonar tímabilið 20. 6.-4. 7. 1987 kemur fram frádráttur vegna sparimerkja, 7.022 kr., en sú fjárhæð er ekki innifalin í ákæru.

Rétt þykir að heimfæra brot ákærða í þessum lið ákæru til 74. gr., sbr. 84. gr. laga nr. 60/1984, og 108. gr., sbr. 118. gr. laga nr. 86/1988, og 3. gr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 92/1985, sem þykja tæma sök gagnvart 247. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. tl. 81. gr. alm. hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sökin á tveimur árum. Ákærði var ekki yfirheyrður um sakarefni þetta á fyrningartímanum, svo að fyrningarfrestur rofnaði, eins og 4. mgr. 82. gr. s. l., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, mælir fyrir um. Verður ákærða því ekki dæmd refsing fyrir háttsemi þá, sem hann er sakaður um í þessum lið ákæru, sbr. 6. mgr. sömu lagagreinar.

Við athugun á FIT-skrá Byggingafélagsins Hamra hf. frá 1. september 1988 um tékkareikning 9093 kemur í ljós, að mjög algengt er, að félagið gefi út innstæðulausa tékka. Útibússtjóri Landsbankans, sem bar vitni, taldi, að engin heimild hefði verið af bankans hálfu fyrir yfirdrætti, þrátt fyrir það að ákærði héldi öðru fram. Hvað sem veldur, virðist bankinn ekki taka mjög hart á því, að reikningurinn sé yfirdreginn. Má því til stuðn-

ings benda á, að mikið er um, að tékkar séu lengur en tíu daga á FIT-skrá, sem ekki er í samræmi við sérstakar samstarfsreglur, er gilda á milli banka og sparisjóða. Hinn 12. september 1988 eru tólf tékkar eldri en tíu daga á FIT-skrá og þar af fjórir eldri en sextán daga. Reyndar hefur 21. október elsti tékkinn verið 52 daga á FIT-skrá. Hinn 31. október 1988 er lögð inn á tékkareikninginn fjárhæð, sem kemur í skil öllum eldri tékkum, og koma þá nýir tékkar inn á FIT-skrána.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um, að bankinn hafi á ofangreindu tímabili gert notanda tékkareikningsins viðvart um misnotkun tékka og hvaða afleiðingar það gæti haft, þ. e. lokun reikningsins ásamt lokun allra annarra tékkareikninga, sem notandi var prókúruhafi á, sbr. ákvæði í samstarfsreglum banka og sparisjóða um ávísanaviðskipti. Ákærði lokaði sjálfur tékkareikningi 9093 við Múlaútibú Landsbankans 21. nóvember 1991, sama dag og Byggingafélagið Hamrar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta.

Ekki kemur fram í gögnum málsins eða við yfirheyrslur, hvort þær 8.000.000 króna, sem Landsbanki Íslands hafði í tryggingar vegna viðskipta Hamra hf., hafi fullnægt þeim fjárkröfum, sem bankinn átti á hendur þeim, þegar til gjaldþrots kom.

Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að brot ákærða gagnvart Landsbankanum fullnægi ekki verknaðarlýsingu 248. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir sannað, að ákærði gaf út tékkana, sem lýst er í 1.-7. tl. D-liðar I. kafla ákæru, án þess að innstæða væri fyrir fjárhæðum þeirra. Teljast brotin í þessum liðum varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, en málið var reifað með tilliti til þess, að brotin gætu átt við ofangreint lagaákvæði. Ekki þykir frávísun koma til álita við brotum þessum, en eins og fram hefur komið, var útgáfa tékkanna kærð af Landsbankanum.

Ekki hefur tekist að upplýsa, hvort ákærði hefur sett Landsbankanum fullnægjandi tryggingar fyrir tékkunum, sem ákærði gaf út og notaði eins og lýst er í liðum 8-12 í sama lið ákæru. Staðfest er af hálfu bankans, að ákærði hafði ekki yfirdráttarheimild. Ákærði vissi, að ekki var næg innstæða á reikningnum, er hann notaði tékkana. Ákærði vísar til þess, að hann hafi átt von á 1.500.000 króna greiðslu frá Reykjavíkurhöfn. Sú greiðsla ein og sér hefði ekki nægt á móti þeim innstæðulausu tékkum, sem voru á FIT-skrá tékkareiknings 9093. Upphæð þeirra nam 1.741.345,42 kr. án innheimtukostnaðar og dráttarvaxta. Ákærða mátti því vera ljóst, að óvíst var, hvort næg innstæða myndi vera fyrir tékkunum, er þeim yrði framvísað í banka, enda þótt greiðsla frá Reykjavíkurhöfn hefði fengist. Þykir ákærði með þessu hafa framið brot þau, sem honum eru að sök gefin í þessm liðum ákæru, og eru brotin réttilega heimfærð til 248. gr. almennra hegningarlaga.

Brotið, sem lýst er í 13. tl. sama liðar ákæru, er réttilega heimfært til 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, og varðar það sektum eða þriggja mánaða fangelsi. Þar sem rannsókn hófst ekki vegna brotsins í samræmi við 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, fyrr en að liðnum þeim tíma, er 1. tl. 81. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, kveður á um, verður að telja sök að þessu leyti fyrnda, og verður ákærða ekki gerð refsing vegna brotsins, sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Varðandi úttekt Byggingafélagsins Hamra hf. hjá JL-Völundi hf. verður ekki unnt að sakfella ákærða fyrir að hafa tekið út vörur fyrir 211.407 kr. þegar af þeirri ástæðu, að ekki liggur fyrir reikningur eða önnur gögn, er sýni fram á þessa úttekt. Aðrar úttektir samkvæmt þessum lið ákæru þykja ekki hafa farið fram með þeim hætti, að varði við 248. eða 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi.

Þegar virt eru sakarefnin, sem lýst er í II. kafla ákæru, verður að líta til þess annars vegar, hvort ákærði hefur brotið gegn Búnaðarbankanum, eins og lýst er í ákæru, svo að varði við 2. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga, og hins vegar, hvort hann hefur beitt kaupendur húsanna við Aðaltún svikum, svo að varði við 248. gr. s. l.

Ákærði gaf út afsöl til kaupenda viðkomandi fasteigna við Aðaltún án þess að geta um veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi Búnaðarbanka Íslands. Í hverju afsali er þó tekið fram, að gengið verði frá skuldabréfi að loknum verkframkvæmdum. Ákærði heldur því fram, að til hafi staðið að ganga frá umræddum skuldum þannig, að kaupendur tækju að sér að greiða veðskuldina við Búnaðarbankann. Veðið hefur verið fært á hverja lóð í þinglýsingabók, og Búnaðarbankinn hefur höfðað mál á varnarþingi fasteignanna til viðurkenningar á veðréttinum. Eins og málið liggur nú fyrir, verður að telja ósannað, að veðréttur bankans hafi tapast fyrir aðgerðir ákærða eða aðgerðarleysi. Ekki er heldur unnt með sömu rökum að fallast á, að ákærði hafi brugðist því loforði við bankann, að kaupendur tækju að sér að greiða veðskuldina. Verður því að sýkna hann af þeirri háttsemi, sem talin er varða við 2. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er, að ákærði skýrði kaupendum húsanna við Aðaltún ekki frá því, að umræddar fasteignir voru veðsettar Búnaðarbanka Íslands. Hann kom því ekki til leiðar, að gengið yrði frá skuldinni við bankann, þannig, að veðinu væri skipt á hverja fasteign fyrir sig, eins og fyrirhugað var, svo að unnt væri að aflýsa tryggingarbréfinu, sem aldrei stóð til, að kaupendur sætu uppi með. Í stað þess gaf ákærði út afsöl fyrir húsunum án samráðs við bankann og án þess að geta um veðsetningu til bankans við kaupendur. Er Byggingafélagið Hamrar hf. varð gjaldþrota, höfðu kaup-

endur ekki greitt kaupverð fasteignanna að fullu eða áttu að minnsta kosti í öllum tilfellum nema einu eftir að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kupaverðs, að fjárhæð 600.000 kr. hver, en byggingarframkvæmdum var þá ekki heldur lokið. Þrotabúið hefur ekki látið gera upp við kaupendur. Þegar þetta er virt svo og það, sem að framan er rakið að öðru leyti um veðréttindi Búnaðarbankans, verður að telja óvíst, hvort háttsemi ákærða kemur til að valda kaupendum fjártjóni. Er því ósannað, að ákærði hafi haft fé af kaupendum með því að leyna þá veðsetningunni með sviksamlegum hætti. Verður því að sýkna hann af þeirri háttsemi, sem talin er varða við 248. gr. almennra hegningarlaga í II. kafla ákæru.

Ákærði hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði var með dómi Hæstaréttar 27. febrúar 1990 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsb. þrjú ár, fyrir fjársvik. Hann hefur fjórum sinnum sæst á greiðslu sektar.]

Brot þau, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, eru öll framin, áður en sátt var gerð fyrir sakadómi Kópavogs 6. september 1989 og dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 27. febrúar 1990. Ber því að ákveða refsingu sem hegningarauka, sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin samkvæmt þessu og þeim lagaákvæðum, sem sakfellt er fyrir, fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. l. 22/1955. Þá ber einnig að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 6.500.000 kr. Verði sektin eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dóms að telja, komi eins árs fangelsi í stað hennar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar að hálfu á móti ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 140. gr. s. l., þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 450.000 kr., og þóknun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., sem einnig þykja hæfilega ákveðin 450.000 kr., og eru þær fjárhæðir ákveðnar án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Jens Þorvarðarsyni og Sigurði Stefánssyni, löggiltum endurskoðendum, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna þess, hve málið er umfangsmikið og vandasamt, og eins vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni, og fellur sá hluti

niður að þremur árum liðnum frá dómsbirtingu að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 6.500.000 kr., og komi eins árs fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björgvins Þorsteinssonar hrl., og þóknun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., að fjárhæð 450.000 kr. til hvors.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 108/1991. **Rafn Hagan Steindórsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Hampiðjunni hf. og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
til réttargæslu
(Haraldur Blöndal hrl.).

Skaðabætur. Örorka. Læknaráð. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1991. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 28.234.393 krónur, en til vara aðrar tilgreindar lægri fjárhæðir, auk dráttarvaxta frá 1. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 8. mars 1991 var áfrýjanda veitt gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að sér verði einungis gert að greiða hluta af kröfufjárhæð áfrýjanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjanda að mati Hæstaréttar.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er álit læknaráðs frá 26. nóvember 1992, en með úrskurði Hæstaréttar 23. júní sama ár var málið að ósk lögmanna aðila lagt fyrir læknaráð. Var óskað rökstudds álits þess um eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins og umfjöllunar í héraðsdómi:

„1. Telur læknaráð unnt að líta svo á, að rekja megi örorku áfrýjanda að nokkru eða öllu til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981?

2. Ef svo er, fellst læknaráð þá á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis?

3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta varanlega örorku áfrýjanda vegna hins umræddu atburðar?“

Álit læknaráðs er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já, læknaráð telur, að rekja megi örorku áfrýjanda að verulegu leyti til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981.

Læknaráð er sammála því, sem fram kemur í álitsgerð Vilhjálms Rafnssonar yfirlæknis frá 11. júlí 1989, og bendir jafnframt á álit Tryggva Ásmundssonar, sérfræðings í lungnasjúkdómum, sem kemur fram á bls. 31 í hinum áfrýjaða dómi bæjarþings Reykjavíkur.

Ad. 2. Já, að öðru leyti en því, að læknaráð telur örorkustig áfrýjanda vanmetið.

Læknaráð telur varanlega örorku áfrýjanda 75% frá 1. maí 1987, sbr. mat Tryggingastofnunar ríkisins um, að hann sé algerlega óvinnufær.

Ad. 3. Sjá svar við spurningu nr. 2.“

II.

Hinn 5. desember 1989 gaf áfrýjandi að tilhlutan lögmanns síns skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Þar skýrir hann svo frá, að hann hafi byrjað störf hjá stefnda í september 1979. Í fyrstu hafi hann unnið í pípudeild, en síðar að eigin ósk við blýbræðslupott og við framleiðslu á blýteinum. Hinn 2. nóvember 1981 var áfrýjandi að bræða blý, sem hann segir hafa verið í 25 kílógramma klumpum og flutta að blýbræðslupottinum í búntum. Kveður hann nokkra blýklumpana hafa verið ataða tjöru, og hafi hann orðað það við verkstjóra sinn, að hreinsa þyrfti tjöruna af þeim, áður en þeir yrðu bræddir, en því hafi ekki verið sinnt. Áfrýjandi kveðst hafa valið úr hreina blýklumpa og sett í pottinn, en ekki lagt hina til hliðar. Síðasti klumpurinn, sem í pottinn fór, hafi hins vegar verið ataður tjöru að einhverju leyti og hann ekki veitt því athygli fyrr en um seinan. Er hann hafði lagt lokið yfir pottinn, hafi gosið upp eldur og lokið, sem var á hjörum, þeyst upp. Eldurinn hafi náð upp í viftu, sem var í trekt (reykgleypi) yfir

pottinum. Nokkurn reyk hafi lagt frá eldinum, og hafi hann vegna þess skipað öllum nærstöddum að hverfa af vettvangi. Sjálfur kveðst hann hafa rofið rafstraum til pottsins, en rafmagnstafla hafi verið rétt hjá pottinum. Jafnframt hafi hann tekið slökkvitæki, sem var í eins til tveggja metra fjarlægð, dælt úr því á eldinn og tekist að slökkva hann fljótlega. Hvorki var lögregla né slökkvilið kvatt á vettvang.

Áfrýjandi kveðst hafa verið á kvöldvakt, er atburður þessi átti sér stað, og orðið að hætta vinnu, áður en vaktinni lauk, vegna öndunarörðugleika af völdum reyks, sem hann hafi andað að sér, er hann var að slökkva eldinn í pottinum. Daginn eftir hafi hann leitað til læknis á slysadeild Borgarspítalans, en komið aftur til vinnu um það bil mánuði síðar og tekið þá til við fyrri störf. Í janúar 1986 hafi einkenni reykeitrunar svo tekið að gera vart við sig á nýjan leik.

Auk bræðslu á blýklumpum kveðst áfrýjandi hafa endurbrætt í pottinum blýteina, sem gallaðir komu úr framleiðslu. Hafi teinarnir verið bræddir, þegar nokkurt magn þeirra hafði safnast fyrir. Í þeim hafi verið nælonþráður, og hafi nokkur reykur og óþefur verið samfara þessari bræðslu. Áfrýjanda minnir, að hann hafi verið búinn að fást við framangreind störf í tvö ár, er umræddur atburður varð. Hann kveðst hafa verið ánægður með loftræstikerfi það, sem var yfir blýbræðslupottinum.

Lögmaður áfrýjanda beitti sér fyrir því, að fram fór rannsókn á vegum Vinnueftirlits ríkisins á vinnuaðstæðum í verksmiðju stefnda. Í skýrslu Sigurðar Þórarinssonar eftirlitsmanns, sem dagsett er 19. desember 1989, segir á þessa leið:

„Hinn 21. nóvember sl. skoðuðu undirritaður og Guðmundur Eiríksson blýbræðslupottinn, sem kviknaði í hjá Hampiðjunni.

Guðmundur, sem hafði eftirlit með Hampiðjunni, er slysið átti sér stað, telur, að blýbræðslupotturinn sé eins nú og hann var, er slysið varð, nema að búið er að setja rúlluband við hann, þannig, að hægt er að ýta blýinu eftir því og ofan í pottinn. Potturinn er hringlaga, ca. 630 mm í þvermál (utanmál) og með sléttan botn. Hæð hans er ca. 500 mm, veggþykkt ca. 95 mm, og ofan á honum er lok á lömum, og er það með handfangi.

Potturinn er hitaður með rafmagni, og er hitinn á blýinu, þegar

það kemur úr pottinum, ca. 460-480°C. Yfir pottinum er skermur, sem reykurinn safnast í, og rör úr skerminum og út úr húsi, en í rörinu er loftræstivifta, sem blæs reyknum út úr húsinu. Á skerminum eru plasthlífar á lömum, svo að hægt er að framlengja skerminn niður að pottinum.

Vinnueftirlitið hefur skoðað pottinn undanfarin ár frá því fyrir þetta slys, en engar athugasemdir gert við hann og telur, að nokkuð vel sé frá honum gengið. ...“

Við yfirheyrslur í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur komu nokkrir starfsmenn stefnda fyrir dóm og gáfu skýrslur.

Jón Guðmundsson kveðst hafa unnið við blýbræðslupottinn. Hann telur, að það hafi ekki verið flókið verk. Endurbræðslu á blýteinum lýsir hann svo, að nælonþráðurinn úr þeim fljóti ofan á bræddu blýinu í pottinum og sé fleytt ofan af, þegar hann er orðinn að köggli. Jón kveður sér hafa verið kennt, að varast bæri að opna pottinn, fyrr en hætt væri að rjúka úr honum. Væri þess ekki gætt, yrði hætta á mikilli mengun og jafnvel að eldur kviknaði. Hann kveðst hafa unnið um eitt ár við blýbræðslupottinn. Hafi það verið á árunum 1982/1983, að hann ætlar, og á þeim tíma hafi aldrei kviknað eldur í pottinum. Hann kveðst ekki heldur hafa séð það gerast, þegar aðrir voru að störfum við pottinn, en hins vegar séð rjúka vel úr honum.

Páll Ólafur Pálsson kveðst hafa unnið í verksmiðju stefnda á kvöldin og um helgar í 13 ár. Hann minnist þess, að stöku sinnum hafi kviknað eldur í blýbræðslupottinum, en veit ekki til, að nokkur hafi skaðast af því. Venja hafi verið að setja lokið yfir pottinn. Reykur úr honum hafi sogast upp í reykgleypinn yfir honum og út úr verksmiðjunni. Páll kveður mjög stórar dyr á vinnusalnum ávallt hafa staðið opnar, og jafnframt hafi gluggar verið opnir, svo að loftræsting hafi verið góð í vinnusalnum.

Eygló Óskarsdóttir kveðst hafa verið að störfum í verksmiðju stefnda, þegar umræddur atburður varð, en eigi orðið sjónarvottur að því, sem gerðist. Hún fullyrðir, að þeir, sem voru að vinna í grennd við blýbræðslupottinn, hafi ekki yfirgefið vinnusalinn, eftir að kviknaði í pottinum umrætt sinn.

Hektor Sigurðsson var yfirmaður áfrýjanda og ber honum vel sögu sem starfsmanni. Hann kveður marga hafa starfað við blý-

bræðslupottinn á þeim tíma, er áfrýjandi vann hjá stefnda. Hektor kveðst halda, að áður hafi komið fyrir, að eldur kviknaði í blýbræðslupottinum. Ráð við því hafi verið að fella lokið yfir pottinn, en þá hafi eldurinn kafnað af súrefnisskorti.

III.

Áfrýjandi rekur heilsuleysi sitt og varanlega örorku eingöngu til atviks þess í verksmiðju stefnda 2. nóvember 1981, sem að framan er lýst. Telur hann varanlega örorku sína af völdum þessa atviks vera allt að 100% og vísar í því efni til framangreinds álits læknaráðs. Byggir áfrýjandi kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á atviki þessu og tjóni, er af því leiddi. Eru málsástæður og rök áfrýjanda, er að þessu lúta, rakin í hinum áfrýjaða dómi.

IV.

Hér að framan hafa verið raktar helstu upplýsingar, sem gögn málsins hafa að geyma um umræddan atburð. Starf það, sem áfrýjandi hafði á hendi í verksmiðju stefnda, virðist ekki hafa verið margbrotið eða mjög vandasamt og ekki mikil slysahætta samfara því, ef rétt var að verki staðið og næg aðgæsla höfð í frammi. Ætla verður, að áfrýjandi hafi með tveggja ára starfsreynslu að baki kunnað næg skil á starfi sínu, bæði réttum vinnubrögðum og því, sem varast þurfti við framkvæmd starfsins. Þess voru eldri dæmi, að eldur kviknaði í blýbræðslupottinum og átti ekki að koma að sök, ef rétt var brugðist við. Eru og líkur fyrir því, að til slíks hefði ekki þurft að koma, ef rétt vinnubrögð voru viðhöfð. Þá voru starfsskilyrði, sem áfrýjanda voru búin, í fullnægjandi horfi að mati Vinnueftirlits ríkisins, en aðstæður á vinnustað höfðu lítið breyst frá 1981, er vettvangsskoðun sú á vegum þess fór fram, sem að framan er lýst. Umræddur atburður var hvorki tilkynntur lögreglu né vinnueftirliti á sínum tíma, en telja verður vafasamt, að forráðamönnum stefnda hafi mátt vera ljóst, eins og honum var háttað, og með hliðsjón af sambærilegum atvikum, er áður höfðu gerst, að um tilkynningarskylt slys væri að ræða.

Þegar allt framanskráð er virt, verður ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að stefnda verði gerð fébótaábyrgð á umræddu atviki.

Reynir því ekki á það álitaefni, hvort örorka áfrýjanda verði til þess rakin. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti ákveðst 748.760 krónur, þar með talinn útlagður kostnaður hans af rekstri málsins, 148.760 krónur, samkvæmt kostnaðaryfirliti, sem lagt var fram í Hæstarétti, svo og laun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 600.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

V.

Í hinn áfrýjaða dóm skortir alveg lýsingu dómara á þeim atburði, sem áfrýjandi rekur tjón sitt til og málsóknin byggist á. Á hinn bóginn er rakið í dóminum meginefni stefnu og greinargerðar stefnanda, án þess að úr því sé unnið og það fært til þess horfs, sem við á í dómi. Á mörgum blaðsíðum í dóminum er gerð ýtarleg grein fyrir margbrotinni kröfugerð stefnanda og rakin í löngu máli reifun kröfufjárhæða, eins og hún kemur fyrir í sóknargögnum, og er sundurliðun á dráttarvaxtakröfu þar ekki undan dregin. Þetta var með öllu ástæðulaust, þar sem af sýknu leiddi, að ekkert reyndi á kröfufjárhæðir í dóminum. Auk áfrýjanda gáfu átta vitni skýrslur á bæjarþingi Reykjavíkur. Í hinum áfrýjaða dómi er ekkert rakið úr þessum skýrslum, en aftur á móti eru nöfn vitnanna ásamt kennitölum og heimilisföngum talin upp í dóminum alveg að þarflausu. Þá er sá megingalli á hinum áfrýjaða dómi, að ekkert er fjallað um sjálfan grundvöll málsins, það álitaefni, hvort stefndi beri að lögum fébótaábyrgð á atviki því, sem varð í verksmiðju hans 2. nóvember 1981. Það er augljóst, að um þenna meginþátt málsins bar að fjalla ýtarlega og leiða hann til lykta, áður en sá þáttur málsins kæmi til álita, sem einn var tekinn til meðferðar í hinum áfrýjaða dómi, þ.e. orsakasamhengi milli atburðarins 2. nóvember 1981 og örorku áfrýjanda. Ljóst er af því, sem nú hefur verið rakið, að margt hefur farið aflaga í hinum áfrýjaða dómi. Ber að átelja það.

VI.

Kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti fór mjög úr böndum. Lætur nærri, að fjárhæð aðalkröfu hans sé tvöföld stefnufjárhæð í héraði, og var þar þó vel í lagt miðað við þau gögn, sem áfrýjandi hafði þá við að styðjast. Kröfufjárhæðir fyrir Hæstarétti eru í engu samræmi við nýjan örorkuútreikning, sem lagður var fram við munnlegan málflutning, en niðurstöðutala hans er 8.291.000 krónur, og er þá miðað við, að varanleg örorka áfrýjanda sé 100%. Byggjast fjárhæðir krafna áfrýjanda að verulegu leyti á útreikningum lögmanns hans. Mátti honum vera ljóst með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að öll skilyrði brast til þess, að svo gegndarlaus kröfuhækkun yrði leyfð. Skiptir þá engu, þótt lögmaður stefnda hafi samþykkt fyrir sitt leyti, að kröfur áfrýjanda breyttust til samræmis við niðurstöðu læknaráðs um varanlega örorku áfrýjanda.

Dómsorð:

Stefndi, Hampiðjan hf., á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Rafns Hagans Steindórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 748.760 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sannað er í máli þessu, að áfrýjandi er öryrki af völdum sjúkdóms í öndunarfærum. Eru kröfur hans í málinu á því reistar, að rekja megi örorkuna til áfalls, sem hann varð fyrir í vinnu hjá stefnda, Hampiðjunni hf., á árinu 1981, þegar eldur gaus upp í bræðslupotti, sem notaður var til bræðslu á blýi, er síðan var mótað í blýteina. Hafði það verið aðalstarf áfrýjanda um nokkurt skeið að annast þessa vinnslu, og átti hann að vera orðinn henni vanur. Um var að ræða tiltölulega einfalda og frumstæða vinnslu, og upplýst er í málinu, að búnaður til hennar var ekki talinn aðfinnslu-

verður af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Eigi að síður var í henni fólgin sérstök hætta, sem kom fram gagnvart áfrýjanda í þetta sinn.

Atburður sá, sem áfrýjandi höfðar til, var ekki rifjaður upp af öðrum fyrr en löngu síðar, en atvikalýsing áfrýjanda má heita óumdeild að öðru en því, að stefndu segja hann hafa getað brugðist við eldinum með skjótvirkari aðferð en hann viðhafði. Ósannað verður þó að telja, að áfrýjandi hafi beitt röngum vinnubrögðum, og liggur nær að álykta, að eldurinn í þetta sinn hafi verið óvenjumikill. Sé atburðurinn þannig slys af því tagi, sem fyrir gat komið við vinnsluna, án þess að saknæmu gáleysi starfsmannsins væri til að dreifa.

Álit lækna á atburðinum og aðstæðum við vinnsluna eru ýtarlega rakin í hinum áfrýjaða dómi, og fyrir Hæstarétt hefur nú verið lögð umsögn læknaráðs. Enginn þeirra lækna, sem að málinu hefur komið, telur það útilokað, að umræddur atburður feli í sér orsök að sjúkdómi áfrýjanda, og í umsögn sinni hefur læknaráð staðfest það álit Jónasar Hallgrímssonar læknis, að rekja megi örorku áfrýjanda til hans að verulegum hluta. Þessi tengsl atburðar og örorku eru meðal sannana um þá hættu, sem fólgin var í starfi áfrýjanda, og er eðlilegt að líta á þau í samhengi við önnur atvik, þegar fjallað er um skaðabótaskyldu vegna atburðarins.

Viðurkennt er að lögum, að atvinnurekandi geti orðið ábyrgur um greiðslu skaðabóta fyrir líkamstjón af völdum slyss eða sjúkdóms, sem starfsmaður hans verður fyrir við hættusama vinnu, þótt tjónið verði ekki beinlínis rakið til vanbúnaðar á vinnustaðnum eða vanrækslu um leiðsögn eða öryggi starfsmanna. Í máli þessu er ekki sannað, að beinum vanbúnaði eða skorti á þjálfun eða leiðbeiningum af hálfu vinnuveitandans verði um það kennt, sem kom fyrir áfrýjanda. Eigi að síður verður að telja rétt, þegar málsatvik eru virt í heild og litið er til hættunnar af vinnslunni og hinna alvarlegu afleiðinga, sem raktar eru til umræddu atburðar, að leggja bótaábyrgð á stefnda vegna örorku áfrýjanda að því leyti, sem hún verður talin eðlileg afleiðing af honum. Erfitt er að meta umfang þessarar ábyrgðar eftir þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þá lund, að stefndi geti ekki talist bótaskyldur, er ekki ástæða til að gera því mati nánari skil.

Í greinargerð stefnda í héraði segir svo í upphafi, að mál þetta snúist um, hvort heilsufar áfrýjanda megi rekja til þess atburðar, sem hér var um fjallað. Ætla má, að efnistök í héraðsdómi hafi að einhverju mótast af þessu viðhorfi varnar megin í málinu, og verður ekki að því fundið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 23. nóvember sl., hefur Rafn Hagan Steindórsson, kt. 270856-5789, Digranesvegi 87, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, á hendur Hampiðjunni hf., kt. 590169-3079, Stakkholti 2-4, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Hampiðjan hf., Reykjavík, verði dæmdur til að greiða stefnanda skaða- og miskabætur auk útlagðs kostnaðar, að fjárhæð 14.912.325 kr., auk dráttarvaxta með eftirgreindum hætti:

— — —

Þá krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að mati réttarins, sbr. fram lagðan málskostnaðarreikning, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, 21. gr. laga nr. 54/1988, sbr. 3. mgr. 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, og 5. gr. laga nr. 67/1989. Þá verði stefnda gert að greiða stefnanda 24,5% virðisaukaskatt af málskostnaði, sbr. lög nr. 50/1988 auk áorðinna breytinga.

Stefnandi gerir áskilnað um hækkun krafna, þ. m. t. við hugsanlega áfrýjun dóms í málinu, ef svo skyldi fara, að verðgildi íslenskrar krónu rýrnaði fyrir endanlegan dóm í málinu.

Af hálfu stefnanda eru ekki gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 4. október 1989, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Eru af hálfu stefnanda gerðar þær

dómkröfur í málinu með hliðsjón af gjafsóknarheimild, að allur gjafsóknarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði til skipaðs málflutningsmanns stefnanda.

Í þinghaldi 31. október 1990 lýstu lögmenn málsaðila yfir, að þeir óskuðu ekki eftir umsögn læknaráðs í máli þessu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður helstu málsatvik þau, að hann hafi 2. nóvember 1981 orðið fyrir alvarlegu heilsutjóni vegna slyss, er hann hafi orðið fyrir við vinnu sína í Hampiðjunni hf., Reykjavík, en hann hafi verið þar starfsmaður, þegar kviknaði þar í blýpotti, sem hann hafi unnið við. Af hálfu vinnuveitanda, stefnda, Hampiðjunnar hf., hafi ekki verið tilkynnt um slysið né gerðar neinar aðrar ráðstafanir. Tilkynning Hampiðjunnar hf. um slysið sé dagsett 30. mars 1987, röskum fimm árum eftir, að vinnuslysið hafi orðið. Stefnandi hafi leitað til slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík, og samkvæmt sjúklingadagbók þar sé stefnandi talinn hafa orðið fyrir reykeitrun og hugsanlegri blýeitrun.

Framhaldsrannsóknir lækna og sérfræðinga greini, að stefnandi hafi hlotið verulegt heilsutjón vegna umrædds vinnuslyss, svo sem slæman asmasjúkdóm, og sé stefnandi öryrki. Samkvæmt örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsettu 3. apríl 1989, sé stefnandi metinn 50% varanlegur öryrki vegna afleiðinga reykmengunarinnar í ofangreindu vinnuslysi í Hampiðjunni hf. í Reykjavík. Sé sú örorka miðuð við 1. maí 1987, en auk örorkubóta leggi hinn sérfróði tryggingalæknir til í matinu, að stefnandi fái háar miska- og þjáningabætur.

Á grundvelli ofangreinds örorkumats liggi fyrir í málinu örorkutjónsútreikningur, dagsettur 13. apríl 1989, frá Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, þar sem höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda reiknist á slysdegi 2. nóvember 1981 2.854.400 kr., og samkvæmt útreikningum sama sérfróða aðila, dagsettum 8. desember 1989, sé tjón stefnanda á slysdegi 2. nóvember 1981 vegna tapaðra lífeyrisréttinda talið nema 171.300 kr.

Með hliðsjón af skýrslum og álitsgerðum lækna og annarra sérfróðra aðila og aðstæðum öðrum, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er af hálfu stefnanda gerð krafa um miskabætur í málinu, svo sem vegna þjáninga, heilsutjóns, lýta, röskunar á stöðu og högum, andlegs og líkamlegs álags og sárinda, að fjárhæð 3.400.000 kr., miðað við slysdaginn 2. nóvember 1981, sbr. hér einkum álit hins sérfróða aðila í örorkumati.

Stefnufjárhæðin sé að fjárhæð 14.912.325 kr. og sé þannig reiknuð út:

— — —

Forsvarsmönnum stefnda og lögmönnum stefnda og réttargæslustefnda hafi jafnóðum verið kynnt öll gögn málsins og kröfugerðir. Ekki hafi af hálfu stefnda náðst nein eðlileg samvinna til að leysa málið með samkomulagi eða liðka fyrir slíku né hafi af hálfu stefnda verið unnið að því að upplýsa málið, svo sem að veita upplýsingar um ábyrgðartryggingar. Vegna þessarar framkomu forsvarsmanna stefnda hafi orðið að leggja óvanalega mikla og erfiða vinnu í málið.

Nánari útreikningur á stefnukröfunni sé þessi:

— — —

Stefnandi vísi til þess, að rekja megi orsakir umræddsslyss til atriða og atvika, er stefnda, Hampiðjuna hf., varði og stefndi beri ábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Hér sé vísað til vanbúnaðar og galla á vélum og tækjum og skorts á öryggi, þjálfunar starfsmanna og öryggisbúnaðar þeirra, vanrækslu við verkstjórn, hollustuvernd og eftirlit. Rekja megi orsakir til mistaka við verkstjórn og eftirlit, umbúnað og öryggi, auk þess sem stefndi hafi áður fengið sérstök tilefni til að veita hættuástandinu sérstaka athygli og ráða bót á því. Sé því um að ræða ítrekaða vanrækslu af hálfu stefnda og starfsmanna, er stefndi beri ábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttar, m. a. svonefnda húsbóndaábyrgð. Komi hér og til almennar reglur skaðabótaréttar, saknæmisreglan, og skaðabótaábyrgð stefnda á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar og ábyrgðar tengdrar hættulegum atvinnurekstri og fleira.

Fyrir liggi, að forsvarsmenn stefnda hafi tilkynnt umrætt atvik sem vinnuslys til Tryggingastofnunar ríkisins fyrst 30. mars 1987, en hafi ekki sinnt skyldu sinni um tilkynningu, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 og laga nr. 15/1986, sbr. áður 26. gr. laga nr. 23/1962 og tengdar reglugerðir, og hafi stefndi þar með tekið á sig af þeirri ástæðu einni fébótaskyldu og skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna tjóns hans í umræddu slysi, enda hafi forsvarsmenn stefnda hvorki kallað til lögreglu, slökkvilið né vinnueftirlit til rannsóknar á slysinu né til öryggis. Með þessu atferli hindri forsvarsmenn stefnda eðlilega rannsókn á slysinu og tildrögum þess og taki á sig alla ábyrgð varðandi skaðabótakröfur stefnanda. Hér megi og nefna reglur, sem gildi um öfuga sönnunarbyrði varðandi ábyrgð, orsakir og annað, er tengist umræddu vinnuslysi og tjóni af því. Hér sé einnig vísað til tilkynningar um vinnuslys, dagsettrar 30. mars 1987, til Tryggingastofnunar ríkisins frá stefnda, Hampiðjunni hf., sem í felist viðurkenning af hálfu stefnda, að um sé að ræða vinnuslys á ábyrgð stefnda.

— — —

Stefndi, Hampiðjan hf., sé skrásett hlutafélag með varnarþing í Reykjavík, og sama eigi við um réttargæslustefnda.

3.0.

Stefndi, Hampiðjan hf., segir mál þetta snúast um, hvort bágt heilsufar stefnanda megi rekja til þess, er 2. nóvember 1981 kviknaði í blýpotti í starfsstöð stefnda, en stefnandi hafi haft umsjón og eftirlit með pottinum.

Stefnandi hafi gefið lýsingu á þessum atburði. Sé atvikalýsingu hans mótmælt, en af hálfu stefnda sé því haldið fram, að í umrætt sinn hafi ekki orðið neinn teljandi eldur, heldur hafi einungis kviknað eldur í blýpottinum, vegna þess að stefnandi, er hafi annast um pottinn, hafi ekki hreinsað nægjanlega sora, er hafi safnast ofan á bráðið blýið, og vegna þess að stefnandi hafi látið óhreint blý í bræðslu þvert gegn leiðbeiningum. Þegar eldur gjósi svona upp, sé sáraeinfalt að slökkva hann, en stefnandi hafi eigi notað þau vinnubrögð.

Lýsingu stefnanda á reykjarkófi sé mótmælt, en á það bent, að blýpotturinn sé í stórum og rúmgóðum sal og opið út. Hafi ekki fallið niður vinna vegna þessa atburðar, nema meðan starfsfólk horfði á stefnanda slökkva eld sinn.

Því sé gersamlega mótmælt, að stefnandi hafi fengið mein sín vegna umrædds atviks. Á læknisvottorði Davíðs Gíslasonar, sérfræðings í lyflækningum og ónæmissjúkdómum, dagsettu 11. október 1988, komi fram, að stefnandi hafi leitað til læknis í ársbyrjun 1986 vegna andþrengsla og surgs fyrir brjósti. Þá hafi stefnandi ekki talið, að veikindin mætti rekja til slyssins, heldur til annarra atvika. Segi Davíð Gíslason læknir í þessu vottorði, að sig skorti allar upplýsingar um heilsufar stefnanda fyrir og eftir brunann til þess að geta fullyrt um samband lungnaeinkenna hans og brunans. Sömu sögu segi Kristjana Kjartansdóttir heilsugæslulæknir í vottorði, dagsettu 31. júlí 1989.

Dr. med. Vilhjálmur Rafnsson segi á bls. 11 í greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda, dagsettri 11. júlí 1989, að stefnandi telji, „að öndunarfæraeinkenni hafi hann fyrst orðið var við á árinu 1979, þegar hann vann á röradeild Hampiðjunnar í Stakkholti".

Af þessu sé ljóst, að fullyrðingar stefnanda um orsök meina sinna fái ekki staðist, og sé sönnu nær, að þær séu til komnar síðar, en raunverulegar orsakir séu annars eðlis. Rétt sé jafnframt að benda á, að stefnandi sé ekki heilsuhraustur að upplagi og reyki. Sé því haldið fram, að ósannaðar séu orsakir sjúkdóms hans.

Þá sé á það bent, að stefnandi hafi lýst því fyrir læknum, að hann hafi verið með andþrengsli á þessum tíma, er slysið varð, en eigi skýrt vinnuveitanda sínum frá því né óskað eftir því, að sér yrði skipað til vinnu, þar sem ekki væri hætta á, að hann fengi mein af.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé því haldið fram, að stefnandi eigi að hluta til sök á tjóni sínu, annars vegar með röngum vinnubrögðum við að

slökkva greindan eld, en hins vegar með því að leyna því, að hann væri með andþrengsli. Sé því haldið fram, að stefnandi beri meginhluta sakar vegna þessa.

— — —

Við aðalmeðferð málsins gáfu auk stefnanda eftirgreindir skýrslu fyrir dómi: Jónas Hallgrímsson læknir, kt. 060931-2599, Tjarnarbraut 2, Garðabæ, Vilhjálmur Rafnsson læknir, kt. 290845-4759, Ljósheimum 7, Reykjavík, Hektor Sigurðsson, innkaupastjóri í Hampiðjunni hf., kt. 130921-2649, Kópavogsbraut 1 A, Kópavogi, Eygló Óskarsdóttir, verkstjóri hjá Hampiðjunni hf., kt. 280740-2929, Grettisgötu 31, Reykjavík, Jón Guðmundsson, verkamaður hjá Hampiðjunni hf., kt. 080563-3379, Dalseli 17, Reykjavík, Páll Ólafur Pálsson, fyrrverandi starfsmaður hjá Hampiðjunni hf., kt. 230137-4639, Hagaflöt 2, Garðabæ, Davíð Gíslason sérfræðingur, kt. 170241-4529, Eskiholti 8, Garðabæ, og Kristjana Kjartansdóttir læknir, kt. 260141-2109, Frostaskjóli 15, Reykjavík.

4.0.

Í greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda eftir Vilhjálm Rafnsson dr. med., yfirlækni, dagsettri 11. júlí 1989, segir m. a. svo um aðdraganda þessa máls:

— — —

5.0.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsettu 3. apríl 1989, segir svo m. a.:

— — —

6.0.

Rafn hefur verið til rannsóknar á vegum Vinnueftirlits ríkisins út af greindu slysi, og liggur fyrir í málinu bréf Vilhjálms Rafnssonar yfirlæknis til lögmanns stefnanda, dagsett 29. september 1988, en þar segir svo m. a.:

— — —

7.0.

Enn fremur hefur stefnandi verið hjá Davíð Gíslasyni, sérfræðingi í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, vegna rannsókna, og einnig hefur Davíð annast alla meðferð sjúkdóms stefnanda. Liggur fyrir í málinu bréf Davíðs til lögmanns stefnanda, dagsett 11. október 1988, en þar segir svo m. a.:

— — —

8.0.

Upplýst var við aðalmeðferð málsins, að greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda eftir Vilhjálm Rafnsson yfirlækni, dagsett 11. júlí 1989, bls. 7 og áfram, hafi verið þýdd á ensku og send til umsagnar Du Pont Canada Inc. Í bréfi Williams L. Sprout læknis, sem starfar hjá I. Du Pont de Nemours and Company, dagsettu 25. október 1990, og lagt hefur verið fram í málinu ásamt þýðingu Páls Heiðars Jónssonar, löggilts skjalaþýðanda, séu sjónarmið sérfræðings félagsins um þessi efni. Í bréfinu segir m. a.:

— — —

9.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi sækir bótakröfu sína á grundvelli þess atviks, sem varð 2. nóvember 1981, er hann var starfsmaður í Hampiðjunni hf. við Þverholt í Reykjavík og þar kviknaði í blýpotti, sem hann vann við.

Til þess að bótaréttur geti stofnast til handa stefnanda, verður hann að sýna fram á, að orsakasamband sé milli áðurgreinds atviks í Hampiðjunni 2. nóvember 1981 og heilsutjóns síns. Breytir hér engu um, þótt tilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins um slysið hafi verið síðbúin, þar sem fram kom við aðalmeðferð málsins, að stefndu bera ekki í meginatriðum brigður á lýsingu stefnanda sjálfs á slysatburðinum og atburðurinn þykir að öðru leyti nægilega upplýstur, þ. e. óvissa er ekki um atvik að slysinu.

Svo sem að framan er rakið, treystir Davíð Gíslason, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, sér ekki til að fullyrða um samband lungnaeinkenna stefnanda og brunans. Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa orðið var við eða lesið um svo mikinn og langvarandi asma eftir eitt slíkt atvik, svo sem hér um ræðir. Vilhjálmur Rafnsson dr. med., yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins, er annarrar skoðunar; hann telur, að orsakasamband sé á milli þessa atviks og sjúkdóms stefnanda. Fram kemur í bréfi Kristjönu Kjartansdóttur heilsugæslulæknis til lögmanns stefnanda, dagsettu 31. júlí 1989, að áhrif asma á líf einstaklinga sé erfitt að meta. Sjúkdómurinn sé mjög margbreytilegur og duttlungafullur og ógerlegt að segja fyrir fram um þróun. Jónas Hallgrímsson læknir, sem að verulegu leyti styðst við skýrslur annarra lækna, segir í áðurgreindu örorkumati sínu, að hann telji, að ekki sé unnt eingöngu að kenna þeirri mengun, er stefnandi varð fyrir, er kviknaði í blýpottinum, um óvinnufærni hans, eins og á standi. Mjög erfitt sé að finna sanngjarnan dóm í þessu máli, bæði hvað snerti afleiðingar slyssins og almenna starfsorku stefnanda nú.

Svo sem vinnustað og aðstöðu stefnanda er lýst í málskjölum, verður vinnuumhverfi hans að teljast hafa verið forsvaranlegt. Hefur það einnig verið svo að mati Vinnueftirlits ríkisins. Segir m. a. svo orðrétt í bréfi þess

til lögmanns stefnanda, dagsettu 19. desember 1989: „Vinnueftirlitið hefur skoðað pottinn undanfarin ár frá því fyrir þetta slys, en engar athugasemdir gert við hann og telur, að nokkuð vel sé frá honum gengið." Í skýrslu til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík 5. desember 1989, bls. 2, er haft eftir stefnanda m. a. orðrétt: „Kveðst hann hafa verið ánægður með loftræstikerfi það, sem komið var fyrir ofan við bræðslupottinn, kerfi, sem var útbúið með viftu, staðsettri í þar til gerðri trekt ofan við pottinn. Segir hann viftuna hafa sogað reyk frá pottinum og blásið honum út í gegnum loftræstirör." Hvergi er að finna í málskjölum, að bilun hafi orðið í búnaði eða tækjum við umræddan blýbræðsluofn, en í áðurgreindri skýrslu stefnanda kemur fram, að í umrætt skipti muni hann hafa sett í blýbræðslupottinn blýklump ataðan tjöru.

Í læknisfræði eru orsakir asmasjúkdóma lítt þekktar, jafnframt því sem þær eru taldar bæði fjölbreytilegar og einstaklingsbundnar. Dómurinn telur ekki kleift að útiloka margar samverkandi ástæður til sjúkdóms stefnanda. Að áliti annars meðdómsmannsins, Tryggva Ásmundssonar læknis, sérfræðings í lungnasjúkdómum, er ekki unnt að hafna því, að sjúkdómur Rafns tengist umræddri reykeitrun. Væri þá um að ræða svonefnt „reactive airways disease syndrome", sem getur fylgt í kjölfar reykeitrunar. Þeir sjúklingar fá sjúkdóm, sem líkist að öllu leyti „intrinsiskum" asma og kemur venjulega fram innan fjögurra vikna frá eitruninni. Sjúkdómurinn gengur oftast til baka á nokkrum vikum, þótt þess séu dæmi, að hann geti varað árum saman.

Það er þó álit dómsins, að þótt kviknað hafi eldur og nokkur reykmengun orðið við umrætt vinnuslys, verði slíkur atburður einn sér ekki talinn líklegur til að valda asma þeim, sem stefnandi er haldinn. Vinnuslys, eins og hér um ræðir, hefur því tæpast eitt sér getað valdið sjúkdómnum. Í þessu sambandi verður að líta til þess, að stefnandi mun hafa orðið var við öndunarþrengsli þegar árið 1979, en asma á háu stigi mun hann ekki hafa fengið fyrr en seint á árinu 1985. Hafi stefnandi þegar haft asmaeinkenni, gætu líkur staðið til, að umrætt slys hafi að einhverju leyti valdið því, að sjúkdómurinn versnaði tímabundið. Ekki eru þó líkur fyrir, að umrætt slys hafi beinlínis ráðið úrslitum um það, að sjúkdómur stefnanda komst á það stig, sem raun ber vitni.

Eftir atvikum verður því að teljast ólíklegt, eins og mál þetta liggur fyrir, að eldurinn í blýbræðslupottinum í Hampiðjunni 2. nóvember 1981 sé orsök heilsutjóns stefnanda. Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að læknisfræðilega sé ósannað, að upphafið á sjúkdómi stefnanda verði rakið til umræddrs atviks á vinnustað hans. Stefnanda hefur því ekki samkvæmt gögnum málsins tekist að sýna fram á þá staðhæfingu sína, að umrætt slys hafi valdið þeim asma-sjúkdómi, er hann býr við nú.

Í málinu er ekki byggt á því atviki, er stefnandi segist hafa unnið árið 1979 í röradeild Hampiðjunnar og ofhitnað hafi í sérstökum blöndunarpotti fyrir PVC-plast (polývinýlklóríð), svo að hráefnið í pottinum hafi bráðnað saman, en stefnandi ásamt öðrum starfsmanni mun hafa brotið upp bráðinn massann úr pottinum með meitli. Stefnandi segist hafa fundið til óþæginda í brjósti við þetta verk, en samkvæmt áðurgreindri greinargerð Vilhjálms Rafnssonar yfirlæknis, dagsettri 11. júlí 1989, telur stefnandi, að öndunarfæraeinkenna hafi hann fyrst orðið var árið 1979. Með því að stefnandi reisir málflutning sinn ekki á þessum atburði og ekki er minnst á hann í stefnu eða greinargerð stefnanda og þar sem liðin eru meira en tíu ár frá þessum atburði og fyrstu einkennum vegna hans, treystir dómurinn sér ekki til að leggja þetta atvik til grundvallar við úrlausn málsins.

Aðrir atburðir sem orsakir að sjúkdómi stefnanda eru ekki til úrlausnar í þessu máli. Þar sem ósannað þykir samkvæmt framansögðu, að áðurgreint vinnuslys í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981 hafi á nokkurn hátt verið orsök að heilsutjóni stefnanda, verður, eins og atvik standa til í þessu máli, að sýkna stefnda, Hampiðjuna hf., af kröfum hans.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 100.000 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 450.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jakobi Kristinssyni, dósent í eiturefnafræði, og Tryggva Ásmundssyni lækni, sérfræðingi í lungnasjúkdómum.

Dómsorð:

Stefndi, Hampiðjan hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Rafns Hagan Steindórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 100.000 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 450.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 204/1989. **A/S Dahl Jörgensen**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Axel Thorarensen
(Sigfús Gauti Þórðarson hdl.)
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Samningar. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1989. Dómkröfur hans eru, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að hann fái tildæmdar úr hendi stefnda 2.297.968 krónur ásamt 45,6% ársvöxtum frá 27. apríl 1988 til 1. maí sama ár, en með 44,5% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1988 og með ársvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. apríl 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, sendi lögmaður stefnda hinn 25. maí 1987 lögmanni áfrýjanda að beiðni hins síðarnefnda yfirlit um stöðu á skuld Friðriks Jörgensen við stefnda samkvæmt kröfu, sem tryggð var með fjárnámi í Ægisíðu 94. Var þetta í tilefni þess, að áfrýjandi hafði krafist þess, að eignin yrði seld á nauðungaruppboði, sem fara átti fram 1. júní. Í bréfi þessu var skuldin tilgreind þannig:

„Höfuðstóll	kr. 2.727.312
Dráttarvextir til 10. júní nk.	— 1.802.190
	Kr. 4.529.502.“

Engar athugasemdir voru af hálfu áfrýjanda gerðar við bréf þetta. Þegar áfrýjandi fékk eignina útlagða, fór hann fram á það

við stefnda, að krafa hans mætti hvíla á henni áfram í 3 mánuði í því skyni, að hann fengi svigrúm til þess að selja húsið, áður en hann leysti kröfuna af 1. veðrétti. Um þetta gerðu lögmenn aðila samkomulag og undirrituðu fyrir hönd umbjóðenda sinna svofellt skjal 1. október 1987:

„*Samkomulag.*

Undirrituð hefur í dag veitt viðtöku sem innborgun á skuld Friðriks Jörgensen við Axel Thorarensen kr. 1.000.000,00.

Samkomulag er um, að eftirstöðvar skuldarinnar, nú kr. 4.103.171,50, verði greiddar af söluverði Ægisíðu 94, Reykjavík, innan þriggja mánaða."

Áfrýjanda tókst ekki að selja fasteignina fyrr en 15. febrúar 1988. Þá leitaðist lögmaður hans við að gera skuldina upp við stefnda, eins og hann taldi, að ætti að reikna stöðu hennar, í samræmi við fjárnámsgerðina og dómsorð héraðsdómsins frá 21. febrúar 1985, þ.e. með 2,5% mánaðarvöxtum eingöngu, án þess að þeir væru höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti. Lögmaður stefnda mótmælti útreikningi þessum og kvað útreikning sinn á skuldinni í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, og ekki væri aðeins heimilt, heldur væri sér jafnframt skylt að krefjast þessara dráttarvaxta.

II.

Lögmaður stefnda hefur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti bent á, að útreikningur hans á skuldinni sé algerlega í samræmi við vexti þá, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, bæði hvað varðar vaxtafót og uppfærslu vaxtanna á 12 mánaða fresti. Þetta hafi lögmanni áfrýjanda verið fullkunnugt, og samkomulag aðila frá 1. október 1987 hafi byggst á þessu.

Hér að ofan hafa verið greind skjöl þau, sem fóru aðila í milli vegna þessa. Ljóst má vera, að samkomulag aðila frá 1. október 1987 er ófullkomið sem samkomulag um stöðu skuldarinnar og vaxtareikning hennar. En þegar litið er til þess, að eftirstöðvar skuldarinnar voru þar skýrlega tilgreindar 4.103.171,50 krónur, verður að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að í samkomulaginu væri skuldin reiknuð með breytilegum vöxtum og vaxtavöxtum. Áfrýjanda bar þá að mótmæla án ástæðulauss dráttar, ef hann taldi vexti af kröfunni ranglega reikn-

aða, sem ekki var gert. Við svo búið gat áfrýjandi ekki eftir á borið fram slík mótmæli, enda var vaxtareikningur stefnda út af fyrir sig heimill og í samræmi við lög. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Samkomulag aðila 1. október 1987 ber það ekki skýrlega með sér, að þeir hafi verið að semja um annars konar uppgjör á skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. febrúar 1985 en reist verður á dóminum sjálfum, en þar er mælt fyrir um 2,5% dráttarvexti af dæmdri fjárhæð til greiðsludags hennar. Með þessum samningi fékk áfrýjandi frest á greiðslu eftirstöðva fjárnámsskuldar, sem byggðist á umræddum dómi, og virðist það hafa verið eina tilefni samningsgerðarinnar. Í samkomulaginu var tilgreind fjárhæð, sem fól í sér hina breytilegu vexti og höfuðstólsfærslu vaxta, og hið sama er að segja um reikningsyfirlit 25. maí og 10. júlí 1987, er stefndi lét lögmanni áfrýjanda í té. Dráttarvextir voru þó í engu tilviki sundurliðaðir, og ekki er í ljós leitt, að um þá hafi verið rætt sérstaklega. Ég tel ósannað, að það hafi verið forsenda þessa samnings af hálfu stefnda, að dráttarvextir af skuldinni yrðu reiknaðir eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma þvert gegn ákvæði dómsins frá 1985. Fyrir slíkri niðurstöðu, sem felur í sér verulega breytingu á skuldaskilum aðila, yrðu að liggja órækar sannanir. Þótt áfrýjandi hafi sýnt af sér þá ógætni að ganga ekki sjálfur úr skugga um grundvöll útreiknings stefnda 1. október 1987, tel ég það þó ekki nægja, eins og hér stendur á, til að reikna dómkröfuna frá 1985 með öðrum vöxtum en dómurinn sjálfur áskilur.

Í framangreindu bæjarþingsmáli 1985 gerði stefndi hér fyrir dómi hvorki kröfu um dómvexti samkvæmt lögum nr. 56/1979 né kröfu um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta. Það voru því ekki lagaskilyrði til þess, að krafa hans bæri vaxtavexti. Samkvæmt framansögðu tel ég, að fallast beri á endurgreiðslukröfu áfrýjanda, en í málinu

er ekki tölulegur ágreiningur. Hins vegar væri rétt, eins og atvikum er háttað, að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 2. júní 1988.

Stefnandi er Árni Vilhjálmsson hrl. f. h. A/S Dahl Jörgensen, Ulvenveien 90, Örkern 0509, Osló, Noregi.

Varnaraðili er Axel Thorarensen, Tjarnargötu 45, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum 2.297.968,15 krónur ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

— — —

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda,

2. til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 1.115.680 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 27. apríl 1988 til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1988 og með ársvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags,

3. til þrautavara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 1.476.137 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 27. apríl 1988 til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1988 og með ársvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Í öllum tilfellum krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. febrúar 1985 voru Friðrik Jörgensen og fleiri dæmd til að greiða Axel Thorarensen, stefnda í máli þessu, 2.883.155,50 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 10. júlí 1984 til 10. september 1984 og af 2.727.312,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað.

Sú krafa var gerð, að dráttarvextir breyttust til hækkunar eða lækkunar í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands hverju sinni. Ekki var fallist á kröfu þessa og dráttarvextir dæmdir 2,5%, eins og að framan greinir.

Stefndi lét gera fjárnám í Ægisíðu 94, eign Friðriks Jörgensen til fullnustu dóminum 4. maí 1985.

Beðið var um nauðungaruppboð á Ægisíðu 94 11. júní 1986.

Friðrik Jörgensen gaf út yfirlýsingu 11. febrúar 1987, þar sem hann lof-

aði að greiða skuldina með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, en þar eru dráttarvextir reiknaðir í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands.

Með bréfi, dagsettu 25. maí 1987, sendi lögmaður stefnda lögmanni stefnanda yfirlit um stöðu skuldar Friðriks Jörgensen við stefnda að beiðni lögmanns stefnanda, eins og segir í bréfinu. Þar er krafan reiknuð út með breytilegum vöxtum. Enn fremur liggur fyrir yfirlit um skuldina miðað við 10. júlí 1987, þar sem skuldin er sundurliðuð. Á hvorugu þessara skjala er vaxtafótar getið, en fjárhæð dráttarvaxta hins vegar tilgreind.

Eignin Ægisíða 94 var seld á nauðungaruppboði 1. júní 1987. Stefnanda var lögð út eignin sem ófullnægðum veðhafa í uppboðsrétti Reykjavíkur 2. október 1987.

Lögmenn aðila gerðu með sér samkomulag 1. október 1987, en þar kvittar lögmaður stefnda fyrir innborgun á skuld Friðriks Jörgensen við stefnda, að fjárhæð 1.000.000 króna. Þá segir í yfirlýsingunni, að eftirstöðvar skuldarinnar, 4.103.171,50 krónur, verði greiddar af söluverði Ægisíðu 94, Reykjavík, innan þriggja mánaða.

Fram kemur í málinu, að stefnandi seldi eignina í febrúarmánuði 1988, og með bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dagsettu 19. febrúar 1988, var boðin greiðsla á fyrrgreindri skuld, sem stefnandi kvað nema 2.895.348,60 krónum, enda væru dráttarvextir reiknaðir í samræmi við dómsorð héraðsdóms frá 21. febrúar 1985.

Í bréfi, dagsettu 2. mars 1988, mótmælti lögmaður stefnda útreikningi stefnanda og krafðist fullra dráttarvaxta, enda væri slíkur útreikningur ekki einungis heimill, heldur væri beinlínis skylt að krefjast „fullra" dráttarvaxta. Þá vitnaði bréfritari til samkomulagsins frá 1. október 1987, þar sem eftirstöðvar væru tilgreindar 4.103.171,50 kr., en frestur, sem þar greindi, hefði verið veittur, þar sem byggt væri á því, að dráttarvextir yrðu greiddir, meðan á þessum biðtíma stæði. Enn fremur var vitnað til yfirlýsingar Friðriks Jörgensen frá 11. febrúar 1987, sem getið er hér að framan.

Lögmaður stefnanda greiddi síðan lögmanni stefnda 5.239.748 krónur 27. apríl 1988 og gerði jafnframt áskilnað um að endurkrefja stefnda um 2.297.968,15 krónur í dómsmáli ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði, þar sem hann teldi, að stefndi hefði ofreiknað vexti, sem þeirri fjárhæð næmi. Hafi honum verið nauðsynlegt að greiða til að geta fullnægt skyldum sínum samkvæmt kaupsamningi vegna sölu á Ægisíðu 94, þar sem honum sem seljanda bar að aflétta fjárnáminu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta sem endurkröfumál og styðjast við almennar reglur kröfuréttarins þar um. Stefnandi hafi greitt stefnda tiltekna

fjárhæð með fyrirvara eða áskilnaði um, að hann myndi endurkrefja stefnda um stefnufjárhæðina. Endurkrafan byggi á því, að stefndi gerði fjárnám fyrir kröfu sinni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 21. febrúar 1985 ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði til greiðsludags. Hafi stefnandi sem ófullnægður veðhafi tekið að sér að greiða þá kröfu hans og sé ekki bundinn við aðra vexti en fjárnám var gert fyrir og dómsorð kveður á um. Stefndi hafi hins vegar reiknað breytilega dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands og vaxtavexti, án þess að dómsorð hafi fallið á þann veg.

Um samkomulag það, sem gert var 1. október 1987, tekur stefnandi fram, að sá útreikningur sé að öllu leyti unninn af hálfu stefnda, og hafi á þeim tíma ekki verið lagt mat á þá fjárhæð af hálfu stefnanda. Hafi lögmaður stefnanda treyst því, að sá útreikningur væri réttur og í samræmi við dóm þann, sem fjárnámið var gert eftir. Telur stefnandi sig ekki bundinn af þessari fjárhæð, en þegar til uppgjörs kom með aðilum, hafi komið í ljós, að þessum fjárhæðum bar ekki saman. Vísar stefnandi um þetta til reglna kröfuréttarins um „condictio indebiti" og telur, að þau sjónarmið, sem um það gilda, eigi við hér.

Um vaxtakröfu vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi telur, að með samkomulaginu frá 1. október 1987 hafi stefnandi skuldbundið sig til að greiða stefnda þar tilgreinda fjárhæð. Honum hafi verið fullljóst, að skuldin hafi verið reiknuð upp með þeim dráttarvöxtum, sem auglýstir voru á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, og að vextir voru höfuðstólsfærðir á venjulegan hátt á tólf mánaða fresti. Hafi honum verið gert ljóst, að dráttarvaxta yrði á sama hátt krafist þann tíma, sem greiðsla kynni að dragast vena samkomulagsins. Þrátt fyrir það hafi stefnandi kosið að fá ráðrúm til að selja eignina í stað þess að greiða skuldina. Salan hafi þó dregist meira en stefnandi hafði gert ráð fyrir, til miðs febrúar 1988, og hafi stefnandi ekki haft samræða við stefnda um þann frest, sem hann tók, umfram þann frest, sem um geti í samkomulaginu frá 1. október 1987. Þá er kröfu stefnanda um lækkun dráttarvaxta á tímabilinu 1. október 1987 til 27. apríl 1988 sérstaklega mótmælt, þar sem stefnandi hafi þá sjálfur verið í vanskilum með greiðslu skuldarinnar.

Stefndi telur það felast í upphaflegri dómkröfu um dráttarvexti, að leyfilegt sé að höfuðstólsfæra þá á tólf mánaða fresti. Þetta sé augljóst af því, að í vaxtaákvörðunum Seðlabankans hafi um langt skeið verið heimild til þessa. Stefndi telur, að á sama hátt og sér hefði verið skylt að láta gera kröfuna upp með lægri dráttarvöxtum en 2,5% á mánuði, hefðu vaxtaákvarðanir Seðlabankans kveðið svo á um, hafi sér verið heimilt að láta gera kröfuna upp með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabankinn hefur auglýst á hverjum tíma, þó að þeir hafi lengst af verið hærri en 2,5% á mánuði.

Varakrafa stefnda er reist á því, að telji dómurinn, að stefnda hafi ekki verið heimilt að innheimta kröfuna með þeim dráttarvöxtum, sem auglýstir voru af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, hafi þó verið heimilt að höfuðstólsfæra dráttarvexti á tólf mánaða fresti. Þá hljóti aðrar reglur að gilda gagnvart vangreiðslum stefnanda, sem hafi hafist 1. október 1987. Um fjárhæð varakröfunnar er vísað til útreiknings, sem stefndi hefur lagt fram í málinu.

Þrautavarakrafa stefnda er reist á því, að telji dómurinn, að stefnda hafi ekki verið heimilt að höfuðstólsfæra vexti á tólf mánaða fresti, hafi þó verið heimilt að innheimta kröfuna með þeim dráttarvöxtum, sem auglýstir voru af Seðlabankanum á hverjum tíma. Um fjárhæð þrautavarakröfunnar vísar stefndi til útreiknings, sem lagður hefur verið fram í málinu.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, sendi lögmaður stefnda stefnanda útreikning á kröfu stefnda með bréfi 25. maí 1987, þar sem reiknað er með breytilegum dráttarvöxtum og vextir höfuðstólsfærðir, eins og stefndi telur sér heimilt. Þá er því haldið fram af stefnda og ekki mótmælt af stefnanda, að útreikningur á kröfu stefnda miðað við 10. júlí hafi verið sendur stefnanda, en þar er krafan reiknuð út með sama hætti. Með samkomulagi 1. október 1987, þar sem eftirstöðvar skuldarinnar eru tilgreindar, sömdu aðilar um, hvernig krafa þessi skyldi gerð upp.

Stefnandi getur ekki borið fyrir sig nú, að honum hafi ekki verið ljóst, með hvaða hætti stefndi reiknaði kröfu sína, og lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi mátt gera sér ljóst, að stefndi hefði reiknað kröfuna út með breytilegum vöxtum og höfuðstólsfærslu þeirra á tólf mánaða fresti. Byggja verður á því, að í samkomulagi aðila frá 1. október 1987 felist, að krafa stefnda skyldi reiknuð með breytilegum vöxtum og þeir höfuðstólsfærðir, eins og gert er í útreikningum stefnda, en það er í samræmi við þær breytingar, sem urðu á dráttarvöxtum, eftir að dómur bæjarþings Reykjavíkur gekk. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 130.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Axel Thorarensen, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, A/S Dahl Jörgensen, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 130.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 305/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
E
(Stefán Pálsson hrl.).

Tékkabrot. Sýkna. Frávísun frá héraðsdómi. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins var þó krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu.

Ekki eru efni til að vísa refsikröfu ákæruvaldsins frá héraðsdómi. Hins vegar er óljóst, að hverjum skaðabótakröfu Evu Banine er beint í máli þessu, og upplýsingar skortir meðal annars um, hvort kröfu hennar til launa var lýst í þrotabú Karakters hf. og hvort hún nú er greidd. Ber því að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Ákærða virðist hafa haft prókúru gagnvart Samvinnubanka Íslands hf. til að gefa út tékka í nafni Karakters hf. Samkvæmt endurriti tilkynningar þeirrar til firmaskrár, er frammi liggur í málinu, var hún hvorki framkvæmdastjóri félagsins né í stjórn þess. Fram er komið, að fyrirtækið hafði yfirdráttarheimild hjá bankanum, sem samkvæmt gögnum bankans rann út 1. október 1987. Tékkar þeir, sem um ræðir í málinu og út gefnir voru af ákærðu 1. og 2. október, sýnast hefðu orðið innan heimildar, hefði hún gilt áfram. Ákærða hefur haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að heimildin var fallin niður, og ekki liggja fyrir tilkynningar til hennar þar að lútandi. Samkvæmt framansögðu er ósannað, að hún hafi orðið sek um brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Skaðabótakröfu Evu Banine er vísað frá dómi.

Ákærða, E, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1992.

Ár 1992, mánudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 208/1992: Ákæruvaldið gegn E, sem tekið var til dóms 8. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. desember 1988, á hendur E, Reykjavík, fæddri í Reykjavík 1957, fyrir tékkasvik og brot á tékkalögum með því að hafa „í byrjun október 1987 gefið út sem prókúruhafi Karakters hf. á reikning fyrirtækisins nr. 1090 hjá aðalbanka Samvinnubanka Íslands hf. eftirgreinda tékka, sem hún ýmist gaf út án þess að útfylla að öðru leyti og afhenti starfsmönnum fyrirtækisins til notkunar í viðskiptum eða notaði sjálf í viðskiptum, án þess að innstæða væri fyrir andvirði tékkanna á reikningnum, sem lokað var vegna misnotkunar 12. 10. 1987.

1) Tékki nr. 8558421, að fjárhæð 25.000 kr., dagsettur 1. 10. 1987, gefinn út til Huldu Össurardóttur. Ákærða greiddi Huldu vinnulaun með tékkanum.
2) Tékki nr. 8558413, að fjárhæð 22.236 kr., dagsettur 1. 10. 1987, gefinn út til Evu Banine. Ákærða útfyllti útgáfureit tékkans og afhenti hann þannig til notkunar í viðskiptum.
3) Tékki nr. 8558422, að fjárhæð 85.299 kr., dagsettur 2. 10. 1987, gefinn út til Bílaverkstæðis Gunnars. Ákærða útfyllti útgáfureit tékkans og afhenti hann þannig til notkunar í viðskiptum.

Telst notkun ákærðu á fyrstgreinda tékkanum varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en á hinum tékkunum við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Karakter hf. hér í borg hafði tékkareikning nr. 1090 við Samvinnubanka Íslands hf., aðalbanka. Aðaleigandi í fyrirtækinu og stjórnarformaður var Gerður Pálmadóttir, en prókúruhafi frá 26. 8. 1987 var E, ákærða í máli þessu.

Reikningi fyrirtækisins var lokað 12. 10. 1987, eftir að innstæðulausir tékkar á reikninginn höfðu borist bankanum.

Hinn 11. febrúar 1988 móttók Rannsóknarlögregla ríkisins tvær kærur frá Samvinnubanka Íslands vegna tveggja innstæðulausra tékka á reikning fyrirtækisins Karakters hf., er í 1. og 2. tl. ákæru greinir. Í maímánuði sama ár barst rannsóknarlögreglu síðan kæra Gunnars Sigurgíslasonar vegna innstæðulauss tékka, er í 3. tl. ákæru greinir, á framangreindan reikning.

Ákærða hefur ritað sem útgefandi á tékkana, er í ákæru greinir. Hefur hún við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sem prókúruhafi Karakters hf. gefið þá út á reikning fyrirtækisins.

Varðandi tékka í ákærulið 1 kvaðst ákærða hafa fyllt út þann tékka að öllu leyti. Hafi tékkanum verið varið til greiðslu vinnulauna til Huldu Össurardóttur. Ákærða kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að ekki var innstæða fyrir tékkanum fyrr en eftir, að hann var sýndur í banka. Ákærða kvaðst þá þegar hafa haft tal af stjórnarformanni, Gerði Pálmadóttur, er hafi lofað að leggja inn fyrir tékkanum. Tékka, er greinir í 2. og 3. lið ákæruskjals, kvaðst ákærða hafa gefið út, en ekki útfyllt þá að öðru leyti, og afhent þá svo búna starfsmönnum fyrirtækisins. Hafi sér ekki verið kunnugt um notkun tékkans í 2. lið.

Ákærða kvað tékka í 3. lið ákæru hafa átt að vera tryggingu fyrir viðgerðarkostnaði á bifreið fyrirtækisins. Með sölu bifreiðarinnar hafi átt að greiða kostnaðinn. Kvaðst ákærða hafa afhent stjórnarformanni tékkann á tímabilinu 20. september til mánaðamóta september og október árið 1987.

Ákærða kvaðst hafa tekið við prókúru fyrirtækisins í lok ágúst 1987. Hafi sér þá verið tjáð, að 300.000 kr. yfirdráttarheimild væri á reikningnum. Ákærða kvaðst ekki hafa fylgst með stöðu reikningsins. Kvaðst hún ekki hafa séð um uppgjör hjá fyrirtækinu. Sér hefði verið greint frá stöðu reikningsins á hverjum tíma, og hefði hún tekið þær upplýsingar trúanlegar. Ákærða kvað sér vera kunnugt um, að mikil óreiða var á bókhaldi fyrirtækisins.

Vitnin Eva Leila Banine, Hulda Össurardóttir og Gunnar Sigurgíslason gáfu skýrslu við meðferð málsins hjá RLR.

Vitnið Eva Leila Banine kvaðst hafa tekið við tékka nr. 8558413 sem launagreiðslu, og hefði starfsmaður fyrirtækisins, er sá um launagreiðslur, Ingibjörg að nafni, afhent sér tékkann.

Vitnið Hulda Össurardóttir kvaðst hafa tekið við tékka nr. 8558421 sem launagreiðslu úr hendi ákærðu.

Vitnið Gunnar Sigurgíslason kvaðst hafa í byrjun desember 1987 tekið við tékka nr. 8558422 frá Gerði Pálmadóttur, og hefði tékkinn verið greiðsla fyrir viðgerð á bifreið.

Ekki hefur reynst unnt við meðferð máls þessa að yfirheyra Gerði Pálmadóttur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Samkvæmt upplýsingum dómsins er Gerður búsett í Hollandi. Við lögreglurannsókn málsins var einnig reynt að hafa uppi á Kristni Salvador, stjórnarformanni í fyrirtækinu, er áður var prókúruhafi þess. Þær tilraunir báru ekki árangur, þar sem hann er einnig fluttur úr landi.

Samkvæmt yfirlitum tékkareiknings Karakters hf. var skuld fyrirtækisins við bankann 1. 10. 1987 295.875 kr., en 300.000 króna yfirdráttarheimild fyrirtækisins rann út 1. 10. 1987, og var reikningnum lokað 12. 10. 1987.

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið, gaf ákærða út tékkann í 1. lið 1. 10. 1987, og var hann sýndur í banka daginn eftir. Ákærða kvað sér þá fyrst hafa orðið kunnugt um, að ekki væri næg innstæða fyrir tékkanum á reikningnum, og kvaðst hún þegar hafa haft tal af Gerði Pálmadóttur, er hefði sagst ætla að leggja inn á reikninginn fyrir tékkanum. Þá er því haldið fram í málinu, að ákærðu hafi ekki verið kunnugt um, að yfirdráttarheimild fyrirtækisins rann út 1. 10. 1987.

Þótt ákærðu sem prókúruhafa fyrirtækisins hafi borið skylda til að fylgjast með því, hvort innstæða væri til við útgáfu tékkans, þykir samt sem áður með hliðsjón af, að ekki var unnt að yfirheyra stjórnarformann fyrirtækisins, og með vísan til málavaxta að öðru leyti, varhugavert að telja sannað, að ákærða hafi við útgáfu tékkans í 1. tl. gerst brotleg við 248. gr. almennra hegningarlaga, enda er um greiðslu á skuld að ræða. Varðar háttsemi ákærðu með notkun tékkans við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1993, sbr. lög nr. 35/1977.

Tékkar í 2. og 3. lið ákæruskjals voru innstæðulausir, er þeir voru sýndir í banka 8. 10. 1987 og 30. 12. 1987. Ákærða hafði ekki önnur afskipti af tékkunum en rita nafn sitt á þá sem útgefandi.

Með framburði ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, hefur ákærða með framangreindri háttsemi gerst brotleg við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hlotið eina dómsátt fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa. Vararefsing ákveðst varðhald fimmtán daga.

Skaðabætur.

Eftirgreindir tveir aðilar hafa gert skaðabótakröfu í máli þessu:

Gunnar Sigurgíslason 85.299 kr. á hendur Karakter hf. og Eva Banine 22.236 kr. Krafist er dráttarvaxta skv. vaxtalögum af höfuðstól krafnanna frá tilgreindum dögum.

Krafa Gunnars Sigurgíslasonar er gerð á hendur Karakter hf., og er henni því vísað frá dómi. Krafa Evu Banine er hins vegar tekin til greina, og ákveðast dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Þá er ákærða dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hrl., 25.000 krónur.

Dómarinn tók við rekstri máls þessa í júní 1990. Dómsuppsaga í málinu hefur dregist vegna veikinda dómara.

D ó m s o r ð:

Ákærða, E, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi fimmtán daga.

Ákærða greiði Evu L. Banine, kt. 230163-4139, 22.236 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 8. 10. 1987 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 25.000 krónur.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 92/1991. **Skarphéðinn Ólafsson**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Heiðari Guðbrandssyni
(Arnmundur Backman hrl.).

Ærumeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Af blaðafregnum þeim, sem urðu tildrög máls þessa, má ráða, að ósætti hefur orðið með málsaðilum. Sakar stefndi áfrýjanda um að hafa ekki haldið uppi aga, en áfrýjandi ásakar stefnda um að hafa lagt hendur á nemendur. Frásagnir þessar eru færðar í stílinn, og er sú framsetning á ábyrgð blaðsins, en ekki áfrýjanda. Fram er komið, að stefndi lenti í handalögmálum við nemendur, þótt þar með sé ekki sagt, að hann hafi átt upptök að þeim. Í Orðabók Menningarsjóðs er talið, að orðtakið að leggja hendur á einhvern þýði að snerta einhvern eða beita handafli við einhvern. Samkvæmt því felur orðtakið ekki í sér eindregna skírskotun til líkamlegs ofbeldis. Í blaðafregnunum lýsir hvor sínum skoðunum. Telja verður í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, að ummæli áfrýjanda séu innan marka þess tjáningarfrelsis, sem varið er af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skarphéðinn Ólafsson, skal sýkn af kröfum stefnda, Heiðars Guðbrandssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. nóvember 1989 af Heiðari Guðbrandssyni, kt. 120447-4409, Árnesi, Súðavík, gegn Skarphéðni Ólafssyni, kt. 101046-3549, Súluhólum 4, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. að aðdóttun sú um ætlaðar barsmíðar við nemendur Héraðsskólans á Reykjanesi af hálfu stefnanda, sem fram kemur í fyrirsögn á bls. 4 í 117. tbl. 15. árg. DV 26. maí 1989, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að eftirgreind ummæli í sömu frétt verði dæmd dauð og ómerk:

„Það er sannað, að brytinn lagði hendur á nemendur oftar en einu sinni, og eitt sinn fékk hann nemanda til að berja frá sér, og þegar sá nemandi losnaði, nefbraut hann kokkinn. Brytinn er sá eini, sem hefur lagt hendur á nemendur, og þegar þannig er, tel ég ekki hægt að hafa slíkt starfsfólk.",

3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 50.000 kr. í miskabætur ásamt vöxtum [....].

4. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [....].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við málskostnaðarfjárhæðina á tólf mánaða fresti og þannig látnir mynda nýjan vaxtaberandi höfuðstól með sömu vöxtum og að framan er krafist.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 26. maí 1989 hafi birst frétt á bls. 4 í DV undir fyrirsögninni: „Bryta Héraðsskólans í Reykjanesi sagt upp störfum: Lagði hendur á nemendur,- segir skólastjórinn, en einn nemandinn nefbraut brytann."

Undir greindri fyrirsögn hafi síðan verið höfð eftir stefnda ummæli þau, sem tilgreind eru undir öðrum kröfulið.

Stefnandi telji, að í umræddum ummælum stefnda felist gróf meiðyrði í sinn garð, enda augljóst, að þau séu aðallega höfð uppi í þeim tilgangi að sverta mannorð stefnanda.

Þegar stefnandi kom til starfa í Héraðsskólanum í Reykjanesi, hafi verið illdeilur milli skólastjóra og skólanefndar skólans og agaleysi verið mikið. Trúnaður milli skólastjóra og skólanefndar hafi verið í lágmarki, og skólastjórinn hafi haft litla stjórn á nemendum. Ljóst sé, að stefndi hafi ekki gegnt því hlutverki, sem honum bar. Hann hafi ekki sýnt þá samstöðu og þann trúnað, sem þurft hafi við erfiðar aðstæður. Hafi því ábyrgð vegna samskipta við nemendur að mestu leyti lent á öðrum starfsmönnum skólans, þ. á m. stefnanda.

Í kjölfar kæru eins nemanda skólans á hendur stefnanda vegna líkamsárásar hafi stefnandi farið fram á rannsókn á ætlaðri líkamsárás, því að um hafi verið að ræða ávirðingar, sem ekki varð unað við að óbreyttu. Hafi stefnandi farið fram á það við skólanefnd og fræðslustjóra, að þeir létu rannsaka málið. Ekki var orðið við þeirri beiðni, og hafi stefnandi óskað eftir því við sýslumann, að hann léti fara fram rannsókn í málinu, en sýslumaður hafnað því.

Málsástæður stefnanda eru þær, að umrædd ummæli séu mjög ámælisverð og feli í sér mjög alvarlegar ásakanir í garð stefnanda og fjölskyldu hans. Þau séu einnig mjög ábyrgðarlaus í ljósi þess, að aldrei hafi verið gerðar athugasemdir við störf stefnanda. Honum hafi verið treyst fyrir bókhaldi mötuneytisins og rekstri sumarhótels á staðnum. Hvorki skólastjórinn né skólanefnd Héraðsskólans í Reykjanesi hafi gert tilraun til að upplýsa ætlaðar ávirðingar á hendur bryta.

Í ljósi þessa, sem lýst hafi verið hér að framan, sé augljóst, að greind ummæli stefnda í DV frá 26. maí 1989 á bls. 4 hafi verið órökstudd og þarflaus með öllu og því meiðandi fyrir æru stefnanda, Heiðars Guðbrandssonar.

Kröfu um ómerkingu reisir stefnandi á 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda séu ummæli þau, sem höfð séu eftir stefnda, ósönn með öllu.

Kröfu um miskabætur kveður stefnandi styðjast við 246. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndi kveður málavexti þá, að haustið 1987 hafi stefnandi verið ráðinn af skólanefnd Héraðsskólans í Reykjanesi sem bryti. Hafi hann starfað við skólann skólaárin 1987-1988 og 1988-1989. Hafi hann rekið sumarhótel í húsakynnum skólans sumurin 1988 og 1989.

Eins og fram komi í samhljóða köflum í stefnu og greinargerð stefnanda, viðurkenni stefnandi að hafa tekið að sér að halda uppi aga í skólanum. Stefnandi viðurkenni einnig í viðtali í DV að hafa fjarlægt nemanda úr

borðsal, og þar með lýsi stefnandi því yfir, að hann hafi lagt hendur á nemanda.

Stefndi hafi á engan hátt staðið að því, að það, sem eftir honum sé haft í tilvitnuðu blaði, væri birt í blöðum. Hann hafi eindregið lagt til, að ekki væri verið að fjalla um ætluð deilumál í skólanum í fjölmiðlum, enda hafi verið mjög gott samstarf milli stefnda, nemenda og foreldra þeirra. Agavandamál virðist því ekki hafa komið fram nema í huga stefnanda.

Það sé rangt, að stefndi hafi borið upp á stefnanda ærumeiðandi ummæli, og hann hafi engan þátt átt í því að koma því á framfæri, að stefnandi legði hendur á nemendur. Kjarni málsins sé sá, að stefndi og stefnandi hafi ekki haft sömu skoðanir á því, hvernig ætti að halda uppi aga í skóla. Með þessum aðgerðum sínum virðist stefnandi hafa fengið meiri hluta nemenda á móti sér. Kvartanir út af þessum athöfnum stefnanda hafi nemendur lagt fyrir skólanefnd héraðsskólans, eins og fram komi í orðum þeim, sem höfð séu eftir formanni skólanefndar í DV, en þar segi orðrétt: „Ástæðan fyrir því, að skólanefnd tók þá afstöðu að auglýsa stöðu brytans lausa, voru lýsingar nemenda á því, að hann hefði lagt hendur á þá."

Á útmánuðum 1989 og fram á sumar virðist fjölmiðlar og þá einkum DV, en fréttamaður þess sé Vilborg Davíðsdóttir, blaðamaður hjá BB á Ísafirði, hafa sérstakan áhuga á að koma á framfæri þeim vandamálum, er stefnandi hafi átt við að stríða í Héraðsskólanum á Reykjanesi.

Stefndi hafi strax tekið þá afstöðu að taka ekki þátt í fréttaflutningi sem þessum og hafi ekki viljað efna til deilna á opinberum vettvangi um mál, sem í eðli sínu hafi verið innanhússmál skólans og skólanefndar. Greinilegt sé þó, að stefndi hafi haft ástæðu til að mótmæla rógburði þeim, sem um hann og skólann hafi verið hafður, ekki síst af stefnanda, og þurfi ekki að fara öllu lengra en í fram lögð skjöl, og sé þeim ummælum, sem þar séu viðhöfð um stefnanda í niðrandi tilgangi einum saman, harðlega mótmælt sem röngum og tilefnislausum. Það sé því ekki með vitund og vilja stefnda, að það, sem fréttamaðurinn hefur eftir honum í DV, var birt í blaði þessu.

Ljóst sé af gögnum þeim, er stefnandi leggur fram, að hann viðurkenni að hafa lagt hendur á nemendur eða a. m. k. einn nemanda, og í sama blaði komi fram hjá skólanefndarformanninum Jóni Guðjónssyni, að stefnandi hafi lagt hendur á nemendur, þannig að það atriði sé fullkomlega sannað.

Í ljósi þess, sem þar kemur fram, og þegar litið er á þá opinberu umræðu, sem fram fór um vandamál stefnanda í skólanum, sé ljóst, að hann sjálfur hefur átt drýgstan hlut í því að koma á framfæri umræðu um þann atburð, sem stefnandi sé í raun að krefjast ómerkingar á í máli þessu, að undanskildum blaðamanninum. Stefnandi ætti því að eiga við sjálfan sig um mál

þetta eða beina kröfum sínum í aðrar áttir en til stefnda. Með þessu sé athygli dómsins vakin á því, að tilefnið til hinnar opinberu umræðu sé greinilega frá stefnanda komið. Því sé allsendis hafnað, að stefndi hafi haft nokkur þau ummæli um stefnanda eða í hans garð, sem séu þess eðlis, að ómerkja beri þau með dómi. Bent sé á, að stefndi sé ekki höfundur að fyrirsögninni, sem sé á bls. 4 í umræddu tölublaði DV, sem sett sé upp í æsifréttastíl.

Fébótakröfu stefnanda, sem hann byggi á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sé og með öllu hafnað, þar sem stefndi hafi ekki á nokkurn hátt haft í frammi refsiverða meingerð gegn persónufriði eða æru stefnanda eða drýgt af illfýsi aðra meingerð í hans garð. Hér hafi verið um að ræða ágreining milli manna um það, hvernig standa skuli að því og hvaða vinnubrögðum skuli beita til að halda uppi aga í heimavistarskóla í sátt við sem flesta aðila.

Niðurstaða.

Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandi eigi einhvern hlut að fyrirsögn greinarinnar, sem ummæli þau, sem ómerkingar er krafist á, eru tekin úr. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að ummæli samkvæmt öðrum kröfulið hér að framan og krafist er ómerkingar á, séu réttilega eftir sér höfð í viðtali við blaðamanninn Vilborgu Davíðsdóttur. Verður því að telja, að kröfum um ómerkingu þessara ummæla sé réttilega beint að stefnda í máli þessu.

Upplýst er, að stefnanda var ljóst, að Vilborg Davíðsdóttir var á þeim tíma, sem um ræðir, blaðamaður, sem var að leita frétta af því, er var að gerast í Reykjanesskóla, og að afla upplýsinga um stefnanda, Heiðar Guðbrandsson. Mátti stefndi því búast við, að þær upplýsingar, sem hann gæfi, yrðu birtar opinberlega.

Stefndi hefur borið, að hann hafi í nefndum ummælum verið að vísa til atburðar, er gerðist í janúarmánuði 1989. Þá hafi Heiðar ætlað að fara með dreng, sem látið hafi illa á vistargangi, til skólastjóra, stefnda í máli þessu. Ekki hafi tekist betur til en svo, að drengurinn sló stefnanda í andlitið. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, nefbrotnaði stefnandi við þetta högg drengsins. Bar stefndi, að þessu máli hefði lokið með sátt milli nemandans og stefnanda. Þá bar stefndi fyrir dómi, að sér væri kunnugt um tvö tilvik, þar sem stefnandi hefði lent í átökum við nemendur í borðsal skólans, og væri annað tilvikið það, sem stefnandi vitnaði til í viðtali við Vilborgu Davíðsdóttur í DV þennan sama dag. Bar stefndi um þetta atvik, að stefnandi hefði tekið í axlir á strák, sem hefði

eitthvað stimpast við, og þetta endað með því, að sá, sem var stærri og sterkari, hefði haft betur og hent viðkomandi út úr í matsalnum.

Um fyrrgreint atvik, er gerðist í janúarmánuði 1989, hefur stefnandi borið, að hann hafi fundið að því við nemanda, að hann væri með hávaða og læti á vistargangi, sem truflaði fólk að störfum. Hafi nemandinn reiðst og slegið stefnanda þrisvar, og við þriðja högg hafi stefnandi nefbrotnað. Hafi stefnandi þá ætlað að færa nemandann til skólastjóra, en þá hafi hann slitið sig lausan.

Um fullyrðingu stefnanda um átök í borðsal bar stefnandi, að hann og eiginkona sín hefði eitt sinn orðið að bera nemanda út úr borðsal, er neitað hefði að fara úr borðsalnum. Nemandinn hefði ekki streist á móti, og mótmælti stefnandi því, að nemandinn hefði hlotið áverka við þetta.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, eins og áður greinir, að hafa viðhaft þau orð, sem tilgreind eru í umstefndum ummælum, og er því byggt á því í málinu, að þau séu höfð eftir stefnda, eins og þau eru sett fram í nefndri blaðagrein.

Ekkert þeirra vitna, er skýrslu gáfu fyrir dómi, gátu borið um atvik það, er gerðist á vistargangi í Reykjanesskóla í janúar 1989. Gegn andmælum stefnanda telst því ósannað, að stefnandi hafi átt upptök að því missætti, sem þar varð, eða að hann hafi fengið umræddan nemanda til að berja frá sér. Þegar virt er það, sem fram hefur komið í málinu, þykir einnig ósannað, að stefnandi hafi í umræddu tilviki eða í annan tíma lagt hendur á nemendur, enda verður að telja, að samkvæmt almennri málvenju felist í orðatiltækinu „að leggja hendur á einhvern", að viðkomandi sé beittur líkamlegu ofbeldi.

Teljast umstefnd ummæli því ósönn að undanskildum þeim hluta setningar, er segir: „...nefbraut hann kokkinn", en ágreiningur er ekki um það í málinu, að stefnandi nefbrotnaði. Þá þykir í ummælum þessum um stefnanda felast ærumeiðandi aðdróttun, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber því skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

Stefnandi krefst miskabóta, 50.000 kr. Með hliðsjón af því, að í umræddum ummælum felst ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda, þykir mega taka miskabótakröfuna til greina ásamt þeim dráttarvöxtum, sem tilgreindir eru í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Skarphéðinn Ólafsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla samkvæmt fyrsta kröfulið.

Eftirgreind ummæli skulu vera dauð og ómerk:

„Það er sannað, að brytinn lagði hendur á nemendur oftar en einu sinni, og eitt sinn fékk hann nemanda til að berja frá sér, og þegar sá nemandi losnaði ..... Brytinn er sá eini, sem hefur lagt hendur á nemendur, og þegar þannig er, tel ég ekki hægt að hafa slíkt starfsfólk."

Stefndi, Skarphéðinn Ólafsson, greiði stefnanda, Heiðari Guðbrandssyni, 50.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 26. maí 1989 til 13. febrúar 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 464/1989. **Þorsteinn Steingrímsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Eygló Guðjónsdóttur,
Halldóri Guðmundssyni,
Kristjáni Guðmundssyni og
Oddgeiri H. Steinþórssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.).

Fasteignasala. Sölulaun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu um endurgreiðslu á 448.000 krónum með vöxtum frá 1. maí 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi sótti þing, þegar mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur, og fékk frest til greinargerðar. Síðan féll þingsókn hans niður, og málið var dæmt samkvæmt 2. mgr. 118. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Áfrýjandi kveður útivist af sinni hálfu hafa orðið vegna mistaka lögmanns, sem falið hefði verið að mæta fyrir hans hönd. Á þessar skýringar hafa ekki verið bornar brigður. Með hliðsjón af þessu og þar sem um verulega hagsmuni er að ræða, þykir vera fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, til þess að áfrýjandi komi kröfum sínum og málsástæðum að fyrir Hæstarétti.

Að beiðni áfrýjanda var í tengslum við áfrýjun þessa máls rekið vitnamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 10. og 22. október 1990, þar sem allir málsaðilar gáfu skýrslur auk Davíðs Sigurðssonar sölu-

manns og Gunnars Baldurssonar, framkvæmdastjóra Húsgagnaframleiðslunnar hf.

II.

Áfrýjandi er löggiltur fasteignasali og rekur fasteignasölu í Reykjavík. Stefndu sneru sér til hans og fólu honum að selja fasteign þeirra að Tangarhöfða 2 í Reykjavík, eystri hluta. Hinn 25. febrúar 1988 kom hann á kaupsamningi milli þeirra og Húsgagnaframleiðslunnar hf. Söluverð var 20.000.000 krónur. Af því skyldu 6.000.000 krónur greiddar með víxli, samþykktum af kaupanda, með gjalddaga 25. apríl 1988. Enginn útgefandi var á þessum víxli. Eftirstöðvar kaupverðsins skyldu greiddar með skuldabréfum til átta ára, sem bundin skyldu lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti. Skuldabréfin skyldu tryggð með öðrum veðrétti í hinni seldu eign „næst á eftir veðleyfi á 1. vr. fyrir láni úr Iðnlánasjóði, kr. 6.000.000, fyrir gr. skv. lið nr. 1". Eignin skyldi afhent 1. mars 1988, en afsal gefið út eigi síðar en 15. maí sama ár. Framangreindur víxill var ekki greiddur á gjalddaga, og gengu kaupin þá til baka.

Við undirritun kaupsamnings létu stefndu áfrýjanda í té víxil fyrir sölulaunum hans að viðbættum söluskatti, samtals 448.000 krónum, með gjalddaga 30. apríl 1988. Óumdeilt er, að víxilfjárhæð þessi hefur verið greidd.

III.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að á fundi aðila að kvöldi 25. febrúar 1988, þar sem frá kaupsamningnum var gengið, hafi hann hringt í lögmann eins seljenda, Jóhann Þórðarson hæstaréttarlögmann, kynnt honum stöðu mála og óskað eftir því, að hann kæmi til fundarins. Lögmaðurinn hafi hins vegar ekki talið ástæðu til þess að koma að fengnum upplýsingum áfrýjanda. Hvorki stefndu né Jóhann Þórðarson hæstaréttarlögmaður, sem er lögmaður þeirra í þessu máli, kannast við, að þetta símtal hafi farið fram eða að lögmaðurinn hafi veitt stefndu ráðgjöf vegna fasteignakaupanna. Gegn yfirlýsingum þeirra verður að telja þessa staðhæfingu ósannaða.

Aðilar eru sammála um, að á umræddum fundi hafi áfrýjandi hringt í formann stjórnar Iðnlánasjóðs, Jón Magnússon hæsta-

réttarlögmann, sem jafnframt var lögmaður kaupanda fasteignarinnar, og innt hann eftir horfum á framgangi umsóknar kaupanda um lán úr sjóðnum, að fjárhæð 6.000.000 króna. Áfrýjandi hefur borið, að sú hafi verið niðurstaðan úr þessu samtali, „að það væru miklar líkur á því, að hann fengi þetta lán". Stefndu hafa ekki andmælt því, að áfrýjandi hafi kynnt þeim þessa niðurstöðu samtalsins. Hins vegar kvaðst fulltrúi kaupandans, Gunnar Baldursson, hafa látið í ljós ótvíræðan vafa um það á fundinum, að hann gæti staðið við greiðslu á víxlinum 25. apríl 1988, og hikað nokkuð við undirskrift kaupsamningsins. Hann hafði áður óskað eftir því við áfrýjanda, að beinn fyrirvari um lánveitinguna yrði settur inn í kaupsamninginn, en svo var ekki gert. Þegar til kom, fékk Húsgagnaframleiðslan hf. ekki umbeðið lán úr Iðnlánasjóði.

IV.

Í málinu er til þess að líta, að áfrýjandi tók ekki aðeins að sér að annast skjalagerð í fasteignaviðskiptum, heldur tókst hann á hendur það trúnaðarstarf í þágu stefndu að útvega þeim kaupanda að fasteign þeirra. Á honum hvíldi því sú skylda að kosta kapps um, að samningsgerð við væntanlegan kaupanda yrði þeim hagfelld. Af hálfu kaupanda var það forsenda þessara viðskipta, að hann fengi umbeðið lán úr Iðnlánasjóði til að greiða fyrstu útborgun, að fjárhæð 6.000.000 króna. Á þessu stigi var öldungis óvíst um afgreiðslu Iðnlánasjóðs á umsókn kaupanda, og skiptir þar engu umrætt símtal áfrýjanda við formann stjórnar sjóðsins. Það er því ljóst, að við samningsgerðina höfðu engan veginn skapast þær forsendur, að áfrýjanda væri rétt að ráðleggja seljendum, stefndu hér fyrir dómi, að undirrita samninginn við svo búið. Hann þykir því ekki hafa liðsinnt þeim með eðlilegum hætti né gætt réttmætra hagsmuna þeirra, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu.

Með kaupsamningnum var stefndu gert að veita kaupanda veðleyfi á fyrsta veðrétti vegna fyrirhugaðs láns úr Iðnlánasjóði, án þess að kaupandi hefði þá innt nokkra greiðslu af hendi. Engir ábyrgðarmenn voru að víxlinum vegna fyrstu útborgunar né aðrar tryggingar fyrir henni. Þetta fer í bága við góðar viðskiptavenjur, og verður að telja þessa kosti ósanngjarna og óeðlilega, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1986.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að áfrýjandi eigi ekki rétt á þeirri þóknun, sem hann áskildi sér, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

V.

Uppsaga hins áfrýjaða dóms í máli þessu, sem var skriflega flutt, dróst í rúmar sex vikur. Engin skýring hefur verið gefin á þessum drætti, sem var brot á 2. mgr. 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936, og verður að átelja hann. Þá er þess að gæta, að í dómsorð vantar nafn eins hinna stefndu, en nafn annars er þar tvítalið.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorsteinn Steingrímsson, greiði stefndu, Eygló Guðjónsdóttur, Halldóri Guðmundssyni, Kristjáni Guðmundssyni og Oddgeiri H. Steinþórssyni, sameiginlega 448.000 krónur með 38,2% ársvöxtum frá 1. maí 1988 til 1. júlí sama ár, með 41% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, með 39,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, með 20,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, með 17,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 12,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, með 14,72% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, með 17,97% ársvöxtum frá þeim degi til 28. mars sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. maí 1989.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í heraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefndu sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. apríl 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. mars 1989, af Oddgeiri H. Steinþórssyni, kt. 130431-4969, Háagerði 67, Reykjavík, Halldóri Guðmundssyni, kt. 100722-2839, Akurgerði 8, Reykjavík, Kristjáni Guðmundssyni, kt. 290429-3669, sama stað, og Eygló Guðjónsdóttur, kt. 120235-5919, Bugðulæk 14, Reykjavík, gegn Þorsteini Steingrímssyni fasteignasala, kt. 190747-2559, Víðimel 27, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 448.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Málavexti kveða stefnendur þá, að stefnendur hafi falið stefnda að selja fyrir sig fasteign þeirra að Tangarhöfða 2 í Reykjavík. Stefndi hafi komið með Húsgagnaframleiðsluna hf. sem kaupanda að eigninni og gert kaupsamning 25. febrúar 1988, án þess að nokkur greiðsla færi fram, og skv. ákvæðum samningsins hafi stefnendur afhent kaupanda eignina 1. mars 1988. Umsamið söluverð hafi verið 20.000.000 kr. Fyrsta greiðsla skyldi fara fram 25. apríl 1988 með 6.000.000 kr., og hafi kaupandi samþykkt víxil fyrir þeirri fjárhæð. Kaupandi hafi ekki greitt víxil þennan né annað af kaupverðinu, og hafi kaupin gengið til baka. Borið hafi verið við, að lán hefði brugðist.

Stefnendur kveða, að fyrir þessa þjónustu hafi stefnendur greitt 448.000 kr., sem sé höfuðstóll stefnukröfunnar, með víxli á gjalddaga 30. apríl 1988. Þegar víxill þessi hafi fallið, hafi stefnendur greitt víxilfjárhæðina.

Málsástæður stefnenda eru þær, að stefnendur telji, að stefndi hafi ekki leiðbeint þeim sem skyldi með söluna og að stefndi hafi vitað eða mátt vita, að kaupandi hefði enga möguleika til að standa við samninginn. Stefndi hafi látið stefnendur afhenda eignina, áður en þeir hafi fengið greiðslu á einhverjum hluta andvirðisins. Með þessu athæfi hafi stefndi fengið stefnendur á ólögmætan hátt til að undirrita kaupsamninginn. Vegna þessa m. a. beri stefnendum að endurgreiða sölulaunin.

Varðandi lagarök vísa stefnendur til II. kafla laga um fasteignasölu nr. 34/1986, vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 1/1988, og til laga nr. 54/1988.

Stefndi hefur látið sækja þing, en ekki mótmælt kröfum stefnenda. Síðan féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að lögvarnir kæmu fram. Verður þá eftir 118. gr. laga 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnenda, verða kröfur þeirra teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 59.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Unnur Gunnarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Steingrímsson, greiði stefnendum, Halldóri Guðmundssyni, Kristjáni Guðmundssyni og Eygló Guðjónsdóttur, 448.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnað].

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 101/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
James Brian Grayson
(Óskar Magnússon hrl.) **og**
Donald Michael Feeney
(Örn Clausen hrl.).

Sifskaparbrot. Frelsissvipting. Börn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1993. Báðir ákærðu óskuðu áfrýjunar málsins, og af hálfu ákæruvaldsins er málinu einnig áfrýjað til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu.

I.

Erna Eyjólfsdóttir kom til Íslands með dætur sínar tvær, Elizabeth Jeanne Pittmann og Önnu Nicole Grayson, frá Bandaríkjunum 2. maí 1992. Hún hafði slitið samvistir við síðari eiginmann sinn, ákærða James Brian Grayson, á árinu 1991, en hann er faðir yngri telpunnar, Önnu Nicole. Endanlegur skilnaðardómur var kveðinn upp 15. október 1992. Áður hafði Erna verið gift Frederick A. Pittmann, föður eldri telpunnar, Elizabeth, en þau skildu 1986.

Í október 1991 höfðu verið kveðnir upp bráðabirgðaúrskurðir dómstóla í Flórída í Bandaríkjunum, sem bönnuðu för dætra Ernu Eyjólfsdóttur úr lögsögu þeirra. Eftir að hún kom til Íslands, voru kveðnir upp dómar í Bandaríkjunum um forræði feðranna yfir telpunum.

Eins og fram kemur í dómum Hæstaréttar 3. febrúar sl., þegar fjallað var um gæsluvarðhald ákærðu, hefur Erna Eyjólfsdóttir umsjá dætra sinna hér á landi, þar til önnur skipan hefur verið ákveðin af þar til bærum íslenskum yfirvöldum. Í 34. gr. barnalaga

nr. 20/1992 er kveðið á um það, hvernig fara skuli með ágreiningsmál um forsjá barna. Er þar boðið, að sá aðili, dómstóll eða ráðuneyti, sem með mál fer, skuli fara eftir því, sem barni er fyrir bestu. Er og á það lögð áhersla í lagaákvæði þessu, að könnuð séu viðhorf barns eftir því, sem kostur er, og réttar þess gætt, áður en máli er ráðið til lykta. Ljóst er, að ágreining um forsjá dætra Ernu Eyjólfsdóttur verður að leiða til lykta á þessum grundvelli, og reynir þá meðal annars á þýðingu hinna fyrrgreindu bandarísku dóma.

II.

Óumdeilt er í málinu, að fyrirtækið Corporate Training Unlimited (CTU) tók að sér samkvæmt beiðni ákærða James Brian Grayson og Frederick A. Pittmann og gegn greiðslu að ná dætrum Ernu Eyjólfsdóttur frá Íslandi. Ákærði Donald Michael Feeney er stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og aðaleigandi þess fyrirtækis að eigin sögn. Segir hann, að verkefnið hafi átt að leysa með samningum við Ernu. Átti eiginkona hans, Judy Killingsworth Feeney, að stjórna aðgerðum, og hélt hún til Íslands í því skyni svo og önnur kona, er vann með henni, Jacqueline Davis að nafni. Einnig kemur fram í gögnum málsins, að með þeim starfaði hér á landi maður að nafni Lawrence A. Canavan. Ákærði Feeney kvað samninga við Ernu hafa tekist, að því er samstarfsfólk hans hafi tjáð honum, og hafi hann því komið til Íslands til að verða telpunum samferða til Bandaríkjanna.

Erna Eyjólfsdóttir hefur með öllu neitað því að hafa staðið að samkomulagi um að láta dætur sínar af hendi til feðra þeirra, og hafi engar umræður um það átt sér stað. Hún hefur borið, að fyrrgreint fólk, sem síðar reyndist starfsfólk CTU, hafi náð sambandi við sig á röngum forsendum og villt á sér heimildir. Hafi það sagt henni og öðrum, að það væri hér á landi í tengslum við gerð kvikmyndar, sem taka ætti hér. Fær þessi framburður stuðning í bréfi Jacqueline Davis 13. janúar sl. og í framburði móður Ernu og bræðra, sem ekki þykir ástæða til að vefengja. Verður að telja fyllilega í ljós leitt, að fólk þetta hafi gefið rangar upplýsingar um tilefni dvalar sinnar hér á landi.

III.

Aðfaranótt 27. janúar sl. gistu að Hótel Holti í Reykjavík Jacqueline Davis, Lawrence A. Canavan, Erna Eyjólfsdóttir og

báðar dætur hennar. Judy Killingsworth Feeney virðist einnig hafa dvalist þar þessa nótt, þótt hún væri ekki á gestaskrá. Um kl. 5.00 kom Canavan niður í anddyri og átti tal við dyravörð og bað um, að húsið yrði haft opið vegna brottfarar gestanna. Nokkru síðar komu ákærðu að hótelinu, og um kl. 5.30 fóru þaðan í tveimur bifreiðum allir þeir, sem hér hafa verið nefndir, nema Erna Eyjólfsdóttir.

Erna gaf sig fram við dyravörðinn um kl. 6.30. Nokkru síðar komu lögreglumenn á vettvang. Ber vitnum saman um, að Erna hafi verið í miklu uppnámi. Hafði hún þegar gert ráðstafanir til að hindra brottför fólksins úr landinu með dætur hennar. Miði með skilaboðum til Ernu, sem skilinn var eftir á herbergi telpnanna umræddan morgun, undirritaður með fornafni Canavans, styður það, að fara hafi átt með telpurnar á brott án hennar vitundar. Hér verður einnig að hafa í huga áðurnefndar blekkingar af hálfu viðkomandi fólks um tilefni dvalar sinnar hér, sem gefa sterka vísbendingu um, að ætlan þess hafi verið að vinna traust Ernu í þeim tilgangi að fá færi á að nema dætur hennar á brott.

Þegar til þessa alls er litið, verður að fallast á það með héraðsdómara, að fráleitt sé að ætla, að brottflutningur telpnanna umræddan morgun hafi átt sér stað með vitund og vilja móður þeirra. Verður því lagt til grundvallar, að brottför telpnanna af Hótel Holti hafi borið að með þeim hætti, sem Erna Eyjólfsdóttir hefur lýst og rakið er í héraðsdómi.

IV.

Ákærði James Brian Grayson hefur staðfest, að þeir Frederick A. Pittmann hafi leitað til CTU í því skyni að ná telpunum frá Íslandi, en það hafi átt að gerast með samningum við móður þeirra. Forráðamenn fyrirtækisins hafi þó tjáð honum, að það hefði sínar aðferðir, og yrði hann einungis látinn vita, þegar ástæða þætti til. Áður hafði ákærði leitað til lögmanns hér á landi til að fá aðstoð við að ná forsjá dóttur sinnar og jafnframt fengið nokkrar upplýsingar um, hvernig væri háttað meðferð forsjármála hér á landi.

Frásögn ákærða um það, sem síðar gerðist, er í stuttu máli eftirfarandi: Í annarri viku janúar sl. sögðu forráðamenn CTU ákærða, að samningar hefðu tekist við Ernu Eyjólfsdóttur, en greindu ekki

nánar frá því, í hverju þeir væru fólgnir. Ákærði kom til Íslands að boði starfsmanna CTU 24. janúar sl. Gisti hann á Holiday Inn og var sagt að bíða eftir fyrirmælum. Að morgni 27. janúar var honum tjáð, að tími væri kominn til að sækja dóttur sína, og var þá haldið að öðru hóteli, þar sem hann beið fyrir utan, uns dóttir hans var færð til hans. Ákærði hafði aldrei samband við Ernu Eyjólfsdóttur á þessum tíma.

Hér ber þess og að geta, að Frederick A. Pittmann hafði hinn 8. janúar sl. gefið ákærða umboð til að veita dóttur hans, Elizabeth, „fylgd og annast hana hvar sem er í heiminum". Af framburði ákærða fyrir dómi 28. janúar sl. þykir og mega ráða, að ákærði hafi talið sig vera hér í umboði hans gagnvart dóttur hans, enda höfðu þeir báðir leitað aðstoðar CTU. Virðist umboðið hafa átt að þjóna því hlutverki að sanna réttan gæslumann barnsins, ef á reyndi.

Að því virtu, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að ákærða hafi verið ljóst af því, hvernig að undirbúningi og síðan framkvæmd mála var staðið að morgni 27. janúar sl., að ekki væri allt með felldu og að verið væri að flytja telpurnar á brott án vitundar og vilja móður þeirra og í bága við íslensk lög. Með þátttöku sinni í athæfi þessu hefur ákærði bakað sér refsiábyrgð. samkvæmt 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er báðar telpurnar varðar, en einnig samkvæmt 1. mgr. 226. gr. sömu laga, að því er varðar eldri telpuna.

V.

Ákærði Donald Michael Feeney kom til Íslands 24. janúar sl. samkvæmt gögnum úr farþegaskrá. Með honum var eiginkona hans, en hún var ein þriggja starfsmanna CTU, sem unnu að undirbúningi brottflutnings telpnanna. Ákærði kom í Hótel Holt að morgni 27. janúar og átti þátt í að flytja telpurnar þaðan á brott. Sem fyrr segir, er ákærði stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og aðaleigandi CTU, sem tekið hafði verk þetta að sér gegn greiðslu. Að þessu athuguðu verður að telja það fjarri lagi, að undirbúningur og framkvæmd brottflutnings telpnanna hafi verið án fullrar vitundar og vilja ákærða. Hefur hann því gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir, og varðar það við 193. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Refsing ákærða James Brian Grayson þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði, en með skírskotun til raka héraðsdóms þykir rétt að fresta fullnustu 6 mánaða af refsingunni skilorðsbundið í 3 ár. Frá refsivist skal draga 18 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Refsing ákærða Donald Michael Feeney þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldstími hans frá 29. janúar 1993.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði. Þóknun dómtúlka skal þó greiða úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði James Brian Grayson sæti fangelsi 8 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingunni komi 18 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði Donald Michael Feeney sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 29. janúar 1993.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur. Auk þess greiði ákærði James Brian Grayson skipuðum verjanda sínum, Óskari Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Donald Michael Feeney skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Þóknun til dómtúlka greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara og Stefáns Más Stefánssonar prófessors.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, sem hér greinir:

Fram er komið, að í forræðismáli ákærða James Brian Grayson og Ernu Eyjólfsdóttur féll bráðabirgðaúrskurður 21. maí 1992, þar sem ákærða var falin forsjá dóttur þeirra. Endanlegur dómur gekk síðan í máli þessu 15. október 1992. Erna, sem áður hafði mætt í málinu, var ekki mætt við þessa lokameðferð, en í dóminum segir þó, að hún hafi verið boðuð til hennar með nægjanlegum fresti. Dómur þessi ber það með sér, að hann er byggður á vitnaskýrslum og öðrum sönnunargögnum. Í honum segir meðal annars, að sóknaraðili, Erna Grayson, hafi þjáðst af sálrænum truflunum, hafi reynt að vinna sjálfri sér mein og hafi hótað að vinna barninu mein. Kveðst ákærði hafa haft miklar áhyggjur af telpunni og meðferð Ernu á henni. Var niðurstaða dómsins sú, að Erna væri hvorki hæfur né réttur aðili til þess að fara með forsjá ósjálfráða barns þeirra hjóna. Var forsjá barnsins því fengin ákærða í hendur. Upplýst er í málinu, að eftir komu Ernu hingað til lands hafi hún farið í áfengismeðferð.

Með hliðsjón af þeim málavöxtum, sem raktir eru í dóminum hér að framan, og því, að ákærði var réttur forsjármaður barnsins Önnu að bandarískum lögum, teljum við refsingu ákærða hæfilega ákveðna þriggja mánaða fangelsi og að rétt sé að fresta fullnustu hennar, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955. Komi refsing til framkvæmda, skal draga frá henni þann tíma, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi, með sama hætti og greinir í dómi Hæstaréttar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 2. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-84/1993: Ákæruvaldið gegn James Brian Grayson og Donald Michael Feeney, sem tekið var til dóms 19. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 10. febrúar sl., á hendur ákærðu, James Brian Grayson, fæddum 15. apríl 1959 í Flórída, og Donald Michael Feeney, fædddum 21. október 1953 í New York, báðum til heimilis í Bandaríkjunum, ,,fyrir sifskaparbrot og frelsissviptingu með því að hafa árla morguns miðvikudaginn 27. janúar 1993 í samvinnu við þrjá aðra menn numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann, kt. 230382-2049, og Anne Nicole Grayson, kt. 091187-2999, á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá Hótel Holti við Bergstaðastræti í Reykjavík, á meðan móðir þeirra, Erna Eyjólfsdóttir, kt. 130460-2089, svaf þar, og svipt hana með þessu móti umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim í varanlega umsjá feðra sinna, ákærða James Brians og annars Bandaríkjamanns, Fredericks A. Pittmann, sem höfðu fengið ákærða Donald Michael til að annast þennan verknað fyrir sig gegn greiðslu, og hafði hann ásamt samstarfsmönnum sínum um nokkurt skeið undirbúið brottnám telpnanna og hafði m.a. tekist með blekkingum og ósannindum að vinna traust ofangreindrar Ernu. Lögreglan stöðvaði för ákærðu á Keflavíkurflugvelli um kl. 7 í þann mund, er þeir hugðust hverfa af landi brott með Anne Nicole, en samverkamönnum þeirra tókst að komast úr landi með Elizabeth Jeanne til Lúxemborgar, þar sem lögregla hafði afskipti af þeim og sendi telpuna aftur til baka sama dag.

Telst þetta varða við 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar''.

Málavextir.

Miðvikudaginn 27. janúar sl. kl. 6.48 var óskað lögregluaðstoðar að Hótel Holti við Bergstaðastræti hér í borg. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu þar tal af kæranda, Ernu Eyjólfsdóttur, kt. 130460-2089. Samkvæmt lögregluskýrslu var hún í mikilli geðshræringu og erfitt að skilja hana, en með aðstoð næturvarðar í hótelinu, Sveins Ólafssonar, tókst lögreglumönnum að átta sig á málavöxtum. Kvaðst kærandi hafa staðið í forræðisdeilu við bandaríska feður tveggja barna sinna, fyrrgreindra Elizabeth og Anne, og hefði hún tekið til bragðs að flytjast með börnin til Íslands frá Bandaríkjunum, er henni varð ljóst, að hún myndi tapa forræðismálinu þar. Kvað kærandi sig hafa grunað, að feðurnir myndu reyna að ná börnunum frá sér, og því kvaðst hún hafa haft nokkurn vara á sér. Skýrði kærandi svo frá, að fyrir nokkrum vikum hefði hún kynnst fólki, sem kvaðst vera að undirbúa töku á kvikmynd hér á landi með frægum leikurum, og kvaðst hún hafa þegið boð um að starfa fyrir hópinn, og samþykkti kærandi að búa á hóteli með börnin, meðan á undirbúningnum stæði. Hafi

hópurinn í vikunni á undan farið í stutta ferð til Sviss til frekari undirbúnings, og kvaðst kærandi hafa tekið eldri dóttur sína með sér, en skilið hina yngri eftir heima. Taldi kærandi það ástæðu þess, að ekki var látið til skarar skríða í þeirri ferð. Kvað kærandi, að sér hefði verið tjáð daginn áður, að undirbúningur væri á lokastigi, og af því tilefni hefði verið farið á veitingastað hér í borg um kvöldið. Kvað kærandi, að eftir að á hótelið var komið, hefði þau ræðst við og drukkið eitthvað af áfengi, og kvaðst kærandi muna síðast eftir sér, er kona úr hópnum lét hana hafa tvær töflur, er hún sagði góðar við timburmönnum. Kvaðst kærandi hafa vaknað um morguninn, og voru börnin þá horfin, en miði á borði, sem á stóð: ETTA. Taken the kids for something to eat. Lawrence X." Kvaðst kærandi hafa fengið það staðfest hjá næturverði, að börnin hefðu farið með fólkinu, sem hafði tekið allan farangur og greitt reikninga.

Samkvæmt skýrslu ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugveili hringdi Guðmundur Karl Jónsson, Engimýri 8, Garðabæ, á varðstofuna kl. 7.03 sama dag og tilkynnti, að tveimur dætrum stjúpdóttur sinnar hefði verið rænt af hóteli hér í borg, og væri hugsanlegt, að reynt yrði að koma þeim úr landi. Skömmu síðar hringdi lögreglan í Reykjavík og óskaði eftir því, að för fólksins yrði stöðvuð. Ákærðu voru handteknir í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar kl. 7.15, og var yngri stúlkan, Anne Nicole, í för með þeim. Eldri stúlkan, Elizabeth, var hins vegar komin um borð í Flugleiðavél, sem var á l eið til Lúxemborgar.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um málið kl. 7.15, og var ákveðið að flytja ákærðu og barnið til höfuðstöðva RLR. Samkvæmt gögnum málsins hafði RLR samband við lögregluyfirvöld í Lúxemborg, og var staðfest, að við komu þangað hefði eftirtaldir verið stöðvaðir: Judy Gale Feeney, f. 7. 12. 1955 í Bandaríkjunum, Lawrence Anthony Canavan, f. 21. 12. 1966 í Bretlandi, og Jacqueline Davis, f. 11. 10. 1958 í Bretlandi. Elizabeth Jeanne var í för með þessu fólki, og var hún send til Íslands samdægurs, en þremenningunum var sleppt úr haldi.

Umræddir þremenningar hafa ekki gefið sig fram við íslensk yfirvöld, en lögregluyfirvöld í Lúxemborg yfirheyrðu fólkið á Findel-flugvelli í Lúxemborg. Lögð hefur verið fram í máli þessu skýrsla á þýsku, sem gerð var um þessar yfirheyrslur, og hefur hún verið þýdd á íslensku. Virðist hér vera um upplýsingaskýrslu að ræða, og hafa þeir, sem yfirheyrðir voru, ekki undirritað hana, svo að séð verði. Í skýrslunni er haft eftir barninu Elizabeth, að hún væri á leið til London ásamt kunningjum móður sinnar, sem væri að flytjast þangað vegna starfs, er hún hefði fengið þar. Hefði móðirin misst af flugvélinni og kæmi með næstu vél á eftir.

Í skýrslunni er síðan haft eftir Judy Feeney, að barnið hefði fengið rangar upplýsingar um ferðalagið. Væri málið þannig vaxið, að fara ætti með

barnið samkvæmt skipun föður þess og gegn vilja móður þess til Bandaríkjanna. Skýrði Judy Feeney síðan frá aðdraganda þess, að Pittmann og ákærði Grayson leituðu til sín og eiginmanns síns, ákærða Feeney, og fólu þeim að reyna að komast að dvalarstað barnanna á Íslandi. Hefði síðan 14 dögum áður tekist að hafa uppi á börnunum og móðurinni á Íslandi, og hefði þá verið hafist handa um að nema börnin tvö á brott. Er haft eftir frú Feeney, að haft hafi verið samband við Ernu og henni boðið þýðandastarf hjá kvikmyndafyrirtæki, og hafi Erna síðustu daga fyrir ránið flutt ásamt börnunum á Hótel Holt í Reykjavík. Skýrði frú Feeney frá því, að hópurinn hefði tekið eftir því, að barnið sætti harðræði af hálfu móður sinnar. Hefði ákærði Grayson ákveðið að koma til Reykjavíkur og taka þátt í ránsaðgerðinni, en Pittmann ekki getað komið, en hann hefði afhent ákærða Grayson umboð til að koma fram í sínu nafni. Í skýrslunni lýsir frú Feeney því, að börnin hafi verið vakin snemma morguns í laumi og farið með þau til flugvallarins, þar sem allur hópurinn hafi verið bókaður með Flugleiðaflugi til Lúxemborgar.

Í ofangreindri skýrslu er því síðan lýst, að Elizabeth hafi verið skýrt frá því, sem raunverulega gerðist, og hafi hún brugðist hin versta við. Þegar henni var sagt frá því, að frú Feeney segði móður hennar misþyrma henni og fara illa með hana, kvað hún þetta alls ekki satt. Þá er því lýst, að ofsahræðsla hafi nærri því gripið hana við þær fréttir að þurfa að fara til föður síns í Bandaríkjunum, og grátbændi hún yfirheyrendur að mega fara aftur til Íslands til móður sinnar sem fyrst.

Elizabeth var yfirheyrð hjá RLR að viðstöddum fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur, og skýrði hún þá nánar frá atburðum, og var skýrsla hennar efnislega í samræmi við það, sem eftir henni var haft í skýrslunni frá Lúxemborg. Elizabeth kom ekki fyrir dóm.

Samkvæmt gögnum málsins er forsaga máls þessa eftirfarandi:

Erna Eyjólfsdóttir giftist Frederick A. Pittmann árið 1981 og eignaðist með honum dótturina Elizabeth 23. 3. 1982. Þau fengu lögskilnað 1986, og var Ernu falin umsjá barnsins. Hinn 25. október 1991 hóf Pittmann málarekstur í þeim tilgangi að öðlast einn forsjá Elizabeth Pittmann, og 28. október 1991 var kveðinn upp bráðabirgðaúrskurður í Oskaloosa-sýslu, þar sem lagt var bann við því, að Elizabeth færi úr lögsagnarumdæmi First Judicial Court í Flóridaríki. Hinn 6. mars 1992 var lokameðferð forsjármálsins ákveðin 18. maí 1992, en 4. maí 1992 var Pittmann einum falin forsjá Elizabeth með dómsúrskurði, en ekki var mætt af hálfu Ernu.

Erna gekk í hjónaband með ákærða Grayson í desember árið 1987 og eignaðist með honum dótturina Anne Nicole 9. 11. 1987. Með bráðabirgðaúrskurði umdæmisdóms Santa Rosa-sýslu 10. október 1991 var lagt bann við því, að barnið færi frá Flórída. Með úrskurði sama dómstóls, upp

kveðnum 21. maí 1992, var ákærða Grayson einum falin forsjá stúlkunnar Anne Nicole og lokameðferð ákveðin 19. ágúst 1992. Hinn 15. október 1992 var þeim veittur lögskilnaður og ákærða Grayson falin forsjá stúlkunnar.

Hinn 2. maí 1992 fór Erna Eyjólfsdóttir til Íslands með dætur sínar og hefur síðan dvalist hér á landi. Hinn 7. maí 1992 barst dómsmálaráðuneytinu bréf frá stjúpföður Ernu þess efnis, að henni yrði falin bráðabirgðaforsjá dætra sinna. Ekki var aðhafst frekar af hálfu ráðuneytisins, þar sem ljóst þótti, að ekki fengist samþykki feðranna til ráðuneytismeðferðar. Ákærði Grayson réð Óskar Magnússon hrl. í október 1992 til að fara með mál sitt hér á landi, og stóðu yfir viðræður milli Óskars og Jóns Þóroddssonar hdl. um málið, er atburðir þeir urðu, sem hér er fjallað um. Ekki er vitað til þess, að Frederick A. Pittmann hafi ráðið sér lögmann hér á landi sér til aðstoðar, en ákærði Grayson framvísaði skjali, undirrituðu af Pittmann, en samkvæmt skjali þessu er Brian Grayson veitt heimild til þess að fylgja og annast Elizabeth Jeanne Pittmann, f. 23. mars 1982, hvar sem er í heiminum.

Framburður ákærðu og vitna.

Ákærði James Brian skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði kynnst Ernu Eyjólfsdóttur árið 1985, og kveður hann, að árið 1987 hafi hún orðið þunguð að dóttur þeirra, Anne Nicole, og kveðst hann eftir það hafa gifst henni af siðferðisástæðum. Ákærði kveður Ernu haldna geðrænum sjúkdómum, og komi hún mjög harkalega fram bæði gagnvart ákærða og börnunum. Kveður ákærði, að í júlí 1991 hafi þau ákveðið að slíta samvistir, og kveðst ákærði hafa tjáð henni, að hann ætlaði að sækja um forræði barnsins. Kveður ákærði, að Erna hafi beitt lygum og ofstopa til að vinna forræðismálið. Ákærði kveður Ernu hafa fengið forræði barnsins Anne Nicole til bráðabirgða í október 1991, og kveður ákærði, að frá þeim tíma fram að miðju ári 1992 hafi lögmenn Ernu ráðlagt henni að gefa börnin frá sér, þar eð ljóst væri, að hún myndi tapa forræðismálinu. Ákærði kveður þetta hafa leitt til þess, að Erna hafi yfirgefið heimili sitt 18. apríl 1992 og síðan farið úr landi með börnin. Kveður ákærði hana hafa gert þetta í trássi við ákvörðun dómstóls í Flórída.

Ákærði kveður, að á sambúðartíma þeirra Ernu hafi hún ekki tekið þau lyf á þann hátt, sem ætlast var til og læknar ráðlögðu henni, og kveður ákærði, að hún hafi misnotað bæði lyf og áfengi. Ákærði kveður Ernu tvívegis hafa reynt að svipta sig lífi, árið 1988 og 1991. Ákærði kveður Ernu hafa verið í umsjá geðlækna, og jafnframt hafi hún farið í áfengismeðferð og sótt fundi hjá AA-samtökunum. Þá kveður ákærði, að sálfræðingur hennar hafi lýst því við meðferð forræðismálsins, að hún væri hættuleg börnunum, ef hún tæki ekki lyf með réttum hætti.

Ákærði kveður, að reynt hafi verið að finna Ernu, og hafi verið hringt til móður hennar hér á landi, en hún hafi neitað allri samvinnu. Kveður ákærði, að ráðinn hafi verið einkaspæjari til að reyna að finna Ernu, en honum ekki tekist það. Kveður ákærði, að kannað hafi verið, hvort Erna hefði fengið vegabréf í Tallahassee, og þá var reynt að kanna hjá flugfélögum, hvort hún hefði flúið land. Kveður ákærði, að komið hafi í ljós, að hún hafi farið til Íslands. Ákærði segir, að nokkru áður en hún fór, hafi hún tjáð sér, að hann myndi aldrei sjá börnin, og myndi hún frekar drepa þau. Ákærði segir, að áður en Erna fór frá Bandaríkjunum og einnig eftir að hún kom til Íslands, hafi hún hvað eftir annað komið því til skila til sín og fjölskyldu sinnar, að þau myndu aldrei fá að sjá Anne aftur. Ákærði kveðst hafa haft samband við bandaríska utanríkisráðuneytið og reynt allt, sem hægt var, til að reyna að ná sambandi við börnin, og kveðst hann hafa haft samráð við föður Elizabeth, Frederick Pittmann. Ákærði kveður, að sér hafi fyrst verið leyft að tala við dóttur sína sjö vikum eftir, að Erna fór úr landi, og síðast kveðst ákærði hafa haft sambandi við hana 17. ágúst sl.

Ákærði kveðst hafa sett sig í samband við félagsmálastofnun Garðabæjar, og kveður ákærði Sigfús Johnsen hafa lýst áhyggjum sínum af málinu. Þá kveðst ákærði hafa ritað bréf áhrifamönnum hér á landi í þeim tilgangi að leita réttar síns.

Ákærði kveðst hafa fengið slæmar fréttir af Ernu frá Íslendingum í Flórída, og kveðst hann hafa frétt, að hún hafi átt erfitt með að finna sér fastan samastað, og jafnframt hafi hún aftur farið í áfengismeðferð. Þá hafi ákærða verið tjáð, að Erna væri óvinnufær vegna geðsjúkdóms og þvældist um og væri á einhvers konar gistiheimili eða athvarfi.

Ákærði kveðst 1. október sl. hafa fengið Óskar Magnússon hrl. til að gæta hagsmuna sinna hér á landi. Ákærði kveður sér hafa verið tjáð, að málið kynni að dragast á langinn, og kveðst hann hafa verið orðinn örvæntingarfullur. Ákærði kveðst hafa frétt af sjónvarpsþætti um CTU, sem er fyrirtæki, sem sérhæfir sig í að ná aftur börnum, sem flutt hafa verið ólöglega frá Bandaríkjunum. Ákærði kveður foreldra sína, Pittmann og sig sjálfan hafa sett sig í samband við forráðamenn fyrirtækisins og afhent þeim öll gögn um forræðismálið, svo að unnt væri að taka ákvörðun um það, hvort þeir tækju málið að sér. Ákærði kveðst hafa verið látinn vita eftir mánuð, að CTU myndi reyna á ná börnunum með samningum við Ernu. Ákærði kveður það hafa gert sér ljóst, að sér yrði sagt það, sem máli skipti, þegar þörf væri á. Ákærði kveður, að forráðamenn CTU hafi tjáð sér, að þeir myndu hafa samband við Ernu, og sagt, að þeir hefðu sínar aðferðir við það, og yrði ákærði einungis látinn vita, þegar ástæða þætti til.

Ákærði kveður, að forráðamenn CTU hafi í annarri viku janúarmánaðar tjáð sér, að þeir hefðu náð samningum við Ernu, en ekki sagt sér, í hverju þeir samningar væru fólgnir.

Ákærði kveðst ekki hafa haft samband við Ernu til að staðreyna, hvort samningar hefðu komist á.

Ákærði kveður CTU-menn hafa tjáð sér 19. eða 20. janúar sl., að hann skyldi fara til Reykjavíkur og hitta þá þar, og kveðst ákærði hafa lent í Keflavík að morgni 25. janúar sl. Ákærði kveður fólk hafa tekið á móti sér og ekið sér á Hótel Holiday Inn, og hafi sér verið sagt að bíða eftir fyrirmælum.

Ákærði kveðst að morgni 27. janúar sl. hafa fengið þær fregnir, að tími væri kominn til að fara og sækja dóttur hans, og kveður hann, að haldið hafi verið að öðru hóteli hér í borg. Kveðst ákærði hafa beðið þar fyrir utan, og kveður ákærði, að dóttir sín hafi verið færð til sín, og hafi þau fallist í faðma. Farangur hafi síðan verið settur í bifreiðina og síðan haldið til flugvallarins, þar sem för þeirra var stöðvuð og þau handtekin, þrátt fyrir það að þau framvísuðu löglegum pappírum.

Ákærði Donald Michael Feeney skýrði svo frá fyrir dómi, að hann væri öryggismálaráðgjafi og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem nefnist Corporate Training Unlimited. Kveður ákærði starfsemi fyrirtækisins fólgna í því að þjálfa lögreglumenn, öryggisverði og taka að sér sérverkefni. Ákærði kveður sérverkefnin m. a. fólgin í því að aðstoða við að ná til Bandaríkjanna fólki, sem hefur verið flutt þaðan ólöglega, og jafnframt að aðstoða í samningaumleitunum vegna gíslatöku.

Ákærði kveður, að fyrirtæki sitt hafi tekið að sér að finna börn Ernu Eyjólfsdóttur og aðstoða feður þeirra við að koma þeim aftur til Bandaríkjanna. Kveður ákærði, að feðurnir hafi sýnt þeim gögn vegna forræðismála, og jafnframt hafi þeim verið sýnt fram á, að forræði barnanna væri í þeirra höndum. Þá kveður ákærði skjölin hafa sýnt, að börnin þörfnuðust tafarlausrar aðstoðar, en ákærði telur börnin ekki hafa verið í hættu hér á landi, heldur hafi þeim verið hætta búin, meðan þau væru í umsjá móðurinnar.

Ákærði kveður, að lögfræðingar á sínum vegum hafi kannað íslensk lög, og jafnframt hafi verið athugað, hvort ráðlegt væri að ná börnunum með valdi hér á landi, en þeim hafi verið ráðlagt að gera það ekki. Kveður ákærði, að eftir könnun gagna hafi verið talið vænlegt til árangurs að semja við Ernu. Ákærði kveður, að eiginkona sín, Judy, hafi síðan tekið við stjórn aðgerða, og hafi hún farið til Íslands ásamt Jackie Davis, sem komið hafi frá London. Ákærði kveður Judy hafa tjáð sér, að hún hafi rætt við Ernu, en ákærði kveðst ekki frekar geta borið um það. Ákærði kveðst hafa verið á ferðalögum um þetta leyti, og kveðst hann hafa haft símasamband

við Judy, sem hafi tjáð sér, að samningar hefðu náðst í grundvallaratriðum. Skildist ákærða, að Erna hefði samþykkt að fara með börnin úr landi gegn greiðslu og afhenda þau feðrum sínum. Kveður ákærði, að rætt hafi verið um 5- 10 þúsund dollara í þessu sambandi upphaflega. Ákærði kveðst hafa tjáð Judy, að hann yrði í Sviss, og sé hugsanlegt, að þess vegna hafi verið ákveðið að fara með börnin þangað, og jafnframt hafi Judy fundist ráðlegt að fara frá Íslandi. Hafi Erna gert það ljóst, að hún vildi ekki, að foreldrar sínir vissu af þessum ráðagerðum sínum, og því hafi Judy tekið þessa ákvörðun, til þess að hún lenti ekki í vandræðum við yfirvöld hér á landi. Ákærði kveður Judy síðan hafa tjáð sér, að Erna væri á leiðinni til Zürich, en aðeins með eldri dótturina.

Ákærði kveðst hafa verið þrjá daga í Zürich, þegar hann fékk hringingu frá samstarfsfólki sínu og sér tjáð, að þau væru á leiðinni á hótelið. Ákærði kveðst hafa hitt Ernu fyrst í anddyri á hóteli hennar, og kveðst hann hafa heilsað henni og sagst heita Don. Kveður ákærði, að Erna hafi spurt um greiðslu fyrir afhendingu barnanna til feðra sinna, og kveður ákærði hana hafa reynt að fá hærri upphæð en upphaflega hafi verið nefnd við hana, og kveðst hann hafa beðið Judy að annast málið eftir það. Kveður ákærði þetta skýringuna á því, hvers vegna hann sagði lögreglu, að hann vissi ekki nákvæmlega, um hvaða upphæð var að ræða. Ákærði kveðst ekki hafa hitt Ernu eftir þetta, en kveðst hafa séð hana á flugstöðinni, eftir að hann hafði verið handtekinn.

Aðspurður, hvers vegna hann hafi komið til Íslands, segir ákærði, að sér hafi verið tjáð, að samningar hefðu náðst, og yrðu börnin afhent á Íslandi, og kveðst hann hafa ákveðið að slást í för með þeim. Kveðst ákærði hafa flogið til Íslands ásamt eiginkonu sinni daginn áður.

Ákærði kveður, að foreldrum sé ekki sagt mikið um gang aðgerða af þessu tagi, en meðákærði hafi fengið fyrirmæli um að koma til Íslands, og var honum vísað á ferðaskrifstofu í New York, sem afhenti honum farmiða. Meðákærði hafi síðan komið til landsins á mánudegi.

Ákærði kveður, að Erna og dætur hennar ásamt samverkamönnum sínum hafi síðan skráð sig til dvalar á Hótel Holti. Ákærði kveður Jackie hafa tjáð sér, að Erna væri reiðubúin að ljúka samningum og afhenda börnin.

Ákærði kveðst hafa heyrt af því frá Judy, að frétt hefði birst í dagblaði hér á landi um gerð kvikmyndar, og kveður hann Judy hafa tjáð sér, að hún myndi segja honum nánar frá því síðar. Ákærði kveðst enga hugmynd hafa haft um þessa kvikmyndagerðarsögu, fyrr en Judy hringdi til sín.

Ákærði kveðst að fyrirmælum Judy hafa séð um að panta farmiða til Lúxemborgar handa börnunum og samverkamönnum sínum. Ákærði kveðst hafa átt að vera við Hótel Holt ásamt meðákærða milli kl. 5 og

5.30 að morgni 27. janúar sl. Ákærði kveður þá hafa komið á tilsettum tíma. Kveðst ákærði hafa farið inn í hótelið, en meðákærði hafi beðið í bifreiðinni. Hafi fólkið verið að hluta til komið niður í anddyrið, og kveðst ákærði hafa gert upp reikninga fyrir öll herbergin. Hafi farangur verið settur í bifreiðarnar, og síðan hafi eldri dóttirin farið í bifreið með Judy og Jackie, en ákærði og meðákærði hafi ekið með dóttur meðákærða til Keflavíkurflugvallar. Ákærði keður Judy, Jackie og Elizabeth hafa komist í gegnum vegabréfaskoðun, en þar hafi ákærðu verið stöðvaðir ásamt yngri dóttur Ernu. Ákærði kveðst hafa sýnt skjöl, er sýndu, að meðákærði hefði forræði stúlkunnar, en stjúpfaðir Ernu hafi á þessum tíma hringt og séð til þess, að för þeirra yrði stöðvuð, þar sem hann taldi sig hafa skjöl, er sýndu fram á betri rétt en meðákærði, Grayson, hafði.

Ákærði kvað umræddan sjónvarpsþátt hafa verið viðtalsþátt, þar sem athygli var vakin á þeirri staðreynd, að 10 þúsund bandarískum börnum var haldið með ólögmætum hætti erlendis. Ákærði kvað fyrirtæki sitt aldrei hafa beitt ofbeldi í aðgerðum sínum, einungis hugkvæmni. Ákærði hélt, að tilgangur ferðarinnar til Sviss hefði verið sá, að afhenda átti börnin þar, og gæti meðákærði komið til Sviss frá New York með mjög skömmum fyrirvara.

Vitnið Erna Eyjólfsdóttir skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði nokkrum sinnum talað við ákærða Grayson, eftir að vitnið kom til landsins, og kveður vitnið hann hafa boðið sér að koma aftur til Bandaríkjanna, og sagðist hann ekki myndu reyna að taka barnið af henni. Vitnið kveðst hafa leitað til lögfræðings hér á landi til að fá forræði dætra sinna, og kveður vitnið, að ákærði Grayson hafi leitað til Óskars Magnússonar, og skildist vitninu, að reynt hefði verið að leysa þessi mál.

Vitnið neitar því, að það hafi reynt að semja um afhendingu barnanna til feðra þeirra. Vitnið neitar því, að staðið hafi til, að það afhenti börnin gegn greiðslu.

Kveður vitnið, að skömmu eftir jól hafi hringt maður frá Austin, Texas, Bandaríkjunum, og kynnt sig sem verktaka, en vitnið kvaðst þá hafa verið statt í íbúð móðursystur sinnar að Framnesvegi. Kveður vitnið manninn hafa spurt um nöfn þeirra, sem þar byggju, og jafnframt, hver vitnið væri. Vitnið kveðst hafa gefið manninum þessar upplýsingar. Vitnið kveðst engin önnur símtöl hafa fengið frá Bandaríkjunum.

Vitnið kveður, að í annarri viku janúar hafi ensk kona komið til móður vitnisins að Engimýri 8, Garðabæ, og kynnt sig sem Jackie Davis. Kvaðst hún vera að starfa fyrir kvikmyndafyrirtæki og vildi fá að leigja framhlið hússins til töku kvikmyndar. Var jafnframt talað um, að heimsfrægir leikarar ættu að leika í þessari mynd. Vitnið kveður móður sína hafa sagt konunni frá vitninu, og konan hafi jafnframt lýst högum sínum, og hafi

hún sagst vera fráskilin með eina dóttur. Vitnið kveður, að móðir þess hafi daginn eftir fengið boð um að koma í mat á Hótel Sögu, þar sem henni var boðið og fjölskyldu hennar. Vitnið kveðst hafa farið í matarboðið ásamt móður sinni og tveimur bræðrum, og kveðst vitnið þá í fyrsta sinn hafa séð umrædda konu. Vitnið kveðst ekki hafa haft samband við hana áður, hvorki í síma né á annan hátt. Vitnið kveður sig í fyrstu hafa grunað, að ekki væri allt með felldu, og kveður, að reynt hafi verið að fá sögu konunnar staðfesta, en staðfesting ekki fengist. Vitnið kveður, að konan hafi verið mjög sannfærandi, og kveðst vitnið hafa trúað henni.

Vitnið kveðst að fyrra bragði hafa boðið konunni aðstoð sína til að finna heppilega tökustaði hér á landi. Vitnið kveður, að Jackie hafi verið ein fyrst í stað, tvo til þrjá fyrstu dagana, en þá kveðst vitnið hafa hitt Lawrence, sem kynnti sig sem yfirlífvörð leikarans Stallone. Að sögn vitnisins átti hlutverk þess að vera að kanna aðstæður hér á landi. Þá kveður vitnið, að Jón, bróðir vitnisins, hafi aðstoðað Lawrence.

Vitnið kveðst hafa verið með Jackie á daginn, og kveður vitnið Jackie hafa boðið sér greiðslu fyrir aðstoðina. Vitnið kveðst hafa tjáð henni, að hún ætlaðist ekki til þess að fá greiðslu. Vitnið kveður Jackie hafa ætlað að borga sér 400 dollara á viku, og þá hafi hún boðið Jóni 300 dollara á viku.

Vitnið kveður Jackie hafa talað um að fara í frí til Sviss í tvo daga og til London í þrjá daga, og kveður vitnið hana hafa boðið sér og börnunum utan. Vitnið kveður viðbrögð sín hafa verið þau, að það talaði við móður sína, sem ráðlagði vitninu að fara ekki til útlanda með börnin. Vitnið tók þá ákvörðun að taka eldri dótturina með sér, og kvaðst vitnið hún öruggari með því móti. Vitnið kveður, að í ferðinni hafi verið auk vitnisins og dóttur sinnar þau Jackie og Lawrence.

Vitnið kveður, að í anddyri hótels í Sviss hafi þau hitt ákærða Feeney, og kveður vitnið, að Jackie hafi kynnt hann fyrir sér sem Mario Cassar, sem að þeirra sögn er frægur leikstjóri. Vitnið kveðst hafa rætt við manninn, sem hafi sagst heita Mario, og hafi verið talað um að fara í veislu um kvöldið, þar sem frægir leikarar myndu verða.

Vitnið kveður ekkert hafa verið rætt um afhendingu barnanna í þessari ferð, og forræðismál hafi ekkert borið á góma.

Vitnið kveðst hafa hitt Judy í Sviss, og kveður vitnið hana hafa sagt, að hún héti June. Virtist vitninu hún ýmist kölluð June eða Judy. Vitnið kveður síðan hafa verið haldið til Íslands. Þar hafi áðurnefnd June tekið á móti þeim, og hafi verið ekið á Hótel Sögu, en þar hafi ekki verið hægt að dveljast að sögn June, þar sem þar væru blaðamenn. Var þá haldið á Hótel Holt, enda hafði verið ákveðið í Sviss, að vitnið dveldist á hóteli með hópnum ásamt börnum sínum. Vitnið kveðst hafa samþykkt þetta, enda

hafi Jackie talið þetta fyrirkomulag þægilegra á allan hátt. Vitnið kveður þau hafa dvalist þrjár nætur á hótelinu.

Vitnið kveður, að kvöldið áður en atburðirnir gerðust, hafi verið farið út að borða, og kveðst vitnið hafa farið með Jackie og Lawrence á veitingastað hér í borg, en June gætt barnanna á hótelinu. Kveður vitnið Jackie hafa talað um, að byrjað yrði af fullum krafti að vinna að kvikmyndinni eftir hádegi daginn eftir, og því væri allt í lagi að sofa út. Vitnið kveðst hafa neytt áfengis og kveðst hafa verið undir áhrifum, en ekki drukkin. Hafi þau síðan komið á hótelið, en vitnið veit ekki, hvað klukkan var. Vitnið kveðst hafa á leiðinni talað um það við Jackie, að vitnið væri með höfuðverk, og kveður vitnið, að Jackie hafi, eftir að á hótelherbergið var komið, látið vitnið hafa tvær töflur, sem hún hafi talað um, að hún tæki oft sjálf og væri óbrigðult ráð við timburmönnum.

Vitnið kveðst hafa gáð að börnunum og kveðst hafa séð, að þau voru sofandi.

Vitnið kveðst síðan ekki vita af sér, fyrr en það vaknaði morguninn eftir kl. hálfsex, að því er vitnið taldi, en sér hafi verið sagt síðar, að klukkan hafi verið hálfsjö. Vitnið kveðst hafa verið ein í herberginu, þegar það vaknaði, og kveðst strax hafa farið í herbergi stúlknanna og þá séð, að þær voru farnar. Jafnframt hafi fólkið verið horfið. Vitnið kveðst hafa hringt í stjúpa sinn og beðið um aðstoð hans við að stöðva börnin. Þá kveðst vitnið hafa hringt til lögreglunnar.

Vitnið kveður, að eftir að lögfræðingar hófu samningaviðræður, hafi það verið til viðræðu um samkomulag á þeim grundvelli, að vitnið hefði börnin og feðurnir nytu umgengnisréttar við þau, en vitnið kveðst ekki hafa viljað senda börnin af landi brott. Vitnið kveður störf þess í þágu kvikmyndafólksins hafa verið í því fólgin m. a., aka hafi átt að Gullfossi, en þau þurftu að snúa við vegna ófærðar. Vitnið kveður, að þessa daga hafi veður verið vont og því lítið gert nema talað. Vitnið kveðst hafa séð faxsendingar frá Carolco-kvikmyndafyrirtækinu, og kveðst vitnið hafa aðstoðað með þýðingar. Vitnið kveðst hafa hitt Jackie á hverjum degi, og hafi vitninu verið boðið í mat nokkrum sinnum.

Vitnið Rannveig Björnsdóttir, kt. 210242-3849, móðir Ernu Eyjólfsdóttur, skýrði svo frá fyrir dómi, að 12. janúar sl. hefði ensk kona, sem kynnti sig sem Jackie Davis, knúið dyra hjá sér og spurst fyrir um, hver ætti umráðarétt yfir túnum gegnt húsi vitnisins. Vitnið kveðst hafa tjáð konunni að snúa sér til bæjaryfirvalda, og kveður vitnið, að konan hafi sagt, að hún væri frá kvikmyndafyrirtæki og væri að kanna aðstæður hér á landi vegna töku kvikmyndar, sem m. a. Sylvester Stallone ætti að leika í. Vitnið kveðst hafa boðið konunni inn fyrir, og kveður vitnið hana hafa borið sig illa, sagst vera einmana og eiga tíu ára dóttur í Englandi. Vitnið

kveður konuna hafa spurt um börn vitnisins, og hafi hún talað um að bjóða fjölskyldu vitnisins í mat. Kveður vitnið, að konan hafi viljað fá sig í vinnu, en vitnið kveðst hafa tjáð henni, að það væri ekki hægt. Konan hafi þá spurt son vitnisins, Björn Þór, sem staddur var þarna, hvort hann gæti unnið fyrir sig, en hann hafi bent á vin sinn. Myndin hafi átt að heita Vikingarnir, og skýrði konan nokkuð nákvæmlega frá því, um hvað myndin átti að fjalla. Vitnið kveður konuna hafa boðið sér og fjölskyldu sinni í mat kvöldið eftir, og kveðst vitnið hafa grunað ýmislegt, en þótt það frekar langsótt. Kveðst vitnið hafa grunað, að verið væri að reyna að ná börnum Ernu frá henni.

Vitnið kveðst ásamt dóttur sinni, Ernu, og sonum sínum, Jóni og Birni Þór, hafa þegið matarboð konunnar að Hótel Sögu kvöldið eftir. Vitnið kveður, að þau hafi ákveðið að leggja spilin á borðið fyrir konuna og sagt henni frá ótta sínum um, að reynt yrði að ræna börnum Ernu. Vitnið kveður viðbrögð konunnar hafa verið mjög trúverðug, og kvaðst hún aldrei myndu ræna barni, enda vissi hún, hvað það væri að vera móðir. Vitnið kveðst ekki hafa hitt konuna eftir þetta.

Vitnið kveður Ernu hafa farið að starfa fyrir fólkið, og hafi henni verið boðin vel launuð atvinna. Vitnið kveður, að Erna hafi farið til Sviss með kvikmyndafólkinu, og tók hún eldri stúlkuna með sér, vegna þess að þau höfðu enn grunsemdir um fyrirætlanir fólksins. Kveður vitnið það hafa verið sameiginlega ákvörðun vitnisins og Ernu að skilja yngri stúlkuna eftir, og fannst Ernu það skynsamlegt.

Vitnið kveður Ernu, dóttur sína, hafa sagt sér frá því, að hún ætlaði að dveljast á hóteli með dætrum sínum, og kveðst vitnið hafa gert athugasemdir við það, en vitnið kveðst á því tímamarki hafa verið orðið grunlaust.

Vitnið kveður, að morguninn 27. janúar sl. um kl. 6.30 hafi Erna hringt til vitnisins og verið hljóðandi og sagt, að stúlkurnar væru horfnar. Vitnið kveðst ekki hafa efast um, að Erna segði satt. Vitnið kveður eiginmann sinn þá hafa hringt á Keflavíkurflugvöll og talað við yfirvöld þar, og hafi hann fengið því framgengt, að för ákærðu og yngri stúlkunnar var stöðvuð.

Vitnið kveðst alveg visst um það, að dóttir þess hitti Jackie í fyrsta sinn í umræddu matarboði á Hótel Sögu.

Vitnið kveðst hafa lifað í stöðugum ótta, frá því að Erna kom heim í fyrra, og hafi það verið vegna þess, hversu hatrömm forræðisdeilan var.

Vitnið Guðmundur Karl Jónsson, kt. 201140-3319, stjúpfaðir Ernu Eyjólfsdóttur, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei hitt fólk það, sem sagðist vinna að kvikmyndagerð hér á landi. Kveðst vitnið hafa verið að koma úr vinnu sinni 12. janúar sl., en þá var nýfarin frá heimili hans kona, sem eiginkona vitnisins sagði, að leitað hefði eftir aðstoð vegna töku kvikmyndar. Kveður vitnið, að daginn eftir hafi komið blómvöndur og

bréf, þar sem boðið var til matar á Hótel Sögu. Vitnið kveðst ekki hafa farið. Vitnið kveðst kannast við, að rætt hafi verið um fyrirhugaða ferð Ernu til Sviss. Kveður vitnið það hafa verið sameiginlega ákvörðun vitnisins, Ernu og móður hennar að skilja yngri dótturina eftir heima.

Vitnið kveður, að Erna hafi hringt á heimili vitnisins um kl. 6.30 að morgni 27. janúar sl., og hafi hún sagt, að búið væri að ræna börnunum. Vitnið segir Ernu hafa verið mjög æsta. Kveðst vitnið strax hafa trúað henni og því hringt í Útlendingaeftirlitið, lögregluna í Reykjavík og síðan í lögregluna á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kveðst áður, sennilega í maí í fyrra, hafa skilið eftir myndir af dætrum Ernu hjá Gottskálk Ólafssyni, deildarstjóra í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, þar sem óttast var, að tilraun yrði gerð til að ræna börnunum úr landi.

Vitnið kveðst, eftir að Erna kom til landsins í maí, hafa ritað dómsmálaráðuneytinu bréf í þeim tilgangi að leita eftir bráðabirgðaforræði fyrir börnin Ernu til handa. Vitnið kveðst ekki hafa fengið skriflegt svar, en sér hafi verið tjáð símleiðis, að þar sem ný barnalög og réttarfarslög væru að taka gildi, væri erindinu hafnað.

Vitnið kveður, að engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu barnaverndaryfirvalda um aðbúnað barnanna.

Vitnið kveðst hafa talað við Birgi, sem er yfirmaður vaktarinnar á Keflavíkurflugvelli, og hafi hann gefið sér samband við Jón Pétur. Vitnið kveðst síðan hafa fengið símtal frá Keflavík, og kveðst vitnið hafa talað við Arelíus og jafnframt við ákærða, Grayson. Kveðst vitnið hafa tjáð ákærða, að dómsúrskurður sá, er ákærði hefði í höndunum, gilti ekki hér á landi. Vitnið kannast ekki við að hafa sagt tollvörðum, að það hefði undir höndum skjöl, er gengju framar gögnum þeim, er ákærði hefði.

Vitnið Björn Þór Guðmundsson, kt. 250872-5349, hálfbróðir Ernu Eyjólfsdóttur, skýrði svo frá fyrir dómi, að Jackie Davis hefði komið heim til vitnisins 12 janúar sl. og rætt við vitnið og móður þess. Hefði hún spurt um lóð fyrir framan húsið og sagt, að taka ætti kvikmynd hér á landi með heimsfrægum leikurum. Þau hefðu boðið konunni inn og hún þá skýrt nánar frá fyrirætlunum sínum. Konan hefði síðan boðið fjölskyldunni í mat á Hótel Sögu, en þau hefðu verið full grunsemda og í fyrstu ekki ætlað að fara, en síðan tekið þá ákvörðun að þiggja matarboðið. Vitnið kveður, að konan hafi þarna talað um hagi sína og fyrirhugaða kvikmyndagerð. Þá hafi áður verið búið að ákveða að ræða forræðismál Ernu við konuna, en viðbrögð konunnar við því hafi verið vægast sagt sannfærandi, og hafi hún eytt grunsemdum þeirra.

Vitnið kveðst ekki hafa haft frekari afskipti af fólki þessu, en kveðst þó einu sinni hafa sótt systur sína að Hótel Sögu, þar sem það sá Lawrence tilsýndar. Vitnið kveðst hafa frétt af fyrirhugaðri ferð Ernu og fólksins

til Sviss. Vitnið kveðst ekki hafa rætt um þessa ferð við Ernu, en kveðst hafa beðið móður sína að skila því til hennar, að hún skyldi ekki fara með börnin.

Vitnið Jón Örn Guðmundsson, kt. 200468-4659, hálfbróðir Ernu Eyjólfsdóttur, skýrði svo frá fyrir dómi, að sér hefði verið sagt frá heimsókn Jackie Davis til móður vitnisins og bróður, og hefði hún rætt um fyrirhugaða kvikmyndagerð hér á landi. Vitnið kveðst hafa þegið matarboð þessarar konu á Hótel Sögu, og þar hafi konan lýst fyrirhugaðri kvikmyndagerð með heimsfrægum leikurum. Hafi konan leitað eftir aðstoð Ernu, og jafnframt kveðst vitnið hafa boðið fram aðstoð sína. Kveður vitnið, að í þessu matarboði hafi Erna sagt við konuna, að hún héldi, að hún væri komin til að ræna börnum sínum, en svör konunnar hefðu verið slík, að þau hefðu sannfærst um, að hún væri að segja satt, en þó kveður vitnið, að efasemdir hafi alltaf verið. Vitnið kveðst hafa ráðið sig til vinnu hjá þessu fólki, og hafi það átt að aka því um og kynna því kvikmyndastaði. Kveður vitnið, að í upphafi hafi verið talað um, að vitnið fengi 300 dollara fyrir fjögurra daga vinnu, en vitnið kveðst hafa fengið 12 þúsund krónur greiddar. Vitnið kveðst nokkru síðar hafa hitt mann að nafni Lawrence, sem kynnti sig sem lífvörð og umsjónarmann um öryggisgæslu.

Vitnið kveðst hafa vitað af fyrirhugaðri ferð Ernu til Sviss, og kveðst vitnið vita til þess, að móðir þeirra tók ekki annað í mál en annað barnið yrði skilið eftir heima. Vitnið kveður Ernu engar athugasemdir hafa gert við það.

Vitnið Sveinn Ólafsson, kt. 040563-5639, skýrði svo frá fyrir dómi, að það starfaði sem næturvörður á Hótel Holti, og kvaðst vinna aðra hverja viku á næturvakt, sem byrji kl. tólf á miðnætti og standi til kl. átta að morgni. Kveður vitnið, að mánudagskvöldið 25. janúar sl. hafi sér verið tjáð, að komið hefðu gestir, þrír fullorðnir og tvö börn, sem væru með fjögur herbergi, og væru börnin og móðirin í samliggjandi herbergjum og kona að nafni Jackie og maður að nefni Canavan væru í samliggjandi herbergjum andspænis hinum. Þá kveðst vitnið sama kvöld hafa séð konu, er kallaði sig Judy, en hún átti í erfiðleikum með bíl á bílastæði fyrir utan hótelið. Vitnið kveður, að Judy hafi ekki verið gestur á hótelinu. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt talað um, að fólkið væri viðriðið kvikmyndagerð. Vitnið kveður, að aðfaranótt 27. janúar sl. hafi Canavan, Jackie og Erna komið að hótelinu milli kl. 1 og 1.30, og virtust þau hafa verið að skemmta sér, en vitnið vissi ekki, hvaðan þau voru að koma. Vitnið kveður, að sér hafi áður verið tjáð, að börnin væru ein uppi á herbergi sínu, en vitnið kveðst ekki hafa kannað það. Vitnið kveður, að fólkið hafi verið kátt, og virtist vitninu Erna áberandi ölvuð, en hún stóð þó í fæturna. Hafi þau farið beint upp á herbergi, og kveðst vitnið hafa heyrt Ernu hlæja, en kl. 2.30

telur vitnið, að fólkið hafi farið að sofa, enda heyrði vitnið engan umgang eftir það. Kveður vitnið, að kl. 4.55 hafi Lawrence komið niður og beðið um, að hótelið yrði haft opið, vegna þess að fólkið væri að fara. Vitnið kveðst hafa spurt hann, hvort börnin væru að fara, og fannst vitninu hann játa því. Vitnið kveðst hafa lagað hressingu handa börnunum og fullorðna fólkinu og kveður fólkið hafa tjáð sér, að það yrði á tveimur bílum. Kl. 5.00 hafi komið rúta frá Kynnisferðum, sem sótti gesti af hótelinu, og rétt eftir það kveðst vitnið hafa séð Jackie, Canavan og þrjá aðra, og var fólkið að bera niður farangur. Kveður vitnið, að auk Jackie og Canavan hafi Judy og Donald Feeney verið komin í anddyrið og auk þess karlmaður, sem vitnið heldur, að hafi verið Grayson, en kveðst ekki geta fullyrt það. Vitnið kveður Donald Feeney hafa beðið sig að taka saman reikningana, og kveðst vitnið hafa séð, að Jackie leiddi eldri dótturina út, og virtist vitninu einhver karlmaður halda um öxl stúlkunnar. Vitnið kveðst hafa tekið saman reikninga og rætt við Donald Feeney, sem vitninu virtist rólegur, og virtist vitninu brottför fólksins í alla staði eðlileg. Kveður vitnið, að Donald hafi greitt með greiðslukortanótu, sem Judy Feeney hafi undirritað. Vitnið kveðst hafa talað um það við Donald, að lyklum hefði ekki verið skilað, en hann þá sagt, að þau kæmu aftur seinna þennan dag, því að hluti af hópnum væri enn sofandi uppi á herbergi. Vitnið kveður fólkið síðan hafa farið kl. 5.20.

Kveður vitnið, að kl. 6.30 hafi Erna komið niður og beðið um, að herbergi stúlknanna yrði opnað, því að hún væri ekki með lykil. Kveður vitnið, að Erna hafi verið alklædd, syfjuð, en virst eðlileg. Vitnið kveðst þá hafa opnað herbergið og Erna litið inn og spurt, hvar fólkið væri. Vitnið tjáði Ernu, að það væri farið, og hefði Erna þá farið aftur inn í herbergi sitt og komið síðan niður í anddyri og spurt aftur, hvort fólkið væri farið. Þá spurði Erna, hvort börnin hefðu farið með fólkinu, og kveðst vitnið hafa játað því. Virtist vitninu þá renna upp fyrir henni ljós, og sagði hún: „Börnunum mínum hefur verið rænt, þú verður að hjálpa mér.“ Vitnið kveður, að Erna hafi fengið áfall, þegar það rann upp fyrir henni, að börnin væru farin. Hafi Erna beðið um að fá að fara inn í herbergi Davis og Canavans, og kveðst vitnið hafa sýnt henni inn í herbergin. Erna hafi þá farið á eftir vitninu niður og beðið um hjálp, og kveðst vitnið hafa sagt henni að hringja í lögreglu. Erna hafi þó hringt fyrst til móður sinnar og sagt: „ Börnunum hefur verið rænt, þú verður að hjálpa mér.“ Þá kveður vitnið, að Erna hafi í sama símtali talað við Guðmund, og fannst vitninu viðbrögð þeirra vera þannig, að þau tryðu henni ekki. Vitnið kveðst sjálft hafa verið á báðum áttum um það, hvort það ætti að trúa Ernu. Kveður vitnið Ernu hafa talað um, að hugsanlegt væri, að fólkið færi úr landi með einkaþotu, og hafi hún viljað hringja í flugumferðarstjórn til

þess að stöðva för þess. Kveður vitnið, að Erna hafi ekki viljað hringja í lögreglu, vegna þess að hún vildi ekki, að þetta fréttist, og kveður vitnið Ernu hafa sagt sér, að það mætti ekki segja þetta við nokkurn mann. Vitnið kveður Ernu ekki hafa hugsað skýrt, og kveðst vitnið hafa reynt að fá hana til að tala við lögreglu. Hafi Erna hringt til vinkonu sinnar og vitnið hringt á Hótel Esju að beiðni Ernu, en fólkið ekki verið þar. Erna hafi einnig hringt á Hótel Loftleiðir. Vitnið kveðst hafa vitað um flug frá Keflavíkurflugvelli kl. 7.35, og kveðst vitnið hafa ítrekað við Ernu milli kl. 6.40 og 6.45 að hringja til lögreglu.

Kveður vitnið, að um það bil kl. 6.50 hafi Erna hringt í lögreglu úr herbergi nr. 216, og kveður vitnið, að hún hafi þá verið gjörsamlega niðurbrotin, og var vitnið þá farið að trúa henni. Talaði hún móðursýkislega í símann, hristist og skalf, og hélt vitnið um hönd hennar og þurfti að segja henni, hvað hún ætti að segja. Vitnið kveðst, eftir að símtalinu var lokið, sjálft hafa hringt til lögreglu og staðfest sögu hennar. Kveður vitnið, að tveimur mínútum síðar hafi tveir lögreglumenn komið, og kl. 7.05 hafi þeir farið upp á herbergi með Ernu og fylgt henni út kl. 7.25. Kveður vitnið Ernu hafa sagt, þegar hún fór út, að vitnið mætti ekki segja þetta við nokkurn mann.

Vitnið kveður enga venju í gildi á Hótel Holti um það, hvenær fólk á að gera upp reikninga, þegar brottför er áætluð snemma morguns. Vitnið kveður fólki treyst fyrir uppgjöri vegna úttekta af svokölluðum „minibar". Vitnið kveður, að umræddur hópur hafi verið skráður til brottfarar 27. janúar.

Vitnið kveðst nokkuð visst um, að það hafi talið fimm fullorðna í anddyrinu, enda man það eftir því að hafa tekið til kaffi handa fimm. Vitnið telur þó hugsanlegt, að um mistalningu sé að ræða, og hafi vitnið hugsanlega tvítalið Donald Feeney.

Vitnið kveðst ekki visst um, hvort Grayson var í anddyrinu, en kveðst við yfirheyrslur hjá lögreglu hafa dregið þá ályktun, að svo væri.

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögregluvarðstjóri, kt. 230652-3339, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fengið boð um að fara á Hótel Holt umræddan dag vegna tilkynningar um barnsrán. Vitnið kveðst hafa farið á vettvang og talað þar við konu og næturvörð á hótelinu, og hafi sér verið tjáð, að tveimur börnum hafi hugsanlega verið rænt, og væru þeu sennilega á leið út úr landinu. Vitnið kveðst hafa haft samband við yfirmann hjá fjarskiptum, og hafi vitninu þá verið tjáð, að fósturfaðir konunnar væri búinn að hafa samband við Keflavíkurflugvöll í þeim tilgangi að stöðva för fólksins. Vitnið kveðst síðan hafa farið með konuna suður til Keflavíkur, og hafi þá komið í ljós, að annað barnið var á leið til útlanda, en hitt barnið var á lögreglustöðinni ásamt föður sínum og

öðrum manni. Vitnið kveðst þá hafa haft samband við RLR, og í samráði við hana hafi konan verið flutt í höfuðstöðvar RLR.

Vitnið ber, að konan hafi verið mjög æst, hún hafi haft litla stjórn á sér, framburður ruglingslegur og hugsun hennar ekki mjög skýr. Vitnið kveðst hafa fengið meiri upplýsingar frá næturverðinum en konunni. Vitnið fann ekki mikla áfengislykt af henni, en hún tjáði vitninu á leiðinni til Keflavíkur, að hún hefði neytt áfengis kvöldið áður. Þá kvaðst konan halda, að sér hefði verið gefið svefnlyf; kvað hún konu nokkra hafa gefið sér tvær töflur, sem hefðu átt að verka á timburmenn.

Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, hvort það skýrði rannsóknarlögreglumönnum, þegar vitnið kom með konuna til þeirra, frá þeirri sögu hennar, að henni hefði verið gefið svefnlyf, en vitnið þorir nokkurn veginn að fullyrða, að þeim hafi verið tjáð þetta áður í símtali frá Keflavík.

— — —

Vitnið Smári Sigurðsson, lögreglufulltrúi hjá RLR, kt. 181147-7419, kom fyrir dóm, og var borin undir vitnið fullyrðing í skýrslu, sem barst frá Lúxemborg og hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Þar fyrir utan var okkur lofað af íslenskum rannsóknaraðilum, að þeir myndu senda okkur staðfestingu varðandi forræðisrétt móðurinnar með faxi."

Vitnið kveður þetta orðalag rangt. Vitnið kveðst hafa lofað að senda gögn um það, að barnið tilheyrði móður sinni á Íslandi.

Þá var borin undir vitnið eftirfarandi fullyrðing í skýrslunni:

„Opinbera staðfestingu á því, að hún fari með forræði barna sinna á Íslandi, var ekki hægt að leggja fram."

Vitnið kveður þetta rétt.

Vitnið Óskar Þór Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 020948-7879, kom fyrir dóm og staðfesti, að það hefði unnið að málinu með þeim hætti, er greinir í undirskjalaskrá VI, skjal 1, bls. 16-30, en þar er um að ræða yfirheyrslur yfir barninu Elizabeth.

Vitnið Gottskálk Ólafsson, deildarstjóri við tollgæsluna, Keflavíkurflugvelli, kt. 041242-7369, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði gefið munnleg fyrirmæli um að hafa eftirlit með því, ef fara ætti með umræddar stúlkur úr landi, og hafa samband við Guðmund Karl Jónsson lögfræðing, ef slíkt stæði til. Vitnið kveðst hafa gefið þessi fyrirmæli til tollfulltrúa í vegabréfaskoðun. Vitnið kveður þessi fyrirmæli hafa verið afturkölluð 8. janúar sl. eftir samráð við Guðmund Karl, sem taldi málið þá í þeim farvegi, að ekki væri ástæða til að ætla, að stúlkurnar yrðu fluttar úr landi.

Vitnið kveður, að fært hafi verið í dagbók, að farbanni hefði verið aflétt, og þá hafi jafnframt verið fjarlægðar myndir og önnur gögn um málið.

Vitnið kveður, að upphaflega hafi þetta svokallaða farbann verið fært í dagbók, þegar það var lagt á, en það hafi ekki verið kallað því nafni í dagbókarfærslum.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu í máli þessu hafa lýst yfir, að þeir hafi verið í fullum rétti, er þeir fluttu dætur Ernu Eyjólfsdóttur frá Hótel Holti í Reykjavík til Keflavíkurflugvallar í því skyni að koma þeim í varanlega umsjá feðra sinna í Bandaríkjunum. Hafa þeir borið, að þeir hafi ekki vitað annað en Erna hafi samið við samverkamenn þeirra um afhendingu barnanna gegn greiðslu. Þá hafa ákærðu talið, að úrskurður bandarísks dómstóls um forræði feðranna og grunur þeirra um slæman aðbúnað barnanna hjá móður sinni hér á landi veitti þeim fullan rétt til þeirrar ráðstöfunar barnanna, er hér hefur verið lýst.

Erna Eyjólfsdóttir, móðir barnanna, hefur kannast við að hafa farið frá Bandaríkjunum í maí á síðasta ári með dætur sínar, meðan á málaferlum stóð vegna forræðis barnanna, og brotið þannig gegn fyrirmælum dómstóla þar í landi. Erna hefur frá upphafi staðfastlega neitað, að til greina hafi komið að afhenda börnin feðrum sínum, hvorki gegn greiðslu né á annan hátt. Hefur hún borið samverkamenn ákærða Feeneys þeim sökum, að þeir hafi beitt blekkingum í því skyni að vinna traust hennar með sögum um kvikmyndagerð hér á landi. Hefur fjölskylda Ernu staðfest, að sögu þessari um kvikmyndagerð hafi verið haldið að sér.

Þegar litið er til þess, að Erna ferðast til Sviss með umræddu fólki og tekur einungis aðra dóttur sína með sér vegna óljóss grunar um, að taka eigi börn hennar frá henni, þess, að skilin eru eftir þau skilaboð til Ernu um morguninn að Hótel Holti, að Lawrence hafi farið með börnin til að gefa þeim að borða, og viðbragða Ernu, er hún uppgötvaði, að börn hennar voru horfin af hótelherberginu, og þá höfð hliðsjón af framburði vitna um geðshræringu hennar, verður að telja fráleitt, að Erna hafi verið með í ráðum um ætlað brottnám barnanna. Þá er einnig til þess að líta, að enda þótt talið yrði, að Erna hafi verið öllum hnútum kunnug, leiða ákvæði barnalaga nr. 20/1992 til þess, að úr ágreiningi um forsjá barnanna skuli leyst fyrir íslenskum dómstóli og samningar um forsjá barna öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Þá ber einnig að hafa í huga þá áherslu, er umrædd lög leggja á, að við úrlausn um forsjá séu hagir barna og þarfir í fyrirrúmi.

Í máli þessu er upplýst, að ákærði Grayson leitaði aðstoðar íslensks lögmanns til að ná rétti sínum, og voru samningaviðræður í gangi milli lögmanns ákærða og lögmanns Ernu. Þrátt fyrir þetta leitaði ákærði

Grayson ásamt foreldrum sínum og föður eldri stúlkunnar til fyrirtækis ákærða Feeneys, Corporate Training Unlimited, sem ákærða Grayson var ljóst, að hefur á sínum snærum menn, sem sérhæfðir eru í því að ná aftur börnum, sem flutt hafa verið ólöglega frá Bandaríkjunum. Ákærði Feeney hefur borið, að hann sé stjórnarformaður og framkvæmdastjór CTU. Hlaut honum sem slíkum að vera ljóst, í hverju aðgerðir samverkamanna hans hér á landi voru fólgnar, enda ferðaðist hann bæði til Sviss og Íslands í tengslum við mál þetta. Samkvæmt framansögðu bera ákærðu því báðir fulla og sameiginlega ábyrgð á aðgerðum starfsmanna CTU, sem miðuðu að ætluðu brottnámi barnanna. Þá telst nægilega upplýst með hliðsjón af gögnum málsins, að forráðamenn CTU áskildu sér greiðslu fyrir aðstoð sína.

Í dómum Hæstaréttar Íslands frá 3. febrúar sl. er því slegið föstu, að Erna Eyjólfsdóttir hafi umsjá dætranna, meðan rétt íslensk yfirvöld gera ekki á því aðra skipan. Aðgerðir ákærðu leiddu til þess, að móðirin var svipt þessari umsjá, án þess að atbeina íslenskra yfirvalda var leitað og án þess að látið yrði reyna á gildi bandarísku forræðisdómanna hér á landi með formlegum hætti.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og með vísan til gagna málsins telst því sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar sú háttsemi ákærða Graysons að svipta móðurina umsjá dóttur þeirra, Anne Nicole, við 193. gr. almennra hegningarlaga, en aðgerðir ákærða Graysons, er leiddu til þess, að móðirin var svipt umsjá Elizabeth Jeanne Pittmann varða við 193. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða Feeneys, sem telja verður sannað, að framið hafi verið í ávinningsskyni, varðar við 193. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærðu ber að hafa í huga, að brot ákærðu var vandlega skipulagt, og nutu ákærðu aðstoðar hóps manna við framkvæmd þess.

Refsing ákærða James Brian Grayson þykir hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði, en með hliðsjón af því, að ákærða hafði verið dæmt forræði dóttur sinnar í Bandaríkjunum, og því, að ákærði tengdist eldri dóttur Ernu Eyjólfsdóttur fjölskylduböndum um tíma, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu níu mánaða af refsivistinni, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Frá refsivist ákærða Graysons ber að draga 18 daga gæsluvarðhald, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Donalds Michaels Feeney, sem einungis átti fjárhagslegra hagsmuna að gæta í máli þessu, þykir hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár.

Frá refsivist ákærða Feeneys ber að draga gæsluvarðhald, er hann hefur sætt frá 29. janúar 1993, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 165. gr. og 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 til greiðslu sakarkostnaðar sem hér segir: Ákærði James Brian Grayson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óskars Magnússonar hrl., 300.000 kr., og ákærði Donald Michael Feeney greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 300.000 kr.

Ákærðu nutu aðstoðar löggilts dómtúlks við meðferð máls þessa, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 19/1991. Með hliðsjón af e-lið 3. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, þykir rétt, að kostnaður vegna þessa verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 200.000 kr. Þórir Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Ákærði, James Brian Grayson, sæti fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsivistinni, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Frá refsivistinni skal draga 18 daga gæsluvarðhald.

Ákærði, Donald Michael Feeney, sæti fangelsi tvö ár.

Frá refsivistinni skal draga gæsluvarðhald ákærða frá 29. janúar 1993.

Ákærði James Brian Grayson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óskars Magnússonar hrl., 300.000 kr., og ákærði Donald Michael Feeney greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 300.000 kr.

Kostnaður af atbeina dómtúlks greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 200.000 kr.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 27/1993. **Félag íslenskra stórkaupmanna**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Vanhæfi. Aðild. Frávísun frá héraðsdómi. Lyfsala. Flýtimeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1993, en mál þetta sætir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur áfrýjanda eru þessar:

„1. að viðurkennt verði með dómi að afgreiðslur lyfjaverðlagsnefndar á fundi hinn 16. desember 1992 séu ógildar,

2. að ógiltir verði með dómi eftirtaldir úrskurðir stefnda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem upp voru kveðnir 18. desember 1992 um, að:

a) CIF-stuðull lyfja skuli verða 5,5%,

b) FOB-stuðull lyfja skuli verða 8,6%,

c) heildsöluálagning lyfja skuli verða 12,5%."

Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, til vara, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda þess efnis, að úrskurður stefnda 18. desember 1992 verði ógiltur, en til þrautavara, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda um, að ógiltur verði úrskurður hans 18. desmeber 1992 um, að: 1. CIF-stuðull lyfja skuli verða 5,5%, og 2. FOB-stuðull lyfja skuli verða 8,6%. Þá krefst hann þess, að málskostnaður falli niður, ef varakrafa hans eða þrautavarakrafa verður tekin til greina.

I.

Áfrýjandi krefst þess í fyrsta lagi, að afgreiðslur lyfjaverðlagsnefndar 16. desember 1992 verði ógiltar. Í forsendum héraðsdóms segir, að kröfu þessari sé vísað frá dómi, þar sem nefndinni hafi ekki verið stefnt. Þessa er ekki getið í dómsorði. Nú er heimild til þess í 4. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að vísa máli frá að hluta í sama dómi og leyst er úr efni þess að öðru leyti. Í þessu máli segir í hæstaréttarstefnu, að þess sé krafist, að héraðsdómi verði hrundið og allar kröfur áfrýjanda, sem félagið gerði í héraði, verði teknar til greina. Eins og á stendur, þurfti ekki að áfrýja sérstaklega ákvörðun héraðsdóms um frávísun.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessari kröfu skuli vísað frá þeim dómi.

II.

Í 1. mgr. 1. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 segir, að ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, hafi umsjá með framkvæmd laganna, og í 2. mgr., að við framkvæmd þeirra séu honum til „ráðuneytis og aðstoðar" ýmsir aðilar, þar á meðal lyfjaverðlagsnefnd, en í IX. kafla laganna er mælt fyrir um hana og verðlagningu lyfja.

Ákvæði um skipun lyfjaverðlagsnefndar er í 33. gr. lyfjalaga, en nefndina skal ráðherra skipa til fjögurra ára í senn eftir tillögum eftirtalinna aðila sem hér segir: Hagstofa Íslands gerir tillögur um hagfræðing eða viðskiptafræðing, Tryggingastofnun ríkisins um lögfræðing, Apótekarafélag Íslands um starfandi lyfsala og Lyfjafræðingafélag Íslands um starfandi lyfjafræðing. Fimmti maður skal vera sérfróður um lyfsölumál, og skipar ráðherra hann án tilnefningar. Jafnframt skipar ráðherra einn nefndarmanna formann, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Samkvæmt 4. mgr. skal fulltrúi eftir tillögum áfrýjanda, Félags íslenskra stórkaupmanna, taka sæti í nefndinni, þegar fjallað er um verðlagningu lyfja í heildsölu.

Í 32. gr. laganna er kveðið á um, að verð lyfja skuli vera hóflegt. Í 34. gr. er hlutverk lyfjaverðlagsnefndar skilgreint svo:

„1. að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja,

2. að ákveða grundvöll vinnu- og afhendingargjalda lyfjabúða,

3. að staðfesta framleiðsluverð lyfja að fengnum tillögum innlendra framleiðenda (lyfjagerða og lyfjabúða),

4. að gera tillögur um lyfjaverðskrá, sbr. 32. gr."

35. gr. laganna hljóðar svo:

„Nú eru nefndarmenn í lyfjaverðlagsnefnd allir á einu máli um, hvert skuli vera verð lyfja, og er sú ákvörðun þá bindandi.

Ef nefndarmenn greinir á, sker ráðherra úr.“

III.

Lyfjaverðlagsnefnd var fyrst sett á fót 1960. Í lyfsölulögum nr. 30/1963 var mælt fyrir um skipun hennar, að mestu á sama veg og gert er í lyfjalögum nr. 108/1984, en þó skyldi landlæknir gera tillögu um hinn sérfróða mann um lyfsölumál í nefndina. Í athugasemdum með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 60/1963, sagði svo um 28. gr., sem fjallaði um þetta efni:

„Grein þessi er í öllum meginatriðum samhljóða fyrirmælum um skipun og störf lyfjaverðlagsnefndar, er sett voru 1960, þegar til nefndarinnar var stofnað, en áður hafði lyfsölustjóri samið lyfsöluskrá. Einn nefndarmanna er tilnefndur af félagi lyfsala, annar af félagi lyfjafræðinga og hinn þriðji af Tryggingastofnun ríkisins, en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Hagstofunnar og landlæknis. Á þennan hátt er gert ráð fyrir, að gætt sé hagsmuna framleiðenda og neytenda, jafnframt því, sem tryggt sé hlutlaust mat.“

Með lyfjalögum nr. 49/1978, sem voru endurútgefin 1984 og urðu þá lög nr. 108/1984, var sú breyting gerð á, að ráðherra skipaði fimmta manninn í nefndina án tilnefningar, en eftir sem áður skyldi hann vera sérfróður um lyfsölumál. Jafnframt var nú kveðið svo á, að tillögur Tryggingastofnunar ríkisins skyldu bundnar við lögfræðing. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 49/1978, sagði svo meðal annars:

„Skipan lyfjaverðlagsnefndar samkvæmt þessari grein er nánast óbreytt frá því, sem er í gildandi lyfsölulögum. ...

... Nauðsynlegt er, að viðskiptasjónarmiða gæti við ákvarðanir nefndarinnar, og því er lagt til, að í henni sé einn hagfræðingur eða viðskiptafræðingur. Þá þykir rétt, að lögfræðilegra sjónarmiða gæti, ekki síst þegar haft er í huga, að einróma ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar, sbr. 35. gr.“

IV.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði dr. med. Guðjón Magnússon, settan skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamála-

ráðuneytinu, án tilnefningar í lyfjaverðlagsnefnd frá 1. maí 1992 að telja. Guðjón var flutningsmaður að tillögum þeim, sem ágreiningur varð um í nefndinni á fundi hennar 16. desember 1992. Hlaut önnur tillagan fjögur atkvæði, en einn var á móti. Hin tillagan hlaut atkvæði flutningsmanns eins, tveir greiddu atkvæði gegn henni, og tveir sátu hjá. Samkvæmt þessu var ágreiningi innan nefndarinnar vísað til úrskurðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og úrskurðaði hann um málið 18. desember 1992. Úrskurðurinn var án forsendna. Hann var í samræmi við tillögur Guðjóns Magnússonar í lyfjaverðlagsnefnd.

V.

Guðjón Magnússon starfar sem skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Samkvæmt samantekt um starfsmenn ráðuneytisins, sem lögð hefur verið fram í málinu, er hann auk þess staðgengill ráðuneytisstjóra. Undir hann sem skrifstofustjóra eru einkum sögð heyra starfsmannamál ráðuneytisins, umsjón mála heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, samskiptamál við landlækni og héraðslækna, tölvuvæðing og útgáfumál, alnæmismál og samræming alþjóðasamskipta. Upplýst verður að telja, að hann hafi ekki átt þátt í meðferð framangreinds máls, er það kom til umfjöllunar í ráðuneytinu, áður en úrskurður ráðherra gekk um það 18. desember 1992.

Í bréfi stefnda til umboðsmanns Alþingis 26. október 1992 vegna kvörtunar áfrýjanda í tilefni skipunar Guðjóns Magnússonar í lyfjaverðlagsnefnd sagði meðal annars svo:

„Rétt er að taka fram, að ef mál frá lyfjaverðlagsnefnd koma til úrlausnar ráðherra skv. 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga, myndi ráðherra í samráði við ráðuneytisstjóra ákveða, hvaða starfsmönnum yrði falinn nauðsynlegur undirbúningur málsins. Í flestum tilvikum myndi þessi undirbúningur lenda hjá lyfjamálastjóra einum eða í samvinnu við lögfræðinga ráðuneytisins.“

VI.

Löggjafinn hefur talið rétt, að umfjöllun um lyfjaverð sé að hluta í höndum sérstakrar nefndar utan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sbr. IX. kafla lyfjalaga. Af ákvæðum 33. gr. laganna um skipun nefndarinnar og sjónarmiðum að baki þeirra, sem áður

var að vikið, þykir mega ráða, að tryggja hafi átt sjálfstæða og faglega umfjöllun nefndarinnar, jafnframt því sem gætt væri þar hagsmuna þeirra, sem helst eiga hlut að máli. Er ljóst, að hér er oft fjallað um mikla fjárhagslega hagsmuni. Þótt úrskurðarvald nefndarinnar sé takmarkað af ákvæðum 35. gr. lyfjalaga, verður, eins og hlutverk hennar er skilgreint, að telja hana hafa sjálfstætt úrskurðarvald á þessu sviði.

VII.

Að framan er rakið, að Guðjón Magnússon er skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og staðgengill ráðuneytisstjóra. Jafnframt liggur fyrir, að það gæti fallið undir starfssvið hans að hafa afskipti af meðferð mála, sem koma frá lyfjaverðlagsnefnd, samkvæmt 35. gr. lyfjalaga, og að undirbúa úrskurð ráðherra. Þátttaka hans í störfum nefndarinnar myndi þó valda vanhæfi hans til að gegna þeim störfum í ráðuneytinu, er leiða kann af ágreiningi í nefndinni. Brýtur seta hans í lyfjaverðlagsnefnd því í bága við þá grundvallarreglu um almennt hæfi í opinberri stjórnsýslu, að fyrir fram beri að girða fyrir það, að borgararnir hafi réttmæta ástæðu til að efast um, að mál þeirra hljóti lögmæta og hlutlæga meðferð á öllum úrskurðarstigum. Í máli því, sem hér er til meðferðar, verður ekki hjá því komist að telja, að áfrýjendur, sem áttu hagsmuna að gæta, hafi haft réttmæta ástæðu til að efast um, að Guðjón Magnússon væri óháður í störfum sínum í lyfjaverðlagsnefnd.

Að því virtu, sem að framan er rakið, ber að fallast á það með áfrýjanda, að vegna stöðu sinnar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sé Guðjón Magnússon vanhæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd.

VIII.

Þegar af ofangreindum ástæðum leiðir óhjákvæmilega, að skipun Guðjóns Magnússonar í lyfjaverðlagsnefnd telst ólögmæt. Verður þá einnig talið, að úrskurður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 18. desember 1992 sé ógildur, þar sem undirbúningur hans hjá lyfjaverðlagsnefnd var ekki í samræmi við lög.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og

í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Kröfum áfrýjanda, Félags íslenskra stórkaupmanna, á hendur lyfjaverðlagsnefnd er vísað frá héraðsdómi.

Úrskurður stefnda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, 18. desember 1992 samkvæmt 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 er felldur úr gildi.

Stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 14. janúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þessa mánaðar, er höfðað með þingfestingu málsins 28. desember sl.

Stefnandi er Félag íslenskra stórkaupmanna, kt. 530169-5459, Húsi verslunarinnar, Reykjavík.

Stefndi er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kt. 600169-6109, Laugavegi 116, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að afgreiðslur lyfjanefndar á fundi 16. desember 1992 séu ógildar og að jafnframt verði ógiltir eftirfarandi úrskurðir stefnda, upp kveðnir 18. desember 1992, að

1. CIF-stuðull lyfja skuli verða 5,5%,
2. FOB-stuðull lyfja skuli verða 8,6%,
3. heildsöluálagning lyfja skuli verða 12,5%.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað, sem nemi ásamt virðisaukaskatti og þingfestingargjaldi samtals 2.981.845 kr. skv. fram lögðum reikningi.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins, til vara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda þess efnis, að ógiltur verði úrskurður ráðherra, upp kveðinn 18. desember 1992. Í því tilviki er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfu stefnanda þess efnis, að ógiltur verði úrskurður ráðherra, upp kveðinn 18. desember 1992, að

1. CIF-stuðull lyfja skuli verða 5,5%,
2. FOB-stuðull lyfja skuli verða 8,6%,

Í því tilviki er þess enn fremur krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur féllst á þá beiðni stefnanda, að mál þetta fengi flýtimeðferð einkamála að hætti XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Aðild sína að málinu skýrir stefnandi svo, að innan vébanda Félags íslenskra stórkaupmanna sé fjöldi fyrirtækja, þ. á m. 13 fyrirtæki, sem annist lyfjadreifingu hér á landi, og myndi þau svokallaðan lyfjahóp félagsins. Hafi stefnandi skv. 4. mgr. 33. gr. lyfjalaga heimild til að skipa mann í lyfjaverðlagsnefnd, sem taki sæti fulltrúa Apótekarafélags Íslands, þegar fjallað sé um verðlagningu lyfja í heildsölu í nefndinni.

II.

Málsatvik.

Heilbrigðisráðherra fer með framkvæmd lyfjalaga nr. 108/1984 skv. 1. gr. þeirra laga. Í 1. gr. laganna er kveðið á um, að ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd þeirra sé m. a. lyfjaverðlagsnefnd, sbr. IX. kafla laganna.

Í nefndum kafla er fjallað um verðlagningu lyfja og skipun og hlutverk lyfjaverðlagsnefndar. Skv. 33. gr. sitja fimm menn í lyfjaverðlagsnefnd, skipaðir af ráðherra: hagfræðingur eða viðskiptafræðingur að fengnum tillögum Hagstofu Íslands, lögfræðingur að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, starfandi lyfsali að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands og starfandi lyfjafræðingur að fengnum tillögum Lyfjafræðingafélags Íslands. Fimmti maðurinn skal vera sérfróður um lyfsölumál, og skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er skv. 1. tl. 1. mgr. 34. gr. að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja. Í 32. gr. er gefin sú almenna viðmiðun, að verð lyfja skuli vera hóflegt.

Formaður lyfjaverðlagsnefndar er Guðmundur Sigurðsson viðskiptafræðingur, og hefur hann gegnt því starfi frá árinu 1984.

Tildrög máls þessa eru þau, að 15. janúar 1991 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar Einar Magnússon, deildarstjóra í ráðuneytinu, í lyfjaverðlagsnefnd.

Með bréfi, dagsettu 2. október 1991, kvartaði Apótekarafélag Íslands til umboðsmanns Alþingis yfir þessari skipan og taldi Einar Magnússon vanhæfan til meðferðar mála í nefndinni.

Í áliti umboðsmanns Alþingis, dagsettu 7. febrúar 1992, kom fram, að Einar Magnússon væri vanhæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd. Ráðherra skipaði þá Guðjón Magnússon, settan skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, í nefndina frá og með 1. maí 1992.

Með bréfi, dagsettu 12. ágúst 1992, sendi stefnandi umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna skipunar Guðjóns Magnússonar, þar sem hann væri vanhæfur til þess starfs, auk þess sem hann fullnægði ekki lagaskilyrðum til setu í nefndinni.

Hinn 13. október 1992 var haldinn fundur í lyfjaverðlagsnefnd. Samkvæmt fundargerð lagði Guðjón Magnússon þar fram skriflega tillögu um breytingu á kostnaðarstuðlum þeim, sem lagðir eru til grundvallar ákvörðunar um álagningu lyfja. Um rökstuðning fyrir tillögunni var vísað til sérstaks fylgiskjals. Af hálfu eins nefndarmanna, Sindra Sindrasonar, var tillögu þessari mótmælt og rök hans bókuð. Þar sem ekki náðist samkomulag um afgreiðslu tillögunnar, var afgreiðslu hennar frestað, þar til grundvöllur breytinganna hefði verið kannaður.

Á fundi lyfjanefndar 25. nóvember 1992 kom fram hjá formanni nefndarinnar skv. fundargerð, að athugun á kostnaðarstuðlum vegna heildsölunnar væri í fullum gangi og yrði lokið bráðlega.

Á fundi nefndarinnar 9. desember 1992 gerði formaður grein fyrir athugun þeirri, sem þá hafði farið fram, og lagði fram skýrslu sína um athugun á innkaupakostnaði vegna lyfjainnflutnings. Á grundvelli niðurstöðu þessara athugana gerði Guðjón Magnússon tillögu um breytingar á fyrri tillögu sinni frá 13. október sl. og gerði grein fyrir afstöðu sinni. Af hálfu Sindra Sindrasonar var á það bent, að lyfjaverðlagsnefnd gæti ekki tekið ákvörðun sem þessa, þar sem ekki lægju fyrir upplýsingar um afkomu lyfjaheildsölufyrirtækjanna. Samþykkt var að fresta afgreiðslu málsins um viku, svo að aðilum gæfist kostur á að afla frekari gagna, og var ákveðið að afgreiða málið á fundi miðvikudaginn 16. desember sl.

Á fundi lyfjaverðlagsnefndar þann dag var fram haldið umræðu um tillögu Guðjóns Magnússonar. Sindri Sindrason óskaði bókunar á því, að það væri álit lyfjavöruhóps Félags íslenskra stórkaupmanna, að nefndin hefði ekki þau gögn, sem nauðsynleg væru til að taka ákvörðun um lækkun á kostnaðarstuðlum í heildsölu og lækkun á heildsöluálagningu. Hann drægi hins vegar ekki í efa niðurstöðu í skýrslu formanns um innkaupakostnað.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillögu Guðjóns Magnússonar í tvennu lagi að ósk hans.

Í atkvæðagreiðslu um þá tillögu, að CIF-stuðull verði lækkaður úr 7,6% í 5,5% og FOB-stuðull úr 11,5% í 8,6%, voru fjórir nefndarmanna samþykkir, en einn á móti.

Um þá tillögu, að heildsöluálagning yrði lækkuð úr 13,5% í 12,5%, greiddi Guðjón Magnússon atkvæði með tillögunni, tveir nefndarmanna sátu hjá, og tveir voru á móti.

Af hálfu Sindra Sindrasonar voru bókuð mótmæli þess efnis, að óforsvaranlegt væri að samþykkja slíkar breytingar, án þess að til grund-

vallar lægi úttekt á rekstarlegu umhverfi fyrirtækjanna. Þá væri óeðlilegt, að Guðjón Magnússon sæti í nefndinni, vegna hagsmunatengsla, og þar sem seta hans hefði verið kærð til umboðsmanns Alþingis, ætti varamaður Guðjóns að taka sæti hans, þar til kæran hefði hlotið afgreiðslu.

Ágreiningi í lyfjanefnd var vísað til úrskurðar ráðherra skv. 35. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 18. desember sl., til lyfjaverðlagsnefndar segir orðrétt:

„Vísað er til bréfs, dags. 16. desember 1992, þar sem ráðuneytinu er tilkynnt, að á 436. fundi lyfjaverðlagsnefndar hafi Guðjón Magnússon skrifstofustjóri lagt fram tvær tillögur í nefndinni, sem ekki náðist samstaða um. Fyrri tillagan var um, að CIF-stuðull yrði lækkaður úr 7,6% í 5,5% og FOB-stuðull úr 11,7% í 8,6%. Síðari tillagan var um, að heildsöluálagning lyfja yrði lækkuð úr 13,5% í 12,5%. Samkvæmt 2. málsgr. 35. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 er ágreiningi nefndarinnar vísað til úrskurðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úrskurðar, að frá og með 1. janúar 1993 skuli:

1. CIF-stuðull lyfja verða 5,5%,
2. FOB-stuðull lyfja verða 8,6%,
3. heildsöluálagning lyfja verða 12,5%.

Þetta tilkynnist lyfjaverðlagsnefnd hér með."

Undir bréf þetta ritar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sighvatur Björgvinsson, ásamt Páli Sigurðssyni ráðuneytisstjóra.

Með bréfi, dags. 29. desember 1992, tilkynnti umboðsmaður Alþingis, að hann hefði lokið máli stefnanda, þar sem mál það, sem hér er rekið fyrir dómi, hefði verið þingfest og þar reist á sömu málsástæðum og kvörtun stefnanda byggðist á.

Með bréfi, dags. 30. desember 1992, ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fresta gildistöku úrskurðarins til 1. febrúar 1993.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af málatilbúnaði stefnanda verður ráðið, að fjórar málsástæður liggi einkum að baki dómkröfum hans í máli þessu. Þykir rétt til glöggvunar að telja þær upp hér.

Í fyrst lagi, að Guðjón Magnússon sé almennt vanhæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd vegna stöðu sinnar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra.

Í öðru lagi, að líkur séu á, að hann hafi haft afskipti af undirbúningi úrskurðar heilbrigðisráðherra frá 18. desember sl.

Í þriðja lagi, að Guðjón Magnússon fullnægi ekki skilyrðum lyfjalaga til setu í lyfjaverðlagsnefnd.

Í fjórða lagi, að viðhlítandi gögn og upplýsingar hafi skort, til að afgreiða hafi mátt tillögu Guðjóns Magnússonar um lækkun heildsöluálagningar lyfja í lyfjaverðlagsnefnd 16. desember sl.

Stefnandi byggir á því, að þar sem Guðjón Magnússon sé vanhæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd, sé ógild sú afgreiðsla, sem fram fór í nefndinni 16. desember sl. Guðjón Magnússon sé hærra settur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu en Einar Magnússon deildarstjóri, en skv. bréfi ráðuneytisins, dags. 26. október 1992, sé Guðjón staðgengill ráðuneytisstjóra. Í bréfinu segir enn fremur, að ráðherra í samráði við ráðuneytisstjóra ákveði, hvaða starfsmönnum verði falinn nauðsynlegur undirbúningur mála, sem ágreiningur hafi verið gerður um í lyfjaverðlagsnefnd, sbr. 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga. Skv. þessu liggi fyrir, að Guðjón Magnússon gegni stöðu í ráðuneytinu, sem hafi bein afskipti af lyfjaverðlagsmálum og úrlausnum. Eðli málsins samkvæmt séu yfirgnæfandi líkur á, að sá starfsmaður, sem ráðherra telur vera sérfróðan um lyfjamál, hafi einhver afskipti af undirbúningi úrskurða skv. 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga. Komi m. a. fram í bréfi ráðuneytisins, dags. 26. október sl., að ráðuneytið telji Guðjón Magnússon sérfróðan um lyfsölumál, m. a. vegna starfa hans síðustu tvö ár í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem skrifstofustjóri og staðgengill ráðherra. Í þessum orðum felist ekki annað en staðfesting af ráðuneytisins hálfu á því, að Guðjón starfi að lyfsölumálum í ráðuneytinu.

Hvað sem öðru líði, séu ráðherra og skrifstofustjóri, sem auk þess sé staðgengill ráðuneytisstjóra, svo nánir starfsmenn, að óhjákvæmilegt sé, að þeir hafi náið samráð um úrskurði eins og þá, sem kveðnir séu upp skv. 2. mgr. 35. gr. lyfjalaga. Það sé yfirlýst af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í bréfi til umboðsmanns Alþingis, dags. 26. október 1992, að í flestum tilvikum sé undirbúningur úrskurða af þessu tagi hjá lyfjamálastjóra og lögfræðingum ráðuneytisins. Lyfjamálastjóri og aðrir deildarstjórar lúti skipunum yfirmanna sinna, þ. á m. ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra ráðuneytisins, þ. e. Guðjóns Magnússonar.

Guðjón Magnússon hafi lagt fram allar þær tillögur á fundi lyfjaverðlagsnefndar, sem ágreiningur varð um í nefndinni, svo að til úrskurðar ráðherra kom. Auk þess hafi hann einn stutt tillögu sína um lækkun heildsöluálagningar lyfja í 12,5%, en aðrir nefndarmenn hafi ýmist verið mótfallnir henni eða setið hjá. Verði fallist á þau sjónarmið, að Guðjón Magnússon hafi ekki verið hæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd, felist í því sú afstaða, að nefndin hafi ekki verið löglega skipuð. Leiði það til þess, að taka beri til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á því, að afgreiðslur fundarins 16. desember 1992 séu ógildar. Af því leiði jafnframt,

að lögmætan grundvöll skorti fyrir úrskurðarvaldi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og beri af þeirri ástæðu að ógilda úrskurði hans.

Stefnandi heldur því fram, að Guðjón Magnússon fullnægi ekki því skilyrði 1. mgr. 33. gr. i. f. að vera sérfróður um lyfsölumál í skilningi ákvæðisins. Starf Guðjóns Magnússonar sem aðstoðarlandlæknis breyti þar engu um frekar en störf hans í ráðuneytinu að málefnum, sem varði lyfsölu. Er því haldið fram, að Guðjón hafi varla meiri sérfræðiþekkingu í lyfsölumálum en hver annar læknir. Ekki sé vitað til, að Guðjón hafi nokkurn tíma starfað við lyfsölu eða lyfjadreifingu, hvorki í heildsölu né smásölu. Verði fallist á þessa málsástæðu stefnanda, felist í því sú afstaða, að nefndin hafi ekki verið löglega skipuð. Leiði það til þess, að taka beri til greina dómkröfur stefnanda um viðurkenningu á ógildi afgreiðslna fundarins 16. desember sl. og ógildingu úrskurðar ráðherra, vegna þess að lögmætan grundvöll skorti þá fyrir úrskurðarvaldi hans.

Stefnandi byggir á því, að ekki hafi legið fyrir viðhlítandi gögn eða upplýsingar um það málefni, að heildsöluálagning lyfja skuli verða 12,5%, er tillagan var afgreidd 16. desember sl. í lyfjaverðlagsnefnd.

Skv. 1. tl. 34. gr. sé hlutverk lyfjaverðlagsnefndar að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja. Laganauðsyn þess, að við undirbúning og afgreiðslu slíkra mála séu tiltæk fullnægjandi gögn og upplýsingar, komi fram í 34. gr. lyfjalaga nr. 108/1984. Í 2. mgr. ákvæðisins sé kveðið á um, að við ákvarðanir skv. 1. til 3. tl. skuli taka tillit til kostnaðar við framleiðslu, prófana, gæðaeftirlits, sölu og dreifingar. Til þessara þátta sé að sjálfsögðu ekki unnt að taka tillit við ákvörðun heildsöluálagningar, nema fyrir liggi gögn um kostnað vegna þeirra. Sérstök áhersla sé lögð á, að fyrir liggi öll gögn og upplýsingar í 3. mgr. 34. gr. lyfjalaga, þar sem m. a. sé kveðið á um háar dagsektir sem viðurlög við því að afhenda lyfjaverðlagsnefnd ekki allar þær skýrslur og gögn sem og veita aðrar upplýsingar, sem nefndin telji sig þurfa til að rækja starfa sinn.

Verði fallist á þessar málsástæður stefnanda, felist í því sú afstaða, að lyfjaverðlagsnefnd hafi ekki farið að lögum við afgreiðslu sína á þeirri tillögu, að heildsöluálagning lyfja skuli lækka í 12,5%. Leiði af því, að taka beri til greina dómkröfu stefnanda um viðurkenningu á ógildi þeirrar afgreiðslu fundarins 16. desember sl. og ógildingar úrskurðar ráðherra.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er ekki fallist á það sjónarmið stefnanda, að Guðjón Magnússon sé vanhæfur til setu í lyfjaverðlagsnefnd vegna þeirrar stöðu, sem hann gegni í heilbrigðisráðuneytinu. Lyfjamálastjóri, Einar Magnússon, hafi lögbundnu hlutverki að gegna í ráðuneytinu við umfjöllun lyfjaverðlagsmála. Hann hafi þannig að lögum það hlutverk að útbúa mál í

hendur ráðherra á kærustigi. Með því sé hann að fjalla um sínar eigin gerðir í lyfjaverðlagsnefnd. Þau sjónarmið eigi ekki við um Guðjón Magnússon. Hann hafi hvorki að lögum það hlutverk né heldur hafi hann komið nálægt málinu, er það lá fyrir til ákvörðunar í ráðuneytinu 16.- 18. desember sl.

Af hálfu stefnda er því treyst, að læknir, lyfjafræðingur o. fl., sem hafi starfsreynslu af einhverju tagi af lyfsölumálum, teljist hæfir til setu í lyfjanefnd í skilningi 1. mgr. 33. gr. lyfjalaga. Sú túlkun stefnanda, að embættismenn eða læknar geti vart talist sérfróðir um lyfsölumál, nema þá aðeins, að viðkomandi hafi stundað lyfjaheildverslun eða lyfsölu, sé því of þröng. Hvað varði Guðjón Magnússon sérstaklega, þá liggi fyrir, að hann hafi setið í nefndum á vegum landlæknis og heilbrigðisráðuneytisins, sem gagngert hafi haft það verkefni að gera úttekt á lyfjamálum, þ. m. t. lyfsölumálum. Þannig hafi hann verið formaður nefndar, sem heilbrigðisráðherra hafi skipað 15. október 1990 til að gera tillögur um skipulag lyfjamála og kanna m. a. stofnun hlutafélags, er annist innkaup og dreifingu lyfja hér á landi. Einnig megi nefna nefnd, sem Guðjón Magnússon hafi verið skipaður í árið 1986, til að gera úttekt á forsendum álagningar á lyfjum svo og á tilhögun álagningar. Þótt ekki kæmi annað til, sé það hafið yfir vafa, að af þessum umfangsmiklu nefndarstörfum hafi Guðjón Magnússon öðlast víðtæka þekkingu á viðfangsefninu. Við allt þetta bætist, að í ráðuneytinu hafi hann unnið að öðrum sérhæfðum viðfangsefnum varðandi lyfsölumál. Megi ljóst vera, að hann fullnægi kröfum laga um hæfi að þessu leyti. Þá komi það enn til, að yrði skilningur stefnanda lagður til grundvallar, sé niðurstaðan sú, að sérþekkingu á þessu sviði væri í raun hvergi að finna nema í röðum hagsmunaaðilanna sjálfra, þ. e. lyfjaheildsala og -smásala.

Um rökstuðning fyrir tillögu um lækkun heildsöluálagningar sé það að segja, að sá rökstuðningur hafi að mestu verið innan nefndarinnar. Afnám aðstöðugjalds hafi gefið tilefni til lækkunar heildsöluálagningar með því, að útgjöld fyrirtækjanna hafi lækkað, enn fremur, að dýrari lyfjum hafi fjölgað, og þar með hafi hækkað í krónum talið hin flata álagning heildsölufyrirtækja á lyf. Loks séu þau rök, að velta fyrirtækjanna hafi orðið meiri en fyrri áætlanir hafi gert ráð fyrir, sem enn hafi bætt hag þeirra. Þegar allt þetta hafi komið saman, sé ljóst, að full rök hafi legið fyrir lækkun heildsöluálagningar um 1%.

Af framangreindu telur stefndi ljóst, að sjónarmið að baki kröfu stefnanda fái ekki staðist.

Um varakröfu stefnda er vakin athygli á, að ekki hafi orðið sammæli með nefndarmönnum í lyfjaverðlagsnefnd um afgreiðslu tillagnanna á fundi 16. desember sl. Að Guðjóni Magnússyni frágengnum hafi aðrir nefndarmenn verið á öndverðum meiði um báðar fyrirliggjandi tillögur. Af-

staða annarra nefndarmanna hafi hlotið að leiða til þess, að málið hefði farið til ákvörðunar ráðherra óháð því, hver afstaða Guðjóns Magnússonar hafi verið eða þess, sem í hans stað hefði komið. Ákvörðun lyfjaverðs sé ýmist í höndum lyfjaverðlagsnefndar eða ráðherra. Með því að ekki hafi verið stamstaða í lyfjaverðlagsnefnd, beri að leggja til grundvallar, að engin ákvörðun hafi verið tekin þar. Hugsanlegur annmarki á afgreiðslu hins lægra setta stjórnvalds geti ekki leitt til ógildingar á ákvörðun hins æðra.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi krefst þess m. a. í stefnu, að viðurkennt verði, að afgreiðslur lyfjaverðlagsnefndar á fundi 16. desember 1992 séu ógildar. Lyfjaverðlagsnefnd hefur ekki verið stefnt í málinu, og verður því að vísa þessum lið kröfunnar frá dómi.

Hins vegar er það m. a. málsástæða stefnanda, að röng málsmeðferð og skipan lyfjaverðlagsnefndar valdi ógildi úrskurðar hennar, sem leiði til þess, að ógilda beri úrskurði stefnda, sem upp kveðnir voru 18. desember 1992. Dómurinn mun því fjalla um þessi atriði og taka afstöðu til þeirra í niðurstöðu sinni.

Guðjón Magnússon var skipaður í lyfjaverðlagsnefnd í maí 1992. Hann hefur gegnt starfi aðstoðarlandlæknis jafnframt því að vera settur skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, mun hann hafa verið skipaður deildarstjóri þar í desember sl., en hann hafði þá sagt starfi aðstoðarlandlæknis lausu. Þá liggur fyrir, að hann verður skipaður skrifstofustjóri innan skamms. Ekkert bendir til annars en hann verði sem slíkur áfram staðgengill ráðuneytisstjóra.

Í málinu liggur frammi samantekt um verkaskiptingu starfsmanna heilbrigðisráðuneytisins frá árinu 1990, m. a. um starfssvið Guðjóns Magnússonar. Þar kemur fram, að hann fer ekki með lyfjamál eða lyfjaverðlagsmál innan ráðuneytisins, svo sem stefnandi heldur fram, þar sem sá málaflokkur er í höndum deildarstjóra lyfjaverðlagsdeildar, sem ber starfsheitið lyfjamálastjóri.

Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri upplýsti hér fyrir dómi, að sem skrifstofustjóri hefði Guðjón Magnússon ekki boðvald yfir deildarstjóra lyfjadeildar né öðrum deildarstjórum eða skrifstofustjórum ráðuneytisins. Það boðvald hafi hann aðeins sem staðgengill ráðuneytisstjóra. Hann upplýsti enn fremur, að Guðjón Magnússon hefði ekki gegnt stöðu ráðuneytisstjóra í heilbrigðisráðuneytinu dagana 16. til 18. desember sl., þegar umdeildur úrskurður ráðherra var kveðinn upp. Þá hefði hann ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins hjá sér eða við ákvörðun ráðherrra.

Guðjón Magnússon hefur upplýst hér fyrir rétti, að hann hafi ekki haft samráð við neinn innan ráðuneytisins, hvorki við undirbúning tillagna sinna fyrir lyfjaverðlagsnefnd né heldur hafi hann haft afskipti af málinu innan ráðuneytisins eftir fund nefndarinnar 16. desember 1992.

Það er álit dómsins, þegar litið er til starfssviðs Guðjóns Magnússonar innan ráðuneytisins, að ekki hafi verið sýnt fram á almennt vanhæfi Guðjóns Magnússonar til setu í lyfjaverðlagsnefnd. Er því ekki fallist á með stefnanda, að afgreiðslur nefndarinnar frá 16. desember sl. hafi verið ógildar af þeim sökum.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, hefur stefnandi ekki heldur sýnt fram á, að Guðjón Magnússon hafi tekið þátt í meðferð ágreiningsmáls þessa hjá heilbrigðisráðuneytinu, sem hann hafði áður fjallað um í lyfjaverðlagsnefnd. Er því ekki unnt að fallast á þá málsástæðu stefnanda, að ógilda eigi úrskurð ráðherra frá 18. desember sl. af þeim sökum.

Guðjón Magnússon var skipaður í lyfjaverðlagsnefnd sem sérfróður um lyfsölumál, sbr. 1. mgr. 33. gr. lyfjalaga.

Ekki verður af lögskýringargögnum ráðið, að vilji löggjafans hafi verið sá við setningu þessa ákvæðis að krefjast sérmenntunar eða prófs á sviði lyfsölumála, en slíkur áskilnaður myndi takmarka mjög fjölda þeirra manna, sem starfinu gæti gegnt. Ber því að telja, að krafan lúti fyrst og fremst að sérþekkingu á sviði lyfsölumála.

Guðjón Magússon er læknir að mennt með sérmenntun á sviði samfélags- og félagslækninga. Hann lauk doktorsprófi árið 1990. Guðjón varð aðstoðarlandlæknir árið 1980 og hóf þá þegar afskipti af lyfjamálum, eftir því sem fram hefur komið í málinu. Opinber afskipti hans af lyfjamálum hófust árið 1984. Fyrir dóminum liggja gögn, sem sýna, að Guðjón Magnússon hefur starfað óslitið í nefndum og vinnuhóp á vegum heilbrigðisráðuneytisins allt frá árinu 1986 varðandi skipulag lyfjamála, forsendur álagningar á lyfjum o. fl.

Það er álit dómsins, þegar þetta er virt, að Guðjón Magnússon hafi öðlast næga þekkingu til að teljast sérfróður um lyfsölumál í skilningi 33. gr. lyfjalaga. Ber því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að Guðjón Magnússon hafi skort lagaskilyrði til setu í lyfjaverðlagsnefnd og ákvarðanir nefndarinnar ógildar af þeim sökum.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. lyfjalaga er gerður áskilnaður um, að lyfjaverðlagsnefnd taki tillit til ákveðinna þátta, sem þar eru taldir upp, þegar ákvarðanir eru teknar, m. a. um grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja. Þó er nefndinni heimilt að áætla grundvöll álagningar og gjalda, séu henni ekki látin í té gögn eða upplýsingar, sbr. 4. mgr. 34. gr.

Guðjón Magnússon hefur upplýst hér fyrir rétti, að rök sín fyrir tillögu

þeirri, sem hann bar upp á fundi lyfjaverðlagsnefndar um lækkun heildsöluálagningar lyfja, hafi verið reifuð á fundi lyfjaverðlagsnefndar. Hann benti á, að sú ákvörðun ein, að aðstöðugjald hafi verið fellt niður, hafi réttlætt þessa tillögu. Því til viðbótar hafi aðrar ástæður verið fyrir hendi.

Samkvæmt fundargerð lyfjaverðlagsnefndar frá 16. desember sl. var gengið til atkvæðagreiðslu um tillöguna, eins og hún þá lá fyrir, enda ekki gerð sérstök krafa í nefndinni um frestun afgreiðslu málsins til frekari gagnaöflunar. Þar sem tillagan var felld með tveimur atkvæðum gegn einu, var henni vísað til ráðherra, sbr. 35. gr. lyfjalaga.

Það er álit dómsins, að ekki sé nægjanleg ástæða til að ógilda ákvörðun lyfjaverðlagsnefndar um að afgreiða með þessum hætti tillögu Guðjóns Magnússonar á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þá lágu fyrir.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en réttilega hafi verið að atkvæðagreiðslum nefndarinnar staðið. Þá verður ekki heldur séð, að brotnar hafi verið veigamiklar málsmeðferðarreglur nefndarinnar að öðru leyti. Því ber að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að lyfjaverðlagsnefnd hafi ekki farið að lögum við afgreiðslu sína á þeirri tillögu, að heildsöluálagning lyfja skuli lækka í 12,5%.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að hafna öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi skal greiða stefnda málskostnað, sem hæfilegur þykir 300.000 kr.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi, Félag íslenskra stórkaupmanna, greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 123/1991. **Böðvar Valgeirsson persónulega og f.h. Atlantik, ferðaskrifstofu**
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.),
gegn
Jósteini Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Riftun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af vitnamáli áfrýjanda gegn Guðmundi Þórðarsyni, sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 23. apríl 1991.

Fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni um skuldajöfnuð, sem höfð var uppi í héraði. Að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Böðvar Valgeirsson persónulega og f.h. Atlantik, ferðaskrifstofu, greiði stefnda, Jósteini Kristjánssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 26. janúar 1989, af Jósteini Kristjánssyni, kt. 210350-2259, Ystaseli 28, Reykjavík, gegn Böðvari Valgeirssyni, kt. 060242-4969,

Grundarlandi 13, Reykjavík, persónulega og f. h. einkafirma hans, Atlantik, ferðaskrifstofu, kt. 430778-0139.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 270.334. kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 254.230 kr. frá 26. október 1987 til 1. mars 1988, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef til áfellisdóms komi, þá verði stefnda heimilað með dómi að skuldajafna fjárkröfu sinni á hendur stefnanda um auglýsingar á 50 myndbandatitlum frá fyrirtæki stefnanda, JB-myndböndum hf., að verðmæti 400.000 kr., að því marki, sem krafa stefnanda verður tekin til greina. Er í þessum kröfulið stefnda gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. október 1987 til greiðsludags. Til þrautavara gerir stefndi þá kröfu, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti, sem beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 26. október 1987 hafi stefnandi og stefndi gert með sér samkomulag, þar sem stefndi hafi tekið sem greiðslu upp í skuld bifreið af gerðinni M.-Benz 280, SE, árg. 1969, og hafi verðgildi bifreiðarinnar verið metið 250.000 kr., og hafi stefnda strax verið afhent bifreiðin. Samkomulagi þessu hafi síðan verið rift af hálfu stefnda, þar sem stefnanda hafi ekki tekist að afhenda aðra bifreið samkvæmt samkomulaginu á réttum tíma. Stefnandi hafi síðan greitt skuld sína eftir öðrum leiðum. Stefndi hafi hins vegar ekki afhent stefnanda aftur bifreiðina, sem hann hafði áður fengið afhenta. Hafi stefndi sett bifreiðina í sölu hjá bílasölunni Bílahöllinni, og þar fyrir utan hafi bifreiðin staðið, þegar bílasalan hætti rekstri. Endirinn hafi síðan orðið, að bifreiðin, sem staðið hafði þar í reiðileysi allnokkurn tíma, var fjarlægð þaðan og flutt upp í Vöku, þar sem hún hafi staðið, en að lokum verið seld á nauðungaruppboði 27. október 1988 vegna ógreidds geymslukostnaðar.

Stefnda hafi allan tímann verið kunnugt um gang mála, þar sem bæði hafi verið haft samband við hann símleiðis og með skeyti. Skráður eigandi

bifreiðarinnar hafi orðið að greiða tryggingar vegna bifreiðarinnar þennan tíma. Hann hafi látið kanna, hvort lyklar fyndust að bifreiðinni, en svo hafi ekki verið. Bifreiðin hafi verið óökuhæf, þar sem stefndi eða bílasalinn höfðu glatað lyklasetti bifreiðarinnar.

Ljóst sé, að stefnda hafi borið að skila bifreiðinni til baka ásamt lyklum á formlegan hátt. Stefndi hafi farið með bifreiðina á bílasölu og skilið hana þar eftir. Hann hafi verið margbeðinn að skila bifreiðinni, en án árangurs. Stefnandi gerir því þá kröfu, að sér verði endurgreitt andvirði bifreiðarinnar ásamt vöxtum og kostnaði auk bifreiðatryggingar, sem stefnandi hafi orðið að greiða á umræddu tímabili. Krafa stefnanda sundurliðist sem hér segi:

1. Andvirði bifreiðarinnar 250.000 kr. 26. október 1987.
2. Bifreiðatryggingar frá 26. október 1987 til 1. mars 1988, 4.230 kr.
3. Bifreiðatryggingar frá 1. mars 1988 til 27. október 1988, 16.104 kr.

Stefndi kveður málavexti þá, að í janúar 1986 hafi hann falið lögmanni sínum að innheimta vanskil stefnanda við stefnda, m. a. vegna eldri skulda, sem færðar hafi verið á skuldabréf. Hafi skuldir þessar ýmist stafað frá stefnanda persónulega eða fyrirtæki hans, Myndbandaleigu J.B. hf. Er innheimta þessi hafi verið komin á uppboðsstig, hafi stefnandi náð samningum við stefnda. Við þetta samkomulag hafi stefnandi ekki staðið, og hafi samkomulaginu verið rift. Jafnframt hafi stefnanda verið tilkynnt, hvar bifreið þá, sem hann hafði þegar afhent, væri að finna. Hinn 11. febrúar 1988 hafi nýtt samkomulag náðst milli aðila um frágang skulda stefnanda, sem stefnandi hafi að mestu leyti staðið við. Í samkomulagi þessu hafi m. a. falist, að stefnandi greiddi innan þriggja mánaða 450.000 kr. með birtingu auglýsinga á myndbandatitlum, sem JB-myndbönd hf. gæfi út. Jafnframt tæki stefnandi bifreið samkvæmt fyrra samkomulagi til baka. Þá sem fyrr hafi stefnanda verið kunnugt um, hvar bifreiðin var. Á tímabilinu 5. nóvember 1987 til 11. febrúar 1988 hafi stefnandi og skráður eigandi bifreiðarinnar margsinnis verið hvattir til að taka bifreiðina úr vörslum Bílahallarinnar. Því hafi ekki verið sinnt, og hafi bifreiðin verið fjarlægð, þar sem hún stóð á athafnasvæði Bílahallarinnar, 16. maí 1988 af starfsmanni Vöku hf.

Í greinargerð sinni reisti stefnandi sýknukröfu sína m. a. á aðildarskorti, en í þinghaldi 7. mars 1990 lýstu lögmenn aðila yfir því, að ekki væri ágreiningur um aðild að málinu.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi hafi með tómlæti sínu í heilt ár bakað sér meint tjón sjálfur með því að aðhafast ekkert, sem forðað gat umræddri bifreið frá nauðungarsölu. Það sé ekki fyrr en einu ári eftir gerð samkomulags aðila frá 26. október 1987, sem stefnandi beini bótakröfu til stefnda. Þegar í upphafi hafi orðið ljóst, að stefnandi myndi

ekki standa við samkomulagið frá 1987. Stefndi hafi því rift samkomulaginu með símskeyti 5. nóvember 1987 og haft í huga 1. mgr. 21. gr. laga nr. 39/1922 sem og með gagnályktun frá 32. gr. s. l. Þegar virt séu ákvæði 54. gr. s. l., þar sem tímamark sé sett eitt ár, um mótbárur, telji stefndi, að gagnálykta megi um tímamörk bótakröfu, enda þótt í lögunum sé talað um rétt kaupanda til bóta úr hendi seljanda.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda, gerir stefndi þá varakröfu, að heimiluð verði skuldajöfnun á kröfu stefnanda og kröfu stefnda samkvæmt 3. tl. samkomulags frá 26. október 1987, sem ítrekað hafi verið í munnlegu samkomulagi 11. febrúar 1988, krafa metin að fjárhæð 400.000 kr., að svo miklu marki sem krafa stefnanda á hendur stefnda verði tekin til greina. Þessa kröfu sína reisir stefndi á 49. gr. laga nr. 85/1936.

Þrautavarakröfu sína styður stefndi sömu rökum og aðalkröfu og bendir á, að umrædd bifreið sé í umræddum samningi metin hærra en efni stóðu til, og hafi það verið gert stefnanda til hagsbóta, en umrædd bifreið hafi verið 18 ára gömul við undirritun samkomulagsins.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að 26. október 1987 gerðu stefnandi og JB-myndbönd hf. annars vegar og Atlantik, ferðaskrifstofa, hins vegar með sér samkomulag, sem rift var skömmu síðar. Hefur stefnandi nú höfðað mál til heimtu skaðabóta vegna umræddrar riftunar. Eins og áður greinir, er ekki ágreiningur um aðild að málinu.

Óumdeilt er, að þegar samkomulagi þessu var rift, hafði stefnandi þegar afhent aðra bifreiðina, sem honum bar að afhenda samkvæmt nefndu samkomulagi. Stefndi bar fyrir dómi, að hann hefði sótt bifreiðina til Guðmundar Þórðarsonar, lögmanns stefnanda, og síðan í framhaldi af því komið bifreiðinni í sölu á bílasölu og skilið lykla hennar eftir hjá bílasalanum.

Samkvæmt meginreglum um riftun falla greiðslur samkvæmt samningi niður, þegar samningi er rift, og ef greiðslur hafa farið fram, ber að skila þeim aftur. Stefnda bar því, þegar samningi var rift, að taka bifreiðina úr sölumeðferð og afhenda stefnanda hana. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi alltaf vitað, hvar bifreiðina var að finna, og hann hefði getað tekið hana, hvenær sem var, en gegn andmælum stefnanda verður að telja þessa fullyrðingu stefnda ósannaða. Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi gert nokkra tilraun til að afhenda stefnanda bifreiðina aftur, og er ekki fallist á, að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu stefnanda. Ber stefnda því að greiða stefnanda það tjón, er hann varð fyrir vegna þessarar vanrækslu stefnda við að skila bifreiðinni.

Samkvæmt umræddu samkomulagi aðila var bifreið sú, sem stefnandi afhenti stefnda, metin á 250.000 kr. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin hafi verið seld á nauðungaruppboði 27. október 1988 fyrir áföllnum geymslukostnaði, og er því ekki mótmælt af hálfu stefnda. Með hliðsjón af framansögðu svo og með hliðsjón af nefndu samkomulagi aðila ber því að fallast á, að tjón stefnanda vegna þessa hafi numið andvirði bifreiðarinnar samkvæmt samkomulaginu, 250.000 kr., en krafa hans um greiðslu kostnaðar vegna bifreiðatrygginga er ekki tekin til greina, enda ekki sýnt fram á, að greiðsla þess kostnaðar sé hluti af tjóni stefnanda.

Varakröfu sína um sýknu reisir stefndi á kröfu sinni um, að heimilaður verði skuldajöfnuður á kröfu hans varðandi auglýsingar á 50 myndbandatitlum frá JB-myndböndum hf., að verðmæti 400.000 kr. Krafa þessi er ekki samkynja stefnukröfu málsins. Skilyrðum skuldajafnaðar er því ekki til að dreifa, og ber því þegar af þeim sökum að hafna þessari kröfu stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda því að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 250.000 kr., en miða ber upphaf dráttarvaxta af þeirri fjárhæð við 5. janúar 1989. Í samræmi við 15. gr. laga nr. 25/1987 er ekki fallist á kröfu stefnanda um vaxtaútreikning í samræmi við 12. gr. s. l.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 90.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóminn. Uppkvaðning hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Böðvar Valgeirsson persónulega og vegna Atlantik, ferðaskrifstofu, greiði stefnanda, Jósteini Kristjánssyni, 250.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1989 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 355/1990. **Birgir Ásgeirsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jóni Árna Guðmundssyni
(Sigurður Sigurjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 558.250 krónur með 38,4% ársvöxtum frá 1. nóvember 1989 til stefnubirtingardags, en ársvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 364.000 krónur með vöxtum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, flutti stefndi inn notaðar bifreiðar, sem orðið höfðu fyrir umferðaróhöppum, frá Þýskalandi um nokkurra ára skeið. Naut stefndi sérstaks afsláttar á flutningsgjöldum hjá H/f Eimskipafélagi Íslands, og flutti hann inn í eigin nafni bifreiðar bæði fyrir sig og aðra. Stefndi, sem er bílamálari að iðn og rekur réttinga- og sprautuverkstæði, annaðist oft viðgerðir á bifreiðum þessum. Áfrýjandi, sem er bifvélavirki, sá að mestu sjálfur um viðgerð á bifreið þeirri, sem mál þetta snýst um, og seldi hana síðan.

Telja verður ósannað, að stefndi hafi verið búinn að panta hina umdeildu bifreið og reikningar henni viðkomandi verið komnir til landsins, áður en áfrýjandi ákvað að kaupa bifreiðina, og liggur ekkert fyrir í málinu um eignaraðild stefnda að bifreiðinni. Er því fallist á það með héraðsdómara, að leggja beri til grundvallar, að stefndi hafi flutt inn bifreiðina fyrir áfrýjanda, en ekki komið fram sem seljandi. Þá er og ósannað, að stefndi hafi vitað um það á þeim

tíma, er hér skiptir máli, að bifreiðin var af árgerð 1983. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað, sem rétt þykir, að falli niður í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað, sem fellur niður í héraði.

Áfrýjandi, Birgir Ásgeirsson, greiði stefnda, Jóni Árna Guðmundssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. f. m., höfðaði Birgir Ásgeirsson, Lambhaga 24, Selfossi, gegn Jóni Árna Guðmundssyni, Spóarima 21, Selfossi, með stefnu, birtri 1. desember 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 558.250 kr. ásamt 38,4% ársvöxtum frá 1/11 1989 til stefnubirtingardags, en ársvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 364.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Krefst stefndi þess, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Til vara gerir stefndi þá kröfu, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, stefndi, Kristján Jóhann Kristjánsson vélamaður, Skúli Björn Árnason fulltrúi, Friðgeir Jónsson bílasmiður og Eiríkur Hallgrímsson lögregluvarðstjóri.

II.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að 5. maí 1989 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 21418/1988: Ragnar Hallsson gegn Ragnari Guðmundssyni. Mál þetta var höfðað til heimtu skaðabóta, að fjárhæð 340.000 kr., vegna galla á bifreiðinni X-6278, er Ragnar Guðmundsson hafði selt Ragnari Hallssyni 13. janúar 1988. Hafði bifreiðin verið seld sem árgerð 1987, en reyndist vera árgerð 1983. Var kaupverð bifreiðarinnar 820.000 kr. Að mati dómkvadds matsmanns var raunvirði hennar á söludegi hins vegar aðeins 480.000 kr. Kröfufjárhæðin í máli þessu var því mismunurinn, 340.000 kr. Niðurstaða málsins var sú, að viðurkennd var skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart kaupanda, og var seljandi því dæmdur til að greiða honum kröfufjárhæðina að fullu ásamt vöxtum og málskostnaði. Var málskostnaður dæmdur 124.000 kr.

Ofangreinda bifreið, sem er af gerðinni BMW 320 I, hafði Ragnar Guðmundsson keypt af Birgi Ásgeirssyni, stefnanda í máli þessu, 18. nóvember 1987, og var kaupverð 720.000 kr. Var bifreiðin seld sem árgerð 1987. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi keypt bifreiðina af Jóni Árna Guðmundssyni, sem hafi flutt hana til landsins í ágústmánuði 1987, þá skemmda eftir umferðaróhapp. Stefnandi hafi greitt að fullu kaupverð bifreiðarinnar ásamt innflutningsgjöldum og tolli, alls 313.580 kr. Stefnandi kveður stefnda hafa fullyrt, að bifreiðin væri árgerð 1987, og sé hún því þannig skráð á innflutningsskjöl og síðar á skráningarskírteini. Eftir viðgerð, sem gerð var á bifreiðinni, hafi stefnandi selt hana fyrrgreindum Ragnari Guðmundssyni. Að gengnum dómi í bæjarþingi Reykjavíkur 5. maí 1989 greiddi stefnandi Ragnari Guðmundssyni þá fjárhæð, sem hann hafði greitt vegna fyrrgreinds bæjarþingsmáls, alls 558.350 kr. Er það sú fjárhæð, sem stefnandi krefur stefnda nú um, og styður kröfu sína þeim rökum, að stefnda beri sem kaupanda og innflytjanda bifreiðarinnar að bæta stefnanda allt það tjón, sem hlaust af þeim mistökum, að bifreiðin var ranglega sögð árgerð 1987, en ekki 1983.

Af hálfu stefnanda er til þess vísað, að stefndi hafi stundað um nokkurt skeið innflutning á notuðum, skemmdum bifreiðum, einkum frá Þýskalandi og Danmörku, og endurselt þær síðan hérlendis. Stefnandi heldur því fram, að í öllum tilvikum hafi stefndi komið fram sem kaupandi bifreiðanna gagnvart hinum erlendu seljendum. Stefnandi telur sig engin afskipti hafa haft af pöntun þeirrar bifreiðar, sem hér um ræðir, skoðun hennar á sölustað, innflutningi eða tollafgreiðslu. Áður en kaupin fóru fram, hafi stefndi sýnt stefnanda mynd af bifreiðinni, en á bakhlið myndarinnar hafi verið áritun frá seljanda í Þýskalandi þess efnis, að bifreiðin væri framleidd árið 1986. Aðrar upplýsingar hafi ekki legið fyrir um bifreiðina, þegar kaupin fóru fram.

Stefnandi kveðst hafa gengið inn í kaup á umræddri bifreið, sem þegar hafi verið ákveðin af stefnda, og greitt kaupverð bifreiðarinnar ásamt þeim gjöldum, sem henni fylgdu, farmgjöld, tolla, söluskatt og tryggingar, alls 313.580 kr. Á reikningi seljanda í Þýskalandi sé stefndi skráður kaupandi bifreiðarinnar, og á farmskírteini og aðflutningsskýrslu sé hann skráður innflytjandi hennar.

Stefnandi kveðst hafa haft samband við stefnda, strax og grunur vaknaði um, að árgerð bifreiðarinnar væri ranglega skráð, og leitað eftir samkomulagi um skaðabætur, án árangurs.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á meginreglum skaðabótaréttar og lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922. Hann telur sig hafa beðið tjón af viðskiptum við stefnda, vegna þess að söluhlut hafi skort þá kosti, sem um var samið í upphafi og stefnandi greiddi fyrir í góðri trú. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri sem seljandi bifreiðarinnar fulla ábyrgð á þeim mistökum, sem urðu, þegar bifreiðin var skráð sem yngri árgerð en hún raunverulega var, og eigi því stefnandi heimtingu á, að stefndi bæti sér allan þann skaða, sem hann hefur orðið fyrir vegna viðskiptanna, 558.250 kr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Til vara krefst stefnandi afsláttar vegna fram komins galla, sbr. 1. mgr. 42. gr. sömu laga. Nemur fjárhæð afsláttar mismuninum á söluverði bifreiðarinnar, þegar stefnandi seldi hana Ragnari Guðmundssyni, og raunverulegu verðmæti hennar á þeim tíma skv. mati dómkvadds matsmanns í máli nr. 21418/1988 í bæjarþingi Reykjavíkur að viðbættum málskostnaði í því máli.

Kröfu sína um vexti reisir stefnandi á II. og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og lög nr. 67/1989.

III.

Sýknukröfu sína reisir stefndi aðallega á því, að hann hafi hvorki verið seljandi bifreiðarinnar né umboðsmaður seljanda, heldur hafi stefnandi sjálfur keypt hana af þýsku bílasölunni Bernd Witt. Stefndi kveðst sjálfur hafa stundað innflutning á notuðum bifreiðum um nokkurt skeið, einkum frá Þýskalandi og Danmörku. Hafi þau viðskipti að jafnaði farið þannig fram, að hann hafi fengið sendar myndir og upplýsingar um bifreiðarnar frá seljendum erlendis og gert kaupin án frekari skoðunar. Stefndi kveðst hafa fengið afslátt af flutningsgjöldum hjá Eimskipafélagi Íslands hf. við innflutning bifreiðanna. Stefndi kveðst einnig hafa flutt inn bifreiðar fyrir aðra en sjálfan sig á afsláttarkjörum Eimskipafélags Íslands án þess að hafa haft önnur afskipti af þeim viðskiptum. Þá bifreið, sem hér um ræðir, kveðst stefndi í upphafi hafa hugleitt að flytja inn fyrir mág sinn, Kristján Kristjánsson, en hann hafi síðar fallið frá kaupunum. Hafi stefndi þá boðið

stefnanda að kaupa bifreiðina og sýnt honum mynd af bifreiðinni, sem áður er getið. Aðrar upplýsingar segir stefndi sig ekki hafa haft um bifreiðina. Stefndi segir, að sín afskipti af umræddum kaupum hafi verið þau ein að hafa boðið stefnanda að flytja bifreiðina inn á sínu nafni með þeim afsláttarkjörum, er hann naut hjá Eimskipafélagi Íslands. Telur stefndi, að nafn sitt á reikningi frá Bernd Witt stafi eingöngu af því, að bifreiðin var flutt inn á sínu nafni.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að stefnandi hafi engan þátt átt í innflutningi og afgreiðslu bifreiðarinnar, og kveður hið rétta vera, að stefnandi sjálfur hafi algerlega séð um allar greiðslur varðandi hana og einnig annast skrásetningu hennar. Stefnandi hafi greitt kaupverð bifreiðarinnar beint og milliliðalaust til Bernd Witt í gegnum Landsbanka Íslands 1. september 1987. Þar hafi stefndi hvergi komið nærri og ekki þegið neinar greiðslur né þóknun frá aðilum, hvorki hinum þýska seljanda né stefnanda. Stefndi hefur lagt fram umsókn um skráningu ökutækis, dagsetta 1. september 1987, þar sem stefnandi er skráður eigandi umræddrar bifreiðar.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekkert frekar en stefnandi vitað um raunverulega árgerð bifreiðarinnar og að ljóst sé, að upplýsingar aftan á fyrrgreindri ljósmynd séu ekki ritaðar af sér. Stefndi telur ekki í ljós leitt, á hvaða forsendu bifreiðin var skráð árgerð 1987 í bifreiðaskrá, en stefnandi sjálfur hafi verið viðstaddur, þá er skráning fór fram, og hafi þá verið kunnugt um upplýsingarnar aftan á ljósmyndinni. Stefndi telur stefnanda mátt hafa verið ljóst, að hann tók sjálfur áhættu með kaupunum, og jafnframt, að stefndi vissi eigi meira um bifreiðina en hann sjálfur. Stefndi hafi hvorki hvatt stefnanda né latt til kaupanna, og hann hafi eigi séð bifreiðina né valið hana sérstaklega, heldur aðeins bent stefnanda á bifreiðina með sýningu umræddrar ljósmyndar.

Stefndi hefur lagt fram í málinu bréf frá skattstjóra Suðurlandsumdæmis, þar sem farið er fram á skýringu á því, að stefndi flutti inn fleiri bifreiðar til landsins árið 1988 en hann telur sig kaupa samkvæmt skattframtali sama árs. Svar stefnanda hefur einnig verið lagt fram, en þar segir, að stefndi hafi flutt inn níu bifreiðar á árinu 1988, sem farið hafi beint á nöfn annarra aðila, m. a. er þar talin bifreiðin BMW 320 I, sem sögð er hafa farið beint til stefnanda.

Enn fremur hefur stefndi lagt fram yfirlýsingar sex aðila, þar sem þeir staðfesta að hafa flutt inn bifreiðar á nafni stefnda til þess að nýta afslátt, sem stefndi fékk af flutningsgjöldum hjá Eimskipafélagi Íslands hf. Stefndi heldur því fram, að eins hafi verið ástatt í máli því, sem hér er til meðferðar, þ. e., að stefndi hafi verið að gera stefnanda þann greiða að útvega honum hagkvæmari flutning á bifreið, sem stefnandi ákvað sjálfur að kaupa.

IV.

Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi keypt bifreið þá, sem í málinu greinir, í septembermánuði árið 1987. Óumdeilt er, að hann hafi þá, af ástæðum, sem raktar hafa verið hér að framan, skort kosti, sem ætla má, að áskildir hafi verið, þá er kaup gerðust. Ágreiningsefni er hins vegar, hver eigi að bera bótaábyrgð á umræddum galla gagnvart stefnanda.

Að mati dómsins brestur stefnanda sönnun fyrir því, að samningur hafi tekist með málsaðilum um kaup á umræddri bifreið. Verður þannig að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að stefndi hafi annast innflutning á bifreiðinni fyrir stefnanda, en ekki komið fram sem seljandi eða verið í annarri þeirri aðstöðu, sem bakað geti honum bótaábyrgð skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Rétti til afsláttar samkvæmt 1. mgr. þess lagaákvæðis er af sömu ástæðum ekki til að dreifa. Þá verður ekki lögð bótaábyrgð á stefnda vegna hugsanlegrar milligöngu hans um kaupin þegar af þeirri ástæðu, að telja verður, að hann hafi verið grandlaus um gallann á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Með því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 krónur. Að kröfu stefnda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Árni Guðmundsson, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Birgis Ásgeirssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 krónur í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. mars 1993.

Nr. 94/1993. **Gunnar Blöndal**

gegn

Íslandsbanka hf.

Kærumál. Útburðargerð. Dómari. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar upphaflega með kæru 18. febrúar 1993. Hann krafðist þess þá, að hrundið yrði ákvörðun héraðsdómara 5. febrúar sama ár um að víkja ekki sæti í málinu og neita honum um framlagningu gagna. Endanlegar kröfur hans eru þær, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt er þess krafist, að Páll Þorsteinsson héraðsdómari sæti áminningu og verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæruheimild er í 84. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp 9. febrúar sl. Daginn áður hafði sóknaraðili afhent bréf á skrifstofu Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem hann kvaðst hafa ákveðið að kæra ákvörðun héraðsdómarans í þinghaldi 5. febrúar, þar sem hann synjaði um að víkja sæti í málinu. Í lok bréfsins segir síðan, að ekki beri að líta á það sem „formlega kæru, heldur tilkynningu um kæru". Samtímis var tekið við kærugjaldi í ríkissjóð á skrifstofu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Endanleg kröfugerð sóknaraðila var sett fram með bréfi 3. mars sl. Byggir hann kröfur sínar hér fyrir dómi á því, að héraðsdómari hafi orðið vanhæfur til meðferðar málsins og fyrir hafi legið kæra á dómsathöfn hans um að víkja ekki sæti, áður en hann kvað upp úrskurðinn.

Mál þetta er þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 21. janúar 1993. Varnaraðili lagði þá fram aðfararbeiðni, uppboðsafsal til sín og önnur fylgiskjöl. Dóttir sóknaraðila sótti þing og fékk frest til þess að fá lögfræðilegar ráðleggingar og til athugunar á fram lögðum gögnum til 27. sama mánaðar. Þann dag sótti sóknaraðili sjálfur þing ásamt börnum sínum tveimur, Áslaugu og Guðmundi, og lagði

fram greinargerð af sinni hálfu. Aðilar lýstu gagnaöflun lokið. Dómari bókar, að gætt hafi verið leiðbeiningarskyldu gagnvart sóknaraðila. Málinu er svo frestað til munnlegs flutnings til föstudagsins 5. febrúar. Sóknaraðili mætir til þess þinghalds ásamt áðurnefndum börnum sínum tveimur. Í upphafi þinghaldsins er bókað, að Áslaug lýsi því yfir fyrir hönd sóknaraðila, að hann krefjist þess, að dómarinn víki sæti, þar sem hann hafi ekki gætt réttra aðferða við stjórn síðasta þinghalds, dregið taum varnaraðila og ekki gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart gerðarþola (sóknaraðila), sem sé ólöglærður. Hún krafðist þess jafnframt að fá að leggja fram frekari gögn í málinu. Dómarinn bókar síðan, að kröfum gerðarþola sé hafnað. Hófst síðan munnlegur flutningur málsins, en samkvæmt bókun dómarans fólst hann af hálfu gerðarþola í gagnrýni systkinanna, barna sóknaraðila, á störf dómarans og málatilbúnað gerðarbeiðanda.

Aðilar höfðu lokið gagnaöflun í þinghaldi 27. janúar, og samkvæmt bókun í því þinghaldi gætti dómarinn þá leiðbeiningarskyldu gagnvart sóknaraðila. Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga gilda almennar reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um mál samkvæmt 12., sbr. 13. kafla fyrrnefndu laganna. Með hliðsjón af 5. mgr. 102. gr. laga um meðferð einkamála var sóknaraðila óheimilt að leggja fram ný skjöl, eftir að gagnaöflun hafði verið lýst lokið, en ósannað er, að skort hafi á leiðbeiningar af hálfu dómarans. Þinghaldið 5. febrúar átti síðan að fara að reglum 103. gr. laga nr. 91/1991 að því undanskildu, að samkvæmt 83. gr. aðfararlaga áttu vitnaskýrslur ekki að fara fram. Ákvörðun héraðsdómara um að víkja eigi sæti í málinu sætti því ekki kæru, sbr. 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, og mátti héraðsdómari því halda málinu áfram þrátt fyrir kæru sóknaraðila á þeirri ávörðun hans að víkja ekki sæti. Þá er ekki sýnt fram á, að héraðsdómarinn hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann um annað en málskostnað, sem fellur niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveða upp úrskurð um kröfur sóknaraðila í þinghaldi 5. febrúar, en ljúka þeim ekki með einfaldri bókun um, að þeim væri öllum hafnað. Mátti gera stutt hlé á þinghaldinu í því skyni. Ekki eru efni til að ómerkja málsmeð-

ferðina vegna þessa eða til að sinna kröfum sóknaraðila á hendur héraðsdómara, enda verður ekki séð, að hann hafi nokkuð gert á hlut sóknaraðila.

Kærumálskostnaðar er eigi krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað, sem fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 21. janúar sl., var tekið til úrskurðar 5. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-1589, Lækjargötu 12, Reykjavík, en gerðarþoli Gunnar Blöndal, kt. 140621-2349, Tómasarhaga 53, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst úrskurðar um, að gerðarþoli „og þeir, sem með honum búa og hjá honum dveljast, verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, bornir út úr íbúð á 1. hæð og herbergi í kjallara í húsinu við Tómasarhaga 53 í Reykjavík með beinni aðfarargerð". Enn fremur er krafist málskostnaðar að mati dómsins og auk þess, að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli gerir eftirfarandi dómkröfur:

aðallega, að máli þessu verði vísað frá og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi gerðarbeiðanda,

til vara, að synjað verði um hina umbeðnu aðför (útburð) og sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi gerðarbeiðanda,

til þrautavara, að sér ásamt fjölskyldu sinni verði heimiluð dvöl í greindu húsnæði að Tómasarhaga 53 hér í borg í þrjá mánuði frá uppkvaðningu dóms, sbr. 18. gr. laga nr. 44/1979, sbr. 73. gr. laga nr. 92/1991, og málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir.

Hinn 7. maí 1992 var fasteignin Tómasarhagi 53, 1. hæð og herbergi í kjallara, seld á nauðungaruppboði. Þinglýstur eigandi var þá gerðarþoli.

Hinn 11. desember 1992 lýsti sýslumaðurinn í Reykjavík yfir, að hann afsalaði ofangreindri eign til Íslandsbanka hf. með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti.

Með aðfararbeiðni, dags. 4. janúar 1993, krafðist gerðarbeiðandi útburðar gerðarþola.

III.

Í stuttu máli reisir gerðarþoli varnir sínar á því, að lögmann gerðarbeiðanda skorti umboð til að fara með málið, og í annan stað staðhæfir hann, að munnlegur leigusamningur hafi verið gerður milli sín og gerðarbeiðanda um húsnæðið, sem hér um ræðir. Þrautavarakröfu sína styður gerðarbeiðandi þeim rökum m. a., að hann sé 72ja ára á þessu ári, en kona sín 77 ára og þau bæði lasburða og konan hjartasjúklingur; þess vegna þurfi þau rúman tíma til að útvega sér annað húsnæði og rýma þetta.

Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir þeirri fullyrðingu gerðarþola, að hann hafi ekki umboð Íslandsbanka hf. til að krefjast útburðar gerðarþola f. h. bankans. Þá er því andmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að til leigumála hafi stofnast milli sín og gerðarþola, eftir að gerðarbeiðandi keypti húsnæði gerðarþola að Tómasarhaga 53 á uppboðinu 7. maí 1992. Enn fremur er því haldið fram, að skorað hafi verið á gerðarþola að rýma húsnæðið með ríflegum fyrirvara, en hann ekki sinnt því.

IV.

Ekkert styður þá fyllyrðingu gerðarþola, að lögmaður gerðarbeiðanda hafi ekki fullt umboð til þessa málatilbúnaðar fyrir umbjóðanda sinn; er henni því vísað á bug.

Gegn andmælum gerðarbeiðanda verður að hafna því, að gerðarþoli hafi öðlast rétt til veru í umræddu húsnæði í skjóli óskráðs leigumála milli aðila.

Þegar af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið sýnt fram á, að til leigumála hafi stofnast milli aðila um íbúðina að Tómasarhaga 53, er ekki unnt að taka þrautavarakröfu gerðarþola til greina.

Uppboðsafsalinu frá 11. desember 1992 hefur ekki verið hnekkt. Við svo búið á gerðarbeiðandi réttmæta kröfu til, að gerðarþoli rými fasteignina Tómasarhaga 53, 1. hæð og herbergi í kjallara, sem áður var þinglýst eign gerðarþola.

Eftir þessum málalokum ber gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Íslandsbanka hf., að gerðarþoli, Gunnar Blöndal, og þeir, sem með honum búa og hjá honum dveljast, verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, bornir út úr íbúð á 1. hæð og her-

bergi í kjallara í húsinu við Tómasarhaga 53 í Reykjavík með beinni aðfarargerð, er tekin til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Aðför er heimil fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Þriðjudaginn 23. mars 1993.

Nr. 126/1993. **Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi Stefánsson**
gegn
Sparisjóði Glæsibæjarhrepps.

Kærumál. Skjöl. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, er upp var kveðinn sama dag. Krefjast sóknaraðilar þess aðallega, að varnaraðila verði gert að leggja fram „endurrit allra skjala sparisjóðsins, sem varða sérstaklega tilurð, möguleg kaup og sölu, meðferð og innheimtu dskj. nr. 2 í málinu E-11/1992, ...". Til vara krefjast þeir þess, að varnaraðili leggi framangreind skjöl fyrir héraðsdómarann. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur eigi borist frá varnaraðila.

Málið nr. E-11/1992 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra er höfðað af Eiríki Sigfússyni á hendur sóknaraðilum máls þessa og Jóhanni Benediktssyni og Sigurði Stefánssyni til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi með sjálfskuldarábyrgð. Hefur hann lagt frumrit bréfsins fram í héraðsdómi. Bréfið er gefið út til varnaraðilans Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps, er framselt hefur það til Eiríks Sigfússonar samkvæmt áritun á bréfinu.

Ofangreind skjöl hyggjast sóknaraðilar leggja fram í máli, þar sem stefnandi vísar m. a. til reglna XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en sóknaraðilar eru meðal stefndu í því máli. Ekki verður séð, að varnir, er byggðar verði á framangreindum skjölum, komist að gegn andmælum stefnanda í máli, sem rekið er samkvæmt þessum reglum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. mars 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er til komið vegna kröfu Tómasar Gunnarssonar hrl., dags. 9. þ. m., þar sem hann krefst þess f. h. Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, stefndu í málinu nr. E-11/1992, vegna rekstrar þess máls hér fyrir dóminum, að Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, Brekkugötu 9, Akureyri, verði skylt að leggja fram staðfest endurrit allra skjala varnaraðila, er varða sérstaklega tilurð, möguleg kaup og sölu, meðferð og innheimtu dómskjals nr. 2 í málinu E-11/1992, sem er skuldabréf með lánskjaravísitölu, út gefið á Akureyri 1. 4. 1987 af sóknaraðilum máls þessa til varnaraðila. Telja sóknaraðilar, að verulega skorti á upplýsingar veigamikilla atriða dómskjals þessa, að því er varðar útreikning kröfunnar, svo og halda sóknaraðilar því fram, að forsvarsmenn varnaraðila hafi upplýst munnlega, að skuldabréf þetta hafi aldrei verið eign varnaraðila, og skorti því nauðsynlegar skýringar á, hvers vegna það hafi verið gefið út til hans og hvers vegna varnaraðili hafi ritað framsal á skjalið. Telja sóknaraðilar, að þeir eigi lögvarinn rétt á að vita um meðferð varnaraðila á skjali þessu, þar sem þeir séu útgefendur skjalsins og varði þá verulegum hagsmunum, þar sem höfuðstóll kröfunnar skv. skjali þessu sé nú um 8.000.000 kr.

Samkvæmt bókhaldslögum eigi varnaraðili að hafa undir höndum öll gögn varðandi skjal þetta, og vísar hann til 2. og 22. gr. laga nr. 87/1985 svo og VII. kafla þeirra laga um skyldu varnaraðila að upplýsa um málið og telur það lið í eðlilegri bankastarfsemi. Svo og vísar hann til 1. tl. 55. gr. laga nr. 91/1991 um skyldu varnaraðila svo og a- og c-liðar 1. mgr. 118. gr. sömu laga í því viðfangi.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Telur hann kröfu sóknaraðila sér á hendur sér óviðkomandi varðandi mál E-11/1992 og bendir á, að skv. 29. gr. laga nr. 87/1985 sé sér óheimilt að verða við kröfu sóknaraðila, þar sem hann sé bundinn þagnarskyldu, svo og skv. b- og d-lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991 sé sér óskylt að verða við kröfum varnaraðila, svo og skv. 118. gr. sömu laga séu þau atriði talin, sem koma til álita í máli E-11/1992.

Sóknaraðilar telja, að ákvæði 118. gr. laga nr. 91/1991 séu varnaraðila alls óviðkomandi varðandi mál E-11/1992 og þessu máli því ótengt.

Varnaraðili krefst þess, að sóknaraðilar greiði sér málskostnað.

Það er álit dómsins, að fallast verði á þau sjónarmið varnaraðila, sem hér að framan eru rakin, og með vísan til þeirra lagaraka, sem varnaraðili ber fyrir sig, einkum 29. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði, verði að hafna kröfu sóknaraðila.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, á hendur varnaraðila, Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 376/1992. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Agnari Þór Sigurðssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins, en meðákærði í héraði unir dómi.

Í samræmi við heimild í 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er málið einvörðungu borið undir Hæstarétt, að því er tekur til ákvörðunar viðurlaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Agnar Þór Sigurðsson.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. júní 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 9. júní, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð er að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 123-124/1992: Ákæruvaldið gegn Agnari Þór Sigurðssyni og X, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 2. þessa mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 25. mars 1992, á hendur Agnari Þór Sigurðssyni, Stífluseli 11, Reykjavík, kennitala 220164-5199, og X [....].

Í ákæru er málið sagt höfðað gegn ofangreindum aðilum „fyrir að hafa 16. október 1991 flutt hingað til lands 103,9 g af amfetamíni. Ákærði Agnar Þór fékk efnið í hendur í Kaupmannahöfn og flutti það um borð í flugvél á leið hingað til lands, og á leiðinni tók ákærði X við efninu, bar það inn í landið á Keflavíkurflugvelli og flutti það til Hveragerðis, þar sem hann var handtekinn aðfaranótt 17. október og hald lagt á amfetamínið og 1,3 g af hassi, sem hann hafði einnig í fórum sínum".

Þessi ætlaða háttsemi ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Af hálfu ákæruvalds er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar, einnig, að gerð verði upptæk 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærðu eru samkvæmt ofanskráðu báðir sakhæfir.

Sakaferill ákærða Agnars Þórs er eftirfarandi:

[Ákærði hefur sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og fjórum sinnum verið dæmdur í refsingu fyrir umferðarlagabrot, þar af einu sinni í Færeyjum.]

Ákærði Agnar Þór kom fyrir dóm 2. þessa mánaðar og taldi sakarefni rétt lýst sig varðandi í ákæru. Ákærði vísaði til fyrri framburðar síns og bar efnislega á sama veg um atvik. Ákærði kvaðst hafa verið illa staddur fjárhagslega og því freistast til amfetamínflutninganna vegna fyrirheits um 300.000 kr. þóknun. Eigi að síður hefði hann á leið hingað til lands hugleitt að hætta við, en tekið tali meðákærða, sem hann þó ekkert þekkti, mál þá skipast sem að ofan greinir og ákærði afsalað sér flutningsþóknun og ekki haft í huga að koma frekar nærri þessum fíkniefnum, eftir að komin voru meðákærða í hendur. Ákærði taldi sig ekki hafa lagt að meðákærða að taka við flutningi, en hins vegar fullvíst, að sá síðarnefndi gerði sér þá ljóst, að um amfetamín var að ræða.

Ákærði kvaðst ekkert hafa átt í amfetamínefnunum og eingöngu ráðgert, að hann fengi ofangreinda greiðslu í reiðufé fyrir flutning þeirra. Ákærði taldi sig hafa stuðlað að því, að lögregla fann og lagði hald á margnefnt amfetamín, fljótlega eftir að rannsókn máls þessa hófst.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu hafa báðir samkvæmt ofanskráðu gengist við þeirri háttsemi, sem þeim er gefin að sök. Þykja þær játningar nægilega studdar öðrum gögnum máls auk haldlagðra fíkniefna og greiningar þeirra.

Samkvæmt því er nægilega sannað, að ákærði hefur 16. október 1991 flutt hingað til lands 103,9 g af amfetamíni. Ákærði Agnar Þór fékk efnið í hendur í Kaupmannahöfn og flutti það um borð í flugvél á leið hingað til lands. Á leiðinni móttók ákærði X efnið, bar það inn í landið á Keflavíkurflugvelli og flutti það til Hveragerðis, þar sem hann var handtekinn aðfaranótt 17. október og hald lagt á amfetamínið og 1,3 g af hassi, sem hann hafði einnig í fórum sínum.

Þessi háttsemi ákærðu þykir í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986. Ákærðu hafa samkvæmt því hvor um sig unnið til refsingar.

— — —

Telja ber ofangreinda háttsemi ákærða Agnars Þórs fullframinn verknað, þótt meðákærði flytti efnin lokaspöl. Ákærði hefur hlotið allmargar fésektir, oftast fyrir umferðarlagabrot, sem ekki þykja hér skipta máli, utan 30 daga varðhald skv. dómi, upp kveðnum 7. nóvember sl. í sakadómi Reykjavíkur.

Refsing ákærða þykir með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu ber með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að virða með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða í þágu rannsóknar málsins, nánar frá kl. 17.51 að telja 17. október 1991 og til kl. 22.00 þann 22. sama mánaðar eða samtals sex daga.

Samkvæmt því og með vísan til 142. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað.

Ákærði X greiði þó einn 40.000 kr. í málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hrl. að viðbættum 9.800 kr. í vsk.

Ákærði Agnar Þór greiði einn 43.377 kr. að meðtöldum 24,5% vsk. í réttargæsluþóknun til Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl. og 40.000 kr. í málsvarnarlaun til sama lögmanns, að viðbættum 9.800 kr. í vsk.

Þá ber, sem krafist er í ákæruskjali og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, að dæma upptæk til eyðingar 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi sérgreind á efnaskrá nr. 3024.

Dómsorð:

Ákærði Agnar Þór Sigurðsson, kt. 220164-5199, sæti fangelsi í sjö mánuði, en þeirri refsingu til frádráttar komi sex gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði X sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, en ákærði Agnar Þór einn 43.377 kr. í réttargæsluþóknun og 49.800 kr. í málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hrl.

Upptæk skulu til eyðingar 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi, sérgreind á efnaskrá nr. 3024.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 45/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hannesi Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1993 að ósk ákærða til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi var af ákæruvaldsins hálfu krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er ákærði síbrotamaður. Refsing hans er þar hæfilega ákveðin, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að staðfesta dóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 30. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-246/1992: Ákæruvaldið gegn Hannesi Jónssyni, sem dómtekið var þann sama dag. Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember 1992, á hendur ákærða Hannesi Jónssyni, kt. 210851-372, til lögheimilis á Böggvisbraut 3 á Dalvík, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1992:

I.

Fyrir að hafa í júní brotist inn í íbúð að Vesturbergi 54, Reykjavík, og stolið þar kjörbók Jónu Bjarkar Elmarsdóttur á reikning nr. 65815 frá Landsbanka Íslands með innstæðu 28.203,97. Ákærði tók 17.000 kr. út af reikningnum 16. júní í Landsbanka Íslands, Austurstræti 11.

II.

Þriðjudaginn 11. júlí brotist inn í íbúð í húsinu nr. 7 við Meistaravelli og stolið þar sparisjóðsbók Hrefnu Guðnadóttur á reikning nr. 175369 með innstæðu 107.425,64 kr. Ákærði tók 95.000 út af reikningnum sama dag.

III.

Þriðjudaginn 25. ágúst brotist inn í íbúð í húsinu nr. 6 við Snæland í Reykjavík og stolið þar sparisjóðsbók Gísla Guðlaugs Gíslasonar á reikning nr. 62343 frá Landsbanka Íslands með innstæðu 807.235,56 kr. og hafa jafnframt, síðar sama dag, tekið 220.000 kr. út af reikningnum í Grensásútibúi Landsbankans með því að falsa beiðni um úttekt af reikningnum með nafnrituninni Ómar Jónsson í reit fyrir nafn þess, sem tekur út fé.

Teljast þjófnaðir ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en framvísun fölsuðu beiðnarinnar samkvæmt síðasta ákærulið telst varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Gísli Guðlaugur Gíslason bóta úr hendi ákærða, 186.000 kr.“. Við meðferð málsins var kröfufjárhæðin hækkuð í 228.000 krónur með samþykki ákærða.

Ákærði hefur skýlaust viðurkennt að hafa framið brot þau, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Gísli Guðlaugur Gíslason hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 228.000 krónur í skaðabætur, og hefur ákærði samþykkt kröfuna. Ber að dæma ákærða til þess að greiða Gísla Guðlaugi þá fjárhæð.

Ákærði hefur frá árinu 1974 verið dæmdur fimmtán sinnum fyrir hegningarlagabrot, aðallega þjófnaði og skjalafals. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt dómum þessum orðin rúm fimmtán ár. Þá er þess að geta, að ákærði situr nú í gæsluvarðhaldi vegna innbrotsþjófnaða í október og nóvember í haust. Þykir refsing hans nú vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni ber að draga 39 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talda verjandaþóknun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Í ákæru málsins, bréfi ríkissaksóknara með henni og sakavottorði ákærða er hann nefndur „Höjgaard“, en það er hvorki í samræmi við fæðingarvottorð ákærða né önnur sakargögn.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst 39 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði Gísla Guðlaugi Gíslasyni, kt. 240315-2629, 228.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda verjandaþóknun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 42/1990. **Gunnlaugur Briem**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.).

Þinglýsingar. Veðskuldabréf. Kvaðir. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 701.506 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1987 til greiðsludags. Enn fremur krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 85.300 krónur vegna málskostnaðar í áskorunarmáli, sem áfrýjandi höfðaði á bæjarþingi Reykjavíkur í nóvember 1987 gegn Indriða Helgasyni, auk vaxta og dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 16. febrúar 1988 til greiðsludags, svo og ýmsan annan kostnað af því máli, samtals 17.104 krónur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara verulegrar lækkunar á kröfufjárhæð áfrýjanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Skuldabréf þau, sem um ræðir í málinu, voru tryggð með veði í íbúð, sem féll undir ákvæði í lögum nr. 19/1965 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 8/1968, svo og ákvæði í reglugerð nr. 78/1967 um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, sbr. reglugerð nr. 122/1968. Samkvæmt 7. gr. B laga nr. 19/1965, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1968, var eignarréttur að íbúðinni háður ýmsum kvöðum og takmörkunum. Húsnæðisstofnun ríkisins átti

forkaupsrétt að henni, óheimilt var að leigja hana nema með samþykki stofnunarinnar, og endursöluverð hennar var bundið tilteknu hámarki. Mátti það ekki vera hærra en kaupverð að viðbættri verðhækkun, sem reikna bar á sérstakan hátt, og að viðbættu virðingarverði endurbóta, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Þá hvíldi samkvæmt lagaákvæði þessu sérstök kvöð á íbúðinni, kæmi til sölu hennar á nauðungaruppboði. Heimilaði það Húsnæðisstjórn að neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi, að eignin yrði lögð stofnunni út til eignar á því verði, sem hæst væri boðið í hana, eða á söluverði því, sem að framan er lýst, væri það lægra en hæsta boð.

II.

Í kvöðum þessum fólust svo veigamiklar takmarkanir á eignarrétti, að rík ástæða var til þess, að þeirra væri skilmerkilega getið í texta skuldabréfanna, er þau voru gefin út. Þar sem þess var ekki gætt, bar þinglýsingardómara að bæta úr því með athugasemd á bréfin, er þau voru afhent til þinglýsingar, sbr. 3. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þetta fórst fyrir, og verður að meta það svo, að mistök hafi orðið við þinglýsingu bréfanna að þessu leyti.

III.

Samkvæmt bótaákvæði 49. gr. þinglýsingalaga verður tjón þess, sem bóta krefst úr ríkissjóði vegna mistaka þinglýsingardómara, að vera sennileg afleiðing mistakanna og ekki sök bótakrefjanda. Þá er og áskilið samkvæmt a-lið greinarinnar, sem hér reynir á, að tjónið stafi af því, að tjónþoli hafi treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr. laganna, og sé grandlaus.

IV.

Í prentuðum texta skuldabréfanna var svohljóðandi ákvæði með mjög smáu letri:

„Kröfuhafa eru kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíla."

Af aðilaskýrslu áfrýjanda á bæjarþingi Reykjavíkur má ráða, að honum hafi verið kunnugt um þetta ákvæði, er hann keypti bréfin, en hann kynnti sér ekki, hverjar þessar kvaðir voru. Kveðst hann hafa talið, að um væri að ræða venjulegar kvaðir um eignarhlutföll,

sameign og annað þess háttar. Hann kveðst ekki myndu hafa keypt skuldabréfin, ef áritun á þau hefði borið með sér, hvert efni kvaðanna var.

Anna Heiðdal, sölustjóri á verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélags Íslands hf., bar vitni í málinu. Hún kvaðst hafa starfað tæp níu ár hjá fyrirtækinu og ekki séð áður skuldabréf með sams konar kvöðum á veðsettri eign og hér ræðir um. Að sögn hennar myndi slíku skuldabréfi nú hafnað, væri það boðið til sölu.

Andrea Rafnar viðskiptafræðingur gaf vitnaskýrslu í málinu. Hún kvaðst hafa starfað að verðbréfasölu hjá Kaupþingi hf. frá 1986-1989. Taldi hún skuldabréf með veði í íbúð, sem háð er lagaákvæðum um verkamannabústaði, vart markaðshæft og kvaðst ekki þekkja dæmi þess, að slíkt bréf hefði selst hjá fyrirtækinu.

V.

Áðurnefnt ákvæði um kvaðir í texta umræddra veðskuldabréfa var, eins og kvöðunum var háttað, allsendis ófullnægjandi, en það gaf áfrýjanda tilefni til að afla sér upplýsinga um, hverjar þessar kvaðir væru. Áfrýjandi er viðskiptafræðingur, en af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvort hann hafði lokið námi í viðskiptafræði á umræddum tíma. Þó verður að ætla, að hann hafi þá búið yfir nægri þekkingu um verðbréfaviðskipti til að gera sér grein fyrir nauðsyn varúðar og fyrirhyggju í slíkum viðskiptum. Mátti fyrir þá sök gera ríkari kröfur til hans en ella að sjá borgið hagsmunum sínum við kaup á umræddum veðskuldabréfum. Að þessu leyti má við áfrýjanda sakast, hafi hann orðið fyrir tjóni, og verður hann ekki talinn hafa verið grandlaus.

Þegar framanskráð er virt, verður ekki talið, að skilyrði séu til þess samkvæmt ákvæðum 49. gr. þinglýsingalaga, að áfrýjanda verði dæmdur réttur til bóta úr ríkissjóði fyrir það tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna umræddra mistaka þinglýsingardómara.

Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að af hálfu stefnda var borin fram ný málsástæða fyrir Hæstarétti þess efnis, að tjón áfrýjanda væri ósannað. Til

þessa brast lagaheimild þegar af þeirri ástæðu, að málinu var ekki áfrýjað af hans hálfu, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gunnlaugs Briem, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Haralds Henryssonar og Péturs Kr. Hafstein.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda aftur að V. kafla þess.

Sú áletrun á hin umræddu skuldabréf, að kröfuhafa væru kunnar þinglýstar kvaðir á eigninni, var öldungis ófullnægjandi, eins og kvöðunum var háttað. Hún leiðir því ein og sér ekki til þess, að hin umræddu mistök þinglýsingardómara verði ekki bótaskyld. Hins vegar gaf þessi áletrun áfrýjanda tilefni til að afla sér upplýsinga um efni kvaðanna. Þær upplýsingar virðast ekki hafa legið fyrir hjá seljanda bréfanna, Fjárfestingarfélagi Íslands hf., en viðskipti áfrýjanda við félagið eru ekki til álita í þessu máli. Þar sem áfrýjandi hlutaðist ekki frekar til um athugun á þinglýstum kvöðum, þykir hann eiga nokkra sök á því tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir og telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingardómara. Eftir atvikum verður að meta sök áfrýjanda svo, að hann beri sjálfur þriðjung tjóns.

Þar sem meiri hluti dómara hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefnda, eru ekki efni til þess að fjalla frekar í þessu atkvæði um tjón áfrýjanda. Við erum þó sammála meiri hlutanum um það, að sú málsástæða stefnda komist ekki að fyrir Hæstarétti, að tjón áfrýjanda sé ósannað. Þá teljum við rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstrétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 11. desember sl., hefur Gunnlaugur Briem, Hjarðarhaga 46,

Reykjavík, kt. 270860-5919, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 5. september 1989, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 701.506 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta svo og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins. Til vara krefst stefndi verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda, og í því tilviki krefst hann, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Málsatvik telur stefnandi vera þau, að 30. september 1984 hafi hann keypt hjá Veðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins tvö skuldabréf, hvort að nafnverði 394.000 kr., samtals 788.000 kr. Skuldabréf þessi hafi verið gefin út af Indriða Helgasyni, nnr. 4518-4633, til heimilis þá að Smáravegi 6 á Dalvík, en þau hafi verið tryggð með öðrum veðrétti í fjögurra herbergja íbúð á fjórðu hæð til vinstri í Torfufelli 46, Reykjavík. Báðum bréfunum hafði verið þinglýst hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík án athugasemdar. Gjalddagi fyrstu afborgunar hafi verið 15. mars 1985. Hinn 29. mars 1985 hafi verið greiddar 20.000 kr. upp í áfallna afborgun og vexti, en þegar frekari greiðsla hafi ekki borist þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir, hafi opinbers uppboðs verið krafist á eigninni samkvæmt heimild í bréfinu sjálfu.

Þar sem veðdeildarlán, einungis að fjárhæð 23.800 kr., hafi hvílt á fyrsta veðrétti, hafi stefnandi talið öruggt, að íbúðin myndi seljast á það háu verði, að hann fengi fullnustu kröfu sinnar af uppboðsandvirðinu. Það hafi þó farið á annan veg. Uppboð hafi farið fram 6. júní 1986. Hafi lögmaður stefnanda boðið 1.550.000 kr. í eignina. Lögmaður stjórnar verkamannabústaða hafi krafist þess, að íbúðin yrði afsöluð sér á matsverði, þar eð hún væri gerð samkvæmt lögum um verkamannabústaði. Þessa hafi ekki verið getið í þinglýsingarvottorði borgarfógetaembættisins.

Uppboðsréttur hafi orðið við þessari kröfu, og hafi það leitt til þess, að stefnandi hafi fengið 6. október 1986 greiddar 770.000 kr. og 27. janúar 1987 til viðbótar 197.239 kr. Hafi þá vantað 701.506 kr. á, að krafa stefnanda væri að fullu greidd.

Þessu hafi stefnandi ekki viljað una, og hafi hann krafið yfirborgarfógeta um greiðslu þess, sem á vantaði, að full greiðsla á kröfu hans fengist af uppboðsverðinu. Hafi hann stutt kröfuna því, að vanræksla embættis hans á að geta þess, að íbúðin væri gerð samkvæmt lögum um verkamannabústaði, hefði valdið sér umræddu tjóni. Hafi hann talið, að hann hefði

ekki keypt umrædd skuldabréf, ef þessa hefði verið getið, og því ekki orðið fyrir umræddum skaða. Jafnframt hafi stefnandi ritað ríkislögmanni og tilkynnt honum, að hann myndi gera ríkissjóð ábyrgan fyrir tjóninu. Taldi stefnandi, að yfirborgarfógeti eða ríkissjóður hans vegna bæri fulla ábyrgð á því tjóni, sem af vanrækslu þinglýsingarfógetans hefði orðið fyrir stefnanda.

Hvorki yfirborgarfógeti né ríkislögmaður hafi talið sér fært að sinna kröfu stefnanda og hafi borið því m. a. við, að enn væri ekki fullreynt, hvort skuldari væri borgunarmaður fyrir skuldinni að öllu eða einhverju leyti. Hafi stefnandi því neyðst til að höfða innheimtumál á hendur skuldara bréfanna. Stefnandi hafi höfðað skuldamál á hendur útgefanda bréfanna, sem þá bjó að Garðastræti 4 í Reykjavík, með áskorunarstefnu, út gefinni 21. október 1987.

Málið hafi verið þingfest 17. nóvember 1987, og hafi kröfurnar verið staðfestar að fullu. Fjárnám, sem gert hafi verið hjá stefnda þess máls 23. febrúar 1988, hafi orðið árangurslaust, og 6. apríl 1988 hafi verið krafist gjaldþrotaskipta á búi Indriða Helgasonar. Hinn 15. desember 1988 hafi fulltrúi borgarfógeta kveðið upp úrskurð um, að bú Indriða Helgasonar yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi þessa máls hafi lýst kröfu í búið 16. febrúar 1989, og hafi krafa hans þá numið 1.349.896 kr. miðað við 15. desember 1988. Skiptum þessa þrotabús hafi lokið 4. apríl 1989 með þeim hætti, að ekkert hafi fengist greitt upp í þessa kröfu. Sé því endanlega ljóst, að frá skuldara bréfanna sé ekkert að hafa.

Stefnandi segir, að við reikning bótakröfunnar sé miðað við áritun áskorunarstefnu í máli á hendur Indriða Helgasyni, 701.506 kr., auk vaxta, sem þar greini.

3.0.

Stefnandi telur tjón sitt stafa af því, að þinglýsingarfulltrúi borgarfógetaembættisins í Reykjavík hafi vanrækt að geta þess við þinglýsingu, að eignin væri háð lögum um verkamannabústaði. Hafi það valdið stefnanda verulegu fjárhagslegu tjóni, sem hann telur, að stefndi beri ábyrgð á. Telur stefnandi, að þeim, sem hafi annast þinglýsingu veðskuldabréfanna, hafi borið að gera um það athugasemd á skjölin, að ósamræmi væri milli þeirra og efnis þinglýsingabókar, þar sem ljóst hafi mátt vera, að ósamræmið gæti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjölunum hafi verið ætlað að veita.

Stefnandi telur augljóst samkvæmt framansögðu, að framangreint tjón sitt stafi af því, að við þinglýsingu umræddra skuldabréfa hafi þess ekki verið gætt að taka fram, að umrædd íbúð væri gerð samkvæmt ákvæðum laga um verkamannabústaði. Þetta sé svo veigamikil staðreynd, að hennar verði að geta við þinglýsingu, enda sé almennt ráð fyrir því gert í þing-

lýsingalögum, að slíkra atriða sé getið. Stefnandi telur, að ríkissjóður beri ábyrgð á afleiðingum framangreindra mistaka, m. a. vegna ákvæðis 3. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978 og 49. gr. sömu laga. Auk þessa og hvað sem þessum ákvæðum líði, beri ríkissjóður húsbóndaábyrgð á yfirsjónum starfsmanna ríkisins samkvæmt almennum lagareglum um ábyrgð vinnuveitenda á mistökum starfsmanna sinna.

4.0.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að tvö skuldabréf, skjalmerkt 31772 og 31773, hafi borist til þinglýsingar 21. september 1984 og þeim þinglýst á hina veðsettu eign að Torfufelli 46, íbúð merkta 4-1. Ekki hafi verið getið um það í athugasemdum, er þinglýsingin fór fram, að hin veðsetta eign væri verkamannabústaður. Veðskuldabréfin séu verðtryggð með lánskjaravísitölu og gefin út 15. september 1984 af Indriða Helgasyni til Sigurðar I. Lúðvíkssonar og framseld af honum til stefnanda. Verðbréfasjóður Fjárfestingarfélagsins virðist hafa annast útgáfu bréfanna og sölu þeirra til stefnanda. Í skuldabréfunum sé svofellt ákvæði: „Kröfuhafa eru kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíla." Bréf þessi hafi ekki fengist greidd af skuldara, og hafi eignin að lokum verið seld stjórn verkamannabústaða á nauðungaruppboði og stefnandi samtals fengið 967.239 kr. af uppboðsandvirði. Skuldari bréfanna sé nú gjaldþrota. Af því tilefni sé ríkissjóði stefnt til greiðslu bóta samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga. Að öðru leyti vísar stefndi til málavaxtalýsingar stefnanda.

5.0.

Stefndi kveður málsástæður sínar og lagarök vegna sýknukröfu sinnar vera eftirgreind:

Stefnandi málsins byggi á því, að þinglýsingardómara hafi láðst að geta áðurgreindra kvaða í þinglýsingarvottorði sínu á skjölunum, en það fari í bága við 3. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og leiði til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð skv. 49. gr. sömu laga. Samkvæmt síðarnefndu greininni sé það skilyrði bótaábyrgðar ríkissjóðs á þinglýsingarmistökum, að tjónið sé sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara eða sennileg afleiðing af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum greinarinnar, og að bótakrefjandi eigi ekki sjálfur sök á tjóninu. Jafnframt sé það skilyrði, að tjónið stafi af einhverjum þeim ástæðum, sem upp séu taldar í a-lið til e-liðar greinarinnar. Ekki sé vitnað til þess í sóknarskjölum, á hvaða staflið stefnandi reisi kröfur sínar. Þó virðist svo sem þar sé átt við a-lið.

Samkvæmt fram lögðum dómskjölum kaupi stefnandi bréfin af Verðbréfasjóði Fjárfestingarfélagsins, en þau séu framseld af upphaflegum kröfuhafa, Sigurði I. Lúðvíkssyni, til stefnanda. Svo sem áður greini, séu

bréfin út gefin 15. september 1984, þeim þinglýst 21. september sama ár og þau seld stefnanda 30. september sama ár. Á bréfunum komi fram, að kröfuhafa séu kunnar „þinglýstar kvaðir", sem á hinni veðsettu eign hvíli.

Í fyrsta lagi sé á því byggt, að stefnandi eigi ekki víðtækari bótarétt á hendur ríkissjóði en sá eigi, er hann leiði rétt sinn frá, það er Sigurður I. Lúðvíksson. Samkvæmt skýlausri yfirlýsingu í skuldabréfunum hafi honum (Sigurði) verið kunnugt um „þinglýstar kvaðir" á eigninni. Skipti því þinglýsingaráritunin ekki máli að þessu leyti gagnvart honum. Stefnandi vinni ekki neitt traustfang með henni. Raunar megi jafna þessu tilviki til þess, að maður fengi veðbókarvottorð, sem hann vissi, að væri rangt. Á slíku vottorði gæti hann ekki reist bótakröfur samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga og eigi heldur þeir, er frá honum leiða rétt sinn. Í öðru lagi sé hér líka tvennt til um kaup stefnanda á veðskuldabréfunum. Hið fyrra sé, að framseljandinn eða seljandinn, Verðbréfasjóður Fjárfestingarfélagsins, hafi við sölu þeirra skýrt stefnanda frá kvöðinni, eða hitt, að þeir hafi leynt hann henni. Sé atvikum svo háttað sem í fyrra tilviki greini, eigi stefnandi að sjálfsögðu engan bótarétt skv. 49. gr. þinglýsingalaga, þar sem hann sé þá ekki í góðri trú. Hafi hann á hinn bóginn verið leyndur kvöðinni við kaupin, verði að telja, að hann eigi að taka bætur úr hendi seljanda bréfanna, en ekki úr ríkissjóði. Bótaregla 49. gr. þinglýsingalaga sé aðeins til vara, og reyni ekki á hana, fyrr en allar aðrar leiðir til efnda séu þrotnar og hið endanlega tjón liggi fyrir. Stefnandi eigi því í þessu máli ekkert val um það, hvort hann beini kröfu sinni að áðurgreindum viðsemjendum sínum eða ríkissjóði.

Hér megi svo nefna það, að raunar hafi margnefnd yfirlýsing á skuldabréfinu gert það að verkum, að stefnanda hafi verið rétt að kynna sér þinglýstar kvaðir á eigninni, annaðhvort með því að fá um þær upplýsingar frá seljendum eða beint úr veðmálabókum. Hafi hann með þessu sýnt af sér gáleysi.

Þá megi einnig geta þess hér, að flest hús við Torfufell og mörg á nálægum slóðum séu háð ákvæðum laga um verkamannabústaði. Hefði þetta átt að vekja fyrirsvarsmenn Verðbréfasjóðs Fjárfestingarfélagsins til sérstakrar varkárni með bréfin, en vegna starfa þeirra liggur í eðli málsins, að þeir hljóti að vera mjög staðkunnugir í borginni með tilliti til þvílíkra kvaða á eignum.

Þá sé ósannað, að stefnandi hefði ekki keypt skuldabréfin, ef á þau hefði verið skráð berum orðum, að íbúðin lyti lögum um verkamannabústaði. Fljótt á litið virðist bréfin hafa verið að fullu verðtryggð eftir matsreglum þeim, er hér skipti máli, þegar stefnandi keypti þau. Sé því að svo komnu mótmælt, að skortur á skráningu kvaðarinnar hafi ráðið úrslitum um kaup stefnanda á skuldabréfunum.

Þegar framangreindar málsástæður séu virtar, hver fyrir sig eða allar saman, beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Um málskostnaðarkröfu vísist til 177. gr. laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Um varakröfu sína um verulega lækkun á kröfum stefnanda segir stefndi, að þótt á það yrði fallist, að hann ætti einhverja sök á tjóninu, þá hefði stefnandi sýnt verulegt gáleysi við kaupin á bréfunum, eins og áður hafi verið bent á. Í annan stað megi nefna, að hátt í tvö ár líði, frá því að skuldabréfin séu gjaldfelld og þar til uppgjöri á uppboðsandvirði ljúki. Á meðan hrúgist dráttarvextir á skuldina samkvæmt kröfugerð stefnanda, og séu dráttarvextir á þessu tímabili 659.497 kr. Telja verði, að því fari fjarri, að uppboðsmálið hafi verið rekið með eðlilegum hraða. Á því beri stefndi ekki ábyrgð, og verði ekki bótaábyrgð á hann lögð af þeim sökum. Annaðhvort sé þar um að ræða sök stefnanda eða þriðja manns. Af framangreindum ástæðum sé ekkert því til fyrirstöðu að skipta sök í málinu, og bæri stefnandi þá meiri hluta sakar.

Þótt hér að framan hafi verið minnst á greiðslu bóta fyrir missi dráttarvaxta, komi það í sjálfu sér ekki til álita. Dráttarvextir séu nokkurs konar lögákveðnar bætur, sem skuldara beri að greiða og eigi rót sína að rekja til réttarbrots (vanefnda) af hans hálfu. Ekki komi til álita, að bótaregla 49. gr. þinglýsingalaga taki til þeirra. Heimild skorti til þess, að ríkissjóður eigi að bera ábyrgð á vanefndum þriðja manns með þeim hætti, sem í málinu sé krafist.

Af öðrum kröfuliðum í málinu sé kostnaður við uppboðsmálið 72.975 kr., en honum sé aðallega mótmælt með sömu rökum og greini hér í næstu málsgrein að framan, en til vara sé honum mótmælt á þeirri forsendu, að hann sé reiknaður miðað við of háan höfuðstól, þ. e. af 1.440.025 kr., og ósanngjarn miðað við vinnuframlag vegna uppboðsmálsins.

Þá sé mótmælt þeim liðum kröfunnar, er varði greiðslu málskostnaðar í máli stefnanda gegn Indriða Helgasyni, 85.300 kr., ásamt vöxtum, auk kostnaðar vegna fjárnáms og gjaldþrotaskipta á búi hans. Telja verði, að 49. gr. þinglýsingalaga taki ekki til slíks kostnaðar stefnanda við undirbúning máls þessa. Ef dæma ætti eitthvað í þessu falli, væri eðlilegast að líta til þess við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu, ef til komi. Enn fremur sé á það bent, að ekki beri að reikna tjón stefnanda út frá hærri tölu en kaupverði bréfanna, 712.055 krónum.

Um málskostnaðarkröfu vísist til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

6.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi telur, að ríkissjóður beri ábyrgð á ætluðum mistökum borgar-

fógeta við þinglýsingu umræddra skuldabréfa, þ. e., að við þinglýsingu hafi þess ekki verið gætt að taka fram, að umrædd íbúð væri gerð samkvæmt ákvæðum laga um verkamannabústaði. Vísar stefnandi í þessu sambandi sérstaklega til 3. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978, en í henni segir m. a., að séu í skjali atriði orðuð eða óorðuð, sem ekki séu í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið sé þó tækt til þinglýsingar, skuli þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verði, að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu sé ætlað að veita.

Í máli þessu er byggt á mistökum þinglýsingardómara samkvæmt bótaákvæði 49. gr. laga nr. 39/1978, en samkvæmt orðalagi ákvæðisins verður hið bótaskylda tjón að teljast sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómarans. Á umræddum skuldabréfum er prentað svofellt ákvæði: „Kröfuhafa eru kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíla." Úrlausnarefnið er því að hluta til að leiða í ljós, hvort stefnanda hafi verið kunn eða mátt vera kunn áðurgreind sérstök kvöð um, að eignin sé háð ákvæðum laga um verkamannabústaði.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að í umræddum skuldabréfum hafi verið atriði, sem ekki hafi verið í samræmi við efni þinglýsingabóka. Ekki verður heldur séð, að skortur áritunar á umrædd skuldabréf um, að hin veðsetta íbúð sé gerð samkvæmt ákvæðum laga um verkamannabústaði, valdi beinlínis ósamræmi við efni þinglýsingabóka, þótt æskilegra hefði verið, að áritun um kvöðina hefði verið gerð á skuldabréfin. Hvergi er að finna í öðrum ákvæðum laga nr. 39/1978, að ráð sé gert fyrir áritun slíkrar athugasemdar á skuldabréf, svo sem stefnandi heldur fram, að átt hafi að gera á umrædd skuldabréf.

Sigurður Sveinsson borgarfógeti segir m. a. svo orðrétt í bréfi til yfirborgarfógeta, dagsettu 2. nóvember 1989: „Þegar þinglýst er veðbréfum, þar sem hin veðsetta eign er háð ákvæðum laga um verkamannabústaði, gildir sú starfsregla hér við embættið, að sett er þinglýsingarathugasemd um, að eignin sé háð ákvæðum laga um verkamannabústaði, ef skjalið sjálft ber þetta ekki með sér." Enn fremur segir hann í bréfi, dagsettu 5. desember 1989, m. a.: „Ég treysti mér ekki til þess að fullyrða, hvort ákvæðið í bréfunum: „Kröfuhafa eru kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíla", geri það að verkum, að bréfin beri á fullnægjandi hátt með sér þá staðreynd, að eignin Torfufell 46 sé háð ákvæðum laga um verkamannabústaði, en ákvæði sem þetta virðist þó gefa skuldareiganda tilefni til að kynna sér þinglýstar kvaðir. Hins vegar myndi ég sjálfsagt nú, eftir að mál þetta hefur komið upp, gera athugasemd á slík bréf, ef ég fengi þau í dag til þinglýsingar."

Samkvæmt þessum framburði borgarfógeta verður að ályktа, að almennt sé áritað um slíka kvöð á skuldabréf, hvíli hún á viðkomandi eign. Þó hafi

það að jafnaði ekki verið gert í tilvikum, svo sem um er fjallað í þessu máli, þ. e., þegar ákvæði er í bréfunum um, að kröfuhafa séu kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíla. Skortur áritunar á umrædd skuldabréf sé því ekki sérstakt tilvik, þ. e. undantekning frá reglunni eða því verklagi, sem viðhaft er við þinglýsingar hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík.

Þegar virt er áðurgreint ákvæði skuldabréfanna um, að kröfuhafa séu kunnar þinglýstar kvaðir, er á eigninni hvíli, kröfur og orðalag 49. gr. laga nr. 39/1979 um þetta efni svo og verklag í þessu efni við borgarfógetaembættið í Reykjavík, telur dómurinn, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina um, að honum hafi ekki verið eða mátt vera kunnugt um þessa sérstöku kvöð, þ. e., að eignin sé háð ákvæðum laga um verkamannabústaði.

Við úrlausn um það, hvort stefnandi hafi látið blekkjast, verður að líta til þess, að á framseljanda og þó einkum seljanda, Verðbréfasjóði Fjárfestingarfélagsins, hvíldi nokkur rannsóknar- og upplýsingaskylda, en stefnandi hefur ekki reynt málshöfðun á hendur þessum aðilum. Þegar þessar málsástæður eru virtar svo og rannsóknarskylda stefnanda sjálfs vegna áritunar á skuldabréfin um, að kvaðir hvíli á eigninni, og enn fremur, þegar litið er til gagna málsins, framburðar vitna og atvika málsins að öðru leyti, verður ekki talið, að honum takist greind sönnun. Samkvæmt því verður ekki talið, að stefnandi geti stutt mál sitt því, að honum hafi ekki verið eða mátt vera kunn umrædd kvöð. Verður tjón stefnanda því ekki talið sennileg afleiðing af skorti sérstakrar skráningar umræddrar kvaðar.

Þar sem sannanir um, að stefnanda hafi ekki verið eða mátt vera kunn umrædd kvöð, liggja ekki fyrir, verður ekki talið, að tjón stefnanda sé sennileg afleiðing þess, að þinglýsingardómara hafi orðið á mistök í starfi, er hann lét hjá líða að árita áðurgreinda athugasemd á skuldabréfin, verður þegar af þeim ástæðum að fallast á kröfu stefnda um sýknu.

Eftir atvikum málsins og með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal sýkn af kröfum stefnanda, Gunnlaugs Briem, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 80/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Daníel Gunnari Ingimundarsyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1993 að ósk ákærða til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Staðfesta ber, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að við ákvörðun refsingar eigi að hafa hliðsjón af sakaferli hans og að hann hafi með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar 3. maí 1992 á eftirstöðvum refsivistar, 60 dögum. Rétt er því að ákvarða refsingu hans með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, og 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Tiltaka ber refsingu samkvæmt 77. gr. laga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Gunnar Ingimundarson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. janúar 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Auðbrekku 10, Kópavogi, af Benedikt Bogasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-115/1992: Ákæruvaldið gegn Daníel Gunnari Ingimundarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru, út gefinni 1. desember 1992 af sýslumanninum í Kópavogi, gegn Daníel Gunnari Ingimundarsyni, kt. 211069-5709, Kársnesbraut 72, Kópavogi, „fyrir að aka síðdegis mánudaginn 16. nóvember 1992, sviptur ökuréttindum ævilangt, rauðri, númerslausri Ford Cortina-fólksbifreið frá Kársnesbraut 72 í Kópavogi og vestur Vesturvör, uns lögregla stöðvaði aksturinn við Siglingaklúbb Kópavogs í Vesturvör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið fjóra refsidóma og gengist undir fimm dómsáttir fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum. Þar af hefur hann þrívegis gengist undir dómsátt og tvívegis hlotið dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samanlögð refsivist ákærða nemur 8 mánaða fangelsi og 50 daga varðhaldi.

Ákærða var 3. maí 1992 veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsivistar, 60 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við ákvörðun refsingar ákærða verður að hafa hliðsjón af sakaferli hans og að hann hefur með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, sem hann hlaut. Ber því að ákvarða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Gunnar Ingimundarson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.